([85]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1698/2005 frá 20. september 2005 um stuðning Byggðaþróunarsjóðs ESB í landbúnaði (EAFRD) við byggðaþróun í dreifbýli (Stjtíð. ESB L 277, 21.10.2005, bls. 1), eins og henni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1463/2006 (Stjtíð. ESB L 277, 9.10.2006, bls. 1).

([86]) Framkvæmdastjórnin mun heimila ríkisaðstoð vegna samstarfs skv. 29. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1698/2005 frá 20. september 2005 um stuðning Byggðaþróunarsjóðs ESB í landbúnaði (EAFRD) við byggðaþróun í dreifbýli hafi verið samþykkt að slíkt samstarf njóti sameiginlegrar fjármögnunar samkvæmt þeirri grein og/eða ef ríkisaðstoðin er veitt sem viðbótarfjármögnun skv. 89. gr. reglugerðar (EB) nr. 1698/2005 með sömu skilyrðum og í sama mæli og sameiginlega fjármögnunin.

8. **Skýrslugjöf og eftirlit** ([87])

8.1. *Ársskýrslur*

Vakin er athygli á að þessi skylda um skýrslugjöf er með fyrirvara um skyldu um skýrslugjöf samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 794/2004 um framkvæmd reglugerð ráðsins (EB) nr. 659/1999 ([88]).

A) Ábyrgjast skal að ársskýrslur verði lagðar fyrir framkvæmdastjórnina um framkvæmd tilkynnta kerfisins þar sem fram koma öll eftirfarandi atriði ([89]):

— heiti þiggjanda aðstoðarinnar,

— fjárhæð aðstoðar á hvern þiggjanda aðstoðar,

— aðstoðarhlutfall,

— atvinnugreinar þar sem verkefnum sem njóta aðstoðar er hrundið í framkvæmd.

☐ já

B) Ábyrgjast skal að í ársskýrslum verði, að því er varðar alla aðstoð sem stórum fyrirtækjum er veitt samkvæmt samþykktu kerfi, gerð grein fyrir því hvernig hvatningaráhrif hafa orðið vegna aðstoðar sem veitt er slíkum fyrirtækjum ([90]).

☐ já

8.2. *Aðgangur að óstyttum texta þar sem fjallað er um kerfin*

A) Ábyrgjast skal að óstyttur texti um endanleg aðstoðarkerfi, eins og framkvæmdastjórnin samþykkir þau, verði birtur á Netinu.

☐ já

Tilgreinið netfang: .....

B) Staðfestið að kerfið, eins og framkvæmdastjórnin samþykkir það, verði ekki notað fyrr en upplýsingarnar hafa verið birtar á Netinu (eins og krafa er gerð um í A-hluta hér að framan).

☐ já

8.3. *Upplýsingaeyðublöð, eftirlit*

A) Ábyrgjast skal að í hvert sinn sem aðstoð vegna rannsókna, þróunar og nýsköpunar er veitt á grundvelli aðstoðarkerfa, án þess að hún falli undir staka tilkynningu, og ef hún er hærri en þrjár milljónir evra ([91]), séu framkvæmdastjórninni látnar í té, innan 20 virkra daga frá því að lögbært yfirvald veitti aðstoðina, þær upplýsingar sem beðið er um á staðlaða eyðublaðinu sem mælt er fyrir um í viðaukanum við rammaákvæðin um rannsóknir, þróun og nýsköpun.

☐ já

B) Ábyrgjast skal að halda sundurliðaðar skrár yfir úthlutun aðstoðar, með öllum nauðsynlegum upplýsingum til að ganga úr skugga um að aðstoðarhæfur kostnaður og hámarkshlutföll leyfilegrar aðstoðar hafi verið virt.

☐ já

C) Ábyrgjast skal að þær sundurliðuðu skrár, sem um getur í B-lið hér að framan, séu haldnar í 10 ár frá því að aðstoðin var veitt.

☐ já

D) Ábyrgjast skal að skrárnar sem um getur í B-lið hér að framan séu lagðar fram fari framkvæmdastjórnin fram á það.

☐ já

9. **Aðrar upplýsingar**

Veitið allar aðrar upplýsingar sem geta talist nauðsynlegar til að meta viðkomandi ráðstöfun eða ráðstafanir samkvæmt rammaákvæðum Bandalagsins um ríkisaðstoð til rannsókna, þróunar og nýsköpunar.“

([87]) Sbr. lið 10.1 í rammaákvæðunum um rannsóknir, þróun og nýsköpun.
([88]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 794/2004 frá 21. apríl 2004 um framkvæmd á reglugerð ráðsins (EB) nr. 659/1999 um ítarlegar reglur um beitingu 93. gr. EB-sáttmálans (Stjtíð. ESB L 140, 30.4.2004, bls. 1).
([89]) Að því er varðar kröfur um sérstaka skýrslugjöf vegna skattaaðstoðar og klasa, sjá 3. og 4. mgr. í lið 10.1.1 í rammaákvæðunum um rannsóknir, þróun og nýsköpun.
([90]) Einkum með því að nota viðmiðanirnar í 6. lið í rammaákvæðunum um rannsóknir, þróun og nýsköpun.
([91]) Ef við á tilgreinið gengið sem var notað þegar þessari spurningu er svarað.

b) Í stað eyðublaðs fyrir viðbótarupplýsingar 6.b komi eftirfarandi:

„HLUTI III.6.b

EYÐUBLAÐ FYRIR VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR UM AÐSTOÐ Á SVIÐI RANNSÓKNA, ÞRÓUNAR OG NÝSKÖPUNAR: STÖK AÐSTOÐ

Nota skal þetta eyðublað fyrir viðbótarupplýsingar til að tilkynna um hvers konar staka aðstoð sem fellur undir rammaákvæði Bandalagsins um ríkisaðstoð til rannsókna, þróunar og nýsköpunar (hér á eftir kölluð rammaákvæði um rannsóknir, þróun og nýsköpun ([92]). Einnig skal nota það fyrir staka aðstoð vegna rannsóknar- og þróunaraðstoðar til lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem fellur ekki undir reglugerðina um almenna hópundanþágu ([93]) eða sem fellur undir skylduna um staka tilkynningu vegna þess að hún fer yfir mörkin fyrir staka tilkynningu sem þar er mælt fyrir um. Þetta upplýsingaeyðublað tekur einnig til stakrar aðstoðar sem ætluð er framleiðslu, vinnslu og markaðssetningu landbúnaðarafurða.

1. **Grundvallareiginleikar tilkynntrar ráðstöfunar**

Fyllið út viðeigandi hluta tilkynningareyðublaðsins með tilliti til eiginleika tilkynntrar ráðstöfunar. Einkum er vakin athygli á því að aðeins þarf að fylla út **8. hluta** *ef meta á tilkynnta ráðstöfun nánar, þ.e. eingöngu ef skilyrðin í* **7. hluta** *eru uppfyllt. Hér á eftir er að finna grunnleiðbeiningar.*

A) Er aðstoðin veitt til að stuðla að framkvæmd mikilvægs verkefnis sem þjónar samevrópskum hagsmunamálum?

☐ já ☐ nei

Ef svarið er já, fyllið út **4. lið** *(Samrýmanleiki aðstoðar skv. b-lið í 3. mgr. 87. gr. EB-sáttmálans) á þessu eyðublaði fyrir viðbótarupplýsingar. Enn fremur, fyllið út* **11.lið** *(Skýrslugjöf og eftirlit).*

B) Ef svarið er nei, tilgreinið nánar tegund aðstoðarinnar og fyllið út viðeigandi undirliði í **5. lið** (Samrýmanleiki aðstoðar skv. c-lið í 3. mgr. 87. gr. EB-sáttmálans) á þessu eyðublaði fyrir viðbótarupplýsingar:

☐ aðstoð vegna rannsóknar- og þróunarverkefna, *fyllið út lið 5.1*

☐ aðstoð vegna athugana á tæknilegri hagkvæmni, *fyllið út lið 5.2*

☐ aðstoð vegna kostnaðar lítilla og meðalstórra fyrirtækja í tengslum við eignarrétt á sviði iðnaðar, *fyllið út lið 5.3*

☐ aðstoð við ung nýsköpunarfyrirtæki, *fyllið út lið 5.4*

☐ aðstoð vegna nýsköpunar á sviði ferla og skipulagningar í þjónustu, *fyllið út lið 5.5*

☐ aðstoð til ráðgjafarþjónustu við nýsköpun og til stuðningsþjónustu við nýsköpun, *fyllið út lið 5.6*

☐ aðstoð vegna láns á mjög hæfu starfsfólki, *fyllið út lið 5.7*

☐ aðstoð við nýsköpunarklasa, *fyllið út lið 5.8*

Fyllið auk þess út: **6. lið** (*Hvatningaráhrif og nauðsyn aðstoðar) til þess að staðfesta hvatningaráhrifin*, **7. lið** (*Viðmiðanir sem kalla á ítarlegt mat) til þess að staðfesta að aðstoðin sem tilkynnt hefur verið um falli undir viðbótarupplýsingar um ítarlegt mat í* **8. lið** *og* **11. lið** (*Skýrslugjöf og eftirlit*).

C) Tekur aðstoðin til rannsóknarstofnana ([94]) eða milliliða á sviði nýsköpunar?

☐ já ☐ nei

Ef svarið er já, fyllið út **2. og/eða 3. lið** (*„Rannsóknarstofnanir og milliliðir í nýsköpun“ og „Óbein ríkisaðstoð til fyrirtækja fyrir milligöngu rannsóknarstofnana sem eru fjármagnaðar af hinu opinbera“) á þessu eyðublaði fyrir viðbótarupplýsingar.*

D) Er hægt að sameina aðstoðina annarri aðstoð?

☐ já ☐ nei

Ef svarið er já, fyllið út **9. lið** (*Uppsöfnun) á þessu eyðublaði fyrir viðbótarupplýsingar.*

([92]) Rammaákvæði Bandalagsins um ríkisaðstoð til rannsókna, þróunar og nýsköpunar (Stjtíð. ESB C 323, 30.12.2006, bls. 1).

([93]) Eins og sakir standa, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 70/2001 frá 12. janúar 2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja (Stjtíð. ESB L 10, 13.1.2001, bls. 33), eins og henni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 364/2004 frá 25. febrúar 2004 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 70/2001 að því er varðar rýmkun gildissviðs hennar svo að hún taki til aðstoðar við rannsóknir og þróun (Stjtíð. ESB 63, 28.2.2004, bls. 22) eða lög sem sett eru síðar sem koma í hennar stað.

([94]) Sjá skilgreiningu í d-lið í lið 2.2 í rammaákvæðum Bandalagsins um rannsóknir, þróun og nýsköpun.

E) Varðar rannsóknar- og þróunaraðstoðin afurðir sem eru taldar upp í I. viðauka við EB-sáttmálann?

☐ já ☐ nei

Ef svarið er já, fyllið út **10. lið** (*Sérstakar spurningar er varða landbúnað og sjávarútveg) á þessu eyðublaði fyrir viðbótarupplýsingar.*

F) Ef stök aðstoð, sem tilkynnt er um, er veitt á grundvelli samþykkts kerfis, látið í té nákvæmar upplýsingar um það kerfi, þ.m.t. upplýsingar um hvar það er birt (veffang) og aðstoðarnúmer:

.....

.....

G) Staðfestið að ef sérstök aðstoð eða viðbótarframlag, sem er sérstaklega ætlað litlum og meðalstórum fyrirtækjum ([95]), er veitt þá falli aðstoðarþegi undir skilgreininguna á litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem kveðið er á um í löggjöf Bandalagsins ([96]):

☐ já

Látið í té viðeigandi upplýsingar og gögn:

.....

.....

H) Ef aðstoðin tekur til þess að opinber yfirvöld panti eða kaupi rannsóknar- og þróunarstarf eða niðurstöður rannsókna og þróunar af fyrirtækjum, eru þau þá valin í opnu útboði ([97])?

☐ já ☐ nei

Ef svarið er nei, er vakin athygli á að slíkar greiðslur frá opinberum yfirvöldum til fyrirtækja fela alla jafna í sér ríkisaðstoð.

I) Ef við á, veitið upplýsingar um gengið sem hefur verið notað í tengslum við tilkynninguna: .....

J) Öll skjöl, sem aðildarríkin leggja fram sem viðauka við tilkynningareyðublaðið, skulu tölusett og tilgreina skal skjalnúmer í viðeigandi hlutum þessa eyðublaðs fyrir viðbótarupplýsingar.

2. **Rannsóknarstofnanir og milliliðir í nýsköpun sem þiggja ríkisaðstoð** ([98])

Ef margar rannsóknarstofnanir eða milliliðir á sviði nýsköpunar taka þátt í tilkynntu verkefni, látið í té upplýsingarnar sem farið er fram á hér á eftir fyrir sérhvern þeirra.

2.1. *Opinber fjármögnun á annarri starfsemi en þeirri sem er rekin í viðskiptaskyni*

A) Hafa rannsóknarstofnanirnar eða milliliðirnir í nýsköpun, sem ekki starfa í hagnaðarskyni, með höndum atvinnustarfsemi ([99]) (starfsemi sem felur í sér framboð á vörum og/eða þjónustu á tilteknum markaði)?

☐ já ☐ nei

Ef svarið er já, lýsið þessari starfsemi: …

.....

.....

B) Ef sama stofnun hefur með höndum bæði atvinnustarfsemi og aðra starfsemi, sem ekki er rekin í viðskiptaskyni ([100]), er þá hægt að aðgreina þessa tvenns konar starfsemi, kostnað og fjármögnun á skýran hátt?

☐ já ☐ nei

Ef svarið er já skal veita nákvæmar upplýsingar:

.....

.....

Ef svarið er já, er athygli vakin á því að opinber fjármögnun á annarri starfsemi en þeirri sem er rekin í viðskiptaskyni fellur ekki undir 1. mgr. 87. gr. EB-sáttmálans. Ef svarið er nei, þá felur opinber fjármögnun á atvinnustarfsemi alla jafna í sér ríkisaðstoð.

([95]) Það er ráðstafanir samkvæmt liðum 5.3, 5.4, 5.6 og 5.7 á þessu eyðublaði fyrir viðbótarupplýsingar. Vakin er athygli á því að ráðstöfunin í lið 5.4 er takmörkuð við lítil fyrirtæki.
([96]) Sjá neðanmálsgrein 20.
([97]) Sbr. lið 2.1 í rammaákvæðunum um rannsóknir, þróun og nýsköpun.
([98]) Sbr. lið 3.1 í rammaákvæðunum um rannsóknir, þróun og nýsköpun.
([99]) Sjá nánar í lið 3.1.1 í rammaákvæðunum um rannsóknir, þróun og nýsköpun (neðanmálsgrein 24).
([100]) Sjá nánar í 2. og 3. mgr. í lið 3.1.1. í rammaákvæðunum um rannsóknir, þróun og nýsköpun.

2.2. *Opinber fjármögnun á atvinnustarfsemi*

Getur aðildarríkið sýnt fram á:

— að öll fjárframlög ríkisins hafi verið send áfram frá rannsóknarstofnunum eða milliliðunum í nýsköpun sem ekki starfa í hagnaðarskyni (sem hafa með höndum atvinnustarfsemi) til endanlegra móttakenda,

OG

— að milliliðirnir fái engan ágóða?

☐ já ☐ nei

Látið í té nákvæmar upplýsingar og gögn:

.....

.....

Ef svarið er já, er vakin athygli á því að stofnanir, sem eru milliliðir, mega ekki þiggja ríkisaðstoð. Að því er varðar aðstoð til endanlegra móttakenda gilda almennar reglur um ríkisaðstoð.

3. **Óbein ríkisaðstoð til fyrirtækja fyrir milligöngu rannsóknarstofnana sem eru fjármagnaðar af hinu opinbera** ([101])

Ef margar rannsóknarstofnanir eða milliliðir á sviði nýsköpunar taka þátt í tilkynntu verkefni látið í té upplýsingarnar, sem farið er fram á hér á eftir, fyrir sérhvern þeirra.

3.1. *Rannsóknir fyrir hönd fyrirtækja*

A) Er styrkta verkefnið unnið af rannsóknarstofnunum fyrir hönd fyrirtækja?

☐ já ☐ nei

B) Ef svarið er já, veita rannsóknarstofnanirnar (sem koma fram sem umboðsaðili) fyrirtækjunum (sem koma fram sem umbjóðendur) þjónustu í aðstæðum, þar sem:

— umboðsaðilarnir þiggja hæfilega greiðslu fyrir þjónustu sína,

☐ já ☐ nei

OG

— tilgreina umbjóðendur skilmála og skilyrði fyrir þessari þjónustu?

☐ já ☐ nei

Veitið nákvæmar upplýsingar:

.....

.....

C) Veita rannsóknarstofnanirnar þjónustu sína á markaðsverði?

☐ já ☐ nei

Sé engu markaðsverði til að dreifa, veita rannsóknarstofnanirnar þá þjónustu sína á verði sem endurspeglar allan kostnaðinn, að viðbættum hæfilegum hagnaði?

☐ já ☐ nei

Veitið nákvæmar upplýsingar:

.....

.....

Ef rannsóknarstofnun veitir þjónustu og ef svarið við einhverri spurningunni í C-lið er já verður ríkisaðstoð að jafnaði ekki færð yfir til fyrirtækjanna um rannsóknarstofnunina.

3.2. *Samstarf fyrirtækja og rannsóknarstofnana*

A) Vinna fyrirtæki og rannsóknarstofnanir saman að samstarfsverkefninu?

☐ já ☐ nei

Ef svarið er já, veitið nákvæmar upplýsingar um samstarfið:

.....

.....

([101]) Sbr. lið 3.2 í rammaákvæðunum um rannsóknir, þróun og nýsköpun.

B) Ef svarið er já, bera þátttökufyrirtækin allan kostnað sem til fellur vegna verkefnanna sem styrkt eru á grundvelli tilkynnta kerfisins?

☐ já ☐ nei

Er niðurstöðum, sem ekki leiða til hugverkaréttar, miðlað víða OG er hvers konar hugverkarétti sem leiðir af starfsemi rannsóknarstofnananna að öllu leyti úthlutað ([102]) til rannsóknarstofnananna?

☐ já ☐ nei

Fá rannsóknarstofnanirnar greiðslur frá þátttökufyrirtækjunum sem samsvara markaðsverði fyrir hugverkaréttinn ([103]), sem er afrakstur af starfsemi rannsóknarstofnananna í tengslum við verkefnið og sem færist yfir til þátttökufyrirtækjanna?

☐ já ☐ nei

Veitið nákvæmar upplýsingar (vakin er athygli á því að öll framlög þátttökufyrirtækjanna í tengslum við kostnað rannsóknarstofnananna skulu dregin frá greiðslunni):

.....

.....

C) Ef engri spurningu í B-lið er svarað játandi er aðildarríkinu heimilt að styðjast við sérstakt mat á samstarfsverkefnunum ([104]).

Látið í té sérstakt mat á samstarfsverkefnunum, að teknu tilliti til framangreindra atriða. Látið einnig samningsbundna samkomulagið fylgja með tilkynningunni.

Ef engri spurningu í B-lið er svarað játandi og ef sérstakt mat á samstarfsverkefnunum leiðir ekki til þeirrar niðurstöðu að ekki sé um neina ríkisaðstoð að ræða, mun framkvæmdastjórnin líta á heildarvirði framlaga rannsóknarstofnananna til verkefnisins sem aðstoð til fyrirtækja.

4. **Samrýmanleiki aðstoðar skv. b-lið 3. mgr. 87. gr. EB-sáttmálans**

Aðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar til að stuðla að framkvæmd mikilvægs verkefnis ([105]) í þágu sameiginlegra evrópskra hagsmunamála getur talist samrýmast sameiginlega markaðnum skv. b-lið 3. mgr. 87. gr. EB-sáttmálans.

4.1. *Almenn skilyrði (samanlögð)*

A) Staðfestið að:

☐ verkefnið stuðli að því að efla hagsmuni Bandalagsins á markvissan, skýran og sannanlegan hátt ([106])

OG

☐ ávinningurinn sem næst með verkefninu takmarkist ekki við eitt aðildarríki eða aðildarríkin sem hrinda því í framkvæmd heldur taki til alls Bandalagsins ([107])

OG

☐ verkefnið stuðli verulega að því að ná markmiðum Bandalagsins.

Látið í té nákvæmar upplýsingar og gögn:

.....

.....

([102]) Sjá nánar í lið 3.2.2 (neðanmálsgrein 28) í rammaákvæðunum um rannsóknir, þróun og nýsköpun.
([103]) Sjá nánar í lið 3.2.2 (neðanmálsgrein 29) í rammaákvæðunum um rannsóknir, þróun og nýsköpun.
([104]) Einnig getur verið að ekki sé um neina ríkisaðstoð að ræða ef mat á samningsbundnu samkomulagi milli samstarfsaðilanna leiðir til þeirrar niðurstöðu að hvers konar hugverkarétti í tengslum við niðurstöður rannsóknar, þróunar og nýsköpunar, sem og rétti til aðgangs að niðurstöðunum, sé úthlutað til mismunandi aðila að samstarfinu þannig að það endurspegli hagsmuni þeirra, vinnuframlag, fjárframlög og önnur framlög þeirra til verkefnisins.
([105]) Framkvæmdastjórnin kann einnig að líta svo á að flokkur verkefna til samans myndi eitt verkefni.
([106]) Vakin er athygli á að sýna verður fram á sameiginleg hagsmunamál Evrópu í reynd, t.d. verður að sýna fram á að verkefnið stuðli að því að verulegar framfarir verði í því að ná sérstökum markmiðum Bandalagsins.
([107]) Sú staðreynd að fyrirtæki í mismunandi löndum annast verkefnið nægir ekki.

B) Tilgreinið jákvæð áhrif aðstoðarinnar:

☐ stuðlar að verulegu þekkingarflakki (e. spill-overs) út í samfélagið,

☐ ráðstöfunin leiðir til þess að staða Bandalagsins að því er varðar rannsóknir, þróunarstarf og nýsköpun í alþjóðlegu samhengi verður betri,

☐ myndun nýrra markaða,

☐ þróun nýrrar tækni,

☐ önnur jákvæð áhrif.

.....

.....

C) Lýsið skilyrðunum fyrir framkvæmd verkefnisins (þ.m.t. þátttakendur, markmið) ([108]):

.....

.....

D) Látið í té nákvæmar upplýsingar og gögn sem sýna fram á að aðstoðin sé nauðsynleg til að ná settu markmiði í þágu sameiginlegra hagsmunamála OG sé hvati til að hrinda verkefninu í framkvæmd ([109]):

.....

.....

E) Látið í té nákvæmar upplýsingar og gögn sem sýna fram á að verkefnið feli í sér mikla áhættu:

.....

.....

F) Látið í té nákvæmar upplýsingar og gögn sem sýna fram á að verkefnið sé mjög mikilvægt að því er varðar eiginleika þess og umfang ([110]):

.....

.....

4.2. Lýsing á verkefninu

Lýsið verkefninu nákvæmlega. Nánari leiðbeiningar er að finna í lið 5.1 á þessu eyðublaði fyrir viðbótarupplýsingar.

.....

.....

5. **Samrýmanleiki aðstoðar skv. c-lið 3. mgr. 87. gr. EB-sáttmálans**

Ef margir aðstoðarþegar taka þátt í tilkynntu verkefni, látið í té upplýsingarnar sem farið er fram á hér á eftir fyrir sérhvern þeirra.

5.1. *Aðstoð vegna rannsóknar- og þróunarverkefna* ([111])

5.1.1. Rannsóknarflokkar ([112])

A) Tilgreinið hvaða rannsóknar- og þróunarstig ([113]) eru styrkt á grundvelli kerfisins sem tilkynnt er um:

☐ grunnrannsóknir,

☐ iðnaðarrannsóknir,

☐ tilraunaþróun.

([108]) Vakin er athygli á því að verkefnin verða að vera skýrt skilgreind með tilliti til þessara þátta.
([109]) Til glöggvunar er bent á viðmiðanirnar í 6. lið á þessu eyðublaði fyrir viðbótarupplýsingar.
([110]) Það er að það sé þýðingarmikið að því er varðar markmið og nægilega stórt.
([111]) Sbr. lið 5.1 í rammaákvæðunum um rannsóknir, þróun og nýsköpun.
([112]) Að því er varðar flokkun á starfseminni er heimilt að vísa til venju framkvæmdastjórnarinnar eða til sérstakra dæma og útskýringa sem er að finna í ritinu Frascati Manual on the Measurement of Scientific and technological Activities, proposed Standard Practice for Surveys on Research and Experimental Development (Efnahags- og framfarastofnunin, 2002).
([113]) Sjá skilgreiningar í e-, f- og g-lið í lið 2.2 í rammaákvæðunum um rannsóknir, þróun og nýsköpun.

B) Ef rannsóknar- og þróunarverkefnin ná yfir mismunandi rannsóknarflokka skal skrá og skilgreina mismunandi verkefni eftir því hvort þau falla undir flokka grunnrannsókna, iðnaðarrannsókna eða tilraunaþróunar eða ekki undir neinn þessara flokka.

.....

.....

5.1.2. Aðstoðarhæfur kostnaður

Öllum aðstoðarhæfum kostnaði skal úthlutað til sérstaks flokks rannsóknar- og þróunarverkefna ([114]). *Tilgreinið aðstoðarhæfan kostnað og fjárhæð.*

	Grunnrannsóknir	Iðnaðarrannsóknir	Tilraunaþróun
Starfsmannakostnaður			
Kostnaður vegna tækja og búnaðar			
Kostnaður vegna bygginga og lands			
Kostnaður vegna samningsbundinna rannsókna, tækniþekkingar og einkaleyfa sem eru keypt eða fengin með leyfi frá utanaðkomandi aðilum á markaðsverði			
Annar almennur kostnaður sem stofnað er til beint vegna rannsóknar-verkefnisins			
Annar rekstrarkostnaður			

5.1.3. Aðstoðarhlutföll og viðbótarframlög

Hlutfall aðstoðar er reiknað á grundvelli aðstoðarhæfs kostnaðar vegna verkefnisins. Það skal reiknað fyrir hvern þiggjanda aðstoðarinnar, einnig í samstarfsverkefni ([115]).

A) Grunnhlutföll (án viðbótarframlaga) ([116]):

	Grunnrannsóknir	Iðnaðarrannsóknir	Tilraunaþróun
Hæsta hlutfall aðstoðar			

([114]) Sbr. lið 5.1.4 í rammaákvæðum Bandalagsins um rannsóknir, þróun og nýsköpun. Þessi aðstoðarhæfi kostnaður gildir um aðstoð til rannsóknar- og þróunarverkefna (liður 5.1) og til verkferla og skipulagslegrar nýsköpunar í þjónustu (liður 5.5).

([115]) Ef um er að ræða aðstoð til rannsóknar- og þróunarverkefnis, sem unnið er í samstarfi milli rannsóknarstofnana og fyrirtækja, má sameinuð aðstoð vegna beins ríkisstuðnings við tiltekið rannsóknaverkefni og, þar sem þau fela í sér aðstoð, framlög frá rannsóknarstofnunum til þess verkefnis ekki fara yfir gildandi aðstoðarhlutfall fyrir hvert fyrirtæki sem fær aðstoð.

([116]) Aðstoðarhlutfallið má ekki fara yfir 100% vegna grunnrannsókna, 50% vegna iðnaðarrannsókna og 25% vegna tilraunaþróunar.

B) Viðbótarframlög:

Fást viðbótarframlög samkvæmt tilkynntri ráðstöfun?

☐ já ☐ nei

Ef svarið er já skal tilgreina það nánar hér á eftir:

— Fæst viðbótarframlag til lítilla og meðalstórra fyrirtækja?

☐ já ☐ nei

Tilgreinið viðbótarframlagið sem fæst ([117]): .....

— Fæst viðbótarframlag fyrir skilvirkt samstarf milli fyrirtækja i) eða samstarf fyrirtækis og rannsóknarstofnunar ii) eða (eingöngu fyrir verkefni tengd iðnaðarrannsóknum) miðlun niðurstaðna eða iii) samkvæmt tilkynntu aðstoðarkerfi?

☐ já ☐ nei

i) Ef viðbótarframlag fæst fyrir skilvirkt samstarf milli a.m.k. tveggja fyrirtækja, sem eru óháð hvort öðru, staðfestið að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

☐ ekkert eitt fyrirtæki stendur straum af meira en 70% af aðstoðarhæfum kostnaði við samstarfsverkefnið,

OG

☐ verkefnið felur í sér samstarf við a.m.k. eitt lítið eða meðalstórt fyrirtæki eða samstarf yfir landamæri, þ.e. rannsóknar- og þróunarstarf fer fram í a.m.k. tveimur mismunandi aðildarríkjum.

Tilgreinið viðbótarframlagið sem fæst ([118]): .....

ii) Ef viðbótarframlag fæst fyrir skilvirkt samstarf milli fyrirtækis og rannsóknarstofnunar, einkum að því er varðar samræmingu á stefnumiðum hvers lands á sviði rannsókna og þróunar, staðfestið að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

☐ rannsóknarstofnunin stendur straum af a.m.k. 10% af aðstoðarhæfum kostnaði við verkefnið

OG

☐ rannsóknarstofnunin hefur rétt til að birta niðurstöður rannsóknarverkefnanna að svo miklu leyti sem þær eiga upptök sín í rannsókn sem sú stofnun framkvæmir.

Tilgreinið viðbótarframlagið sem fæst ([119]): .....

iii) Ef viðbótarframlag fæst fyrir iðnaðarrannsóknir þar sem niðurstöðum verkefnisins er miðlað víða, skal tilgreina a.m.k. eina eftirfarandi aðferð í tengslum við víðtæka miðlun:

☐ tæknilegar og vísindalegar ráðstefnur,

☐ birting í vísinda- eða tæknitímaritum,

☐ aðgangur að opnum gagnasöfnum (gagnagrunnar þar sem óunnin rannsóknargögn eru öllum aðgengileg),

☐ aðgangur um gjaldfrjálsan eða opinn hugbúnað.

Tilgreinið viðbótarframlagið sem fæst ([120]): .....

C) Tilgreinið heildarhlutfall aðstoðar til verkefnanna sem eru styrkt samkvæmt tilkynntri aðstoðarráðstöfun (að teknu tilliti til viðbótarframlaganna) (í prósentum): …

([117]) Heimilt er að hækka hlutfall aðstoðar, sem er veitt meðalstórum fyrirtækjum, um 10 prósentustig og hlutfall aðstoðar, sem er veitt litlum fyrirtækjum, um 20 prósentustig.
([118]) Heimilt er að hækka aðstoðarhlutfallið um 15 prósentustig, en að hámarki í 80%.
([119]) Heimilt er að hækka aðstoðarhlutfallið um 15 prósentustig, en að hámarki í 80%. Rannsóknarstofnanir geta ekki fengið þetta viðbótarframlag.
([120]) Heimilt er að hækka aðstoðarhlutfallið um 15 prósentustig, en að hámarki í 80%.

5.1.4. Sérstök skilyrði fyrir fyrirframgreiðslu sem ber að endurgreiða ([121])

A) Er aðstoðin til rannsóknar- og þróunarverkefnanna veitt í formi fyrirframgreiðslu sem ber að endurgreiða?

☐ já ☐ nei

B) Ef svarið er já, er aðstoðin sem er veitt í formi fyrirframgreiðslu, sem ber að endurgreiða samkvæmt tilkynntri ráðstöfun, tilgreind í vergu styrkígildi ([122])?

☐ já ☐ nei

Ef svarið er já, hvert er aðstoðarhlutfall fyrirframgreiðslu sem ber að endurgreiða, tilgreint í vergu styrkígildi ([123]): .....

Tilgreinið enn fremur hvaða samþykkt aðstoðarkerfi ([124]) liggur til grundvallar veittri aðstoð og gerið nákvæma grein fyrir allri aðferðafræðinni sem er notuð til að ákvarða styrkígildi ásamt sannprófanlegum gögnum sem liggja til grundvallar.

.....

.....

C) Ef ekki er hægt að tilgreina aðstoðina í vergu styrkígildi, hver er þá fjárhæð fyrirframgreiðslunnar sem ber að endurgreiða, tilgreind sem hlutfall af aðstoðarhæfum kostnaði:

.....

Ef vextirnir af fyrirframgreiðslu, sem ber að endurgreiða og veitt er til rannsóknar- og þróunarverkefnisins, eru hærri en vextirnir sem greint er frá í liðum 5.1.2 og 5.1.3 (allt að hámarksvöxtunum, sem tilgreindir eru í lið 5.1.5) í rammaákvæðunum um rannsóknir, þróun og nýsköpun, skal:

— veita framkvæmdastjórninni nákvæmar upplýsingar um endurgreiðslu ef verkefnið skilar árangri og skilgreina á skýran hátt hvað telst vera árangursrík niðurstaða rannsóknarstarfseminnar,

OG

— staðfesta eftirfarandi:

☐ að með ráðstöfuninni sé gert ráð fyrir að ef góður árangur næst sé fyrirframgreiðslan endurgreidd með vöxtum sem eru a.m.k. jafnháir gildandi vöxtum samkvæmt tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um aðferð við að ákveða viðmiðunar- og afreiknivexti ([125]),

☐ að verði árangurinn meiri en sá árangur sem er skilgreindur sem góður er aðildarríkinu heimilt að krefjast greiðslu umfram fjárhæð fyrirframgreiðslunnar, að meðtöldum vöxtum, í samræmi við viðmiðunarvextina sem framkvæmdastjórnin kveður á um,

☐ að náist ekki nema takmarkaður árangur geri aðildarríkið kröfu um að endurgreiðslan sé í hlutfalli við þann árangur sem næst.

5.1.5. Jöfnunarákvæði ([126])

Er jöfnunarákvæði notað í tilkynntu ráðstöfuninni?

☐ já ☐ nei

Ef svarið er já, þá eru hærri hlutföll en alla jafna eru leyfð heimiluð.

Ef svarið er já, látið í té nákvæmar upplýsingar og gögn um að samkeppnisaðilar, sem eru staðsettir utan Bandalagsins, hafi á þremur síðastliðnum árum fengið eða muni fá aðstoð í samsvarandi hlutfalli fyrir sambærileg verkefni, áætlanir, rannsóknir, þróun eða tækni:

.....

.....

([121]) Sbr. lið 5.1.5 í rammaákvæðunum um rannsóknir, þróun og nýsköpun.
([122]) Vergt styrkígildi fyrirframgreiðslu sem ber að endurgreiða endurspeglar möguleikann á því að þiggjendur aðstoðarinnar muni endurgreiða fyrirframgreiðsluna.
([123]) Vergt styrkígildi verður að uppfylla skilyrðin um hámarkshlutföll aðstoðar sem mælt er fyrir um í liðum 5.1.2 og 5.1.3 í rammaákvæðunum um rannsóknir, þróun og nýsköpun.
([124]) Sjá nánar í 2. mgr. í lið 5.1.5 í rammaákvæðunum um rannsóknir, þróun og nýsköpun.
([125]) Stjtíð. EB C 273, 9.9.1997, bls. 3. Einnig birt á: http://ec.europa.eu/comm/competition/state_aid/legislation/reference.html.
([126]) Sbr. lið 5.1.7 í rammaákvæðunum um rannsóknir, þróun og nýsköpun.

Er til staðar eða er hætta á beinni eða óbeinni röskun á alþjóðaviðskiptum?

☐ já ☐ nei

Ef svarið er já, færið sönnur á að svo sé:

.....

.....

Leggið einnig fram fullnægjandi upplýsingar svo framkvæmdastjórnin geti metið stöðuna, einkum þörfina á því að taka til greina betri samkeppnisstöðu samkeppnisaðila í þriðja landi:

.....

.....

5.2. *Aðstoð vegna athugana á tæknilegri hagkvæmni* ([127])

5.2.1. Almenn skilyrði

Undirbúningsrannsóknirnar varða ([128]):

☐ iðnaðarrannsóknir,

☐ tilraunaþróun.

5.2.2. Aðstoðarhlutföll

Tilgreinið hámarkshlutfall aðstoðar (í prósentum) ([129]): .....

Aðstoðarhlutfall er reiknað á grundvelli kostnaðar vegna athugana á hagkvæmni verkefnisins.

5.3. *Aðstoð vegna kostnaðar lítilla og meðalstórra fyrirtækja í tengslum við eignarréttindi á sviði iðnaðar* (130)

5.3.1. Skilyrði

Um hvaða rannsóknarstig ([131]) er að ræða?

☐ grunnrannsóknir,

☐ iðnaðarrannsóknir,

☐ tilraunaþróun.

5.3.2. Aðstoðarhæfur kostnaður og aðstoðarhlutföll

A) Tilgreinið aðstoðarhæfan kostnað (132) og fjárhæð:

☐ kostnaður sem kemur til áður en réttindi eru veitt í fyrsta lögsagnarumdæmi: .....

.....

☐ þýðingakostnaður og annar kostnaður sem fellur til í tengslum við veitingu eða staðfestingu á réttindum í öðru lögsagnarumdæmi: .....

.....

☐ kostnaður við að verja lögmæti réttinda meðan á opinberri meðferð umsóknarinnar stendur og hugsanlegri andmælameðferð: .....

.....

B) Tilgreinið hámarkshlutfall aðstoðar (í prósentum) ([133]): .....

([127]) Sbr. lið 5.2 í rammaákvæðunum um rannsóknir, þróun og nýsköpun.

([128]) Að því er varðar flokkun á starfseminni er vísað til venju framkvæmdastjórnarinnar eða til sérstakra dæma og útskýringa sem er að finna í ritinu Frascati Manual on the Measurement of Scientific and technological Activities, proposed Standard Practice for Surveys on Research and Experimental Development (Efnahags- og framfarastofnunin, 2002). Sjá skilgreiningu í e-, f- og g-lið í lið 2.2 í rammaákvæðunum um rannsóknir, þróun og nýsköpun.

([129]) Fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki má aðstoðarhlutfallið ekki fara yfir 75% vegna undirbúningsrannsókna fyrir iðnaðarrannsóknir og 50% vegna undirbúningsrannsókna fyrir tilraunaþróun. Að því er varðar stór fyrirtæki má aðstoðarhlutfallið ekki fara yfir 65% vegna undirbúningsrannsókna fyrir iðnaðarrannsóknir og 40% vegna undirbúningsrannsókna fyrir tilraunaþróun

([130]) Sbr. lið 5.3 í rammaákvæðunum um rannsóknir, þróun og nýsköpun.

([131]) Sjá skilgreiningar í e-, f- og g-lið í lið 2.2 í rammaákvæðunum um rannsóknir, þróun og nýsköpun.

([132]) Sjá nánar 2. mgr. í lið 5.3 í rammaákvæðunum um rannsóknir, þróun og nýsköpun.

([133]) Hámarksaðstoð samsvarar þeirri aðstoð sem hefði getað átt rétt á rannsóknar- og þróunaraðstoð að því er varðar rannsóknarstarfsemi sem fyrst gaf af sér þau eignarréttindi sem um ræðir í iðnaði.

5.4. *Aðstoð við ung nýsköpunarfyrirtæki* ([134]) *(lítil fyrirtæki)*

Staðfestið:

A) ☐ að þiggjendur aðstoðarinnar séu lítil fyrirtæki, eins og þau eru skilgreind í löggjöf Bandalagsins ([135]), sem ekki hafa verið til lengur en í sex ár þegar aðstoðin er veitt,

Látið í té nákvæmar upplýsingar og gögn:

.....

.....

B) ☐ að þiggjendur aðstoðarinnar séu nýsköpunarfyrirtæki.

Staðfestið að tryggt sé að þetta skilyrði sé uppfyllt:

☐ með mati sem utanaðkomandi sérfræðingur framkvæmir þar sem sýnt er fram á að aðstoðarþeginn mun í náinni framtíð þróa vörur, þjónustu eða verkferla sem eru tæknilega séð nýir eða verulega endurbættir miðað við nýjustu tækni í viðkomandi grein innan Bandalagsins og sem hætta er á að mistakist tæknilega séð eða iðnaðarlega,

EÐA

☐ með sönnun þess að útgjöld aðstoðarþega vegna rannsókna og þróunar nemi a.m.k. 15% af heildarrekstrarútgjöldum hans á minnst einu ári af þremur áður en aðstoðin er veitt eða, þegar um er að ræða fyrirtæki á uppbyggingarstigi sem ekki á sér neina fjárhagssögu, í úttekt á yfirstandandi reikningsári sem er staðfest af utanaðkomandi endurskoðanda.

Veitið nákvæmar upplýsingar um hvernig þessu er hrundið í framkvæmd:

.....

.....

C) Tilgreinið gildandi hámarksfjárhæð aðstoðar samkvæmt tilkynntri ráðstöfun ([136]): .....

D) Staðfestið:

☐ að þiggjandi aðstoðarinnar hafi ekki fengið aðstoð fyrir ung nýsköpunarfyrirtæki áður og fái þessa tegund aðstoðar aðeins einu sinni á tímabilinu meðan það telst vera ungt nýsköpunarfyrirtæki.

E) Nýtur fyrirtækið góðs af uppsöfnun aðstoðar?

☐ já ☐ nei

Ef svarið er já, tilgreinið hvernig farið verði að tilteknum reglum um uppsöfnun fyrir aðstoð vegna ungra nýsköpunarfyrirtækja (hluti 5.4 í rammaákvæðunum um aðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar):

.....

.....

5.5. *Aðstoð við verkferla og skipulagslega nýsköpun í þjónustu* ([137])

5.5.1. Almenn skilyrði

A) Til hvaða tegundar nýsköpunar í þjónustustarfsemi ([138]) tekur tilkynnt kerfi?

☐ nýrra verkferla í þjónustustarfsemi,

☐ skipulagslegrar nýsköpunar í þjónustustarfsemi.

Veitið nákvæma lýsingu á nýsköpuninni í þjónustustarfsemi ([139]) (verkferlar og/eða skipulagsleg nýsköpun):

.....

.....

([134]) Sbr. lið 5.4 í rammaákvæðunum um rannsóknir, þróun og nýsköpun.
([135]) Sjá neðanmálsgrein 20.
([136]) Aðstoðin má ekki fara yfir 1 milljón evra á svæðum sem ekki njóta aðstoðar, 1,5 milljón evra á svæðum sem geta fengið undanþágu skv. a-lið 3. mgr. 87. gr. EB-sáttmálans og 1,25 milljón evra á svæðum sem geta fengið undanþágu skv. c-lið 3. mgr. 87.gr. EB-sáttmálans.
([137]) Sbr. lið 5.5 í rammaákvæðunum um rannsóknir, þróun og nýsköpun.
([138]) Sjá nánar í i- og j-lið í lið 2.2 í rammaákvæðunum um rannsóknir, þróun og nýsköpun.
([139]) Að því er varðar flokkun á starfseminni er heimilt að vísa til venju framkvæmdastjórnarinnar eða til sérstakra skilgreininga sem er að finna í ritinu OSLO Manual, Guidelines for Collecting and Interpreting Innovation Data, 3. útg. (Efnahags- og framfarastofnunin, 2005).

B) Staðfestið:

☐ að skipulagslega nýsköpunin tengist notkun og hagnýtingu á upplýsinga- og samskiptatækni til að breyta stofnuninni,

☐ að nýsköpunin sé sett fram sem verkefni með tilnefndum og viðurkenndum verkefnisstjóra, ásamt tilgreindum kostnaði vegna verkefnisins,

☐ að styrkta verkefnið leiði til þróunar á stöðlum, rekstrarlíkani, aðferðafræði eða hugmynd sem hægt er að endurgera kerfisbundið, hugsanlega votta og hugsanlega fá einkaleyfi fyrir,

☐ að verkferlarnir eða skipulagslega nýsköpunin sé ný eða verulega endurbætt miðað við nýjustu þróun í greininni innan Bandalagsins,

☐ að verkferlarnir eða skipulagslega nýsköpunarverkefnið feli í sér verulega áhættu,

☐ að aðstoðin sé eingöngu veitt stórum fyrirtækjum ef þau eru í samstarfi við lítil og meðalstór fyrirtæki í þeirri starfsemi sem fær aðstoð og að litlu og meðalstóru samstarfsfyrirtækin beri a.m.k. 30% af aðstoðarhæfum heildarkostnaði.

Látið í té nákvæmar upplýsingar og gögn um öll þessi atriði:

.....

.....

5.5.2. Aðstoðarhæfur kostnaður og aðstoðarhlutföll

A) Tilgreinið aðstoðarhæfan kostnað ([140]) og fjárhæð:

	Aðstoðarhæfur kostnaður
starfsmannakostnaður	
kostnaður vegna tækja og búnaðar	
kostnaður vegna bygginga og lands	
kostnaður vegna samningsbundinna rannsókna, tækniþekkingar og einkaleyfa sem eru keypt eða fengin með leyfi frá utanaðkomandi aðilum á markaðsverði	
annar kostnaður sem stofnað er til beint vegna rannsóknarverkefnisins	
annar rekstrarkostnaður	

B) Tilgreinið hámarkshlutfall aðstoðar (í prósentum) ([141]): .....

Hlutfall aðstoðar *er reiknað á grundvelli aðstoðarhæfs kostnaðar vegna verkefnanna.*

5.6. *Aðstoð vegna ráðgjafar- og stuðningsþjónustu á sviði nýsköpunar* ([142]) *(fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki)*

5.6.1. Almenn skilyrði

A) Tilgreinið hámarksfjárhæð aðstoðar (mest 200 000 evrur á hvern þiggjanda aðstoðar á hverju þriggja ára tímabili): .....

B) Staðfestið:

☐ ef þjónustuveitandinn er ekki með innlenda eða evrópska vottun taki aðstoðin ekki til meira en 75% af aðstoðarhæfum kostnaði,

☐ aðstoðarþegar noti ríkisaðstoðina til að kaupa þjónustu á markaðsverði (eða ef þjónustuveitandinn er stofnun sem ekki er rekin í hagnaðarskyni, á verði sem endurspeglar heildarkostnað hennar að viðbættri hæfilegri þóknun).

Veitið nákvæmar upplýsingar um hvernig þetta verður tryggt.

.....

.....

([140]) Sjá nánar í lið 5.1.4 í rammaákvæðunum um rannsóknir, þróun og nýsköpun. Vakin er athygli á því að þegar um er að ræða skipulagslega nýsköpun, tekur kostnaður vegna tækja og búnaðar aðeins til upplýsinga- og samskiptatækja.

([141]) Hámarkshlutfall aðstoðar er 15% af aðstoðarhæfum kostnaði fyrir stór fyrirtæki, 25% af aðstoðarhæfum kostnaði fyrir meðalstór fyrirtæki og 35% af aðstoðarhæfum kostnaði fyrir lítil fyrirtæki.

([142]) Sbr. lið 5.6 í rammaákvæðunum um rannsóknir, þróun og nýsköpun.

5.6.2. Aðstoðarhæfur kostnaður

A) Hvaða tegund aðstoðar er veitt?

☐ aðstoð vegna ráðgjafarþjónustu á sviði nýsköpunar,

☐ aðstoð vegna stuðningsþjónustu á sviði nýsköpunar.

B) Ef aðstoðin er fyrir ráðgjafarþjónustu á sviði nýsköpunar tilgreinið þá aðstoðarhæfan kostnað og fjárhæð í tengslum við:

☐ rekstrarráðgjöf: .....

☐ tækniaðstoð: .....

☐ þjónustu á sviði tækniyfirfærslu: .....

☐ þjálfun: .....

☐ ráðgjöf vegna kaupa, verndar og viðskipta með hugverkarétt og fyrir leyfissamninga: .....

☐ ráðgjöf um notkun staðla: .....

C) Ef um er að ræða stuðningsþjónustu á sviði nýsköpunar, tilgreinið aðstoðarhæfan kostnað og fjárhæð í tengslum við:

☐ skrifstofurými: .....

☐ gagnagrunna: .....

☐ tæknilega bókasafnsþjónustu: .....

☐ markaðsrannsóknir: .....

☐ notkun rannsóknarstofu: .....

☐ gæðamerkingu: .....

☐ prófun og vottun: .....

5.6.3. Sérstök skilyrði fyrir stofnun sem er ekki rekin í hagnaðarskyni

Ef þjónustuveitandi *er stofnun sem ekki er rekin í hagnaðarskyni er heimilt að veita aðstoðina í formi lækkaðs verðs, sem felst í mismuninum á greiddu verði og markaðsverði (eða verð sem endurspeglar kostnað hennar til fulls að viðbættum hæfilegum hagnaði).*

Er aðstoðin veitt í formi lækkaðs verðs?

☐ já ☐ nei

Ef svarið er já, leggið fram sönnun þess að til sé kerfi sem tryggi gagnsæi varðandi allan kostnað vegna ráðgjafar- og stuðningsþjónustu sem er veitt á sviði nýsköpunar og jafnframt varðandi það verð sem þiggjendur aðstoðarinnar greiða svo að hægt sé að meta og hafa eftirlit með aðstoðinni sem þeir fá.

.....

.....

5.7. *Aðstoð vegna láns á mjög hæfu starfsfólki* ([143]) *(fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki)*

5.7.1. Almenn skilyrði

A) Hvaðan kemur hið mjög hæfa starfsfólk ([144])?

☐ rannsóknarstofnunum,

☐ stórum fyrirtækjum.

Veitið nákvæmar upplýsingar (ef því verður við komið) um rannsóknarstofnanirnar og stóru fyrirtækin.

.....

.....

([143]) Sbr. lið 5.7 í rammaákvæðunum um rannsóknir, þróun og nýsköpun.
([144]) Sjá skilgreiningu í k-lið í lið 2.2 í rammaákvæðunum um rannsóknir, þróun og nýsköpun.

B) Staðfestið:

☐ að starfsfólkið sem er fengið að láni komi ekki í stað annars starfsfólks,

☐ að starfsfólkið sem fengið er að láni sé sett í nýsköpuð störf í fyrirtækinu sem fær aðstoð.

Lýsið nánar þessum nýsköpuðu störfum:

.....

.....

☐ starfsfólkið sem fengið er að láni hafi starfað a.m.k. tvö ár í þeim rannsóknarstofnunum eða stóru fyrirtækjum sem lána út starfsfólkið,

☐ starfsfólkið sem fengið er að láni vinni að rannsóknum, þróun og nýsköpun í litla eða meðalstóra fyrirtækinu sem fær aðstoð.

5.7.2. Aðstoðarhæfur kostnaður og aðstoðarhlutföll

A) Tilgreinið aðstoðarhæfan kostnað og fjárhæð:

☐ kostnaður vegna láns og ráðningar á mjög hæfu starfsfólki: .....

☐ aðstoð vegna ferðakostnaðar starfsfólks sem fengið er að láni: .....

B) staðfestið að ráðgjafarkostnaður (greiðsla fyrir þjónustu sérfræðings án þess að hann sé ráðinn til fyrirtækisins) sé útilokaður frá aðstoðarhæfum kostnaði í tengslum við aðstoð vegna láns á mjög hæfu starfsfólki.

C) Tilgreinið hámarkshlutfall aðstoðar (í prósentum) ([145]): .....

5.8. *Aðstoð við nýsköpunarklasa* ([146])

5.8.1. Almenn skilyrði

A) Hvaða tegund aðstoðar fá aðstoðarþegar?

☐ fjárfestingaraðstoð,

☐ rekstraraðstoð til að gera klasa virka.

B) Staðfestið:

☐ að aðstoðin sé eingöngu veitt lögaðilum sem starfrækja nýsköpunarklasann,

☐ að þiggjendur aðstoðarinnar beri ábyrgð á því að stjórna þátttöku í og aðgangi að athafnasvæðum, aðstöðu og starfsemi klasanna,

Veitið nákvæmar upplýsingar um að:

.....

.....

☐ aðgangur að athafnasvæðum, aðstöðu og starfsemi klasanna sé ekki takmarkaður.

C) Endurspegla gjöldin sem krafist er fyrir afnot af aðstöðu í klösunum og þátttöku í starfsemi klasanna kostnað þeirra?

☐ já ☐ nei

Ef svarið er já, gerið grein fyrir hvernig þetta er tryggt:

.....

.....

Ef ekki, veitið nákvæmar upplýsingar (einkum ef um er að ræða fyrirliggjandi aðstoð í skilningi 1. mgr. 87. gr. EB-sáttmálans, sjá lið 3.1 í rammareglunum um rannsóknir, þróun og nýsköpun):

D) Látið fylgja með greiningu á tæknisérhæfingu í nýsköpunarklasanum, þeim möguleikum sem fyrir hendi eru á svæðinu, fyrirliggjandi rannsóknargetu, klösum sem fyrir eru í Bandalaginu og hafa sambærilegan tilgang og jafnframt á mögulegu umfangi markaðar fyrir starfsemina í klasanum:

.....

.....

([145]) Hámarkshlutfall aðstoðar er 50% af aðstoðarhæfum kostnaði í mest þrjú ár á hvert fyrirtæki og hvern einstakling sem er fenginn að láni.
([146]) Sbr. lið 5.8 í rammaákvæðunum um rannsóknir, þróun og nýsköpun.

5.8.2. Sérstök skilyrði fyrir fjárfestingaraðstoð til að gera klasa virka

A) Í hvaða tegund fjárfestingar er ráðist?

☐ stofnun nýsköpunarklasa,

☐ stækkun nýsköpunarklasa,

☐ virkjun nýsköpunarklasa.

B) Fyrir hvaða aðstöðu er aðstoðin veitt?

☐ aðstöðu fyrir þjálfunar- og rannsóknarmiðstöð,

☐ almennt aðgengileg rannsóknargrunnvirki, rannsóknarstofu, prófunaraðstöðu,

☐ grunnvirki fyrir breiðbandsnet.

C) Tilgreinið aðstoðarhæfan kostnað og fjárhæð:

☐ kostnaður í tengslum við fjárfestingar í landi: .....

☐ byggingum: .....

☐ vélum: .....

☐ búnaði: .....

D) Hvert er grunnaðstoðarhlutfallið (í prósentum) ([147]): .....

E) Fá þiggjendur aðstoðar eitthvert viðbótarframlag?

☐ já ☐ nei

Ef svarið er já, tilgreinið hér á eftir:

— Eru viðbótarframlög veitt til lítilla og meðalstórra fyrirtækja?

☐ já ☐ nei

Tilgreinið hversu mikil viðbótarframlög fást ([148]): .....

— Eru viðbótarframlög veitt til fyrirtækja sem eru staðsett á ystu svæðum?

☐ já ☐ nei

Ef svarið er já, tilgreinið hversu mikið viðbótarframlag fyrirtæki sem er staðsett á ystu svæðum getur fengið ([149]): .....

5.8.3. Sérstök skilyrði fyrir rekstraraðstoð til að gera klasa virka

A) Hversu lengi verður slík aðstoð veitt: ár

Ef aðstoðin er veitt í lengri tíma en fimm ár skal leggja fram sannfærandi gögn sem réttlæta slíka framlengingu ([150]).

.....

.....

B) Fer aðstoðin smám saman minnkandi?

☐ já ☐ nei

C) Tilgreinið aðstoðarhæfan kostnað og fjárhæð:

☐ markaðssetning á klasanum til að fá ný fyrirtæki til að taka þátt í honum: .....

☐ rekstur á almennt aðgengilegri aðstöðu í klasanum: .....

☐ skipulagning á þjálfunaráætlunum, vinnufundum og ráðstefnum til að styðja við miðlun á þekkingu og netsamstarfi milli þátttakenda í klasanum: .....

([147]) Hámarkshlutfall aðstoðar er 15% af aðstoðarhæfum kostnaði; þegar um ræðir svæði sem falla undir a-lið 3. mgr. 87. gr. EB-sáttmálans er hámarkshlutfall aðstoðar sem hér segir: 30% af aðstoðarhæfum kostnaði þegar um ræðir svæði þar sem verg meðallandsframleiðslu á mann í ESB-25 er undir 75%, ystu svæðin þar sem verg landsframleiðsla er hærri á mann og svæði þar sem um tölfræðileg áhrif er að ræða (til 1. janúar 2011), 40% fyrir svæði þar sem meðallandsframleiðsla á mann í ESB-25 er undir 60%, og 50% fyrir svæði þar sem verg meðallandsframleiðsla á mann í ESB-25 er undir 45%. Fyrir svæði þar sem tölfræðilegra áhrifa gætir og sem falla undir c-lið 3. mgr. 87. gr. EB-sáttmálans er hámarkshlutfall aðstoðar 20% af aðstoðarhæfum kostnaði frá 1. janúar 2011.

([148]) Heimilt er að hækka hlutfall aðstoðar, sem er veitt litlum fyrirtækjum, um 20 prósentustig og hlutfall aðstoðar, sem er veitt meðalstórum fyrirtækjum, um 10 prósentustig.

([149]) Heimilt er að hækka aðstoðarhlutfall um að hámarki 20 prósentustig fyrir ystu svæðin þar sem verg meðallandsframleiðsla á mann í ESB-25 er undir 75% og að hámarki 10 prósentustig fyrir önnur ystu svæði.

([150]) Tímabilið má aldrei vera lengra en 10 ár.

D) Aðstoðarhlutfall:

— aðstoð sem fer stiglækkandi (tilgreinið nánar lækkunarstuðla fyrir hvert ár) ([151]): .....

— aðstoð sem ekki fer stiglækkandi (í prósentum) ([152]): .....

6. **Hvatningaráhrif og nauðsyn aðstoðar** ([153])

6.1. *Almenn skilyrði*

A) Var rannsóknar-, þróunar- og nýsköpunarstarfsemin hafin áður en þiggjandi aðstoðarinnar sendi landsyfirvöldum umsóknina um aðstoð ([154])?

☐ já ☐ nei

Ef svarið er já, þá telur framkvæmdastjórnin að aðstoðin feli ekki í sér hvata fyrir þiggjanda aðstoðarinnar.

B) Ef svarið er nei, tilgreinið viðkomandi dagsetningar:

— rannsóknar-, þróunar- og nýsköpunarstarfsemin hófst hinn: .....

— þiggjandi aðstoðarinnar sendi landsyfirvöldum umsóknina um aðstoð hinn: .....

Látið í té viðeigandi fylgiskjöl.

6.2. *Mat á hvatningaráhrifum*

Ef aðstoð er veitt til:

— verkferla og skipulagslegrar nýsköpunar í þjónustu,

— nýsköpunarklasa,

— rannsókna- og þróunarverkefna fyrir stór fyrirtæki,

— hagkvæmniathugana fyrir stór fyrirtæki,

— rannsókna- og þróunarverkefna fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki vegna aðstoðar umfram 7,5 milljónir evra,

— hagkvæmniathugana fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki vegna aðstoðar umfram 7,5 milljónir evra,

mun framkvæmdastjórnin gera kröfu um að sýnt sé fram á hvatningaráhrif með mati. Haldið áfram með næstu spurningar.

Að öðrum kosti telur framkvæmdastjórnin að krafan um hvatningaráhrif sé sjálfkrafa uppfyllt að því er varðar viðkomandi ráðstöfun.

6.2.1. Almenn skilyrði

Ef nauðsynlegt er að sýna fram á hvatningaráhrif á marga þiggjendur aðstoðar, sem taka þátt í tilkynntu verkefni, skal veita upplýsingarnar hér á eftir fyrir sérhvern þeirra.

Til þess að ganga úr skugga um að áformuð aðstoð muni verða til þess að þiggjandi aðstoðar breyti hegðun sinni á þá vegu að hann efli rannsóknir*, þróunarstarf og nýsköpun hjá sér gerir framkvæmdastjórnin kröfu um að þeir rannsóknarflokkar, þar sem hún telur að hvatningaráhrifin verði ekki sjálfkrafa, séu metnir (skráðir í lið 4.2 á þessu tilkynningareyðublaði).*

Fyllið út matið á auknum rannsóknum, þróunarstarfi og nýsköpun (hér á eftir) á grundvelli greiningar þar sem samanburður er gerður á stöðu þar sem engin aðstoð er veitt og þeirri þar sem aðstoð er veitt.

6.2.2. Viðmiðanir

A) Verður verkefnið aukið að umfangi?

☐ já ☐ nei

Ef svarið er já, tilgreinið tegund aukningarinnar:

☐ hækkun á heildarkostnaði verkefnisins (án minni fjárnotkunar af hálfu þiggjanda aðstoðarinnar samanborið við stöðu þar sem engin aðstoð er veitt),

☐ fjölgun fólks sem tekur þátt í rannsóknum, þróunarstarfi og nýsköpun,

☐ önnur tegund aukningar: .....

Leggið fram gögn um viðeigandi aukningar:

.....

.....

([151]) Hlutfallið getur verið 100% vegna aðstoðarhæfs kostnaðar fyrsta árið en verður að lækka jafnt og þétt niður í núll fyrir lok fimmta ársins.
([152]) Hámarkshlutfall aðstoðar er 50% af aðstoðarhæfum kostnaði.
([153]) Sbr. 6. kafla í rammaákvæðunum um rannsóknir, þróun og nýsköpun.
([154]) Ef tillagan um aðstoð felur í sér veitingu aðstoðar til verkefnis á sviði rannsókna, þróunarstarfsemi og nýsköpunar, útilokar það ekki að mögulegur þiggjandi aðstoðarinnar hafi áður látið fara fram hagkvæmnirannsóknir sem ekki falla undir beiðnina um ríkisaðstoð.

B) Verður verkefnið aukið að umfangi?

☐ já ☐ nei

Ef svarið er já, tilgreinið tegund aukningarinnar:

☐ aukning á fjölda áætlaðra afhendinga í tengslum við verkefnið,

☐ metnaðarfyllra verkefni sem sést af því að meiri möguleiki er á afgerandi vísindalegum eða tæknilegum árangri eða meiri hættu á því að það mistakist,

☐ önnur tegund aukningar: .....

Leggið fram gögn um viðeigandi aukningar:

.....

.....

C) Verður verkefnið aukið að umfangi?

☐ já ☐ nei

Ef svarið er já, leggið fram gögn um að verkefninu verði lokið á styttri tíma með aðstoð heldur en án hennar.

.....

.....

D) Verður heildarfjárhæðin sem notuð er vegna verkefnisins hækkuð?

☐ já ☐ nei

Ef svarið er já, tilgreinið tegund aukningarinnar:

☐ aukning á heildarfjárnotkun þiggjanda aðstoðarinnar í þágu rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar,

☐ breytingar á fyrirhugaðri fjárhagsáætlun vegna verkefnisins (án samsvarandi lækkunar á fjárhagsáætlun vegna annarra verkefna),

☐ aukning á fjárnotkun þiggjanda aðstoðarinnar í þágu rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar miðað við hlutfall af heildarveltu,

☐ önnur tegund aukningar:

.....

.....

Leggið fram gögn um viðeigandi aukningar:

.....

.....

E) Aðildarríkið getur einnig sýnt fram á að fyrir hendi séu hvatningaráhrif gegnum aðrar viðeigandi, megindlegar og/eða eigindlegar viðmiðanir. Látið í té nákvæmar upplýsingar og gögn:

.....

.....

7. **Viðmiðanir sem kalla á ítarlegt mat** ([155])

Ef aðstoðin varðar verkefni á sviði rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar eða hagkvæmniathuganir, fyllið út lið 7.1 hér á eftir. Ef aðstoð *er veitt vegna verkferla eða skipulagslegrar nýsköpunar í þjónustu eða í þágu nýsköpunarklasa, farið í lið 7.2 á þessu eyðublaði fyrir viðbótarupplýsingar. Annars er ekki þörf á ítarlegu mati.*

7.1. Verkefni og hagkvæmniathuganir

A) Aðstoðarhæfur kostnaður sem samsvarar grunnrannsóknum er …… % af aðstoðarhæfum heildarkostnaði **(hlutfall I)**.

Ef **hlutfall I** fer yfir 50% fær þá eitt fyrirtæki aðstoð umfram 20 milljónir evra ([156]) fyrir hvert verkefni eða hverja hagkvæmniathugun?

☐ já ☐ nei

([155]) Sbr. lið 7.1 í rammaákvæðunum um rannsóknir, þróun og nýsköpun.
([156]) Ef við á tilgreinið gengið sem var notað þegar þessari spurningu er svarað.

B) Aðstoðarhæfur kostnaður sem samsvarar iðnaðarannsóknum og hagkvæmniathugunum til undirbúnings iðnaðarrannsóknum er …… % af aðstoðarhæfum heildarkostnaði **(hlutfall II).**

Ef **hlutfall I + II** fer yfir 50% fær þá eitt fyrirtæki aðstoð umfram 10 milljónir evra fyrir hvert verkefni eða hverja hagkvæmniathugun?

☐ já ☐ nei

C) Ef **hlutfall I + II** er undir 50% fær þá eitt fyrirtæki aðstoð umfram 7,5 milljónir evra fyrir hvert verkefni eða hverja hagkvæmniathugun?

☐ já ☐ nei

Ef svarið við einni af þessum þremur spurningum er já, þá fellur tilkynnt aðstoð undir ítarlegt mat og veita skal viðbótarupplýsingar til þess að gera framkvæmdastjórninni kleift að framkvæma ítarlegt mat (8. liður þessa eyðublaðs fyrir viðbótarupplýsingar).

7.2. *Verkferlar eða skipulagsleg nýsköpun í þjónustu og nýsköpunarklasar*

Ef aðstoð er veitt til verkferla eða skipulagslegrar nýsköpunar í þjónustu fær þá eitt fyrirtæki aðstoð umfram 5 milljónir evra fyrir hvert verkefni?

☐ já ☐ nei

Ef aðstoð er veitt í þágu nýsköpunarklasa fær þá klasinn (lögaðilinn sem annast rekstur nýsköpunarklasans) aðstoð umfram 5 milljónir evra?

☐ já ☐ nei

Ef svarið er já, þá fellur tilkynnt aðstoð undir ítarlegt mat og veita skal viðbótarupplýsingar til þess að gera framkvæmdastjórninni kleift að framkvæma ítarlegt mat (8. liður þessa eyðublaðs fyrir viðbótarupplýsingar).

	undanskildum flokki 64.2 (Starfsemi eignarhaldsfélaga), í atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins ICT_T Upplýsinga- og fjarskiptatækni, samtala (atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk.: 261+262+263+264+268+951+465+582+61+62+631) ICT_S Upplýsinga- og fjarskiptatækni, þjónusta (atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk. : 951+465+582+61+62+631) ICT_W Upplýsinga- og fjarskiptatækni, heildverslun (flokkur 46.5 í atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk.)
Sundurliðun eftir réttarstöðu	1. Í einkaeigu og án takmörkunar á persónulegri bótaábyrgð 2. Einkahlutafélög eða opinberlega skráð hlutafélög með takmarkaðri bótaábyrgð fyrir hluthafa 3. Takmörkuð og ótakmörkuð bótaábyrgð sameignarfélaga í einkaeigu. Nær einnig yfir önnur félagsform, s.s. samvinnufélög, samstarfsfyrirtæki o.s.frv. 4. Öll lagaleg form

Bráðabirgðagögn um niðurlagnir verður að senda 18 mánuðum eftir að viðmiðunarárinu lýkur.

Árlegar bráðabirgðaniðurstöður um niðurlagnir fyrirtækja, sundurliðaðar eftir fjölda starfsmanna í fyrirtækjum, skráðar í 1. og 2. lið 5. þáttar IX. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 295/2008 um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja.

Röð 9D

Heiti raðar	Árlegar bráðabirgðaniðurstöður um niðurlagnir fyrirtækja, sundurliðaðar eftir fjölda starfsmanna í fyrirtækjum
Fyrsta viðmiðunarár	2006 fyrir könnunaratriði 11 93 0, 16 93 0 og 16 93 1
Tíðni	Árlega
Starfsemi	Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, endursk. 1.1: bálkar C–K fyrir viðmiðunarárin 2006–2007 Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, 2. endursk., bálkar B–N fyrir þau gögn sem leggja skal fram frá og með viðmiðunarárinu 2008
Könnunaratriði	Könnunaratriði í 1. lið 5. þáttar IX. viðauka 11 93 0 Fjöldi niðurlagðra fyrirtækja í t Könnunaratriði í 2. lið 5. þáttar IX. viðauka 16 93 0 Fjöldi starfsmanna í þýði niðurlagðra fyrirtækja í t 16 93 1 Fjöldi launþega í þýði niðurlagðra fyrirtækja í t
Sundurliðun eftir starfsemi (þrep)	Sama og í röð 9C
Sundurliðun eftir stærðarflokkum	Fjöldi starfsmanna: enginn, 1–4, 5–9, 10 eða fleiri, samtals

Bráðabirgðagögn um niðurlagnir verður að senda 18 mánuðum eftir að viðmiðunarárinu lýkur.

II. VIÐAUKI

BREYTINGAR Á REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) NR. 295/2008 UM HAGSKÝRSLUR UM SKIPULAG FYRIRTÆKJA SEM VERÐA TIL VEGNA BREYTINGA Á VÖRUFLOKKUN EVRÓPUBANDALAGSINS EFTIR ATVINNUGREINUM (CPA)

Ákvæðum V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 295/2008 er breytt sem hér segir:

1. Í stað g-liðar 3. mgr. 4. þáttar kemur:

Kóði	Heiti	Hlutaðeigandi fyrirtæki/atvinnurekstur
	Skipulagsupplýsingar	
11 11 0	Fjöldi fyrirtækja	(1, 2, 3, 4)
11 11 1	Fjöldi fyrirtækja, sundurliðaður eftir réttarstöðu	(1, 2, 3, 4)
11 11 2	Fjöldi fyrirtækja, sundurliðaður eftir stærðarflokki bókfærðra brúttóiðgjalda	(1, 2, 3)
11 11 3	Fjöldi fyrirtækja, sundurliðaður eftir stærðarflokki heildarvátryggingaskulda	(1)
11 11 5	Fjöldi fyrirtækja, sundurliðaður eftir aðseturslandi móðurfyrirtækisins	(1, 2, 3, 4)
11 41 0	Heildarfjöldi útibúa í öðrum löndum og staðsetning þeirra	(1, 2, 3)
	Bókhaldsgögn/tæknilegur hluti rekstrarreikningsins	
32 11 4	Bókfærð brúttóiðgjöld, sundurliðuð eftir réttarstöðu	(1, 2, 4, 5, 6)
32 11 5	Bókfærð frumtryggingariðgjöld, sundurliðuð eftir aðseturslandi móðurfyrirtækisins	(1, 2, 5, 6)
32 11 6	Bókfærð fengin endurtryggingariðgjöld, bókfærð iðgjöld, sundurliðuð eftir aðseturslandi móðurfyrirtækisins	(1, 2, 4, 6)
32 18 2	Hlutur endurtryggjenda af bókfærðum brúttóiðgjöldum, sundurliðuð eftir aðseturslandi móðurfyrirtækisins	(1, 2, 4, 5, 6)
32 16 0	Aðrir tekju- og gjaldaliðir af vátryggingarekstri, verg fjárhæð	(1, 2, 4, 5, 6)
32 18 0	Endurtryggingajöfnuður	(1, 2, 4, 5, 6)
32 18 8	Hlutur endurtryggjenda af vergri fjárhæð annarra tekju- og gjaldaliða af vátryggingarekstri	(1, 2, 4, 5, 6)
	Bókhaldsgögn/ekki tæknilegur hluti rekstrarreikningsins	
32 19 0	Millisamtala II (hrein staða tekna og gjalda af vátryggingarekstri)	(3)
	Viðbótargögn sem varða rekstrarreikning	
32 61 4	Ytri kostnaður við vörur og þjónustu	(1, 2, 3, 4)
13 31 0	Starfsmannakostnaður	(1, 2, 3, 4)
32 61 5	Ytri og innri útgjöld við uppgjör tjóna	(1, 2, 4, 5, 6)
32 61 6	Kostnaður við öflun vátrygginga	(1, 2, 4, 5, 6)
32 61 7	Stjórnunarkostnaður	(1, 2, 4, 5, 6)
32 61 8	Annar vergur kostnaður af vátryggingarekstri	(1, 2, 4, 5, 6)
32 61 9	Kostnaður vegna fjárfestingarstýringar	(1, 2, 4, 5, 6)
32 71 1	Tekjur af hlutdeild í öðrum fyrirtækjum	(1, 2, 4, 5, 6)
32 71 3	Tekjur af lóðum og húseignum	(1, 2, 4, 5, 6)
32 71 4	Tekjur af öðrum fjárfestingum	(1, 2, 4, 5, 6)
32 71 5	Bakfærsla fjárfestinga	(1, 2, 4, 5, 6)
32 71 6	Hagnaður af sölu fjárfestinga	(1, 2, 4, 5, 6)
32 72 1	Kostnaður vegna fjárfestingarstýringar, vextir meðtaldir	(1, 2, 4, 5, 6)
32 72 2	Virðisbreyting fjárfestinga	(1, 2, 4, 5, 6)
32 72 3	Tap af sölu fjárfestinga	(1, 2, 4, 5, 6)
	Gögn eftir vörutegund, byggt á vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum (CPA)	
33 12 1	Hluti endurtryggjenda af frumtryggingariðgjöldum bókfærðum eftir vörutegund (byggt á vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum (CPA))	(1, 2, 5, 6)
	Gögn um alþjóðavæðingu (landfræðileg sundurliðun rekstrarins sem er bókfærður samkvæmt staðfesturétti)	
34 31 1	Bókfærð frumtryggingariðgjöld eftir vörutegund (byggt á vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum) og eftir aðildarríki	(1, 2, 5, 6)
	Gögn um alþjóðavæðingu (landfræðileg sundurliðun rekstrarins sem er bókfærður samkvæmt rétti til að veita þjónustu)	
34 32 1	Bókfærð frumtryggingariðgjöld eftir vörutegund (byggt á vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum) og eftir aðildarríki	(1, 2, 5, 6)

2. Í stað d-liðar 4. mgr. 4. þáttar kemur:

Kóði	Heiti	Hlutaðeigandi fyrirtæki/atvinnurekstur	Athugasemdir
	Bókhaldsgögn/tæknilegur hluti rekstrarreikningsins		
32 13 2	Bókfærðar greiðslur í tengslum við tjón á yfirstandandi uppgjörsári	(2, 4, 6)	
	Alþjóðleg starfsemi (almenn)		
34 12 0	Landfræðileg sundurliðun á bókfærðum, fengnum endurtryggingariðgjöldum, bókfærðum iðgjöldum	(1, 2, 4, 5, 6)	
34 13 0	Landfræðileg sundurliðun á hluta endurtryggjenda í bókfærðum bráttóiðgjöldum	(1, 2, 4, 5, 6)	
	Gögn á efnahagsreikningi (eignir/skuldir)		
36 11 2	Lóðir og húseignir (núvirði)	(1, 2, 3, 4)	
36 12 3	Fjárfestingar í eigna- og hagsmunatengdum fyrirtækjum (núvirði)	(1, 2, 3, 4)	
36 13 8	Aðrar fjárfestingar (núvirði)	(1, 2, 3, 4)	
36 21 0	Fjárfestingar í þágu líftryggingartaka sem bera áhættuna af fjárfestingunni — lóðir og húseignir	(1, 3)	
36 22 0	Fjárfestingar í þágu líftryggingartaka sem bera áhættuna af fjárfestingunni — aðrar fjárfestingar	(1, 3)	
37 10 1	Eigið fé og varasjóðir alls, sundurliðað eftir réttarstöðu	(1, 2, 3, 4)	
37 33 3	Bráttóvátryggingarsjóðir fyrir tjónaskuldir sem tengjast frumtryggingastarfsemi, eftir vörutegund (byggt á vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum (CPA))	(2, 6)	
	Aðrar upplýsingar		
39 10 0	Fjöldi útistandandi samninga við lok bókhaldsárs sem tengjast frumtryggingastarfsemi að því er varðar alla einstaka líftryggingarsamninga og eftirtalið: Líftryggingaþjónustu, ótengda fjárfestingarsjóðum og nr. 65.12.1, 65.12.4 og 65.12.5 í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum	(1, 2, 5, 6)	
39 20 0	Fjöldi tryggðra einstaklinga við lok bókhaldsárs sem tengjast frumtryggingastarfsemi að því er varðar alla hóplíftryggingarsamninga og eftirtalið: nr. 65.12.1 í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum	(1, 2, 5, 6)	
39 30 0	Fjöldi tryggðra ökutækja við lok bókhaldsárs sem tengist frumtryggingastarfsemi að því er varðar eftirtalið: nr. 65.12.2 í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum	(2, 6)	Valkvætt
39 40 0	Verg tryggingarfjárhæð við lok bókhaldsárs sem tengist frumtryggingastarfsemi að því er varðar eftirtalið: líftryggingaþjónustu, ótengda fjárfestingarsjóðum og tryggingaþjónustu sem lýtur að innlausn fjármagns	(1, 5)	Valkvætt
39 50 0	Fjöldi tjóna á bókhaldsárinu sem tengjast frumtryggingastarfsemi að því er varðar eftirtalið: nr. 65.12.2 í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum	(2, 6)	Valkvætt

TILMÆLI FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2015/EES/63/03**

frá 2. júní 2010

um vöktun á innihaldi akrýlamíðs í matvælum

(2010/307/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 292. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2007/331/EB frá 3. maí 2007 um vöktun á innihaldi akrýlamíðs í matvælum ([1]) er sett fram vöktunaráætlun til þriggja ára (2007–2009) fyrir akrýlamíð í tilteknum matvælum.

2) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) tók saman niðurstöðurnar fyrir árið 2007 í vísindaskýrslunni um niðurstöður vöktunar á innihaldi akrýlamíðs í matvælum ([2]) sem gefin var út 30. apríl 2009. Í skýrslunni eru einnig niðurstöður að því er varðar akrýlamíð fyrir 2003–2006 sem safnað var saman frá aðildarríkjunum og stofnunin fyrir viðmiðunarefni og mælingar hjá sameiginlegri rannsóknarmiðstöð framkvæmdastjórnarinnar tók saman. Niðurstöður fyrir árin 2008 og 2009 liggja ekki enn fyrir. Vísindaskýrslan verður uppfærð þegar niðurstöðurnar liggja fyrir.

3) Samtök matvæla- og drykkjarvöruiðnaðarins (e. *The Confederation of the Food and Drink Industry (CIAA)*), hafa þróað „verkfærakassa“ sem inniheldur verkfæri sem matvælaframleiðendur geta notað á valvísan hátt í samræmi við tilteknar þarfir sínar til að minnka innihald akrýlamíðs í vörum sínum.

4) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í skýrslu sinni frá 30. apríl 2009 að engin heildstæð þróun í áttina að lægra innihaldi akrýlamíðs væri sjáanleg í matvælaflokkum og að ekki væri ljóst á þessu stigi hvort akrýlamíðverkfærakassinn hefði náð tilætluðum áhrifum.

5) Viðleitni matvælaiðnaðarins og aðildarríkjanna til að rannsaka hvernig akrýlamíð myndast og til að minnka innihald akrýlamíðs í matvælum stendur yfir. Til að unnt sé að vakta áhrif þessarar viðleitni þykir rétt að halda áfram að safna gögnum.

6) Reynsla af beitingu tilmæla 2007/331/EB hefur sýnt að nauðsynlegt er að gera breytingar á vöktunaráætluninni, t.d. að því er varðar flokkun matvæla.

7) Mikilvægt er að Matvælaöryggisstofnunin fái niðurstöður vöktunarinnar einu sinni á ári og mun hún sjá til þess að þessum gögnum verði safnað í gagnagrunn.

8) Þessi tilmæli ættu ekki að vera háð tímamörkum heldur ætti að meta reglulega þörfina á vöktun.

SAMÞYKKT TILMÆLI ÞESSI:

1. Aðildarríkin ættu, í samræmi við viðaukann við þessi tilmæli, að vakta innihald akrýlamíðs í matvælunum sem um getur í þeim viðauka.

2. Aðildarríkin ættu að láta Matvælaöryggisstofnuninni í té gögn fyrir næstliðið ár, eigi síðar en 1. júní ár hvert og í fyrsta sinn fyrir 1. júní 2011, á því sniði sem Matvælaöryggisstofnunin setur fram til samantektar inn í einn gagnagrunn.

3. Til að tryggja að sýni séu dæmigerð fyrir framleiðsluseininguna sem sýni er tekið úr ættu aðildarríkin að fylgja þeim sýnatökuaðferðum sem mælt er fyrir um í B-hluta viðaukans við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 333/2007 frá 28. mars 2007 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með innihaldi blýs, kadmíums, kvikasilfurs, ólífræns tins, 3-MCPD og bensó(a)pýrens í matvælum ([3]).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 137, 3.6.2010, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 31.

([1]) Stjtíð. ESB L 123, 12.5.2007, bls. 33.

([2]) Vísindaskýrsla Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2009) 285.

([3]) Stjtíð. ESB L 88, 29.3.2007, bls. 29.

4. Aðildarríkin ættu að annast greininguna á akrýlamíði í samræmi við viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 1. og 2. lið III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt ([1]).

Gjört í Brussel 2. júní 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

John DALLI

framkvæmdastjóri.

([4]) Stjtíð. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1.

VIÐAUKI

A. **Sýnatökustaðir og -aðferðir**

1. Sýnataka úr vörum ætti að fara fram á markaði (t.d. í stórmörkuðum, smærri verslunum, brauðgerðarhúsum, á stöðum sem selja franskar kartöflur og veitingahúsum), þar sem auðvelt er að rekja uppruna vörunnar, eða á framleiðslustöðum. Taka ætti sýni úr vörum sem eru upprunnar í einu aðildarríkjanna ef þess er kostur (1).

2. Sýnataka og greining ættu að fara fram fyrir fyrningardag sýnisins.

B. **Vörur, fjöldi sýna og tíðni sýnatöku, greiningarkröfur**

1. Í töflunni hér á eftir er yfirlit yfir ráðlagðan lágmarksfjölda sýna sem greina á árlega fyrir hvern vöruflokk. Aðildarríkin eru hvött til að taka fleiri sýni ef kostur er. Dreifing sýna á hvert aðildarríki byggist á mannfjöldatölum en þó skal lágmarksfjöldi sýna vera fjögur fyrir hvern vöruflokk og hvert aðildarríki.

2. Sýnafjöldinn vísar til lágmarksfjölda sýna sem ber að taka árlega. Ef sérstök skilyrði gilda (t.d. sýnataka tvisvar á ári) er það tilgreint í C-lið.

3. Þar eð margs konar vörur með mismunandi forskriftir eru í hverjum vöruflokki ætti að veita viðbótarupplýsingar fyrir hverja vöru sem sýni er tekið úr (eins og tilgreint er í C-lið). Til að fá mynd af tímaleitni er mikilvægt að sýni séu tekin árlega úr vörum með sömu forskriftum (t.d. sama tegund af brauði) ef kostur er.

4. Ef niðurstöður greininga á vörum með sömu forskrift eru ítrekað undir magngreiningarmörkum (LOQ) má skipta vörunni út fyrir aðra, að því tilskildu að hún falli í sama vöruflokk og að lýsing sé gefin á afurðinni.

5. Til að tryggja að greiningarniðurstöður séu samanburðarhæfar ætti að velja aðferðir sem geta náð magngreiningarmörkunum 30 µg/kg (kraftmesta jónin eða jónaumskiptin) fyrir brauð og matvæli fyrir ungbörn og smábörn og 50 µg/kg fyrir kartöfluafurðir, aðrar kornafurðir, kaffi og aðrar vörur. Gefa ætti skýrslu um niðurstöðurnar, leiðréttar að því er varðar endurheimt.

(1) Í undantekningartilvikum kann að vera að tiltekin vara sé aðeins til á markaði sem innflutningsvara frá þriðja landi. Í slíkum tilvikum má taka sýni úr innfluttu vörunni.

Lágmarksfjöldi sýna fyrir hvern vöruflokk

Söluland	Franskar kartöflur, tilbúnar til neyslu	Kartöfluflögur	Foreldaðar franskar kartöflur/kartöflu afurðir til heimaeldunar	Mjúkt brauð	Morgunkorn	Kex, stökkt kex, hrökkbrauð og áþekkar vörur	Kaffi og kaffilíki	Barnamatur (annar en unninn með korn sem uppistöðu)	Unnin matvæli með korn sem uppistöðu fyrir ungbörn og smábörn	Aðrar vörur	Samtals
(0)	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)	(10)	(11)
AT	4	4	4	4	4	4	4	4	4	8	44
BE	4	4	4	4	4	4	4	4	4	8	44
CY	4	4	4	4	4	4	4	4	4	4	40
CZ	4	4	4	4	4	4	4	4	4	8	44
DE	24	24	24	24	24	24	24	24	24	14	230
DK	4	4	4	4	4	4	4	4	4	8	44
ES	14	14	14	14	14	14	14	14	14	14	140
EE	4	4	4	4	4	4	4	4	4	4	40
EL	4	4	4	4	4	4	4	4	4	8	44
FR	20	20	20	20	20	20	20	20	20	14	194
FI	4	4	4	4	4	4	4	4	4	8	44
HU	4	4	4	4	4	4	4	4	4	8	44
IT	20	20	20	20	20	20	20	20	20	14	194
IE	4	4	4	4	4	4	4	4	4	8	44
LU	4	4	4	4	4	4	4	4	4	4	40
LT	4	4	4	4	4	4	4	4	4	4	40
LV	4	4	4	4	4	4	4	4	4	4	40
MT	4	4	4	4	4	4	4	4	4	4	40
NL	6	6	6	6	6	6	6	6	6	8	62
PT	4	4	4	4	4	4	4	4	4	8	44
PL	14	14	14	14	14	14	14	14	14	14	140
SE	4	4	4	4	4	4	4	4	4	8	44
SI	4	4	4	4	4	4	4	4	4	4	40
SK	4	4	4	4	4	4	4	4	4	8	44
UK	20	20	20	20	20	20	20	20	20	14	194
BG	4	4	4	4	4	4	4	4	4	8	44
RO	8	8	8	8	8	8	8	8	8	8	80
Samtals	202	202	202	202	202	202	202	202	202	224	2042

C. **Viðbótarupplýsingar sem skal að lágmarki leggja fram fyrir hverja vöru**

Í 1.–10. lið eru tilgreindar viðbótarupplýsingar sem að lágmarki ætti að leggja fram fyrir hverja vöru sem tekið er sýni úr. Aðildarríkin eru hvött til að leggja fram ítarlegri upplýsingar.

1. Franskar kartöflur, seldar tilbúnar til neyslu, sem fela í sér eftirfarandi undirflokka:

1.1. Franskar kartöflur úr nýjum kartöflum

1.2. Franskar kartöflur úr kartöfludeigi

Taka ætti sýni úr vörum, sem eru tilbúnar til neyslu, á litlum afgreiðslustöðum, hjá skyndibitakeðjum og á veitingastöðum. Sýnataka ætti að fara fram tvisvar á ári, í mars og nóvember ([1]), þannig að heildarfjöldi sýna verði sá sem tilgreindur er í töflunni.

Sérstakar upplýsingar sem leggja skal fram:

— hráefni: nýjar kartöflur (undirflokkur 1.1) eða forunnar kartöflur (kartöfludeig) (undirflokkur 1.2),

— önnur innihaldsefni sem bætt er við.

2. *Kartöfluflögur sem fela í sér eftirfarandi undirflokka:*

2.1. Kartöfluflögur úr nýjum kartöflum

2.2. Kartöfluflögur úr kartöfludeigi (mótaðar flögur, flögur sem raðað er í stauka)

Sýnataka ætti að fara fram tvisvar á ári, í mars og nóvember ([1]), þannig að heildarfjöldi sýna verði sá sem tilgreindur er í töflunni.

Sérstakar upplýsingar sem leggja skal fram:

— hráefni: nýjar kartöflur (undirflokkur 2.1) eða forunnar kartöflur (kartöfludeig) (undirflokkur 2.2),

— steikingarferli: steikt í lotum eða samfellt,

— önnur innihaldsefni, bragðefni eða aukefni sem bætt er við.

3. Foreldaðar franskar kartöflur/kartöfluafurðir til heimaeldunar sem fela í sér eftirfarandi undirflokka:

3.1. Franskar kartöflur sem eru bakaðar í ofni (ofnbakaðar franskar kartöflur)

3.2. Djúpsteiktar franskar kartöflur

Í þennan flokk falla vörur sem eru seldar ferskar eða frosnar. Sýnataka ætti að fara fram tvisvar á ári, í mars og nóvember ([1]), þannig að heildarfjöldi sýna verði sá sem tilgreindur er í töflunni.

Greining á hverju sýni ætti að fara fram eftir tilreiðslu vörunnar (t.d. steikingu, bökun o.s.frv.). Tilreiðslan ætti að fara fram á tilraunastofu eftir leiðbeiningunum samkvæmt merkingunni.

Sérstakar upplýsingar sem leggja skal fram:

— undirflokkur sem varan tilheyrir (eins og um getur hér að framan),

— hráefni: nýjar kartöflur eða forunnar kartöflur (kartöfludeig),

— vara seld fersk eða frosin,

— tilreiðsluskilyrði í samræmi við merkinguna,

— önnur innihaldsefni sem bætt er við.

([1]) Ef matvælin eru framleidd úr forunnum kartöflum er ekki nauðsynlegt að taka sýni tvisvar á ári.

4. *Mjúkt brauð*

Sérstakar upplýsingar sem leggja skal fram:

— tegund mjúks brauðs, t.d. hveitibrauð, rúgbrauð, fjölkornabrauð, brauð með öðrum innihaldsefnum, o.s.frv.

Val á brauðtegund til sýnatöku ætti að endurspegla matarvenjur í viðkomandi aðildarríki.

5. *Morgunkorn (að undanskildu múslí og graut)*

Sérstakar upplýsingar sem leggja skal fram:

— korntegund,

— önnur innihaldsefni (t.d. sykur, hnetur, hunang, súkkulaði).

Ef greining hefur verið gerð á múslí og graut ætti að tilgreina múslíið og grautinn í 10. flokki „Aðrar vörur“.

6. *Kex, stökkt kex, hrökkbrauð og áþekkar vörur (að undanskildu sætabrauði og kökum) sem fela í sér eftirfarandi undirflokka:*

6.1. Stökkt kex (t.d. tekex, saltkex og áþekkar vörur)

6.2. Hrökkbrauð (gerjað/ógerjað)

6.3. Vöffluform (t.d. fyrir rjómaís)

6.4. Piparkökur

6.5. Annað (tilgreinið)

Sérstakar upplýsingar sem leggja skal fram:

— undirflokkur sem varan tilheyrir (eins og um getur hér að framan).

Val á vöru til sýnatöku ætti að endurspegla matarvenjur í viðkomandi aðildarríki.

7. *Kaffi og kaffilíki, sem fela í sér eftirfarandi undirflokka:*

7.1. Brennt kaffi

7.2. Skyndikaffi (uppleysanlegt kaffi)

7.3. Kaffilíki

Sérstakar upplýsingar sem leggja skal fram:

— undirflokkur sem varan tilheyrir (eins og um getur hér að framan),

— að því er varðar brennt kaffi: brennsla (t.d. meðalbrennt, dökkt), baunategund ef hún liggur fyrir, upplýsingar hvort það sé selt sem malað kaffi eða baunir, koffínsneytt/ekki koffínsneytt,

— að því er varðar skyndikaffi (uppleysanlegt kaffi): koffínsneytt/ekki koffínsneytt,

— að því er varðar kaffilíki: hráefni (t.d. bygg, rúgur, kaffifífill).

Greina ætti sýni úr kaffi og kaffilíki eins og viðkomandi vara er seld til að tryggja samanburðarhæfi gagna.

Ef gerlegt er má greina drykkjarvöruna í öðrum áfanga eins og hún er tilreidd til neyslu. Tilgreina ætti tilreiðsluskilyrði (eins og fram kemur á merkingunni, t.d. magn af kaffi, vatnsmagn sem notað er, upplýsingar um þann búnað sem er notaður, hitastig við lögun o.s.frv.). Ef greiningargeta er takmörkuð ætti greining á sýni, eins og varan er seld, að vera í forgangi.

8. Barnamatur, annar en unnin matvæli með korn sem uppistöðu ([1])

   Leggja ætti áherslu á matvæli sem innihalda kartöflur, rótarávexti eða korn sem aðalinnihaldsefni (að undanskildum vörum sem falla undir flokkinn unnin matvæli með korn sem uppistöðu).

   Sérstakar upplýsingar sem leggja skal fram:

   — aðalinnihaldsefni.

9. *Unnin matvæli með korn sem uppistöðu fyrir ungbörn og smábörn* ([2]) *sem fela í sér eftirfarandi undirflokka:*

9.1. Kex og tvíbökur fyrir ungbörn og smábörn

9.2. Önnur unnin matvæli með korn sem uppistöðu fyrir ungbörn og smábörn

   Greina ætti sýnin eins og viðkomandi vara er seld til að tryggja samanburðarhæfi gagna.

   Sérstakar upplýsingar sem leggja skal fram:

   — undirflokkur sem varan tilheyrir (eins og um getur hér að framan),

   — lýsing á vörunni,

   — korntegund, önnur innihaldsefni.

10. *Aðrar vörur*

   Í þennan flokk falla kartöfluafurðir, kornafurðir og kakóafurðir, aðrar en þær vörur sem tilgreindar eru í einum af flokkunum hér á undan (t.d. svissneskur kartöfluréttur (Rösti), bragðmiklar snarlvörur úr korni (t.d. spírallaga maísnasl, tortillaflögur, poppkorn), múslí, grautar, sætabrauð og kökur, o.s.frv.).

   Val á vöru til sýnatöku ætti að endurspegla matarvenjur í viðkomandi aðildarríki.

   Ef til vill þarf greiningin á vörunum að fara fram að lokinni eldun samkvæmt merkingunni. Í slíkum tilvikum ætti að tilgreina hvaða skilyrði eru notuð.

   Sérstakar upplýsingar sem leggja skal fram:

   — heiti vöru og nákvæm lýsing á henni (t.d. helstu innihaldsefnin),

   — tilreiðsluskilyrði í samræmi við merkinguna.

([1]) Eins og skilgreint er í b-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/125/EB frá 5. desember 2006 um unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamat fyrir ungbörn og smábörn (Stjtíð. ESB L 339, 6.12.2006, bls. 16).

([2]) Eins og skilgreint er í a-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 2006/125/EB.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2015/EES/63/04**

frá 31. mars 2010

um spurningalistann fyrir skýrslugjöf sem tengist reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 166/2006 um að koma á fót Evrópuskrá yfir losun og flutning mengunarefna og um breytingu á tilskipunum ráðsins 91/689/EBE og 96/61/EB

(tilkynnt með númeri C(2010) 1955)

(2010/205/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 166/2006 frá 18. janúar 2006 um að koma á fót Evrópuskrá yfir losun og flutning mengunarefna og um breytingu á tilskipunum ráðsins 91/689/EBE og 96/61/EB ([1]), einkum 16. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/692/EBE frá 23. desember 1991 um að staðla og einfalda skýrslur um framkvæmd vissra tilskipana um umhverfismál ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 1. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 166/2006 er þess krafist að skýrsla um framkvæmd reglugerðarinnar, sem byggð er á upplýsingum frá síðustu þremur skýrslugjafarárum, verði tekin saman í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 166/2006.

2) Í 2. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 166/2006 er þess krafist að samin verði skýrsla á grundvelli spurningalista sem framkvæmdastjórnin útbýr með aðstoð nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 19. gr. reglugerðarinnar.

3) Fyrsta skýrslan tekur til tímabilsins frá 2007 til 2009, að báðum árunum meðtöldum.

4) Ráðstafanirnar, sem eru fyrirhugaðar með þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar skv. 19. gr. reglugerðarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Aðildarríkin skulu nota spurningalistann fyrir skýrslugjöf, sem er að finna í viðaukanum við þessa ákvörðun, sem grundvöll við samningu skýrslunnar sem á að leggja fyrir framkvæmdastjórnina skv. 1. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 166/2006.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 31. mars 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Janez POTOČNIK

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 88, 8.4.2010, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 15, 15.3.2012, bls. 42.

([1]) Stjtíð. ESB L 33, 4.2.2006, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 377, 31.12.1991, bls. 48.

VIÐAUKI

SPURNINGALISTI FYRIR SKÝRSLUGJÖF

Viðbótarupplýsingar sem aðildarríkin eiga að leggja fram skv. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 166/2006 um að koma á fót Evrópuskrá yfir losun og flutning mengunarefna og um breytingu á tilskipunum ráðsins 91/689/EBE og 96/61/EB

Almennar athugasemdir:

Þessi spurningalisti inniheldur spurningar sem krafist er að aðildarríkin svari varðandi framkvæmd reglugerðar um Evrópuskrá yfir losun og flutning mengunarefna næstliðin þrjú síðustu skýrslugjafarár.

Aðildarríkin skulu gera svörin við spurningalistanum aðgengileg á rafrænu formi.

1. ALMENN LÝSING

Gefið stutta lýsingu á ferlinu við samantekt þessarar skýrslu, þ.m.t. upplýsingar um það hvaða opinberu yfirvöld hafa lagt sitt af mörkum.

2. LAGALEGAR RÁÐSTAFANIR VIÐ AÐ KOMA Á FÓT KERFI YFIR LOSUN OG FLUTNING MENGUNAREFNA (5. og 20. GR.)

Tilgreinið löggjafarráðstafanir, stjórnvaldsráðstafanir og aðrar ráðstafanir við að koma á fót samþættri skrá yfir losun og flutning mengunarefna.

Lýsið einkum ráðstöfunum sem aðildarríkin samþykktu í samræmi við ákvæði 20. gr. til að tryggja að reglur um viðurlög væru skilvirkar, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi og hvernig reynslan var af beitingu þeirra.

3. TILKYNNINGARSKYLDA, UPPLÝSINGAR UM REKSTRAREININGAR, LÖGBÆR YFIRVÖLD OG GÖGN SEM SKULU KOMA FRAM Í SKÝRSLUNNI (5. GR.)

Tilgreinið löggjafarráðstafanir, stjórnvaldsráðstafanir og aðrar ráðstafanir sem ákvarða tilkynningarskyldu vegna losunar og flutnings mengunarefna.

Lýsið einkum lögbærum yfirvöldum sem eru tilnefnd til að gefa upplýsingar um rekstrareiningar Evrópuskrár yfir losun og flutning mengunarefna og safna upplýsingum um losun mengunarefna frá punktupptökum. Vinsamlegast lýsið tilkynningarskyldu og tilgreinið ferli við söfnun gagna vegna losunar og flutnings mengunarefna í landinu, skráið tegundir stofnana sem eiga í hlut og hvaða hluta fullgildingaraðgerðanna þær bera ábyrgð á, með því að nota töfluna hér á eftir:

Stofnun Ferli Fullgilding af hálfu þessarar stofnunar

Rekstrareining: .....

Staðaryfirvöld: .....

Svæðisyfirvald: .....

Landsyfirvald: .....

Umhverfisráðuneyti: .....

4. VENJUR VIÐ SKÝRSLUGJÖF UM LOSUN OG FLUTNING MENGUNAREFNA (5. GR.)

Fyrir hvert skýrslugjafarferli frá síðasta spurningalista, vinsamlegast tilgreinið:

a) fresti til að gefa lögbæru yfirvaldi skýrslu,

b) vandkvæði við að virða eindaga fyrir skýrslugjöf, hvort mismunandi eindagar rekstrareininga til skýrslugjafar og til að hafa upplýsingarnar aðgengilegar almenningi í skránni voru virtir í reynd og ef um seinkun var að ræða, ástæðuna fyrir því,

c) hlutfall rafrænnar skýrslugjafar samanborið við gögn sem rekstraraðilar skiluðu á pappírsformi og lýsingu á skýrslugjöf og tækjum sem eru tiltæk, bæði fyrir rekstraraðila og lögbær yfirvöld,

d) helstu vandkvæði fyrir rekstraraðila og lögbær yfirvöld varðandi skýrslugjöf um gögn um losun og flutning mengunarefna (vinsamlegast svarið frá sjónarmiði yfirvaldanna).

5. GÆÐATRYGGING OG GÆÐAMAT GAGNA (1., 2. OG 3. MGR. 9. GR.)

Lýsið reglum, málsmeðferðarreglum og ráðstöfunum til að tryggja gæði gagnanna, sem skráð eru samkvæmt Evrópuskrá yfir losun og flutning mengunarefna, og hvað þær leiða í ljós um gæði gagnanna sem greint er frá.

Veitið einkum upplýsingar um eftirfarandi:

a) mat lögbærra yfirvalda á heilleika, samræmi og trúverðugleika gagnanna sem rekstraraðilar leggja fram,

b) aðferðafræði og málsmeðferðarreglur sem lögbær yfirvöld samþykkja sem leiddu af sér framlagningu gagna af meiri gæðum.

6. AÐGANGUR ALMENNINGS AÐ GÖGNUM UM LOSUN OG FLUTNING MENGUNAREFNA (2. MGR. 10. GR.)

Lýsið því hvernig aðgangur almennings að upplýsingunum, sem er að finna í skránni, er auðveldaður.

Veitið einkum upplýsingar um eftirfarandi:

Ef rafrænn aðgangur almennings að upplýsingunum í Evrópuskránni um losun og flutning mengunarefna er ekki greiður: til hvaða ráðstafana hefur verið gripið til að greiða fyrir aðgangi að skránni á stöðum sem eru aðgengilegir almenningi.

7. TRÚNAÐARKVÖÐ (2. MGR. 7. GR., 11. GR.)

Ef trúnaður ríkir um einhverjar upplýsingar: tilgreinið tegund upplýsinga, ástæðuna fyrir trúnaðinum og hversu oft upplýsingum hefur verið haldið eftir. Gerið einkum stuttlega grein fyrir eftirfarandi:

a) tegund gagna sem trúnaður hefur ríkt um,

b) helstu ástæðum sem gefnar eru fyrir kröfu um trúnað,

c) fjölda rekstrareininga með trúnaðargögn á hverja starfsemi í I. viðauka og heildarfjölda rekstrareininga sem gefur skýrslu á hverja starfsemi í I. viðauka.

Vinsamlegast leggið fram athugasemdir um fengna reynslu og áskoranir sem komu upp að því er varðar að fjalla um kröfur um trúnaðarkvöð í samræmi við 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB, einkum að því er varðar upplýsingar um losun og flutninga eins og skilgreint er í III. viðauka.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2015/EES/63/05

frá 30. nóvember 2009

um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir viðarhúsgögn

(tilkynnt með númeri C(2009) 9522)

(2009/894/EB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1980/2000 frá 17. júlí 2000 um endurskoðað kerfi um veitingu umhverfismerkis Bandalagsins ([1]), einkum annarri undirgrein 1. mgr. 6. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1980/2000 er heimilt að veita umhverfismerki Bandalagsins fyrir vöru sem býr yfir eiginleikum sem gera það að verkum að hún stuðlar að verulegum umbótum að því er varðar helstu umhverfisþætti.

2) Í reglugerð (EB) nr. 1980/2000 er kveðið á um að setja skuli sértækar viðmiðanir fyrir umhverfismerkið fyrir hvern vöruflokk og skuli þær byggjast á drögum að viðmiðunum sem umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins hefur sett fram.

3) Vistfræðilegu viðmiðanirnar og tilheyrandi kröfur vegna mats og sannprófunar ættu að gilda í fjögur ár frá samþykktardegi þessarar ákvörðunar.

4) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Vöruflokkurinn „viðarhúsgögn“ skal ná yfir frístandandi eða innbyggðar einingar sem eru notaðar sem húsgögn fyrir heimili, innanhúss eða utan, til að geyma í, hengja upp í, liggja í, sitja við, vinna við og borða af eða til notkunar innanhúss í viðskiptalegum tilgangi. Viðskiptalegur tilgangur skal taka til húsgagna á skrifstofum og í skólum sem og til húsgagna fyrir veitingahús og hótel.

Uppfylla skal eftirfarandi skilyrði:

a) Varan skal gerð úr a.m.k. 90% (þyngdarhlutfall) gegnheilum viði eða efnum sem eru að meginhluta úr viði. Ef gler er auðveldlega útskiptanlegt ef um er að ræða skemmdir eða brot má undanskilja það þyngdarútreikningum og það sama gildir um tæknibúnað og fylgihluti.

b) Þyngd einstakra efna, annarra en gegnheils viðar og efna sem eru að meginhluta úr viði, skal ekki fara yfir 3% af heildarþyngd vörunnar. Samanlögð heildarþyngd slíkra efna skal ekki fara yfir 10% af heildarþyngd fullunninnar vöru.

2. gr.

Til að unnt sé að veita viðarhúsgagni umhverfismerki Bandalagsins samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1980/2000 verður húsgagnið að falla undir vöruflokkinn „viðarhúsgögn“, eins og skilgreint er í 1. gr. þessarar ákvörðunar, og uppfylla þær vistfræðilegu viðmiðanir sem eru settar fram í viðaukanum.

3. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „viðarhúsgögn“ og tilheyrandi kröfur vegna mats og sannprófunar skulu gilda í fjögur ár frá tilkynningardegi þessarar ákvörðunar.

4. gr.

Í stjórnsýslunni er kenninúmerið „36“ notað fyrir vöruflokkinn „viðarhúsgögn“.

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 30. nóvember 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Günter VERHEUGEN

varaforseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 320, 5.12.2009, bls. 23. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 155/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 15, 15.3.2012, bls. 46.

([1]) Stjtíð. EB L 237, 21.9.2000, bls. 1.

VIÐAUKI

RAMMI

Markmiðið með viðmiðununum

Þessar viðmiðanir miða einkum að því að stuðla að því að draga úr áhrifum viðarhúsgagna á umhverfið og heilbrigði manna á vistferli þeirra.

Nánar tiltekið að:

— nota efni sem eru framleidd á sjálfbærari hátt,

— draga úr notkun hættulegra efna og losun mengandi efna,

— varan er prófuð m.t.t. endingar.

Kröfur vegna mats og sannprófunar

Sértækar kröfur vegna mats og sannprófunar eru tilgreindar í hverri viðmiðun. Heimilt er að nota, eftir því sem við á, aðrar prófunaraðferðir en þær sem tilgreindar eru fyrir hverja viðmiðun ef þar til bær stofnun, sem metur umsóknina, fellst á að aðferðirnar séu jafngildar.

Ef þess er krafist að umsækjandi leggi fram skjöl, niðurstöður greininga, prófunarskýrslur eða aðrar sannanir til staðfestingar á samræmi við viðmiðanirnar mega þessi gögn vera frá umsækjanda sjálfum og/eða birgjum hans og/eða birgjum þeirra, eins og við á.

Samræmismat skal fara fram á rannsóknarstofum sem hafa hlotið viðeigandi faggildingu (eftir því sem unnt er) og uppfylla almennu kröfurnar í EN ISO 17025.

Ef við á geta þar til bærar stofnanir krafist fylgiskjala og framkvæmt óháða sannprófun.

Mælt er með því að þar til bærar stofnanir taki tillit til þess, við mat á umsóknum og eftirlit með því að viðmiðanir séu uppfylltar, hvort viðurkenndum umhverfisstjórnunarkerfum, s.s. EMAS eða ISO 14001, og umhverfisyfirlýsingum vara sé beitt (aths.: ekki er gerð krafa um að slíkum yfirlýsingum og stjórnunarkerfum sé beitt en hvatt til þess).

VIÐMIÐANIR

Undanþágur

Eftirfarandi undanþágur frá tilteknum viðmiðunum um efni skulu gilda:

i. Heimilt er að undanskilja efni, önnur en gegnheilan við og efni sem eru að meginhluta úr viði og önnur en þau sem falla undir viðmiðanir fyrir yfirborðsmeðferð og samsetningu húsgagna, sem nema minna en 3% af heildarþyngd umhverfismerktu vörunnar, frá reglufylgni við „kröfur sem varða við og efni sem eru að meginhluta úr viði“.

ii. Festingar, s.s. skrúfur og naglar, og málmhlutir fyrir rennihurðir og skúffur eru undanþegin samræmi við allar viðmiðanir um efni.

Mat og sannprófun: Veita skal viðeigandi upplýsingar um þessi efni sem eru undanþegin samræmi við tilteknar viðmiðanir. Í útreikningi á prósentuhlutfalli efna, sem heimilt er að undanskilja, skal telja með magn slíkra efna í samsettum efnum án tillits til prósentuhlutfalls samsetta efnisins í endanlega, umhverfismerkta húsgagninu. Í útreikningi á heildarþyngd skal þyngd festinga ekki talin með.

1. **Vörulýsing**

Leggja skal fram lýsingu á vörunni (lýsingu á notagildi, vöruheiti eða tilvísunarkóða; ef margar gerðir af sömu vöru eru fáanlegar skal leggja fram lýsingu á þeim undirgerðum sem umsóknin gildir um). Veita skal upplýsingar um heildarþyngd vörunnar, efnin sem notuð eru í vöruna, þ.m.t. festingar og fylgihluti, og þyngd þeirra, eftir því sem við á.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja lýsingu á vörunni fyrir þar til bæra stofnun þar sem upplýsingarnar, sem lýst er hér að ofan, koma fram.

2. **Hættuleg efni**

a) Ekki er heimilt er að bæta í viðarvörur neinum efnum eða efnablöndum sem hafa fengið, eða kunna að hafa fengið, þegar umsókn er lögð fram, einhverja af eftirfarandi hættusetningum (eða samsetningu þeirra):

— H23: (eitrað við innöndun),

— H24: (eitrað í snertingu við húð),

— H25: (eitrað við inntöku),

— H26: (mjög eitrað við innöndun),

— H27: (mjög eitrað í snertingu við húð),

— H28: (mjög eitrað við inntöku),

— H39 (hætta á alvarlegu, varanlegu heilsutjóni),

— H40 (takmarkaðar vísbendingar um krabbameinsvaldandi áhrif),

— H42 (getur valdið ofnæmi við innöndun),

— H43 (getur valdið ofnæmi í snertingu við húð),

— H45 (getur valdið krabbameini),

— H46 (getur valdið arfgengum skaða),

— R48 (hætta á alvarlegu heilsutjóni við langvarandi váhrif),

— H49 (getur valdið krabbameini við innöndun),

— H50 (mjög eitrað vatnalífverum),

— H51 (eitrað vatnalífverum),

— R52 (skaðlegt vatnalífverum),

— R53 (getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni),

— H60 (getur dregið úr frjósemi),

— H61 (getur skaðað barn í móðurkviði),

— H62 (getur hugsanlega dregið úr frjósemi),

— H63 (getur hugsanlega skaðað barn í móðurkviði),

— H68 (getur valdið varanlegu heilsutjóni),

eins og mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna ([1]) (tilskipun um hættuleg efni) og síðari breytingum hennar og að teknu tilliti til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB ([2]) (tilskipun um hættulegar efnablöndur).

Að öðrum kosti kemur til greina flokkun samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 ([3]). Í því tilviki má ekki bæta neinum efnum eða efnablöndum við hráefnin sem hafa fengið eða kunna að fá einhverja af eftirfarandi hættusetningum (eða samsetningum þeirra) þegar umsókn er lögð fram: H300, H301, H310, H311, H317 H330, H331, H334, H351, H350, H340, H350i, H400, H410, H411, H412, H413, H360F, H360D, H361f, H361d H360FD, H361fd, H360Fd, H360Df, H341, H370 og H372.

([1]) Stjtíð. EB L 196, 16.8.1967, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB L 200, 30.7.1999, bls. 1.
([3]) Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1.

b) Varan má ekki innihalda halógenuð lífræn bindiefni, asidírín og pólýasirídín né heldur fastlitarefni og aukefni að stofni til úr:

— blýi, kadmíumi, krómi (VI), kvikasilfri og efnasamböndum þeirra,

— arseni, bór og kopar,

— lífrænu tini.

c) Aðeins er leyfilegt að nota eldtefjandi efni sem eru efnafræðilega bundin í efniviðinn/efnið eða á yfirborð efniviðarins/efnisins (hvarfgjörn, eldtefjandi efni). Hafi eldtefjandi efnin, sem eru notuð, fengið einhverja H-setninganna sem eru taldar upp hér á eftir skal efnafræðilegt eðli þessara hvarfgjörnu, eldtefjandi efna breytast þannig við notkun að ekki sé lengur ástæða til að flokka þau samkvæmt neinni eftirfarandi H-setninga. (Minna en 0,1% af eldtefjandi efni á efniviðnum/efninu má vera eftir í því formi sem það var fyrir meðhöndlunina.)

— H40 (takmarkaðar vísbendingar um krabbameinsvaldandi áhrif),

— H45 (getur valdið krabbameini),

— H46 (getur valdið arfgengum skaða),

— H49 (getur valdið krabbameini við innöndun),

— H50 (mjög eitrað vatnalífverum),

— H51 (eitrað vatnalífverum),

— R52 (skaðlegt vatnalífverum),

— R53 (getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni),

— H60 (getur dregið úr frjósemi),

— H61 (getur skaðað barn í móðurkviði),

— H62 (getur hugsanlega dregið úr frjósemi),

— H63 (getur hugsanlega skaðað barn í móðurkviði),

— H68 (getur valdið varanlegu heilsutjóni),

eins og mælt er fyrir um í tilskipun 67/548/EBE og síðari breytingum hennar.

Eldtefjandi efni, sem eru eingöngu blönduð með eðlisrænum aðferðum saman við efnivið/efni, eru undanskilin (eldtefjandi íblöndunarefni).

Að öðrum kosti kemur flokkun samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 til greina. Í því tilviki má ekki bæta neinum efnum eða efnablöndum við hráefnin sem hafa fengið eða kunna að fá einhverja af eftirfarandi hættusetningum (eða samsetningum þeirra) þegar umsókn er lögð fram: H351, H350, H340, H350i, H400, H410, H411, H412, H413, H360F, H360D, H361f, H361d H360FD, H361fd, H360Fd, H360Df, H341.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt skrá yfir innihaldsefni og tengd skjöl, s.s. öryggisblöð.

3. **Kröfur sem varða við og efni sem eru að meginhluta úr viði**

a) *Sjálfbær skógarstjórnun*

Framleiðandi skal hafa mótaða stefnu um að kaupa við úr sjálfbærri skógrækt og kerfi til þess að rekja og staðreyna uppruna viðar og rekja feril hans frá skógi til fyrsta móttökustaðar.

Skrá skal uppruna alls viðar. Framleiðandi skal tryggja að allur viður komi frá löglegum aðilum. Viðurinn skal ekki koma frá vernduðum svæðum eða svæðum sem eru í opinberu ferli vegna tilnefningar sem friðuð svæði, gamalgrónum skógum og skógum sem hafa mikið verndargildi, sem eru skilgreindir á landsvísu með þátttöku hagsmunaaðila, nema kaupin séu greinilega í samræmi við landsbundnar reglugerðir um verndun.

— Að því er varðar viðarvörur, sem eru settar á markað til og með 30. júní 2011 og bera umhverfismerkið, skulu a.m.k. 50% af öllum gegnheilum viði og 20% af efnum sem eru að meginhluta úr viði annaðhvort koma úr skógum þar sem sjálfbær skógvarsla er viðhöfð, sem óháðir þriðju aðilar hafa vottað að uppfylli þær viðmiðanir sem eru tilgreindar í 15. málsgrein ályktunar ráðsins frá 15. desember 1998 um skógræktaráætlun fyrir ESB og frekari þróun hennar, eða úr endurunnum efnum.

— Að því er varðar viðarvörur, sem eru settar á markað frá og með 1. júlí 2011 til 31. desember 2012 og bera umhverfismerkið, skulu a.m.k. 60% af öllum gegnheilum viði og 30% af efnum sem eru að meginhluta úr viði annaðhvort koma úr skógum þar sem sjálfbær skógvarsla er viðhöfð, sem óháðir þriðju aðilar hafa vottað að uppfylli þær viðmiðanir sem eru tilgreindar í 15. málsgrein ályktunar ráðsins frá 15. desember 1998 um skógræktaráætlun fyrir ESB og frekari þróun hennar, eða úr endurunnum efnum.

— Að því er varðar viðarvörur, sem eru settar á markað frá og með 1. janúar 2013 og bera umhverfismerkið, skulu a.m.k. 70% af öllum gegnheilum viði og 40% af efnum sem eru að meginhluta úr viði annaðhvort koma úr skógum þar sem sjálfbær skógvarsla er viðhöfð, sem óháðir þriðju aðilar hafa vottað að uppfylli þær viðmiðanir sem eru tilgreindar í 15. málsgrein ályktunar ráðsins frá 15. desember 1998 um skógræktaráætlun fyrir ESB og frekari þróun hennar, eða úr endurunnum efnum.

Mat og sannprófun: Til að uppfylla þessi skilyrði skal umsækjandinn sýna fram á að allar umhverfismerktar viðarvörur hans muni, þegar þær eru fyrst settar á markað eftir dagsetningarnar sem koma fram í viðmiðuninni, uppfylla viðeigandi kröfur fyrir vottaðan við. Ef ekki er hægt að sýna fram á þetta mun þar til bær stofnun einungis gefa út leyfi fyrir umhverfismerkinu fyrir það tímabil sem hægt er að sýna fram á að kröfurnar séu uppfylltar. Umsækjandi skal leggja fram viðeigandi gögn frá afhendingaraðila viðarins þar sem fram koma tegundir, magn og nákvæmur uppruni viðarins sem er notaður í húsgagnaframleiðsluna. Umsækjandi skal leggja fram viðeigandi vottorð sem sýna að vottunarkerfið uppfyllir kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 15. málsgrein ályktunar ráðsins frá 15. desember 1998 um skógræktaráætlun fyrir ESB, á réttan hátt.

Skilgreining: Efni sem eru að meginhluta úr viði: efni sem eru búin til með því að festa saman eitt eða fleiri eftirtalinna efna með límefni og/eða límí: viðartrefjar og/eða birktar eða tilsagaðar viðarplötur og/eða viðarleifar úr skógum, plantekrum, söguðum viði, leifum úr pappírsmauks-/pappírsiðnaði og/eða endurunnum viði. Efni sem eru að meginhluta úr viði samanstanda af: masóníti, trefjaplötum, MDF-plötum, spónaplötum, aspenítplötum, krossviði og plötum úr gegnheilum viði. Heitið „efni sem er að meginhluta úr viði“ á einnig við um samsett efni úr plötum sem eru að meginhluta úr viði, húðaðar með plasti eða lagskiptu plasti eða málmi eða öðru húðunarefni, og fullunnar/hálfunnar plötur sem eru að meginhluta úr viði.

Fullunnin eða hálfunnin efni sem eru að meginhluta úr viði og efni sem eru að meginhluta úr viði, húðuð með plasti eða lagskiptu plasti eða málmi eða öðru húðunarefni, skulu einnig uppfylla viðmiðanir fyrir yfirborðsmeðferð auk viðmiðananna sem eru fastsettar samkvæmt þessum lið.

b) *Endurunnar viðartrefjar*

Endurnýttur viður, viðarspænir eða trefjar sem eru notaðar við framleiðslu á efnum sem eru að meginhluta úr viði (hráefni) skulu a.m.k. uppfylla ákvæðin í EPF-staðli iðnaðarins eins og greint var frá í 6. málsgrein skjalsins „EPF Standard for delivery conditions of recycled wood“ (EPF-staðall um afhendingarskilyrði í tengslum við endurunninn við) frá 24. október 2002. Taflan yfir viðmiðunarstaðlana fylgir einnig í viðbætinum.

Mat og sannprófun: Leggja skal fram yfirlýsingu um að endurnýttur viður sé notaður við framleiðslu á efnum sem eru að meginhluta úr viði. Auk þess skal leggja fram niðurstöður úr prófunum til að staðfesta samræmi við viðmiðunarmörk eins og mælt er fyrir um í 1. viðbæti.

c) Gegndreypandi efni og rotvarnarefni

i. Húsgögn til nota innanhúss skulu ekki vera gegndreypt.

Að því er varðar öll önnur húsgögn skulu þau uppfylla kröfurnar um hættuleg efni (liður 2) ef gegndreyping eða rotvarnarefni eru notuð.

ii. Eftir skógarhögg skal ekki meðhöndla gegnheilan við með efnum eða blöndum sem innihalda efni sem eru skráð í einhverja af eftirfarandi skrám:

— Varnarefni sem eru, samkvæmt tilmælum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um flokkun eftir hættu, flokkuð í flokk 1a (afar hættuleg),

— varnarefni sem eru, samkvæmt tilmælum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um flokkun eftir hættu, flokkuð í flokk 1b (mjög hættuleg).

Enn fremur skal meðhöndlun á viði vera í samræmi við ákvæði tilskipunar ráðsins 79/117/EBE ([1]) og tilskipunar ráðsins 76/769/EBE ([2]).

([1]) Stjtíð. EB L 33, 8.2.1979, bls. 36.

([2]) Stjtíð. EB L 262, 27.9.1976, bls. 201.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu sem sýnir að þessi viðmiðun sé uppfyllt, skrá yfir efnin sem voru notuð og upplýsingablað fyrir hvert efni um sig.

d) *Notkun á hættulegum efnum og blöndum við framleiðslu á efnum sem eru að meginhluta úr viði.*

Til viðbótar við kröfurnar um hættuleg efni í 2. lið skulu öll efni og blöndur, sem eru notuð við framleiðslu á efnum sem eru að meginhluta úr viði, uppfylla eftirfarandi:

i. Ekki skal meðhöndla nýjan við með efnum eða blöndum sem innihalda efni sem eru skráð í einhverja af eftirfarandi skrám:

— Varnarefni sem eru, samkvæmt tilmælum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um flokkun eftir hættu, flokkuð í flokk 1a (afar hættuleg),

— varnarefni sem eru, samkvæmt tilmælum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um flokkun eftir hættu, flokkuð í flokk 1b (mjög hættuleg).

Enn fremur skal meðhöndlun á viði vera í samræmi við ákvæði tilskipunar 79/117/EBE og tilskipunar 76/769/EBE.

ii. Innihald óbundins formaldehýðs í vörum eða blöndum sem eru notaðar í plöturnar skal ekki fara yfir 0,3% (þyngdarhlutfall). Innihald óbundins formaldehýðs í bindiefnum, límefnum og límí fyrir krossviðarplötur eða viðarplötur með lagskiptu plasti skal ekki fara yfir 0,5% (þyngdarhlutfall).

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram viðeigandi yfirlýsingar sem staðfesta að ofangreindar kröfur séu uppfylltar. Að því er varðar allar efnavörur, sem eru notaðar við framleiðslu á efnum sem eru að meginhluta úr viði, skal leggja fram öryggisblað um efni eða jafngild gögn sem innihalda upplýsingar um heilbrigðishættuflokkun.

e) *Losun formaldehýðs úr óunnum hráefnum sem eru að meginhluta úr viði*

Einungis er leyfilegt að nota efni, sem eru að meginhluta úr viði, í húsgagn ef þau uppfylla eftirfarandi kröfur:

i. Spónaplata: losun formaldehýðs úr spónaplötum í óunnu ástandi, þ.e. áður en þær eru unnar í vél eða meðhöndlaðar með yfirborðsmeðferðarefni, skal ekki vera meiri en sem nemur 50% af viðmiðunargildinu sem gerir kleift að flokka þær sem E1 samkvæmt staðli EN 312.

ii. Trefjaplata: losun formaldehýðs úr trefjaplötum í óunnu ástandi, þ.e. áður en þær eru unnar í vél eða meðhöndlaðar með yfirborðsmeðferðarefni, skal ekki vera meiri en sem nemur 50% af viðmiðunargildinu sem gerir kleift að flokka þær sem E1 samkvæmt staðli EN 622-1. Trefjaplötur sem flokkaðar eru sem E1 munu þó samþykktar ef þær eru ekki meira en 50% af samanlögðu innihaldi viðar og efna úr viði sem notuð eru í vöruna.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn og/eða birgir hans skal færa sönnur á að efni sem eru að meginhluta úr viði losa minna en 4 mg/100 g samkvæmt EN 120 (götunaraðferð (e. perforation method)) eða minna en 0,062 mg/m^3 samkvæmt EN 717-1 (klefaaðferð (e. chamber method)). Að auki skal leggja fram yfirlýsingu um að kerfi framleiðslustýringar verksmiðju hefur verið komið á í samræmi við EN 312 eða EN 622-1.

f) *Erfðabreyttur viður*

Varan skal ekki innihalda erfðabreyttan við.

Mat og sannprófun: umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að erfðabreyttur viður hafi ekki verið notaður.

4. **Viðmiðanir fyrir yfirborðsmeðferðir**

Yfirborðsmeðferð á við um yfirborðsmeðferðarferli, annaðhvort á stökum hluta/íhluta húsgagns eða húsgagninu í heild sinni.

a) Yfirborðsmeðferð með plasti og málmi

Plast og málmur skulu leyfð í hlutfalli sem er allt að 2% af heildarþyngd húsgagnsins. Þau verða að uppfylla almennar kröfur um hættuleg efni sem koma fram í 2. lið.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram viðeigandi gögn til að sýna að þessar viðmiðanir séu uppfylltar.

b) *Aðrar yfirborðsmeðferðir en með plasti og málmum*

Þessi viðmiðun tengist yfirborðsmeðferðarefnum á húsgögn og viðarefni

i. Hættuleg efni og blöndur, (þ.m.t. innihald lífrænna rokefna)

Öll efni og efnablöndur sem eru notuð verða að uppfylla kröfur um hættuleg efni sem settar eru fram í 2. lið.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt skrá yfir innihaldsefni og tengd skjöl, s.s. efna- og öryggisblöð.

Auk þess skulu hrein efni, sem íðefnaframleiðandi eða -birgir flokkar sem skaðleg umhverfinu í samræmi við flokkunarkerfi Bandalagsins (28. breyting á tilskipun 67/548/EBE), uppfylla aðra af tveimur eftirfarandi takmörkunum:

— Ekki má bæta hreinum efnum, sem eru flokkuð sem skaðleg umhverfinu í samræmi við tilskipun 1999/45/EB, við efni og blöndur til yfirborðsmeðferðar. Samt sem áður mega vörurnar innihalda allt að 5% af rokgjörnum, lífrænum efnasamböndum, eins og þau eru skilgreind í tilskipun ráðsins 1999/13/EB ([1]) (rokgjörn, lífræn efnasambönd eru skilgreind sem hvert það lífræna efnasamband sem hefur gufuþrýsting sem er 0,01 kPa eða meiri við 293,15 K eða er rokgjarnt í svipuðum mæli við þær notkunaraðstæður sem um er að ræða). Ef þynna þarf vöruna má innihald þynntu vörunnar ekki fara yfir fyrrnefnt viðmiðunargildi.

— Það magn sem notað er (blaut málning/lakk) af efnum sem eru skaðleg umhverfinu í samræmi við tilskipun 1999/45/EB skal ekki fara yfir 14 g/m^2 af yfirborðsfleti og það magn sem notað er (blaut málning/lakk) af rokgjörnum, lífrænum efnasamböndum skal ekki fara yfir 35 g/m^2.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt gögnum til stuðnings yfirlýsingunni, þ.m.t.:

— heildarforskrift með tilteknu magni og CAS-númerum fyrir innihaldsefni efna,

— prófunaraðferð og niðurstöður úr prófunum á öllum efnum sem eru fyrir hendi í vörunni, samkvæmt tilskipun 67/548/EBE,

— yfirlýsing um að öll innihaldsefni efna hafi verið gefin upp,

— fjöldi umferða og magn sem notað er í hverri umferð á hvern fermetra af yfirborðinu.

Notkunaraðferð:

Eftirfarandi skilvirknistaðall er notaður til að reikna út notkun á vöru til yfirborðsmeðferðar og því magni sem notað er: Sprautubúnaður án endurvinnslu 50%, sprautubúnaður með endurvinnslu 70%, rafstöðuúðun 65%, úðun, bjalla/diskur 80%, rúlluhúðun (e. *roller coating*) 95%, þekjandi húðun (e. *blanket coating*) 95%, lofttæmihúðun 95%, böðun 95%, hreinsun 95%.

c) *Formaldehýð*

Losun formaldehýðs úr efnum og blöndum til yfirborðsmeðferðar sem losar formaldehýð skal vera minni en 0,062 mg/m^3.

Mat og sannprófun: Umsækjandi og/eða birgir hans skulu leggja fram yfirlýsingu þess efnis að ofangreindar kröfur séu uppfylltar ásamt annaðhvort upplýsingum um samsetningu yfirborðsmeðferðarinnar (t.d. öryggisblöð) eða niðurstöðum úr prófun þar sem sönnur eru færðar á að hámarkslosunargildi fyrir formaldehýð fari ekki yfir tilgreind mörk (á grundvelli EN 717-1).

d) *Mýkiefni*

Ef mýkiefni er notað í framleiðsluferlinu verða þalöt að uppfylla kröfur um hættuleg efni sem settar eru fram í 2. lið.

Þar að auki eru efnin DNOP (dí-n-oktýlþalat), DINP (dí-ísónónýlþalat) og DIDP (dí-ísódekýlþalat) ekki leyfð í vöruna.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt.

e) *Sæfiefni*

Eingöngu er leyfilegt að nota sæfivörur sem innihalda sæfandi, virk efni sem eru skráð í I. viðauka A við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins ([2]) 98/8/EB og eru leyfð til notkunar í húsgögn.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um að kröfur samkvæmt þessari viðmiðun séu uppfylltar ásamt skrá yfir sæfiefnin sem eru notuð.

([1]) Stjtíð. EB L 85, 29.3.1999, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1.

5. **Viðmiðanir varðandi samsetningu húsgagna**

Þessi viðmiðun tengist límingu á íhlutum sem eru hluti af samsetningu húsgagna, þ.e. límefnum.

a) *Hættuleg efni í íblöndunarefnum og bindiefnum*

Þau verða að uppfylla kröfurnar um hættuleg efni sem settar eru fram í 2. lið.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram viðeigandi yfirlýsingar sem staðfesta að ofangreindar kröfur séu uppfylltar. Að því er varðar sérhverja efnavöru, sem er notuð við samsetningu húsgagna, skal leggja fram öryggisblað eða jafngild gögn sem innihalda upplýsingar um heilbrigðishættuflokkun. Leggja skal fram prófunarskýrslur eða yfirlýsingu frá birgi varðandi innihald óbundins formaldehýðs.

b) *Rokgjörn, lífræn efnasambönd*

Innihald lífrænna rokefna í límefnum, sem eru notuð við samsetningu húsgagna, skal ekki fara yfir 5% (þyngdarhlutfall) (Rokgjörn, lífræn efnasambönd eru skilgreind sem hvert það lífræna efnasamband sem hefur gufuþrýsting sem er 0,01 kPa eða meiri við 293,15 K eða er rokgjarnt í svipuðum mæli við þær notkunaraðstæður sem um er að ræða).

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þar sem öll límefni, sem eru notuð við samsetningu húsgagna, eru tilgreind sem og þess efnis að þessar viðmiðanir séu uppfylltar.

6. **Viðmiðanir varðandi fullunna vöru**

a) *Ending og öryggi*

Varan skal uppfylla kröfur um endingu, styrkleika, öryggi og stöðugleika í EN-stöðlunum sem gilda um notkun vörunnar. Ef EN-staðall er ekki fyrir hendi skal nota kröfurnar í ISO-stöðlunum. Ef EN-staðall eða ISO-staðall er ekki fyrir hendi skal óháð prófunarstofnun framkvæma mat á endingu, styrkleika, öryggi og stöðugleika vörunnar á grundvelli hönnunar og vals á efnum.

Notendahandbókin mun innihalda skrá yfir reglur og staðla sem skal nota við mat á endingu.

Með tilliti til mikilvægis endingarviðmiðunarinnar og til þess að bæta mat á endingu vöru mun umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins eiga frumkvæði að því að stuðla að samþykkt á EN-stöðlum um endingu sem verða að vera fyrirliggjandi við næstu endurskoðun á núverandi viðmiðunum.

Mat og sannprófun: Framleiðandinn skal leggja fram yfirlýsingu ásamt gögnum um prófunaraðferðirnar sem faggilta stofnunin notaði og prófunarniðurstöðurnar.

b) *Viðhald*

Það skal vera unnt að viðhalda vörunum án þess að nota lífræna leysa.

Framleiðandinn skal ábyrgjast þann möguleika að sé þess óskað sé unnt að fá varahluti (upprunalega hluti sem eru í lagi eða hluti sem uppfylla sambærilegt hlutverk) allan þann tíma sem iðnaðarframleiðsla stendur yfir og í 5 ár frá þeim degi þegar framleiðslu á viðkomandi sviði er hætt.

Mat og sannprófun: Umsækjandi og/eða birgir hans skal leggja fram yfirlýsingu ásamt gögnum sem sýna að þessi viðmiðun sé uppfyllt.

c) *Endurvinnsla og úrgangur*

Það verður að vera auðvelt að endurvinna vöruna. Neytendur skulu fá ítarlega lýsingu á því hvernig best er að farga vörunni (endurnotkun, endurvinnsla, varan tekin til baka að frumkvæði umsækjanda, orkuvinnsla), flokkað eftir áhrifum á umhverfið. Að því er varðar hvern möguleika verða varúðarráðstafanir sem beita skal til að takmarka áhrif á umhverfið að koma skýrt fram.

Mat og sannprófun: Umsækjandi og/eða birgir hans skal leggja fram sýnishorn af upplýsingunum sem verða veittar og rökstuðning fyrir ráðleggingunum.

d) *Neytendaupplýsingar*

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram á umhverfismerktu vörunni:

— Upplýsingar um nothæfi á grundvelli notkunar á heimili eða stofnunum (e. *contract use*) (lítil eða mikil notkun, innanhúss eða utan).

— Upplýsingar um hreinsun og umhirðu.

— Leiðbeiningar frá framleiðanda eða smásala um útskipti á gleri (ef um slíkt er að ræða), sé þess óskað, ef glerið skemmist eða brotnar.

— Leiðbeiningar um að hafa skuli samband við staðaryfirvöld varðandi bestu leiðina til að farga gömlum húsgögnum og efnum.

— Leiðbeiningar um samsetningu.

— Upplýsingar um bestu notkunina frá vinnuvistfræðilegu sjónarmiði, ef við á.

— Heiti á þeim tegundum af gegnheilum við sem voru notaðar.

— Tilgreind öll meðhöndlun eða fúavarnarefni sem voru notuð á vörur sem eru notaðar utandyra (efnafræðileg, lífræn eða eðlisræn).

— Ráðleggingar þess efnis að neytendur noti vörur með umhverfismerki ESB til frekara viðhalds á húsgögnunum.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram sýnishorn af upplýsingaefninu sem fylgir með umhverfismerktu vörunni.

e) *Umbúðir fullunninnar vöru*

Umbúðir verða að uppfylla eftirtaldar kröfur:

i. Þær eru gerðar úr einu af eftirfarandi:

— efni sem auðvelt er að endurvinna,

— efni sem er tekið úr endurnýjanlegum auðlindum,

— efni sem fyrirhugað er að sé endurnotanlegt, s.s. yfirbreiðslur úr textílefni.

ii. Það skal vera auðvelt að aðskilja öll efni með handafli í endurvinnanlega hluta sem eru úr einu efni (t.d. pappi, pappír, plast, textílefni).

Mat og sannprófun: Með umsókninni skal leggja fram lýsingu á umbúðum vörunnar ásamt yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt.

f) *Upplýsingar á umbúðunum*

Eftirfarandi texti skal koma fram á umbúðunum:

„Frekari upplýsingar um það hvers vegna þessari vöru hefur verið veitt „Blómið“ fást á vefsetrinu: http://www.ecolabel.eu“

Eftirfarandi texti (eða sambærilegur texti) skal einnig koma fram á umbúðunum og í notendahandbókinni:

„Frekari upplýsingar fást á vefsetrinu um umhverfismerki ESB. Unnt er að fá frekari upplýsingar hjá: nafn/heimilisfang neytendaþjónustu umsækjanda“:

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram sýnishorn af umbúðum vörunnar, notendahandbók og upplýsingum sem fylgja vörunni ásamt yfirlýsingu um samræmi við sérhvern hluta þessarar viðmiðunar.

g) Upplýsingar sem fram koma á umhverfismerkinu

Eftirfarandi texti skal standa í reit 2 á umhverfismerkinu:

— Viður úr skógum sem er vel stjórnað,

— notkun hættulegra efna er takmörkuð,

— varan er prófuð m.t.t. endingar.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram sýnishorn af umbúðum vörunnar, þar sem merkið sést, ásamt yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun.

Viðbætir

Viðmiðunarmörk fyrir frumefni og efni sem eru leyfð í endurunnar viðartrefjar til framleiðslu á efnum sem eru að meginhluta úr viði

Frumefni og efnasambönd	Viðmiðunarmörk (mg/kg af endurunnu efni sem er að meginhluta úr viði)
Arsen	25
Kadmíum	50
Króm	25
Kopar	40
Blý	90
Kvikasilfur	25
Flúor	100
Klór	1000
Pentaklórfenól (PCP)	5
Tjöruolíur (bensó[a]pýren)	0,5

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2015/EES/63/06

frá 13. október 2009

um stöðluð skýrslusnið fyrir niðurstöður úr vöktun á sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið, í formi afurða eða í afurðum, í þeim tilgangi að setja þær á markað, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB

(tilkynnt með númeri C(2009) 7680)

(2009/770/EB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB frá 12. mars 2001 um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/220/EBE ([1]), einkum örðum málslið fyrstu málsgreinar VII. viðauka,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Áður en erfðabreytt lífvera er sett á markað verður að senda tilkynningu til lögbærs yfirvalds í því aðildarríki þar sem setja á erfðabreyttu lífveruna á markað í fyrsta sinn, í samræmi við tilskipun 2001/18/EB. Í tilkynningunni skal felast vöktunaráætlun í samræmi við VII. viðauka við þá tilskipun.

2) Í samræmi við tilskipun 2001/18/EB er tilkynnandanum eingöngu heimilt að setja vöruna á markað að fengnu skriflegu leyfi lögbærs yfirvalds og í samræmi við sérhver skilyrði sem er krafist í því leyfi.

3) Í skriflega leyfinu vegna setningar erfðabreyttrar lífveru á markað skulu kröfur um vöktun tilgreindar skilmerkilega í samræmi við VII. viðauka við tilskipun 2001/18/EB, þ.m.t. skyldan til að leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina og lögbær yfirvöld.

4) Ef um er að ræða erfðabreyttar lífverur, eða matvæli og fóður sem innihalda eða samanstanda af erfðabreyttum lífverum, skal einnig fylgja leyfisumsókninni vöktunaráætlun vegna umhverfisáhrifa sem samræmist VII. viðauka við tilskipun 2001/18/EB, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1829/2003 frá 22. september 2003 um erfðabreytt matvæli og fóður ([2]).

5) Í VII. viðauka við tilskipun 2001/18/EB er almenn lýsing á þeim markmiðum sem þarf að ná og þeim almennu meginreglum sem skal fylgt við mótun vöktunaráætlunarinnar.

6) Í samræmi við þann viðauka má þróa tæknilegar leiðbeiningar í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem er mælt fyrir um í 2. mgr. 30. gr. tilskipunar 2001/18/EB í því skyni að veita skýringar varðandi VII. viðauka og auðvelda þannig framkvæmd hans.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 275, 21.10.2009, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 117/2012 frá 15. júní 2012 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 56, 4.10.2012, bls. 42.

([1]) Stjtíð. EB L 106, 17.4.2001, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 1.

7) Í ákvörðun ráðsins 2002/811/EB ([3]) eru settar fram leiðbeiningar til viðbótar upplýsingunum sem eru veittar í VII. viðauka við tilskipun 2001/18/EB. Til að tryggt sé að markmið VII. viðauka við tilskipun 2001/18/EB náist með eins mikilli samræmingu, gagnsæi og nákvæmni og er unnt er viðeigandi að bæta enn fremur við þann viðauka með því að samþykkja snið fyrir niðurstöður úr vöktun á setningu erfðabreyttra lífvera á markað með sérstakri áherslu á erfðabreyttar háplöntur.

8) Þar sem kröfur um vöktun á ræktun erfðabreyttra lífvera, og um vöktun á innflutningi, vinnslu og notkun á erfðabreyttum lífverum í matvæli og fóður, eru ekki þær sömu ætti að koma á mismunandi sniðum.

9) Þar sem taka þarf skaðleg áhrif til athugunar með hliðsjón af nytjaplöntunni, nýja eiginleikanum, viðtökuumhverfinu, sem og niðurstöðum úr matinu á umhverfisáhættunni, ættu skýrslurnar að taka tillit til skrárinnar, sem er ekki tæmandi, yfir áhrif, afleiðingar og útkomu sem gætu haft í för með sér þau skaðlegu umhverfisáhrif sem eru skráð í skýringunum.

10) Nauðsynlegt getur reynst að aðlaga fyrirliggjandi skýrslusnið eða þróa ný snið, með tilliti til nýrra gerða erfðabreyttra lífvera sem er veitt leyfi fyrir eða nýrra aðferða við vöktun og eftirlit.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 2. mgr. 30. gr. tilskipunar 2001/18/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Skýrslusniðin sem eru sett fram í I. og II. viðauka skulu notuð sem tæknilegar leiðbeiningar í því skyni að auðvelda framkvæmd VII. viðauka við tilskipun 2001/18/EB og skýra hann.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros DIMAS

framkvæmdastjóri.

([3]) Stjtíð. EB L 280, 18.10.2002, bls. 27.

I. VIÐAUKI

VÖKTUNARSKÝRSLA VEGNA RÆKTUNAR

Snið fyrir framsetningu á niðurstöðum úr vöktun á ræktun erfðabreyttra lífvera í samræmi við 19. gr. (3. mgr.), 20. gr. (1. mgr.) og VII. viðauka við tilskipun 2001/18/EB og 9. gr. (1. mgr.) og 21. gr. (1. mgr.) reglugerðar (EB) nr. 1829/2003

1. **Almennar upplýsingar**

1.1. Nytjaplanta/eiginleiki eða eiginleikar: .....

1.2. Númer ákvörðunar fyrir leyfinu samkvæmt tilskipun 2001/18/EB og númer og dagsetning samþykkis samkvæmt tilskipun 2001/18/EB: .....

1.3. Númer ákvörðunar fyrir leyfinu og dagsetning leyfisins samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1829/2003: .....

1.4. Sérstakt kennimerki: .....

1.5. Skýrslutímabil frá xx/xx/xx til xx/xx/xx

1.6. Aðrar vöktunarskýrslur hafa verið lagðar fram að því er varðar:

Innflutning og vinnslu Já □ Nei □

Matvæli/fóður Já □ Nei □

2. **Samantekt á aðalatriðum**

3. **Niðurstöður vöktunar**

Eftirfarandi liðir skulu fylltir út í samræmi við 2. viðbæti

3.1. Almennt eftirlit

3.1.1. Lýsing á almennu eftirliti

3.1.2. Einstök atriði um eftirlitsnetið sem er notað til vöktunar á umhverfisáhrifum meðan á almennu eftirliti stendur og lýsing á annarri aðferðafræði

3.1.3. Einstök atriði upplýsinga og/eða þjálfunar sem eru veittar rekstraraðilum og notendum, o.s.frv.

3.1.4. Niðurstöður almenns eftirlits

3.1.5. Viðbótarupplýsingar

3.1.6. Yfirlit yfir jafningjarýnt, útgefið efni – Viðbætir

3.2. Tilvikssértæk vöktun

3.2.1. Lýsing á tilvikssértækri vöktun og niðurstöður úr henni (ef við á)

3.2.2. Vöktun og skýrslugjöf um skaðleg áhrif vegna dreifingar fyrir slysni (ef við á)

3.3. Lokaathugasemdir

4. Samantekt á niðurstöðum og ályktunum

5. Aðlögun vöktunaráætlunarinnar og viðkomandi aðferðafræði vegna komandi ára

Undirskrift: .....

Dagsetning: .....

1. viðbætir

YFIRLIT YFIR JAFNINGARÝNT, ÚTGEFIÐ EFNI

Sumt útgefið efni getur falið í sér gögn sem skipta máli á fleiri en einu sviði umhverfisáhættumats (sjá lið 3.1.6 í 2. viðbæti). Ef svo er skal gögnunum lýst sérstaklega í hverri viðkomandi töflu.

Svið umhverfisáhættumats

Útgefið efni	Samantekt á rannsóknum og niðurstöðum	Verndunarmarkmið	Breyta sem athuguð er	Skaðleg áhrif	Endurgjöf vegna upphaflegs mats á umhverfisáhættu

Svið umhverfisáhættumats

Útgefið efni	Samantekt á rannsóknum og niðurstöðum	Verndunarmarkmið	Breyta sem athuguð er	Skaðleg áhrif	Endurgjöf vegna upphaflegs mats á umhverfisáhættu

Svið umhverfisáhættumats

Útgefið efni	Samantekt á rannsóknum og niðurstöðum	Verndunarmarkmið	Breyta sem athuguð er	Skaðleg áhrif	Endurgjöf vegna upphaflegs mats á umhverfisáhættu

2. viðbætir

SKÝRINGAR

A. **Almennar athugasemdir**

Framkvæma skal tilvikssértæka vöktun í samræmi við skilyrðin sem eru sett fram í samþykkinu eða leyfinu og í samræmi við vöktunaráætlunina sem er tilgreind í tilkynningunni.

Einnig skal taka til athugunar að hafa almennt eftirlit vegna ófyrirséðra eða óvæntra skaðlegra áhrifa sem skyldubundinn hluta vöktunaráætlunarinnar.

Skaðleg áhrif skal skoða með hliðsjón af nytjaplöntunni, nýja eiginleikanum og viðtökuumhverfinu, sem og ályktunum sem eru dregnar af matinu á umhverfisáhættunni sem fer fram í hverju tilviki fyrir sig. Eftirfarandi er skrá, sem er ekki tæmandi, yfir áhrif og afleiðingar eða útkomu sem gætu haft í för með sér skaðleg umhverfisáhrif:

a) þráfesta og ágengni, valvís kostur eða ókostur, þ.m.t.:

   — aukin tíðni sjálfsáinna plantna,

   — aukin bólfesta erfðabreyttu plöntunnar utan akranna,

   — aukin útbreiðsla, þráfesta og uppsöfnun erfðabreyttu plöntunnar í umhverfinu (þ.m.t. útæxlun við villtar, skyldar tegundir),

   — aukin útbreiðsla afurða af erfðabreyttu plöntunni í umhverfinu,

b) breyttur genaflutningur:

   — möguleg skerðing á frævun,

   — aukin tíðni lárétts genaflutnings frá plöntu til örverusamfélaga,

c) víxlverkun milli erfðabreyttu plöntunnar og marklífvera:

   — minni þéttleiki og fjölbreytni illgresis,

   — þróun viðnáms í stofnum skaðvalda,

   — þróun viðnáms í plöntum,

   — þróun afleiddra skaðvalda,

d) víxlverkun milli erfðabreyttu plöntunnar og lífvera utan markhóps:

   — bein/óbein áhrif á lífverur utan markhóps,

   — breytingar á næmi fyrir skaðvöldum og sjúkdómum utan markhóps,

   — áhrif á fjölbreytni búsvæða og líffræðilega fjölbreytni,

e) breytingar á lífjarðefnafræðilegum ferlum,

f) breytingar á ræktunaraðferðum,

g) áhrif á heilbrigði manna og dýra í kjölfar umhverfisváhrifa.

B. **Leiðbeiningar um útfyllingu skýrslusniðsins**

Skýrslan skal útfyllt af handhafa samþykkisins samkvæmt tilskipun 2001/18/EB eða handhafa leyfis samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1829/2003.

Skýrslan skal útfyllt samkvæmt sniðinu, ákvæðum samþykkisins eða leyfisins, sem eru gefin út annars vegar samkvæmt tilskipun 2001/18/EB eða hins vegar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1829/2003, og viðkomandi vöktunaráætlun.

Gögnin í skýrslunni skulu skýrð, eftir því sem unnt er, með teikningum, myndum og töflum. Einnig skal leggja fram tölfræðileg gögn þar sem við á.

Ekki er samsvörun milli lengdar bilsins á eftir hverjum lið og þess hversu ítarlegra upplýsinga er krafist við skýrslugerðina. Viðbótargögn sem skipta máli skulu lögð fram sem fylgiskjöl sem skulu hafa skýra millivísun í viðeigandi hluta skýrslunnar.

Ef ekki er hægt að gefa upp upplýsingar sem er krafist vegna hins tiltekna samþykkis eða leyfis eða hinnar tilteknu vöktunaráætlunar, eftir því sem við á, skal það ítarlega rökstutt.

C. **Trúnaðarkvöð**

Þeir hlutar skýrslunnar sem í eru trúnaðarupplýsingar skulu lagðir fram í sérstökum skjölum.

C.1. *Umsóknir sem eru lagðar inn samkvæmt tilskipun 2001/18/EB*

Með fyrirvara um ákvæði 25. gr. tilskipunar 2001/18/EB er ekki litið svo á að upplýsingarnar sem eru veittar í þessari skýrslu séu trúnaðarmál.

Það kemur ekki í veg fyrir að lögbæra yfirvaldið, sem veitti samþykkið í samræmi við 19. gr. tilskipunar 2001/18/EB, og framkvæmdastjórnin krefjist viðbótarupplýsinga frá tilkynnandanum, bæði trúnaðarmála og upplýsinga sem eru ekki bundnar trúnaði.

Eftir því sem unnt er skulu ekki vera trúnaðargögn í skýrslunni. Ef um trúnaðargögn er að ræða skulu þau lögð fram í viðauka við skýrsluna, ásamt samantekt sem er ekki bundin trúnaði, eða almennri lýsingu á gögnunum, sem verður gerð aðgengileg almenningi.

C.2. *Umsóknir sem eru lagðar inn samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1829/2003*

Eftir því sem unnt er skulu ekki vera trúnaðargögn í skýrslunni. Í skýrslunni skal koma skýrt fram á hvaða hluta upplýsinganna er litið sem trúnaðarmál og skal fylgja sannprófanlegur rökstuðningur fyrir trúnaðarkvöð í samræmi við 30. gr. reglugerðar (EB) nr. 1829/2003. Samantekt, sem ekki er bundin trúnaði, eða almenn lýsing á gögnunum skal vera í viðaukanum við skýrsluna sem verður gerð algengileg almenningi.

1. ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Ef nytjaplanta er ræktuð, unnin eða notuð í matvæli eða fóður innan Evrópusambandsins skal einnig fylla út vöktunarskýrslu fyrir notkun, aðra en ræktun, á erfðabreyttri lífveru.

2. SAMANTEKT Á AÐALATRIÐUM

Leggja skal fram samantekt á niðurstöðum vöktunarinnar og þeim heildarályktunum sem komist er að. Lýsa skal öllum fyrirhuguðum aðlögunum á vöktunaráætluninni og viðkomandi aðferðafræði á grunni þessara niðurstaðna og ályktana.

3. NIÐURSTÖÐUR VÖKTUNAR

3.1. Almennt eftirlit

3.1.1. Lýsing á almennu eftirliti

Leggja skal fram lýsingu á almenna eftirlitinu að meðtöldu, en ekki einskorðað við, eftirfarandi:

a) einstökum atriðum allrar aðferðafræði sem er notuð, þ.m.t. breytunum sem eru athugaðar, könnunaraðferðum, staðsetningu og tíðni,

b) notkun ábendingalína,

c) fulltrúum fyrirtækja í hverju aðildarríki,

d) vefsetrum,

e) notkun spurningalista fyrir bændur eða annarra eftirlitsaðferða,

f) fjölda bænda sem fyllti út spurningalistana, staðsetningu ræktunarinnar og þeim viðmiðunum sem voru notaðar til að velja bændurna,

g) þriðju aðilum sem tóku þátt og viðmiðunum sem voru notaðar til að velja þá.

Ræktunarsvæðið sem er vaktað skal vera í réttu hlutfalli við heildarsvæðið, sem er notað undir ræktun erfðabreyttu lífverunnar, og dæmigert fyrir það. Leggja skal fram lýsingu á, ásamt einstökum atriðum um, hve rétt hlutfall vaktaða umhverfisins er og hversu dæmigert það er og samkvæmt hvaða viðmiðunum svæðin teljast dæmigerð og því valin til vöktunarinnar.

3.1.2. Einstök atriði um eftirlitsnetið sem er notað til vöktunar á umhverfisáhrifum meðan á almennu eftirliti stendur

Leggja skal fram einstök atriði um öll eftirlitsnet sem eru notuð til vöktunar á umhverfisáhrifum meðan á almennu eftirliti stendur. Eftirfarandi upplýsingar skulu lagðar fram í tengslum við hvert eftirlitsnetanna sem er tilgreint:

a) heiti,

b) aðildarríkin sem eftirlitnetið er virkt í og hvort það er virkt á staðar- svæðis eða landsvísu,

c) veffang,

d) verndunarmarkmið,

e) hvernig netið safnar upplýsingum sem skipta máli vegna almenns eftirlits,

f) málsmeðferð við tilkynningu um skaðleg áhrif til handhafa leyfis eða samþykkis,

g) einstök atriði hvers þess samkomulags sem handhafi leyfis eða samþykkis, netið og/eða annar þriðji aðili hafa gert með sér, eftir atvikum,

h) viðmiðanir sem eru notaðar við val á eftirlitsnetinu.

3.1.3. Einstök atriði upplýsinga og/eða þjálfunar sem eru veittar rekstraraðilum og notendum, o.s.frv.

Leggja skal fram einstök atriði um upplýsingarnar sem eru gerðar aðgengilegar rekstraraðilum og notendum, einkum með tilliti til innflutnings þessarar erfðabreyttu nytjaplöntu inn í Bandalagið, öryggis og almennra einkenna afurðarinnar og skilyrða vegna vöktunarinnar. Einnig skal tilkynna einstök atriði um hvenær og hvernig þær upplýsingar voru gerðar aðgengilegar rekstraraðilum og notendum og hvaða ráðstafanir eru gerðar til að rekstraraðilar eða notendur fylgist með öllum breytingum á fyrirliggjandi upplýsingum eða með nýjum upplýsingum.

Að því er varðar Bt-maísvörur, og ef það er tiltekið í matinu á umhverfisáhættu, skulu lögð fram einstök atriði um menntun, þjálfun og upplýsingar um vöruna sem bændum er veitt í því skyni að þeir geri sér ljósa þá skyldu sína að koma í veg fyrir að skordýr þrói með sér þol. Eintak af vöruupplýsingunum skulu fylgja með í viðauka við skýrsluna.

3.1.4. Niðurstöður almenns eftirlits

Leggja skal fram niðurstöður úr almenna eftirlitinu, þ.m.t. bein, óbein, tafin og/eða uppsöfnuð áhrif sem koma í ljós, og einkum eðli allra skaðlegra áhrifa sem koma í ljós og ályktanirnar sem eru dregnar af þeim. Breyturnar í öllum vöktunaraðferðunum skulu greindar, túlkaðar og fjallað um þær í einstökum atriðum, þ.m.t. staðsetning vöktunar, um leið og sýnt er fram á hvernig niðurstöðurnar styðja heildarályktanir sem handhafi leyfisins, eða samþykkisins, kemst að.

Ef notaðir eru spurningalistar fyrir bændur skal leggja fram greiningu á niðurstöðum þeirra í viðauka við skýrsluna. Sú greining skal ná yfir almennar upplýsingar um býlið, s.s. gögn um áburðarnotkun, skiptiræktun/nothæfi/afrakstur, skaðvalda og sjúkdóma, notkun varnarefna, þéttleika illgresis og tilvist villtra lífvera, ef spurningalistarnir fjalla um þá gerð upplýsinga, sem og svæðissértækar upplýsingar með sérstakri vísun í allar upplýsingar sem benda til ófyrirséðra áhrifa. Fylgni skal ákvörðuð með samanburði á spurningalistum milli svæða eða með því að tengja svör við athuganir eftirlitsneta eða með öðrum eftirlitsaðferðum.

Handhafi samþykkisins eða leyfisins skal meta sérstaklega hvort upplýsingarnar sem fást með almennu eftirliti séu nægar og skipti máli vegna vöktunar eða greiningar á beinum, óbeinum, töfðum og/eða uppsöfnuðum áhrifum. Í því mati skulu einnig auðkennd svæði (t.d. jaðarsvæði, tegundarhópar sem eru utan markhóps) sem gæti þurft meiri eða betri gögn um.

Þessi hluti skýrslunnar skal vera eins ítarlegur og unnt er til að hægt sé að túlka gögnin rétt.

3.1.5. Viðbótarupplýsingar

Ef skaðleg eða ófyrirséð áhrif komu í ljós skal leggja fram viðbótarupplýsingar, s.s. viðkomandi svæði eða staðsetningu, stig vaxtartímabils, hvaða aðgerðir til úrbóta eða ráðstafanir til að draga úr áhættu voru framkvæmdar eða mun þurfa að framkvæma í ljósi skaðlegu áhrifanna, afleiðingar áhrifanna vegna matsins á umhverfisáhættu og allar aðrar ályktanir sem dregnar voru. Þessi hluti skýrslunnar skal vera eins ítarlegur og unnt er til að hægt sé að túlka gögnin rétt.

3.1.6. Yfirlit yfir jafningarýnt, útgefið efni

Fjalla skal um og greina, með tilliti til niðurstaðna úr vöktun og til vöktunaráætlunarinnar, jafningjarýnt, útgefið efni, þ.m.t. jafningjarýndar tímaritsgreinar, fundargerðir frá ráðstefnum, samantektir og allar viðbótarrannsóknir eða aðrar upplýsingar sem skipta máli vegna ræktunar þeirrar samsetningar nytjaplöntu og eiginleika sem skýrslan er samin um. Þetta útgefna efni skal skráð, það tekið saman og einstökum atriðum lýst í viðbætinum. Í fræðilegu samantektinni skal tilgreina allt útgefið efni, sem málið varðar, sem hefur birst meðan á skýrslutímabilinu stendur. Ef talið er að þær skipti máli má leggja fram fundargerðir frá ráðstefnum, samantektir og viðbótarrannsóknir, sem handhafi samþykkisins hefur framkvæmt en hafa ekki verið jafningjarýndar.

3.2. Tilvikssértæk vöktun

3.2.1. Niðurstöður úr tilvikssértækri vöktun (ef við á)

Lýsa skal kröfum vegna tilvikssértækrar vöktunar, sem eru tilgreindar í matinu á umhverfisáhættu, og samsvarandi ákvörðun, og niðurstöðum úr tilvikssértæku vöktuninni sem var framkvæmd, þ.m.t. nákvæmar upplýsingar um aðferðafræði, tíðni, tímalengd, niðurstöður vöktunar, greiningu og ályktanir. Í þessum hluta skal handhafi leyfisins, eða samþykkisins, sýna fram á hvernig upplýsingunum var safnað og þær greindar, í því skyni að styðja þær ályktanir sem voru dregnar. Þessi hluti skýrslunnar skal auk þess vera eins ítarlegur og unnt er til að hægt sé að túlka gögnin rétt.

3.2.2. Vöktun/skýrslugjöf um skaðleg áhrif vegna dreifingar fyrir slysni (ef við á)

Leggja skal fram yfirlit yfir ráðstafanir sem eru gerðar til að vakta skaðleg áhrif vegna dreifingar fyrir slysni ef leyfið eða núverandi vöktunaráætlun krefst slíkrar vöktunar, einkum tíðni slíkrar vöktunar, aðferðafræði vöktunarinnar, ráðstafanir sem eru gerðar til að halda dreifingu fyrir slysni í lágmarki og hvaða hreinsunaraðferðir eru fyrir hendi ef dreifing hefur orðið fyrir slysni. Tiltaka skal öll óvenjuleg eða skaðleg áhrif eða áhrif sem komu í ljós og tengjast erfðabreyttum lífverum.

3.3. Lokaathugasemdir

Samantekt á niðurstöður úr vöktunum. sem fást með tilstilli spurningalista, neta, annarra eftirlitsaðferða og hagsmunaaðila, og fræðilega samantektin skulu lagðar fram auk þeirra heildarályktana sem er komist að.

Gögn sem fást frá eftirlitsnetum eða með öðrum eftirlitsaðferðum og sem styðja einhvern þátt vöktunarinnar sem er framkvæmd og ítarleg skýrsla með svörum úr spurningalistum bændanna skulu fylgja með í viðauka, auk afrits af leiðbeiningunum til bændanna um útfyllingu spurningalistans og, ef við á, millivísana innan skýrslunnar.

4. SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM OG ÁLYKTUNUM

Leggja skal fram samantekt á niðurstöðum vöktunarinnar og þeim heildarályktunum sem komist er að. Í þeirri samantekt skal koma skýrt fram hvernig niðurstöður vöktunarinnar og túlkun gagnanna styður þær ályktanir.

Í þessum hluta skýrslunnar skal handhafi leyfisins, eða samþykkisins, einnig hafa hliðsjón af helstu niðurstöðum vöktunaraðgerða, sem hafa verið framkvæmdar árin á undan, til þess að greina og meta möguleikann eða líkurnar á gagnvirkum áhrifum eða samlegðaráhrifum sem getur verið erfitt að meta að fullu á einu vöktunarári.

5. AÐLÖGUN VÖKTUNARÁÆTLUNARINNAR OG VIÐKOMANDI AÐFERÐAFERÐAFRÆÐI VEGNA KOMANDI ÁRA

Leggja skal fram mat á vöktunaráætluninni og aðferðafræðinni sem henni tengist og er notuð við gerð skýrslunnar. Taka skal til athugunar skilvirkni og takmarkanir aðferðafræðinnar við greiningu skaðlegra áhrifa og það skal tilgreint hvort þurfi að breyta vöktunaráætluninni og viðkomandi aðferðafræði, eða aðlaga, í ljósi vöktunarupplýsinganna, að því er varðar mikilvægi og gæði gagnanna sem er safnað og óvissu niðurstöðunnar sem er kynnt í skýrslunni.

II. VIÐAUKI

VÖKTUNARSKÝRSLA VEGNA NOTKUNAR, ANNARRAR EN RÆKTUNAR, Á ERFÐABREYTTRI LÍFVERU

Snið fyrir framsetningu á niðurstöðum vöktunar á notkun, annarri en ræktun, á erfðabreyttri lífveru í samræmi við: Ákvæði 19. gr. (3. mgr.), 20. gr. (1. mgr.) og VII. viðauka við tilskipun 2001/18/EB og 9. gr. (1. mgr.) og 21. gr. (1. mgr.) reglugerðar (EB) nr. 1829/2003

1. **Almennar upplýsingar**

1.1. Nytjaplanta/eiginleiki eða eiginleikar: .....

1.2. Númer ákvörðunar fyrir leyfinu samkvæmt tilskipun 2001/18/EB og númer og dagsetning samþykkis samkvæmt tilskipun 2001/18/EB: .....

1.3. Númer ákvörðunar fyrir leyfinu og dagsetning leyfisins samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1829/2003: .....

1.4. Sérstakt kennimerki: .....

1.5. Skýrslutímabil frá xx/xx/xx til xx/xx/xx

1.6. Aðrar vöktunarskýrslur hafa verið lagðar fram að því er varðar:

Ræktun Já ☐ Nei ☐

2. **Samantekt á aðalatriðum**

Eftirfarandi liðir skulu fylltir úr í samræmi við 2. viðbæti

3. **Notkun, önnur en ræktun, á erfðabreyttri lífveru**

Vakin er athygli á því að í þessum hluta er fjallað um vöktun á umhverfisáhrifum vegna notkunar, annarrar en ræktunar, á erfðabreyttri lífveru. Í því felst notkun á matvælum og fóðri sem innihalda eða samanstanda af erfðabreyttum lífverum (lifandi lífverum).

3.1. Innflutningur á vörum til Bandalagsins

3.1.1. Innflutningur upprunalands á nytjaplöntu (erfðabreyttri + ekki erfðabreyttri) til Bandalagsins

Upprunaland	Magn (í tonnum)	Matsgögn fyrir hluta erfðabreyttrar lífveru í innflutningnum (ef því verður ekki komið við: áætlaður hluti af ræktuninni í upprunalandinu)

3.1.2. Innflutningur viðtökulands á nytjaplöntu (erfðabreyttri + ekki erfðabreyttri) til Bandalagsins

Viðtökuland	Magn (í tonnum)

3.1.3. Greining á gögnum í töflum 3.1.1 og 3.1.2

3.2. Almennt eftirlit

3.2.1. Lýsing á almennu eftirliti

3.2.2. Einstök atriði um eftirlitsnet sem voru notuð í tengslum við iðnað, umhverfi, matvæli eða fóður meðan á almenna eftirlitinu stóð

3.2.3. Einstök atriði upplýsinga, og/eða þjálfun, sem eru veittar þeim sem flytja inn vöruna, selja hana, meðhöndla, vinna o.s.frv.

3.2.4. Niðurstöður almenns eftirlits

3.2.5. Viðbótarupplýsingar

3.2.6. Yfirlit yfir jafningjarýnt, útgefið efni – Viðbætir

3.3. Tilvikssértæk vöktun

3.3.1. Lýsing á tilvikssértækri vöktun og niðurstöður úr henni (ef við á)

3.3.2. Vinnsla (ef við á)

Aðildarríki ESB	Komustaður/ræktunar-staður	Vinnslustaður	Fjarlægð frá komustað/ræktunarstað	Flutningsaðferð

3.3.3. Vöktun og skýrslugjöf um skaðleg áhrif vegna dreifingar fyrir slysni (ef við á)

3.4. Lokaathugasemdir

4. **Samantekt á niðurstöðum og ályktunum**

5. **Aðlögun vöktunaráætlunarinnar og viðkomandi aðferðafræði vegna komandi ára**

Undirskrift: .....

Dagsetning: .....

1. viðbætir

YFIRLIT YFIR JAFNINGARÝNT, ÚTGEFIÐ EFNI

Sumt útgefið efni getur falið í sér gögn sem skipta máli á fleiri en einu sviði umhverfisáhættumats (sjá lið 3.2.6 í 2. viðbæti). Ef svo er skal gögnunum lýst sérstaklega í hverri viðkomandi töflu.

Svið umhverfisáhættumats

Útgefið efni	Samantekt á rannsóknum og niðurstöðum	Verndunarmarkmið	Breyta sem athuguð er	Skaðleg áhrif	Endurgjöf vegna upphaflegs mats á umhverfisáhættu

Svið umhverfisáhættumats

Útgefið efni	Samantekt á rannsóknum og niðurstöðum	Verndunarmarkmið	Breyta sem athuguð er	Skaðleg áhrif	Endurgjöf vegna upphaflegs mats á umhverfisáhættu

Svið umhverfisáhættumats

Útgefið efni	Samantekt á rannsóknum og niðurstöðum	Verndunarmarkmið	Breyta sem athuguð er	Skaðleg áhrif	Endurgjöf vegna upphaflegs mats á umhverfisáhættu

2. viðbætir

SKÝRINGAR

A. **Almennar athugasemdir**

Tilvikssértæk vöktun verður framkvæmd í samræmi við skilyrðin sem eru sett fram í samþykkinu eða leyfinu og í samræmi við vöktunaráætlunina sem er tilgreind í tilkynningunni.

Einnig skal taka til athugunar að hafa almennt eftirlit vegna ófyrirséðra eða óvæntra skaðlegra áhrifa sem skyldubundinn hluta vöktunaráætlunarinnar.

Skaðleg áhrif skal skoða með hliðsjón af nytjaplöntunni, nýja eiginleikanum og viðtökuumhverfinu, sem og ályktunum sem eru dregnar af matinu á umhverfisáhættunni sem fer fram í hverju tilviki fyrir sig. Eftirfarandi er skrá, sem er ekki tæmandi, yfir áhrif og afleiðingar eða útkomu sem gætu haft í för með sér skaðleg umhverfisáhrif:

a) þráfesta og ágengni, valvís kostur eða ókostur, þ.m.t.:

   — aukin tíðni sjálfsáinna plantna,

   — aukin bólfesta erfðabreyttu plöntunnar utan akranna,

   — aukin útbreiðsla, þráfesta og uppsöfnun erfðabreyttu plöntunnar í umhverfinu (þ.m.t. útæxlun við villtar, skyldar tegundir),

b) breyttur genaflutningur:

   — möguleg skerðing á frævun,

   — aukin tíðni lárétts genaflutnings frá plöntu til örverusamfélaga,

c) víxlverkun milli erfðabreyttu plöntunnar og lífvera utan markhóps:

   — bein/óbein áhrif á lífverur utan markhóps,

   — breytingar á næmi fyrir skaðvöldum og sjúkdómum utan markhóps,

   — áhrif á fjölbreytni búsvæða og líffræðilega fjölbreytni,

d) breytingar á lífjarðefnafræðilegum ferlum,

e) áhrif á heilbrigði manna og dýra í kjölfar umhverfisváhrifa.

B. **Leiðbeiningar um útfyllingu skýrslusniðsins**

Skýrslan skal útfyllt af handhafa samþykkisins samkvæmt tilskipun 2001/18/EB eða handhafa leyfis samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1829/2003.

Skýrslan skal útfyllt samkvæmt sniðinu, ákvæðum samþykkisins eða leyfisins, sem eru gefin út annars vegar samkvæmt tilskipun 2001/18/EB eða hins vegar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1829/2003, og viðkomandi vöktunaráætlun.

Gögnin í skýrslunni skulu skýrð, eftir því sem unnt er, með teikningum, myndum og töflum. Einnig skal leggja fram tölfræðileg gögn þar sem við á.

Ekki er samsvörun milli stærðar reitsins á eftir hverjum lið og þess hversu ítarlegra upplýsinga er krafist við skýrslugerðina. Viðbótargögn sem skipta máli skulu lögð fram sem fylgiskjöl sem skulu hafa skýra millivísun í viðeigandi hluta skýrslunnar.

Ef ekki er hægt að gefa upp upplýsingar sem er krafist vegna hins tiltekna samþykkis eða leyfis eða hinnar tilteknu vöktunaráætlunar, eftir því sem við á, skal það ítarlega rökstutt.

C. **Trúnaðarkvöð**

Þeir hlutar skýrslunnar sem í eru trúnaðarupplýsingar skulu lagðir fram í sérstökum skjölum.

C.1. Umsóknir sem eru lagðar inn samkvæmt tilskipun 2001/18/EB

Með fyrirvara um ákvæði 25. gr. tilskipunar 2001/18/EB er ekki litið svo á að upplýsingarnar sem eru veittar í þessari skýrslu séu trúnaðarmál.

Það kemur ekki í veg fyrir að lögbæra yfirvaldið, sem veitti samþykkið í samræmi við 19. gr. tilskipunar 2001/18/EB, og framkvæmdastjórnin krefjist viðbótarupplýsinga frá tilkynnandanum, bæði trúnaðarmála og upplýsinga sem eru ekki bundnar trúnaði.

Eftir því sem unnt er skulu ekki vera trúnaðargögn í skýrslunni. Ef um trúnaðargögn er að ræða skulu þau lögð fram í viðauka við skýrsluna, ásamt samantekt sem er ekki bundin trúnaði, eða almennri lýsingu á gögnunum, sem verður gerð aðgengileg almenningi.

C.2. Umsóknir sem eru lagðar inn samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1829/2003

Eftir því sem unnt er skulu ekki vera trúnaðargögn í skýrslunni. Í skýrslunni skal koma skýrt fram á hvaða hluta upplýsinganna er litið sem trúnaðarmál og skal fylgja sannprófanlegur rökstuðningur fyrir trúnaðarkvöð í samræmi við 30. gr. reglugerðar (EB) nr. 1829/2003. Samantekt, sem ekki er bundin trúnaði, eða almenn lýsing á gögnunum skal vera í viðaukanum við skýrsluna sem verður gerð algengileg almenningi.

1. ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Ef nytjaplanta er ræktuð, unnin eða notuð í matvæli eða fóður, innan Evrópusambandsins, skal einnig fylla út vöktunarskýrslu fyrir ræktun.

Ákvarðanirnar varðandi 1507-maís (Stjtíð. ESB L 291, 5.11.2005) MON 863-maís (Stjtíð. ESB L 207, 10.8.2005) og NK603-maís (Stjtíð. ESB L 295, 18.9.2004) voru samþykktar samkvæmt tilskipun 2001/18/EB til innflutnings og notkunar eins og á hverjum öðrum maís að ræktun undanskilinni.

2. SAMANTEKT Á AÐALATRIÐUM

Leggja skal fram samantekt á niðurstöðum vöktunarinnar og þeim heildarályktunum sem komist er að. Lýsa skal öllum fyrirhuguðum aðlögunum á vöktunaráætluninni og viðkomandi aðferðafræði á grunni þessara niðurstaðna og ályktana.

3. NOTKUN, ÖNNUR EN RÆKTUN, Á ERFÐABREYTTRI LÍFVERU

3.1. Innflutningur á vörum til Bandalagsins

3.1.1. Innflutningur upprunalands á nytjaplöntu (erfðabreyttri + ekki erfðabreyttri) til Bandalagsins

3.1.2. Innflutningur viðtökulands á nytjaplöntu (erfðabreyttri + ekki erfðabreyttri) til Bandalagsins

Upplýsingar um eftirfarandi skulu lagðar fram í töflum 3.1.1 og 3.1.2. Leggja skal fram raungögn fremur en matsgögn (að undanskildum hluta erfðabreyttrar lífveru í innflutningi til Bandalagsins):

a) útflutningslandið þar sem erfðabreytta nytjaplantan er ræktuð,

b) magn í tonnum af nytjaplöntu sem er flutt út (erfðabreytt + ekki erfðabreytt),

c) þau aðildarríki Bandalagsins sem nytjaplantan (erfðabreytt + ekki erfðabreytt) er flutt til,

d) magn í tonnum af innfluttri nytjaplöntu (erfðabreytt + ekki erfðabreytt).

3.1.3. Greining á gögnum í töflum 3.1.1 og 3.1.2

Í slíkri greiningu skal uppruna framlagðra gagna lýst, hvort innflutningur hafi aukist eða dregið úr honum árin á undan og tilteknar ástæðurnar fyrir öllum breytingum, tilgreindir stærstu birgjar utan Bandalagsins sem flytja nytjaplöntur til Bandalagsins og helstu innflytjendur utan Bandalagsins sem flytja nytjaplöntur til Bandalagsins, allar breytingar á horfum með tilliti til mikilvægra innflutningsmarkaða í samanburði við árin á undan og ástæðurnar fyrir þeim.

3.2. Almennt eftirlit

3.2.1. Lýsing á almennu eftirliti

Lýsing á almenna eftirlitinu sem er framkvæmt, þ.m.t. en ekki einskorðað við, upplýsingar um alla aðferðafræði, þ.m.t. breyturnar sem eru athugaðar, aðferðafræði við gagnasöfnun, staðargerðir (e. *types of location*).

3.2.2. Einstök atriði um eftirlitsnet sem voru notuð í tengslum við iðnað, umhverfi, matvæli eða fóður

Leggja skal fram einstök atriði um eftirlitsnet sem eru notuð í tengslum við iðnað, umhverfi, matvæli og fóður meðan á framkvæmd almenna eftirlitsins stendur. Leggja skal fram eftirfarandi upplýsingar í tengslum við hvert eftirlitsnet sem er tilgreint:

a) heiti, tilgreining á því hvort netið tengist iðnaði, umhverfi, matvælum og/eða fóðri,

b) aðildarríkin sem eftirlitnetið er virkt í og hvort það er virkt á staðar- svæðis eða landsvísu,

c) veffang,

d) verndunarmarkmið,

e) hvernig netið safnar upplýsingum sem skipta máli vegna almenns eftirlits,

f) málsmeðferð við tilkynningu um skaðleg áhrif til handhafa leyfisins eða samþykkisins,

g) viðmiðanir sem eru notaðar við val á eftirlitsnetinu.

3.2.3. Einstök atriði upplýsinga, og/eða þjálfun, sem eru veittar þeim sem flytja inn vöruna, selja hana, meðhöndla, vinna o.s.frv.

Leggja skal fram einstök atriði upplýsinga sem eru gerðar aðgengilegar þeim sem flytja inn vöruna, selja hana, meðhöndla, vinna o.s.frv., og um hvenær og hvernig þær upplýsingar voru gerðar aðgengilegar og hvaða ráðstafanir eru gerðar til þess að fyrrnefndur notendahópur fylgist með öllum breytingum á fyrirliggjandi upplýsingum eða með nýjum upplýsingum.

3.2.4. Niðurstöður almenns eftirlits

Leggja skal fram niðurstöður úr almenna eftirlitinu, þ.m.t. bein, óbein, tafin og/eða uppsöfnuð áhrif sem koma í ljós, og einkum eðli allra skaðlegra áhrifa sem koma í ljós og ályktanirnar sem eru dregnar af þeim. Athugaðar breytur í öllum vöktunaraðferðunum skulu greindar, túlkaðar og fjallað um þær í einstökum atriðum, um leið og sýnt er fram á hvernig niðurstöðurnar styðja heildarályktanir sem handhafi leyfisins, eða samþykkisins, kemst að. Þessi hluti skýrslunnar skal vera eins ítarlegur og unnt er til að hægt sé að túlka gögnin rétt.

3.2.5. Viðbótarupplýsingar

Ef skaðleg eða ófyrirséð áhrif komu í ljós skal leggja fram viðbótarupplýsingar, s.s. viðkomandi svæði eða staðsetningu, hvaða ráðstafanir voru gerðar til að staðfesta skaðlegu áhrifin, hvaða aðgerðir til úrbóta eða ráðstafanir til að draga úr áhættu voru framkvæmdar eða mun þurfa að framkvæma í ljósi skaðlegu áhrifanna, afleiðingar áhrifanna vegna matsins á umhverfisáhættu og allar aðrar ályktanir sem voru dregnar. Þessi hluti skýrslunnar skal vera eins ítarlegur og unnt er til að hægt sé að túlka gögnin rétt.

3.2.6. Yfirlit yfir jafningjarýnt, útgefið efni – Viðbætir

Fjalla skal um og greina, með tilliti til niðurstaðna úr vöktun og til vöktunaráætlunarinnar, jafningjarýnt, útgefið efni, þ.m.t. jafningjarýndar tímaritsgreinar, fundargerðir frá ráðstefnum, samantektir og allar viðbótarrannsóknir eða aðrar upplýsingar sem skipta máli vegna innflutnings og vinnslu á þeirri samsetningu nytjaplöntu og eiginleika sem skýrslan er samin um og vegna notkunar hennar í matvæli og/eða fóður. Þetta útgefna efni skal skráð, það tekið saman og einstökum atriðum lýst í viðbætinum. Í fræðilegu samantektinni skal tilgreina allt útgefið efni, sem málið varðar, sem hefur birst meðan á skýrslutímabilinu stendur. Ef talið er að þær skipti máli má leggja fram fundargerðir frá ráðstefnum, samantektir og viðbótarrannsóknir, sem handhafi samþykkisins hefur framkvæmt en hafa ekki verið jafningjarýndar.

3.3. Tilvikssértæk vöktun

3.3.1. Niðurstöður úr tilvikssértækri vöktun (ef við á)

Lýsa skal kröfum vegna tilvikssértækrar vöktunar, sem eru tilgreindar í matinu á umhverfisáhættu, og samsvarandi ákvörðun, og niðurstöðum úr tilvikssértæku vöktuninni sem var framkvæmd, þ.m.t. nákvæmar upplýsingar um aðferðafræði, tíðni, tímalengd, niðurstöður vöktunar, greiningu og ályktanir. Í þessum hluta skal handhafi leyfisins, eða samþykkisins, sýna fram á hvernig upplýsingunum var safnað og þær greindar, í því skyni að styðja þær ályktanir sem voru dregnar. Þessi hluti skýrslunnar skal vera eins ítarlegur og unnt er til að hægt sé að túlka gögnin rétt.

3.3.2. *Vinnsla (ef við á)*

Aðeins skal leggja fram upplýsingar í þessum hluta ef leyfið eða vöktunaráætlunin krefst vöktunar vegna dreifingar fyrir slysni og:

a) ef vinnsla fer fram á öðrum stöðum en innan marka innflutningshafnarinnar eða

b) ef um er að ræða vinnslu á erfðabreyttum nytjaplöntum sem eru ræktaðar innan aðildarríkis/Bandalagsins.

3.3.3. Vöktun og skýrslugjöf um skaðleg áhrif vegna dreifingar fyrir slysni (ef við á)

Leggja skal fram yfirlit yfir vöktunarráðstafanir vegna dreifingar fyrir slysni ef leyfið, eða samþykkið, eða núverandi vöktunaráætlun krefst slíkrar vöktunar, t.d. tíðni slíkrar vöktunar, aðferðafræði vöktunarinnar, ráðstafanir sem eru gerðar til að halda dreifingu fyrir slysni í lágmarki og hvaða hreinsunaraðferðir eru fyrir hendi. Að auki skal tiltaka öll óvenjuleg eða skaðleg áhrif eða áhrif sem komu í ljós og tengjast erfðabreyttum lífverum. Þessar upplýsingar skulu lagðar fram að því er varðar eftirfarandi:

a) hafnir þar sem erfðabreyttar nytjaplöntur eru fluttar inn og þar sem vinnsla fer fram innan marka hafnarinnar,

b) þá vinnslustaði sem eru tilgreindir í lið 3.3.2.

3.4. Lokaathugasemdir

Gögn sem fást frá eftirlitsnetum eða með öðrum eftirlitsaðferðum og sem styðja einhvern þátt vöktunarinnar sem er framkvæmd skulu fylgja með í viðauka við skýrsluna og, ef við á, hafa millivísanir innan skýrslunnar. Leggja skal fram samantekt á þeim niðurstöðum vöktunarinnar sem fást um net, fræðilegu samantektina og ásamt þeim heildarályktunum sem dregnar eru.

4. SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM OG ÁLYKTUNUM

Leggja skal fram samantekt á niðurstöðum vöktunarinnar og þeim heildarályktunum sem komist er að. Í samantektinni skal koma skýrt fram hvernig niðurstöður vöktunarinnar og túlkun gagnanna styður þær ályktanir.

5. AÐLÖGUN VÖKTUNARÁÆTLUNARINNAR OG VIÐKOMANDI AÐFERÐAFERÐAFRÆÐI VEGNA KOMANDI ÁRA

Leggja skal fram mat á vöktunaráætluninni og aðferðafræðinni sem henni tengist og er notuð við gerð skýrslunnar. Taka skal til athugunar skilvirkni og takmarkanir aðferðafræðinnar við greiningu skaðlegra áhrifa og það skal tilgreint hvort þurfi að breyta vöktunaráætluninni og viðkomandi aðferðafræði, eða aðlaga, í ljósi vöktunarupplýsinganna, að því er varðar mikilvægi og gæði gagnanna sem er safnað og óvissu niðurstöðunnar sem er kynnt í skýrslunni.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2015/EES/63/07**

frá 18. ágúst 2011

um breytingu á ákvörðun 2007/589/EB að því er varðar að fella inn í hana viðmiðunarreglur um vöktun og skýrslugjöf vegna losunar gróðurhúsalofttegunda frá nýrri starfsemi og lofttegundum

(tilkynnt með númeri C(2011) 5861)

(2011/540/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB ([1]), eins og henni var breytt með tilskipun 2004/101/EB ([2]), tilskipun 2008/101/EB ([3]) og reglugerð (EB) nr. 219/2009 ([4]), einkum 1. mgr. 14. gr. og 3. mgr. 24. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með tilskipun 2003/87/EB er komið á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Sambandsins (hér á eftir nefnt „viðskiptakerfi fyrir losunarheimildir“).

2) Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. tilskipunar 2003/87/EB, eins og henni var breytt með tilskipun 2004/101/EB, tilskipun 2008/101/EB og reglugerð (EB) nr. 219/2009, samþykkti framkvæmdastjórnin ákvörðun 2007/589/EB ([5]) um að setja viðmiðunarreglur um vöktun og skýrslugjöf vegna losunar gróðurhúsalofttegunda.

3) Samkvæmt 3. mgr. 24. gr. tilskipunar 2003/87/EB, eins og henni var breytt með tilskipun 2004/101/EB, tilskipun 2008/101/EB og reglugerð (EB) nr. 219/2009, er framkvæmdastjórninni heimilt, að eigin frumkvæði, að samþykkja viðmiðunarreglur um vöktun og skýrslugjöf vegna losunar í tengslum við starfsemi, stöðvar og gróðurhúsalofttegundir sem ekki eru tilgreindar í I. viðauka, ef vöktun og skýrslugjöf vegna þessarar losunar getur farið fram með nægilegri nákvæmni.

4) Samkvæmt 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/29/EB frá 23. apríl 2009 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB til að bæta og víkka út kerfi Bandalagsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda ([6]), gilda 14. og 24. gr. tilskipunar 2003/87/EB, eins og henni var breytt með tilskipun 2004/101/EB, tilskipun 2008/101/EB og reglugerð (EB) nr. 219/2009, áfram til 31. desember 2012.

5) Nýjar lofttegundir og starfsemi innan viðskiptakerfis fyrir losunarheimildir falla undir tilskipun 2009/29/EB frá og með árinu 2013. Framkvæmdastjórnin ætti að samþykkja viðmiðunarreglur um vöktun og skýrslugjöf vegna losunar gróðurhúsalofttegunda, sem stafar af nýrri starfsemi og nýjum lofttegundum, með það í huga að slík starfsemi verði tekin með í viðskiptakerfið fyrir losunarheimildir frá og með árinu 2013 og að mögulegt verði að taka hana einhliða með í viðskiptakerfið fyrir losunarheimildir fyrir árið 2013.

6) Því ber að breyta ákvörðun 2007/589/EB til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 23. gr. tilskipunar 2003/87/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2007/589/EB er breytt sem hér segir:

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 244, 21.9.2011, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2012 frá 26. júlí 2012 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 63, 8.11.2012, bls. 43.

([1]) Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

([2]) Stjtíð. ESB L 338, 13.11.2004, bls. 18.

([3]) Stjtíð. ESB L 8, 13.1.2009, bls. 3.

([4]) Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2009, bls. 109.

([5]) Stjtíð. ESB L 229, 31.8.2007, bls. 1.

([6]) Stjtíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 63.

1) Í stað 1. gr. komi eftirfarandi:

„*1. gr.*

Viðmiðunarreglur um vöktun og skýrslugjöf vegna losunar gróðurhúsalofttegunda frá þeirri starfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB og þeirri starfsemi sem fellur undir 1. mgr. 24. gr. þeirrar tilskipunar, eru settar fram í I. til XIV. og XVI til XXIV viðauka við þessa ákvörðun.

Viðmiðunarreglur um vöktun og skýrslugjöf á upplýsingum um tonnkílómetra vegna flugstarfsemi að því er varðar umsókn skv. 3. gr. e eða 3. gr. f í tilskipun 2003/87/EB eru settar fram í XV. viðauka. Viðmiðunarreglurnar byggjast á meginreglunum sem settar eru fram í IV. viðauka við þá tilskipun.“

2) Skrá yfir viðauka og eftirfarandi viðaukum er breytt sem hér segir:

a) Skránni yfir viðaukana er breytt samkvæmt I. viðauka við þessa ákvörðun.

b) Ákvæðum I. viðauka er breytt samkvæmt II. viðauka við þessa ákvörðun.

c) Ákvæðum II. viðauka er breytt samkvæmt III. viðauka við þessa ákvörðun.

d) Ákvæðum IV. viðauka er breytt samkvæmt IV. viðauka við þessa ákvörðun.

e) Ákvæðum V. viðauka er breytt samkvæmt V. viðauka við þessa ákvörðun.

f) Ákvæðum VI. viðauka er breytt samkvæmt VI. viðauka við þessa ákvörðun.

g) Ákvæðum VII. viðauka er breytt samkvæmt VII. viðauka við þessa ákvörðun.

h) Ákvæðum VIII. viðauka er breytt samkvæmt VIII. viðauka við þessa ákvörðun.

i) Ákvæðum IX. viðauka er breytt samkvæmt IX. viðauka við þessa ákvörðun.

j) Ákvæðum X. viðauka er breytt samkvæmt X. viðauka við þessa ákvörðun.

k) Ákvæðum XI. viðauka er breytt samkvæmt XI. viðauka við þessa ákvörðun.

l) Ákvæðum XII. viðauka er breytt samkvæmt XII. viðauka við þessa ákvörðun.

m) Ákvæðum XVI. viðauka er breytt samkvæmt XIII. viðauka við þessa ákvörðun.

3) Eftirfarandi viðaukar bætist við:

a) Eftirfarandi XIX. viðauki bætist við samkvæmt XIV. viðauka við þessa ákvörðun.

b) Eftirfarandi XX. viðauki bætist við samkvæmt XV. viðauka við þessa ákvörðun.

c) Eftirfarandi XXI. viðauki bætist við samkvæmt XVI. viðauka við þessa ákvörðun.

d) Eftirfarandi XXII. viðauki bætist við samkvæmt XVII. viðauka við þessa ákvörðun.

e) Eftirfarandi XXIII. viðauki bætist við samkvæmt XVIII. viðauka við þessa ákvörðun.

f) Eftirfarandi XXIV. viðauki bætist við samkvæmt XIX. viðauka við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. ágúst 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Connie HEDEGAARD

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

Skrá yfir viðauka er breytt sem hér segir:

1) Í stað færslnanna fyrir II. viðauka og IV. til XII. viðauka komi eftirfarandi:

„II. viðauki:	Viðmiðunarreglur um losun við brennslu í starfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, sem fer fram í stöðvum
IV. viðauki:	Sértækar viðmiðunarreglur fyrir framleiðslu á koksi eins og tilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB
V. viðauki:	Sértækar viðmiðunarreglur fyrir hreinsun málmgrýtis með bruna og glæðingu eins og tilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB
VI. viðauki:	Sértækar viðmiðunarreglur fyrir framleiðslu á hrájárni og stáli, þ.m.t. samfelld málmsteypa, eins og tilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB
VII. viðauki:	Sértækar viðmiðunarreglur fyrir framleiðslu á sementsgjalli eins og tilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB
VIII. viðauki:	Sértækar viðmiðunarreglur fyrir framleiðslu á kalki eða glæðingu dólómíts eða magnesíts eins og tilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB
IX. viðauki:	Sértækar viðmiðunarreglur fyrir framleiðslu á gleri eða steinull til einangrunar eins og tilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB
X. viðauki:	Sértækar viðmiðunarreglur fyrir framleiðslu á leirvörum eins og tilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB
XI. viðauki:	Sértækar viðmiðunarreglur fyrir framleiðslu á pappírsmauki og pappír eins og tilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB
XII. viðauki:	Viðmiðunarreglur til að ákvarða losun eða magn af fluttum gróðurhúsalofttegundum með kerfi fyrir samfelldar mælingar“

2) Eftirfarandi fyrirsagnir nýrra viðauka bætist við: XIX., XX., XXI., XXII., XXIII. og XXIV. viðauka:

„XIX. viðauki:	Sértækar viðmiðunarreglur fyrir framleiðslu á sóda og natríumbíkarbónati eins og tilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB
XX. viðauki:	Sértækar viðmiðunarreglur fyrir framleiðslu á ammoníaki eins og tilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB
XXI. viðauki:	Sértækar viðmiðunarreglur fyrir framleiðslu á vetni og tilbúnu gasi eins og tilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB
XXII. viðauki:	Sértækar viðmiðunarreglur fyrir framleiðslu á lífrænum efnasamböndum í lausu eins og tilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB
XXIII. viðauki:	Sértækar viðmiðunarreglur fyrir framleiðslu eða vinnslu á járnríkum málmum eða járnlausum málmum eins og tilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB
XXIV. viðauki:	Sértækar viðmiðunarreglur fyrir framleiðslu eða vinnslu á hrááli eins og tilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB“.

II. VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

1) Í 1. lið, sem ber fyrirsögnina „Inngangur“, komi „II.–XI. og XIII.–XXIV. viðauka“ í stað „II.–XI. og XIII.–XVIII. viðauka“.

2) Í inngangshluta 2. liðar, sem ber fyrirsögnina „Skilgreiningar“, komi „II.–XXIV. viðauka“ í stað „II.–XVIII. viðauka“.

3) Lið 4.3, sem ber fyrirsögnina „Vöktunaráætlunin“, er breytt sem hér segir:

a) Í stað e-liðar fjórða liðar komi eftirfarandi:

„e) skrá og lýsingu á þeim aðferðarþrepum er varða gögn um starfsemi, kolefnisinnihald (ef notaður er massajöfnuður eða aðrar aðferðir við útreikninga á losun sem krefjast beinna gagna um kolefnisinnihald), losunarstuðla, oxunar- og breytistuðla fyrir hvern efnisstraum sem skal vakta,“

b) Eftirfarandi undirliðir bætist við á eftir t-undirlið:

„u) eftir atvikum, dagsetningar mælinga sem hafa farið fram til að ákvarða losunarstuðla, sem eru sértækir fyrir tiltekna stöð, fyrir CF4 og C2F6 og áætlun um hvenær slíkar ákvarðanir verða endurteknar í framtíðinni,

v) eftir atvikum, aðferðarlýsing fyrir ferlið til að ákvarða losunarstuðla, sem eru sértækir fyrir tiltekna stöð, fyrir CF4 og C2F6 þar sem kemur einnig fram að mælingar hafa farið fram og munu fara fram í nógu langan tíma til að mæligildin séu samleitin, en a.m.k. í 72 klukkustundir,

w) eftir atvikum, aðferð við að ákvarða söfnunarvirkni fyrir dreifða losun á stöðvum fyrir hráálsframleiðslu,“

4) Ákvæðum 5. liðar er breytt sem hér segir:

a) Í stað annarar málsgreinar í lið 5.1, undir fyrirsögninni „Losun við vinnslu“, komi eftirfarandi:

„Útreikningur á losun við vinnslu er tilgreindur nánar í viðmiðunarreglunum, sem eru sértækar fyrir tiltekna starfsemi, í II. til XI. og XVI. til XXIV. viðauka. Ekki styðjast allar reikniaðferðir í II. til XI. og XVI. til XXIV. viðauka við breytistuðul.“

b) Í lið 5.2, sem ber fyrirsögnina „Aðferðarþrep“, komi „II. til XI. og XIV. til XXIV. viðauka“ í stað „II.–XI. og XIV. til XVIII. viðauka“.

c) Í lið 5.2. bætist eftirfarandi níundi liður við:

„Einnig má beita þeirri aðferð að nota lágmarksaðferðarþrep fyrir staðlað markaðseldsneyti, eins og tilgreint er í töflu 1 í II. viðauka um brennslustarfsemi, vegna annarrar starfsemi.“

d) Í stað töflu 1: „Lágmarkskröfur“ komi eftirfarandi tafla:

„Tafla 1

Lágmarkskröfur

(„á.e.v.“ = á ekki við)

Dálkur A fyrir „stöðvar í A-flokki” (þ.e. stöðvar þar sem tilkynnt, árleg losun á síðasta viðskiptatímabili (eða varfærnislegt mat eða spá ef upplýsingar um tilkynnta losun eru ekki tiltækar eða eiga ekki lengur við) er að meðaltali 50 kílótonn eða minna af jafngildiseiningu koltvísýrings, að undanskildum koltvísýringi af lífrænum uppruna og áður en fluttur koltvísýringur er dreginn frá),

dálkur B fyrir „stöðvar í B-flokki” (þ.e. stöðvar þar sem tilkynnt, árleg losun á síðasta viðskiptatímabili (eða varfærnislegt mat eða spá ef upplýsingar um tilkynnta losun eru ekki tiltækar eða eiga ekki lengur við) er að meðaltali meiri en 50 kílótonn, en ekki meiri en 500 kílótonn af jafngildiseiningu koltvísýrings, að undanskildum koltvísýringi af lífrænum uppruna og áður en fluttur koltvísýringur er dreginn frá),

og dálkur C fyrir „stöðvar í C-flokki” (þ.e. stöðvar þar sem tilkynnt, árleg losun á síðasta viðskiptatímabili (eða varfærnislegt mat eða spá ef upplýsingar um tilkynnta losun eru ekki tiltækar eða eiga ekki lengur við) er að meðaltali meiri en 500 kílótonn af jafngildiseiningu koltvísýrings, að undanskildum koltvísýringi af lífrænum uppruna og áður en fluttur koltvísýringur er dreginn frá).

	Gögn um starfsemi						Losunarstuðull			Gögn um samsetningu			Oxunarstuðull			Breytistuðull		
	Streymi eldsneytis			Nettóvarmagildi														
Viðauki/Starfsemi	A	B	C	A	B	C	A	B	C	A	B	C	A	B	C	A	B	C
II: **Brennsla**																		
Staðlað eldsneyti á markaði	2	3	4	2a/2b	2a/2b	2a/2b	2a/2b	2a/2b	2a/2b	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	1	1	1	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.
Annað loftkennt eða fljótandi eldsneyti	2	3	4	2a/2b	2a/2b	3	2a/2b	2a/2b	3	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	1	1	1	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.
Eldsneyti í föstu formi	1	2	3	2a/2b	3	3	2a/2b	3	3	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	1	1	1	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.
Massajöfnuðaraðferð að því er varðar framleiðslu kinroks og gasmeðhöndlunarstöðvar	1	2	3	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	1	2	2	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.
Afgaslogar	1	2	3	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	1	2a/b	3	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	1	1	1	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.
Hreinsun Karbónat	1	1	1	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	1	1	1	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.
Gifs	1	1	1	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	1	1	1	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.

	Gögn um starfsemi						Losunarstuðull			Gögn um samsetningu			Breytistuðull		
	Streymi efnis			Nettóvarmagildi											
	A	B	C	A	B	C	A	B	C	A	B	C	A	B	C
III: **Hreinsunarstöðvar**															
Endurmyndun sundrunarhvata	1	1	1	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.
Vetnisframleiðsla	1	2	2	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	1	2	2	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.
IV: **Koksofnar**															
Massajöfnuður	1	2	3	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	2	3	3	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.
Eldsneyti sem notað er í ferlinu	1	2	3	2	2	3	2	3	3	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.
V: **Hreinsun málmgrýtis með bruna og glæðingu**															
Massajöfnuður	1	2	3	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	2	3	3	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.
Karbónatílag	1	1	2	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	1	1	1	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	1	1	1
VI: **Járn og stál**															
Massajöfnuður	1	2	3	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	2	3	3	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.
Eldsneyti sem notað er í ferlinu	1	2	3	2	2	3	2	3	3	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.
VII: **Sement**															
Byggt á ílagi ofns	1	2	3	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	1	1	1	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	1	1	2
Framleitt gjall	1	1	2	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	1	2	3	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	1	1	2
Sementsofnaryk	1	1	2	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	1	2	2	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.
Kolefni, annað en karbónat	1	1	2	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	1	1	2	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	1	1	2
VIII: **Kalk, dólómít og magnesít**															
Karbónöt	1	2	3	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	1	1	1	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	1	1	2
Oxíð jarðalkalímálma	1	1	2	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	1	1	1	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	1	1	2

	Gögn um starfsemi						Losunarstuðull			Gögn um samsetningu			Breytistuðull		
	Streymi efnis			Nettóvarmagildi											
	A	B	C	A	B	C	A	B	C	A	B	C	A	B	C
IX: **Gler, steinull**															
Karbónöt	1	1	2	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	1	1	1	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.
X: **Keramík**															
Kolefnisílag	1	1	2	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	1	2	3	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	1.	1	2
Oxíð alkalímálma	1	1	2	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	1	2	3	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	1	1	2
Hreinsun	1	1	1	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	1	1	1	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.
XI: **Pappírsmauk og pappír**															
Staðalaðferð	1	1	1	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	1	1	1	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.
XIX: **Sódi og natríumbíkarbónat**															
Massajöfnuður	1	2	3	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	2	3	3	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.
XX: **Ammoníak**															
Eldsneyti sem notað er í ferlinu	2	3	4	2a/2b	2a/2b	3	2a/2b	2a/2b	3	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.
XXI: **Vetni og tilbúið gas**															
Eldsneyti sem notað er í ferlinu	2	3	4	2a/2b	2a/2b	3	2a/2b	2a/2b	3	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.
Massajöfnuður	1	2	3	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	2	3	3	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.
XXII: **Framleiðsla lífrænna efnasambanda í lausu**															
Massajöfnuður	1	2	3	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	2	3	3	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.
XXIII: **Framleiðsla eða vinnsla málma**															
Massajöfnuður	1	2	3	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	2	3	3	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.
Losun við vinnslu	1	1	2	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	1	1	1	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	1	1	2

	Gögn um starfsemi						Losunarstuðull			Gögn um samsetningu			Breytistuðull		
	Streymi efnis			Nettóvarmagildi											
	A	B	C	A	B	C	A	B	C	A	B	C	A	B	C
XXIV: **Álframleiðsla**															
Massajöfnuður fyrir koltvísýringslosun	1	2	3	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	2	3	3	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.
Perflúorkolefnislosun (hallaaðferð)	1	1	2	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	1	1	1	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.
Perflúorkolefnislosun (yfirspennuaðferð)	1	1	2	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	1	1	1	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.“

e) Í lið 5.4., sem ber fyrirsögnina „Gögn um starfsemi staðbundinna stöðva“, komi „II. til XXIV. viðauka“ í stað „II. til XI. viðauka“ í annarri undirgrein.

f) Í stað fyrstu málsgreinar í lið 5.5., sem ber fyrirsögnina, „Losunarstuðlar“, komi eftirfarandi:

„Losunarstuðlar fyrir losun koltvísýrings byggjast á kolefnisinnihaldi eldsneytis eða ílagsefna og eru gefnir upp sem tCO_2/TJ (losun við brennslu), eða tCO_2/t eða tCO_2/Nm3 (losun við vinnslu). Viðeigandi losunarstuðlar fyrir aðrar gróðurhúsalofttegundir en koltvísýring eru skilgreindar í viðkomandi viðaukum, sem eru sértækir fyrir tiltekna starfsemi, við þessar viðmiðunarreglur.“

g) Ákvæðum liðar 5.7 er breytt sem hér segir:

— Í stað fyrsta undirliðar fyrstu málsgreinar komi eftirfarandi:

„sem hreint efni, eða notaður beint og bundinn í vörur eða hráefni nema aðrar kröfur, sem eru settar fram í XIX. til XXII. viðauka, gildi eða“,

— Í annarri málsgrein komi „til XXII.“ í stað „eða XVIII.“.

5) Í stað þriðju málsgreinar í c-lið liðar 6.3. komi „til XXIV.“ í stað „XVII. og XVIII.“.

6) Í stað fimmtu málsgreinar í lið 7.1 komi „XXIV.“ í stað „XVIII.“.

7) Ákvæðum 8. liðar er breytt sem hér segir:

a) Í 6. undirlið fimmta liðar komi „til XXIV.“ í stað „XVII. og XVIII.“.

b) Eftirfarandi 11. undirliður bætist við fimmta lið:

„11) þar sem við á, framleiðslumagn hrááls, tíðni og meðallengd forskautsriss á skýrslutímabilinu, eða gögn um yfirspennu í forskautsrisi á skýrslutímabilinu, sem og niðurstöður nýjustu ákvörðunar á losunarstuðlum, sem eru sértækir fyrir tiltekna stöð, fyrir CF4 og C2F6, eins og tilgreint er í XXIV. viðauka, og nýlegustu ákvörðunar á söfnunarvirkni stokkanna.“

c) Í sjöunda lið 8. liðar komi „skv. 2. og 11. lið“ í stað „skv. 2. lið“.

8) Í 9. lið bætist eftirfarandi níundi liður við:

„Varðveita skal eftirfarandi viðbótarupplýsingar vegna hráálsframleiðslu:

— skjöl með niðurstöðum úr mælingaherferðum til að ákvarða losunarstuðla, sem eru sértækir fyrir tiltekna stöð, fyrir CF4 og C2F6,

— skjöl með niðurstöðum ákvörðunar á söfnunarvirkni fyrir dreifða losun,

— öll viðkomandi gögn um framleiðslu hrááls, tíðni og lengd forskautsrisa eða gögn um yfirspennu.“.

9) Ákvæðum liðar 14.1 er breytt sem hér segir:

Í stað texta 2. neðanmálsgreinar komi eftirfarandi: „Fyllist aðeins út ef stöð er skylt að gefa skýrslu samkvæmt EPRTR.“

10) Nýr liður 14.8. bætist við:

„14.8. SKÝRSLUGJÖF VEGNA LOSUNAR Á PERFLÚORKOLEFNUM VIÐ FRAMLEIÐSLU Á HRÁÁLI

	Starfsemi			
	Gerð rafskauts			
	Hallaaðferð (A) eða yfirspennuaðferð (B)?			
	Mæliþáttur	Eining	Gildi	Aðferðarþrep sem notað er
	Framleiðsla á hrááli	t		
Aðferð A	Fjöldi forskautsrisa			
	Meðaltímalengd forskautsrisa	mín		
	Mínútur í forskautsrisi/rafskautsdag	mín/rafskautsdag		
	SEF_{CF4} … hallalosunarstuðull	(kg CF_4/t Al)/(mín/rafskautsdag)		

Aðferð B	AEO ... yfirspenna í forskautsrisi á hvert rafskaut	mV		
	CE … meðalstraumnýtni	%		
	AEO/CE (yfirspenna í forskautsrisi/meðalstraumnýtni)	mV		
	OVC … reiknistuðull yfirspennu	kg CF_4/ (t Al mV)		
	$F_{C2}F_6$ … þyngdarhluti af C_2F_6	t C_2F_6/t CF_4		
	CF_4 losun	t		
	C_2F_6 losun	t		
	GWP_{CF4} sem er notaður	t $CO_{2(e)}$/t		
	GWP_{C2F6} sem er notaður	t $CO_{2(e)}$/t		
	Heildarlosun	t $CO_{2(e)}$“		

III. VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

1) Í stað fyrirsagnar II. viðauka komi eftirfarandi:

„Viðmiðunarreglur um losun við brennslu í starfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, sem fer fram í stöðvum“

2) Í stað fyrstu málsgreinar í 1. lið komi eftirfarandi:

„Nota skal viðmiðunarreglurnar í þessum viðauka, sem eru sértækar fyrir tiltekna starfsemi, til að vakta losun frá brennslustarfsemi, eins og tilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, sem fer fram á stöðvum og er skilgreind samkvæmt t-lið 3. gr. og til að vakta losun við brennslu frá annars konar starfsemi sem tilgreind er í fyrrgreindum I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB og sem vísað er til í III.–XI. og XVI.–XXIV. viðauka við þessar viðmiðunarreglur. Auk þess skal nota þennan viðauka til að vakta losun frá brennslustarfsemi sem er hluti einhverrar þeirrar starfsemi sem er tilgreind í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB sem aðrir viðaukar við þessar viðmiðunarreglur, sem eru sértækir fyrir tiltekna starfsemi, gilda ekki um.“

3) Ákvæðum 2. liðar er breytt sem hér segir:

a) Í inngangsorðunum komi „-starfsemi“ í stað „-stöðvum og -ferlum“.

b) Í fyrstu málsgrein liðar 2.1.1.1. komi „-starfsemi“ í stað „-stöð“.

c) Í b-lið liðar 2.1.1.2, Kolefnisinnihald, Aðferðarþrep 1, komi „öðrum viðaukum sem eru sértækir fyrir tiltekna starfsemi“ í stað „IV.–VI. viðauka.“.

IV. VIÐAUKI

Ákvæðum IV. viðauka er breytt sem hér segir:

1) Í stað fyrirsagnar IV. viðauka komi eftirfarandi:

„Sértækar viðmiðunarreglur fyrir framleiðslu á koksi eins og tilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB“

2) Í stað fyrstu málsgreinar í 1. lið komi eftirfarandi:

„Koksofnar geta verið hluti af stálverksmiðjum með beinni, tæknilegri tengingu við glæðingarstarfsemi og starfsemi til framleiðslu á hrájárni og stáli, þ.m.t. samfelld málmsteypa, sem hefur í för með sér mikil skipti á orku og efni (t.d. háofnagas, koksofnagas eða koks) við venjubundinn rekstur. Ef leyfi stöðvarinnar, skv. 4., 5. og 6. gr. tilskipunar 2003/87/EB, tekur til allrar stálverksmiðjunnar en ekki aðeins koksofnsins má einnig vakta losun á koltvísýringi fyrir samþættu stálverksmiðjuna í heild sinni og skal þá nota massajöfnuðaraðferðina sem er tilgreind í lið 2.1.1 í þessum viðauka.“

3) Í stað inngangssetningarinnar í b-lið liðar 2.1.1, Kolefnisinnihald, Aðferðarþrep 1, komi eftirfarandi:

„Kolefnisinnihald í ílags- eða frálagsstraumum skal reiknað út frá viðmiðunarlosunarstuðlum fyrir eldsneyti eða efni sem tilgreindir eru í 11. lið í I. viðauka eða IV.–X. viðauka. Kolefnisinnihaldið er reiknað á eftirfarandi hátt:“

V. VIÐAUKI

Ákvæðum V. viðauka er breytt sem hér segir:

1) Í stað fyrirsagnar V. viðauka komi eftirfarandi:

„Sértækar viðmiðunarreglur fyrir hreinsun málmgrýtis með bruna og glæðingu eins og tilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB“

2) Í stað fyrstu málsgreinar 1. liðar komi eftirfarandi:

„Starfsemi við bruna, glæðingu eða kögglun málmgrýtis getur verið hluti af stálverksmiðjum með beinni, tæknilegri tengingu við koksofna og starfsemi við framleiðslu á hrájárni og stáli, þ.m.t. samfelld málmsteypa. Við venjubundinn rekstur verða því mikil skipti á orku og efni (t.d. háofnagasi, koksofnagasi, koksi eða kalksteini). Ef leyfi stöðvarinnar, skv. 4., 5. og 6. gr. tilskipunar 2003/87/EB, nær yfir alla stálverksmiðjuna en ekki aðeins brennslu- og glæðingarstarfsemina má einnig vakta losun á koltvísýringi fyrir samþættu stálverksmiðjuna í heild sinni. Í slíkum tilvikum má nota massajöfnuðaraðferðina (liður 2.1.1 í þessum viðauka).“

3) Í stað inngangssetningarinnar í b-lið liðar 2.1.1, Kolefnisinnihald, Aðferðarþrep 1, komi eftirfarandi:

„Kolefnisinnihald í ílags- eða frálagsstraumum skal reiknað út frá viðmiðunarlosunarstuðlum fyrir eldsneyti eða efni sem tilgreindir eru í 11. lið í I. viðauka eða IV.–X. viðauka. Kolefnisinnihaldið er reiknað á eftirfarandi hátt:“

VI. VIÐAUKI

Ákvæðum VI. viðauka er breytt sem hér segir:

1) Í stað fyrirsagnar VI. viðauka komi eftirfarandi:

„Sértækar viðmiðunarreglur fyrir framleiðslu á hrájárni og stáli, þ.m.t. samfelld málmsteypa, eins og tilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB“

2) Ákvæðum 1. liðar er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu málsgreinar komi eftirfarandi: Viðmiðunarreglurnar í þessum viðauka gilda um losun vegna starfsemi við framleiðslu á hrájárni og stáli, þ.m.t. samfelld málmsteypa. Þær eiga einkum við um fyrstu stálframleiðslu (háofnar og súrefnisofnar) og aðra stálframleiðslu (ljósbogaofnar).“

b) Í stað annarrar málsgreinar komi eftirfarandi: „Starfsemi við framleiðslu á hrájárni og stáli, þ.m.t. samfelld málmsteypa, er almennt hluti af stálverksmiðjum með beinni, tæknilegri tengingu við koksofn og glæðingarstarfsemi. Við venjubundinn rekstur verða því mikil skipti á orku og efni (t.d. háofnagasi, koksofnagasi, koksi eða kalksteini). Ef leyfi stöðvarinnar skv. 4., 5. og 6. gr. tilskipunar 2003/87/EB tekur til allrar stálverksmiðjunnar en ekki aðeins háofnsins má einnig vakta losun á koltvísýringi fyrir samþættu stálverksmiðjuna í heild sinni. Í slíkum tilvikum má nota massajöfnuðaraðferðina í lið 2.1.1 í þessum viðauka.“

3) Í stað inngangssetningarinnar í b-lið liðar 2.1.1, Kolefnisinnihald, Aðferðarþrep 1, komi eftirfarandi:

„Kolefnisinnihald í ílags- eða frálagsstraumum skal reiknað út frá viðmiðunarlosunarstuðlum fyrir eldsneyti eða efni sem tilgreindir eru í 11. lið í I. viðauka eða IV.–X. viðauka. Kolefnisinnihaldið er reiknað á eftirfarandi hátt:“

VII. VIÐAUKI

Ákvæðum VII. viðauka er breytt sem hér segir:

1) Í stað fyrirsagnar VII. viðauka komi eftirfarandi:

„Sértækar viðmiðunarreglur fyrir framleiðslu á sementsgjalli eins og tilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB“

2) Í stað fyrstu setningarinnar í 2. lið komi eftirfarandi:

„Við sementsframleiðslustarfsemi stafar losun koltvísýrings frá eftirfarandi upptökum losunar og efnisstraumum:“

VIII. VIÐAUKI

Ákvæðum VIII. viðauka er breytt sem hér segir:

1) Í stað fyrirsagnar VIII. viðauka komi eftirfarandi:

„Sértækar viðmiðunarreglur fyrir framleiðslu á kalki, eða glæðingu dólómíts eða magnesíts, einsog tilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB“

2) Ákvæðum 2. liðar er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangsorðanna í fyrstu málsgrein komi eftirfarandi:

„Við framleiðslu á kalki eða við glæðingu dólómíts eða magnesíts stafar losun koltvísýrings frá eftirfarandi upptökum losunar og efnisstraumum:“

b) Í stað fyrsta undirliðar í fyrstu málsgrein komi eftirfarandi:

„glæðingu kalksteins, dólómíts eða magnesíts í hráefnunum“,

c) Í stað orðanna í undirlið 2.1.1 undir fyrirsögninni „Losun við brennslu“ komi eftirfarandi:

„Brennsluferli, sem eiga sér stað í stöðvum til framleiðslu á kalki eða glæðingu dólómíts eða magnesíts, þar sem notaðar eru mismunandi eldsneytistegundir (t.d. kol, jarðolíukoks, brennsluolía, jarðgas og ýmiss konar úrgangseldsneyti), skulu vöktuð og tilkynnt í samræmi við II. viðauka.“

d) Í stað fyrstu málsgreinar í undirlið 2.1.2 undir fyrirsögninni „Losun við vinnslu“ komi eftirfarandi:

„Losunin verður við glæðingu og við oxun lífræns kolefni í hráefninu. Við glæðingu í ofninum losnar koltvísýringur úr karbónötum úr hráefnunum. Koltvísýringur sem losnar við glæðingu, tengist beint framleiðslunni á kalki, brenndu dólómíti eða magnesíu. Unnt er að reikna koltvísýring, sem losnar við glæðingu, fyrir stöð á tvo vegu: út frá því magni af kalsíum- og magnesíumkarbónati í hráefninu (sem er aðallega kalksteinn, dólómít og magnesít), sem er umbreytt í vinnslunni (reikniaðferð A), eða út frá magni kalsíum- og magnesíumoxíðs í afurðunum (reikniaðferð B). Þessar aðferðir teljast vera jafngildar og rekstraraðilinn getur sannprófað niðurstöður hvorrar aðferðarinnar um sig með hinni aðferðinni.“

e) Í stað inngangsorðanna í undirlið 2.1.2 undir fyrirsögninni „Reikniaðferð A – karbónöt“ komi eftirfarandi:

„Útreikningar skulu byggjast á magni kalsíumkarbónats og magnesíumkarbónats - og annarra karbónata, ef við á - í hráefninu sem er notað. Beita skal eftirfarandi formúlu:“

f) Eftirfarandi málsliður bætist við í lok fyrstu málsgreinar b-liðar í undirlið 2.1.2: „Eftir því sem við á skulu gildi karbónatsinnhalds löguð að viðkomandi raka- og hratinnihaldi þess karbónats sem er notað og tillit tekið til annarra steinefna með magnesíum en karbónata.“

g) Í stað töflu 1, Hlutfallsstuðlar, komi eftirfarandi:

„Karbónat	Hlutfall(t CO_2/t Ca-, Mg- eða önnur karbónöt)	Athugasemdir
$CaCO_3$	0,440	
MgCO3	0,522	
almennt: $X_Y(CO_3)_Z$	Losunarstuðull = $(M_{CO2})/\{Y * (M_x) + Z * (M_{CO3}^{2-})\}$	X = jarðalkalímálmur eða alkalímálmur M_x = mólþyngd X í [g/mól] M_{CO2} = mólþyngd CO_2 = 44 [g/mól] M_{CO3-} = mólþyngd CO_3^2- = 60 [g/mól] Y = efnahlutfallstala X = 1 (fyrir jarðalkalímálma) = 2 (fyrir alkalímálma) Z = efnahlutfallstala CO_3^{2-} = 1“

h) Í stað orðanna í undirlið 2.1.2 undir fyrirsögninni „Reikniaðferð B – oxíð jarðalkalímálma“ komi eftirfarandi: „Losun á koltvísýringi verður vegna glæðingar karbónata og skal reikna hana út frá magni CaO og MgO í kalkinu, brennda dólómítinu eða magnesíunnar sem framleidd er. Tekið skal tillit til þess Ca og Mg, sem hefur þegar verið glætt og kemur inn í ofninn, t.d. með svifösku eða eldsneyti og hráefni sem inniheldur CaO eða MgO í magni sem skiptir máli, sem og annarra steinefna með magnesíum en karbónata, með því að nota breytistuðulinn. Einnig skal tekið tillit til ofnaryks sem fer út úr ofnakerfinu, eftir því sem við á.“

i. Í stað töflu 2, Hlutfallsstuðlar, komi eftirfarandi:

„Oxíð	Efnahlutfallsstuðlar	Athugasemdir
CaO	0,785 (tonn CO_2 á hvert tonn af oxíði)	
MgO	1,092 (tonn CO_2 á hvert tonn af oxíði)	
almennt: $X_Y(O)_Z$	Losunarstuðull = $(M_{CO2})/\{Y * (M_x) + Z * (M_O)\}$	X = jarðalkalímálmur eða alkalímálmur M_x = mólþyngd X í [g/mól] M_{CO2} = mólþyngd CO_2 = 44 [g/mól] MO = mólþyngd O = 16 [g/mól] Y = efnahlutfallstala X = 1 (fyrir jarðalkalímálma) = 2 (fyrir alkalímálma) Z = efnahlutfallstala O = 1“

IX. VIÐAUKI

Ákvæðum IX. viðauka er breytt sem hér segir:

1) Í stað fyrirsagnar IX. viðauka komi eftirfarandi:

„Sértækar viðmiðunarreglur fyrir framleiðslu á gleri eða steinull til einangrunar eins og tilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB“

2) Ákvæðum 2. liðar er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangsorðanna komi eftirfarandi:

„Við framleiðslu á gleri eða steinull stafar losun koltvísýrings frá eftirfarandi upptökum losunar og efnisstraumum:“

b) Í stað undirliðar 2.1.1 komi eftirfarandi:

„2.1.1. LOSUN VIÐ BRENNSLU

Brennsluferli sem eiga sér stað í stöðvum sem framleiða gler eða steinull skulu vöktuð og tilkynnt í samræmi við II. viðauka. Undir það fellur losun úr viðbættum efnum sem innihalda kolefni (koks og kolaryk, lífræn húðunarefni á glertrefjum og steinull) og hreinsun útblásturs (eftirbrennsla).“

c) Í stað annarrar málsgreinar í undirlið 2.1.2 komi eftirfarandi:

„Koltvísýringur úr karbónötum í hráefninu, sem losnar við bræðslu í ofninum, tengist beint framleiðslu á gleri og steinull og skal reiknaður á grundvelli umbreyttra karbónata úr hráefni – einkum sóda, kalks/kalksteins, dólómíts og annarra alkalí- og jarðalkalíkarbónata ásamt karbónatslausu, endurunnu gleri (glerbrotum).“

X. VIÐAUKI

Ákvæðum X. viðauka er breytt sem hér segir:

1) Í stað fyrirsagnar X. viðauka komi eftirfarandi:

„Sértækar viðmiðunarreglur fyrir framleiðslu á leirvörum og tilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB“

2) Í stað „Í stöðvum sem framleiða keramíkvörur“ í fyrstu línu 2. liðar komi „Við framleiðslu keramíkvara“.

XI. VIÐAUKI

Í stað fyrirsagnar XI. viðauka komi eftirfarandi:

„Sértækar viðmiðunarreglur fyrir framleiðslu á pappírsmauki og pappír eins og tilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB“

XII. VIÐAUKI

Í stað fyrirsagnar XII. viðauka komi eftirfarandi:

„Viðmiðunarreglur til að ákvarða losun eða magn af fluttum gróðurhúsalofttegundum með kerfi fyrir samfelldar mælingar“

XIII. VIÐAUKI

Í undirlið 3.1. í 3. lið XVI. viðauka, þar sem vísað er í T_{ilag}, bætist eftirfarandi við eftir „I. til XII. viðauka“: „og XIX. til XXIV. viðauka“.

XIV. VIÐAUKI

Eftirfarandi XIX. viðauki bætist við:

"XIX. VIÐAUKI

Sértækar viðmiðunarreglur fyrir framleiðslu á sóda og natríumbíkarbónati eins og tilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB

1. **MÖRK OG HEILLEIKI**

Viðmiðunarreglur í þessum viðauka, sem eru sértækar fyrir tiltekna starfsemi, skulu notaðar vegna losunar frá stöðvum sem framleiða sóda og natríumbíkarbónat eins og tilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB

2. **ÁKVÖRÐUN Á LOSUN KOLTVÍSÝRINGS**

Til upptaka koltvísýringslosunar og efnisstrauma hjá stöðvum sem framleiða sóda og natríumbíkarbónat skal telja:

— eldsneyti sem er notað fyrir brennsluferli, t.d. til að framleiða heitt vatn eða gufu,

— hráefni, (t.d. loftunarlofttegundir frá glæðingu kalksteins, svo fremi þær séu ekki notaðar til kolsýringar),

— úrgangsloft frá þvotta- eða síunarskrefum eftir kolsýringu, svo fremi það sé ekki notað til kolsýringar.

2.1. ÚTREIKNINGUR Á LOSUN KOLTVÍSÝRINGS

Þar eð sódi og natríumbíkarbónat innihalda kolefni sem á uppruna sinn í vinnsluílaginu skal byggja útreikningana á losun vegna vinnslu á massajöfnuðaraðferðinni samkvæmt lið 2.1.1. Annað hvort er hægt að vakta losun vegna brennslu á eldsneyti sérstaklega samkvæmt lið 2.1.2 eða taka tillit til hennar í massajöfnuðaraðferðinni.

2.1.1. MASSAJÖFNUÐARAÐFERÐ

Með massajöfnuðaraðferðinni skal tekið tillit til alls kolefnis í ílagi, birgðum, vörum og öðru, sem er flutt út frá stöðinni, til að ákvarða megi losun gróðurhúsalofttegunda á skýrslutímabilinu, að þeim upptökum losunar undanskildum sem eru vöktuð í samræmi við lið 2.1.2 í þessum viðauka. Litið skal svo á að magn koltvísýrings, sem er notað til að framleiða natríumbíkarbónat úr sóda, sé losun. Nota skal eftirfarandi jöfnu:

$$\text{losun } CO_2 \text{ (t } CO_2) = (\text{ílag} - \text{vörur} - \text{útflutningur} - \text{breytingar á birgðastöðu}) * \text{breytistuðull } CO_2/C$$

þar sem:

— ílag (t C): allt kolefni sem kemur inn fyrir mörk stöðvarinnar,

— vörur (t C): allt kolefni í vörum ([1]) og efnum, þ.m.t. aukaafurðir, sem fer út fyrir mörk stöðvarinnar,

— útflutningur (t C): kolefni sem er flutt út fyrir mörk stöðvarinnar í fljótandi og/eða föstum fösum, t.d. losað í fráveitu, urðað eða kolefni sem tapast. Útflutningur tekur ekki til sleppingar gróðurhúsalofttegunda eða kolsýrings út í andrúmsloftið,

— breytingar á birgðastöðu (t C): auknar birgðir af kolefni innan marka massajöfnuðarins.

Útreikningurinn skal síðan gerður á eftirfarandi hátt:

$$\text{losun } CO_2 \text{ (t } CO_2) = (\Sigma \text{ (gögn um starfsemi}_{\text{ílag}} * \text{kolefnisinnihald}_{\text{ílag}}) - \Sigma \text{ (gögn um starfsemi}_{\text{vörur}} * \text{kolefnisinnihald}_{\text{vörur}}) - \Sigma \text{ (gögn um starfsemi}_{\text{útflutningur}} * \text{kolefnisinnihald}_{\text{útflutningur}}) - \Sigma \text{ (gögn um starfsemi}_{\text{birgðabreytingar}} * \text{kolefnisinnihald}_{\text{birgðabreytingar}})) * 3{,}664$$

þar sem:

a) **Gögn um starfsemi**

Rekstraraðilinn skal greina massastreymi til stöðvarinnar og frá henni og breytingar á birgðastöðu allra viðkomandi eldsneytistegunda og efna hvers fyrir sig, og gefa skýrslu um það. Ef kolefnisinnihald massastreymis tengist að jafnaði orkuinnihaldi (eldsneyti) getur rekstraraðilinn ákvarðað og notað kolefnisinnihaldið, sem tengist orkuinnihaldinu (t C/TJ) í viðkomandi massastreymi, við útreikning á massajöfnuðinum.

Aðferðarþrep 1

Gögn um starfsemi fyrir skýrslutímabilið eru ákvörðuð með hámarksóvissu sem er minni en ± 7,5%.

Aðferðarþrep 2

Gögn um starfsemi fyrir skýrslutímabilið eru ákvörðuð með hámarksóvissu sem er minni en ± 5%.

Aðferðarþrep 3

Gögn um starfsemi fyrir skýrslutímabilið eru ákvörðuð með hámarksóvissu sem er minni en ± 2,5%.

Aðferðarþrep 4

Gögn um starfsemi fyrir skýrslutímabilið eru ákvörðuð með hámarksóvissu sem er minni en ± 1,5%.

b) **Kolefnisinnihald**

Aðferðarþrep 1

Kolefnisinnihald í ílags- eða frálagsstraumum skal reiknað út frá viðmiðunarlosunarstuðlum fyrir eldsneyti eða efni sem tilgreindir eru í 11. lið í I. viðauka eða í öðrum viðaukum, sem eru sértækir fyrir tiltekna starfsemi, við þessar viðmiðunarreglur. Kolefnisinnihaldið er reiknað á eftirfarandi hátt:

$$\text{C innihald (t/t eða TJ)} = \text{losunarstuðull (t } CO_2\text{/t eða TJ)}/3{,}664 \text{ (t } CO_2\text{/t C)}$$

Aðferðarþrep 2

Rekstraraðilinn notar sértækt kolefnisinnihald lands fyrir viðkomandi eldsneytistegund eða efni í samræmi við upplýsingar sem viðkomandi aðildarríki tilgreinir í nýjustu landsskrá sinni sem það leggur fyrir skrifstofu rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

Aðferðarþrep 3

Kolefnisinnihald í ílags- eða frálagsstraumi skal reiknað út samkvæmt ákvæðum 13. liðar í I. viðauka að því er varðar töku dæmigerðra sýna af eldsneyti, vörum og aukaafurðum, ákvörðun á kolefnisinnihaldi þeirra og lífmassahluta.

2.1.2. LOSUN VIÐ BRENNSLU

Losun frá brennslu eldsneytis skal vöktuð og tilkynnt í samræmi við II. viðauka nema tekið sé tillit til þeirra við massajöfnuðinn samkvæmt lið 2.1.1.

2.2. MÆLINGAR Á LOSUN KOLTVÍSÝRINGS

Beita skal viðmiðunarreglunum um mælingar í I. og XII. viðauka.

(1) Að því er varðar þennan massajöfnuð skal litið á allt natríumbíkarbónat, sem er framleitt úr sóda, sem sóda.“

XV. VIÐAUKI

Eftirfarandi XX. viðauki bætist við:

„XX. VIÐAUKI

Sértækar viðmiðunarreglur fyrir framleiðslu á ammoníaki eins og tilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB

1. **MÖRK OG HEILLEIKI**

Nota skal viðmiðunarreglurnar í þessum viðauka, sem eru sértækar fyrir tiltekna starfsemi, til að vakta losun frá stöðvum sem framleiða ammoníak eins og tilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB.

Stöðvar sem framleiða ammoníak geta verið hluti af samþættum stöðvum í efna- eða hreinsunariðnaðinum sem hafa í för með sér mikil skipti á orku og efni. Koltvísýringur getur losnað úr brennslu eldsneytis sem og frá því eldsneyti sem er notað sem vinnsluílag við framleiðslu á ammoníaki. Í mörgum stöðvum sem framleiða ammoníak er koltvísýringurinn úr framleiðsluferlinu fangaður og notaður í öðrum framleiðsluferlum, t.d. til að framleiða þvagefni. Koltvísýringur sem er fangaður þannig skal teljast losun.

2. **ÁKVÖRÐUN Á LOSUN KOLTVÍSÝRINGS**

Í stöðvum til framleiðslu á ammoníaki stafar losun á koltvísýringi frá eftirfarandi upptökum losunar og efnisstraumum:

— brennslu eldsneytis til að veita varma til umbreytingar eða hlutaoxunar,

— eldsneyti sem er notað sem vinnsluílag við framleiðsluferli ammoníaksins (umbreyting eða hlutaoxun),

— eldsneyti sem er notað fyrir önnur brennsluferli, t.d. til að framleiða heitt vatn eða gufu.

2.1. ÚTREIKNINGUR Á LOSUN KOLTVÍSÝRINGS

2.1.1. LOSUN VIÐ BRENNSLU

Losun frá brennslu eldsneytis sem er ekki notað sem vinnsluílag skal vöktuð og tilkynnt í samræmi við II. viðauka.

2.1.2. LOSUN FRÁ ELDSNEYTI SEM ER NOTAÐ SEM VINNSLUÍLAG VIÐ FRAMLEIÐSLU Á AMMONÍAKI

Losun frá eldsneyti sem er notað sem vinnsluílag skal vöktuð og tilkynnt í samræmi við II. viðauka.

2.2. MÆLINGAR Á LOSUN KOLTVÍSÝRINGS

Beita skal viðmiðunarreglunum um mælingar í I. og XII. viðauka.“

XVI. VIÐAUKI

Eftirfarandi XXI. viðauki bætist við:

„XXI. VIÐAUKI

Sértækar viðmiðunarreglur fyrir framleiðslu á vetni og tilbúnu gasi eins og tilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB

1. **MÖRK OG HEILLEIKI**

Nota skal viðmiðunarreglurnar í þessum viðauka, sem eru sértækar fyrir tiltekna starfsemi, til að vakta losun frá stöðvum sem framleiða vetni eða tilbúið gas eins og tilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB. Ef framleiðsla vetnis er tæknilega samþætt í jarðolíuhreinsunarstöð skal rekstraraðili þeirrar stöðvar þess í stað beita viðkomandi ákvæðum III. viðauka.

Stöðvar sem framleiða vetni eða tilbúið gas geta verið hluti af samþættum stöðvum í efna- eða hreinsunariðnaðinum sem hafa í för með sér mikil skipti á orku og efni. Koltvísýringur getur losnað úr brennslu eldsneytis sem og frá því eldsneyti sem er notað sem vinnsluílag.

2. **ÁKVÖRÐUN Á LOSUN KOLTVÍSÝRINGS**

Í stöðvum til framleiðslu á vetni eða tilbúnu gasi stafar losun á koltvísýringi frá eftirfarandi upptökum losunar og efnisstraumum:

— eldsneyti sem er notað sem vinnsluílag við framleiðsluferli vetnisins eða tilbúna gassins (umbreyting eða hlutaoxun),

— eldsneyti sem er notað fyrir önnur brennsluferli, t.d. til að framleiða heitt vatn eða gufu.

2.1. ÚTREIKNINGUR Á LOSUN KOLTVÍSÝRINGS

2.1.1. LOSUN VIÐ BRENNSLU

Losun frá brennslu eldsneytis sem er ekki notað sem vinnsluílag við framleiðslu á vetni eða tilbúnu gasi heldur fyrir aðra brennsluferla skal vöktuð og tilkynnt í samræmi við II. viðauka.

2.1.2. LOSUN FRÁ ELDSNEYTI SEM ER NOTAÐ SEM VINNSLUÍLAG

Losun frá eldsneyti sem er notað sem vinnsluílag við framleiðslu á vetni skal reiknuð með því að nota ílagstengdu aðferðirnar sem mælt er fyrir um í lið 2.1.2.1. Nota skal massajöfnuð samkvæmt lið 2.1.2.2 vegna framleiðslu á tilbúnu gasi. Ef vetni og tilbúið gas eru framleidd á sömu stöð er rekstraraðilanum heimilt að velja hvort hann reiknar viðkomandi losun út frá báðum framleiðsluferlum með því að nota einn massajöfnuð samkvæmt lið 2.1.2.2.

2.1.2.1. VETNISFRAMLEIÐSLA

Losun frá eldsneyti sem er notað sem vinnsluílag skal reiknuð með formúlunni

$$\text{losun } CO_2 = \text{gögn um starfsemi} * \text{losunarstuðull}$$

þar sem

— gögn um starfsemi eru gefin upp sem nettóorkuinnihald eldsneytisins sem er notað sem vinnsluílag (TJ) eða, ef notaður er massa- eða rúmmálstengdur losunarstuðull, sem magn eldsneytis sem er notað sem vinnsluílag (t eða Nm3),

— losunarstuðull er gefinn upp í tonnum af CO_2/TJ eða tonnum af CO_2/t eða í tonnum af CO_2/Nm^3 af eldsneyti sem er notað sem vinnsluílag.

Beita skal eftirfarandi kröfum um aðferðarþrep:

a) **Gögn um starfsemi**

Gögn um starfsemi eru yfirleitt gefin upp sem nettóorkuinnihald í því eldsneyti sem notað er (TJ) meðan á skýrslutímabili stendur. Reikna skal út orkuinnihald notaðs eldsneytis með því að nota eftirfarandi formúlu:

Orkuinnihald notaðs eldsneytis (TJ) = notað eldsneyti (t eða Nm3) * nettóvarmagildi eldsneytis (TJ/t eða TJ/Nm^3)

Ef notaður er massa- eða rúmmálstengdur losunarstuðull (t CO_2/t eða t CO_2/Nm^3) eru gögn um starfsemi gefin upp sem það eldsneytismagn sem notað er (t eða Nm3).

þar sem:

(a1) **Eldsneyti sem er notað**

Aðferðarþrep 1

Magn eldsneytis sem er notað sem vinnsluígildi (t eða Nm3) sem er unnið á skýrslutímabilinu, fengið með hámarksóvissu ± 7,5%.

Aðferðarþrep 2

Magn eldsneytis sem er notað sem vinnsluígildi (t eða Nm3) sem er unnið á skýrslutímabilinu, fengið með hámarksóvissu ± 5,0%.

Aðferðarþrep 3

Magn eldsneytis sem er notað sem vinnsluígildi (t eða Nm3) sem er unnið á skýrslutímabilinu, fengið með hámarksóvissu ± 2,5%.

Aðferðarþrep 4

Magn eldsneytis sem er notað sem vinnsluígildi (t eða Nm3) sem er unnið á skýrslutímabilinu, fengið með hámarksóvissu ± 1,5%.

(a2) **Nettóvarmagildi**

Aðferðarþrep 1

Fyrir hverja eldsneytistegund eru notuð þau viðmiðunargildi sem tilgreind eru í 11. lið I. viðauka.

Aðferðarþrep 2a

Rekstraraðilinn notar sértæk nettóvarmagildi lands fyrir viðkomandi eldsneytistegund í samræmi við upplýsingar sem viðkomandi aðildarríki tilgreinir í nýjustu landsskrá sinni sem það leggur fyrir skrifstofu rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

Aðferðarþrep 2b

Að því er varðar eldsneyti á markaði er stuðst við nettóvarmagildið sem er fengið úr innkaupaskrám eldsneytisbirgis fyrir viðkomandi eldsneyti, að því tilskildu að það hafi verið ákvarðað samkvæmt samþykktum landsstöðlum eða alþjóðlegum stöðlum.

Aðferðarþrep 3

Rekstraraðili, samningsbundin rannsóknarstöð eða eldsneytisbirgir mælir nettóvarmagildið sem er dæmigert fyrir eldsneyti stöðvar í samræmi við ákvæði 13. liðar I. viðauka.

b) **Losunarstuðull**

Aðferðarþrep 1

Viðmiðunargildin sem eru tiltekin í 11. lið I. viðauka við þessar viðmiðanir eru notuð.

Aðferðarþrep 2a

Rekstraraðilinn notar sértæka losunarstuðla lands fyrir viðkomandi eldsneytistegund í samræmi við upplýsingar sem viðkomandi aðildarríki tilgreinir í nýjustu landsskrá sinni sem það leggur fyrir skrifstofu rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

Aðferðarþrep 2b

Rekstraraðilinn reiknar út losunarstuðla fyrir eldsneyti á grundvelli annarrar hvorrar eftirfarandi settrar viðmiðunar:

— mælingar á eðlismassa tiltekinna olía eða lofttegunda sem eru sameiginlegar fyrir t.d. hreinsunar- eða stáliðnaðinn og

— nettóvarmagildis fyrir tilteknar tegundir kola,

ásamt fylgni, sem byggist á athugunum, sem er ákvörðuð a.m.k. einu sinni á ári samkvæmt ákvæðum 13. liðar í I. viðauka. Rekstraraðilinn skal sjá til þess að fylgnin uppfylli kröfur um góðar starfsvenjur í verkfræði og að henni sé aðeins beitt að því er varðar gildi fyrir viðmiðunina sem eru á fyrirhuguðu bili.

Aðferðarþrep 3

Nota skal losunarstuðul, sem er sértækur fyrir tiltekna starfsemi (CO_2/TJ eða CO_2/t eða CO_2/Nm3 hráefnis), sem er reiknaður út frá kolefnisinnihaldi eldsneytisins sem er notað skv. 13. lið I. viðauka.

2.1.2.2. FRAMLEIÐSLA Á TILBÚNU GASI

Þar eð framleitt, tilbúið gas inniheldur hluta af kolefninu úr eldsneytinu sem er notað sem vinnsluílag skal nota massajöfnuðaraðferð til að reikna út losun gróðurhúsalofttegunda.

Með massajöfnuðaraðferðinni skal tekið tillit til alls kolefnis í ílagi, birgðum, vörum og öðru, sem er flutt út frá stöðinni, til að ákvarða megi losun gróðurhúsalofttegunda á skýrslutímabilinu, að þeim upptökum losunar undanskildum sem eru vöktuð í samræmi við liði 2.1.1 og 2.1.2.1 í þessum viðauka. Nota skal eftirfarandi jöfnu:

$$\text{losun } CO_2 \text{ (t } CO_2) = (\text{ílag} - \text{vörur} - \text{útflutningur} - \text{breytingar á birgðastöðu}) * \text{breytistuðull } CO_2/C$$

þar sem:

— ílag (t C): allt kolefni sem kemur inn fyrir mörk stöðvarinnar,

— vörur (t C): allt kolefni í vörum og efnum, þ.m.t. aukaafurðir, sem fer út fyrir mörk stöðvarinnar,

— útflutningur (t C): kolefni sem er flutt út fyrir mörk stöðvarinnar, t.d. losað í fráveitu, urðað eða kolefni sem tapast. Útflutningur tekur ekki til sleppingar gróðurhúsalofttegunda eða kolsýrings út í andrúmsloftið,

— breytingar á birgðastöðu (t C): auknar birgðir af kolefni innan marka massajöfnuðarins.

Útreikningurinn skal síðan gerður á eftirfarandi hátt:

$$\text{losun } CO_2 \text{ (t } CO_2) = (\Sigma \text{ (gögn um starfsemi}_{\text{ílag}} * \text{kolefnisinnihald}_{\text{ílag}}) - \Sigma \text{ (gögn um starfsemi}_{\text{vörur}} * \text{kolefnisinnihald}_{\text{vörur}}) - \Sigma \text{ (gögn um starfsemi}_{\text{útflutningur}} * \text{kolefnisinnihald}_{\text{útflutningur}}) - \Sigma \text{ (gögn um starfsemi}_{\text{birgðabreytingar}} * \text{kolefnisinnihald}_{\text{birgðabreytingar}})) * 3{,}664$$

þar sem:

a) **Gögn um starfsemi**

Rekstraraðilinn skal greina massastreymi til stöðvarinnar og frá henni og breytingar á birgðastöðu allra viðkomandi eldsneytistegunda og efna hvers fyrir sig, og gefa skýrslu um það. Ef kolefnisinnihald massastreymis tengist að jafnaði orkuinnihaldi (eldsneyti) getur rekstraraðilinn ákvarðað og notað kolefnisinnihaldið, sem tengist orkuinnihaldinu (t C/TJ) í viðkomandi massastreymi, við útreikning á massajöfnuðinum.

Aðferðarþrep 1

Gögn um starfsemi fyrir skýrslutímabilið eru ákvörðuð með hámarksóvissu sem er minni en ± 7,5%.

Aðferðarþrep 2

Gögn um starfsemi fyrir skýrslutímabilið eru ákvörðuð með hámarksóvissu sem er minni en ± 5%.

Aðferðarþrep 3

Gögn um starfsemi fyrir skýrslutímabilið eru ákvörðuð með hámarksóvissu sem er minni en ± 2,5%.

Aðferðarþrep 4

Gögn um starfsemi fyrir skýrslutímabilið eru ákvörðuð með hámarksóvissu sem er minni en ± 1,5%.

b) **Kolefnisinnihald**

Aðferðarþrep 1

Kolefnisinnihald í ílags- eða frálagsstraumum skal reiknað út frá viðmiðunarlosunarstuðlum fyrir eldsneyti eða efni sem tilgreindir eru í 11. lið í I. viðauka eða í öðrum viðaukum, sem eru sértækir fyrir tiltekna starfsemi, við þessar viðmiðunarreglur. Kolefnisinnihaldið er reiknað á eftirfarandi hátt:

C innihald (t/t eða TJ) = losunarstuðull (t CO_2/t eða TJ)/3,664 (t CO_2/t C)

Aðferðarþrep 2

Rekstraraðilinn notar sértækt kolefnisinnihald lands fyrir viðkomandi eldsneytistegund eða efni í samræmi við upplýsingar sem viðkomandi aðildarríki tilgreinir í nýjustu landsskrá sinni sem það leggur fyrir skrifstofu rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

Aðferðarþrep 3

Kolefnisinnihald í ílags- eða frálagsstraumi skal reiknað út samkvæmt ákvæðum 13. liðar í I. viðauka að því er varðar töku dæmigerðra sýna af eldsneyti, vörum og aukaafurðum, ákvörðun á kolefnisinnihaldi þeirra og lífmassahluta.

2.2. MÆLINGAR Á LOSUN KOLTVÍSÝRINGS

Beita skal viðmiðunarreglunum um mælingar í I. og XII. viðauka.“

XVII. VIÐAUKI

Eftirfarandi XXII. viðauki bætist við:

„XXII. VIÐAUKI

Sértækar viðmiðunarreglur fyrir framleiðslu á lífrænum efnasamböndum í lausu eins og tilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB

1. **MÖRK OG HEILLEIKI**

Nota skal viðmiðunarreglurnar í þessum viðauka, sem eru sértækar fyrir tiltekna starfsemi, til að vakta losun frá framleiðslu lífrænna efnasambanda í lausu eins og tilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB. Ef slík framleiðsla er tæknilega samþætt í jarðolíuhreinsunarstöð skal rekstraraðili þeirrar stöðvar þess í stað beita viðkomandi ákvæðum III. viðauka, einkum vegna losunar frá sundrunarhvötum.

Stöðvar sem framleiða lífræn efnasambönd í lausu geta verið hluti af samþættum stöðvum í efna- eða hreinsunariðnaðinum sem hafa í för með sér mikil skipti á orku og efni. Koltvísýringur getur losnað úr brennslu eldsneytis sem og frá því eldsneyti eða þeim efnum sem eru notuð sem vinnsluílag.

2. **ÁKVÖRÐUN Á LOSUN KOLTVÍSÝRINGS**

Meðal mögulegra upptaka losunar á koltvísýringi eru eldsneyti og ílagsefni í eftirfarandi ferlum:

— sundrun (hvötuð eða óhvötuð),

— umbreyting,

— oxun að hluta eða til fulls,

— svipuð ferli sem leiða til losunar á koltvísýringi frá kolefni í hráefni úr vetniskolefni,

— bruna úrgangslofts og brennslu gass í afgaslogum,

— önnur brennsla á eldsneyti til að veita varma við fyrrnefnd ferli.

2.1. ÚTREIKNINGUR Á LOSUN KOLTVÍSÝRINGS

Ef um er að ræða brennsluferli þar sem eldsneytið sem er notað er ekki hluti af eða stafar ekki frá efnahvörfum við framleiðslu lífrænna efnasambanda í lausu, t.d. til að veita varma eða raforku við vinnslu, skal losunin vöktuð og tilkynnt samkvæmt lið 2.1.1. Í öllum öðrum tilvikum skal losun frá framleiðslu á lífrænum efnasamböndum í lausu reiknuð út með massajöfnuðaraðferðinni sem mælt er fyrir um í lið 2.1.2. Gefa skal upp allt CO í útblæstrinum sem CO_2. Heimilt er að nota aðferð byggða á ílagi, eins og kynnt er í II. viðauka, í stað massajöfnuðaraðferðar, ef lögbært yfirvald samþykkir það og með tilliti til bestu starfsvenja í iðnaðinum, ef rekstraraðilinn getur sýnt fram á að hún sé kostnaðarhagkvæmari og leiði til sambærilegrar nákvæmni.

2.1.1. LOSUN VIÐ BRENNSLU

Losun frá brennsluferli skal vöktuð og tilkynnt í samræmi við II. viðauka. Ef hreinsun úrgangslofts fer fram í stöðinni og losunin, sem af henni stafar, er ekki reiknuð með því að nota massajöfnuðinn samkvæmt lið 2.1.2 skal reikna hana út í samræmi við II. viðauka.

2.1.2. MASSAJÖFNUÐARAÐFERÐ

Með massajöfnuðaraðferðinni skal tekið tillit til alls kolefnis í ílagi, birgðum, vörum og öðru, sem er flutt út frá stöðinni, til að gera grein fyrir losun gróðurhúsalofttegunda, að þeim upptökum losunar undanskildum sem eru vöktuð í samræmi við lið 2.1.1 í þessum viðauka. Nota skal eftirfarandi jöfnu:

$$\text{losun (t } CO_2) = (\text{ílag} - \text{vörur} - \text{útflutningur} - \text{breytingar á birgðastöðu}) * \text{breytistuðull } CO_2/C$$

þar sem:

— ílag (t C): allt kolefni sem kemur inn fyrir mörk stöðvarinnar,

— vörur (t C): allt kolefni í vörum og efnum, þ.m.t. aukaafurðir, sem fer út fyrir mörk stöðvarinnar,

— útflutningur (t C): kolefni sem er flutt út fyrir mörk stöðvarinnar, t.d. losað í fráveitu, urðað eða kolefni sem tapast. Útflutningur tekur ekki til sleppingar gróðurhúsalofttegunda eða kolsýrings út í andrúmsloftið,

— breytingar á birgðastöðu (t C): auknar birgðir af kolefni innan marka stöðvarinnar.

Útreikningurinn skal síðan gerður á eftirfarandi hátt:

$$\text{losun } CO_2 \text{ (t } CO_2) = (\Sigma \text{ (gögn um starfsemi}_{\text{ílag}} * \text{kolefnisinnihald}_{\text{ílag}}) - \Sigma \text{ (gögn um starfsemi}_{\text{vörur}} * \text{kolefnisinnihald}_{\text{vörur}}) - \Sigma \text{ (gögn um starfsemi}_{\text{útflutningur}} * \text{kolefnisinnihald}_{\text{útflutningur}}) - \Sigma \text{ (gögn um starfsemi}_{\text{birgðabreytingar}} * \text{kolefnisinnihald}_{\text{birgðabreytingar}})) * 3{,}664$$

þar sem:

a) **Gögn um starfsemi**

Rekstraraðilinn skal greina massastreymi til stöðvarinnar og frá henni og breytingar á birgðastöðu allra viðkomandi eldsneytistegunda og efna hvers fyrir sig, og gefa skýrslu um það. Ef kolefnisinnihald massastreymis tengist að jafnaði orkuinnihaldi (eldsneyti) getur rekstraraðilinn ákvarðað og notað kolefnisinnihaldið, sem tengist orkuinnihaldinu (t C/TJ) í viðkomandi massastreymi, við útreikning á massajöfnuðinum.

Aðferðarþrep 1

Gögn um starfsemi fyrir skýrslutímabilið eru ákvörðuð með hámarksóvissu sem er minni en ± 7,5%.

Aðferðarþrep 2

Gögn um starfsemi fyrir skýrslutímabilið eru ákvörðuð með hámarksóvissu sem er minni en ± 5,0%.

Aðferðarþrep 3

Gögn um starfsemi fyrir skýrslutímabilið eru ákvörðuð með hámarksóvissu sem er minni en ± 2,5%.

Aðferðarþrep 4

Gögn um starfsemi fyrir skýrslutímabilið eru ákvörðuð með hámarksóvissu sem er minni en ± 1,5%.

b) **Kolefnisinnihald**

Aðferðarþrep 1

Kolefnisinnihald í ílags- eða frálagsstreymi skal reiknað út frá viðmiðunarlosunarstuðlum fyrir eldsneyti eða efni sem tilgreind eru í 11. lið í I. viðauka, í eftirfarandi töflu eða í öðrum viðaukum, sem eru sértækir fyrir tiltekna starfsemi, við þessar viðmiðunarreglur. Kolefnisinnihaldið er reiknað á eftirfarandi hátt:

$$\text{C innihald (t/t eða TJ)} = \text{losunarstuðull (t } CO_2\text{/t eða TJ)}/3{,}664 \text{ (t } CO_2\text{/t C)}$$

Að því er varðar efni, sem ekki eru tilgreind í 11. lið í I. viðauka eða í öðrum viðaukum, sem eru sértækir fyrir tiltekna starfsemi, við þessar viðmiðunarreglur, er rekstraraðilum heimilt að reikna kolefnisinnihaldið út frá efnahlutfalli kolefnisinnihalds í hreinu efni og styrk efnisins í ílags- eða frálagsstreyminu.

Tafla

Viðmiðunarlosunarstuðlar ([1])

Efni	Kolefnisinnihald (t C/t hráefni eða C/t vara)
Asetónítríl	0,5852 t C/t
Akrýlnítríl	0,6664 t C/t
Bútadíen	0,888 t C/t
Kinrok	0,97 t C/t
Etýlen	0,856 t C/t

Efni	Kolefnisinnihald (t C/t hráefni eða C/t vara)
Etýlendíklóríð	0,245 t C/t
Etýlenglýkól	0,387 t C/t
Etýlenoxíð	0,545 t C/t
Blásýra	0,4444 t C/t
Metanól	0,375 t C/t
Metan	0,749 t C/t
Própan	0,817 t C/t
Própýlen	0,8563 t C/t
Vínýlklóríðeinliða	0,384 t C/t

([1]) Sjá leiðbeiningar IPCC um landsskrár yfir gróðurhúsalofttegundir frá 2006 („IPCC 2006 Guidelines for National Greenhouse Gas Inventories").

Aðferðarþrep 2

Rekstraraðilinn notar sértækt kolefnisinnihald lands fyrir viðkomandi eldsneytistegund eða efni í samræmi við upplýsingar sem viðkomandi aðildarríki tilgreinir í nýjustu landsskrá sinni sem það leggur fyrir skrifstofu rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

Aðferðarþrep 3

Kolefnisinnihald í ílags- eða frálagsstraumi skal reiknað út samkvæmt ákvæðum 13. liðar í I. viðauka að því er varðar töku dæmigerðra sýna af eldsneyti, vörum og aukaafurðum, ákvörðun á kolefnisinnihaldi þeirra og lífmassahluta.

2.2. MÆLINGAR Á LOSUN KOLTVÍSÝRINGS

Beita skal viðmiðunarreglunum um mælingar í I. og XII. viðauka."

XVIII. VIÐAUKI

Eftirfarandi XXIII. viðauki bætist við:

„XXIII. VIÐAUKI

Sértækar viðmiðunarreglur fyrir framleiðslu eða vinnslu á járnríkum málmum eða járnlausum málmum eins og tilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB

1. **MÖRK OG HEILLEIKI**

Nota skal viðmiðunarreglurnar í þessum viðauka, sem eru sértækar fyrir tiltekna starfsemi, um losun frá framleiðslu eða vinnslu járnríkra málma og járnlausra málma, eins og tilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, nema vegna framleiðslu á hrájárni og stáli og á hrááli.

2. **ÁKVÖRÐUN Á LOSUN KOLTVÍSÝRINGS**

Til upptaka koltvísýringslosunar og efnisstrauma hjá stöðvum sem framleiða eða vinna járnríka og járnlausa málma skal telja:

— hefðbundið eldsneyti (t.d. jarðgas, kol og koks eða brennsluolíu),

— annað eldsneyti (plast, t.d. úr endurvinnslu á rafhlöðum eða kornað (lífrænt) efni frá stöðvum þar sem úrgangur er tættur),

— afoxunarefni (t.d. koks eða grafítrafskaut),

— hráefni (t.d. glæðing kalksteins, dólómíts og málmgrýtis og hreinsaðs málmgrýtis sem inniheldur kolefni),

— afleidd hráefni (t.d. lífræn efni í brotajárni).

2.1. ÚTREIKNINGUR Á LOSUN KOLTVÍSÝRINGS

Í stöðvum þar sem kolefni úr eldsneyti eða ílagsefnum verður eftir í vörunum eða öðrum afurðum framleiðslunnar, t.d. við afoxun málmgrýtis, skal nota massajöfnuðaraðferð (sjá lið 2.1.1). Í stöðvum þar sem þetta á ekki við skal reikna losun frá brennslu og losun frá vinnslu sitt í hvoru lagi (sjá liði 2.1.2 og 2.1.3).

2.1.1. MASSAJÖFNUÐARAÐFERÐ

Með massajöfnuðaraðferðinni skal tekið tillit til alls kolefnis í ílagi, birgðum, vörum og öðru, sem er flutt út frá stöðinni, til að ákvarða megi losun gróðurhúsalofttegunda á skýrslutímabilinu og skal eftirfarandi jafna notuð:

$$\text{losun (t } CO_2) = (\text{ílag} - \text{vörur} - \text{útflutningur} - \text{breytingar á birgðastöðu}) * \text{breytistuðull } CO_2/C$$

þar sem:

— ílag (t C): allt kolefni sem kemur inn fyrir mörk stöðvarinnar,

— vörur (t C): allt kolefni í vörum og efnum, þ.m.t. aukaafurðir, sem fer út fyrir mörk stöðvarinnar,

— útflutningur (t C): kolefni sem er flutt út fyrir mörk stöðvarinnar, t.d. losað í fráveitu, urðað eða kolefni sem tapast. Útflutningur tekur ekki til sleppingar gróðurhúsalofttegunda eða kolsýrings út í andrúmsloftið,

— breytingar á birgðastöðu (t C): auknar birgðir af kolefni innan marka massajöfnuðarins.

Útreikningurinn skal síðan gerður á eftirfarandi hátt:

$$\text{losun } CO_2 \text{ (t } CO_2) = (\Sigma \text{ (gögn um starfsemi}_{\text{ílag}} * \text{kolefnisinnihald}_{\text{ílag}}) - \Sigma \text{ (gögn um starfsemi}_{\text{vörur}} * \text{kolefnisinnihald}_{\text{vörur}}) - \Sigma \text{ (gögn um starfsemi}_{\text{útflutningur}} * \text{kolefnisinnihald}_{\text{útflutningur}}) - \Sigma \text{ (gögn um starfsemi}_{\text{birgðabreytingar}} * \text{kolefnisinnihald}_{\text{birgðabreytingar}})) * 3{,}664$$

þar sem:

a) **Gögn um starfsemi**

Rekstraraðilinn skal greina massastreymi til stöðvarinnar og frá henni og breytingar á birgðastöðu allra viðkomandi eldsneytistegunda og efna hvers fyrir sig, og gefa skýrslu um það. Ef kolefnisinnihald massastreymis tengist að jafnaði orkuinnihaldi (eldsneyti) getur rekstraraðilinn ákvarðað og notað kolefnisinnihaldið, sem tengist orkuinnihaldinu (t C/TJ) í viðkomandi massastreymi, við útreikning á massajöfnuðinum.

Aðferðarþrep 1

Gögn um starfsemi fyrir skýrslutímabilið eru ákvörðuð með hámarksóvissu sem er minni en ± 7,5%.

Aðferðarþrep 2

Gögn um starfsemi fyrir skýrslutímabilið eru ákvörðuð með hámarksóvissu sem er minni en ± 5%.

Aðferðarþrep 3

Gögn um starfsemi fyrir skýrslutímabilið eru ákvörðuð með hámarksóvissu sem er minni en ± 2,5%.

Aðferðarþrep 4

Gögn um starfsemi fyrir skýrslutímabilið eru ákvörðuð með hámarksóvissu sem er minni en ± 1,5%.

b) **Kolefnisinnihald**

Aðferðarþrep 1

Kolefnisinnihald í ílags- eða frálagsstraumum skal reiknað út frá viðmiðunarlosunarstuðlum fyrir eldsneyti eða efni sem tilgreindir eru í 11. lið í I. viðauka eða í öðrum viðaukum, sem eru sértækir fyrir tiltekna starfsemi, við þessar viðmiðunarreglur. Kolefnisinnihaldið er reiknað á eftirfarandi hátt:

$$\text{C innihald (t/t eða TJ)} = \text{losunarstuðull (t } CO_2\text{/t eða TJ)}/3{,}664 \text{ (t } CO_2\text{/t C)}$$

Aðferðarþrep 2

Rekstraraðilinn notar sértækt kolefnisinnihald lands fyrir viðkomandi eldsneytistegund eða efni í samræmi við upplýsingar sem viðkomandi aðildarríki tilgreinir í nýjustu landsskrá sinni sem það leggur fyrir skrifstofu rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

Aðferðarþrep 3

Kolefnisinnihald í ílags- eða frálagsstraumi skal reiknað út samkvæmt ákvæðum 13. liðar í I. viðauka að því er varðar töku dæmigerðra sýna af eldsneyti, vörum og aukaafurðum, ákvörðun á kolefnisinnihaldi þeirra og lífmassahluta.

2.1.2. LOSUN VIÐ BRENNSLU

Losun frá brennsluferlum í stöðvum til vinnslu á járnríkum og járnlausum málmum, sem er ekki vöktuð með massajöfnuðaraðferð, skal vöktuð og tilkynnt í samræmi við II. viðauka.

2.1.3. LOSUN VIÐ VINNSLU

Fyrir hverja tegund ílagsefnis, sem notað er, skal reikna út magn koltvísýrings á eftirfarandi hátt:

$$\text{losun } CO_2 = \Sigma \text{ gögn um starfsemi ílag} * \text{losunarstuðull} * \text{breytistuðull}$$

þar sem:

a) **Gögn um starfsemi**

Aðferðarþrep 1

Magn (t) af ílagsefni og leifum frá vinnslu, sem er notað sem ílagsefni í ferlum sem eru ekki tilkynntir á skýrslutímabilinu samkvæmt lið 2.1.2. í þessum viðauka, eru ákvarðaðir með hámarksóvissu sem er minni en ± 5,0%.

Aðferðarþrep 2

Magn (t) af ílagsefni og leifum frá vinnslu, sem er notað sem ílagsefni í ferlum sem eru ekki tilkynntir á skýrslutímabilinu samkvæmt lið 2.1.2. í þessum viðauka, eru ákvarðaðir með hámarksóvissu sem er minni en ± 2,5%.

b) **Losunarstuðull**

Aðferðarþrep 1

Að því er varðar karbónöt skal nota efnahlutfallsstuðlana sem tilgreindir eru í töflunni hér á eftir:

Tafla

Efnahlutfallsstuðlar fyrir losun

Karbónat	Hlutfall (t CO_2/t Ca-, Mg- eða önnur karbónöt)	Athugasemdir
$CaCO_3$	0,440	
$MgCO_3$	0,522	
almennt: $X_Y(CO_3)_Z$	Losunarstuðull = $(M_{CO2})/\{Y * (M_x) + Z * (M_{CO3}^{2-})\}$	X = málmur M_x = mólþyngd X í [g/mól] M_{CO2} = mólþyngd CO_2 í [g/mól] M_{CO3} = mólþyngd CO_3^{2-} í [g/mól] Y = efnahlutfallstala X Z = efnahlutfallstala CO_3^{2-}

Þessi gildi skulu leiðrétt til að taka mið af raka- og hratinnihaldi þess karbónats sem notað er.

Reikna skal stuðla, sem eru sértækir fyrir tiltekna starfsemi, fyrir leifar frá vinnslu og ílagsefni, önnur en karbónöt sem eru ekki tilkynnt samkvæmt lið 2.1.2 í þessum viðauka, í samræmi við ákvæði 13. liðar I. viðauka.

c) **Breytistuðull**

Aðferðarþrep 1

Breytistuðull: 1,0.

Aðferðarþrep 2

Stuðlar, sem eru sértækir fyrir tiltekna starfsemi, reiknast út frá ákvæðunum í 13. lið I. viðauka og er magn kolefnis í framleiddu sindri, gjalli eða öðru viðkomandi frálagi, sem og síuðu ryki, ákvarðað út frá þeim stuðlum. Ef síað ryk er endurnýtt í vinnslunni skal ekki gera grein fyrir magni kolefnisinnihaldsins [t] til að koma í veg tvítekningu í útreikningum.

2.2. MÆLINGAR Á LOSUN KOLTVÍSÝRINGS

Beita skal viðmiðunarreglunum um mælingar í I. og XII. viðauka.“

XIX. VIÐAUKI

Eftirfarandi XXIV. viðauki bætist við:

„XXIV. VIÐAUKI

Sértækar viðmiðunarreglur fyrir framleiðslu eða vinnslu á hrááli eins og tilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB

1. **MÖRK OG HEILLEIKI**

Nota skal viðmiðunarreglurnar í þessum viðauka, sem eru sértækar fyrir tiltekna starfsemi, um losun frá framleiðslu eða vinnslu á hrááli eins og tilgreint er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB.

Í þessum viðauka eru viðmiðunarreglur um vöktun vegna losunar frá framleiðslu á rafskautum fyrir bræðslu hrááls sem gilda einnig um sjálfstæðar stöðvar fyrir framleiðslu slíkra rafskauta.

2. **ÁKVÖRÐUN Á LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA**

Til upptaka losunar gróðurhúsalofttegunda og efnisstrauma hjá stöðvum sem framleiða eða vinna hráál skal telja:

— eldsneyti til að framleiða varma eða gufu,

— framleiðslu á forskautum (CO_2),

— afoxun áloxíðs við rafgreiningu (CO_2) sem tengist eyðingu rafskauta,

— notkun sóda eða annarra karbónata við hreinsun úrgangslofts (CO_2),

— forskautsris (PFC), þ.m.t. dreifð losun perflúorkolefnis.

2.1. ÚTREIKNINGUR Á LOSUN KOLTVÍSÝRINGS

2.1.1. LOSUN VIÐ BRENNSLU

Losun frá brennslu eldsneytis, þ.m.t. vegna hreinsunar útblásturs, skal vöktuð og tilkynnt í samræmi við II. viðauka nema tekið sé tillit til þeirra við massajöfnuðinn samkvæmt lið 2.1.2.

2.1.2. MASSAJÖFNUÐUR

Losun frá vinnslu vegna framleiðslu á forskautum og eyðingu þeirra skal reiknuð út með massajöfnuðaraðferðinni. Massajöfnuðaraðferðin skal taka mið af öllu kolefni í ílagi, birgðum, vörum og öðru sem tekið er út við blöndun, mótun, bökun og endurvinnslu forskauta sem og eyðingu rafskauta í rafgreiningu. Þegar notuð eru forbökuð forskaut má annaðhvort beita aðskildum massajöfnuði fyrir framleiðslu og eyðingu eða einum sameiginlegum massajöfnuði þar sem tekið er tillit til bæði framleiðslu og eyðingar rafskauta. Ef um er að ræða Søderberg-rafskaut skal rekstraraðilinn nota einn sameiginlegan massajöfnuð. Með massajöfnuðinum skal ákvarða losun gróðurhúsalofttegunda á skýrslutímabilinu með því að nota eftirfarandi jöfnu, óháð því hvort notaður er sameiginlegur eða aðskildur massajöfnuður:

$$\text{losun } CO_2 \text{ (t } CO_2) = (\text{ílag} - \text{vörur} - \text{útflutningur} - \text{breytingar á birgðastöðu}) * \text{breytistuðull } CO_2/C$$

þar sem:

— ílag (t C): allt kolefni sem kemur inn fyrir mörk massajöfnuðarins, t.d. bik, koks, bökunarsalli eða keypt forskaut,

— vörur (t C): allt kolefni í vörum og efnum, þ.m.t. aukaafurðir og úrgangur, sem fer út fyrir mörk massajöfnuðarins, t.d. seld forskaut,

— útflutningur (t C): kolefni sem er flutt út fyrir mörk massajöfnuðarins, t.d. losað í fráveitu, urðað eða kolefni sem tapast. Útflutningur tekur ekki til sleppingar gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið,

— breytingar á birgðastöðu (t C): auknar birgðir af kolefni innan marka massajöfnuðarins.

Útreikningurinn skal síðan gerður á eftirfarandi hátt:

$$\text{losun } CO_2 \text{ (t } CO_2) = (\Sigma \text{ (gögn um starfsemi}_{\text{ílag}} * \text{kolefnisinnihald}_{\text{ílag}}) - \Sigma \text{ (gögn um starfsemi}_{\text{vörur}} * \text{kolefnisinnihald}_{\text{vörur}}) - \Sigma \text{ (gögn um starfsemi}_{\text{útflutningur}} * \text{kolefnisinnihald}_{\text{útflutningur}}) - \Sigma \text{ (gögn um starfsemi}_{\text{birgðabreytingar}} * \text{kolefnisinnihald}_{\text{birgðabreytingar}})) * 3{,}664$$

þar sem:

a) **Gögn um starfsemi**

Rekstraraðilinn skal greina massastreymi til stöðvarinnar og frá henni og breytingar á birgðastöðu allra viðkomandi eldsneytistegunda og efna hvers fyrir sig (t.d. biks, koks eða bökunarsalla), og gefa skýrslu um það. Ef kolefnisinnihald massastreymis tengist að jafnaði orkuinnihaldi (eldsneyti) getur rekstraraðilinn ákvarðað og notað kolefnisinnihaldið, sem tengist orkuinnihaldinu (t C/TJ) í viðkomandi massastreymi, við útreikning á massajöfnuðinum.

Aðferðarþrep 1

Gögn um starfsemi fyrir skýrslutímabilið eru ákvörðuð með hámarksóvissu sem er minni en ± 7,5%.

Aðferðarþrep 2

Gögn um starfsemi fyrir skýrslutímabilið eru ákvörðuð með hámarksóvissu sem er minni en ± 5%.

Aðferðarþrep 3

Gögn um starfsemi fyrir skýrslutímabilið eru ákvörðuð með hámarksóvissu sem er minni en ± 2,5%.

Aðferðarþrep 4

Gögn um starfsemi fyrir skýrslutímabilið eru ákvörðuð með hámarksóvissu sem er minni en ± 1,5%.

b) **Kolefnisinnihald**

Aðferðarþrep 1

Kolefnisinnihald í ílags- eða frálagsstraumum skal reiknað út frá viðmiðunarlosunarstuðlum fyrir eldsneyti eða efni sem tilgreindir eru í 11. lið í I. viðauka eða í öðrum viðaukum, sem eru sértækir fyrir tiltekna starfsemi, við þessar viðmiðunarreglur. Kolefnisinnihaldið er reiknað á eftirfarandi hátt:

$$\text{C innihald (t/t eða TJ)} = \text{losunarstuðull (t } CO_2\text{/t eða TJ)}/3{,}664 \text{ (t } CO_2\text{/t C)}$$

Aðferðarþrep 2

Rekstraraðilinn notar sértækt kolefnisinnihald lands fyrir viðkomandi eldsneytistegund eða efni í samræmi við upplýsingar sem viðkomandi aðildarríki tilgreinir í nýjustu landsskrá sinni sem það leggur fyrir skrifstofu rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

Aðferðarþrep 3

Kolefnisinnihald í ílags- eða frálagsstraumi skal reiknað út samkvæmt ákvæðum 13. liðar í I. viðauka að því er varðar töku dæmigerðra sýna af eldsneyti, vörum og aukaafurðum, ákvörðun á kolefnisinnihaldi þeirra og lífmassahluta.

Hægt er að reikna kolefnisinnihaldið út frá beinni sem og óbeinni greiningu, þ.e. með því að draga mælt innihald þekktra efnisþátta (s.s. brennisteins, vetnis og ösku) frá heildarmagninu, eftir því sem við á og með fyrirvara um samþykki lögbærs yfirvalds.

2.2. MÆLINGAR Á LOSUN KOLTVÍSÝRINGS

Beita skal viðmiðunarreglunum um mælingar í I. og XII. viðauka.

3. **ÁKVÖRÐUN Á LOSUN PERFLÚORKOLEFNA (PFC)**

Í losun perflúorkolefna vegna framleiðslu á hrááli skal felast losun á CF_4 og C_2F_6, gefin upp sem koltvísýringsjafngildi:

$$\text{Perflúrorkolefnislosun (t } CO_{2(e)}) = \text{CF4-losun (t } CO_{2(e)}) + \text{C2F6-losun (t } CO_{2(e)})$$

Koltvísýringsígildi (t CO_2(e)) skulu reiknuð út með að nota gildi hnatthlýnunarmáttar sem eru gefin upp í seinni matsskýrslu milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar (1995, milliríkjanefnd um loftslagsbreytingar, gildi hnatthlýnunarmáttar) (Intergovernmental Panel on Climate Change's Second Assessment Report (1995 IPCC GWP value)). Þau eru:

$$GWP_{CF4} = 6\ 500\ t\ CO_{2(e)}/t\ CF_4$$

$$GWP_{C2F6} = 9\ 200\ t\ CO_{2(e)}/t\ C_2F_6$$

Heildarlosun perflúorkolefnis er reiknuð út frá mælanlegri losun í stokk eða reykháf („losun frá punktupptökum") sem og dreifðri losun út frá söfnunarvirkni stokksins:

Losun perflúorkolefnis (alls) = losun perflúorkolefnis (stokkur)/söfnunarvirkni

Söfnunarvirknin er mæld þegar losunarstuðlar, sem eru sértækir fyrir hverja stöð, eru ákvarðaðir. Við ákvörðunina skal nota nýjustu útgáfu leiðbeininganna sem tilgreindar eru í 3. aðferðarþrepi í lið 4.4.2.4 í viðmiðunarreglum IPCC frá 2006.

Losun á CF_4 og C_2F_6 í stokk eða reykháf skal reiknuð út með annarri af eftirfarandi tveimur aðferðum, með hliðsjón af eftirlitstækninni sem er notuð. Reikniaðferð A er notuð þar sem skráðar eru mínútur í forskautsrisi fyrir hvern rafskautsdag, reikniaðferð B skal notuð þar sem skráð er yfirspenna í forskautsrisi.

Reikniaðferð A – hallaaðferð

Þar sem mældar eru mínútur í forskautsrisi fyrir hvern rafskautsdag skal nota eftirfarandi jöfnur til að ákvarða perflúorkolefnislosun:

$$CF_4\text{-losun (t } CO_{2(e)}) = AEM \times (SEF_{CF4}/1000) \times Pr_{Al} \times GWP_{CF4}$$

$$C_2F_6\text{-losun (t } CO_{2(e)}) = CF_4 \text{ losun} * F_{C2F6} * GWP_{C2F6}$$

þar sem:

AEM = mínútur í forskautsrisi/rafskautsdag

SEF_{CF4} ... ([1]) hallalosunarstuðull ((kg CF_4/t Al framleitt)/(mínútur í forskautsrisi/rafskautsdag))

PrAl ... árleg framleiðsla hrááls (t)

F_{C2F6} = þyngdarhluti C_2F_6 (t C_2F_6/t CF_4)

þar sem

Gögn um starfsemi

a) **Framleiðsla á hrááli**

Aðferðarþrep 1

Framleiðsla á hrááli á skýrslutímabilinu skal ákvörðuð með hámarksóvissu sem er minni en ± 2,5%.

Aðferðarþrep 2

Framleiðsla á hrááli á skýrslutímabilinu skal ákvörðuð með hámarksóvissu sem er minni en ± 1,5%.

b) Mínútur í forskautsrisi

Mínútur í forskautsrisi á hvern rafskautsdag segir til um tíðni forskautsrisa (fjöldi forskautsrisa/rafskautsdag) margfaldað með meðaltímalengd forskautsrisa (mínútur í forskautsrisi/tilvik):

$$AEM = \text{tíðni} \times \text{meðaltímalengd}$$

Aðferðarþrep 1

Gögn um tíðni og meðaltímalengd forskautsrisa fyrir skýrslutímabilið eru ákvörðuð með hámarksóvissu sem er minni en ± 2,5%.

Aðferðarþrep 2

Gögn um tíðni og meðaltímalengd forskautsrisa fyrir skýrslutímabilið eru ákvörðuð með hámarksóvissu sem er minni en ± 1,5%.

Losunarstuðull

Losunarstuðullinn fyrir CF4 (hallalosunarstuðull, SEFCF4) segir til um magn (kg) CF4 sem er losað fyrir hvert tonn af framleiddu áli á hverja mínútu í forskautsrisi/rafskautsdag. Losunarstuðull (þyngdarhluti FC2F6) C2F6 segir til um magn (t) C2F6 sem losað er hlutfallslega miðað við magn (t) CF4 sem er losað.

Aðferðarþrep 1

Notaðir eru losunarstuðlar sem eru sértækir fyrir tiltekna tækni sem er tilgreind í töflu 1.

Tafla 1

Losunarstuðlar, sem eru sértækir fyrir tiltekna tækni, sem tengjast hallaaðferðinni

Tækni	Losunarstuðull fyrir CF4 (SEFCF4) ((kg CF4/t Al)/(AE mínútur/rafskautsdag))	Losunarstuðull fyrir C2F6 (FC2F6) (t C2F6/t CF4)
CWPB rafgreiningartækni	0,143	0,121
Søderberg ker með lóðréttum skautgaffli (VSS)	0,092	0,053

Aðferðarþrep 2

Notaðir eru losunarstuðlar, sem eru sértækir fyrir tiltekna stöð, fyrir CF4 og C2F6 sem fengnir eru með samfelldum eða ósamfelldum mælingum á staðnum. Við ákvörðunina á þessum losunarstuðlum skal nota nýjustu útgáfu leiðbeininganna sem tilgreindar eru í 3. aðferðarþrepi í lið 4.4.2.4 í viðmiðunarreglum IPCC frá 2006 (2). Losunarstuðlana skal ákvarða með ± 15% hámarksóvissu fyrir hvern stuðul.

Ákvarða skal losunarstuðlana a.m.k. á þriggja ára fresti eða oftar, ef nauðsyn krefur, vegna breytinga á stöðinni sem skipta máli. Viðkomandi breytingar taka til breytingar á dreifingu á tímalengd forskautsrisa eða breytingar á stýrialgrími sem hefur áhrif á blöndun tegunda forskautsrisa eða eðli venjubundinnar lúkningar forskautsriss.

Reikniaðferð B — yfirspennuaðferð

Þegar yfirspenna í forskautsrisi er mæld skal nota eftirfarandi jöfnur til að ákvarða perflúorkolefnislosun:

$$CF_4\text{-losun (t } CO_{2(e)}) = OVC \times (AEO/CE) \times Pr_{Al} \times GWP_{CF4} \times 0{,}001$$

$$C_2F_6\text{-losun (t } CO_2\text{-eq)} = CF_4\text{-losun} \times F_{C2F6} \times GWP_{C2F6}$$

og

OVC ... reiknistuðull yfirspennu („losunarstuðull“) gefinn upp sem kg CF_4 á hvert tonn af framleiddu áli á mV yfirspennu

AEO ... yfirspenna í forskautsrisi á hvert rafskaut (mV), ákvarðað sem heildi (tími × spenna yfir markspennunni) deilt með tíma (lengd) gagnasöfnunar

CE ... meðalstraumnýtni álframleiðslu (%)

Pr_{Al} ... árleg framleiðsla hrááls (t)

F_{C2F6} = þyngdarhluti C_2F_6 (t C_2F_6/t CF_4)

Gögn um starfsemi

a) **Framleiðsla á hrááli**

Aðferðarþrep 1

Framleiðsla á hrááli á skýrslutímabilinu skal ákvörðuð með hámarksóvissu sem er minni en ± 2,5%.

Aðferðarþrep 2

Framleiðsla á hrááli á skýrslutímabilinu skal ákvörðuð með hámarksóvissu sem er minni en ± 1,5%.

b) Yfirspenna í forskautsrisi

Hugtakið AEO/CE (yfirspenna í forskautsrisi/straumnýtni) segir til um tímaþætta meðalyfirspennu í forskautsrisi (mV yfirspennu), tilgreint sem meðalstraumnýtni (%).

Aðferðarþrep 1

Yfirspenna í forskautsrisi sem og straumnýtni á skýrslutímabilinu eru hvor um sig ákvörðuð með hámarksóvissu sem er minni en ± 2,5%.

Aðferðarþrep 2

Yfirspenna í forskautsrisi sem og straumnýtni á skýrslutímabilinu eru hvor um sig ákvörðuð með hámarksóvissu sem er minni en ± 1,5%.

Losunarstuðull

Losunarstuðullinn fyrir CF_4 („reiknistuðull yfirspennu“ OVC) sýnir magn (kg) CF_4 sem er losað á hvert tonn af framleiddu áli á hvert millivolt af yfirspennu [mV]. Losunarstuðull (þyngdarhluti FC_2F_6) segir til um magn (t) C_2F_6 sem losað er hlutfallslega miðað við magn (t) CF_4 sem er losað.

Aðferðarþrep 1

Notaðir eru losunarstuðlar sem eru sértækir fyrir tiltekna tækni sem mælt er fyrir um í töflu 2:

Tafla 2

Losunarstuðlar, sem eru sértækir fyrir tiltekna tækni, sem tengjast gögnum um starfsemi vegna yfirpennu

Tækni	Losunarstuðull fyrir CF_4 ((kg CF_4/t Al)/mV)	Losunarstuðull fyrir C_2F_6 (t C_2F_6/t CF_4)
CWPB-rafgreiningartækni	1,16	0,121
Søderberg-ker með lóðréttum skautgaffli (VSS)	Á E V.	0,053

Aðferðarþrep 2

Notaðir eru losunarstuðlar, sem eru sértækir fyrir tiltekna stöð, fyrir CF_4 ((kg CF_4/t Al)/(mV) og C_2F_6 (t C_2F_6/t CF_4) sem fengnir eru með samfelldum eða ósamfelldum mælingum á staðnum. Við ákvörðunina á þessum losunarstuðlum skal nota nýjustu útgáfu leiðbeininganna sem tilgreindar eru í 3. aðferðarþrepi í lið 4.4.2.4 í viðmiðunarreglum IPCC frá 2006 ([2]). Losunarstuðlana skal ákvarða með ± 15% hámarksóvissu fyrir hvern stuðul.

Ákvarða skal losunarstuðlana a.m.k. á þriggja ára fresti eða oftar, ef nauðsyn krefur, vegna breytinga á stöðinni sem skipta máli. Viðkomandi breytingar taka til breytingar á dreifingu á tímalengd forskautsrisa eða breytingar á stýrialgrími sem hefur áhrif á blöndun tegunda forskautsrisa eða eðli venjubundinnar lúkningar forskautsriss.

([1]) Þar sem notaðar eru mismunandi tegundir rafskauta má beita mismunandi hallalosunarstuðlum.

([2]) Alþjóðlega álstofnunin: bókun áliðnaðarins um gróðurhúsalofttegundir (e. *The Aluminium Sector Greenhouse Gas Protocol*), október 2006; Umhverfisstofnun Bandaríkjanna og Alþjóðlega álstofnunin: bókun um mælingu á losun tetraflúormetans (CF4) og hexaflúoretans (C2F6) frá framleiðslu á hrááli (e. *Protocol for Measurement of Tetrafluoromethane (CF4) and Hexafluoroethane (C2F6) Emissions from Primary Aluminum Production*), apríl 2008.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 790/2010 **2015/EES/63/08**

frá 7. september 2010

um breytingu á VII., X. og XI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 frá 3. október 2002 um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis ([1]), einkum fyrstu og annarri undirgrein 1. mgr. 32. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1774/2002 er mælt fyrir um reglur um heilbrigði dýra og manna er varða aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis.

2) Í 19. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um að einungis megi setja unnið dýraprótín og aðrar unnar afurðir, sem nota má sem fóðurefni, á markað ef þær uppfylla tilteknar kröfur. Að því er þetta varðar eru í VII. viðauka við reglugerðina settar fram sértækar kröfur varðandi hollustuhætti við vinnslu á slíkum afurðum og setningu þeirra á markað.

3) Auk þess er í 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1774/2002 kveðið á um að innflutningur til Sambandsins á afurðum, sem um getur í VII. viðauka, og umflutningur þeirra í Sambandinu sé því aðeins leyfður að afurðirnar uppfylli tilteknar kröfur. Þessar kröfur fela m.a. í sér að afurðirnar skuli koma frá þriðja landi eða hlutum þriðju landa sem skulu vera í skrá sem taka skal saman og uppfæra í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í þeirri grein, nema kveðið sé á um annað í VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1774/2002.

4) Broddur er fóðurefni úr dýraríkinu í skilningi skilgreiningarinnar sem mælt er fyrir um í 23. lið I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1774/2002.

5) Í A-hluta V. kafla VII. viðauka við þá reglugerð eru ekki settar fram neinar sértækar kröfur varðandi framleiðslu á broddi eða afurðum úr broddi. Í þeim hluta eru einungis settar fram þær almennu meginreglur að broddur skuli framleiddur við skilyrði sem veita fullnægjandi ábyrgðir að því er varðar heilbrigði dýra.

6) Auk þess eru ekki settar fram sértækar kröfur í B-hluta V. kafla VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1774/2002 vegna innflutnings á broddi og afurðum úr honum og framkvæmdastjórnin hefur ekki mælt fyrir um neina skrá yfir þriðju lönd eða hluta þriðju landa þaðan sem heimilt er að flytja inn brodd. Til samræmis við það er innflutningur til Sambandsins á broddi eða afurðum úr broddi ekki leyfður sem stendur.

7) Áhugi er fyrir því að flytja brodd og afurðir úr broddi inn í Sambandið sem fóðurefni fyrir alidýr og í tæknilegum tilgangi. Rekstraraðilar hafa gefið til kynna áhuga sinn á notkun brodds og afurða úr broddi til framleiðslu á fóðurefni og í tæknilegum tilgangi.

8) Eftirspurn rekstraraðila eftir slíkum afurðum skal fullnægt og því ber að mæla fyrir um reglur vegna innflutnings á slíkum aukaafurðum úr dýrum. Hins vegar er broddur aukaafurð úr dýrum sem kann að skapa hættu á útbreiðslu tiltekinna sjúkdóma til smitnæmra dýra, s.s. gin- og klaufaveiki, berklum, öldusótt og smitandi hvítblæði í nautgripum. Í því skyni að vernda heilbrigði dýra skal innflutningur á broddi og afurðum úr honum því vera háður sérstökum skilyrðum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 237, 8.9.2010, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 197/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 273, 10.10.2002, bls. 1.

9) Í samræmi við fyrstu málsgrein 28. gr. reglugerðar (EB) nr. 1774/2002 skulu ákvæðin sem gilda um innflutning afurða, sem um getur í VII. viðauka við þá reglugerð, frá þriðju löndum hvorki vera hagstæðari né óhagstæðari en þau sem gilda um framleiðslu og setningu þessara afurða á markað í Sambandinu. Þær sértæku kröfur, sem settar eru fram varðandi innflutning á mysu og broddi eða afurðum úr broddi, skulu því einnig gilda um framleiðslu á þessum aukaafurðum úr dýrum og setningu þeirra á markað í Sambandinu.

10) Í áliti Matvælaöryggisstofnunar Evrópu, sem var samþykkt 29. mars 2006, um áhættu fyrir heilbrigði dýra af völdum þess að fóðra dýr á afurðum, sem eru að stofni til úr mjólk, sem eru tilbúnar til notkunar án frekari meðhöndlunar ([1]), var staðfest að koma skuli á sértækum kröfum um hollustuhætti og meðhöndlun á mjólk og afurðum, sem eru að stofni til úr mjólk, til að draga úr áhættu á því að smitsjúkdómar breiðist út, einkum með fóðrun dýra, af tegundum sem eru smitnæmar fyrir gin- og klaufaveiki, á mjólk eða mjólkurafurðum. Þar eð hentug vísindagögn voru ekki fyrir hendi er ekki mælt með neinni meðhöndlun í fyrrnefndu áliti sem myndi veita nauðsynlegar ábyrgðir að því er varðar að gera sjúkdómsvaldana, sem um ræðir, óvirka í broddi á skilvirkan hátt en varðveita um leið mótefni sem þar er að finna.

11) Meðan samþykkt meðhöndlun er ekki fyrir hendi og í því skyni að koma í veg fyrir útbreiðslu hugsanlegra dýrasjúkdóma með broddi og afurðum úr honum er rétt að koma á heilbrigðiskröfum fyrir þessar aukaafurðir úr dýrum sem grundvallast á upprunaábyrgðum.

12) Að því er varðar m.a. að koma í veg fyrir gin- og klaufaveiki skal broddur og afurðir úr honum koma úr dýrum sem eru laus við gin- og klaufaveiki og ekki í hættu á að smitast af þessum sjúkdómi. Innflutningur á broddi og afurðum úr honum skal því takmarkaður við brodd úr nautgripum og afurðir úr honum frá löndum sem eru samþykkt til innflutnings á hrámjólk. Innflutningur á broddi og afurðum úr honum skal takmarkaður við brodd úr nautgripum og afurðir úr honum frá löndum þar sem áhættan á gin- og klaufaveiki er takmörkuð.

13) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/438/EBE frá 29. apríl 2004 um skilyrði varðandi heilbrigði dýra og lýðheilsu og útgáfu heilbrigðisvottorðs dýralæknis vegna innflutnings á hitameðhöndlaðri mjólk, afurðum, sem eru að stofni til úr mjólk, og hrámjólk til manneldis ([2]) er kveðið á um að aðildarríkin skuli einungis heimila innflutning á hrámjólk og afurðum, sem eru að stofni til úr hrámjólk, frá þriðju löndum sem eru tilgreind í A-dálki I. viðauka við ákvörðunina. Skráin yfir þriðju lönd, þaðan sem innflutningur inn í Sambandið á broddi og afurðum úr honum er leyfður, skal af þeim sökum vera eins og skráin yfir þriðju lönd sem sett er fram í A-dálki I. viðauka við ákvörðun 2004/438/EB. Því skal vísa í þá skrá í V. kafla VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1774/2002.

14) Einnig skal taka tillit til heilbrigðisástands, að því er varðar berkla í nautgripum, öldusótt í nautgripum og smitandi hvítblæði í nautgripum, í hjörðum sem broddur og afurðir úr broddi koma úr, einkum ef slíkar aukaafurðir úr dýrum eru ætlaðar til að fóðra dýr eða til framleiðslu á tilteknum tæknilegum afurðum. Hjarðirnar, sem broddur og afurðir úr broddi koma úr, skulu vera lausar við þessa sjúkdóma.

15) Tilskipun ráðsins 64/432/EBE frá 26. júní 1964 um vanda á sviði heilbrigðis dýra sem hefur áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með nautgripi og svín ([3]) gildir um viðskipti með nautgripi innan Sambandsins og þar eru sett fram ákvæði um það hvernig eigi að viðurkenna hjarðir sem sjúkdómslausar. Þar er mælt fyrir um skilgreiningar á nautgripahjörðum sem eru opinberlega lausar við berkla, opinberlega lausar við öldusótt og opinberlega lausar við smitandi hvítblæði í nautgripum. Í kröfum varðandi setningu á markað og innflutning á broddi og afurðum úr honum skal því taka tillit til þessara skilgreininga.

16) Broddur og afurðir úr honum skulu hafa farið í gegnum formeðhöndlun við hátt hitastig í stuttan tíma til að tryggja geymsluþol þeirra. Auk þess skal einungis heimila setningu á markað, þ.m.t. innflutning, á slíkum aukaafurðum úr dýrum ef þær koma úr dýrum sem sýna engin klínísk einkenni sjúkdóms sem getur smitast með broddi í menn eða dýr. Broddur og afurðir úr broddi skulu því framleidd úr nautgripum sem haldnir eru á svæðum sem unnt er að ábyrgjast að gin- og klaufaveiki hafi ekki komið upp á í a.m.k. eitt 21 dags meðgöngutímabil sóttar eftir söfnunina og áður en slíkur broddur eða afurðir úr broddi eru settar á markað í aðildarríkjunum.

17) Í A-hluta V. kafla VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1774/2002 er kveðið á um að mysu, sem á að gefa dýrum sem eru smitnæm fyrir gin- og klaufaveiki og er framleidd úr mjólk sem er meðhöndluð í samræmi við reglurnar sem þar eru settar fram, skuli safnað a.m.k. 16 klukkustundum eftir að mjólkin hefur hlaupið og þar sem pH-gildi hennar skal hafa mælst < 6.0 áður en hún er flutt til dýrabújarða.

18) Í 2. kafla X. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1774/2002 er sett fram ein fyrirmynd að heilbrigðisvottorði fyrir mjólk og mjólkurvörur, sem ekki eru ætlaðar til manneldis og eru upprunnar í þriðju löndum, vegna sendingar til eða umflutnings um Sambandið. Breyta ber þessari fyrirmynd að vottorði til þess að það nái einnig yfir brodd og afurðir úr broddi sem og að það endurspegli nýju reglurnar varðandi mysu.

([1]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2006) 347, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB L 154, 30.4.2004, bls. 72.
([3]) Stjtíð. EB L 121, 29.7.1964, bls. 1977/64.

19) Í XI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1774/2002 er skrá yfir þriðju lönd sem aðildarríkin geta heimilað innflutning frá á tilteknum aukaafurðum úr dýrum sem eru ekki ætlaðar til manneldis. Breyta skal I. hluta þess viðauka til að taka til greina reglurnar um innflutning á broddi og afurðum úr broddi.

20) Kamerún sótti um leyfi fyrir innflutningi á aukaafurðum úr býrækt. Kamerún hefur þegar leyfi fyrir innflutningi á hunangi til manneldis. Breyta skal XII. hluta XI. viðauka eins og við á og Kamerún skal veitt leyfi fyrir innflutningi á aukaafurðum úr býrækt.

21) Því ber að breyta VII., X. og XI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1774/2002 til samræmis við það.

22) Kveða skal á um umbreytingartímabil eftir gildistöku þessarar reglugerðar til að veita hagsmunaaðilum nauðsynlegan tíma til að laga sig að hinum nýju reglum og til að halda megi áfram innflutningi á viðkomandi aukaafurðum úr dýrum inn í Evrópusambandið eins og kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1774/2002, þangað til breytingarnar sem innleiddar eru með þessari reglugerð taka gildi.

23) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

1. gr.

Ákvæðum VII., X. og XI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1774/2002 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Sendingar af mjólk og mjólkurafurðum, sem ekki eru ætlaðar til manneldis, ásamt meðfylgjandi heilbrigðisvottorði sem er útfyllt og undirritað í samræmi við viðeigandi fyrirmynd, sem er sett fram í 2. kafla X. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1774/2002 fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar, skulu áfram samþykktar til innflutnings inn í Sambandið til 30. september 2010, ef vottorðin voru fyllt út og undirrituð fyrir 31. ágúst 2010.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. september 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum VII., X. og XI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1774/2002 er breytt sem hér segir:

1. Í VII. viðauka er V. kafla breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

„V. KAFLI

Sértækar kröfur er varða mjólk, mjólkurafurðir, brodd og afurðir úr broddi“,

b) Ákvæðum A-hluta er breytt sem hér segir:

i. Í stað 3. liðar komi eftirfarandi:

„3. Um mysu, sem á að nota til fóðrunar dýra af tegundum sem eru smitnæmar fyrir gin- og klaufaveiki og sem er framleidd úr mjólk sem er meðhöndluð í samræmi við 1. mgr., gildir eftirfarandi:

a) henni skal annaðhvort safnað a.m.k. 16 klukkustundum eftir að mjólkin hefur hlaupið og pH-gildi hennar skal vera skráð sem minna en 6,0 áður en hún er flutt á dýrabújarðir eða

b) hún skal hafa verið framleidd a.m.k. 21 degi fyrir sendingu og á því tímabili hafi ekki greinst neitt tilvik gin- og klaufaveiki í upprunaaðildarríkinu.“

ii. Eftirfarandi 6. liður bætist við:

„6. Broddur og afurðir úr broddi skulu:

6.1. koma úr nautgripum sem eru haldnir á bújörð þar sem allar nautgripahjarðir teljast opinberlega lausar við berkla, öldusótt og smitandi hvítblæði, eins og skilgreint er í d-, f- og j-lið 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 64/432/EBE,

6.2. hafa verið framleidd a.m.k. 21 degi fyrir sendingu og á því tímabili hafi ekki greinst neitt tilvik gin- og klaufaveiki í upprunaaðildarríkinu,

6.3. hafa verið háhitagerilsneyddar einu sinni (*),

6.4. uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 4. mgr.

(*) Háhitagerilsneyðing í skamman tíma við 72 °C í a.m.k. 15 sekúndur eða jafngild gerilsneyðing sem gefur neikvæða svörun við fosfatasaprófun á nautgripamjólk.“

c) Ákvæðum B-hluta er breytt sem hér segir:

i. Í stað liðar 1.1 komi eftirfarandi:

„1.1. þau eru frá þriðju löndum sem eru tilgreind í skránni í I. hluta A í XI. viðauka,“

ii. Í stað 2. liðar komi eftirfarandi:

„2. Þrátt fyrir ákvæði liðar 1.4 skulu aðildarríkin leyfa innflutning mjólkur og mjólkurafurða frá þriðju löndum sem hafa fengið til þess leyfi samkvæmt A-dálki I. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/438/EB (*), að því tilskildu að mjólkin og mjólkurafurðirnar hafi verið háhitagerilsneyddar einu sinni og:

a) ekki verið send af stað fyrr en a.m.k. 21 dagur var liðinn frá framleiðslu og á því tímabili hafi ekki hafi ekki greinst neitt tilvik gin- og klaufaveiki í þriðja landinu sem er útflutningsland eða

b) verið framvísað á skoðunarstöð á landamærum ESB a.m.k. 21 degi eftir framleiðslu og á því tímabili hafi ekki greinst neitt tilvik gin- og klaufaveiki í þriðja landinu sem er útflutningsland.

(*) Stjtíð. ESB L 154, 30.4.2004, bls. 72.“

iii. Eftirfarandi liður 2a bætist við:

„2a. Aðildarríkin skulu leyfa innflutning á broddi eða afurðum úr broddi úr nautgripum að því tilskildu:

2a.1. að þær séu frá þriðju löndum sem eru tilgreind í skránni í I. hluta B í XI. viðauka,

2a.2. að þær uppfylli skilyrðin sem sett eru fram í lið 1.2 og 1.3,

2a.3. að þær hafi verið háhitagerilsneyddar einu sinni (*) og hafi:

a) ekki verið sendar af stað fyrr en a.m.k. 21 dagur var liðinn frá framleiðslu og á því tímabili hafi ekki hafi ekki greinst neitt tilvik gin- og klaufaveiki í þriðja landinu sem er útflutningsland eða

b) verið framvísað á skoðunarstöð á landamærum ESB a.m.k. 21 degi eftir framleiðslu og á því tímabili hafi ekki greinst neitt tilvik gin- og klaufaveiki í þriðja landinu sem er útflutningsland,

2a.4. að þær séu fengnar úr nautgripum sem falla undir reglubundna heilbrigðisskoðun dýra og dýraafurða til að tryggja að dýrin komi frá bújörðum þar sem allar nautgripahjarðir eru:

a) annaðhvort viðurkenndar sem opinberlega lausar við berkla og öldusótt, eins og er skilgreint í d- og f-lið 2. mgr. 2. gr. tilskipunar nr. 64/432/EBE, eða sem sæta ekki takmörkunum samkvæmt landslöggjöf þriðja landsins, sem er upprunaland broddsins, að því er varðar útrýmingu berkla og öldusóttar og

b) annaðhvort viðurkenndar sem opinberlega lausar við smitandi hvítblæði, eins og er skilgreint í j-lið 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 64/432/EBE, eða eru inni í opinberu kerfi til varnar gegn smitandi hvítblæði og klínískar prófanir og rannsóknarstofuprófanir hafa ekki leitt í ljós nein merki um þann sjúkdóm í hjörðinni næstliðin tvö ár,

2a.5. að allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir hafi verið gerðar að vinnslu lokinni til að koma í veg fyrir mengun broddsins eða afurðanna úr broddinum,

2a.6. að lokaafurðin hafi verið merkt til að gefa til kynna að hún innihaldi efni úr 3. flokki og sé ekki ætluð til manneldis og hafi verið:

a) í nýjum gámum eða

b) flutt sem laust efni í gámum eða með öðrum flutningatækjum sem höfðu fyrir notkun verið hreinsuð rækilega og sótthreinsuð með sótthreinsiefni sem lögbært yfirvald hefur samþykkt.

(*) Háhitagerilsneyðing í skamman tíma við 72 °C í a.m.k. 15 sekúndur eða jafngild gerilsneyðing sem gefur neikvæða svörun við fosfatasaprófun á nautgripamjólk.“

2. Í stað 2. kafla í X. viðauka komi eftirfarandi:

„2. KAFLI

Heilbrigðisvottorð

Fyrir mjólk, mjólkurafurðir, brodd og afurðir úr broddi, sem ekki eru ætlaðar til manneldis, vegna sendingar til eða umflutnings (*) um Evrópusambandið

LAND: **Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir sem eru flutt inn í ESB**

I. hluti: Upplýsingar um vörusendingu

I.1. Sendandi Heiti Heimilisfang Símanr.			I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs	I.2.a
			I.3. Miðlægt lögbært yfirvald	
			I.4. Lögbært staðaryfirvald	
I.5. Viðtakandi Heiti Heimilisfang Póstnúmer Símanr.			I.6. Einstaklingur sem er ábyrgur fyrir farminum í ESB Heiti Heimilisfang Póstnúmer Símanr.	
I.7. Upprunaland	ISO-kóði	I.8. Upprunasvæði Kóði	I.9. Viðtökuland ISO-kóði	I.10. Viðtökusvæði Kóði
I.11. Upprunastaður Heiti Heimilisfang		Samþykkisnúmer	I.12. Ákvörðunarstaður Tollvörugeymsla □ Heiti Heimilisfang Póstnúmer	Samþykkisnúmer
I.13. Fermingarstaður			1.14. Brottfarardagur	
I.15. Flutningatæki Flugvél □ Skip □ Járnbrautarvagn □ Ökutæki □ Annað □ Sanngreining: Tilvísun í skjöl:			I.16. Skoðunarstöð á landamærum við komu til ESB	
			I.17. CITES-Nr.	
I.18. Lýsing á vöru			I.19. Vörunúmer (ST-númer)	
				I.20. Magn
I.21. Hitastig afurðar Við umhverfishita □ Kæld □ Fryst □				I.22. Fjöldi pakkninga
I.23. Auðkenni gáms/innsiglisnúmer				I.24. Tegund umbúða
I.25. Vörur sem eru vottaðar: Til notkunar í fóður □ Til frekari vinnslu□ Til tæknilegra nota □ Annað □				
I.26. Til umflutnings um ESB til þriðja lands □ Þriðja land ISO-kóði			I.27. Til innflutnings eða inntöku í ESB □	
I.28. Auðkenning varanna Tegund Samþykkisnúmer starfsstöðva Framleiðslustöð Eigin þyngd Númer framleiðslulotu				

(*) Strikið yfir það sem á ekki við.

LAND: **Fyrir mjólk, mjólkurafurðir, brodd og afurðir úr broddi, sem ekki eru ætlaðar til manneldis**

II. hluti: Vottorð

II. Heilsufarsupplýsingar	II.a Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b

Ég, undirritaður, opinber dýralæknir, lýsi því yfir að ég hef lesið og skilið reglugerð (EB) nr. 1774/2002 ([1]) og einkum 6. gr. og V. kafla í VII. viðauka við hana og votta að mjólkin ([2]), mjólkurafurðirnar ([2]), broddurinn ([2]) eða afurðir úr broddi ([2]) sem um getur í reit I.28, uppfylla eftirfarandi skilyrði:

II.1. þær voru framleiddar og unnar í … (setjið inn heiti útflutningslands) ([3]), … (setjið inn heiti svæðis) ([3]), sem er tilgreint í viðaukanum við ákvörðun 2004/438/EB og hefur verið laust við gin- og klaufaveiki og nautapest síðustu 12 mánuðina fyrir útflutning og þar hefur ekki átt sér stað bólusetning gegn nautapest á því tímabili,

II.2. þær voru framleiddar úr hrámjólk eða broddi úr dýrum sem sýndu, þegar þau voru mjólkuð, engin klínísk einkenni um sjúkdóm sem getur borist með mjólk eða broddi í menn eða dýr og sem voru haldin í a.m.k. 30 daga fyrir framleiðslu á bújörðum sem sættu ekki opinberum takmörkunum vegna gin- og klaufaveiki eða nautapestar,

II.3. þær eru mjólk eða mjólkurafurðir sem:

([2]) *annaðhvort* [hafa fengið einhverja þá meðhöndlun sem lýst er í lið II.4 eða sambland af þeim]

([2]) *eða* [samanstanda af mysu sem á að gefa dýrum af tegundum sem eru næmar fyrir gin- og klaufaveiki og mysan er fengin úr mjólk sem fékk einhverja þá meðhöndlun sem lýst er í lið II.4 og

([2]) *annaðhvort* [mysunni var safnað a.m.k. 16 klukkustundum eftir hleypingu og pH-gildi hennar er undir 6,]

([2]) ([4]) *eða* [mysan var framleidd a.m.k. 21 degi fyrir sendingu og á því tímabili greindist ekkert tilvik gin- og klaufaveiki í útflutningslandinu,]

([2]) ([4]) *eða* [mysan var framleidd ././., og að teknu tilliti til tímans sem gert er ráð fyrir að ferðin taki er þessi dagsetning a.m.k. 21 degi áður en sendingin kemur á skoðunarstöð á landamærum Evrópusambandsins,]]

II.4. þær hafa fengið eina af eftirtöldum meðhöndlunum:

([2]) *annaðhvort* [háhitagerilsneyðingu í skamman tíma við 72 °C í a.m.k. 15 sekúndur eða jafngilda gerilsneyðingu sem gefur neikvæða svörun við fosfatasaprófun í nautgripamjólk, ásamt:

([2]) *annaðhvort* [annarri háhitagerilsneyðingu í skamman tíma við 72 °C í a.m.k. 15 sekúndur eða jafngildri gerilsneyðingu sem nægir til að ná fram neikvæðri svörun við fosfatasaprófun í nautgripamjólk,]

([2]) *eða* [síðari þurrkun sem, ef um er að ræða mjólk sem ætluð er sem fóður, fer fram ásamt viðbótarhitun í 72 °C eða meira,]

([2]) *eða* [síðara vinnsluferli þar sem pH-gildið er lækkað og haldið undir pH 6 í a.m.k. eina klukkustund,]

([2]) ([4]) *eða* [mjólkin eða mjólkurafurðin var framleidd a.m.k. 21 degi fyrir sendingu og á því tímabili greindist ekkert tilvik gin- og klaufaveiki í útflutningslandinu,]

([2]) ([4]) *eða* [mjólkin eða mjólkurafurðin var framleidd ..././... og að teknu tilliti til tímans sem gert er ráð fyrir að ferðin taki er þessi dagsetning a.m.k. 21 degi áður en sendingin kemur á skoðunarstöð á landamærum Evrópusambandsins,]

([2]) *eða* [dauðhreinsun á stigi sem er a.m.k. F03,]

([2]) *eða* [leifturhitun við 132 °C í a.m.k. eina sekúndu, ásamt:

([2]) *annaðhvort* [síðari þurrkun sem, ef um er að ræða mjólk sem ætluð er sem fóður, fer fram ásamt viðbótarhitun í 72 °C eða meira,]

([2]) *eða* [síðara vinnsluferli þar sem pH-gildið er lækkað og haldið undir pH 6 í a.m.k. eina klukkustund,]

([2]) ([4]) *eða* [mjólkin eða mjólkurafurðin var framleidd a.m.k. 21 degi fyrir sendingu og á því tímabili greindist ekkert tilvik gin- og klaufaveiki í útflutningslandinu,]

([2]) ([4]) *eða* [mjólkin eða mjólkurafurðin var framleidd ..././... og að teknu tilliti til tímans sem gert er ráð fyrir að ferðin taki er þessi dagsetning a.m.k. 21 degi áður en sendingin kemur á skoðunarstöð á landamærum Evrópusambandsins,]]

II.5. þær eru broddur eða afurðir úr broddi úr nautgripum og hafa verið unnar með háhitagerilsneyðingu í skamman tíma við 72 °C í a.m.k. 15 sekúndur eða jafngildri gerilsneyðingu sem gefur neikvæða svörun við fosfatasaprófun í nautgripamjólk, ásamt:

([2]) ([4]) *annaðhvort* [broddurinn eða afurðirnar úr broddinum voru framleiddar a.m.k. 21 degi fyrir sendingu og á því tímabili greindist ekkert tilvik gin- og klaufaveiki í útflutningslandinu,]

([2]) ([4]) *eða* [broddurinn eða afurðirnar úr broddinum voru framleiddar ..././... og að teknu tilliti til tímans sem gert er ráð fyrir að ferðin taki er þessi dagsetning a.m.k. 21 degi áður en sendingin kemur á skoðunarstöð á landamærum Evrópusambandsins,]

LAND: **Fyrir mjólk, mjólkurafurðir, brodd og afurðir úr broddi, sem ekki eru ætlaðar til manneldis**

II. Heilsufarsupplýsingar	II.a Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b

og eru fengnar úr dýrum sem falla undir reglubundna heilbrigðisskoðun dýra og dýraafurða til að tryggja að dýrin komi frá bújörðum þar sem allar nautgripahjarðir:

([2]) ([4]) *annaðhvort* [eru viðurkenndar sem opinberlega lausar við berkla og öldusótt ([5]),]

([2]) ([4]) *eða* [falla ekki undir takmarkanir samkvæmt landslöggjöf þriðja lands, sem er upprunaland þeirra, að því er varðar útrýmingu berkla og öldusóttar,]

og ([2]) ([4]) *annaðhvort* [eru viðurkenndar sem opinberlega lausar við smitandi hvítblæði í nautgripum ([5]),]

([2]) ([4]) *eða* [eru inni í opinberu kerfi til varnar gegn smitandi hvítblæði í nautgripum og klínískar prófanir og rannsóknarstofuprófanir hafa ekki leitt í ljós nein merki um þann sjúkdóm í hjörðinni næstliðin 2 ár,]

II.6. allar varúðarráðstafanir hafa verið gerðar til að komast hjá því að mjólkin/mjólkurafurðin/broddurinn/afurðin úr broddi mengaðist eftir vinnslu,

II.7. mjólkin/mjólkurafurðin/broddurinn/afurðin úr broddi er:

([2]) *annaðhvort* [flutt í nýjum gámum,]

([2]) *eða* [flutt í ökutæki eða gámum fyrir efni í lausu, sem hafa verið sótthreinsaðir fyrir fermingu, með efni sem lögbært yfirvald hefur samþykkt,]

og gámarnir eru merktir þannig að tegund mjólkurinnar/mjólkurafurðanna/broddsins/afurðarinnar úr broddi er tilgreind og með merkimiðum sem á stendur að afurðin sé efni í 3. flokki og ekki ætluð til manneldis.

Athugasemdir:

I. hluti:

– Reitur I.6: Einstaklingur sem er ábyrgur fyrir farminum í ESB: þennan reit á eingöngu að fylla út ef um er að ræða vottorð fyrir umflutningsvöru.

– Reitur I.12: Viðtökustaður: þennan reit á eingöngu að fylla út ef um er að ræða vottorð fyrir umflutningsvöru.

– Reitur I.15: Gefa skal upp skráningarnúmer (járnbrautarvagnar eða gámar og vöruflutningabifreiðar), flugnúmer (loftfar) eða heiti (skip). Ef til af- og endurfermingar kemur skal sendandi upplýsa skoðunarstöð á landamærum um það við komu inn í Evrópusambandið.

– Reitur I.19: Nota skal viðeigandi samræmda tollskrá (ST-númer) Alþjóðatollastofnunarinnar: 23.09.10, 23.09.90, 35.01, 35.02 eða 35.04.

– Reitur I.23: Tilgreina skal gámanúmer og innsiglisnúmer (ef við á), ef um er að ræða gáma fyrir efni í lausu.

– Reitir I.26 og I.27: Fyllið út eftir því hvort um er að ræða umflutnings- eða innflutningsvottorð.

– Reitur I.28: Framleiðslustöð: fyllið út skráningarnúmer stöðvar þar sem meðhöndlun eða vinnsla fór fram.

II. hluti:

([1]) Stjtíð. EB L 273, 10.10.2002, bls. 1.

([2]) Fellið brott eins og við á.

([3]) Útfyllist ef leyfi til innflutnings í Evrópusambandið takmarkast við tiltekin svæði viðkomandi þriðja lands.

([4]) Þetta skilyrði gildir einungis um þriðju lönd sem eru tilgreind í „A“-dálki I. viðauka við ákvörðun 2004/438/EB

LAND: **Fyrir mjólk, mjólkurafurðir, brodd og afurðir úr broddi, sem ekki eru ætlaðar til manneldis**

II. Heilsufarsupplýsingar	II.a Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b

([5]) Hjörð sem er opinberlega laus við berkla og öldusótt eins og mælt er fyrir um í viðauka A við tilskipun ráðsins 64/432/EBE, og hjörð sem er opinberlega laus við smitandi hvítblæði í nautgripum eins og mælt er fyrir um í I. kafla viðauka D við tilskipun ráðsins 64/432/EBE.

– Undirskrift og innsigli skulu vera í öðrum lit en prentaður texti.

– Athugasemd til innflytjandans: þetta vottorð varðar aðeins heilbrigði dýraafurða og verður að fylgja sendingunni þar til hún kemur í skoðunarstöð á landamærum Evrópusambandsins.

Opinber dýralæknir

Nafn (með hástöfum): Menntun, hæfi og titill:

Dagsetning: Undirskrift:“

Stimpill:

3. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XI. viðauka:

a) Í stað I. hluta komi eftirfarandi:

„I. hluti

Skrá yfir þriðju lönd sem aðildarríkin geta heimilað innflutning frá á mjólk, mjólkurafurðum, broddi og afurðum úr broddi (heilbrigðisvottorð í 2. kafla)

A. Mjólk og mjólkurafurðir:

Þriðju lönd sem eru skráð sem leyfð í einhverjum af dálkunum í I. viðauka við ákvörðun 2004/438/EB.

B. Broddur og afurðir úr broddi:

Þriðju lönd sem eru skráð sem leyfð í dálki „A“ í I. viðauka við ákvörðun 2004/438/EB.“

b) Í stað XII. hluta komi eftirfarandi:

„XII. hluti

Skrá yfir þriðju lönd sem aðildarríkin geta heimilað innflutning frá á býræktarafurðum (heilbrigðisvottorð í 13. kafla)

Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 og eftirfarandi land:

— „(CM) Kamerún“.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 142/2011 **2015/EES/63/09**

frá 25. febrúar 2011

um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

Með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (reglugerð um aukaafurðir úr dýrum) ([1]), einkum 5. gr. (2. mgr.) og 6. gr. (ii. liður b-liðar 1. mgr., önnur undirgrein 1. mgr. og önnur undirgrein 2. mgr.), 11. gr. (b- og c-liður 2. mgr. og önnur undirgrein 2. mgr.), 15. gr. (b-, d-, e-, h- og i-liður 1. mgr. og önnur undirgrein 1. mgr.), 17. gr. (2. mgr.) og 18. gr. (3. mgr.), 19. gr. (a-, b- og c-liður 4. mgr. og önnur undirgrein 4. mgr.), 20. gr. (10. og 11. mgr.), 21. gr. (5. og 6. mgr.), 22. gr. (3. mgr.) og 23. gr. (3. mgr.), 27. gr. (a-, b-, og c-liður og e- til h-liður og önnur undirgrein), 31. gr. (2. mgr.), 32. gr. (3. mgr.), 40. gr., 41. gr. (fyrsta og þriðja undirgrein 3. mgr.), 42. gr., 43. gr. (3. mgr.), 45. gr. (4. mgr.), 47. gr. (2. mgr.), 48. gr. (2. mgr., a-liður 7. mgr. og a-liður 8. mgr. og önnur undirgrein 8. mgr.),

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum ([2]), einkum 3. mgr. 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1069/2009 er mælt fyrir um reglur um heilbrigði dýra og manna er varða aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir. Í þeirri reglugerð er sagt til um við hvaða aðstæður skuli farga aukaafurðum úr dýrum til að fyrirbyggja útbreiðslu áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra. Til viðbótar er í þeirri reglugerð tilgreint við hvaða skilyrði megi nota aukaafurðir úr dýrum í fóður og í ýmsum tilgangi, svo sem í snyrtivörur, í lyf og til tæknilegra nota. Í henni er einnig mælt fyrir um að rekstraraðilar séu skuldbundnir til að taka aukaafurðir úr dýrum til meðferðar í fyrirtækjum og stöðvum sem eru undir opinberu eftirliti.

2) Í reglugerð (EB) nr. 1069/2009 er kveðið á um að samþykkja skuli, með framkvæmdarráðstöfunum, nákvæmar reglur um meðferð aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða, s.s. vinnslustaðla, skilyrði er varða hollustuhætti og snið fyrir skjalfestar sannanir sem þurfa að fylgja sendingum aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða til að hægt sé að rekja þær.

3) Mæla skal fyrir um nákvæmu reglurnar um notkun á aukaafurðum úr dýrum og förgun þeirra í þessari reglugerð með það fyrir augum að ná fram markmiðum reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, einkum um sjálfbæra nýtingu á efnum úr dýrum og um hátt verndarstig fyrir heilbrigði manna og dýra í Evrópusambandinu.

4) Reglugerð (EB) nr. 1069/2009 gildir ekki um heila skrokka eða skrokkhluta villtra dýra sem ekki leikur grunur á að séu sýkt eða hafi orðið fyrir áhrifum frá sjúkdómi sem getur smitast í menn eða dýr, að undanskildum lagardýrum sem landað er í viðskiptalegum tilgangi. Þar að auki nær hún ekki til heilla skrokka eða skrokkhluta villtra veiðidýra sem ekki eru hirtir eftir að þau eru felld í samræmi við góðar veiðivenjur. Að því er varðar þessar aukaafurðir úr dýrum sem falla til við veiðar skal þannig staðið að förgun þeirra að komið sé í veg fyrir útbreiðslu á áhættu, eins og við á í tengslum við tilteknar veiðiaðferðir og í samræmi við góðar starfsvenjur atvinnuveiðimanna.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 197/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9.

5) Reglugerð (EB) nr. 1069/2009 tekur til aukaafurða úr dýrum sem ætlaðar eru til að búa til veiðiminjagripi. Tilbúningur slíkra minjagripa, sem og vinnsla á dýrum og hlutum dýra sem aðrar aðferðir eru notaðar við, s.s. plastgerving, skal eiga sér stað við skilyrði sem fyrirbyggja útbreiðslu á áhættu fyrir heilbrigði manna eða dýra.

6) Reglugerð (EB) nr. 1069/2009 tekur til eldhússúrgangs ef hann kemur frá flutningatækjum í alþjóðlegri umferð, s.s. efni úr matvælum sem borin eru fram um borð í flugvél eða skipi sem kemur til Evrópusambandsins frá þriðja landi. Gildissvið þeirrar reglugerðar nær einnig til eldhússúrgangs ef hann er ætlaður sem fóður, til vinnslu í samræmi við eina af þeim vinnsluaðferðum sem leyfðar eru samkvæmt þessari reglugerð eða til ummyndunar í lífgas eða til myltingar. Með reglugerð (EB) nr. 1069/2009 er lagt bann við að alidýrum, öðrum en loðdýrum, sé gefinn eldhússúrgangur. Því má, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1069/2009, vinna og síðan nota eldhússúrgang að því tilskildu að afleidda afurðin sé ekki notuð til að fóðra slík dýr.

7) Til að tryggja samræmi í löggjöf Sambandsins skal nota skilgreininguna á fóðurefnum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2009 frá 13. júlí 2009 um setningu fóðurs á markað og notkun þess, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 79/373/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 80/511/EBE, tilskipunum ráðsins 82/471/EBE, 83/228/EBE, 93/74/EBE, 93/113/EB og 96/25/EB og á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/217/EB ([1]) sem grunninn að skilgreiningu á fóðurefnum úr dýraríkinu í þessari reglugerð.

8) Með reglugerð (EB) nr. 1069/2009 er bannað að senda aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir, sem koma úr smitnæmum tegundum, frá bújörðum, fyrirtækjum, stöðvum eða svæðum sem sæta takmörkunum vegna tilvistar alvarlegs smitsjúkdóms. Til að sjá til þess að verndarstig á sviði heilbrigðis dýra sé hátt í Sambandinu skal skilgreina skrána yfir sjúkdóma í heilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar fyrir landdýr og lagardýr sem skrána yfir alvarlega smitsjúkdóma til að ákvarða umfang þessa banns.

9) Þar sem gildissvið tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/76/EB frá 4. desember 2000 um brennslu úrgangs ([2]) nær ekki til brennslu og sambrennslu tiltekinna aukaafurða úr dýrum skal í þessari reglugerð mæla fyrir um viðunandi reglur um forvarnir gegn heilbrigðisáhættu sem stafað getur af slíkri starfsemi, með tilliti til hugsanlegra áhrifa á umhverfið. Leifar frá rekstri brennslu eða sambrennslu aukaafurða úr dýrum eða afleiddra afurða skulu endurunnar eða þeim fargað, í samræmi við umhverfislöggjöf Sambandsins, einkum þar sem samkvæmt þeirri löggjöf er heimilt að nota fosfórþáttinn úr ösku í áburð og að aska frá brennslu gæludýra sé afhent eigendum þeirra.

10) Afurðum úr dýraríkinu eða matvælum sem inniheldur slíkar afurðir skal einungis fargað með urðun, í samræmi við tilskipun ráðsins 1999/31/EB frá 26. apríl 1999 um urðun úrgangs ([3]), ef þau hafa verið unnin eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 frá 29. apríl 2004 um hollustuhætti sem varða matvæli ([4]), til að draga úr hugsanlegri heilbrigðisáhættu.

11) Banna skal förgun aukaafurða úr dýrum eða afleiddra afurða með skólpi þar sem skólpið er ekki háð kröfum sem myndu tryggja viðeigandi varnir gegn áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra. Gera skal viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir óviðunandi áhættu vegna óviljandi losunar á fljótandi aukaafurðum úr dýrum, svo sem við þrif á gólfum og búnaði sem notaður er við vinnslu.

12) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana ([5]) er mælt fyrir um tilteknar ráðstafanir til að vernda umhverfið og heilbrigði manna. Í b-lið 2. mgr. 2. gr. þeirrar tilskipunar er kveðið á um að tiltekin málefni séu undanþegin gildissviði þeirrar tilskipunar að því marki sem þau falla undir aðra löggjöf Sambandsins, þ.m.t. aukaafurðir úr dýrum sem falla undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 frá 3. október 2002 um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis ([6]), að undanþegnum þeim sem á að brenna, urða eða nota í lífgas- eða myltingarstöð. Sú reglugerð hefur nú verið felld niður og í stað hennar kom reglugerð (EB) nr. 1069/2009 frá 4. mars 2011. Til að tryggja samfellu í löggjöf Sambandsins skulu þau ferli, sem notuð eru til að ummynda aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir í lífgas og láta þær myltast, vera í samræmi við heilbrigðisreglurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, sem og ráðstafanir til verndar umhverfisins sem mælt er fyrir um í tilskipun 2008/98/EB.

([1]) Stjtíð. ESB L 229, 1.9.2009, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 332, 28.12.2000, bls. 91.
([3]) Stjtíð. EB L 182, 16.7.1999, bls. 1.
([4]) Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 1.
([5]) Stjtíð. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3.
([6]) Stjtíð. EB L 273, 10.10.2002, bls. 1.

13) Lögbært yfirvald aðildarríkis skal geta leyft notkun á öðrum vinnslubreytum við ummyndun aukaafurða úr dýrum í lífgas eða til myltingar þeirra, á grunni fullgildingar í samræmi við samræmda fyrirmynd. Í slíkum tilvikum skal vera mögulegt að setja meltunarleifar og moltu á markað í öllu Evrópusambandinu. Þar að auki skal lögbært yfirvald aðildarríkis geta leyft tilteknar vinnslubreytur fyrir ákveðnar aukaafurðir úr dýrum, s.s. eldhússúrgang og blöndur eldhússúrgangs og tiltekinna annarra efna, sem ummyndaðar eru í lífgas eða myltar. Þar sem slík leyfi eru ekki gefin út í samræmi við samræmda fyrirmynd skal einungis setja meltunarleifar og moltu á markað innan aðildarríkis þar sem vinnslubreyturnar hafa verið leyfðar.

14) Til að koma í veg fyrir að matvæli mengist af sjúkdómsvöldum skulu fyrirtæki eða stöðvar sem vinna aukaafurðir úr dýrum vera starfræktar á öðrum stöðum en sláturhús eða önnur fyrirtæki þar sem matvæli eru unnin, einkum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu ([1]), nema vinnsla aukaafurðanna fari fram við skilyrði sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt, með það fyrir augum að fyrirbyggja að áhætta fyrir heilbrigði manna og dýra berist inn í matvælavinnslustöðvarnar.

15) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrörnunar ([2]) er kveðið á um að aðildarríkin skuli fylgja árlegum vöktunaráætlunum vegna smitandi heilahrörnunarsjúkdóma. Dýraskrokkar sem eru notaðir til að fóðra tilteknar tegundir til að efla líffræðilega fjölbreytni skulu falla undir þessar vöktunaráætlanir eftir því sem þurfa þykir til að sjá til þess að þessar áætlanir skili nægjanlegum upplýsingum um algengi smitandi heilahrörnunar í tilteknum aðildarríkjum.

16) Með reglugerð (EB) nr. 1069/2009 er leyft að nota tiltekið efni í 1. flokki sem fóður fyrir hræfuglategundir sem eru í útrýmingarhættu eða verndaðar og fyrir aðrar tegundir á náttúrulegum búsvæðum þeirra, til að efla líffræðilega fjölbreytni. Slík fóðurgjöf skal leyfð fyrir tilteknar tegundir kjötæta sem um getur í tilskipun ráðsins 92/43/EBE frá 21. maí 1992 um vernd náttúrlegra búsvæða og villtra plantna og dýra ([3]) og fyrir tilteknar tegundir ránfugla sem um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/147/EB frá 30. nóvember 2009 um verndun villtra fugla ([4]) með tilliti til náttúrulegra matarvenja þessara tegunda.

17) Með reglugerð (EB) nr. 1069/2009 var innleidd málsmeðferð til að veita leyfi fyrir staðgönguaðferðum við notkun eða förgun á aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum. Framkvæmdastjórnin getur leyft slíkar aðferðir eftir viðtöku álits frá Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin). Til að greiða fyrir mati Matvælaöryggisstofnunarinnar á umsóknum skal mæla fyrir um staðlað snið þar sem umsækjendum er gert ljóst hvers konar sannanir þeir þurfa að leggja fram. Í samræmi við sáttmálana skal vera mögulegt að leggja fram umsóknir um staðgönguaðferðir á opinberum tungumálum Sambandsins, eins og mælt er fyrir um í reglugerð ráðs EBE nr. 1 þar sem ákveðið er hvaða tungumál skulu notuð í Efnahagsbandalagi Evrópu ([5]).

18) Í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 183/2005 frá 12. janúar 2005 um kröfur varðandi hollustuhætti sem varða fóður ([6]) er þess krafist að stjórnendur fóðurfyrirtækja, aðrir en framframleiðendur, geymi og flytji fóður við tiltekin hollustusamleg skilyrði. Þar sem þessi skilyrði draga á jafngildan hátt úr hugsanlegri áhættu skulu fóðurblöndur, sem fengnar eru úr aukaafurðum úr dýrum, ekki falla undir kröfur þessarar reglugerðar um geymslu og flutning.

19) Til að efla vísindi og rannsóknir og sjá til þess að aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir séu notaðar á besta mögulega hátt við greiningu á manna- eða dýrasjúkdómum skal lögbæru yfirvaldi vera heimilt að mæla fyrir um skilyrði að því er varðar sýni af slíkum efnum til rannsókna, menntunar og greininga. Hins vegar skal ekki mæla fyrir um slík skilyrði fyrir sýni af sjúkdómsvöldum sem kveðið er á um sérstakar reglur fyrir í tilskipun ráðsins 92/118/EBE frá 17. desember 1992 varðandi kröfur um heilbrigði dýra og manna sem hafa áhrif á viðskipti innan og innflutning til Bandalagsins á vörum sem umræddar kröfur í sérreglum Bandalagsins sem um getur í I. hluta viðauka A við tilskipun 89/662/EBE, og í tilskipun 90/425/EBE hvað varðar lifandi smitefni, gilda ekki um ([7]).

([1]) Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55.
([2]) Stjtíð. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.
([3]) Stjtíð. EB L 206, 22.7.1992, bls. 7.
([4]) Stjtíð. ESB L 20, 26.1.2010, bls. 7.
([5]) Stjtíð. EB L 17, 6.10.1958, bls. 385/58.
([6]) Stjtíð. ESB L 35, 8.2.2005, bls. 1.
([7]) Stjtíð. EB L 62, 15.3.1993, bls. 49.

20) Með tilskipun 97/78/EB er veitt undanþága fyrir aukaafurðir úr dýrum sem eru ætlaðar til sýninga, að því tilskildu að ekki sé ætlunin að markaðssetja þær, og fyrir aukaafurðir úr dýrum sem eru ætlaðar til tiltekinna rannsókna eða greininga, frá heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum á skoðunarstöðvum á landamærum þar sem þær koma inn í Sambandið. Í þeirri tilskipun er gert ráð fyrir samþykkt framkvæmdarráðstafana fyrir þessar undanþágur. Í þessari reglugerð skal setja fram viðeigandi skilyrði vegna innflutnings á aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum sem ætlaðar eru til sýninga og tiltekinna rannsókna eða greininga, til að sjá til þess að ekki breiðist út óviðunandi áhætta fyrir heilbrigði manna eða dýra þegar slíkar afurðir koma inn í Sambandið. Til að tryggja samfellu í löggjöf Sambandsins og til að veita rekstraraðilum réttarvissu skal mæla fyrir um þessi skilyrði og þessar framkvæmdarráðstafanir fyrir tilskipun 97/78/EB í þessari reglugerð.

21) Að söfnun lokinni skal meðferð aukaafurða úr dýrum fara fram við viðeigandi skilyrði sem tryggja að ekki verði yfirfærsla á óviðunandi áhættu fyrir heilbrigði manna eða dýra. Fyrirtæki eða stöðvar þar sem tiltekin starfsemi fer fram áður en aukaafurðir úr dýrum eru settar í frekari vinnslu skulu vera þannig byggðar og starfa þannig að komið sé í veg fyrir slíka útbreiðslu. Þar á meðal skal telja fyrirtæki eða stöðvar þar sem fram fer starfsemi sem felst í meðferð á aukaafurðum úr dýrum í samræmi við heilbrigðislöggjöf Sambandsins um dýr og dýraafurðir sem hluta af lækningastarfsemi sjálfstætt starfandi dýralækna.

22) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1069/2009 skulu rekstraraðilar sjá til þess að aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir séu rekjanlegar á öllum stigum framleiðsluferlis, notkunar og förgunar, til að forðast óþarfa raskanir á innri markaðnum ef atburðir verða sem tengjast raunverulegri eða hugsanlegri áhættu fyrir heilbrigði manna eða dýra. Því skal rekjanleiki ekki bara tryggður með því að rekstraraðilar framleiði, safni saman eða flytji aukaafurðir úr dýrum heldur einnig með því að rekstraraðilar fargi aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum með brennslu, sambrennslu eða urðun.

23) Gámum og flutningatækjum sem eru notuð undir aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir skal haldið hreinum til að koma í veg fyrir mengun. Þegar þau eru einungis ætluð til flutninga á tilteknu efni, s.s. fljótandi aukaafurð úr dýrum sem skapar ekki óviðunandi heilbrigðisáhættu, mega rekstraraðilar laga ráðstafanir sínar að þeirri raunverulegu áhættu sem stafar af því efni, til að tryggja að komið sé í veg fyrir mengun.

24) Aðildarríkjunum skal heimilað að krefjast þess að rekstraraðilar noti samþætta, tölvuvædda upplýsinga kerfið um heilbrigði dýra og dýraafurða (Traces-kerfið) sem tekið var upp með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/292/EB frá 30. mars 2004 um að taka upp Traces-kerfið og um breytingu á ákvörðun 92/486/EBE ([1]) (hér á eftir nefnt Traces-kerfið) til að leggja fram sannanir fyrir komu sendinga af aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum á ákvörðunarstað. Til vara skal leggja fram sönnun fyrir komu sendinga með fjórða afriti af viðskiptaskjalinu, sem er skilað til framleiðandans. Að loknu fyrsta árinu sem þessi reglugerð er í framkvæmd skal meta reynsluna af notkun þessara tveggja valkosta.

25) Í reglugerð (EB) nr. 853/2004 eru tilgreindar tilteknar vinnslubreytur í tengslum við meðhöndlun á bræddri fitu, fisklýsi og eggjaafurðum sem veita jafngilda vörn gegn hugsanlegri heilbrigðisáhættu, þegar slíkar afurðir eru notaðar í öðrum tilgangi en til manneldis. Því skal leyfa þessar vinnslubreytur sem staðgöngukosti fyrir meðhöndlun á aukaafurðum úr dýrum sem sett er fram í þessari reglugerð.

26) Broddur og afurðir úr broddi skulu koma úr nautgripahjörðum sem eru lausar við tiltekna sjúkdóma sem um getur í tilskipun ráðsins 64/432/EBE frá 26. júní 1964 um vanda á sviði heilbrigðis dýra sem hefur áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með nautgripi og svín ([2]).

27) Tilvísanir í tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur ([3]), tilskipun ráðsins 96/22/EB frá 29. apríl 1996 um að banna í búfjárrækt notkun tiltekinna efna, sem hafa hormónavirkni eða skjaldheftandi virkni, og notkun betaörva ([4]) og tilskipun ráðsins 96/23/EB frá 29. apríl 1996 um ráðstafanir til eftirlits með tilteknum efnum og leifum þeirra í lifandi dýrum og dýraafurðum ([5]) skulu uppfærðar og tilvísunin í tilskipun ráðsins 2009/158/EB frá 30. nóvember 2009 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með alifugla og útungunaregg og á innflutning þeirra frá þriðju löndum ([6]) í heilbrigðisreglunum fyrir viðskipti með óunninn hússdýraáburð skal uppfærð.

28) Tiltekin innflutt efni til framleiðslu á gæludýrafóðri skulu fá meðferð og vera notuð við skilyrði sem eru viðeigandi fyrir þá áhættu sem stafað getur af slíkum efnum. Einkum skal kveða á um að þeim sé beint á

([1]) Stjtíð. ESB L 94, 31.3.2004, bls. 63.
([2]) Stjtíð. EB 121, 29.7.1964, bls. 1977/64.
([3]) Stjtíð. EB L 262, 27.9.1976, bls. 169.
([4]) Stjtíð. EB L 125, 23.5.1996, bls. 3.
([5]) Stjtíð. EB L 125, 23.5.1996, bls. 10.
([6]) Stjtíð. ESB L 343, 22.12.2009, bls. 74.

öruggan hátt til viðtökufyrirtækja eða -stöðva þar sem slík efni, sem og efni í 3. flokki, eru notuð í gæludýrafóður. Að því er varðar viðtökufyrirtæki eða -stöðvar skal heimila lögbæra yfirvaldinu að leyfa geymslu á innfluttu efni með efni í 3. flokki, að því tilskildu að innflutta efnið sé rekjanlegt.

29) Í reglugerð (EB) nr. 1069/2009 er getið um tilteknar afleiddar afurðir sem má setja á markað í samræmi við skilyrði sem mælt er fyrir um í tiltekinni annarri löggjöf Sambandsins. Í þeirri löggjöf er einnig mælt fyrir um skilyrði fyrir innflutningi, söfnun og flutningi aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða til framleiðslu á slíkum afleiddum afurðum. Reglugerð (EB) nr. 1069/2009 gildir hins vegar þegar í áðurnefndri annarri löggjöf Sambandsins er ekki mælt fyrir um skilyrði er varða áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra sem kann að stafa af slíku hráefni. Þar eð ekki hefur verið mælt fyrir um slík skilyrði fyrir efni sem hafa farið í gegnum tiltekin vinnslustig áður en þau uppfylltu skilyrðin fyrir setningu á markað, samkvæmt áðurnefndri annarri löggjöf Sambandsins, skal mæla fyrir um þau í þessari reglugerð. Einkum skal mæla fyrir um skilyrði fyrir innflutningi og meðferð slíkra efna innan Sambandsins samkvæmt ströngum kröfum um eftirlit og upplýsingagjöf til að fyrirbyggja útbreiðslu á hugsanlegri áhættu vegna slíkra efna.

30) Einkum skal mæla fyrir um viðunandi heilbrigðisskilyrði í þessari reglugerð fyrir efni sem eru notuð til framleiðslu á lyfjum í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum ([1]), á dýralyfjum í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/82/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um dýralyf ([2]), á lækningatækjum í samræmi við tilskipun ráðsins 93/42/EBE frá 14. júní 1993 um lækningatæki ([3]), á lækningatækjum til greininga í glasi í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/79/EB frá 27. október 1998 um lækningabúnað til sjúkdómsgreiningar í glasi ([4]), á virkum, ígræðanlegum lækningatækjum í samræmi við tilskipun ráðsins 90/385/EBE frá 20. júní 1990 um samræmingu laga aðildarríkjanna um virk, ígræðanleg lækningatæki ([5]) eða á prófefnum til notkunar á rannsóknarstofum („fullunnar vörur“). Ef dregið er úr áhættunni, sem stafar af slíkum efnum, með hreinsun, þykkingu í afurðinni eða vegna þeirra skilyrða sem fylgt er við meðferð þeirra og förgun, gilda einungis kröfurnar um rekjanleika í reglugerð (EB) nr. 1069/2009 og þessari reglugerð. Í slíkum tilvikum skulu kröfurnar um aðskilnað aukaafurða úr dýrum úr mismunandi flokkum innan fyrirtækis eða stöðvar sem framleiðir fullunnar vörur ekki gilda þegar hægt er, ef rekstraraðilinn beitir reglunum rétt á ábyrgð lögbærs yfirvalds, að útiloka síðari notkun efna til annarra nota, einkum að þau séu tekin til hliðar og notuð í fóður eða matvæli. Sendingar slíkra efna sem flytja á inn í Sambandið skulu sæta heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum á skoðunarstöðvum á landamærum þar sem þær koma inn, í samræmi við tilskipun 97/78/EB, til að ganga úr skugga um að þessar afurðir uppfylli kröfurnar um setningu þeirra á markað innan Sambandsins.

31) Samkvæmt tilskipun ráðsins 2009/156/EB frá 30. nóvember 2009 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra, sem hafa áhrif á flutninga dýra af hestaætt og innflutning þeirra frá þriðju löndum ([6]) er lögboðin tilkynningarskylda fyrir tiltekna sjúkdóma sem dýr af hestaætt eru næm fyrir. Blóðafurðir úr dýrum af hestaætt sem eru ætlaðar til annars en fóðrunar, s.s. blóðafurðir sem ætlaðar eru í dýralyf, skulu koma úr dýrum af hestaætt sem ekki sýndu klínísk einkenni þessara sjúkdóma, til að draga úr áhættu á útbreiðslu þessara sjúkdóma.

32) Leyfilegt skal vera að setja á markað nýjar húðir og skinn í öðrum tilgangi en til manneldis, að því tilskildu að þau uppfylli skilyrðin um heilbrigði dýra að því er varðar nýtt kjöt sem mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 2002/99/EB frá 16. desember 2002 um heilbrigðisreglur um framleiðslu, vinnslu, dreifingu og aðflutning á afurðum úr dýraríkinu til manneldis ([7]), þar sem í þeim skilyrðum er kveðið á um að draga skuli úr hugsanlegri heilbrigðisáhættu á viðeigandi hátt.

33) Heilbrigðisreglurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð vegna framleiðslu og setningar veiðiminjagripa á markað og annars sem búið er til úr dýrum og sem útiloka hugsanlega áhættu, skulu gilda til viðbótar reglunum um verndun tiltekinna tegunda villtra dýra, sem mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 338/97 frá 9. desember 1996 um vernd villtra dýra og plantna með því að setja reglur um viðskipti með þau ([8]), því að markmiðið með þeirri reglugerð er annað. Líffærafræðilegur tilbúningur dýra eða aukaafurða úr dýrum, sem hafa farið í gegnum ferli eins og plastgervingu sem útilokar hugsanlegar áhættur á jafngildan hátt, skal ekki háður takmörkunum sem tengjast heilbrigði dýra, til að greiða fyrir notkun á slíkum tilbúningi, einkum í menntunarskyni.

([1]) Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67.
([2]) Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 1.
([3]) Stjtíð. EB L 169, 12.7.1993, bls. 1.
([4]) Stjtíð. EB L 331, 7.12.1998, bls. 1.
([5]) Stjtíð. EB L 189, 20.7.1990, bls. 17.
([6]) Stjtíð. ESB L 192, 23.7.2010, bls. 1.
([7]) Stjtíð. EB L 18, 23.1.2003, bls. 11.
([8]) Stjtíð. EB L 61, 3.3.1997, bls. 1.

34) Aukaafurðir úr býrækt sem setja á á markað skulu vera lausar við tiltekna sjúkdóma, sem býflugur eru næmar fyrir, sem eru taldir upp í tilskipun ráðsins 92/65/EBE frá 13. júlí 1992 um dýraheilbrigðiskröfur varðandi viðskipti innan Bandalagsins og innflutning til Bandalagsins á dýrum, sæði, eggfrumum og fósturvísum sem dýraheilbrigðiskröfur í sérreglum Bandalagsins er um getur í I. hluta viðauka A við tilskipun 90/425/EBE gilda ekki um ([1]).

35) Evrópuþingið og ráðið hafa skorað á framkvæmdastjórnina að ákveða endapunkt innan framleiðsluferlisins fyrir líffituefnafurðir en eftir hann gilda kröfur reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 ekki lengur um þær. Ákvörðunin um þann endapunkt skal tekin um leið og mat liggur fyrir um getu líffituefnavinnsluferlanna til að draga úr hugsanlegri heilbrigðisáhættu sem getur verið fyrir hendi í dýrafitu í öllum flokkum efna sem eru unnin.

36) Vísa skal til reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2010 frá 12. mars 2010 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra þaðan sem aðflutningur á tilteknum dýrum og nýju kjöti inn í Evrópusambandið er leyfður og um kröfur vegna heilbrigðisvottorða ([2]) í þessari reglugerð, að því marki sem þau þriðju lönd og önnur yfirráðasvæði skulu fá heimild til innflutnings á tilteknum aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum, þar sem áhættan sem stafar af þessum afurðum er nákvæmlega sú sama og sú sem getur hugsanlega komið upp vegna innflutnings á lifandi dýrum eða nýju kjöti.

37) Vísa skal til fleiri skráa yfir þriðju lönd þaðan sem flytja má tiltekin efni úr dýraríkinu til að ákveða frá hvaða þriðju löndum má flytja inn aukaafurðir úr dýrum af viðkomandi tegundum, á grunni svipaðra sjónarmiða sem varða heilbrigðisáhættu og til að tryggja samfellu í löggjöf Sambandsins. Mælt er fyrir um slíkar skrár í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/211/EB frá 6. janúar 2004 um skrá yfir þriðju lönd eða hluta yfirráðasvæða þeirra sem aðildarríkin heimila innflutning frá á lifandi dýrum af hestaætt og sæði, eggfrumum og fósturvísum dýra af hestaætt og um breytingu á ákvörðunum 93/195/EBE og 94/63/EB ([3]), reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 605/2010 frá 2. júlí 2010 um skilyrði varðandi heilbrigði dýra og manna og varðandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir vegna aðflutnings hrámjólkur og mjólkurafurða til manneldis inn í Evrópusambandið ([4]), ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/766/EB frá 6. nóvember 2006 um skrár yfir þriðju lönd og yfirráðasvæði sem innflutningur á samlokum, skrápdýrum, möttuldýrum, sæsniglum og lagarafurðum er leyfður frá ([5]), reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 798/2008 frá 8. ágúst 2008 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólf, þaðan sem leyft er að flytja alifugla og alifuglaafurðir inn í Bandalagið og í umflutning gegnum Bandalagið, og um kröfur varðandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir ([6]) og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 119/2009 frá 9. febrúar 2009 um skrár yfir þriðju lönd eða hluta þeirra fyrir innflutning á kjöti af villtum dýrum af héraætt, tilteknum villtum landspendýrum og alikanínum inn í Bandalagið eða til umflutnings gegnum Bandalagið og um kröfur varðandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir ([7]).

38) Þar eð úrgangur frá ljósmyndaiðnaðinum, þar sem eru notaðar tilteknar aukaafurðir úr dýrum, s.s. hryggjarsúlur úr nautgripum, skapar ekki einungis áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra heldur einnig fyrir umhverfið skal annaðhvort farga honum eða flytja hann út til þriðja landsins þar sem aukaafurðirnar eru upprunnar, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 frá 14. júní 2006 um tilflutning úrgangs ([8]).

39) Vísa skal til skrárinnar yfir skoðunarstöðvar á landamærum, sem mælt er fyrir um í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2009 um að taka saman skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum, um að mæla fyrir um tilteknar reglur um skoðanir, sem framkvæmdar eru af heilbrigðissérfræðingum Bandalagsins á sviði dýra og dýraafurða og um að mæla fyrir um dýralæknaeiningar í Traces-tölvukerfinu ([9]), í reglunum um umflutning tiltekinna aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða gegnum Evrópusambandið á milli yfirráðasvæða Rússneska sambandsríkisins. Nota skal samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalið fyrir dýr og dýraafurðir sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 136/2004 frá 22. janúar 2004 um reglur um heilbrigðiseftirlit dýralæknis á skoðunarstöðvum Bandalagsins á landamærum með afurðum sem eru fluttar inn frá þriðju löndum ([10]) fyrir slíkan umflutning.

40) Í þessari reglugerð skal kveðið á um að heilbrigðisvottorðin, sem eiga að fylgja sendingum af aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum á komustað inn í Sambandið þar sem heilbrigðiseftirlit með dýrum og dýraafurðum fer fram, skuli gefin út í samræmi við meginreglur um vottun sem eru jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 96/93/EB frá 17. desember 1996 um vottun dýra og dýraafurða ([11]).

([1]) Stjtíð. EB L 268, 14.9.1992, bls. 54.
([2]) Stjtíð. ESB L 73, 20.3.2010, bls. 1.
([3]) Stjtíð. ESB L 73, 11.3.2004, bls. 1.
([4]) Stjtíð. ESB L 175, 10.7.2010, bls. 1.
([5]) Stjtíð. ESB L 320, 18.11.2006, bls. 53.
([6]) Stjtíð. ESB L 226, 23.8.2008, bls. 1.
([7]) Stjtíð. ESB L 39, 10.2.2009, bls. 12.
([8]) Stjtíð. ESB L 190, 12.7.2006, bls. 1.
([9]) Stjtíð. ESB L 296, 12.11.2009, bls. 1.
([10]) Stjtíð. ESB L 21, 28.1.2004, bls. 11.
([11]) Stjtíð. EB L 13, 16.1.1997, bls. 28.

41) Til að tryggja samræmi í löggjöf Sambandsins skal framkvæma opinbert eftirlit með öllu ferli aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða í samræmi við almennar skuldbindingar um opinbert eftirlit sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt ([1]).

42) Því er nauðsynlegt að mæla fyrir um framkvæmdarráðstafanir fyrir reglugerð (EB) nr. 1069/2009 í þessari reglugerð.

43) Reglugerð (EB) nr. 1069/2009 fellir úr gildi reglugerð (EB) nr. 1774/2002 frá og með 4. mars 2011.

44) Í framhaldi af samþykkt reglugerðar (EB) nr. 1774/2002 voru tilteknar framkvæmdargerðir samþykktar, þ.e. reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 811/2003 ([2]) um bann við endurvinnslu, þegar um er að ræða eina og sömu fisktegundina og um gröft og brennslu tiltekinna aukaafurða úr dýrum, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/322/EB ([3]) um fóðrun tiltekinna hræfugla á tilteknum efnum úr 1. flokki, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/324/EB ([4]) um undanþágu frá banni við endurvinnslu, þegar um er að ræða eina og sömu loðdýrategundina, reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 79/2005 ([5]) um mjólk og afurðir sem eru að stofni til úr mjólk, (EB) nr. 92/2005 ([6]) um aðferðir við förgun eða notkun, (EB) nr. 181/2006 ([7]) um lífrænan áburð og jarðvegsbæti, annan en húsdýraáburð, (EB) nr. 1192/2006 ([8]) um skrár yfir samþykktar stöðvar og (EB) nr. 2007/2006 ([9]) um innflutning og umflutning tiltekinna milliafurða, sem fást úr efni úr 3. flokki.

45) Því til viðbótar voru samþykktar tilteknar umbreytingarráðstafanir, einkum reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 878/2004 ([10]) um innflutning og meðhöndlun tiltekinna efna í 1. flokki og 2. flokki, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/407/EB ([11]) um innflutning tiltekinna efna til framleiðslu á ljósmyndunargelatíni og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 197/2006 ([12]) um meðferð og förgun á matvælum sem eru ekki lengur ætluð til neyslu, til að mæla fyrir um ráðstafanir sem eru í réttu hlutfalli við áhættuna vegna tiltekinnar notkunar aukaafurða úr dýrum.

46) Til að einfalda enn frekar reglur Sambandsins um aukaafurðir úr dýrum, eins og embætti formanns ráðsins óskaði eftir þegar reglugerð (EB) nr. 1069/2009 var samþykkt, voru þessar framkvæmdar- og umbreytingarráðstafanir endurskoðaðar. Nú skal, eftir því sem nauðsyn krefur, fella þær niður og í staðinn kemur þessi reglugerð, til að mynda samfelldan lagaramma fyrir aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir.

47) Reglugerð (EB) nr. 1069/2009 gildir frá og með 4. mars 2011 og því til samræmis skal þessi reglugerð einnig gilda frá sama tíma. Því til viðbótar er nauðsynlegt að kveða á um umbreytingartímabil til að gefa hagsmunaaðilum tíma til að aðlaga sig nýju reglunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og til að setja á markað tilteknar afurðir sem voru framleiddar í samræmi við heilbrigðisreglur Sambandsins sem voru í gildi fyrir þá dagsetningu og til að gera ráð fyrir áframhaldandi innflutningi þegar kröfurnar í þessari reglugerð koma til framkvæmdar.

48) Setningu á markað og útflutningi á tilteknum afurðum, sem um getur í reglugerð (EB) nr. 878/2004, skal haldið áfram í samræmi við landsráðstafanir þar sem tengd áhætta, vegna hins takmarkaða magns efna sem um ræðir, gerir sem stendur kleift að setja reglur þar að lútandi á landsvísu, á meðan beðið er eftir hugsanlegri samræmingu í framtíðinni. Á meðan beðið er eftir samþykkt ráðstafana vegna söfnunar og förgunar á tilteknu takmörkuðu magni af afurðum úr dýraríkinu frá smásölugeiranum á grundvelli frekari sannana skal lögbæra yfirvaldið áfram geta leyft söfnun og förgun slíkra afurða með öðrum aðferðum, að því tilskildu að tryggð sé jafngild vernd fyrir heilbrigði manna og dýra.

49) Í samræmi við kröfuna sem Evrópuþingið setti fram þegar það samþykkti reglugerð (EB) nr. 1069/2009 í fyrstu umræðu, og með tilliti til sértækari tillagna þingsins um að fjalla um tiltekin tæknileg málefni, voru drög að þessari reglugerð send 27. september 2010 til nefndar hennar um umhverfismál, lýðheilsu og öryggi matvæla, til skoðanaskipta.

50) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni og gildissvið

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um framkvæmdarráðstafanir:

a) fyrir reglur um heilbrigði dýra og manna er varða aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1069/2009,

([1]) Stjtíð. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB L 117, 13.5.2003, bls. 14.
([3]) Stjtíð. ESB L 117, 13.5.2003, bls. 32.
([4]) Stjtíð. ESB L 117, 13.5.2003, bls. 37.
([5]) Stjtíð. ESB L 16, 20.1.2005, bls. 46.
([6]) Stjtíð. ESB L 19, 21.1.2005, bls. 27.
([7]) Stjtíð. ESB L 29, 2.2.2006, bls. 31.
([8]) Stjtíð. ESB L 215, 5.8.2006, bls. 10.
([9]) Stjtíð. ESB L 379, 28.12.2006, bls. 98.
([10]) Stjtíð. ESB L 162, 30.4.2004, bls. 62.
([11]) Stjtíð. ESB L 151, 30.4.2004, bls. 11.
([12]) Stjtíð. ESB L 32, 4.2.2006, bls. 13.

b) varðandi tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum á skoðunarstöðvum á landamærum, eins og kveðið er á um í e- og f-lið 1. mgr. 16. gr. í tilskipun 97/78/EB.

2. gr.

Skilgreiningar

Að því er varðar þessa reglugerð gilda skilgreiningarnar í I. viðauka.

3. gr.

Endapunktur í framleiðsluferlinu fyrir tilteknar afleiddar afurðir

Setja má eftirfarandi afleiddar afurðir, aðrar en þær sem eru innfluttar, á markað án takmarkana, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 5. gr. í reglugerð (EB) nr. 1069/2009:

a) lífdísilolíu sem uppfyllir kröfurnar um förgun og notkun á afleiddum afurðum sem settar eru fram í b-lið 2. liðar 3. þáttar IV. kafla IV. viðauka,

b) unnið gæludýrafóður sem uppfyllir sértæku kröfurnar um unnið gæludýrafóður sem settar eru fram í a-lið 7. liðar II. kafla XIII. viðauka,

c) nagbein sem uppfylla sértæku kröfurnar um nagbein sem settar eru fram í b-lið 7. liðar II. kafla XIII. viðauka,

d) húðir og skinn hóf- og klaufdýra sem uppfylla sértæku kröfurnar um endapunktinn fyrir slíkar afurðir sem settar eru fram í C-lið V. kafla XIII. viðauka,

e) ull og hár sem uppfylla sértæku kröfurnar um endapunktinn fyrir slíkar afurðir sem settar eru fram í B-lið VII. kafla XIII. viðauka,

f) fjaðrir og dún sem uppfylla sértæku kröfurnar um endapunktinn fyrir slíkar afurðir sem settar eru fram í C-lið VII. kafla XIII. viðauka,

g) loðskinn sem uppfylla skilyrðin í VIII. kafla XIII. viðauka.

4. gr.

Alvarlegir smitandi sjúkdómar

Líta skal á þá sjúkdóma, sem Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin hefur skráð í grein 1.2.3. í útgáfu heilbrigðisreglnanna um landdýr frá 2010 og grein 1.3 í útgáfu heilbrigðisreglnanna um lagardýr frá 2010, sem alvarlega smitandi sjúkdóma að því er varðar almennar takmarkanir er varða heilbrigði dýra, eins og kveðið er á um í ii. lið b-liðar 1. mgr. 6. gr. í reglugerð (EB) nr. 1069/2009.

II. KAFLI

FÖRGUN OG NOTKUN Á AUKAAFURÐUM ÚR DÝRUM OG AFLEIDDUM AFURÐUM

5. gr.

Takmarkanir á notkun á aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum

1. Rekstraraðilar í aðildarríkjum sem um getur í I. kafla II. viðauka skulu fara að skilyrðunum, sem sett eru fram í þeim kafla, um fóðrun loðdýra með tilteknum efnum sem eru fengin úr skrokkum eða skrokkhlutum dýra af sömu tegund.

2. Rekstraraðilar skulu fara að takmörkununum á fóðrun alidýra með beitarjurtum af landi þar sem notaður hefur verið tiltekinn lífrænn áburður eða jarðvegsbætir, eins og segir í II. kafla II. viðauka.

6. gr.

Förgun með brennslu og sambrennslu

1. Lögbæra yfirvaldið skal sjá til þess að brennsla og sambrennsla aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða eigi sér einungis stað:

a) í brennslustöðvum og sambrennslustöðvum sem hafa fengið leyfi í samræmi við tilskipun 2000/76/EB eða

b) ef um er að ræða stöðvar sem ekki er krafist að hafi leyfi samkvæmt tilskipun 2000/76/EB: í brennslu- og sambrennslustöðvum sem hafa verið samþykktar af lögbæru yfirvaldi til að framkvæma förgun með brennslu, eða förgun eða endurnýtingu aukaafurða úr dýrum eða afleiddra afurða með sambrennslu, ef þær eru úrgangur, í samræmi við b- eða c-lið 1. mgr. 24. gr. í reglugerð (EB) nr. 1069/2009.

2. Lögbæra yfirvaldið skal einungis samþykkja brennslustöðvar og sambrennslustöðvar sem um getur í b-lið 1. liðar, í samræmi við b- eða c-lið 1. mgr. 24. gr. í reglugerð (EB) nr. 1069/2009, ef þær uppfylla kröfurnar sem um getur í III. viðauka við þessa reglugerð.

3. Rekstraraðilar brennslustöðva og sambrennslustöðva skulu fara að almennu kröfunum um brennslu og sambrennslu sem settar eru fram í I. kafla III. viðauka.

4. Rekstraraðilar brennslu- og sambrennslustöðva með mikla afkastagetu skulu fara að kröfunum í II. kafla III. viðauka.

5. Rekstraraðilar brennslu- og sambrennslustöðva með litla afkastagetu skulu fara að kröfunum í III. kafla III. viðauka.

7. gr.

Urðun tiltekinna efna í 1. og 3. flokki

Þrátt fyrir 12. gr. og c-lið 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 getur lögbæra yfirvaldið leyft förgun eftirfarandi efna í 1. og 3. flokki á viðurkenndum urðunarstað:

a) á innfluttu gæludýrafóðri eða gæludýrafóðri sem framleitt er úr innfluttum efnum úr efni í 1. flokki sem um getur í c-lið 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009,

b) á efnum í 3. flokki sem um getur í f- og g-lið 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 að því tilskildu að:

i. slík efni hafi ekki komist í snertingu við neina af þeim aukaafurðum úr dýrum sem um getur í 8. og 9. gr. og 10. gr. (a- til e-liður og h- til p-liður) þeirrar reglugerðar,

ii. þegar ætlunin er að farga þeim hafi efnin:

— sem um getur í f-lið 10. gr. þeirrar reglugerðar verið unnin eins og skilgreint er í m-lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 852/2004 og

— sem um getur í g-lið 10. gr. þeirrar reglugerðar verið unnin í samræmi við II. kafla X. viðauka við þessa reglugerð eða í samræmi við sértæku kröfurnar fyrir gæludýrafóður sem settar eru fram í II. kafla XIII. viðauka við þessa reglugerð og

iii. förgun slíkra efna skapi hvorki áhættu fyrir heilbrigði dýra né manna.

8. gr.

Kröfur sem varða vinnslustöðvar og önnur fyrirtæki

1. Rekstraraðilar skulu sjá til þess að vinnslustöðvar og önnur fyrirtæki undir þeirra stjórn uppfylli eftirfarandi kröfur sem settar eru fram í I. kafla IV. viðauka:

a) almennu skilyrðin fyrir vinnslu sem sett eru fram í 1. þætti,

b) kröfurnar um hreinsun skólps sem settar eru fram í 2. þætti,

c) sértæku kröfurnar um vinnslu efna í 1. og 2. flokki sem settar eru fram í 3. þætti,

d) sértæku kröfurnar um vinnslu efna í 3. flokki sem settar eru fram í 4. þætti.

2. Lögbæra yfirvaldið skal einungis samþykkja vinnslustöðvar og önnur fyrirtæki ef þau uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í I. kafla IV. viðauka.

9. gr.

Kröfur sem varða hollustuhætti og vinnslu á vinnslustöðvum og í öðrum fyrirtækjum

Rekstraraðilar skulu sjá til þess að fyrirtæki og stöðvar undir þeirra stjórn uppfylli eftirfarandi kröfur sem settar eru fram í IV. viðauka:

a) kröfur um hollustuhætti og vinnslu sem settar eru fram í II. kafla,

b) stöðluðu vinnsluaðferðirnar sem settar eru fram í III. kafla, að því tilskildu að slíkar aðferðir séu notaðar í fyrirtækinu eða á stöðinni,

c) aðrar vinnsluaðferðir sem settar eru fram í IV. kafla, að því tilskildu að slíkar aðferðir séu notaðar í fyrirtækinu eða stöðinni.

10. gr.

Kröfur varðandi ummyndun aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða í lífgas og myltingu

1. Rekstraraðilar skulu sjá til þess að fyrirtæki og stöðvar undir þeirra stjórn uppfylli eftirfarandi kröfur um ummyndun aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða í lífgas eða til myltingar, sem settar eru fram í V. viðauka:

a) kröfurnar um lífgas- og myltingarstöðvar sem settar eru fram í I. kafla,

b) kröfurnar um hollustuhætti fyrir lífgas- og myltingarstöðvar sem settar eru fram í II. kafla,

c) stöðluðu ummyndunarvinnslubreyturnar sem settar eru fram í 1. þætti III. kafla,

d) staðlana fyrir meltunarleifar og moltu sem settar eru fram í 3. þætti III. kafla.

2. Lögbæra yfirvaldið skal einungis samþykkja lífgas- og myltingarstöðvar ef þær uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í V. viðauka.

3. Lögbæra yfirvaldið getur leyft notkun á öðrum ummyndunarvinnslubreytum fyrir lífgas- og myltingarstöðvar sem falla undir kröfurnar sem settar eru fram í 2. þætti III. kafla V. viðauka.

III. KAFLI

UNDANÞÁGUR FRÁ TILTEKNUM ÁKVÆÐUM REGLUGERÐAR (EB) NR. 1069/2009

11. gr.

Sérreglur um rannsóknar- og greiningarsýni

1. Lögbæra yfirvaldið getur leyft flutning, notkun og förgun rannsóknar- og greiningarsýna samkvæmt skilyrðum sem tryggja varnir gegn áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra.

Lögbæra yfirvaldið skal einkum sjá til þess að rekstraraðilar fari að kröfunum í I. kafla VI. viðauka,

2. Rekstraraðilar skulu fara að sérreglunum um rannsóknar- og greiningarsýni sem settar eru fram í I. kafla VI. viðauka.

3. Rekstraraðilar geta sent rannsóknar- og greiningarsýni sem samanstanda af eftirfarandi aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum til annarra aðildarríkja án þess að tilkynna lögbæra yfirvaldinu í upprunaaðildarríkinu um það, í samræmi við 1. mgr. 48. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 og án þess að lögbæru yfirvaldi viðtökuaðildarríkisins sé tilkynnt um það í gegnum Traces-kerfið og það samþykki að taka við sendingunni í samræmi við 1. og 3. mgr. 48. gr. þeirrar reglugerðar:

a) efni í 1. og 2. flokki og kjöt- og beinamjöl eða dýrafitu sem er afleidd úr efnum í 1. og 2. flokki,

b) unnið dýraprótín.

12. gr.

Sérreglur um vörusýnishorn og sýningargripi

1. Lögbæra yfirvaldið getur leyft flutning, notkun og förgun á vörusýnishornum og sýningargripum samkvæmt skilyrðum sem tryggja varnir gegn áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra.

Lögbæra yfirvaldið skal einkum sjá til þess að rekstraraðilar fari að kröfunum í 2., 3. og 4. lið 1. þáttar I. kafla VI. viðauka.

2. Rekstraraðilar skulu fara að sérreglunum um vörusýnishorn og sýningargripi sem settar eru fram í 2. þætti I. kafla VI. viðauka.

3. Rekstraraðilar geta sent vörusýnishorn sem samanstanda af eftirfarandi aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum til annarra aðildarríkja án þess að tilkynna lögbæra yfirvaldinu í upprunaaðildarríkinu um það, í samræmi við 1. mgr. 48. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 og án þess að lögbæru yfirvaldi viðtökuaðildarríkisins sé tilkynnt um það í gegnum Traces-kerfið og það samþykki að taka við sendingunni í samræmi við 1. og 3. mgr. 48. gr. þeirrar reglugerðar:

a) efni í 1. og 2. flokki og kjöt- og beinamjöl eða dýrafitu sem er afleidd úr efnum í 1. og 2. flokki,

b) unnið dýraprótín.

13. gr.

Sérreglur um fóðrun

1. Rekstraraðilar mega fóðra eftirfarandi dýr á efni úr 2. flokki að því tilskildu að slíkt efni komi úr dýrum sem voru ekki aflífuð eða drápust ekki vegna sjúkdóms sem getur smitast í menn eða dýr eða vegna gruns um slíkt, með fyrirvara um að farið sé að almennu kröfunum sem mælt er fyrir um í 1. þætti II. kafla VI. viðauka og öðrum skilyrðum sem lögbæra yfirvaldið getur mælt fyrir um:

a) dýr í dýragörðum,

b) loðdýr,

c) hunda frá viðurkenndum hundaræktarstöðvum eða hópa veiðihunda,

d) hunda og ketti í athvörfum,

e) maðka og orma sem eru ætlaðir í beitu.

2. Rekstraraðilar mega fóðra eftirfarandi dýr á efni úr 3. flokki með fyrirvara um að farið sé að almennu kröfunum sem mælt er fyrir um í 1. þætti II. kafla VI. viðauka og öðrum skilyrðum sem lögbæra yfirvaldið getur mælt fyrir um:

a) dýr í dýragörðum,

b) loðdýr,

c) hunda frá viðurkenndum hundaræktarstöðvum eða hópa veiðihunda,

d) hunda og ketti í athvörfum,

e) maðka og orma sem eru ætlaðir í beitu.

14. gr.

Fóðrun tiltekinna tegunda á fóðrunarstöðvum og utan þeirra og í dýragörðum

1. Lögbæra yfirvaldið getur leyft notkun á efni úr 1. flokki, sem samanstendur af heilum skrokkum eða skrokkhlutum dauðra dýra sem innihalda sérstakt áhættuefni, til fóðrunar:

a) á fóðrunarstöðvum, fyrir tegundir hræfugla sem eru í útrýmingarhættu eða verndaðar og aðrar tegundir sem halda til á náttúrulegum búsvæðum þeirra, til að efla líffræðilega fjölbreytni, með fyrirvara um að farið sé að skilyrðunum sem sett eru fram í 2. þætti II. kafla VI. viðauka,

b) utan fóðrunarstöðva, ef við á án þess að dauðu dýrunum sé safnað saman, fyrir villt dýr sem um getur í a-lið 1-liðar 2. þáttar II. kafla VI. viðauka, með fyrirvara um að farið sé að skilyrðunum sem sett eru fram í 3. þætti þess kafla.

2. Lögbæra yfirvaldið getur leyft notkun á efni úr 1. flokki, sem samanstendur af heilum skrokkum eða skrokkhlutum dauðra dýra sem innihalda sérstakt áhættuefni, og notkun á efni, sem kemur úr dýrum í dýragörðum, til fóðrunar á dýrum í dýragörðum, með fyrirvara um að farið sé að skilyrðunum sem sett eru fram í 4. þætti II. kafla VI. viðauka.

15. gr.

Sérreglur um söfnun og förgun

Ef lögbæra yfirvaldið leyfir förgun aukaafurða úr dýrum með undanþágunni, sem kveðið er á um í a-, b-, c- og e-lið 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, skal förgunin uppfylla eftirfarandi sérreglur sem settar eru fram í III. kafla VI. viðauka:

a) sérreglur um förgun aukaafurða úr dýrum sem settar eru fram í 1. þætti,

b) reglur um brennslu og urðun aukaafurða úr dýrum á afskekktum svæðum sem settar eru fram í 2. þætti,

c) reglur um brennslu og urðun býflugna og aukaafurða úr býrækt sem settar eru fram í 3. þætti.

IV. KAFLI

LEYFI FYRIR STAÐGÖNGUAÐFERÐUM

16. gr.

Staðlað snið fyrir umsóknir um leyfi fyrir staðgönguaðferðum

1. Aðildarríki eða hagsmunaaðilar skulu leggja fram umsóknir um leyfi fyrir staðgönguaðferðum við notkun eða förgun aukaafurða úr dýrum eða afleiddra afurða, eins og um getur í 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, í samræmi við kröfurnar um staðlað snið fyrir umsóknir er varða staðgönguaðferðir sem settar eru fram í VII. viðauka.

2. Aðildarríkin skulu tilnefna landsbundna tengiliði til að miðla upplýsingum um þau lögbæru yfirvöld sem bera ábyrgð á að meta umsóknir um leyfi fyrir staðgönguaðferðum við notkun eða förgun aukaafurða úr dýrum.

3. Framkvæmdastjórnin skal birta skrá yfir landsbundna tengiliði á vefsetri sínu.

V. KAFLI

SÖFNUN, FLUTNINGAR, AUÐKENNING OG REKJANLEIKI

17. gr.

Kröfur er varða viðskiptaskjöl og heilbrigðisvottorð, auðkenningu, söfnun og flutninga á aukaafurðum úr dýrum og um rekjanleika

1. Rekstraraðilar skulu sjá til þess að aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir:

a) uppfylli kröfurnar um söfnun, flutninga og auðkenningu sem settar eru fram í I. og II. kafla VIII. viðauka og

b) að þeim fylgi, á meðan á flutningi stendur, viðskiptaskjöl eða heilbrigðisvottorð í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í III. kafla í VIII. viðauka.

2. Rekstraraðilar sem senda, flytja eða taka við aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum skulu halda skrár yfir sendingar og tengd viðskiptaskjöl eða heilbrigðisvottorð í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í VI. kafla VIII. viðauka.

3. Rekstraraðilar skulu fara að kröfunum um merkingar á tilteknum afleiddum afurðum sem settar eru fram í V. kafla VIII. viðauka.

VI. KAFLI

SKRÁNING OG SAMÞYKKI FYRIR FYRIRTÆKJUM OG STÖÐVUM

18. gr.

Kröfur varðandi samþykki fyrir einu eða fleiri fyrirtækjum og stöðvum sem hafa til meðferðar aukaafurðir úr dýrum á sama stað

Lögbæra yfirvaldið getur veitt samþykki til eins eða fleiri fyrirtækja eða stöðva sem hafa til meðferðar aukaafurðir úr dýrum á sama staðnum, að því tilskildu að skipulagning þeirra og meðferð aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða innan fyrirtækjanna eða stöðvanna útiloki útbreiðslu á áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra á milli þeirra.

19. gr.

Kröfur varðandi tiltekin samþykkt fyrirtæki og stöðvar sem hafa til meðferðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir

Rekstraraðilar skulu sjá til þess að fyrirtæki og stöðvar undir þeirra stjórn, sem hafa verið samþykkt af lögbæru yfirvaldi, uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í eftirfarandi köflum IX. viðauka við þessa reglugerð, þegar ein eða fleiri af eftirfarandi tegundum starfsemi, sem um getur í 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, fer þar fram:

a) I. kafla þegar um er að ræða framleiðslu gæludýrafóðurs eins og um getur í e-lið 1. mgr. 24. gr. þeirrar reglugerðar,

b) II. kafla þegar um er að ræða geymslu á aukaafurðum úr dýrum, eins og um getur í i-lið 1. mgr. 24. gr. þeirrar reglugerðar, og meðferð aukaafurða úr dýrum eftir söfnun með eftirfarandi aðgerðum sem um getur í h-lið 1. mgr. 24. gr. þeirrar reglugerðar:

   i. flokkun,

   ii. stykkjun,

   iii. kælingu,

   iv. frystingu,

   v. söltun,

   vi. annarri vinnslu til að auka geymsluþol,

   vii. fjarlægingu húða og skinna eða fjarlægingu sérstakra áhættuefna,

   viii. aðgerðum sem fela í sér meðferð aukaafurða úr dýrum og sem fram fara í samræmi við skuldbindingar samkvæmt heilbrigðislöggjöf Sambandsins um dýr og dýraafurðir,

ix. sótthreinsun/gerilsneyðingu aukaafurða úr dýrum sem ummynda á í lífgas eða mylta, áður en slík ummyndun eða mylting fer fram í öðru fyrirtæki eða stöð, í samræmi við V. viðauka við þessa reglugerð,

x. sigtun,

c) III. kafla þegar um er að ræða geymslu á afleiddum afurðum sem fyrirhugað er að nota í sérstökum tilgangi, eins og um getur í j-lið 1. mgr. 24. gr. þeirrar reglugerðar.

20. gr.

Kröfur varðandi tiltekin skráð fyrirtæki og stöðvar sem hafa til meðferðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir

1. Rekstraraðilar skráðra stöðva eða fyrirtækja eða aðrir skráðir rekstraraðilar skulu fara eftir skilyrðunum, sem sett eru fram í IV. kafla IX. viðauka, við meðferð aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða.

2. Skráðir rekstraraðilar sem flytja aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir, þó ekki á milli athafnasvæða sama rekstraraðila, skulu einkum fara að skilyrðunum sem sett eru fram í 2. lið IV. kafla IX. viðauka.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um:

a) samþykkta rekstraraðila sem flytja aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir sem viðbótarstarfsemi,

b) rekstraraðila sem hafa verið skráðir til flutningastarfsemi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 183/2005.

4. Lögbæra yfirvaldið getur undanþegið eftirfarandi rekstraraðila frá tilkynningaskyldunni sem um getur í a-lið 1. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009:

a) rekstraraðila sem hafa til meðferðar eða framleiða veiðiminjagripi eða annan tilbúning, sem um getur í VI. kafla XIII. viðauka við þessa reglugerð, fyrir einkaaðila eða í öðrum tilgangi en til viðskipta,

b) rekstraraðila sem hafa undir höndum eða farga rannsóknar- og greiningarsýnum sem notuð eru í menntunarskyni.

VII. KAFLI

SETNING Á MARKAÐ

21. gr.

Vinnsla og setning aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða á markað til fóðrunar alidýra, annarra en loðdýra

1. Rekstraraðilar skulu fara að eftirfarandi kröfum um setningu á markað, aðra en innflutning, á aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum sem ætlaðar eru til fóðrunar alidýra, annarra en loðdýra, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 31. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, sem settar eru fram í X. viðauka við þessa reglugerð:

a) almennum kröfum varðandi vinnslu og setningu á markað sem settar eru fram í I. kafla,

b) sértæku kröfunum varðandi unnið dýraprótín og aðrar afleiddar afurðir sem settar eru fram í II. kafla,

c) kröfunum varðandi tiltekið fiskafóður og beitu sem settar eru fram í III. kafla.

2. Lögbæra yfirvaldið getur leyft setningu á markað, aðra en innflutning, á mjólk, afurðum sem eru að stofni til úr mjólk og afurðum úr mjólk sem flokkaðar eru sem efni í 3. flokki í samræmi við e-, f- og h-lið 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 og sem hafa ekki verið unnar í samræmi við almennu kröfurnar sem settar eru fram í I. hluta 4. þáttar II. kafla X. viðauka við þessa reglugerð, að því tilskildu að þessi efni uppfylli kröfurnar um undanþágu er varðar setningu mjólkur, sem unnin er samkvæmt landsstöðlunum sem settir eru fram í II. hluta þess þáttar, á markað.

22. gr.

Setning lífræns áburðar og jarðvegsbæta á markað og notkun þeirra

1. Rekstraraðilar skulu fara að kröfunum um setningu á markað, aðra en innflutning, á lífrænum áburði og jarðvegsbætum og notkun á slíkum afurðum, einkum notkun þeirra á land, eins og kveðið er á um í i-lið 1. mgr. 15. gr. og 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, sem settar eru fram í XI. viðauka við þessa reglugerð.

2. Engin dýraheilbrigðisskilyrði gilda um setningu á markað, þ.m.t. innflutning, á gúanói úr villtum sjófuglum.

3. Lögbært yfirvald aðildarríkis þar sem bera á lífrænan áburð eða jarðvegsbæti, sem er framleiddur úr kjöt- og beinamjöli úr efni í 2. flokki eða úr unnu dýraprótíni, á land skal leyfa einn eða fleiri efnisþætti sem á að blanda saman við þessi efni, í samræmi við d-lið 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, samkvæmt viðmiðununum sem settar eru fram 3. lið 1. þáttar II. kafla XI. viðauka við þessa reglugerð.

4. Þrátt fyrir 1. mgr. 48. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 geta lögbær yfirvöld upprunaaðildarríkis og viðtökuaðildarríkis, sem eiga sameiginleg landamæri, leyft sendingu á húsdýraáburði á milli býla sem eru staðsett í landamærahéruðum þessara tveggja aðildarríkja, að uppfylltum viðeigandi skilyrðum um varnir gegn allri hugsanlegri áhættu fyrir heilbrigði manna eða dýra, s.s. skuldbindingum rekstraraðila um að halda viðeigandi skrár, sem mælt er fyrir um í tvíhliða samningi.

5. Eins og kveðið er á um í 1. mgr. 30. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 skulu lögbær yfirvöld aðildarríkjanna hvetja, ef nauðsyn krefur, til þróunar, miðlunar og notkunar á landsbundnum leiðbeiningum um góðar starfsvenjur í landbúnaði í tengslum við notkun á lífrænum áburði og jarðvegsbætum á land.

23. gr.

Millistigsafurðir

1. Millistigsafurðir sem eru fluttar inn í eða gegnumfluttar um Sambandið skulu uppfylla skilyrðin sem sett voru til að verjast hugsanlegri áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra sem um getur í XII. viðauka við þessa reglugerð.

2. Meðferð millistigsafurða sem hafa verið fluttar til fyrirtækis eða stöðvar, sem um getur í 3. lið XII. viðauka við þessa reglugerð, má fara fram án frekari takmarkana samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1069/2009 og samkvæmt þessari reglugerð að því tilskildu að:

a) fyrirtækið eða stöðin búi yfir viðunandi aðstöðu til að taka á móti millistigsafurðum, sem fyrirbyggja útbreiðslu á sjúkdómum sem geta smitast í menn eða dýr,

b) engin áhætta sé á útbreiðslu sjúkdóma sem geta smitast í menn eða dýr úr millistigsafurðunum vegna þess að aukaafurðirnar úr dýrum í millistigsafurðunum hafa verið hreinsaðar eða fengið aðra meðhöndlun, vegna magns aukaafurða úr dýrum í millistigsafurðinni eða vegna viðunandi líföryggisráðstafana vegna meðferðar millistigsafurðanna,

c) fyrirtækið eða stöðin haldi skrár yfir magn efna sem hún tekur við, flokk þeirra ef við á, og fyrirtækið, stöðina eða rekstraraðilann sem þeir hafa sent afurðir sínar og

d) ónotuðum millistigsafurðum eða öðrum afgangsefnum frá fyrirtækinu eða stöðinni, s.s. afurðir sem komnar eru fram yfir síðasta notkunardag, sé fargað í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1069/2009.

3. Rekstraraðilinn eða eigandi fyrirtækisins eða stöðvarinnar sem tekur við millistigsafurðinni, eða fulltrúi hans, skal einungis nota og/eða afgreiða millistigsafurðina til frekari blöndunar, húðunar, samsetningar, pökkunar eða merkingar.

24. gr.

Gæludýrafóður og aðrar afleiddar afurðir

1. Notkun efnis í 1. flokki, sem um getur í a-, b-, d- og e-lið 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, til framleiðslu á afleiddum afurðum sem ætlaðar eru til inntöku eða til að bera á menn eða dýr, öðrum en afleiddum afurðum sem um getur í 33. og 36. gr. þeirrar reglugerðar, er bönnuð.

2. Þegar hægt er að nota aukaafurð úr dýrum eða afleidda afurð til að fóðra alidýr eða til annarra nota sem um getur í a-lið 36. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 skal setja þær, að innfluttum afurðum undanskildum, á markað í samræmi við sértæku kröfurnar fyrir unnið dýraprótín og aðrar afleiddar afurðir sem settar eru fram í II. kafla X. viðauka við þessa reglugerð, að því tilskildu að í XIII. viðauka við þessa reglugerð séu ekki settar fram neinar sértækar kröfur varðandi slíkar afurðir.

3. Rekstraraðilar skulu fara að kröfunum um setningu á markað, aðra en innflutning, á gæludýrafóðri, eins og um getur í 40 gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, sem settar eru fram í I. og II. kafla XIII. viðauka við þessa reglugerð.

4. Rekstraraðilar skulu fara að kröfunum um setningu á markað, aðra en innflutning, á afleiddum afurðum, eins og um getur í 40 gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, sem settar eru fram í I. kafla og III. til XII. kafla XIII. viðauka við þessa reglugerð.

VIII. KAFLI

INNFLUTNINGUR, UMFLUTNINGUR OG ÚTFLUTNINGUR

25. gr.

Innflutningur, umflutningur og útflutningur aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða

1. Innflutningur til Sambandsins og umflutningur gegnum það á eftirfarandi aukaafurðum úr dýrum skal bannaður:

a) óunnum húsdýraáburði,

b) ómeðhöndluðum fjöðrum og fjaðrahlutum og dúni,

c) bývaxi í formi vaxkaka.

2. Engin dýraheilbrigðisskilyrði skulu gilda um innflutning til Sambandsins og umflutning gegnum það á eftirfarandi afurðum:

a) ull og hári sem hefur verið þvegið í verksmiðju eða sem hefur verið meðhöndlað með annarri aðferð sem tryggir að engin óásættanleg áhætta sé til staðar,

b) loðskinnum sem hafa verið þurrkuð við 18 °C umhverfishita og 55% rakastig í a.m.k. tvo daga.

3. Rekstraraðilar skulu fara að eftirfarandi sértækum kröfum um innflutning til Sambandsins og umflutning gegnum það á tilteknum aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum, eins og um getur í 3. mgr. 41. gr. og 42. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, sem settar eru fram í XIV. viðauka við þessa reglugerð:

a) sértæku kröfunum um innflutning og umflutning efnis í 3. flokki og afleiddra afurða til notkunar í fóðurferlinu, nema sem gæludýrafóður eða fóður fyrir loðdýr, sem settar eru fram í I. kafla í þeim viðauka,

b) sértæku kröfunum um innflutning og umflutning auka-afurða úr dýrum og afleiddra afurða til notkunar utan fóðurferlisins fyrir alidýr, sem settar eru fram í II. kafla í þeim viðauka.

26. gr.

Setning á markað, þ.m.t. innflutningur, og útflutningur á tilteknum efnum í 1. flokki

Lögbæra yfirvaldið getur leyft setningu á markað, þ.m.t. innflutning, og útflutning á húðum og skinnum af dýrum sem hafa farið í gegnum ólöglega meðferð, eins og skilgreint er í d-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 96/22/EB eða í b-lið 2. gr. tilskipunar 96/23/EB, og á görnum úr jórturdýrum með eða án innihalds og á beinum og beinaafurðum sem innihalda hryggjarsúlu og hauskúpu, með fyrirvara um að eftirfarandi kröfur séu uppfylltar:

a) þessi efni mega ekki vera efni í 1. flokki úr neinum af eftirfarandi dýrum:

   i. dýrum sem grunur leikur á að sé sýkt af smitandi heilahrörnunarsjúkdómi, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 999/2001,

   ii. dýrum sem staðfest hefur verið opinberlega að beri í sér smitandi heilahrörnunarsjúkdóm,

   iii. dýrum sem eru aflífuð í tengslum við ráðstafanir til að útrýma smitandi heilahrörnun,

b) þessi efni mega ekki vera ætluð til neinna af eftirfarandi notum:

   i. fóðrunar,

   ii. burðar á land þaðan sem fóður fyrir alidýr kemur,

   iii. framleiðslu á:

      — snyrtivörum, eins og þær eru skilgreindar í 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 76/768/EBE,

      — virkum, ígræðanlegum lækningatækjum, eins og þau eru skilgreind í c-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 90/385/EBE,

      — lækningatækjum, eins og þau eru skilgreind í a-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 93/42/EBE,

      — lækningatækjum til greiningar í glasi, eins og þau eru skilgreind í b-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 98/79/EB,

      — dýralyfjum, eins og þau eru skilgreind í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 2001/82/EB,

      — lyfjum, eins og þau eru skilgreind í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 2001/83/EB,

c) efnin verða að vera að vera flutt inn með merkimiða og skulu uppfylla sértæku kröfurnar fyrir tiltekinn flutning á aukaafurðum úr dýrum, sem settar eru fram í 1. þætti IV. kafla XIV. viðauka við þessa reglugerð,

d) efnin verða að vera flutt inn í samræmi við kröfur um hreinlætisvottun sem mælt er fyrir um í landslöggjöf.

27. gr.

Innflutningur og umflutningur rannsóknar- og greiningarsýna

1. Lögbæra yfirvaldið getur leyft innflutning og umflutning á rannsóknar- og greiningarsýnum sem samanstanda af afleiddum afurðum eða aukaafurðum úr dýrum, þ.m.t. aukaafurðum úr dýrum sem um getur í 1. mgr. 25. gr., í samræmi við skilyrði sem tryggja varnir gegn áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra.

Slík skilyrði skulu a.m.k. ná til eftirfarandi:

a) lögbært yfirvald viðtökuaðildarríkisins þarf að hafa leyft aðflutning sendingarinnar fyrir fram og

b) sendingin þarf að vera send beint til leyfða notandans frá komustað inn í Sambandið.

2. Rekstraraðilar skulu leggja fram rannsóknar- og greiningarsýni, sem ætlunin er að flytja inn í gegnum annað aðildarríki en viðtökuaðildarríkið, á samþykktri skoðunarstöð Sambandsins á landamærum sem skráð er í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB. Á skoðunarstöðinni á landamærunum skulu þessi rannsóknar- og greiningarsýni ekki fara í gegnum heilbrigðiseftirlit með dýrum og dýraafurðum í samræmi við I. kafla tilskipunar 97/78/EB. Lögbært yfirvald skoðunarstöðvarinnar á landamærunum skal tilkynna lögbæru yfirvaldi viðtökuaðildarríkisins um aðflutning rannsóknar- og greiningarsýnanna í gegnum Traces-kerfið.

3. Rekstraraðilar sem hafa til meðferðar rannsóknarsýni eða greiningarsýni skulu fara að sérkröfunum um förgun á rannsóknar- og greiningarsýnum sem settar eru fram í 1. þætti III. kafla XIV. viðauka við þessa reglugerð.

28. gr.

Innflutningur og umflutningur vörusýnishorna og sýningargripa

1. Lögbæra yfirvaldið getur leyft innflutning og umflutning vörusýnishorna í samræmi við sérreglurnar sem settar eru fram í 1. lið 2. þáttar III. kafla XIV. viðauka við þessa reglugerð.

2. Rekstraraðilar sem hafa til meðferðar vörusýnishorn skulu fara að sérreglunum um meðferð og förgun vörusýnishorna sem settar eru fram í 2. og 3. lið 2. þáttar III. kafla XIV. viðauka við þessa reglugerð.

3. Lögbæra yfirvaldið getur leyft innflutning og umflutning sýningargripa í samræmi við sérreglurnar fyrir sýningargripi sem settar eru fram í 3. þætti III. kafla XIV. viðauka við þessa reglugerð.

4. Rekstraraðilar sem hafa til meðferðar sýningargripi skulu uppfylla skilyrðin um pökkun, meðferð og förgun sýningargripa sem sett eru fram í 3. þætti III. kafla XIV. viðauka við þessa reglugerð.

29. gr.

Sértækar kröfur sem varða tiltekinn flutning á aukaafurðum úr dýrum á milli yfirráðasvæða Rússneska sambandsríkisins

1. Lögbæra yfirvaldið skal leyfa tiltekna flutninga á sendingum af aukaafurðum úr dýrum sem koma frá og eiga að fara til Rússneska sambandsríkisins, beint eða í gegnum annað þriðja ríki, um vegi eða með lest í gegnum Sambandið, á milli samþykktra skoðunarstöðva á landamærum sem tilgreindar eru í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) fulltrúi heilbrigðisþjónustu lögbæra yfirvaldsins fyrir dýr og dýraafurðir skal innsigla sendinguna með innsigli með raðnúmeri, á skoðunarstöðinni á landamærunum þar sem hún kemur inn í Sambandið,

b) opinber dýralæknir lögbæra yfirvaldsins sem ber ábyrgð á skoðunarstöðinni á landamærunum skal stimpla skjölin, sem fylgja sendingunni, sem um getur í 7. gr. tilskipunar 97/78/EB, á hverja blaðsíðu með orðunum „EINUNGIS TIL UMFLUTNINGS TIL RÚSSLANDS Í GEGNUM ESB“,

c) kröfur um málsmeðferð, sem kveðið er á um í 11. gr. tilskipunar 97/78/EB, eru uppfylltar,

d) opinber dýralæknir á skoðunarstöð á landamærum þar sem sendingin er flutt inn vottar sendinguna sem viðunandi til umflutnings á samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalinu fyrir dýr og dýraafurðir sem kveðið er á um í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 136/2004.

2. Afferming eða geymsla slíkra sendinga, eins og hún er skilgreind í 4. mgr. 12. gr. eða 13. gr. tilskipunar 97/78/EB, skal ekki leyfð á yfirráðasvæði aðildarríkis.

3. Lögbært yfirvald skal annast reglulega úttekt til að tryggja að fjöldi sendinga og magn afurða sem er flutt frá yfir ráðasvæði Sambandsins samsvari þeim fjölda og því magni sem kemur inn.

30. gr.

Skrá yfir fyrirtæki og stöðvar í þriðju löndum

Skrár yfir fyrirtæki og stöðvar í þriðju löndum skulu færðar inn í Traces-kerfið í samræmi við tækniforskriftir sem framkvæmdastjórnin birtir á vefsetri sínu.

Allar skrárnar skulu endurskoðaðar reglulega.

31. gr.

Fyrirmyndir að heilbrigðisvottorðum og yfirlýsingum vegna innflutnings og umflutnings

Sendingum af aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum til innflutnings í Sambandið eða umflutnings í gegnum það skulu fylgja heilbrigðisvottorð og yfirlýsingar, í samræmi við fyrirmyndirnar sem settar eru fram í XV. viðauka við þessa reglugerð, á komustað inn í Sambandið þar sem heilbrigðiseftirlit með dýrum og dýraafurðum fer fram, eins og kveðið er á um í tilskipun 97/78/EB.

IX. KAFLI

OPINBERT EFTIRLIT

32. gr.

Opinbert eftirlit

1. Lögbæra yfirvaldið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hafa eftirlit með öllu ferli söfnunar, flutninga, notkunar og förgunar aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða, eins og um getur í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009.

Þessar ráðstafanir skulu gerðar í samræmi við meginreglur um opinbert eftirlit sem mælt er fyrir um í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004.

2. Opinbera eftirlitið sem um getur í 1. mgr. skal m.a. felast í eftirliti með skráahaldi og öðrum skjölum sem krafist er í reglunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

3. Lögbæra yfirvaldið skal framkvæma eftirfarandi opinbert eftirlit, eins og um getur í 1. mgr. 45. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í XVI. viðauka við þessa reglugerð:

a) opinbert eftirlit í vinnslustöðvum eins og segir í I. kafla,

b) opinbert eftirlit með annarri starfsemi sem felur í sér meðferð á aukaafurðum úr dýrum og á afleiddum afurðum eins og segir í 1. til 9. þætti III. kafla.

4. Lögbæra yfirvaldið skal framkvæma eftirlit með innsiglum sem sett eru á sendingar af aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum.

Ef lögbært yfirvald innsiglar slíka sendingu sem er flutt á viðtökustað er því skylt að tilkynna lögbæra yfirvaldinu á viðtökustað um það.

5. Lögbæra yfirvaldið skal taka saman skrár yfir fyrirtæki, stöðvar og rekstraraðila, sem um getur í 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, í samræmi við sniðið sem sett er fram í II. kafla XVI. viðauka við þessa reglugerð.

6. Lögbært yfirvald viðtökuaðildarríkisins skal taka ákvörðun um að samþykkja eða hafna umsókn rekstraraðila varðandi tiltekin efni í 1. og 2. flokki og kjöt- og beinamjöl eða dýrafitu sem unnin er úr efnum í 1. og 2. flokki, innan 20 almanaksdaga frá móttöku slíkrar umsóknar, að því tilskildu að hún hafi verið lögð fram á einu af opinberum tungumálum þess aðildarríkis.

7. Rekstraraðilar skulu leggja fram umsóknir um leyfið sem um getur í 6. mgr. í samræmi við staðlaða sniðið sem sett er fram í 10. þætti III. kafla XVI. viðauka við þessa reglugerð.

33. gr.

Endursamþykki fyrir stöðvum og fyrirtækjum eftir veitingu tímabundins samþykkis

1. Ef stöð eða fyrirtæki sem hefur fengið samþykki fyrir vinnslu á efni í 3. flokki er síðan veitt tímabundið samþykki fyrir vinnslu á efnum í 1. eða 2. flokki, í samræmi við ii. lið b-liðar 2. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, skal því bannað að hefja aftur vinnslu á efni í 3. flokki án þess að hafa fyrst fengið samþykki lögbæra yfirvaldsins fyrir að hefja aftur vinnslu á efni í 3. flokki í samræmi við 44. gr. þeirrar reglugerðar.

2. Ef stöð eða fyrirtæki sem hefur fengið samþykki fyrir vinnslu á efni í 2. flokki er síðan veitt tímabundið samþykki fyrir vinnslu á efnum í 1. flokki, í samræmi við ii. lið b-liðar 2. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, skal því bannað að hefja aftur vinnslu á efni í 2. flokki án þess að hafa fyrst fengið samþykki lögbæra yfirvaldsins fyrir að hefja aftur vinnslu á efni í 2. flokki í samræmi við 44. gr. þeirrar reglugerðar.

X. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

34. gr.

Takmarkanir á setningu tiltekinna aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða á markað vegna ástæðna sem varða heilbrigði manna og dýra

Lögbæra yfirvaldið skal ekki banna eða takmarka setningu eftirfarandi aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða á markað vegna ástæðna sem varða heilbrigði manna eða dýra, annarra en reglnanna sem mælt er fyrir um í löggjöf Sambandsins, einkum þeirra sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1069/2009 og þessari reglugerð:

a) unninna dýraprótína og annarra afleiddra afurða sem um getur í II. kafla X. viðauka við þessa reglugerð,

b) gæludýrafóðurs og tiltekinna annarra afleiddra afurða sem um getur í XIII. viðauka við þessa reglugerð,

c) aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða sem fluttar eru inn í Sambandið eða fluttar í gegnum það eins og um getur í XIV. viðauka við þessa reglugerð.

35. gr.

Niðurfelling

1. Eftirfarandi gerðir falli úr gildi:

a) reglugerð (EB) nr. 811/2003,

b) ákvörðun 2003/322/EB,

c) ákvörðun 2003/324/EB,

d) reglugerð (EB) nr. 878/2004,

e) ákvörðun 2004/407/EB,

f) reglugerð (EB) nr. 79/2005,

g) reglugerð (EB) nr. 92/2005,

h) reglugerð (EB) nr. 181/2006,

i) reglugerð (EB) nr. 197/2006,

j) reglugerð (EB) nr. 1192/2006,

k) reglugerð (EB) nr. 2007/2006.

2. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu gerðirnar sem tilvísanir í þessa reglugerð.

36. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Á umbreytingartímabili sem stendur til 31. desember 2011 geta rekstraraðilar sett á markað lífrænan áburð og jarðvegsbæta sem voru framleiddir fyrir 4. mars 2011 í samræmi við reglugerðir (EB) nr. 1774/2002 og (EB) nr. 181/2006:

a) að því tilskildu að þeir hafi verið framleiddir úr einu af eftirfarandi:

   i. kjöt- og beinamjöli unnu úr efni í 2. flokki,

   ii. unnu dýraprótíni,

b) jafnvel þó að þeir hafi ekki verið blandaðir með efnisþætti sem útilokar að hægt sé seinna að nota blönduna sem fóður.

2. Á umbreytingartímabili sem stendur til 31. janúar 2012 skal halda áfram að taka við sendingum af aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum, sem fylgir heilbrigðisvottorð, yfirlýsing eða viðskiptaskjal sem hefur verið fyllt út og undirritað í samræmi við viðeigandi fyrirmynd sem sett er fram í X. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1774/2002, til innflutnings til Sambandsins, að því tilskildu að slík vottorð, yfirlýsingar og skjöl hafi verið fyllt út og undirrituð fyrir 30. nóvember 2011.

3. Á umbreytingartímabili sem stendur til 31. desember 2012 og þrátt fyrir 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 geta aðildarríkin leyft söfnun, flutninga og förgun efnis í 3. flokki, sem samanstendur af afurðum úr dýraríkinu eða af matvælum sem innihalda afurðir úr dýraríkinu sem eru ekki lengur ætlaðar til manneldis af viðskiptalegum ástæðum eða vegna vandamála sem upp hafa komið vegna framleiðslu- eða pökkunargalla eða annarra ágalla sem ekki skapa áhættu fyrir heilbrigði manna eða dýra, eins og um getur í f-lið 10. gr. þeirrar reglugerðar, með öðrum aðferðum en brennslu eða urðun á staðnum, eins og um getur í d-lið 1. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar, með fyrirvara um að farið sé að kröfunum um förgun með öðrum aðferðum sem settar eru fram í IV. kafla VI. viðauka við þessa reglugerð.

37. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 4. mars 2011.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. febrúar 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

I. VIÐAUKI

SKILGREININGAR SEM UM GETUR Í 2. GR.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. **„loðdýr“:** dýr sem eru haldin eða alin til að gefa af sér loðskinn og ekki nýtt til manneldis,

2. **„blóð“:** nýtt heilblóð,

3. **„fóðurefni“:** þau fóðurefni, eins og þau eru skilgreind í g-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2009, sem eru úr dýraríkinu, þ.m.t. unnin dýraprótín, blóðafurðir, brædd fita, eggjaafurðir, fisklýsi, fituafleiður, kollagen, gelatín og vatnsrofin prótín, tvíkalsíumfosfat, þríkalsíumfosfat, mjólk, afurðir sem eru að stofni til úr mjólk, afurðir úr mjólk, broddur, afurðir úr broddi og seyra úr skilvindum eða skiljum,

4. **„blóðafurðir“:** afurðir úr blóði eða þáttum blóðs, að undanskildu blóðmjöli; til þeirra teljast þurrkaður/frystur/fljótandi blóðvökvi, þurrkað heilblóð, þurrkuð/fryst/fljótandi rauðkorn eða hlutar og blöndur úr þeim,

5. **„unnið dýraprótín“:** dýraprótín sem er eingöngu unnið úr efni í 3. flokki, sem hefur verið meðhöndlað í samræmi við 1. þátt II. kafla X. viðauka (þ.m.t. blóðmjöl og fiskimjöl), þannig að það hentar til beinnar notkunar sem fóðurefni eða til annarrar notkunar í fóður, þ.m.t. gæludýrafóður, eða til notkunar í lífrænan áburð eða jarðvegsbæti; hins vegar nær það ekki yfir blóðafurðir, mjólk, afurðir sem eru að stofni til úr mjólk, afurðir úr mjólk, brodd, afurðir úr broddi, seyru úr skilvindum eða skiljum, gelatín, vatnsrofin prótín og tvíkalsíumfosfat, egg og eggjaafurðir, þríkalsíumfosfat og kollagen,

6. **„blóðmjöl“:** unnið dýraprótín fengið úr hitameðhöndlun á blóði eða þáttum blóðs í samræmi við 1. þátt II. kafla X. viðauka,

7. **„fiskimjöl“:** unnið dýraprótín úr lagardýrum, öðrum en sjávarspendýrum,

8. **„brædd fita“:** annaðhvort fita sem er fengin úr:

   a) aukaafurðum úr dýrum eða

   b) afurðum sem henta til manneldis sem rekstraraðili hefur ákveðið að nota í öðrum tilgangi en til manneldis,

9. **„fisklýsi“:** olía fengin við vinnslu á lagardýrum eða olía fengin við vinnslu á fiski til manneldis, sem rekstraraðili hefur ákveðið að nota til annars en manneldis,

10. **„aukaafurðir úr býrækt“:** hunang, bývax, drottningarhunang, býþétti eða frjókorn sem ekki eru ætluð til manneldis,

11. **„kollagen“:** afurðir, að stofni til úr prótíni, fengnar úr húðum, skinnum, beinum og sinum dýra,

12. **„gelatín“:** náttúrulegt, leysanlegt prótín, hvort sem það myndar hlaup eða ekki, sem fæst með vatnsrofi að hluta til á kollageni sem er framleitt úr beinum, húðum og skinnum og sinum dýra.

13. **„hamsar“:** prótínríkar leifar sem myndast við bræðslu eftir að vökvi og fita hafa verið aðskilin að hluta,

14. **„vatnsrofin prótín“:** fjölpeptíð, peptíð og amínósýrur og blöndur úr þeim sem falla til við vatnsrof aukaafurða úr dýrum,

15. **„hvítvatn“:** blanda af mjólk, afurðum sem eru að stofni til úr mjólk eða afurðum fengnum úr þeim og vatni, sem er safnað saman við skolun á búnaði sem er notaður fyrir mjólkurafurðir, þ.m.t. geymum sem eru notaðir undir mjólkurafurðir, fyrir hreinsun þeirra og sótthreinsun,

16. **„gæludýrafóður í dós“:** hitameðhöndlað gæludýrafóður í loftþéttu íláti,

17. **„nagbein“:** afurðir, ætlaðar gæludýrum til að naga, unnar úr ósútuðum húðum og skinnum hóf- eða klaufdýra eða öðru efni úr dýrum,

18. **„bragðbætandi innyflaafurðir“:** fljótandi eða þurrkaðar afurðir úr dýraríkinu sem eru notaðar til að auka bragðgæði gæludýrafóðurs,

19. **„gæludýrafóður“:** fóður fyrir gæludýr og nagbein sem

a) innihalda efni úr 3. flokki, þó ekki efni sem um getur í n-, o- og p-lið 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 og

b) gætu innihaldið innflutt efni úr 1. flokki sem samanstendur af aukaafurðum úr dýrum sem fengið hafa ólöglega meðferð, eins og skilgreint er í d-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 96/22/EB eða í b-lið 2. gr. tilskipunar 96/23/EB,

20. **„unnið gæludýrafóður“:** gæludýrafóður, þó ekki hrátt, sem hefur verið unnið í samræmi við 3. lið II. kafla XIII. viðauka,

21. **„hrátt gæludýrafóður“:** gæludýrafóður sem inniheldur tiltekið efni í 3. flokki sem hefur ekki verið rotvarið á annan hátt en með því að kæla það eða frysta,

22. **„eldhússúrgangur“:** allur matarúrgangur að meðtalinni olíu til matargerðar frá veitingahúsum, matsöluaðstöðu og eldhúsum, þ.m.t. stóreldhúsum og eldhúsum á heimilum,

23. **„meltunarleifar“:** leifar sem falla til við ummyndun aukaafurða úr dýrum í lífgasstöð,

24. **„innihald meltingarvegar“:** innihald meltingarvegar spendýra og strútfugla,

25. **„fituafleiður“:** afleiddar afurðir úr bræddri fitu sem, að því er varðar brædda fitu úr efni í 1. eða 2. flokki, hafa verið unnar í samræmi við XI. kafla XIII. viðauka,

26. **„gúanó“:** náttúruleg afurð sem er safnað úr skít frá leðurblökum eða villtum sjófuglum og sem er ekki steingerð,

27. **„kjöt- og beinamjöl“:** dýraprótín fengið úr vinnslu á efnum í 1. eða 2. flokki í samræmi við eina af vinnsluaðferðunum sem settar eru fram í III. kafla við IV. viðauka,

28. **„verkaðar húðir og skinn“:** afleiddar afurðir, aðrar en nagbein, úr óverkuðum húðum og skinnum sem hafa verið:

a) þurrkaðar,

b) þurr- eða votsaltaðar í a.m.k. 14 daga fyrir sendingu,

c) saltaðar í a.m.k. 7 daga með sjávarsalti með 2% natríumkarbónati,

d) þurrkaðar í a.m.k. 42 daga við a.m.k. 20 °C eða

e) rotvarðar á annan hátt en með sútun,

29. **„óverkaðar húðir og skinn“:** allur húð- og húðbeðsvefur sem ekki hefur verið verkaður á annan hátt en með skurði, kælingu eða frystingu,

30. **„ómeðhöndlaðar fjaðrir og fjaðrahlutar“:** fjaðrir og fjaðrahlutar, að undanskildum fjöðrum og fjaðrahlutum sem hafa fengið eftirfarandi meðhöndlun:

a) með gufublæstri eða

b) með annarri aðferð sem tryggir að engin óviðunandi áhætta sé eftir,

31. **„ómeðhöndluð ull“:** ull, önnur en ull sem hefur:

a) verið þvegin í ullarþvottastöð,

b) fallið til við sútun eða

c) verið meðhöndluð með annarri aðferð sem tryggir að engin óviðunandi áhætta sé eftir,

32. **„ómeðhöndlað hár“:** hár, þó ekki hár sem hefur:

    a) verið þvegið í þvottastöð,

    b) fallið til við sútun eða

    c) verið meðhöndlað með annarri aðferð sem tryggir að engin óviðunandi áhætta sé eftir,

33. **„ómeðhöndlaðar svínsburstir“:** burstir af svínum, aðrar en þær sem hafa:

    a) verið þvegnar í þvottastöð,

    b) fallið til við sútun eða

    c) verið meðhöndlaðar með annarri aðferð sem tryggir að engin óviðunandi áhætta sé eftir,

34. **„sýningargripir“:** aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir sem ætlaðar eru til notkunar á sýningum eða til listsköpunar,

35. **„millistigsafurð“:** afleidd afurð:

    a) sem er ætluð til framleiðslu á lyfjum, dýralyfjum, lækningatækjum, virkum, ígræðanlegum lækningatækjum, lækningatækjum til greiningar í glasi eða prófefnum til notkunar á rannsóknarstofum,

    b) þar sem stigum hönnunar, ummyndunar og framleiðslu er lokið á fullnægjanlegan hátt til að líta megi á þær sem afleiddar afurðir og til að nota megi efnið beint eða sem efnisþátt í afurð,

    c) sem aftur á móti þarf frekari meðferð eða ummyndun, s.s. blöndun, hjúpun, samsetningu, pökkun eða merkingu, til að gera hana hentuga til að setja afurðina á markað eða hefja notkun á henni, eftir því sem við á, sem lyf, dýralyf, lækningatæki, virkt, ígræðanlegt lækningatæki, lækningatæki til greiningar í glasi eða prófefni til notkunar á rannsóknarstofum,

36. **„prófefni til notkunar á rannsóknarstofum“:** vara í umbúðum, tilbúin til notkunar, sem inniheldur aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir og er ætluð til notkunar sem slík eða samsett með efnum sem ekki koma úr dýraríkinu, til tiltekinnar notkunar á rannsóknarstofum sem prófefni eða prófefnisafurð, efni til kvörðunar eða samanburðar til að greina, mæla, rannsaka eða framleiða önnur efni,

37. **„afurð, notuð til greiningar í glasi“:** vara í umbúðum sem er tilbúin til notkunar, inniheldur blóðafurð eða aðra aukaafurð úr dýrum og er ætluð til notkunar sem prófefni eða prófefnisafurð, efni til kvörðunar, prófsamstæður eða annars konar kerfi, hvort sem hún er notuð sér eða í samsetningum, ætluð til notkunar í glasi til rannsóknar á sýnum úr mönnum eða dýrum, eingöngu eða fyrst og fremst í því skyni að greina lífeðlisfræðilegt ástand, heilbrigðisástand, sjúkdóma eða arfbundna galla eða til að ákvarða öryggi og samhæfi við prófefni; nær ekki til gjafalíffæra eða -blóðs,

38. **„rannsóknar- og greiningarsýni“:** aukaafurðir dýrum og afleiddar afurðir sem ætlaðar eru til eftirfarandi notkunar: rannsóknar í tengslum við sjúkdómsgreiningu eða greiningu til að ýta undir framfarir í vísindum og tækni, í sambandi við menntun eða rannsóknastarfsemi,

39. **„vörusýnishorn“:** aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir sem ætlaðar eru til tiltekinna rannsókna eða greininga með það fyrir augum að keyra vinnsluferli eða þróa fóður eða aðrar afleiddar afurðir, þ.m.t. prófanir á tækjum, til notkunar í fyrirtæki eða á stöð sem:

    a) framleiðir fóður eða afurðir til annarra nota en sem matvæli og fóður eða

    b) vinnur aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir,

40. **„sambrennsla“:** endurnýting eða förgun aukaafurða úr dýrum eða afleiddra afurða, ef þær eru úrgangur, í sambrennslustöð,

41. **„bruni“:** vinnsluferli sem felst í oxun eldsneytis til að nýta orkugildi aukaafurða úr dýrum eða afleiddra afurða, ef þær eru ekki úrgangur,

42. **„brennsla“:** förgun aukaafurða úr dýrum eða afleiddra afurða sem úrgangs, í brennslustöð, eins og hún er skilgreind í 4. lið 3. gr. tilskipunar 2000/76/EB,

43. **„efnaleifar frá brennslu og sambrennslu“:** allar leifar, eins og þær eru skilgreindar í 13. lið 3. gr. tilskipunar 2000/76/EB, sem myndast í brennslu- eða sambrennslustöðvum sem meðhöndla aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir,

44. **„litakóðun“:** kerfisbundin notkun lita eins og fram kemur í c-lið 1. liðar II. kafla VIII. viðauka til að veita upplýsingar, eins og kveðið er á um í þessari reglugerð, á yfirborði eða á hluta af yfirborði umbúða, íláts eða ökutækis eða á merkimiða eða á tákni sem sett er á þau,

45. **„millistigsstarfsemi“:** starfsemi, önnur en geymsla, sem um getur í b-lið 19. gr.,

46. **„sútun“:** styrking húða með sútunarefnum úr jurtaríkinu, krómsöltum eða öðrum efnum, s.s. álsöltum, járnsöltum, kísilsöltum, aldehýðum og kínónum, eða öðrum tilbúnum, herðandi efnum,

47. **„uppstoppun“:** sú list að tilreiða, stoppa og setja upp hami dýra þannig að þau líkjast lifandi dýrum, á þann hátt að engin óviðunandi áhætta fyrir heilbrigði manna og dýra geti borist í gegnum uppsettan haminn,

48. **„viðskipti“:** vöruviðskipti á milli aðildarríkja eins og um getur í 28. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins,

49. **„vinnsluaðferðir“:** aðferðirnar sem tilgreindar eru í III. og IV. kafla IV. viðauka,

50. **„framleiðslulota“:** framleiðslueining sem er framleidd á einni tiltekinni stöð, með samræmdum framleiðsluþáttum, s.s. uppruna efnanna, eða ótilgreindur fjöldi slíkra eininga þegar þær eru framleiddar í samfelldri röð á einni tiltekinni stöð og geymdar saman sem ein sendingareining,

51. **„loftþétt ílát“:** ílát sem er þannig hannað og gert að það varni því að örverur komist inn í það,

52. **„lífgasstöð“:** stöð þar sem aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir eru a.m.k. hluti af efninu sem er látið ganga í gegnum líffræðilegt niðurbrot við loftháðar aðstæður,

53. **„söfnunarstöðvar“:** athafnasvæði, önnur en vinnslustöðvar, þar sem aukaafurðum úr dýrum sem um getur í 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 er safnað saman með það fyrir augum að nota þær til að fóðra dýrin sem um getur í sömu grein,

54. **„myltingarstöð“:** stöð þar sem aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir eru a.m.k. hluti af efninu sem er látið ganga í gegnum líffræðilegt niðurbrot við loftháðar aðstæður,

55. **„sambrennslustöð“:** staðbundin eða færanleg stöð, sem hefur þann megintilgang að framleiða orku eða framleiða vörur, eins og skilgreint er í 5. lið 3. gr. tilskipunar 2000/76/EB,

56. **„brennslustöð“:** staðbundin eða færanleg tæknieining ásamt búnaði sem er sérstaklega ætlaður til hitameðhöndlunar [áður: varmatengdrar meðhöndlunar] á úrgangi, eins og skilgreint er í 4. lið 3. gr. tilskipunar 2000/76/EB,

57. **„gæludýrafóðursstöð“:** athafnasvæði eða aðstaða til framleiðslu á gæludýrafóðri eða bragðbætandi innyflaafurðum, eins og um getur í e-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009,

58. **„vinnslustöð“:** athafnasvæði eða aðstaða til vinnslu á aukaafurðum úr dýrum, eins og um getur í a-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar 1069/2009, þar sem aukaafurðir úr dýrum eru unnar í samræmi við IV. og/eða X. viðauka.

II. VIÐAUKI

TAKMARKANIR Á NOTKUN AUKAAFURÐA ÚR DÝRUM

I. KAFLI

Endurvinnsla þegar um er að ræða eina og sömu loðdýrategundina

1. Í Eistlandi, Lettlandi og Finnlandi má fóðra eftirfarandi loðdýr á kjöt- og beinamjöli eða öðrum afurðum sem hafa verið unnar í samræmi við III. kafla IV. viðauka og sem eru unnar úr skrokkum eða skrokkhlutum dýra sömu tegundar:

   a) refi (Vulpes vulpes),

   b) marðarhunda (Nyctereutes procyonides).

2. Í Eistlandi og Lettlandi má fóðra loðdýr af tegundinni minkur (Mustela vison) á kjöt- og beinamjöli eða öðrum afurðum sem hafa verið unnar í samræmi við vinnsluaðferðirnar í III. kafla IV. viðauka og sem eru unnar úr skrokkum eða skrokkhlutum dýra sömu tegundar.

3. Fóðrunin sem um getur í 1. og 2. lið skal aðeins fara fram samkvæmt eftirfarandi skilyrðum:

   a) Fóðrun skal einungis eiga sér stað á býlum:

      i. sem lögbæra yfirvaldið hefur skráð á grundvelli umsóknar ásamt meðfylgjandi gögnum sem sanna að ekki sé ástæða til að ætla að smitefni smitandi heilahrörnunar sé fyrir hendi í stofni þeirrar tegundar sem umsóknin tekur til,

      ii. ef á býlinu er fyrir hendi viðeigandi eftirlitskerfi vegna smitandi heilahrörnunarsjúkdóma í loðdýrum, sem felur í sér reglulegar prófanir á sýnum á rannsóknarstofum m.t.t. smitandi heilahrörnunar,

      iii. sem hafa lagt fram viðeigandi ábyrgðir fyrir því að engar aukaafurðir úr dýrum eða kjöt- og beinamjöl eða aðrar afurðir, sem hafa verið unnar í samræmi við III. kafla IV. viðauka og sem koma úr þessum dýrum eða afkvæmum þeirra, muni koma inn í matvæla- eða fóðurferli annarra dýra en loðdýra,

      iv. þar sem ekki hefur verið, svo vitað sé, samgangur við býli þar sem grunur leikur á um smitandi heilahrörnun eða uppkoma hennar hefur verið staðfest,

      v. þar sem rekstraraðili skráða býlisins ábyrgist að:

         — skrokkar loðdýra, sem ætlaðir eru til fóðrunar dýra af sömu tegund, fái meðferð og séu unnir aðskilið frá skrokkum sem ekki er leyfilegt að nota í þeim tilgangi,

         — loðdýrum sem eru fóðruð á kjöt- og beinamjöli eða öðrum afurðum, sem hafa verið unnar í samræmi við III. kafla IV. viðauka og sem koma úr dýrum sömu tegundar, sé haldið aðskildum frá dýrum sem ekki eru fóðruð á afurðum sem koma úr dýrum sömu tegundar,

         — býlið uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í 2. lið 1. þáttar II. kafla VI. viðauka og ii. lið b-liðar 2. liðar II. kafla VIII. viðauka.

   b) Rekstraraðili býlisins skal sjá til þess að kjöt- og beinamjöl eða aðrar afurðir sem unnar eru úr einni dýrategund og ætlaðar í fóður handa sömu dýrategund sé:

      i. unnið í vinnslustöð sem er samþykkt skv. a-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 og eingöngu með vinnsluaðferðum 1 til 5 eða vinnsluaðferð 7 sem settar eru fram í III. kafla V. viðauka við þessa reglugerð,

      ii. framleitt úr heilbrigðum dýrum sem voru aflífuð til loðskinnaframleiðslu.

   c) Ef um er að ræða grun um eða staðfestingu á samgangi við býli, þar sem grunur leikur á um uppkomu smitandi heilahrörnunar eða hún hefur verið staðfest, skal rekstraraðili býlisins þegar í stað:

      i. tilkynna lögbæru yfirvaldi um slíkan samgang,

      ii. hætta að senda loðdýr á alla viðtökustaði nema þeim fylgi skriflegt leyfi frá lögbæru yfirvaldi.

II. KAFLI

Fóðrun alidýra á beitarjurtum

Eftirfarandi skilyrði skulu gilda um fóðrun alidýra á beitarjurtum af landi, annaðhvort með beinum aðgangi þeirra að landinu eða með notkun á slegnum beitarjurtum sem fóðurs, að því tilskildu að lífrænn áburður eða jarðvegsbætir hafi verið borinn á það land:

a) Að minnsta kosti 21 sólarhrings biðtími, sem um getur í c-lið 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, skal hafa verið virtur.

b) Einungis hafi verið notaður lífrænn áburður og jarðvegsbætar sem samræmast 1. og 2. mgr. 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 og II. kafla XI. viðauka við þessa reglugerð.

Hins vegar skulu þessi skilyrði ekki gilda hafi einungis eftirfarandi lífrænn áburður eða jarðvegsbætir verið borinn á landið:

a) húsdýraáburður eða gúanó,

b) innihald meltingarvegar, mjólk, afurðir sem eru að stofni til úr mjólk, afurðir úr mjólk, broddur og afurðir úr broddi sem lögbæra yfirvaldið telur ekki að skapi áhættu á útbreiðslu neinna alvarlegra dýrasjúkdóma.

III. VIÐAUKI

FÖRGUN OG ENDURNÝTING

I. KAFLI

ALMENNAR KRÖFUR SEM VARÐA BRENNSLU OG SAMBRENNSLU

1. þáttur

Almenn skilyrði

1. Rekstraraðilar brennslu- og sambrennslustöðva, sem um getur í b-lið 1. mgr. 6. gr. þessarar reglugerðar, skulu sjá til þess að eftirfarandi hreinlætisskilyrði séu uppfyllt á stöðvum undir þeirra stjórn:

   a) Farga skal aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum eins fljótt og auðið er eftir komu þeirra í samræmi við skilyrði sem lögbæra yfirvaldið mælir fyrir um. Þær skulu geymdar á tilhlýðilegan hátt fram að förgun, í samræmi við skilyrði sem lögbæra yfirvaldið mælir fyrir um.

   b) Á stöðvunum skal vera viðeigandi fyrirkomulag á hreinsun og sótthreinsun íláta og ökutækja á staðnum, einkum á til þess fráteknu svæði þaðan sem skólp er losað í samræmi við löggjöf Sambandsins, til að forðast mengunarhættu.

   c) Stöðvar verða að vera staðsettar á tilbúnu, hörðu yfirborði með góðu afrennsli.

   d) Á stöðvunum skal vera viðeigandi fyrirkomulag á vörnum gegn meindýrum, s.s. skordýrum, nagdýrum og fuglum. Nota skal skjalfesta áætlun um meindýravarnir í þessum tilgangi.

   e) Starfsfólk skal hafa aðgang að viðunandi aðstöðu til hreinlætisnota, s.s. salernum, búningsklefum og handlaugum, ef slíkt er nauðsynlegt til að koma í veg fyrir áhættu á mengun.

   f) Fastsetja og skjalfesta skal þær aðferðir sem er beitt við hreinsun allra hluta athafnasvæðisins. Séð skal fyrir fullnægjandi búnaði og hreinsiefnum til notkunar við hreinsun.

   g) Eftirlit með hollustuháttum skal m.a. felast í reglulegri skoðun umhverfis og búnaðar. Skoðunaráætlanir skulu vera skjalfestar og niðurstöður úr skoðunum skulu skráðar og þeim haldið til haga í a.m.k. tvö ár.

2. Rekstraraðili brennslu- eða sambrennslustöðvarinnar skal gera allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir þegar tekið er við aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum til að koma í veg fyrir, eða takmarka að því marki sem raunhæft er, að af hljótist bein áhætta fyrir heilbrigði manna eða dýra.

3. Dýr skulu hvorki hafa aðgang að stöðvum, aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum, sem bíða brennslu eða sambrennslu, né heldur ösku sem verður til við brennslu eða sambrennslu aukaafurða úr dýrum.

4. Ef brennslu- eða sambrennslustöðin er staðsett á búfjárbýli:

   a) verður að vera alger efnislegur aðskilnaður á milli brennslu- eða sambrennslubúnaðarins og búfjárins og fóðurs þeirra og undirburðar, með girðingum ef nauðsyn krefur,

   b) skal búnaður notaður eingöngu við starfrækslu brennsluofnsins og hann má ekki nota annars staðar á bújörðinni eða, til vara, skal hann þrifinn og sótthreinsaður fyrir slíka notkun,

   c) skal starfsfólk stöðvarinnar skipta um ytri fatnað og skófatnað áður en það fer höndum um búfé eða búfjárfóður.

5. Geyma skal aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir, sem bíða brennslu eða sambrennslu, ásamt ösku í lokuðum, rétt auðkenndum og, ef við á, lekavörðum ílátum.

6. Endurbrenna skal aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru fullbrenndar eða farga þeim með öðrum aðferðum, öðrum en förgun á viðurkenndum urðunarstað, í samræmi við 12., 13. og 14. gr., eftir því sem við á, reglugerðar (EB) nr. 1069/2009.

2. þáttur

Rekstrarskilyrði

Brennslu- eða sambrennslustöðvar skulu vera hannaðar, búnar, byggðar og starfræktar þannig að lofttegundir, sem myndast við vinnsluna, séu hitaðar á stýrðan og einsleitan hátt, jafnvel við óhagstæðustu skilyrði, upp í 850 °C í tvær sekúndur hið minnsta eða upp í 1100 °C í 0,2 sekúndur, mælt nálægt innri vegg brunahólfsins eða öðrum dæmigerðum punkti þess þar sem brennslan eða sambrennslan fer fram, með leyfi frá lögbæru yfirvaldi.

3. þáttur

Efnaleifar frá brennslu og sambrennslu

1. Efnaleifum frá brennslu og sambrennslu skal haldið í lágmarki að því er varðar magn og skaðsemi. Slíkar efnaleifar skulu endurheimtar, eftir því sem við á, strax í stöðinni eða utan hennar í samræmi við viðeigandi löggjöf Sambandsins eða þeim skal fargað á viðurkenndum urðunarstað.

2. Flutningur og millistigsgeymsla þurra efnaleifa, þ.m.t. ryks, skal fara þannig fram að komið sé í veg fyrir að þær dreifist út í umhverfið, s.s. í lokuðum ílátum.

4. þáttur

Mæling á hitastigi og öðrum vinnslubreytum

1. Nota skal viðeigandi aðferðir til að vakta vinnslubreytur og skilyrði sem skipta máli í brennslu- eða sambrennsluferlinu.

2. Í samþykkinu, sem lögbært yfirvald gefur út, eða í skilyrðum, sem fylgja því, skal mælt fyrir um kröfur er varða hitamælingar.

3. Hafa skal eftirlit með sjálfvirkum vöktunarbúnaði og hann skal prófaður árlega með tilliti til virkni.

4. Niðurstöður úr hitamælingum skulu skráðar og settar fram á viðeigandi hátt til að gera lögbæru yfirvaldi kleift að sannprófa, í samræmi við þá málsmeðferð sem yfirvaldið ákveður, hvort þau skilyrði sem varða leyfileg rekstrarskilyrði og sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð séu virt.

5. þáttur

Óeðlileg starfsemi

Ef um bilun er að ræða, eða rekstrarskilyrði eru óeðlileg í brennslustöð eða sambrennslustöð, skal rekstraraðilinn draga úr eða hætta starfsemi eins fljótt og auðið er þar til stöðin getur hafið eðlilega starfsemi á ný.

II. KAFLI

BRENNSLU- OG SAMBRENNSLUSTÖÐVAR MEÐ MIKLA AFKASTAGETU

1. þáttur

Sértæk rekstrarskilyrði

Brennslu- eða sambrennslustöðvar, sem einungis meðhöndla aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir og hafa afkastagetu yfir 50 kg á klukkustund (stöðvar með mikla afkastagetu) og þurfa ekki að hafa rekstrarleyfi í samræmi við tilskipun 2000/76/EB, skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) Stöðvarnar skulu vera búnar a.m.k. einum aukabrennara fyrir hverja vinnslulínu. Þessi brennari skal ræsast sjálfvirkt þegar hiti brennslulofttegunda eftir síðustu inndælingu brunalofts fellur niður fyrir 850 °C eða 1100 °C, eftir því sem við á. Einnig skal nota hann við ræsingu eða stöðvun vinnslu í stöðinni í því skyni að tryggja að 850 °C eða 1100 °C hiti, eftir því sem við á, haldist ávallt meðan starfsemi fer fram og svo lengi sem óbrunnið efni er í brunahólfinu þar sem brennsla eða sambrennsla fer fram.

b) Þegar aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir eru settar inn í brunahólfið, þar sem stöðug brennsla eða sambrennsla fer fram, skal á stöðinni keyra sjálfvirkt kerfi til að fyrirbyggja að aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir séu settar inn í brunahólfið við ræsingu, allt þar til hitastigið nær 850 °C eða 1100 °C, eftir því sem við á, og ávallt þegar því hitastigi er ekki viðhaldið.

c) Rekstraraðilinn skal starfrækja brennslustöðina á þann hátt að þar náist þannig bruni að heildarmagn lífræns kolefnis í gjalli og botnösku sé minna en 3% eða að glæðitapið sé minna en 5% af þurrvigt efnisins. Nota skal viðeigandi aðferðir til formeðhöndlunar ef nauðsyn krefur.

2. þáttur

Fráveita vatns

1. Staðsetning stöðva með mikla afkastagetu, þ.m.t. tilheyrandi geymslusvæði fyrir aukaafurðir úr dýrum, skal vera þannig að komið verði í veg fyrir óleyfilega eða óviljandi losun á hvers kyns mengandi efnum í jarðveg, yfirborðsvatn og grunnvatn.

2. Séð skal fyrir geymsluaðstöðu fyrir mengað afrennsli regnvatns frá stöðvarsvæðinu eða fyrir mengað vatn sem á rætur að rekja til leka eða slökkvistarfa.

Rekstraraðilinn skal, ef nauðsyn krefur, sjá til þess að slíkt regnvatn og vatn sé prófað og meðhöndlað fyrir losun, þegar nauðsyn krefur.

III. KAFLI

BRENNSLU- OG SAMBRENNSLUSTÖÐVAR MEÐ LITLA AFKASTAGETU

Brennslu- eða sambrennslustöðvar, sem einungis meðhöndla aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir og hafa afkastagetu undir 50 kg af aukaafurðum úr dýrum á klukkustund eða lotu (stöðvar með litla afkastagetu) og þurfa ekki að hafa rekstrarleyfi í samræmi við tilskipun 2000/76/EB, skulu:

a) einungis notaðar til förgunar á:

   i. dauðum gæludýrum sem um getur í iii. lið a-liðar 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 eða

   ii. efni í 1. flokki sem um getur í 8. gr. (b-, e- og f-lið), efni í 2. flokki sem um getur í 9. gr. eða efni í 3. flokki sem um getur í 10. gr. þeirrar reglugerðar,

b) búnar aukabrennara þegar efni í 1. flokki, sem um getur í b-lið 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, koma inn á stöð með litla afkastagetu,

c) vera starfræktar þannig að aukaafurðir úr dýrum brenni algerlega til ösku.

IV. VIÐAUKI

VINNSLA

I. KAFLI

KRÖFUR SEM VARÐA VINNSLUSTÖÐVAR OG TILTEKNAR AÐRAR STÖÐVAR OG FYRIRTÆKI

1. þáttur

Almenn skilyrði

1. Vinnslustöðvar skulu uppfylla eftirfarandi kröfur vegna vinnslu með þrýstisæfingu eða í samræmi við vinnsluaðferðirnar sem um getur í b-lið 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009:

a) Vinnslustöðvar skulu ekki vera staðsettar á sama stað og sláturhús eða önnur fyrirtæki, sem hafa verið samþykkt eða skráð í samræmi við reglugerð (EB) nr. 852/2004 eða reglugerð (EB) nr. 853/2004, nema að dregið sé úr áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra sem stafar af vinnslu á aukaafurðum úr dýrum, sem koma frá slíkum sláturhúsum eða öðrum fyrirtækjum, með því að a.m.k. eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

i. vinnslustöðin verður að vera algerlega aðskilin frá sláturhúsinu eða fyrirtækinu og eftir atvikum þannig að hún sé í byggingu sem er að fullu aðskilin frá sláturhúsinu eða fyrirtækinu,

ii. eftirfarandi búnaður skal vera uppsettur og keyrður í vinnslustöðinni:

— færibandakerfi sem tengir vinnslustöðina við sláturhúsið eða fyrirtækið og sem ekki má sniðganga,

— aðskildir inngangar, móttökuklefar, búnaður og útgangar fyrir bæði vinnslustöðina og sláturhúsið eða fyrirtækið,

iii. gera skal ráðstafanir til að fyrirbyggja að áhætta breiðist út vegna vinnu starfsfólks sem starfar í vinnslustöðinni og í sláturhúsinu eða fyrirtækinu,

iv. aðgangur að vinnslustöðinni skal meinaður fólki, sem ekki hefur til þess leyfi, og dýrum skal ekki hleypt inn.

Þrátt fyrir ákvæði i. til iv. liðar getur lögbært yfirvald, ef um er að ræða vinnslustöðvar fyrir efni í 3. flokki, heimilað önnur skilyrði í stað þeirra sem sett eru fram í þessum liðum, sem miða að því að draga úr áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra, þ.m.t. áhættu sem hlýst af vinnslu efnis í 3. flokki frá starfsstöðvum annars staðar sem eru samþykktar eða skráðar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 852/2004 eða reglugerð (EB) nr. 853/2004.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum, innan ramma fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra sem um getur í 1. mgr. 52. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, um það hvernig lögbær yfirvöld þeirra nota þessa undanþágu.

b) Í vinnslustöðinni skal vera „hreint“ og „óhreint“ svæði og skal nægilega vel skilið milli þeirra. Á óhreina svæðinu skal vera yfirbyggt rými þar sem tekið er við aukaafurðum úr dýrum og það skal byggt þannig að auðvelt sé að gera það hreint og sótthreinsa það. Gólfin skulu þannig lögð að vökvi renni auðveldlega af þeim.

c) Í vinnslustöðinni skal vera viðunandi aðstaða, m.a. nægur fjöldi salerna, búningsklefa og handlauga fyrir starfsfólk.

d) Vinnslustöðin skal geta framleitt það magn af heitu vatni og gufu sem þarf til vinnslu aukaafurðanna úr dýrum.

e) Óhreina svæðið skal, ef við á, vera með búnaði til að minnka umfang aukaafurða úr dýrum og búnaði til að setja þjöppuðu aukaafurðirnar í vinnslueininguna.

f) Ef hitameðhöndlunar er krafist skal allur búnaður vera búinn:

i. mælibúnaði til að vakta hitastig á móti tíma og, ef nauðsyn krefur fyrir þá vinnsluaðferð sem notuð er, þrýsting á mikilvægum stöðum,

ii. upptökutækjum til að skrá samfellt niðurstöður þessara mælinga þannig að þær séu ávallt aðgengilegar vegna skoðana og opinbers eftirlits,

iii. fullnægjandi öryggiskerfi sem kemur í veg fyrir ónóga hitun.

g) Til að koma í veg fyrir að aukaafurðir úr dýrum, sem koma inn, endurmengi afleidda afurð skal rýmið í stöðinni, þar sem efni, sem kemur inn til vinnslu, er affermt, vera skýrt aðskilið frá því rými þar sem vinnsla afurðarinnar fer fram og þar sem afleidda afurðin er geymd.

2. Í vinnslustöðinni skal vera viðunandi aðstaða til að þrífa og sótthreinsa gámana eða geymana, sem aukaafurðir úr dýrum koma í, og farartækin, önnur en skip, sem notuð eru við flutninginn.

3. Sjá skal fyrir nægilega góðri aðstöðu til að sótthreinsa hjól ökutækja og aðra hluta þeirra, eins og við á, þegar farið er út af óhreina svæði vinnslustöðvarinnar.

4. Á öllum vinnslustöðvum skal vera fráveitukerfi fyrir skólp sem uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram af lögbæra yfirvaldinu í samræmi við löggjöf Sambandsins.

5. Vinnslustöðin skal hafa yfir að ráða eigin rannsóknarstofu eða nýta sér þjónustu rannsóknarstofu utan stöðvarinnar. Rannsóknarstofan skal hafa yfir að ráða búnaði til að framkvæma nauðsynlegar greiningar og vera samþykkt af lögbæru yfirvaldi á grunni mats á getu rannsóknarstofunnar til að framkvæma þessar greiningar, vera faggilt samkvæmt alþjóðlega viðurkenndum stöðlum eða vera undir reglubundnu eftirliti lögbæra yfirvaldsins til að meta getu rannsóknarstofunnar til að framkvæma þessar greiningar.

6. Ef, á grunni áhættumats, magn afurðanna, sem eru meðhöndlaðar, útheimtir að fulltrúi lögbærs yfirvalds sé reglulega eða stöðugt á staðnum skal honum búið læsanlegt herbergi á vinnslustöðinni sem er með viðeigandi búnaði og er eingöngu notað í tengslum við skoðunarþjónustuna.

2. þáttur

Hreinsun skólps

1. Vinnslustöðvar sem vinna efni í 1. flokki og önnur athafnasvæði þar sem sérstakt áhættuefni er fjarlægt, sláturhús og vinnslustöðvar sem vinna efni í 2. flokki skulu hafa formeðhöndlunarferli til að halda eftir og safna saman efni úr dýrum sem fyrsta skref í meðhöndlun á skólpi.

   Búnaðurinn, sem er notaður í formeðhöndlunarferlinu, skal samanstanda af síum eða sigtum í niðurföllum með opum með 6 mm eða minni síugötum eða möskvastærð næst enda ferlisins eða jafngildum kerfum sem tryggja að föstu agnirnar í skólpinu sem fara um þau séu ekki stærri en 6 mm.

2. Skólp frá athafnasvæði, sem um getur í 1. lið, skal fara í gegnum formeðhöndlunarferli sem skal tryggja að allt skólp hafi verið síað í gegnum ferlið áður en það er losað út af athafnasvæðinu. Ekki má fara fram nein mölun/hökkun, uppbleyting eða önnur vinnsla eða notkun á þrýstingi sem gæti auðveldað för fasts efnis úr dýrum í gegnum formeðhöndlunarferlið.

3. Öllu efni úr dýrum sem situr eftir í formeðhöndlunarferlinu á athafnasvæðum, sem um getur í 1. lið, skal safnað saman og það flutt sem efni í 1. flokki eða 2. flokki, eftir því sem við á, og því fargað í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1069/2009.

4. Skólp sem hefur farið í gegnum formeðhöndlunarferlið á athafnasvæði, sem um getur í 1. lið, og skólp frá öðrum athafnasvæðum, þar sem aukaafurðir úr dýrum fá meðferð eða eru unnar, skal meðhöndlað í samræmi við löggjöf Sambandsins, án takmarkana í samræmi við þessa reglugerð.

5. Auk krafnanna sem mælt er fyrir um í 4. lið má lögbæra yfirvaldið skuldbinda rekstraraðila til að hreinsa skólp sem kemur frá óhreinum svæðum vinnslustöðva og frá stöðvum þar sem fram fer millistigsstarfsemi með efni í 1. eða 2. flokki eða þar sem geymt er efni í 1. eða 2. flokki, í samræmi við skilyrði sem tryggja að dregið sé úr áhættu vegna sjúkdómsvalda.

6. Með fyrirvara um 1. til 5. lið skal förgun aukaafurða úr dýrum, þ.m.t. blóðs og mjólkur, eða afleiddra afurða með skólpi vera bönnuð.

   Hins vegar er leyfilegt að farga efni í 3. flokki, sem samanstendur af seyru úr skilvindum eða skiljum, með skólpi, að því tilskildu að það hafi verið meðhöndlað með einni af aðferðunum fyrir seyru úr skilvindum eða skiljum sem settar eru fram í III. hluta 4. þáttar II. kafla X. viðauka við þessa reglugerð.

3. þáttur

Sértækar kröfur sem varða vinnslu efna í 1. og 2. flokki

Skipulag vinnslustöðva sem vinna efni í 1. og 2. flokki skal vera þannig úr garði gert að tryggt sé að efni í 1. flokki sé algerlega aðskilið frá efni í 2. flokki, allt frá móttöku hráefnisins þar til afleidda afurðin úr því er send frá stöðinni, nema þegar blanda efnis úr 1. og 2. flokki er unnin sem efni úr 1. flokki.

4. þáttur

Sértækar kröfur sem varða vinnslu efna í 3. flokki

Eftirfarandi kröfur skulu gilda auk almennu krafnanna sem settar eru fram 1. þætti:

1. Vinnslustöðvar, þar sem vinnsla efnis í 3. flokki fer fram, skulu ekki vera á sama stað og vinnslustöðvar, þar sem efni í 1. eða 2. flokki er unnið, nema það sé í algerlega aðskilinni byggingu.

2. Hins vegar getur lögbæra yfirvaldið leyft vinnslu efnis í 3. flokki á stað þar sem meðferð eða vinnsla efnis í 1. eða 2. flokki fer fram, ef komið er í veg fyrir víxlmengun með:

   a) skipulagningu athafnasvæðisins, einkum fyrirkomulagi á móttöku, og með frekari meðferð hráefnis,

   b) skipulagningu og umsjón með búnaðinum, sem er notaður til vinnslu, þ.m.t. skipulagningu og umsjón með aðskildum vinnslulínum eða með verklagsreglum um þrif sem útiloka útbreiðslu á allri hugsanlegri áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra og

   c) skipulagningu og umsjón með svæðum fyrir tímabundna geymslu lokaafurðanna.

3. Á vinnslustöðvum þar sem vinnsla efnis í 3. flokki fer fram skal vera til staðar búnaður til að leita að aðskotahlutum, s.s. umbúðaefni eða málmhlutum, í aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum ef þær eru vinnsluefni sem ætlað er sem fóður. Fjarlægja skal slíka aðskotahluti fyrir vinnslu eða á meðan á henni stendur.

II. KAFLI

KRÖFUR ER VARÐA HOLLUSTUHÆTTI OG VINNSLU

1. þáttur

Almennar kröfur varðandi hollustuhætti

Auk almennra krafna um hollustuhætti, sem kveðið er á um í 25. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, skal á vinnslustöðvum vera til staðar skjalfest áætlun um varnir gegn meindýrum til framkvæmdar á því fyrirkomulagi til varna gegn meindýrum, s.s. skordýrum, nagdýrum og fuglum, sem um getur í c-lið 1. mgr. 25. gr. þeirrar reglugerðar.

2. þáttur

Almennar kröfur er varða vinnslu

1. Nákvæmlega kvarðaður búnaður til mælinga eða skráningar skal notaður til að vakta stöðugt skilyrðin við vinnsluna. Halda skal skrár sem sýna dagsetningar þegar mæli- eða skráningarbúnaðurinn er kvarðaður.

2. Efni, sem hugsanlegt er að hafi ekki fengið tilskilda hitameðhöndlun, s.s. efni sem er losað við ræsingu eða lekur út við hitun, skal sett aftur í hitameðhöndlun eða því skal safnað saman og það endurunnið í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1069/2009.

3. þáttur

Vinnsluaðferðir fyrir efni í 1. og 2. flokki

Vinna skal efni í 1. og 2. flokki í samræmi við vinnsluaðferð 2, 3, 4 eða 5 eins og um getur í III. kafla, nema lögbæra yfirvaldið krefjist beitingar á þrýstisæfingu (1. aðferð).

4. þáttur

Vinnsla efnis í 3. flokki

1. Þeir mikilvægu stýristaðir sem ráða umfangi hitameðhöndlunarinnar sem er beitt við vinnsluna skulu, fyrir hverja vinnsluaðferð eins og tilgreint er í III. kafla, samanstanda af:

   a) bitastærð hráefnisins,

   b) hitastigi sem næst í hitameðhöndluninni,

c) þrýstingi, ef honum er beitt við vinnslu hráefnisins,

d) lengd hitameðhöndlunarinnar eða aðflutningshraða í órofnu kerfi. Tilgreina skal lágmarksvinnslustaðla fyrir hvern mikilvægan stýristað sem við á.

2. Ef um er að ræða efnafræðilega meðhöndlun, sem lögbært yfirvald hefur leyft sem vinnsluaðferð 7 í samræmi við G-lið III. kafla, skal sýrustigsstillingin, sem næst, vera einn af mikilvægu stýristöðunum sem ráða umfangi efnafræðilegu meðhöndlunarinnar.

3. Skrár skulu varðveittar í a.m.k. tvö ár til að sýna fram á að lágmarksvinnslugildin hafi verið virt fyrir hvern mikilvægu stýristaðanna.

4. Efni í 3. flokki skal unnið í samræmi við eina af vinnsluaðferðum 1 til 5 eða vinnsluaðferð 7 eða, ef um er að ræða efni úr lagardýrum, eina af vinnsluaðferðum 1 til 7, eins og um getur í III. kafla.

III. KAFLI

STAÐLAÐAR VINNSLUAÐFERÐIR

A. Vinnsluaðferð 1 (þrýstisæfing)

Smækkun

1. Ef bitastærð einstakra aukaafurða úr dýrum, sem eiga að fara til vinnslu, er yfir 50 millimetrum skal minnka bitana með viðeigandi búnaði sem er stilltur þannig að bitastærð eftir minnkunina verði ekki yfir 50 millimetrum. Kanna skal skilvirkni búnaðarins daglega og ástand hans skal skráð. Ef bitar, sem eru stærri en 50 millimetrar, finnast við skoðun skal vinnsluferlið stöðvað og viðgerð fara fram áður en ferlið er sett af stað á ný.

Tími, hitastig og þrýstingur

2. Hita skal aukaafurðir úr dýrum með bitastærð undir 50 mm í kjarnahita yfir 133 °C í a.m.k. 20 mínútur samfellt við a.m.k. 3 bara raunþrýsting. Þrýstingurinn skal framkallaður með algerri lofttæmingu í sæfingarklefanum og í stað lofts komi gufa („mettuð gufa“); hitameðhöndluninni má beita sem einu vinnsluaðferðinni eða sem dauðhreinsunarstigi á undan eða eftir vinnslu.

3. Vinnslan getur farið fram í lotum eða í órofnu kerfi.

B. Vinnsluaðferð 2

Smækkun

1. Ef bitastærð einstakra aukaafurða úr dýrum, sem eiga að fara til vinnslu, er yfir 150 millimetrum skal minnka bitana með viðeigandi búnaði sem er stilltur þannig að bitastærð eftir minnkunina verði ekki yfir 150 millimetrum. Kanna skal skilvirkni búnaðarins daglega og ástand hans skal skráð. Ef bitar, sem eru stærri en 150 millimetrar, finnast við skoðun skal vinnsluferlið stöðvað og viðgerð fara fram áður en ferlið er sett af stað á ný.

Tími, hitastig og þrýstingur

2. Að smækkun lokinni skulu aukaafurðirnar úr dýrunum hitaðar þannig að tryggt sé að kjarnahitinn fari yfir 100 °C í a.m.k. 125 mínútur, kjarnahitinn fari yfir 110 °C í a.m.k. 120 mínútur og kjarnahitinn fari yfir 120 °C í a.m.k. 50 mínútur.

Þessi kjarnahitastig mega nást hvert á fætur öðru eða með tilfallandi samsetningu á tilgreindum tímabilum.

3. Vinnslan skal fara fram í lotum.

C. Vinnsluaðferð 3

Smækkun

1. Ef bitastærð einstakra aukaafurða úr dýrum, sem eiga að fara til vinnslu, er yfir 30 millimetrum skal minnka bitana með viðeigandi búnaði sem er stilltur þannig að bitastærð eftir minnkunina verði ekki yfir 30 millimetrum. Kanna skal skilvirkni búnaðarins daglega og ástand hans skal skráð. Ef bitar, sem eru stærri en 30 millimetrar, finnast við skoðun skal vinnsluferlið stöðvað og viðgerð fara fram áður en ferlið er sett af stað á ný.

Tími, hitastig og þrýstingur

2. Að smækkun lokinni skulu aukaafurðirnar úr dýrunum hitaðar þannig að tryggt sé að kjarnahitinn fari yfir 100 °C í a.m.k. 95 mínútur, kjarnahitinn fari yfir 110 °C í a.m.k. 55 mínútur og kjarnahitinn fari yfir 120 °C í a.m.k. 13 mínútur.

Þessi kjarnahitastig mega nást hvert á fætur öðru eða með tilfallandi samsetningu á tilgreindum tímabilum.

3. Vinnslan getur farið fram í lotum eða í órofnu kerfi.

D. Vinnsluaðferð 4

Smækkun

1. Ef bitastærð einstakra aukaafurða úr dýrum, sem eiga að fara til vinnslu, er yfir 30 millimetrum skal minnka bitana með viðeigandi búnaði sem er stilltur þannig að bitastærð eftir minnkunina verði ekki yfir 30 millimetrum. Kanna skal skilvirkni búnaðarins daglega og ástand hans skal skráð. Ef bitar, sem eru stærri en 30 millimetrar, finnast við skoðun skal vinnsluferlið stöðvað og viðgerð fara fram áður en ferlið er sett af stað á ný.

Tími, hitastig og þrýstingur

2. Að smækkun lokinni skulu aukaafurðirnar úr dýrunum settar í ílát með viðbættri fitu og hitaðar þannig að kjarnahitinn fari yfir 100 °C í a.m.k. 16 mínútur, kjarnahitinn fari yfir 110 °C í a.m.k. 13 mínútur, kjarnahitinn fari yfir 120 °C í a.m.k. átta mínútur og kjarnahitinn fari yfir 130 °C í a.m.k. þrjár mínútur.

Þessi kjarnahitastig mega nást hvert á fætur öðru eða með tilfallandi samsetningu á tilgreindum tímabilum.

3. Vinnslan getur farið fram í lotum eða í órofnu kerfi.

E. Vinnsluaðferð 5

Smækkun

1. Ef bitastærð einstakra aukaafurða úr dýrum, sem eiga að fara til vinnslu, er yfir 20 millimetrum skal minnka bitana með viðeigandi búnaði sem er stilltur þannig að bitastærð eftir minnkunina verði ekki yfir 20 millimetrum. Kanna skal skilvirkni búnaðarins daglega og ástand hans skal skráð. Ef bitar, sem eru stærri en 20 millimetrar, finnast við skoðun skal vinnsluferlið stöðvað og viðgerð fara fram áður en ferlið er sett af stað á ný.

Tími, hitastig og þrýstingur

2. Að smækkun lokinni skulu aukaafurðirnar úr dýrunum hitaðar þar til þær verða hlaupkenndar og síðan skal pressa þær þannig að fita og vatn skiljist frá prótínríka efninu. Því næst skal prótínríka efnið hitað þannig að kjarnahitinn fari yfir 80 °C í a.m.k. 120 mínútur og kjarnahitinn fari yfir 100 °C í a.m.k. 60 mínútur.

Þessi kjarnahitastig mega nást hvert á fætur öðru eða með tilfallandi samsetningu á tilgreindum tímabilum.

3. Vinnslan getur farið fram í lotum eða í órofnu kerfi.

F. Vinnsluaðferð 6 (fyrir aukaafurðir úr dýrum í 3. flokki sem koma eingöngu úr lagardýrum eða vatnahryggleysingjum)

Smækkun

1. Minnka skal aukaafurðirnar úr dýrum niður í bitastærð sem er ekki meiri en:

a) 50 mm ef um er að ræða hitameðhöndlun í samræmi við a-lið 2. liðar eða

b) 30 mm ef um er að ræða hitameðhöndlun í samræmi við b-lið 2. liðar.

Þær skulu síðan blandaðar maurasýru til að lækka og viðhalda pH-gildinu við 4,0 eða þar undir. Blandan skal geymd í a.m.k. 24 klst þar til frekari meðhöndlun fer fram.

Tími, hitastig og þrýstingur

2. Að lokinni smækkun skal blandan hituð þannig að:

a) kjarnahitinn verði a.m.k. 90 °C í a.m.k. 60 mínútur eða

b) kjarnahitinn verði a.m.k. 70 °C í a.m.k. 60 mínútur.

Ef sírennsliskerfi er notað skal framrás afurðarinnar gegnum hitarann stýrt með vélrænum skipunum sem takmarka færsluna þannig að í lok hitameðhöndlunarinnar hafi afurðin farið gegnum ferli sem er fullnægjandi bæði hvað varðar tíma og hitastig.

3. Vinnslan getur farið fram í lotum eða í órofnu kerfi.

G. Vinnsluaðferð 7

1. Hver sú vinnsluaðferð sem lögbært yfirvald leyfir og rekstraraðilinn hefur sýnt því yfirvaldi fram á eftirfarandi:

a) greiningu viðkomandi hættu í upphafsefninu með tilliti til uppruna efnisins og hugsanlegrar áhættu með tilliti til heilbrigðisástands dýra í aðildarríkinu eða á landsvæðinu eða reitnum þar sem nota á aðferðina,

b) getu vinnsluaðferðarinnar til að draga úr þessari áhættu niður á stig sem skapar ekki neina verulega áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra,

c) daglega sýnatöku úr lokaafurðinni á tímabili sem stendur í 30 framleiðsludaga í samræmi við eftirfarandi örverufræðilega staðla:

i. Sýni tekin úr efninu strax eftir meðhöndlun:

Clostridium perfringens finnst ekki í 1 g af afurðinni

ii. Sýni tekin úr efninu meðan það er í geymslu eða þegar það er tekið úr geymslu:

Salmonella: finnst ekki í 25 g: n = 5, c = 0, m = 0, M = 0

Iðrabakteríur: n = 5, c = 2; m = 10, M = 300 í 1 g

þar sem:

n = fjöldi sýna sem prófa skal,

m = viðmiðunargildi fyrir fjölda baktería; niðurstöðurnar teljast fullnægjandi ef fjöldi baktería í öllum sýnunum fer ekki yfir m,

M = hámarksgildi fyrir fjölda baktería; niðurstöðurnar teljast ófullnægjandi ef fjöldi baktería í einu eða fleiri sýnum er M eða meira og

c = fjöldi sýna þar sem fjöldi baktería getur verið milli m og M en sýnið telst engu að síður fullnægjandi ef fjöldi baktería í öðrum sýnum er m eða þar undir.

2. Upplýsingar um mikilvæga stýristaði, sem staðfesta að hver vinnslustöð uppfylli örverufræðilega staðla á fullnægjandi hátt, skulu skráðar og varðveittar þannig að rekstraraðilinn og lögbært yfirvald geti vaktað starfsemi vinnslustöðvarinnar. Upplýsingarnar, sem skulu skráðar og eftirlit haft með, skulu taka til bitastærðar og, eftir því sem við á, markhita, algilds tíma, þrýstingssniðs, aðflutningshraða hráefna og endurvinnsluhlutfalls fitu.

3. Þrátt fyrir 1. lið getur lögbært yfirvald leyft notkun á vinnsluaðferðum sem hafa verið samþykktar fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar, í samræmi við III. kafla V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1774/2002.

4. Lögbært yfirvald skal, varanlega eða tímabundið, stöðva notkun vinnsluaðferða sem um getur í 1. og 3. lið ef það kemst yfir sannanir fyrir því að einhver þeirra skilyrða, sem tilgreind eru í a- eða b-lið 1. liðar, hafi breyst umtalsvert.

5. Sé þess óskað skal lögbæra yfirvaldið upplýsa lögbært yfirvald annars aðildarríkis um þær upplýsingar sem það býr yfir skv. 1. og 2. lið að því er varðar leyfða vinnsluaðferð.

IV. KAFLI

AÐRAR VINNSLUAÐFERÐIR

1. þáttur

Almenn ákvæði

1. Efni sem verður til við vinnslu á efni í 1. og 2. flokki, að undanskilinni lífdísilolíu sem er framleidd í samræmi við D-lið 2. þáttar þessa kafla, skal vera merkt á óafmáanlegan hátt í samræmi við kröfurnar um merkingu tiltekinna afleiddra afurða sem settar eru fram í V. kafla VIII. viðauka.

2. Sé þess óskað skal lögbært yfirvald aðildarríkis gera niðurstöður úr opinberu eftirliti aðgengilegar fyrir lögbært yfirvald annars aðildarríkis, þegar staðgönguaðferð er notuð í fyrsta skipti í því aðildarríki, til að greiða fyrir upptöku nýju staðgönguaðferðarinnar.

2. þáttur

Vinnslustaðlar

A. Basískt vatnsrof

1. Upphafsefni

Nota má þetta vinnsluferli fyrir alla flokka aukaafurða úr dýrum.

2. Vinnsluaðferð

Basískt vatnsrof skal fara fram samkvæmt eftirfarandi vinnslustöðlum:

a) Notuð er annaðhvort natríumhýdroxíðlausn (NaOH) eða kalíumhýdroxíðlausn (KOH) (eða samsetning þeirra) í magni sem tryggir nokkurn veginn móljafngildi við þyngd, tegund og samsetningu þeirra aukaafurða úr dýrum sem á að brjóta niður.

Ef um er að ræða mikla fitu í aukaafurðum úr dýrum sem hlutleysir basann er viðbættur basi aðlagaður þannig að móljafngildið sem um getur náist.

b) Aukaafurðir úr dýrum skulu settar í stálblendisílát. Mældu magni af basa skal bætt við, annaðhvort í föstu formi eða sem lausn, eins og um getur í a-lið.

c) Ílátinu skal lokað og aukaafurðirnar úr dýrunum og basablandan hitaðar í a.m.k. 150 °C kjarnahita við a.m.k. 4-bara raunþrýsting í a.m.k.:

i. þrjár klukkustundir samfellt,

ii. sex klukkustundir samfellt ef um er að ræða meðhöndlun aukaafurða úr dýrum sem um getur í i. og ii. lið a-liðar 8. gr. reglugerðar. (EB) nr. 1069/2009.

Efni, sem kemur úr efnum í 1. flokki sem koma úr dýrum sem voru aflífuð í tengslum við ráðstafanir til að útrýma smitandi heilahrörnun, sem eru annaðhvort jórturdýr sem ekki þarf að prófa fyrir smitandi heilahrörnun eða jórturdýr sem hafa verið prófuð með neikvæðum niðurstöðum í samræmi við 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 999/2001, má hins vegar vinna í samræmi við i. lið c-liðar 2. liðar þessa þáttar eða

iii. eina klukkustund samfellt ef um er að ræða aukaafurðir úr dýrum sem samanstanda af efni úr fiski eða alifuglum.

d) Vinnsluferlið skal fara fram í lotum og stöðugt skal hræra í efninu í kerinu til að greiða fyrir niðurbrotsferlinu þar til vefirnir eru uppleystir og bein og tennur hafa mýkst.

e) Meðhöndla skal aukaafurðirnar úr dýrum þannig að kröfurnar varðandi tíma, hitastig og þrýsting séu uppfylltar á sama tíma.

B. Vatnsrof við háan hita og mikinn þrýsting

1. Upphafsefni

Nota má þetta vinnsluferli fyrir efni í 2. og 3. flokki.

2. Vinnsluaðferð

Vatnsrof við háan hita og mikinn þrýsting skal fara fram samkvæmt eftirfarandi vinnslustöðlum:

a) Hita skal aukaafurðir úr dýrum með óbeinni gufumeðhöndlun á lífrofshvarftankinn (e. biolytic reactor) þannig að kjarnahitinn verði a.m.k. 180 °C í a.m.k. 40 mínútur samfellt við a.m.k. 12 bara raunþrýsting.

b) Vinnsluferlið skal fara fram í lotum og stöðugt skal hræra í efninu í kerinu og

c) Meðhöndla skal aukaafurðirnar úr dýrum þannig að kröfurnar varðandi tíma, hitastig og þrýsting séu uppfylltar á sama tíma.

C. Lífgasframleiðsla með vatnsrofi undir háþrýstingi

1. Upphafsefni

Nota má þetta vinnsluferli fyrir alla flokka aukaafurða úr dýrum.

2. Vinnsluaðferð

Lífgasframleiðsla með vatnsrofi undir háþrýstingi skal fara fram samkvæmt eftirfarandi vinnslustöðlum:

a) Fyrst skal vinna aukaafurðirnar úr dýrum með vinnsluaðferð 1 (þrýstisæfingu), eins og segir í III. kafla, í samþykktri vinnslustöð.

b) Að loknu vinnsluferlinu sem um getur í a-lið er fituhreinsað efnið meðhöndlað við a.m.k. 220 °C hita í a.m.k. 20 mínútur við a.m.k. 25 bara raunþrýsting, hitað í tveggja þrepa ferli, fyrst með beinni innsprautun gufu og síðan með óbeinni innsprautun í samása varmaskipti (e. coaxial heat exchanger).

c) Vinnsluferlið skal fara fram í lotum eða í órofnu kerfi og stöðugt skal hræra í efninu.

d) Meðhöndla skal aukaafurðirnar úr dýrum þannig að kröfurnar varðandi tíma, hitastig og þrýsting séu uppfylltar á sama tíma.

e) Efnið sem fellur til við vinnsluna skal síðan blandað vatni og látið gerjast loftfirrt (lífgasummyndun) í lífgashvarftanki.

f) Ef um er að ræða upphafsefni í 1. flokki skal allt ferlið fara fram á sama stað og í lokuðu kerfi og lífgasið sem myndast á meðan á ferlinu stendur skal brennt hratt í sömu stöð við a.m.k. 900 °C og síðan snöggkælt („snöggkæling“).

D. Framleiðsluferli lífdísilolíu

1. Upphafsefni

Nota má þetta vinnsluferli fyrir fituhluta úr öllum flokkum aukaafurða úr dýrum.

2. Vinnsluaðferð

Framleiðsla lífdísilolíu skal fara fram samkvæmt eftirfarandi vinnslustöðlum:

a) Að undanteknu fisklýsi, sem er framleitt í samræmi við VIII. þátt III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, eða bræddri fitu, sem er framleidd í samræmi við XII. þátt III. viðauka við þá reglugerð, skal fyrst vinna fituhluta úr aukaafurðum úr dýrum með:

i. vinnsluaðferð 1 (þrýstisæfingu) ef um er að ræða efni í 1. eða 2. flokki, eins og segir í III. kafla, og

ii. einhverri af vinnsluaðferðum 1 til 5 eða vinnsluaðferð 7 ef um er að ræða efni í 3. flokki eða, ef um er að ræða efni úr fiski, vinnsluaðferð 1 til 7, sem settar eru fram í III. kafla.

b) Unna fitan skal síðan unnin enn frekar með einhverri af eftirfarandi aðferðum:

i. vinnsluferli þar sem skilja skal unnu fituna frá prótíninu og, ef um er að ræða fitu úr jórturdýrum, fjarlægja óleysanleg óhreinindi umfram 0,15% af þyngdinni, og síðan skal estra og transestra unnu fituna.

Þó er ekki gerð krafa um estrun fyrir unna fitu úr efni úr 3. flokki. Við estrun er pH-gildið lækkað niður fyrir 1 með því að bæta við brennisteinssýru (H_2SO_4) eða jafngildri sýru og blandan er hituð í 72 °C í a.m.k. 2 klukkustundir og hrært kröftuglega í á meðan.

Transestrun skal framkvæmd með því að auka pH-gildið í u.þ.b. 14 með kalíumhýdroxíði eða með jafngildum basa við 35 til 50 °C í a.m.k. 15 mínútur. Transestrun skal framkvæma tvisvar við þau skilyrði sem lýst er í þessum lið með því að nota nýja basíska lausn. Á eftir þessu vinnsluferli skulu afurðirnar hreinsaðar, þ.m.t. með eimingu í lofttæmi við 150 °C, og þá verður til lífdísilolía,

ii. vinnsluferli þar sem notast er við jafngildar vinnslubreytur sem opinbert yfirvald heimilar.

E. Brookes-gösun

1. Upphafsefni

Nota má þetta vinnsluferli fyrir efni í 2. og 3. flokki.

2. Vinnsluaðferð

Brookes-gösun skal fara fram samkvæmt eftirfarandi vinnslustöðlum:

a) Eftirbrennarahólfið skal hitað upp með jarðgasi.

b) Aukaafurðir úr dýrum skulu settar í aðalhólf gasarans (e. gasificator) og dyrunum lokað. Í aðalhólfinu mega ekki vera brennarar og í staðinn skal það hitað með því að flytja hitann með varmaleiðingu frá eftirbrennaranum sem skal vera undir aðalhólfinu. Eina loftið sem hleypt er inn í aðalhólfið skal koma í gegnum þrjá inntaksloka á aðalhurðinni til að auka skilvirkni ferlisins.

c) Aukaafurðirnar úr dýrum þurfa að gufa upp í flókin vetniskolefni og lofttegundirnar frá þeim berast frá aðalhólfinu gegnum þröngt op efst á bakveggnum yfir á blöndunar- og brotsvæðin þar sem þeim er sundrað í efnisþætti sína. Að lokum berast lofttegundirnar inn í eftirbrennarahólfið þar sem þær brenna í loganum frá jarðgaskyntum brennara, í umframlofti.

d) Í hverri vinnslueiningu skulu vera tveir brennarar og tvær aukaviftur ef bilun verður í brennara eða viftum. Aukahólfið er hannað til að veita a.m.k. tveggja sekúndna dvalartíma við a.m.k. 950 °C við öll brennsluskilyrði.

e) Útblásturslofttegundirnar berast úr aukahólfinu í gegnum loftþrýstingstrekkspjald neðst í reykháfnum sem kælir þær og þynnir með andrúmslofti og heldur stöðugum þrýstingi í aðalhólfum og aukahólfum.

f) Ferlið fer fram í 24 klukkustunda lotu sem felur í sér hleðslu, vinnslu, kælingu og fjarlægingu ösku. Við lok lotunnar eru öskuleifarnar fjarlægðar úr aðalhólfinu með sogkerfi í lokaða poka sem síðan eru innsiglaðir áður en þeir eru fluttir af staðnum.

g) Gösun á öðru efni en aukaafurðum úr dýrum er óheimil.

F. Brennsla dýrafitu í hitaketilsvinnslu

1. Upphafsefni

Nota má þetta vinnsluferli fyrir fituhluta úr öllum flokkum aukaafurða úr dýrum.

2. Vinnsluaðferð

Brennsla dýrafitu í hitakatli skal fara fram samkvæmt eftirfarandi vinnslustöðlum:

a) Að undanteknu fisklýsi eða bræddri fitu sem er framleidd í samræmi við VIII. eða XII. þátt III. viðauka reglugerðar (EB) nr. 853/2004, í þeirri röð, skal fyrst vinna fituhluta úr aukaafurðum úr dýrum með:

i. ef um er að ræða fituhluta úr efni í 1. og 2. flokki sem brenna á í annarri stöð,

— einhverri af vinnsluaðferðum 1 til 5, sem settar eru fram í III. kafla þessa viðauka, fyrir fituhluta úr vinnslu á jórturdýrum, sem hafa verið prófuð með neikvæðum niðurstöðum í samræmi við 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 999/2001, og úr vinnslu á dýrum, öðrum en jórturdýrum sem þarf að prófa fyrir smitandi heilahrörnun;

— vinnsluaðferð 1 fyrir fituhluta úr vinnslu á öðrum jórturdýrum, eins og um getur í III. kafla og

ii. einhverri af vinnsluaðferðum 1 til 5 eða vinnsluaðferð 7 ef um er að ræða efni í 1. og 2. flokki, sem er ætlað til brennslu innan sömu stöðvar, og efni í 3. flokki; ef um er að ræða efni sem kemur úr fiski skal nota vinnsluaðferðir 1 til 7 sem settar eru fram í III. kafla.

b) Fituhlutinn skal aðskilinn frá prótíninu og ef um er að ræða fitu úr jórturdýrum sem brenna á í annarri stöð skal einnig fjarlægja óleysanleg óhreinindi umfram 0,15% af þyngdinni.

c) Að loknu vinnsluferlinu, sem um getur í a- og b-lið, skal:

i. fitunni breytt í gufu í gufuframleiðslukatli og hún brennd við a.m.k. 1100 °C í a.m.k. 0,2 sekúndur eða

ii. fitan unnin og notast við jafngildar vinnslubreytur sem lögbært yfirvald leyfir.

d) Brennsla efna úr dýraríkinu, annarra en dýrafitu, er óheimil.

e) Brennsla fitu úr efni úr 1. og 2. flokki verður að fara fram í sömu stöð og þar sem fitan er brædd með það að markmiði að nýta orkuna, sem er framleidd, til bræðslunnar. Lögbæru yfirvaldi er þó heimilt að leyfa að fitan sé flutt til annarra stöðva til brennslu, að því tilskildu:

i. að viðtökustöðin hafi leyfi til brennslunnar,

ii. að vinnsla matvæla eða fóðurs í samþykktri stöð á sama athafnasvæði fari fram við ströng skilyrði um aðskilnað.

f) Brennslan skal fara fram í samræmi við löggjöf Sambandsins, einkum um umhverfisvernd, með tilvísun í staðla í þeirri löggjöf um bestu, fáanlegu tækni til eftirlits og vöktunar á losun.

G. Framleiðsluferli fyrir lífeldsneyti með varmafræðilegum og vélrænum ferlum

1. Upphafsefni

Nota má þetta vinnsluferli fyrir húsdýraáburð og innihald meltingarvegar og fyrir efni í 3. flokki.

2. Vinnsluaðferð

Framleiðsla lífeldsneytis með varmafræðilegum og vélrænum ferlum skal fara fram samkvæmt eftirfarandi vinnslustöðlum:

a) Aukaafurðir úr dýrum eru settar inn í breyti og síðan meðhöndlaðar við 80 °C hita í 8 klukkustundir. Á þessu tímabili er efnið smækkað í sífellu með viðeigandi véltæknilegum búnaði sem rífur það niður.

b) Síðan skal efnið meðhöndlað við 100 °C hita í a.m.k. tvær klukkustundir.

c) Bitastærðin í efninu, sem kemur úr vinnslunni, má ekki fara yfir 20 millimetra.

d) Meðhöndla skal aukaafurðirnar úr dýrum þannig að kröfurnar varðandi tíma, hitastig og þrýsting, sem settar eru fram í a- og b-lið, séu uppfylltar á sama tíma.

e) Meðan efnið er hitameðhöndlað skal uppgufað vatn útdregið stöðugt úr loftrýminu yfir lífeldsneytinu og leitt í gegnum þétti úr ryðfríu stáli. Þéttan skal geymd við a.m.k. 70 °C hita í a.m.k. eina klukkustund áður en hún er losuð sem skólp.

f) Eftir að efnið hefur verið hitameðhöndlað er lífeldsneytið, sem fellur til úr breytinum, losað og sjálfkrafa flutt með færibraut, sem er alveg lokuð og samtengd, í brennslu eða sambrennslu á sama stað,

g) Vinnslan skal fara fram í lotum.

3. þáttur

Förgun og notkun á afleiddum afurðum

1. Afleiddum afurðum úr vinnslu á:

   a) efni í 1. flokki skal:

      i. fargað í samræmi við a- eða b-lið 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009,

      ii. fargað með urðun á viðurkenndum urðunarstað,

      iii. þær skulu ummyndaðar í lífgas, að því tilskildu að meltunarleifunum sé fargað í samræmi við i. eða ii. lið eða

      iv. þær skulu unnar frekar í fituafleiður til annarrar notkunar en í fóður.

   b) efni í 2. eða 3. flokki skal:

      i. fargað á þann hátt sem kveðið er á um í i. eða ii. lið a-liðar 1. liðar, með eða án undangenginnar vinnslu, eins og kveðið er á um í a- og b-lið 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009,

      ii. þær skulu unnar frekar í fituafleiður til annarrar notkunar en í fóður,

      iii. notaðar sem lífrænn áburður eða jarðvegsbætir eða

      iv. myltar eða ummyndaðar í lífgas.

2. Efni úr vinnslu með:

   a) vinnsluferlinu með basísku vatnsrofi, sem skilgreint er í A-lið 2. þáttar, má ummynda í lífgasstöð og síðan brenna það hratt við a.m.k. 900°C og kæla síðan hratt niður („snöggkæling“); þegar efni, sem um getur í a- og b-lið 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, hefur verið notað sem upphafsefni skal ummyndun í lífgas fara fram á sama stað og vinnslan og í lokuðu kerfi,

   b) hvað varðar framleiðsluferlið fyrir lífdísilolíu má:

      i. nota lífdísilolíu og efnaleifar frá eimingu lífdísilolíu sem eldsneyti án takmarkana samkvæmt þessari reglugerð (endapunktur),

      ii. ef um er að ræða kalíumsúlfat: nota það til framleiðslu á afleiddum afurðum til áburðar á land,

      iii. ef um er að ræða glýserín:

         — ummynda í lífgas ef það kemur úr efni í 1. eða 2. flokki sem hefur verið unnið í samræmi við vinnsluaðferð 1 sem sett er fram í III. kafla;

         — nota það í fóður ef það kemur úr efni í 3. flokki.

3. Öllum úrgangi frá vinnslu á aukaafurðum úr dýrum í samræmi við þennan þátt, s.s. seyru, síuinnihaldi, ösku og meltunarleifum, skal fargað í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1069/2009 og þessa reglugerð.

V. VIÐAUKI

UMMYNDUN Á AUKAAFURÐUM ÚR DÝRUM OG AFLEIDDUM AFURÐUM Í LÍFGAS, OG MYLTING

I. KAFLI

KRÖFUR ER VARÐA STÖÐVAR

1. þáttur

Lífgasstöðvar

1. Á hverri lífgasstöð skal vera gerilsneyðingar-/sótthreinsunareining, sem ekki er hægt að sniðganga, fyrir aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir sem settar eru inn og sem hafa 12 mm hámarksbitastærð áður en þær koma inn í einingunа, sem er búin:

   a) búnaði til að fylgjast með að 70 °C hitastig náist í 1 klukkustund,

   b) skráningarbúnaði til að skrá stöðugt niðurstöður þeirra vöktunarmælinga sem um getur í a-lið og

   c) fullnægjandi kerfi sem kemur í veg fyrir ónóga hitun.

2. Þrátt fyrir 1. lið skal gerilsneyðingar-/sótthreinsunareining ekki vera lögboðinn búnaður fyrir lífgasstöðvar sem ummynda eingöngu:

   a) efni í 2. flokki sem hefur verið unnið í samræmi við vinnsluaðferð 1 sem sett er fram í III. kafla IV. viðauka,

   b) efni í 3. flokki sem hefur verið unnið í samræmi við einhverja af vinnsluaðferðum 1 til 5 eða vinnsluaðferð 7 eða, ef um er að ræða efni úr lagardýrum, einhverja af vinnsluaðferðum 1 til 7, sem settar eru fram í III. kafla IV. viðauka,

   c) efni í 3. flokki sem hefur verið gerilsneytt/sótthreinsað í annarri samþykktri stöð,

   d) aukaafurðir úr dýrum sem má nota sem hráefni án vinnslu í samræmi við ii. lið e-liðar 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 og þessa reglugerð,

   e) aukaafurðir úr dýrum sem hafa farið í gegnum basíska vatnsrofsvinnsluferlið sem sett er fram í A-lið 2. þáttar IV. kafla IV. viðauka,

   f) eftirfarandi aukaafurðir úr dýrum, ef lögbæra yfirvaldið leyfir það:

      i. aukaafurðir úr dýrum sem um getur í f-lið 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, sem hafa farið í gegnum vinnslu eins og hún er skilgreind í m-lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 852/2004 á þeim tímapunkti þegar ákveðið er að þær verði notaðar til annars en manneldis,

      ii. aukaafurðir úr dýrum sem um getur í g-lið 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 eða

      iii. aukaafurðir úr dýrum sem eru ummyndaðar í lífgas og meltunarleifarnar eru síðan myltar eða unnar eða þeim fargað í samræmi við þessa reglugerð.

3. Ef lífgasstöðin er staðsett á athafnasvæði þar sem alidýr eru haldin, eða við hliðina á því, og hún nýtir ekki einungis húsdýraáburð, mjólk eða brodd, sem fellur til frá þessum dýrum, skal stöðin vera staðsett í nokkurri fjarlægð frá svæðinu þar sem slík dýr eru haldin.

   Sú fjarlægð skal ákvörðuð þannig að tryggt sé að það sé engin óviðunandi áhætta á útbreiðslu á sjúkdómi, sem getur smitast í menn eða dýr, frá lífgasstöðinni.

   Í öllum tilvikum verður að vera alger efnislegur aðskilnaður á milli lífgasstöðvarinnar og dýranna og fóðurs þeirra og undirburðar, með girðingum ef nauðsyn krefur.

4. Hver lífgasstöð skal hafa yfir að ráða eigin rannsóknarstofu eða nýta sér rannsóknarstofu utan stöðvarinnar. Rannsóknarstofan skal hafa yfir að ráða búnaði til að framkvæma nauðsynlegar greiningar og vera samþykkt af lögbæru yfirvaldi, vera faggilt samkvæmt alþjóðlega viðurkenndum stöðlum eða vera undir reglubundnu eftirliti lögbæra yfirvaldsins.

2. þáttur

Myltingarstöðvar

1. Á myltingarstöð verður að vera lokaður moltari eða lokað svæði sem ekki er hægt að fara framhjá með aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir sem komið er með inn á stöðina, og skal það búið eftirfarandi:

   a) búnaði til að vakta hitastig á móti tíma,

   b) búnaði til að skrá, stöðugt ef við á, niðurstöður þeirra vöktunarmælinga sem um getur í a-lið,

   c) fullnægjandi öryggiskerfi sem kemur í veg fyrir ónóga hitun.

2. Þrátt fyrir 1. lið má leyfa aðrar gerðir myltingarkerfa að því tilskildu að þau:

   a) séu rekin með þeim hætti að allt efnið í kerfinu uppfylli tilskilda tíma- og hitamæliþætti, þ.m.t., ef við á, stöðugt eftirlit með vinnslubreytunum eða

   b) ummyndi einungis efni sem um getur í 2. lið 1. þáttar og

   c) séu í samræmi við aðrar viðeigandi kröfur í þessari reglugerð.

3. Ef myltingarstöðin er staðsett á athafnasvæði þar sem alidýr eru haldin, eða við hliðina á því, og hún nýtir ekki einungis húsdýraáburð, mjólk eða brodd, sem fellur til frá þessum dýrum, skal stöðin vera staðsett í nokkurri fjarlægð frá svæðinu þar sem slík dýr eru haldin.

   Sú fjarlægð skal ákvörðuð þannig að tryggt sé að það sé engin óviðunandi áhætta á útbreiðslu á sjúkdómi, sem getur smitast í menn eða dýr, frá myltingarstöðinni.

   Í öllum tilvikum verður að vera alger efnislegur aðskilnaður á milli myltingarstöðvarinnar og dýranna og fóðurs þeirra og undirburðar, með girðingum ef nauðsyn krefur.

4. Hver myltingarstöð skal hafa yfir að ráða eigin rannsóknarstofu eða nýta sér rannsóknarstofu utan stöðvarinnar. Rannsóknarstofan skal hafa yfir að ráða búnaði til að framkvæma nauðsynlegar greiningar og vera samþykkt af lögbæru yfirvaldi, vera faggilt samkvæmt alþjóðlega viðurkenndum stöðlum eða vera undir reglubundnu eftirliti lögbæra yfirvaldsins.

II. KAFLI

KRÖFUR UM HOLLUSTUHÆTTI SEM EIGA VIÐ UM LÍFGAS- OG MYLTINGARSTÖÐVAR

1. Aukaafurðir úr dýrum skulu ummyndaðar eins fljótt og auðið er eftir að þær koma í lífgas- eða myltingarstöðina. Þær skulu geymdar á viðunandi hátt þar til þær eru meðhöndlaðar.

2. Gámar, ílát og ökutæki, sem eru notuð við flutninga á ómeðhöndluðu efni, skulu hreinsuð og sótthreinsuð á til þess ætluðu svæði.

   Það svæði skal staðsett eða hannað þannig að engin hætta sé á því að meðhöndlaðar afurðir mengist.

3. Beita skal kerfisbundnum forvarnarráðstöfunum gegn fuglum, nagdýrum, skordýrum og öðrum meindýrum.

   Nota skal skjalfesta áætlun um meindýravarnir í þessum tilgangi.

4. Fastsetja og skjalfesta skal þær aðferðir sem er beitt við hreinsun allra hluta athafnasvæðisins. Séð skal fyrir fullnægjandi búnaði og hreinsiefnum til notkunar við hreinsun.

5. Eftirlit með hollustuháttum skal m.a. felast í reglulegri skoðun umhverfis og búnaðar. Áætlanir um skoðanir og niðurstöður úr þeim skulu skjalfestar.

6. Halda skal stöðvum og búnaði í góðu standi og mælibúnaður skal kvarðaður reglulega.

7. Meðferð og geymsla meltunarleifa og moltu í lífgasstöðinni eða myltingarstöðinni skal vera þess eðlis að endurmengun sé útilokuð.

III. KAFLI

UMMYNDUNARVINNSLUBREYTUR

1. þáttur

Staðlaðar ummyndunarvinnslubreytur

1. Efni í 3. flokki, sem er notað sem hráefni í lífgasstöð sem er búin gerilsneyðingar-/sótthreinsunareiningu, skal uppfylla eftirfarandi lágmarkskröfur:

   a) hámarksstærð bita áður en þeir fara inn í einingunа: 12 mm,

   b) lágmarkshiti í öllu efninu í einingunni: 70 °C og

   c) órofinn lágmarkstími í einingunni: 60 mínútur.

   Þó er heimilt að nota mjólk, afurðir sem eru að stofni til úr mjólk, afurðir úr mjólk, brodd og afurðir úr broddi í 3. flokki, sem hráefni í lífgasstöð án gerilsneyðingar/sótthreinsunar, ef lögbært yfirvald telur það ekki skapa hættu á útbreiðslu neins alvarlegs smitsjúkdóms til manna eða dýra.

   Lágmarkskröfurnar sem settar eru fram í b- og c-lið þessa liðar skulu einnig ná til efnis í 2. flokki sem kemur inn á lífgasstöð án undangenginnar vinnslu í samræmi við ii. lið e-liðar 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009.

2. Efni í 3. flokki, sem er notað sem hráefni í myltingarstöð, skal uppfylla eftirfarandi lágmarkskröfur:

   a) hámarksstærð bita sem fara inn í moltarann: 12 mm,

   b) lágmarkshiti í öllu efninu í moltaranum: 70 °C og

   c) órofinn lágmarkstími: 60 mínútur.

   Lágmarkskröfurnar sem settar eru fram í b- og c-lið þessa liðar skulu einnig ná til efnis í 2. flokki sem er mylt án undangenginnar vinnslu í samræmi við ii. lið e-liðar 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009.

2. þáttur

Aðrar ummyndunarvinnslubreytur fyrir lífgas- og myltingarstöðvar

1. Lögbært yfirvald getur leyft að notaðar séu aðrar ummyndunarvinnslubreytur en þær sem settar eru fram í 1. lið 1. þáttar I. kafla og aðrar en stöðluðu ummyndunarvinnslubreyturnar, að því tilskildu að umsækjandi um slíka notkun færi sönnur fyrir að slíkar vinnslubreytur tryggi viðunandi minnkun á lífrænni áhættu. Sú sönnun skal m.a. felast í fullgildingu sem skal fara fram í samræmi við eftirfarandi kröfur:

   a) greiningu á hugsanlegri hættu, þ.m.t. áhrif frá aðföngum, byggðri á nákvæmri lýsingu á ummyndunarskilyrðunum og -vinnslubreytunum,

   b) áhættumat til þess að meta hvernig sértækum ummyndunarskilyrðum, sem um getur í a-lið, er náð í reynd við venjulegar og ódæmigerðar aðstæður,

   c) fullgildingu á fyrirhuguðu vinnsluferli með því að mæla hve mikið hefur dregið úr lífvænleika/smitvirkni hjá:

      i. innrænum vísilífverum meðan á vinnslunni stendur svo fremi að vísirinn sé:

         — ávallt fyrir hendi í hráefninu í miklum fjölda,

— ekki minna hitaþolinn gagnvart banvænum þáttum ummyndunarferlisins en sjúkdómsvaldarnir sem hann er notaður til að vakta en heldur ekki marktækt þolnari,

— tiltölulega auðveldur í magngreiningu og tiltölulega auðvelt að bera kennsl á hann og að staðfesta eða

ii. vel skilgreindri prófunarlífveru eða -veiru sem er, meðan váhrif vara, flutt með heppilegum bera (e. suitable test body) inn í upphafsefnið.

d) Með fullgildingu fyrirhugaða vinnsluferlisins, sem um getur í c-lið, skal sýnt fram á að með vinnslunni náist að draga úr heildaráhættu á eftirfarandi hátt:

i. fyrir varmafræðileg og efnafræðileg ferli:

— fækkun um 5 log10-einingar fyrir Enterococcus faecalis eða Salmonella Senftenberg (775W, H2S neikvæð),

— skerðingu á smitnæmu títri fyrir hitaþolnar veirur, t.d. parvóveirur, sem nemur a.m.k. 3 log10-einingum þegar þeir hafa hættu í för með sér sem skiptir máli og

ii. að því er varðar efnafræðileg ferli, einnig með:

— fækkun sem nemur a.m.k. 99,9% (3 log10-einingum) fyrir þolna sníkla, t.d. egg Ascaris sp. (iðraþráðorma) á lífvænlegum stigum,

e) gerð fullfrágenginnar eftirlitsáætlunar, þ.m.t. aðferða til að vakta hvernig ferlið, sem um getur í c-lið, reynist í framkvæmd,

f) ráðstafanir til að tryggja stöðuga vöktun og eftirlit með viðkomandi vinnslubreytum sem eru ákveðnar í eftirlitsáætluninni við rekstur stöðvarinnar.

Upplýsingar um viðeigandi vinnslubreytur sem eru notaðar í lífgas- eða myltingarstöðvum, ásamt upplýsingum um aðra mikilvæga stýristaði, skulu skráðar og varðveittar þannig að eigandinn, rekstraraðilinn eða fulltrúi þeirra og lögbært yfirvald geti fylgst með starfsemi stöðvarinnar.

Rekstraraðilinn skal veita lögbæru yfirvaldi aðgang að skrám sé þess óskað. Veita skal framkvæmdastjórninni upplýsingar í tengslum við ferli sem er samþykkt samkvæmt þessari reglugerð, sé þess óskað.

2. Þrátt fyrir 1. lið getur lögbæra yfirvaldið, meðan þess er beðið að reglur séu samþykktar eins og um getur í ii. lið a-liðar 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, leyft notkun á sértækum kröfum, öðrum en þeim sem mælt er fyrir um í þessum kafla, að því tilskildu að þær tryggi samsvarandi áhrif varðandi fækkun sjúkdómsvalda, fyrir:

a) eldhússúrgang sem er nýttur sem eina aukaafurðin úr dýrum í lífgas- eða myltingarstöð og

b) blöndur af eldhússúrgangi og eftirfarandi efnum:

i. húsdýraáburði,

ii. innihaldi meltingarvegar sem er aðskilið frá meltingarvegi,

iii. mjólk,

iv. afurðum sem eru að stofni til úr mjólk,

v. afurðum úr mjólk,

vi. broddi,

vii. afurðum úr broddi,

viii. eggjum,

ix. eggjaafurðum,

x. aukaafurðum úr dýrum sem um getur í f-lið 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 sem hafa farið í gegnum vinnslu eins og skilgreint er í m-lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 852/2004.

3. Þegar efni sem um getur í b-lið 2. liðar eða afleiddar afurðir sem um getur í g-lið 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 eru einu upphafsefnin úr dýraríkinu sem meðhöndluð eru í lífgas- eða myltingarstöð getur lögbæra yfirvaldið leyft notkun á sértækum kröfum, öðrum en þeim sem tilteknar eru í þessum kafla, að því tilskildu að það telji að:

a) þessi efni skapi ekki áhættu á að alvarlegir smitsjúkdómar berist í menn eða dýr,

b) meltunarleifarnar eða moltan séu óunnið efni og skyldi rekstraraðila til að fara með þau í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1069/2009 og þessa reglugerð.

4. Rekstraraðilar mega setja á markað meltunarleifar og moltu sem hafa verið framleiddar samkvæmt vinnslubreytum sem lögbæra yfirvaldið hefur leyft:

a) í samræmi við 1. lið,

b) í samræmi við 2. og 3. lið, einungis innan aðildarríkisins þar sem þessar vinnslubreytur hafa verið leyfðar.

3. þáttur

Staðlar fyrir meltunarleifar og moltu

1. a) Dæmigerð sýni af meltunarleifum eða moltu sem eru tekin á meðan á ummyndun stendur á lífgasstöð eða myltingu á myltingarstöð eða strax að henni lokinni, til að vakta vinnsluferlið, skulu uppfylla eftirfarandi staðla:

Escherichia coli: n = 5, c = 1, m = 1000, M = 5000 í 1 g,

eða

Saurkokkar: n = 5, c = 1, m = 1000, M = 5000 í 1 g,

og

b) Dæmigerð sýni, sem tekin eru úr meltunarleifum eða moltu meðan þær eru í geymslu eða þegar þær eru teknar úr geymslu, skulu uppfylla eftirfarandi staðla:

Salmonella: finnst ekki í 25 g: n = 5; c = 0; m = 0; M = 0

Þar sem, ef um er að ræða a- eða b-lið:

n = fjöldi sýna sem prófa skal,

m = viðmiðunargildi fyrir fjölda baktería; niðurstöðurnar teljast fullnægjandi ef fjöldi baktería í öllum sýnunum fer ekki yfir m,

M = hámarksgildi fyrir fjölda baktería; niðurstöðurnar teljast ófullnægjandi ef fjöldi baktería í einu eða fleiri sýnum er M eða meira og

c = fjöldi sýna þar sem fjöldi baktería getur verið milli m og M en sýnið telst engu að síður fullnægjandi ef fjöldi baktería í öðrum sýnum er m eða þar undir.

2. Setja skal meltunarleifar eða moltu, sem uppfylla ekki kröfurnar sem settar eru fram í þessum þætti, aftur í ummyndun eða myltingu og, ef um er að ræða salmonellu, fara með þær eða farga þeim í samræmi við fyrirmæli lögbærs yfirvalds.

VI. VIÐAUKI

SÉRREGLUR ER VARÐA RANNSÓKNIR, FÓÐRUN OG SÖFNUN OG FÖRGUN

I. KAFLI

SÉRREGLUR UM SÝNI TIL RANNSÓKNA OG ANNARRA NOTA

1. þáttur

Rannsóknar- og greiningarsýni

1. Rekstraraðilar skulu sjá til þess að sendingum af rannsóknar- og greiningarsýnum fylgi viðskiptaskjal þar sem fram skal koma:

   a) lýsing á efninu og dýrategundunni sem það kemur úr,

   b) flokkur efnisins,

   c) magn efnisins,

   d) upprunastaður og sendingarstaður efnisins,

   e) heiti og heimilisfang sendanda,

   f) heiti og heimilisfang viðtakanda og/eða notanda.

2. Notendur sem fara höndum um rannsóknar- og greiningarsýni skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að forðast að breiða út sjúkdóma sem geta smitast í menn eða dýr við meðferð efnanna sem þeir hafa undir höndum, einkum með því að beita góðum starfsvenjum við rannsóknir.

3. Öll síðari notkun á rannsóknar- og greiningarsýnum til annarra nota en þeirra sem um getur í 38. lið I. viðauka er bönnuð.

4. Rannsóknar- og greiningarsýnum og öllum afurðum sem verða til við notkun þessara sýna skal, nema þau séu geymd til viðmiðunar, fargað:

   a) sem úrgangi með brennslu eða sambrennslu,

   b) ef um er að ræða aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir sem um getur í 8. gr. (iv. liður a-liðar, c-liður, d-liður) og 9. og 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 sem eru hlutar af frumurækt, rannsóknarstofusettum eða rannsóknarsýnum: með meðhöndlun sem eru a.m.k. jafngild fullgiltri aðferð fyrir gufusæfa( ) og síðan förgun sem úrgangi eða skólpi í samræmi við viðeigandi löggjöf Sambandsins,

   c) með þrýstisæfingu og síðan förgun eða notkun í samræmi við 12., 13. og 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009.

5. Notendur sem hafa undir höndum rannsóknar- og greiningarsýni skulu halda skrá yfir sendingar slíkra sýna.

   Í skránni skulu m.a. koma fram þær upplýsingar sem um getur í 1. lið ásamt dagsetningu og förgunaraðferð fyrir sýnin og afleiddar afurðir.

6. Þrátt fyrir 1., 4. og 5. lið getur lögbæra yfirvaldið samþykkt að rannsóknar- og greiningarsýni, sem ætluð eru til notkunar í menntunarskyni, séu handleikin og þeim fargað við önnur skilyrði sem tryggja að ekki komi upp nein óviðunandi áhætta fyrir heilbrigði manna eða dýra.

2. þáttur

Vörusýnishorn og sýningargripir

1. Vörusýnishorn og sýningargripi má einungis flytja, nota og farga í samræmi við 1. til 4. lið og 6. lið 1. þáttar.

(1) CEN TC/102 – Sterilisers for medical purposes – EN 285:2006 + A2:2009 – Sterilization - Steam Sterilisers - Large Sterilisers, tilvísun birt í Stjtíð. ESB C 293, 2.12.2009, bls. 39.

2. Vörusýnishorn sem ekki eru geymd til viðmiðunar skulu, eftir að notkun þeirra til rannsókna eða greiningar er lokið:

   a) send til baka til upprunaaðildarríkisins,

   b) send til annars aðildarríkis eða þriðja lands, ef lögbært yfirvald viðtökuaðildarríkisins eða þriðja landsins, sem er viðtökuland, hefur heimilað slíka sendingu fyrirfram eða

   c) þeim fargað eða þau notuð í samræmi við 12., 13. og 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009.

3. Að lokinni sýningu eða eftir að listrænni notkun lýkur skal senda sýningargripi til baka til upprunaaðildarríkisins, senda þá eða farga þeim í samræmi við 2. lið.

II. KAFLI

SÉRREGLUR UM FÓÐRUN

1. þáttur

Almennar kröfur

Eins og um getur í 18. gr. (1. mgr.) reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 má fóðra dýrin, sem um getur í 1. mgr. (a-, d-, f-, g- og h-lið) þeirrar greinar, á efni í 2. og 3. flokki, að því tilskildu að farið sé að a.m.k. eftirfarandi skilyrðum, auk annarra skilyrða sem lögbæra yfirvaldið mælir fyrir um í samræmi við 18. gr. (1. mgr.) þeirrar reglugerðar:

1. Aukaafurðir úr dýrum skulu fluttar til notenda eða til söfnunarstöðva í samræmi við 1. og 3. þátt I. kafla VIII. viðauka.

2. Söfnunarstöðvar skulu skráðar af lögbæru yfirvaldi að því tilskildu að:

   a) þær uppfylli kröfurnar fyrir stöðvar þar sem fram fer sú millistigsstarfsemi sem fjallað er um í II. kafla IX. viðauka og

   b) þær ráði yfir viðunandi aðstöðu til að eyða ónotuðu efni eða sendi það til samþykktrar vinnslustöðvar eða til samþykktrar brennslu- eða sambrennslustöðvar í samræmi við þessa reglugerð.

3. Aðildarríkin geta leyft að vinnslustöð fyrir efni í 2. flokki sé notuð sem söfnunarstöð.

4. Rekstraraðilar söfnunarstöðva sem afhenda efni, þó ekki aukaafurðir úr dýrum sem koma úr lagardýrum og vatnahryggleysingjum, til endanlegra notenda skulu sjá til þess að það sé meðhöndlað fyrst með annaðhvort:

   a) mengun með litunarefnislausn; lausnin þarf að vera það sterk að litun efnisins, sem er litað, sé greinilega sýnileg og hverfi ekki þegar litaða efnið er fryst eða kælt og allt yfirborð allra stykkja efnisins skal hafa verið þakið með slíkri lausn, annaðhvort með því að dýfa efninu í hana eða með því að úða eða bera lausnina á á annan hátt,

   b) dauðhreinsun með suðu eða gufuhitun undir þrýstingi þar til hver biti efnisins er gegnsoðinn eða

   c) annarri meðferð eða meðhöndlun sem lögbæra yfirvaldið, sem ber ábyrgð á rekstraraðilanum, leyfir.

2. þáttur

Fóðrun tiltekinna tegunda á fóðrunarstöðvum

1. Lögbæra yfirvaldið getur leyft notkun á efni í 1. flokki, sem um getur í b-lið 2. mgr. 18. gr. í reglugerð (EB) nr. 1069/2009, til fóðrunar á eftirfarandi tegundum, sem eru í útrýmingarhættu eða verndaðar, á fóðrunarstöðvum samkvæmt eftirfarandi skilyrðum:

   a) Efnið skal gefið:

i. einni af eftirtöldum tegundum hræfugla í eftirtöldum aðildarríkjum:

Aðildarríki	Dýrategund
Búlgaría	Lambagammur (Gypaetus barbatus) Kuflgammur (Aegypius monachus) Skarngammur (Neophron percnopterus) Gæsagammur (Gyps fulvus) Gullörn (Aquila chrysaetos) Gammörn (Aquila heliaca) Haförn (Haliaeetus albicilla) Vatnagleða (Milvus migrans) Svölugleða (Milvus milvus)
Grikkland	Lambagammur (Gypaetus barbatus) Kuflgammur (Aegypius monachus) Skarngammur (Neophron percnopterus) Gæsagammur (Gyps fulvus) Gullörn (Aquila chrysaetos) Gammörn (Aquila heliaca) Haförn (Haliaeetus albicilla) Vatnagleða (Milvus migrans)
Spánn	Lambagammur (Gypaetus barbatus) Kuflgammur (Aegypius monachus) Skarngammur (Neophron percnopterus) Gæsagammur (Gyps fulvus) Gullörn (Aquila chrysaetos) Skassörn (Aquila adalberti) Vatnagleða (Milvus migrans) Svölugleða (Milvus milvus)
Frakkland	Lambagammur (Gypaetus barbatus) Kuflgammur (Aegypius monachus) Skarngammur (Neophron percnopterus) Gæsagammur (Gyps fulvus) Gullörn (Aquila chrysaetos) Haförn (Haliaeetus albicilla) Vatnagleða (Milvus migrans) Svölugleða (Milvus milvus)
Ítalía	Lambagammur (Gypaetus barbatus) Kuflgammur (Aegypius monachus) Skarngammur (Neophron percnopterus) Gæsagammur (Gyps fulvus) Gullörn (Aquila chrysaetos) Vatnagleða (Milvus migrans) Svölugleða (Milvus milvus)
Kýpur	Kuflgammur (Aegypius monachus) Gæsagammur (Gyps fulvus)
Portúgal	Kuflgammur (Aegypius monachus) Skarngammur (Neophron percnopterus) Gæsagammur (Gyps fulvus) Gullörn (Aquila chrysaetos)

Aðildarríki	Dýrategund
Slóvakía	Gullörn (Aquila chrysaetos) Gammörn (Aquila heliaca) Haförn (Haliaeetus albicilla) Vatnagleða (Milvus migrans) Svölugleða (Milvus milvus)

ii. einni af tegundunum af ættbálki rándýra (Carnivora), sem eru tilgreindar í II. viðauka við tilskipun 92/43/EBE, á sérstökum verndarsvæðum sem hafa verið sett á fót í samræmi við þá tilskipun eða

iii. einni af tegundunum af ættbálki fálka (Falconiformes) eða uglna (Strigiformes), sem eru tilgreindar í I. viðauka við tilskipun 2009/147/EB, á sérstökum verndarsvæðum sem hafa verið sett á fót í samræmi við þá tilskipun eða;

b) Lögbæra yfirvaldið hefur veitt rekstraraðilanum, sem ber ábyrgð á fóðrunarstöðinni, starfsleyfi.

Lögbæra yfirvaldið skal veita slíkt starfsleyfi að því tilskildu að:

i. fóðrunin sé ekki notuð sem staðgönguaðferð til að farga sérstöku áhættuefni eða dauðum jórturdýrum sem innihalda slíkt efni og hætta er á að beri með sér smitandi heilahrörnun,

ii. fyrir hendi sé viðeigandi eftirlitskerfi vegna smitandi heilahrörnunarsjúkdóma, eins og mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 999/2001, sem felur í sér reglubundnar prófanir á rannsóknarstofum á sýnum vegna smitandi heilahrörnunar.

c) Lögbæra yfirvaldið skal tryggja samræmingu við önnur lögbær yfirvöld sem bera ábyrgð á eftirliti með því að farið sé að kröfunum sem mælt er fyrir um í starfsleyfinu.

d) Lögbæra yfirvaldið skal vera þess fullvisst, á grunni mats á sérstökum aðstæðum viðkomandi tegunda og búsvæðum þeirra, að verndarstaða tegundarinnar batni.

e) Starfsleyfi, sem lögbært yfirvald veitir, skal:

i. vísa til og nefna þær tegundir sem eiga í hlut,

ii. lýsa í smáatriðum staðsetningu fóðrunarstöðvarinnar á landsvæðinu þar sem fóðrunin á að eiga sér stað og

iii. vera umsvifalaust fellt tímabundið úr gildi ef:

— grunur er um eða staðfest eru tengsl við útbreiðslu smitandi heilahrörnunar þar til unnt er að útiloka hættuna eða

— ekki er farið að einhverri þeirra reglna sem kveðið er á um í þessari reglugerð.

f) Rekstraraðilinn sem ber ábyrgð á fóðruninni skal:

i. taka frá svæði til fóðrunarinnar sem er lokað og aðgangur að því er takmarkaður við dýr af þeim tegundum, sem á að vernda, ef við á með girðingum eða öðrum aðferðum sem falla að náttúrulegum matarvenjum þessara tegunda,

ii. tryggja að gerðar séu prófanir, sem gefa neikvæðar niðurstöður, á skrokkum af nautgripum og á a.m.k. 4% skrokka af sauðfé og geitum, sem ætlunin er að nota til fóðrunar, fyrir notkun þeirra samkvæmt vöktunaráætlun vegna smitandi heilahrörnunar sem er framkvæmd í samræmi við III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 og, ef við á, í samræmi við ákvörðun sem samþykkt er í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. b í 6. gr. þeirrar reglugerðar og

iii. halda skrár, a.m.k. yfir fjölda, eðli, áætlaða þyngd og uppruna dýraskrokkanna sem eru notaðir til fóðrunar, dagsetningu fóðrunar, stað þar sem fóðrun fór fram og, ef við á, niðurstöður prófana vegna smitandi heilahrörnunar.

2. Þegar aðildarríki leggur fyrir framkvæmdastjórnina umsókn um að vera fært á skrána, sem sett er fram í a-lið 1. liðar, skal það leggja fram:

a) nákvæman rökstuðning fyrir útvíkkun skrárinnar til að taka þar inn tilteknar tegundir hræfugla í því aðildarríki, þ.m.t. útskýringu á ástæðunum fyrir því af hverju það er nauðsynlegt að fóðra slíka fugla á efni í 1. flokki í stað efnis í 2. eða 3. flokki,

b) útlistun á þeim ráðstöfunum sem verða gerðar til að tryggja að farið sé að ákvæðum 1. liðar.

3. þáttur

Fóðrun villtra dýra utan fóðrunarstöðva

Lögbæra yfirvaldið getur leyft notkun á efni í 1. flokki, sem samanstendur af heilum skrokkum eða skrokkhlutum dauðra dýra sem innihalda sérstakt áhættuefni, utan fóðrunarstöðva, ef við á án þess að dauðu dýrunum sé áður safnað saman, til fóðrunar villtra dýra sem um getur í a-lið 1. liðar 2. þáttar, samkvæmt eftirfarandi skilyrðum:

1. Lögbæra yfirvaldið skal vera þess fullvisst, á grunni mats á sérstökum aðstæðum viðkomandi tegunda og búsvæðum þeirra, að verndarstaða tegundarinnar batni.

2. Lögbæra yfirvaldið skal auðkenna, í leyfinu, bújarðir eða hjarðir innan landfræðilega skilgreinds fóðrunarsvæðis samkvæmt eftirfarandi skilyrðum:

a) fóðrunarsvæðið má ekki ná til svæða þar sem þéttbær búskapur með dýr fer fram,

b) alidýr á bújörðum eða í hjörðum á fóðrunarsvæðinu verða að vera undir reglubundnu eftirliti opinbers dýralæknis að því er varðar algengi smitandi heilahrörnunar og sjúkdóma sem eru smitandi fyrir menn eða dýr,

c) fóðrun skal umsvifalaust hætt tímabundið ef um er að ræða:

i. grun um eða staðfestingu á tengslum við útbreiðslu smitandi heilahrörnunar á bújörð eða í hjörð þar til unnt er að útiloka áhættuna,

ii. grun um eða staðfestingu á uppkomu alvarlegs sjúkdóms sem smitast í menn eða dýr, á bújörð eða í hjörð, þar til unnt er að útiloka áhættuna, eða

iii. að ekki sé farið að þeim reglum sem kveðið er á um í þessari reglugerð,

d) í leyfinu skal lögbæra yfirvaldið tilgreina:

i. viðeigandi ráðstafanir til fyrirbyggja að smitandi heilahrörnun og smitsjúkdómar úr dauðu dýrunum berist í menn eða önnur dýr, s.s. ráðstafanir sem beinast að matarvenjum tegundanna sem á að varðveita, árstíðabundnar takmarkanir á fóðrun, takmarkanir á tilflutningi alidýra og aðrar ráðstafanir sem er ætlað að hefta hugsanlega áhættu á útbreiðslu sjúkdóma sem geta smitast í menn eða dýr, s.s. ráðstafanir sem tengjast tegundum sem fyrir eru á fóðrunarsvæðinu en sem eru ekki fóðraðar á aukaafurðum úr dýrum,

ii. ábyrgð einstaklinga eða aðila á fóðrunarsvæðinu sem aðstoða við fóðrunina eða bera ábyrgð á alidýrum, í tengslum við ráðstafanirnar sem um getur í i. lið,

iii. skilyrðin fyrir beitingu viðurlaga eins og um getur í 53. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 sem ná til brota einstaklinganna eða aðilanna, sem um getur í ii. lið þessa d-liðar, gegn ráðstöfunum sem um getur í i. lið,

e) þegar fóðrunin fer fram án þess að dauðu dýrunum sé safnað saman áður skal fara fram mat á líklegri dánartíðni alidýranna á fóðrunarsvæðinu og líklegri þörf villtu dýranna fyrir fóðrun sem er grundvöllur fyrir matið á hugsanlegri áhættu á útbreiðslu sjúkdóma.

4. þáttur

Fóðrun dýra í dýragörðum á efni í 1. flokki

Lögbæra yfirvaldið getur leyft notkun á efni úr 1. flokki, sem samanstendur af heilum skrokkum eða skrokkhlutum dauðra dýra sem innihalda sérstakt áhættuefni, og notkun á efni sem kemur úr dýrum í dýragörðum, til fóðrunar á dýrum í dýragörðum samkvæmt eftirfarandi skilyrðum:

a) Lögbæra yfirvaldið skal hafa veitt rekstraraðilanum, sem ber ábyrgð á fóðruninni, starfsleyfi. Lögbæra yfirvaldið skal veita slíkt starfsleyfi að því tilskildu að:

i. fóðrunin sé ekki notuð sem staðgönguaðferð til að farga sérstöku áhættuefni eða dauðum jórturdýrum sem innihalda slíkt efni og hætta er á að beri með sér smitandi heilahrörnun,

ii. fyrir hendi sé viðeigandi eftirlitskerfi fyrir smitandi heilahrörnunarsjúkdóma eins og mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 999/2001, sem felur í sér reglubundna rannsóknarstofuprófun á sýnum fyrir smitandi heilahrörnunarsjúkdómum, þegar notað er efni í 1. flokki sem samanstendur af heilum skrokkum eða skrokkhlutum dauðra dýra sem innihalda sérstakt áhættuefni og koma úr nautgripum.

b) Starfsleyfið frá lögbæra yfirvaldinu skal umsvifalaust fellt tímabundið úr gildi ef um er að ræða:

i. grun um eða staðfestingu á tengslum við útbreiðslu smitandi heilahrörnunarsjúkdóma þar til unnt er að útiloka áhættuna eða

ii. að ekki sé farið að þeim reglum sem kveðið er á um í þessari reglugerð,

c) Rekstraraðilinn sem ber ábyrgð á fóðruninni skal:

i. geyma efnið sem á að nota til fóðrunar og framkvæma fóðrunina á afmörkuðu og afgirtu svæði til að sjá til þess að engin dýr sem éta kjöt, önnur en dýr í dýragarðinum sem leyfið er gefið fyrir, hafi aðgang að fóðrunarefninu,

ii. sjá til þess að jórturdýr, sem nota á til fóðrunar, falli undir vöktunaráætlunina vegna smitandi heilahrörnunar sem er framkvæmd í samræmi við III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 og, ef við á, í samræmi við ákvörðun sem samþykkt er í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. b í 6. gr. þeirrar reglugerðar,

iii. halda skrár, a.m.k. yfir fjölda, eðli, áætlaða þyngd og uppruna dýraskrokkanna sem eru notaðir til fóðrunar, niðurstöður prófana fyrir smitandi heilahrörnun og dagsetningu fóðrunarinnar.

III. KAFLI

SÉRREGLUR UM SÖFNUN OG FÖRGUN

1. þáttur

Sérreglur um förgun á aukaafurðum úr dýrum

1. Ef lögbært yfirvald leyfir förgun á aukaafurðum úr dýrum á staðnum í samræmi við a-, b-, c- og e-lið 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 má slík förgun fara fram:

a) með því að brenna þær eða urða á athafnasvæðinu þar sem aukaafurðirnar úr dýrum eru upprunnar,

b) á viðurkenndum urðunarstað eða

c) með því að brenna þær eða urða á stað þar sem áhættan sem af þeim stafar fyrir heilbrigði manna og dýra og umhverfið er í lágmarki, að því tilskildu að staðurinn sé nógu skammt undan til að lögbært yfirvald geti komið í veg fyrir að hætta skapist fyrir heilbrigði manna og dýra og fyrir umhverfið.

2. Brennsla á aukaafurðum úr dýrum á stöðunum, sem um getur í b-, c- og e-lið 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, skal fara þannig fram að tryggt sé að þær séu brenndar:

a) á bálkesti sem reistur er á réttan hátt og þannig að aukaafurðirnar úr dýrum séu brenndar til ösku,

b) án þess að heilbrigði manna sé stofnað í hættu,

c) án þess að nota ferli eða aðferðir sem gætu skaðað umhverfið, einkum þegar þær gætu valdið áhættu fyrir vatn, loft, jarðveg og plöntur og dýr eða með hávaða eða lykt,

d) samkvæmt skilyrðum sem tryggja að ösku sem til fellur sé fargað með urðun á viðurkenndum urðunarstað.

3. Urðun aukaafurða úr dýrum á stöðunum, sem um getur í a-, b-, c- og e-lið 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, skal fara þannig fram að tryggt sé að þær séu urðaðar:

a) með þeim hætti að dýr, sem eru kjötætur eða alætur, nái ekki til þeirra,

b) á viðurkenndum urðunarstað eða á öðrum stað, án þess að setja heilbrigði manna í hættu og með því að nota ferli eða aðferðir sem skaða ekki umhverfið, einkum þegar þær gætu valdið áhættu fyrir vatn, loft, jarðveg og plöntur og dýr eða með hávaða eða lykt.

4. Ef um er að ræða förgun í samræmi við a-, b-, c- og e-lið 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 skal flutningur aukaafurða úr dýrum frá upprunastað á förgunarstað fara fram samkvæmt eftirfarandi skilyrðum:

   a) að aukaafurðir úr dýrum séu fluttar í öruggum, lekaþéttum ílátum eða farartækjum,

   b) að lögbært yfirvald hafi eftirlit með fermingu og affermingu slíkra aukaafurða úr dýrum, ef við á,

   c) að hjól farartækisins séu sótthreinsuð þegar það fer út af upprunastaðnum,

   d) að ílát og farartæki sem notuð eru til að flytja aukaafurðir úr dýrum séu hreinsuð vandlega og sótthreinsuð eftir að aukaafurðirnar hafa verið affermdar og

   e) að farartækin fái nægilega fylgd, séu lekaprófuð og með tvöföldu áklæði, ef við á.

2. þáttur

Brennsla og urðun aukaafurða úr dýrum á afskekktum svæðum

Hámarkshundraðshlutinn, sem um getur í 2. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, skal ekki vera stærri en:

a) 10% af nautgripastofni hlutaðeigandi aðildarríkis,

b) 25% af sauðfjár- og geitastofni hlutaðeigandi aðildarríkis,

c) 10% af svínastofni hlutaðeigandi aðildarríkis og

d) hundraðshluti af öðrum dýrastofnum sem lögbært yfirvald ákveður á grunni mats á hugsanlegri áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra sem stafar af förgun dýra af þeim tegundum með brennslu eða urðun á staðnum.

3. þáttur

Brennsla og urðun býflugna og aukaafurða úr býrækt

Ef um er að ræða býflugur og aukaafurðir úr býrækt getur lögbært yfirvald leyft förgun með brennslu eða urðun á staðnum, eins og um getur í f-lið 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, að því tilskildu að allar nauðsynlegar ráðstafanir séu gerðar til að tryggja að brennsla eða urðun skapi ekki hættu fyrir heilbrigði dýra eða manna eða fyrir umhverfið.

IV. KAFLI

FÖRGUN MEÐ ÖÐRUM AÐFERÐUM

Þrátt fyrir 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 geta aðildarríkin leyft söfnun, flutning og förgun efnanna í 3. flokki sem um getur í f-lið 10. gr. þeirrar reglugerðar með öðrum aðferðum en brennslu eða urðun á staðnum, að því tilskildu að:

a) magn efnanna fari ekki yfir 20 kg á viku frá fyrirtækjum eða stöðvum þar sem efnunum er safnað saman, sama hver upprunategund efnanna er,

b) efnunum sé safnað, þau flutt og þeim fargað með aðferðum sem fyrirbyggja útbreiðslu óviðunandi áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra,

c) lögbært yfirvald framkvæmi reglulegar skoðanir, þ.m.t. skoðanir á skrám sem rekstraraðilar halda, í fyrirtækjunum eða á stöðvunum þar sem efnunum er safnað, til að sjá til þess að farið sé að ákvæðum þessa þáttar.

Aðildarríkin geta ákveðið að auka magnið, sem um getur í a-lið, í 50 kg að hámarki á viku, að því tilskildu að þau leggi fyrir framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin nákvæman rökstuðning, í gegnum fastanefndina um matvælaferlið og heilbrigði dýra sem um getur í 1. mgr. 52. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, þar sem tilgreint er eðli þeirrar starfsemi sem auka á magnið fyrir, upprunategund viðkomandi aukaafurða úr dýrum og útskýringu á því af hverju nauðsynlegt er að auka magnið þegar litið er til hins viðunandi kerfis til meðferðar og förgunar aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða á yfirráðasvæði þeirra, eins og um getur í 4. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar.

VII. VIÐAUKI

STAÐLAÐ SNIÐ FYRIR UMSÓKNIR UM LEYFI FYRIR STAÐGÖNGUAÐFERÐUM

I. KAFLI

Fyrirkomulag varðandi tungumál

1. Umsóknir um leyfi fyrir annarri notkunar- eða förgunaraðferð fyrir aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir eins og um getur í 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 (umsóknir) skulu lagðar fram á einu opinberra tungumála Evrópusambandsins eins og um getur í 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 1 frá 1958.

2. Hagsmunaaðilar sem leggja fram slíkar umsóknir á öðru tungumáli en ensku skulu fullgilda opinbera þýðingu umsóknar sinnar, sem Matvælaöryggisstofnunin skal annast, fyrir matið.

   Tímabilið sem um getur í 5. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 skal hefjast þegar hagsmunaaðilinn hefur fullgilt opinbera þýðingu á umsókninni.

II. KAFLI

Innihald umsókna

1. Til að Matvælaöryggisstofnunin geti metið öruggi staðgönguaðferðanna sem sótt er um skulu umsóknir innihalda allar nauðsynlegar upplýsingar um eftirfarandi atriði:

   a) flokka aukaafurða úr dýrum sem ætlunin er að nota staðgönguaðferðina fyrir, með vísun í flokkana sem um getur í 8., 9. og 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009,

   b) auðkenningu og lýsingu á eiginleikum áhættuefna samkvæmt eftirfarandi meginreglum:

      Áhættuefni sem skapa umtalsverða áhættu skulu auðkennd hvert fyrir sig. Meta skal líkurnar á váhrifum hvers efnis á menn og dýr við eðlileg notkunarskilyrði og í neyðarástandi eða við afbrigðileg notkunarskilyrði. Ef um er að ræða umtalsverð váhrif skal meta hugsanlega áhættu,

   c) minnkun áhættu af áhrifavaldinum samkvæmt eftirfarandi meginreglum:

      Minnkun áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra, sem hægt er að ná fram með ferlinu, skal metin á grunni beinna mælinga.

      Ef engar beinar mælingar liggja fyrir má einnig nota líkön eða draga ályktanir út frá öðrum ferlum. Til að sýna fram á skilvirka minnkun áhættu þarf að magnbinda sanngreinda hættu (svo sem salmonellu) bæði í ílags(hrá-)efninu og í frálagsefninu sem til verður. Að því er varðar þennan kafla telst frálagsefni vera allar lokaafurðir úr ferlinu og aukaafurðir sem falla til við það.

      Mati skulu fylgja sannanir. Þar á meðal teljast, að því er varðar mælingar, upplýsingar um aðferðafræðina sem er beitt (næmi og áreiðanleika aðferðanna sem er beitt), eðli sýna sem hafa verið greind og sannanir fyrir því að sýni séu dæmigerð (viðeigandi raunsýni, fjöldi prófana sem gerðar voru).

      Ef notaðir eru staðgenglar fyrir príonprófanir skal gefa skýringu á því hversu miklu máli þeir skipta. Mat á marktækninni skal lagt fram ásamt upplýsingum um óvissuþætti,

   d) afmörkun áhættu samkvæmt eftirfarandi meginreglum:

      Greina skal sennilega skilvirkni tæknilegu ráðstafananna sem gerðar eru til að tryggja að áhættan sé afmörkuð.

      Sú greining verður að endurspegla eðlileg notkunarskilyrði og neyðarástand eða afbrigðileg notkunarskilyrði, þ.m.t. sundurliðun á ferlinu.

      Tilgreina skal vöktunar- og eftirlitsverklagsreglur til að sýna fram á afmörkun.

      Ef ekki er hægt að ná algerri afmörkun er þess krafist að öll hugsanleg áhætta sé metin,

e) sanngreiningu á víxltengdum ferlum samkvæmt eftirfarandi meginreglum:

Meta skal hugsanleg óbein áhrif sem geta haft áhrif á getu tiltekins ferlis til að minnka áhættu.

Óbein áhrif geta skapast við flutning, geymslu og örugga förgun lokaafurða úr ferli og aukaafurða sem falla til við það,

f) fyrirhugaða notkun lokaafurða og aukaafurða samkvæmt eftirfarandi meginreglum:

Fyrirhuguð notkun lokaafurða og aukaafurða úr ferli skal tilgreind.

Reikna skal líklega áhættu, sem skapast getur fyrir heilbrigði manna og dýra, út frá þeirri minnkun áhættu sem metin var í samræmi við c-lið.

2. Umsóknir skulu lagðar fram ásamt skjalfestum sönnunum, einkum flæðiriti sem sýnir hvernig ferlið virkar, sönnunum sem taldar eru upp í c-lið 1. liðar, sem og öðrum sönnunum sem ætlað er að styðja við skýringuna sem gefin er innan rammans sem settur er fram í 1. lið.

3. Í umsóknum skal koma fram heimilisfang tengiliðar fyrir hagsmunaaðilann, þar sem fram skal koma heiti hans og fullt heimilisfang, símanúmer og/eða bréfasímanúmer og/eða tölvupóstfang tiltekins tengiliðar sem ber ábyrgð sem hagsmunaaðili eða fyrir hönd hans.

VIII. VIÐAUKI

SÖFNUN, FLUTNINGUR OG REKJANLEIKI

I. KAFLI

SÖFNUN OG FLUTNINGUR

1. þáttur

Ökutæki og ílát

1. Frá og með upphafspunkti framleiðsluferlisins, sem um getur í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, skal safna saman aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum og flytja þær í innsigluðum nýjum umbúðum eða lokuðum lekaþéttum ílátum eða ökutækjum.

2. Ökutækjum og endurnotanlegum ílátum og öllum endurnotanlegum hlutum búnaðar eða tækja sem komast í snertingu við aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir, aðrar en afleiddar afurðir sem eru settar á markað í samræmi við reglugerð (EB) nr. 767/2009 og sem eru geymdar og fluttar í samræmi við II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 183/2005, skal haldið hreinum.

   Ef þau eru ekki ætluð til flutninga á tilteknum aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum með aðferð sem útilokar víxlmengun skulu þau vera:

   a) hrein og þurr fyrir notkun og

   b) hreinsuð, skoluð og/eða sótthreinsuð eftir hverja notkun eftir því sem þurfa þykir til að forðast víxlmengun.

3. Endurnotanleg ílát skulu eingöngu notuð til að flytja tiltekna aukaafurð úr dýrum eða afleidda afurð ef það er nauðsynlegt til að forðast víxlmengun.

   Hins vegar má nota endurnotanleg ílát, að því tilskildu að lögbært yfirvald hafi leyft slíka notkun, til:

   a) flutnings á mismunandi aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum að því tilskildu að þau séu hreinsuð og sótthreinsuð á milli mismunandi notkunar á þann hátt að víxlmengun sé fyrirbyggð.

   b) flutnings á aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum, sem um getur í f-lið 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, eftir að þau hafa verið notuð undir afurðir sem eru ætlaðar til manneldis, samkvæmt skilyrðum sem fyrirbyggja víxlmengun.

4. Umbúðaefni skal fargað með brennslu eða með öðrum aðferðum í samræmi við löggjöf Sambandsins.

2. þáttur

Hitaskilyrði

1. Flutningur aukaafurða úr dýrum, sem ætlaðar eru til framleiðslu á fóðurefni eða hráu gæludýrafóðri, skal fara fram við viðeigandi hitastig, við 7 °C hámarkshita þegar um er að ræða aukaafurðir úr dýrum sem koma úr kjöti og kjötafurðum sem hafa verið ætlaðar til annars en manneldis, nema þær séu ætlaðar til fóðrunar í samræmi við I. kafla II. viðauka, til að komast hjá allri áhættu fyrir heilbrigði dýra eða manna.

2. Óunnið efni í 3. flokki sem ætlað er til framleiðslu á fóðurefni eða gæludýrafóðri skal geymt og flutt kælt, fryst eða í sílói, nema ef:

   a) það er unnið innan 24 klukkustunda eftir söfnun eða eftir að geymslu í frystu eða kældu formi lýkur, ef flutningur að því loknu fer fram í flutningatæki þar sem geymsluhita er viðhaldið,

   b) um er að ræða mjólk, afurðir sem eru að stofni til úr mjólk eða afurðir úr mjólk sem hafa ekki fengið neina af þeim meðhöndlunum sem um getur í I. hluta 4. þáttar II. kafla X. viðauka, þá er það flutt kælt og í einangruðum tönkum, nema að hægt sé að draga úr áhættu á annan hátt, vegna sérkenna efnisins.

3. Ökutæki, sem eru notuð til kæliflutnings, skulu þannig úr garði gerð að tryggt sé að hæfilegt hitastig haldist allan flutningstímann og hægt sé að fylgjast með hitastiginu.

3. þáttur

Undanþága vegna söfnunar og flutnings efnis í 3. flokki sem samanstendur af mjólk, afurðum sem eru að stofni til úr mjólk og afurðum úr mjólk

Ákvæði 1. þáttar gilda ekki um söfnun og flutning rekstraraðila mjólkurvinnslustöðva, sem hafa verið samþykktar í samræmi við 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004, á efni í 3. flokki sem samanstendur af mjólk, afurðum sem eru að stofni til úr mjólk og afurðum úr mjólk, þegar þeir taka við afurðum sem þeir hafa áður afhent og sem er skilað til þeirra, einkum frá viðskiptavinum þeirra.

4. þáttur

Undanþága vegna söfnunar og flutnings á húsdýraáburði

Þrátt fyrir 1. þátt getur lögbæra yfirvaldið samþykkt flutning söfnun og flutning á húsdýraáburði á milli tveggja staða á sama býli eða á milli bænda og notenda í sama aðildarríki samkvæmt öðrum skilyrðum þar sem kveðið er á um að komið skuli í veg fyrir óviðunandi áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra.

II. KAFLI

AUÐKENNING

1. Gera verður allar nauðsynlegar ráðstafanir til að sjá til þess að:

   a) sendingar á aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum séu auðkennanlegar og þeim sé haldið aðskildum og auðkennanlegum á meðan á söfnun stendur þar sem aukaafurðirnar úr dýrum eru upprunnar og á meðan á flutningi stendur,

   b) að markefni til að auðkenna aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir í tilteknum flokki sé einungis notað fyrir þann flokk sem notkunar þess er krafist fyrir samkvæmt þessari reglugerð, eða sem kveðið er á um eða mælt fyrir um í 4. lið,

   c) sendingar aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða séu sendar frá einu aðildarríki til annars í umbúðum, ílátum eða ökutækjum sem eru áberandi og, a.m.k. á meðan á flutningi stendur, óafmáanlega merkt með litakóða til að sýna upplýsingar, eins og kveðið er á um í þessari reglugerð, á yfirborði eða hluta yfirborðs umbúða, íláts eða ökutækis, eða á merkimiða eða tákni sem sett er á þær á eftirfarandi hátt:

      i. ef um er að ræða efni í 1. flokki, með svörtum lit,

      ii. ef um er að ræða efni í 2. flokki (þó ekki húsdýraáburð og innihald meltingarvegar), með gulum lit,

      iii. ef um er að ræða efni í 3. flokki, með grænum lit sem inniheldur mikinn bláan lit til að tryggja að hann sé skýrt aðgreindur frá öðrum litum,

      iv. ef um er að ræða innfluttar sendingar, með litnum sem um getur fyrir viðkomandi efni skv. i., ii. og iii. lið, frá og með þeim tíma þegar sendingin fer frá skoðunarstöð á landamærum þar sem hún kemur fyrst inn í Sambandið.

2. Á meðan á flutningi og geymslu stendur skal merkimiði vera festur á umbúðir, ílát eða ökutæki þar sem:

   a) skýrt kemur fram hvaða flokki aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir tilheyra og

   b) eftirfarandi orðalag kemur fram skýrt og greinilega á umbúðum, íláti eða ökutæki, eftir því sem við á:

      i. ef um er að ræða efni í 3. flokki: „Óhæft til manneldis “,

      ii. ef um er að ræða efni í 2. flokki (þó ekki húsdýraáburð og innihald meltingarvegar) og afleiddar afurðir: „Óhæft í fóður“; þó skal þess í stað tilgreina á merkimiðanum „Ætlað sem fóður fyrir ...“ ásamt heiti þeirra(r) dýrategunda(r), sem efnið er ætlað til fóðrunar fyrir, þegar efni í 2. flokki er ætlað til fóðrunar dýra sem um getur í 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 samkvæmt skilyrðunum sem kveðið er á um eða mælt fyrir um í samræmi við þá grein,

      iii. ef um er að ræða efni í 1. flokki og afleiddar afurðir úr efni í 1. flokki þegar þær eru ætlaðar til

         — förgunar: „Eingöngu til förgunar“,

— framleiðslu gæludýrafóðurs: „Eingöngu til framleiðslu gæludýrafóðurs“,

— framleiðslu afleiddrar afurðar sem um getur í 36. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009: „Einungis til framleiðslu afleiddra afurða. Óhæft til manneldis, í dýrafóður og til áburðar á land“,

iv. ef um er að ræða mjólk, afurðir sem eru að stofni til úr mjólk eða afurðir úr mjólk, brodd og afurðir úr broddi: „Óhæft til manneldis“,

v. ef um er að ræða gelatín framleitt úr efni í 3. flokki: „Gelatín sem má nota í fóður“,

vi. ef um er að ræða kollagen framleitt úr efni í 3. flokki: „Kollagen sem má nota í fóður“,

vii. ef um er að ræða hrátt gæludýrafóður: „Notist eingöngu sem gæludýrafóður“,

viii. ef um er að ræða fisk og afleiddar afurðir úr fiski sem eru ætlaðar sem fiskafóður og eru meðhöndlaðar og þeim pakkað fyrir dreifingu: heiti og heimilisfang fóðurframleiðslustöðvarinnar þar sem það er upprunnið, greinilega og læsilega merkt og

— ef um er að ræða fiskimjöl úr villtum fiski: „Inniheldur fiskimjöl eingöngu úr villtum fiski – má nota til fóðrunar á öllum tegundum eldisfisks“,

— ef um er að ræða fiskimjöl úr eldisfiski: „Inniheldur fiskimjöl eingöngu úr eldisfiski af tegundinni […] – má einungis nota til fóðrunar á öðrum tegundum eldisfisks“,

— ef um er að ræða fiskimjöl úr villtum fiski og eldisfiski: „Inniheldur fiskimjöl úr villtum fiski og eldisfiski af tegundinni […] – má einungis nota til fóðrunar á öðrum tegundum eldisfisks“,

ix. ef um er að ræða blóðafurðir úr dýrum af hestaætt ætlaðar til annarrar notkunar en í fóður, „Blóð og blóðafurðir úr dýrum af hestaætt. Óhæft til manneldis og í dýrafóður“,

x. ef um er að ræða horn, hófa og klaufir og annað efni til framleiðslu á lífrænum áburði og jarðvegsbætum sem um getur í 12. þætti II. kafla XIV. viðauka: „Óhæft til manneldis og í dýrafóður“,

xi. ef um er að ræða lífrænan áburð og jarðvegsbæta: „Lífrænn áburður eða jarðvegsbætir/Hvorki má beita alidýrum né fóðra þau á uppskeru af landinu í a.m.k. 21 dag eftir áburð“,

xii. ef um er að ræða efni sem er notað til fóðrunar í samræmi við 1. þátt II. kafla VI. viðauka: heiti og heimilisfang söfnunarstöðvarinnar og merkingin „Óhæft til manneldis“,

xiii. ef um er að ræða húsdýraáburð og innihald meltingarvegar: „Húsdýraáburður“,

xiv. ef um er að ræða millistigsafurðir, á ytri pakkningum: „Eingöngu ætlað í lyf/dýralyf/lækningatæki/virk, ígræðanleg lækningatæki/lækningatæki til greiningar í glasi/prófefni til notkunar á rannsóknarstofum“,

xv. ef um er að ræða rannsóknar- og greiningarsýni: „Til notkunar við rannsóknir og greiningar“, í staðinn fyrir textann á merkimiðanum sem mælt er fyrir um í a-lið,

xvi. ef um er að ræða vörusýnishorn: „Vörusýnishorn, óhæft til manneldis“, í staðinn fyrir textann á merkimiðanum sem mælt er fyrir um í a-lið,

xvii. ef um er að ræða sýningargripi: „Sýningargripur, óhæft til manneldis“, í staðinn fyrir textann á merkimiðanum sem mælt er fyrir um í a-lið.

c) Hins vegar skal ekki vera skylda að nota merkimiðann sem um getur í xi. lið b-liðar fyrir eftirfarandi lífrænan áburð og jarðvegsbæta:

i. í 50 kg söluumbúðum eða léttari, til notkunar fyrir lokaneytendur eða

ii. í stórum pokum, 1000 kg eða léttari, að því tilskildu að:

— lögbæra yfirvaldið í aðildarríkinu, þar sem bera á lífræna áburðinn eða jarðvegsbætinn á land, hafi gefið leyfi fyrir þeim,

— tilgreint sé á þessum pokum að innihaldið sé ekki ætlað til áburðar á land sem alidýr hafa aðgang að.

3. Aðildarríki mega koma á fót kerfum eða mæla fyrir um reglur varðandi litakóðun á umbúðum, ílátum eða ökutækjum sem notuð eru við flutninga á aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum sem eru upprunnar á og verða áfram á þeirra yfirráðasvæði, að því tilskildu að þessi kerfi eða reglur valdi ekki ruglingi í tengslum við litakóðunarkerfið sem kveðið er á um í c-lið 1. liðar.

4. Aðildarríkin mega koma á fót kerfum eða mæla fyrir um reglur um merkingar á aukaafurðum úr dýrum sem eru upprunnar á og verða áfram á yfirráðasvæði þeirra, að því tilskildu að þessi kerfi eða reglur stríði ekki gegn kröfum um merkingar fyrir afleiddar afurðir sem mælt er fyrir um í V. kafla þessa viðauka.

5. Þrátt fyrir 3. og 4. lið mega aðildarríkin nota kerfin eða reglurnar sem um getur í þessum liðum fyrir aukaafurðir úr dýrum, sem eru upprunnar á yfirráðasvæði þeirra en er ekki ætlað að vera þar áfram, ef aðildarríkið eða þriðja landið sem er viðtökuland hefur veitt samþykki sitt.

6. Eigi að síður:

a) gilda 1. og 2. liður þessa kafla ekki um auðkenningu rekstraraðila mjólkurvinnslustöðva, sem hafa verið samþykktar í samræmi við 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004, á efni í 3. flokki sem samanstendur af mjólk, afurðum sem eru að stofni til úr mjólk og afurðum úr mjólk, þegar þeir taka við afurðum sem þeir hafa áður afhent og sem er skilað til þeirra, einkum frá viðskiptavinum þeirra,

b) má lögbæra yfirvaldið samþykkja auðkenningu á húsdýraáburði sem er fluttur á milli tveggja staða á sama býli eða á milli býla og notenda í sama aðildarríki eftir öðrum leiðum, sbr. þó 1. og 2. lið,

c) þarf ekki að auðkenna fóðurblöndur, eins og þær eru skilgreindar í h-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2009, sem eru framleiddar úr aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum og sem er pakkað og þær settar á markað sem fóður í samræmi við 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2009, í samræmi við 1. lið og ekki þarf að merkja þær í samræmi við 2. lið.

III. KAFLI

VIÐSKIPTASKJÖL OG HEILBRIGÐISVOTTORÐ

1. Í flutningum skal aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum fylgja viðskiptaskjal í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í þessum kafla eða, ef þess er krafist samkvæmt þessari reglugerð, heilbrigðisvottorð.

Hins vegar er slíkt skjal eða vottorð ekki nauðsynlegt ef:

a) afleiddar afurðir úr efni í 3. flokki og lífrænn áburður og jarðvegsbætar koma frá smásölum til endanlegra notenda, annarra en rekstraraðila, innan sama aðildarríkis,

b) mjólk, afurðum sem eru að stofni til úr mjólk og afurðum úr mjólk sem eru efni í 3. flokki er safnað og skilað til rekstraraðila mjólkurvinnslustöðva, sem hafa verið samþykktar í samræmi við 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004, ef þeir rekstraraðilar taka við afurðum sem þeir hafa áður afhent, einkum frá viðskiptavinum sínum,

c) fóðurblöndur, eins og þær eru skilgreindar í h-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2009, sem eru framleiddar úr aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum, eru settar á markað innpakkaðar og merktar í samræmi við 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2009.

2. Viðskiptaskjalið skal gert a.m.k. í þríriti (eitt frumrit og tvö afrit). Frumritið skal fylgja sendingunni til lokaviðtökustaðar. Viðtakandi skal halda því eftir. Framleiðandinn skal halda eftir öðru afritinu og flutningsaðilinn hinu.

Aðildarríki geta krafist þess að sannanir fyrir komu sendinga sinna séu lagðar fram í gegnum Traces-kerfið eða með fjórða afritinu af viðskiptaskjalinu sem viðtakandinn sendir til baka til framleiðandans.

3. Lögbært yfirvald skal gefa út og undirrita heilbrigðisvottorð.

4. Viðskiptaskjal, sem samræmist fyrirmyndinni sem sett er fram í 6. lið, skal fylgja aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum frá og með upphafspunkti framleiðsluferlisins sem um getur í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, á meðan á flutningi innan Sambandsins stendur.

   Hins vegar getur lögbæra yfirvaldið, auk leyfis til að flytja upplýsingar um staðgöngukerfi eins og um getur í annarri undirgrein 3. mgr. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, veitt leyfi fyrir því að aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum, sem eru fluttar um yfirráðasvæði þess, fylgi:

   a) annars konar viðskiptaskjal, í pappírsformi eða á rafrænu formi, að því tilskildu að slíkt viðskiptaskjal innihaldi þær upplýsingar sem um getur í f-lið athugasemdanna við 6. lið þessa kafla,

   b) viðskiptaskjal þar sem magn efnisins er sett fram sem þyngd eða rúmmál efnisins eða sem fjöldi pakkninga.

5. Skrár og tengd viðskiptaskjöl eða heilbrigðisvottorð skulu geymd í a.m.k. tvö ár til að hægt sé að leggja þau fyrir lögbæra yfirvaldið.

6. Fyrirmynd að viðskiptaskjali

   Athugasemdir

   a) Viðskiptaskjöl skulu gerð í samræmi við uppsetningu fyrirmyndarinnar sem birt er í þessum kafla.

      Þar skulu koma fram, í sömu tölusettu röð og í fyrirmyndinni, nauðsynlegar staðfestingar sem krafist er fyrir flutning aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða.

   b) Skjalið skal vera á einu af opinberum tungumálum upprunaaðildarríkisins eða viðtökuaðildarríkisins, eftir því sem við á.

      Þó má skjalið vera á öðru opinberu tungumáli Sambandsins ef því fylgir opinber þýðing eða ef lögbært yfirvald viðtökuaðildarríkisins hefur áður samþykkt það.

   c) Frumrit hvers viðskiptaskjals skal vera á einu blaði, áprentað báðum megin eða, ef þörf er á meiri texta, form þess skal vera þannig að allar síðurnar séu greinilega samfelld og órjúfanleg heild.

   d) Ef viðbótarblöð eru fest við viðskiptaskjalið vegna auðkenningar hluta í sendingunni skulu þau teljast hluti af frumriti skjalsins ef undirskrift ábyrgðaraðila sendingarinnar kemur fram á hverri síðu fyrir sig.

   e) Ef viðskiptaskjalið, þ.m.t. viðbótarblöðin sem um getur í d-lið, samanstendur af fleiri en einni síðu skal hver síða númeruð — (blaðsíðunúmer) af (heildarsíðufjölda) — neðst og efst skal vera kóðanúmer skjalsins sem ábyrgðaraðilinn hefur tilgreint.

   f) Ábyrgðaraðili skal fylla út frumrit viðskiptaskjalsins og undirrita það.

      Í viðskiptaskjalinu skal koma fram:

      i. dagurinn þegar efnið var flutt af athafnasvæðinu,

      ii. lýsing á efninu, þ.m.t.

         — auðkenni efnisins samkvæmt einum þeirra flokka sem um getur í 8., 9. og 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009,

         — dýrategundin og sérstök tilvísun í viðeigandi lið í 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, ef um er að ræða efni í 3. flokki og afleiddar afurðir úr þeim sem ætlaðar eru í fóður og

         — ef við á, eyrnamerkisnúmer dýrsins,

iii. magn efnisins, í rúmmáli, þyngd eða fjölda pakkninga,

iv. upprunastaður efnisins, þaðan sem efnið er sent,

v. heiti og heimilisfang flutningsaðila efnisins,

vi. heiti og heimilisfang viðtakandans og, ef við á, samþykkis- eða skráningarnúmer hans, sem gefið er út samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1069/2009 eða reglugerðum (EB) nr. 852/2004, (EB) nr. 853/2004 eða (EB) nr. 183/2005, eftir því sem við á,

vii. ef við á, samþykkis- eða skráningarnúmer fyrirtækisins eða upprunastöðvarinnar, sem gefið er út samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1069/2009 eða reglugerðum (EB) nr. 852/2004, (EB) nr. 853/2004 eða (EB) nr. 183/2005, eftir því sem við á, og eðli og aðferðir við meðhöndlun.

g) Undirskrift ábyrgðaraðila skal vera í öðrum lit en prentaði textinn.

h) Tilvísunarnúmer skjalsins og tilvísunarnúmer staðarins skulu einungis gefin út einu sinni fyrir eina og sömu sendinguna.

Viðskiptaskjal

Fyrir flutninga innan Evrópusambandsins á aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum, sem ekki eru ætlaðar til manneldis, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1069/2002

EVRÓPUSAMBANDIÐ **Viðskiptaskjal**

I. hluti: Upplýsingar um vörusendingu

I.1. Sendandi Heiti Heimilisfang Póstnúmer		I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs	I.2.a. Tilvísunarnúmer staðar
		I.3. Lögbært stjórnvald	
		I.4. Lögbært staðaryfirvald	
I.5. Viðtakandi Heiti Heimilisfang Póstnúmer Sími		I.6.	
		I.7.	

I.8. Upprunaland	ISO-kóði	I.9. Upprunasvæði	Kóði	I.10. Viðtökuland	ISO-kóði	I.11. Viðtökusvæði	Kóði

I.12. Upprunastaður Starfsstöð □ Heiti Samþykkisnúmer Heimilisfang Póstnúmer	I.13. Ákvörðunarstaður Starfsstöð □ Annað □ Heiti Samþykkisnúmer Heimilisfang Póstnúmer
I.14. Fermingarstaður	I.15. Brottfarardagur
I I.16. Flutningatæki Flugvél □ Skip □ Járnbrautarvagn □ Ökutæki □ Annað □ Auðkenning	I.17. Flutningsaðili Heiti Samþykkisnúmer Heimilisfang Póstnúmer Aðildarríki
I.18. Lýsing á vöru	I.19. Vörunúmer (ST-númer) I.20. Magn
I.21. Hitastig afurða Við umhverfishita □ Kældar □ Frystar □	I.22. Fjöldi pakkninga
I.23. Nr. innsiglis/gáms	I.24. Tegund umbúða
I.25. Vörur sem eru vottaðar: Sem fóður □ Til tæknilegra nota □	
I.26. Umflutningur gegnum þriðja land □ Þriðja land ISO-kóði Brottfararstaður Kóði Komustaður Nr. skoðunarstöðvar:	I.27. Umflutningur um aðildarríki □ Aðildarríki ISO-kóði Aðildarríki ISO-kóði Aðildarríki ISO-kóði
I.28. Útflutningur □ Þriðja land ISO-kóði Brottfararstaður Kóði	I.29.
I.30.	

I.31. Auðkenning varanna

Samþykkisnúmer starfsstöðva

Tegundir (Vísindaheiti)	Tegund vöru	Flokkur	Tegund meðhöndlunar	Framleiðslustöð	Númer framleiðslulotu

LAND **Aukaafurðir úr dýrum/afleiddar afurðir sem eru ekki ætlaðar til manneldis**

II. hluti: Vottorð

II. **Upplýsingar um heilbrigði**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

II.1. Yfirlýsing sendanda:

Ég, undirrituð/undirritaður lýsi því yfir að:

II.1.1. upplýsingarnar í I. hluta eru réttar,

II.1.2. Allar varúðarráðstafanir hafa verið gerðar til að komast hjá því að sjúkdómsvaldar mengi aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir og einnig til að komast hjá víxlmengun milli mismunandi flokka.

Athugasemdir

I. hluti:

— Reitur I.9 og I.11: ef við á

— Reitur I.12, I.13 og I.17: samþykkisnúmer eða skráningarnúmer

— Reitur I.14: fyllið út ef annað en í reit „I.1. Sendandi".

— Reitur: I.25: tæknileg notkun: öll notkun önnur en til fóðrunar dýra.

— Reitur I.31:

Dýrategundir: Fyrir efni í 3. flokki og afleiddar afurðir þess sem eru ætlaðar til notkunar sem fóðurefni.

Tegund vöru: Setjið inn vöru af eftirfarandi lista: „aukaafurðir úr býrækt", „blóðafurðir", „blóð", „blóðmjöl", „afleiddar afurðir" (nema komið sé fram yfir endapunktinn en þá þarf ekki viðskiptaskjal), „meltunarleifar", „innihald meltingarvegar", „nagbein" (nema komið sé fram yfir endapunktinn en þá þarf ekki viðskiptaskjal), „fiskimjöl", „bragðbætandi innyflaafurðir", „gelatín", „hamsar", „húðir og skinn" (nema komið sé fram yfir endapunktinn en þá þarf ekki viðskiptaskjal), „vatnsrofin prótín", „lífrænn áburður", „gæludýrafóður", „unnið dýraprótín", „unnið gæludýrafóður" (nema komið sé fram yfir endapunktinn en þá þarf ekki viðskiptaskjal), „hrátt gæludýrafóður", „brædd fita", „molta", „unninn húsdýraáburður", „fisklýsi", „mjólkurafurðir", „seyra úr skilvindum eða skiljum frá mjólkurvinnslu"; „tvíkalsíumfosfat", „þríkalsíumfosfat", „kollagen", „eggjaafurðir", „sermi úr dýrum af hestaætt", „veiðiminjagripir", „ull" (nema komið sé fram yfir endapunktinn en þá þarf ekki viðskiptaskjal), „hár", „svínsburstir", „fjaðrir", „aukaafurðir úr dýrum, ætlaðar til vinnslu".

Flokkur: 1., 2. eða 3. flokkur. Ef um er að ræða efni í 3. flokki skal taka fram hvaða bókstaf er um að ræða á bilinu a til p (eins og mælt er fyrir um í 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009):

Ef um er að ræða aukaafurðir úr dýrum til notkunar í hrátt gæludýrafóður, gefið upp 3a eða 3b (i. eða ii. liður), þ.e. hvort getið er um aukaafurðirnar úr dýrum í 10. gr. (a-liður eða i. eða ii. liður b-liðar) reglugerðar (EB) nr. 1069/2009.

Ef um er að ræða húðir og skinn og afurðir sem fást úr þeim, gefið upp 3b (iii. liður) eða 3n, þ.e. hvort getið er um aukaafurðirnar úr dýrum eða afleiddar afurðir í 10. gr. (iii. liður b-liðar eða n-liður) reglugerðar (EB) nr. 1069/2009.

Tilgreinið, ef fleiri en einn flokkur er í vörusendingunni, magn og, eftir því sem við á, fjölda íláta fyrir hvern flokk efnis.

Tegund meðhöndlunar: Að því er varðar verkaðar húðir og skinn sem a) uppfylla ekki kröfur reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu eða b) hafa ekki verið fullsútuð eða c) eru ekki krómsútuð (e. wet blue), eða d) eru ekki piklaðar húðir eða e) hafa ekki verið kölkuð (meðhöndluð með kalki og í saltpækli við pH-gildið 12 til 13 í a.m.k. átta klukkustundir): gefið upp eina meðhöndlun af eftirfarandi: a) þurrkað; b) þurrsaltað eða blautsaltað í a.m.k. 14 daga fyrir sendingu; c) saltað í sjö daga með sjávarsalti með viðbættu 2% natríumkarbónati.

Fyrir efni í 3. flokki og afleiddar afurðir úr efni í 3. flokki sem ætlaðar eru til notkunar í fóður: ef við á skal lýsa eðli þeirra og meðhöndlunaraðferð.

Númer framleiðslulotu: Setjið inn númer framleiðslulotu eða eyrnamerkisnúmer, ef við á.

Undirskrift skal vera í öðrum lit en prentaði textinn.

Undirskrift

Gjört í ..... hinn .....

(staður) (dagsetning)

.....

(undirskrift ábyrgðaraðila/sendanda)

(nafn með hástöfum)

IV. KAFLI

SKRÁR

1. þáttur

Almenn ákvæði

1. Skrárnar fyrir aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir, sem um getur í 22. gr. (1. mgr.) reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, aðrar en fóðurblöndur eins og þær eru skilgreindar í 3. gr. (h-liður 2. mgr.) reglugerðar (EB) nr. 767/2009, sem eru framleiddar úr aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum og sem eru settar á markað í samræmi við 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2009, skulu innihalda:

   a) lýsingu á:

      i. dýrategundinni sem efni í 3. flokki og afleiddar afurðir, sem ætlunin er að nota sem fóðurefni, koma úr og, ef við á, þegar um er að ræða heila skrokka og hausa, eyrnamerkisnúmerinu,

      ii. magni efnisins,

   b) eftirfarandi upplýsingar ef um er að ræða skrár sem aðili, sem sendir frá sér aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir, heldur:

      i. dagurinn þegar efnið var flutt af athafnasvæðinu,

      ii. heiti og heimilisfang flutningsaðilans og viðtakandans og, ef við á, samþykkis- eða skráningarnúmer þeirra,

   c) eftirfarandi upplýsingar ef um er að ræða skrár sem aðili, sem flytur aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir, heldur:

      i. dagurinn þegar efnið var flutt af athafnasvæðinu,

      ii. upprunastaður efnisins, þaðan sem efnið er sent,

      iii. heiti og heimilisfang viðtakanda og, ef við á, samþykkis- eða skráningarnúmer hans,

   d) eftirfarandi upplýsingar ef um er að ræða skrár sem aðili, sem tekur við aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum, heldur:

      i. viðtökudagsetning efnisins,

      ii. upprunastaður efnisins, þaðan sem efnið er sent,

      iii. heiti og heimilisfang flutningsaðilans.

2. Þrátt fyrir 1. lið þessa þáttar þurfa rekstraraðilar ekki að halda upplýsingunum, sem um getur í 1. lið (a-liður, i. liður b-liðar, i. og iii. liður c-liðar og ii. og iii. liður d-liðar), aðskildum ef þeir geyma afrit af viðskiptaskjalinu, sem mælt er fyrir um í III. kafla, fyrir hverja vörusendingu og gera slíkar upplýsingar aðgengilegar ásamt öðrum upplýsingum sem krafist er skv. 1. lið þessa þáttar.

3. Rekstraraðilar brennslustöðva og sambrennslustöðva skulu halda skrár yfir magn og flokk aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða sem þar eru brenndar eða sambrenndar, eftir því sem við á, og dagsetninguna sem þessar aðgerðir voru framkvæmdar.

2. þáttur

Viðbótarkröfur þegar um er að ræða notkun til sérstakrar fóðrunar

Auk skránna sem krafist er í samræmi við 1. þátt skulu rekstraraðilar halda eftirfarandi skrár í tengslum við viðeigandi efni ef aukaafurðir úr dýrum eru notaðar til sérstakrar fóðrunar í samræmi við II. kafla VI. viðauka:

1. skrár yfir magnið sem er notað, dýrin sem á að fóðra á efninu og dagsetning notkunar, ef um er að ræða endanlega notendur,

2. ef um er að ræða söfnunarstöðvar:

   i. skrár yfir magnið sem fær meðferð eða meðhöndlun í samræmi við 4.lið 1. þáttar I. kafla VI. viðauka,

   ii. heiti og heimilisfang hvers endanlegs notanda sem notar efnið,

   iii. athafnasvæði þangað sem efnið er flutt til notkunar,

   iv. magnið, sem er sent, og

   v. hvaða dag efnið var sent.

3. þáttur

Kröfur sem varða tiltekin loðdýr

Rekstraraðili býlisins sem um getur í I. kafla II. viðauka skal a.m.k. halda skrár yfir:

a) fjölda loðfelda og skrokka af dýrum sem eru fóðruð á efni úr sömu dýrategund og

b) hverja vörusendingu til þess að tryggja rekjanleika efnisins.

4. þáttur

Kröfur sem varða áburð tiltekins lífræns áburðar og jarðvegsbæta á land

Aðili, sem ber ábyrgð á landi sem lífrænn áburður og jarðvegsbætar, aðrir en efnin sem um getur annarri málsgrein II. kafla II. viðauka, hafa verið bornir á og sem alidýr hafa aðgang að eða sem beitarjurtir eru slegnar á til fóðrunar alidýra, skal geyma skrár um eftirfarandi í a.m.k. 2 ár:

1. það magn af lífrænum áburði og jarðvegsbætum sem borið er á,

2. dagsetninguna þegar lífræni áburðurinn og jarðvegsbætarnir voru bornir á land og hvar slíkt var borið á,

3. dagsetningarnar eftir áburð lífræns áburðar eða jarðvegsbætis þegar búfé er beitt á landið eða beitarjurtir eru slegnar á því til notkunar sem fóður.

5. þáttur

Kröfur sem varða aukaafurðir úr dýrum sem eru fengnar úr lagardýrum og vegna fóðrunar fisks

Vinnslustöðvar sem framleiða fiskimjöl eða annað fóður úr lagardýrum skulu halda skrár yfir eftirfarandi.

a) það magn sem er framleitt hvern dag,

b) upprunategundina, þ.m.t. skal tilgreina hvort lagardýrin voru veidd úti í náttúrunni eða alin í lagareldi,

c) vísindaheiti upprunategundarinnar ef um er að ræða fiskimjöl úr eldisfiski sem ætlað er til fóðrunar eldisfiska af annarri tegund.

6. þáttur

Kröfur sem varða brennslu og urðun aukaafurða úr dýrum

Ef um er að ræða brennslu eða urðun aukaafurða úr dýrum, eins og kveðið er á um í 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, skal sá aðili sem ber ábyrgð á slíkri brennslu eða urðun halda skrár yfir eftirfarandi:

a) magn, flokka og tegundir þeirra aukaafurða úr dýrum sem eru brenndar eða urðaðar,

b) dagsetningu og stað brennslu og urðunar.

7. þáttur

Kröfur sem varða ljósmyndunargelatín

Rekstraraðilar samþykktra ljósmyndavöruverksmiðja, sem um getur í 11. þætti II. kafla XIV. viðauka, skulu halda skrár yfir kaup og notkun á ljósmyndunargelatíni, sem og yfir förgun á leifum og afgangsefni.

V. KAFLI

MERKINGAR TILTEKINNA AFLEIDDRA AFURÐA

1. Í vinnslustöðvum þar sem efni í 1. eða 2. flokki eru unnin skulu afleiddar afurðir merktar á óafmáanlegan hátt með glýseróltríheptanóati þannig að:

   a) glýseróltríheptanóati er bætt við afleiddar afurðir sem hafa verið sótthreinsaðar með hitameðhöndlun með a.m.k. 80°C kjarnahita og eru eftir það varðar gegn því að mengast aftur,

   b) allar afleiddar afurðir innihaldi glýseróltríheptanóat, sem er einsleitt í öllu efninu, í styrkleika sem er að lágmarki 250 mg á hvert kílógramm fitu.

2. Rekstraraðilar vinnslustöðva sem um getur í 1. lið skulu hafa til staðar vöktunar- og skráningarkerfi fyrir vinnslubreytur sem henta til að sýna lögbæra yfirvaldinu fram á að þeim einsleita lágmarksstyrkleika glýseróltríheptanóats sem krafist er sé náð.

   Liður í vöktunar- og skráningarkerfinu skal m.a. vera ákvörðun á óskertu innihaldi glýseróltríheptanóats sem þríglýseríð í glýseróltríheptanóatútdrætti sem hefur verið dreginn út með hreinsuðum jarðolíueter 40–70 úr sýnum sem hafa verið tekin með jöfnu millibili.

3. Merkingar með glýseróltríheptanóati er ekki krafist fyrir:

   a) fljótandi afleiddar afurðir sem ætlaðar eru til vinnslu í lífgas- eða myltingarstöðvum,

   b) afleiddar afurðir sem eru notaðar til að fóðra loðdýr í samræmi við I. kafla II. viðauka,

   c) lífdísilolíu sem er framleidd í samræmi við D. lið 2. þáttar IV. kafla IV. viðauka,

   d) afleiddar afurðir sem eru fengnar í samræmi við 12. gr. (ii. liður a-liðar og ii. liður b-liðar), 13. gr. (ii. liður a-liðar og ii. liður b-liðar) og 16. gr. (e-liður) reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 þegar slíkar afurðir eru:

      i. fluttar með lokuðu færibandakerfi, sem ekki er hægt að sniðganga, að því tilskildu að lögbært yfirvald hafi heimilað slík kerfi, frá vinnslustöðinni til:

         — beinnar og tafarlausrar brennslu- eða sambrennslu,

         — tafarlausrar notkunar í samræmi við aðferð sem er samþykkt fyrir aukaafurðir úr dýrum í 1. og 2. flokki í samræmi við IV. kafla IV. viðauka eða

      ii. ætlaðar til rannsókna og í öðrum sértækum tilgangi, eins og um getur í 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, sem lögbæra yfirvaldið hefur leyft.

IX. VIÐAUKI

KRÖFUR SEM GILDA UM TILTEKIN SAMÞYKKT OG SKRÁÐ FYRIRTÆKI OG STÖÐVAR

I. KAFLI

FRAMLEIÐSLA Á GÆLUDÝRAFÓÐRI

Fyrirtæki eða stöðvar, sem framleiða gæludýrafóður eins og um getur í e-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, skulu hafa viðunandi aðstöðu til:

a) algerlega öruggrar geymslu og meðhöndlunar á efni sem kemur þar inn og

b) förgunar á ónotuðum aukaafurðum úr dýrum, sem verða eftir þegar framleiðslu á afurðunum í samræmi við þessa reglugerð lýkur, eða skal senda slíkt efni til brennslustöðvar, sambrennslustöðvar, vinnslustöðvar eða, ef um er að ræða efni í 3. flokki, til lífgas- eða myltingarstöðvar í samræmi við 12., 13. og 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 og þessa reglugerð.

II. KAFLI

MEÐFERÐ Á AUKAAFURÐUM ÚR DÝRUM EFTIR SÖFNUN

Kröfurnar í þessum kafla gilda um geymslu aukaafurða úr dýrum, eins og um getur í i-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, og um eftirfarandi starfsemi sem felur í sér meðferð aukaafurða úr dýrum eftir söfnun, eins og um getur í h-lið 1. mgr. 24. gr. sömu reglugerðar:

a) flokkun,

b) stykkjun,

c) kælingu,

d) frystingu,

e) söltun eða önnur ferli til varðveislu,

f) fjarlægingu húða og skinna,

g) fjarlægingu sérstaks áhættuefnis,

h) starfsemi sem felur í sér meðferð aukaafurða úr dýrum sem fer fram í samræmi við skuldbindingar samkvæmt heilbrigðislöggjöf Sambandsins um dýr og dýraafurðir, s.s. skoðun eftir dauða eða sýnatöku,

i) sótthreinsun/gerilsneyðingu aukaafurða úr dýrum sem ummynda á í lífgas eða mylta, áður en slík ummyndun eða mylting fer fram í öðru fyrirtæki eða stöð, í samræmi við V. viðauka við þessa reglugerð,

j) sigtun.

1. þáttur

Almennar kröfur

1. Athafnasvæði og starfsstöðvar þar sem millistigsstarfsemi fer fram skulu uppfylla a.m.k. eftirfarandi kröfur:

   a) Þau skulu vera aðskilin á viðunandi hátt frá umferðaræðum þaðan sem mengun getur breiðst út og frá öðrum athafnasvæðum, s.s. sláturhúsum. Stöðvar skulu þannig skipulagðar að tryggður sé alger aðskilnaður efnis í 1. og 2. flokki frá efni í 3. flokki, eftir því sem við á, allt frá því að tekið er á móti því og þar til það er sent, nema slíkt fari fram í algerlega aðskilinni byggingu.

   b) Á stöðinni skal vera yfirbyggt rými til að taka við og senda aukaafurðir úr dýrum, nema ef aukaafurðirnar eru sendar um lagnir sem fyrirbyggja yfirfærslu áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra, s.s. um lokaðar leiðslur fyrir fljótandi aukaafurðir úr dýrum.

   c) Stöðin skal byggð þannig að auðvelt sé að gera hana hreina og sótthreinsa. Gólfin skulu þannig lögð að vökvi renni auðveldlega af þeim.

d) Á stöðinni skal vera viðunandi aðstaða, þ.m.t. salerni, búningsklefar, handlaugar fyrir starfsfólk og, ef við á, skrifstofurými sem hægt er að veita starfsfólki, sem annast opinbert eftirlit, afnot af.

e) Stöðin skal vera þannig úr garði gerð að nægar varnir séu gegn skaðvöldum, s.s. skordýrum, nagdýrum og fuglum.

f) Ef það er nauðsynlegt til að ná markmiðum þessarar reglugerðar skulu stöðvar hafa yfir að ráða nægilega stórri geymsluaðstöðu með hitastýringu til að unnt sé að halda aukaafurðum úr dýrum við hæfilegt hitastig og vera þannig hannaðar að unnt sé að vakta hitastigið og skrá það.

2. Í stöðinni skal vera nægilega góð aðstaða til að þrífa og sótthreinsa ílátin eða geymana, sem aukaafurðirnar úr dýrunum komu í, og farartækin, önnur en skip, sem notuð eru við flutninginn. Viðunandi aðstaða skal vera fyrir hendi til að sótthreinsa hjól ökutækja.

2. þáttur

Kröfur um hollustuhætti

1. Flokkun á aukaafurðum úr dýrum skal fara þannig fram að ekki sé nein hætta á útbreiðslu dýrasjúkdóma.

2. Við geymslu aukaafurða úr dýrum skulu þær ávallt handleiknar og geymdar þannig að þær séu aðskildar frá öðrum vörum og þannig að komið sé í veg fyrir útbreiðslu sjúkdómsvalda.

3. Geyma skal aukaafurðir úr dýrum á tilhlýðilegan hátt fram að endursendingu, þ.m.t. við viðeigandi hitastig.

3. þáttur

Vinnslustaðlar fyrir sótthreinsun/gerilsneyðingu

Sótthreinsun/gerilsneyðing, sem um getur í i-lið upphafsmálsgreinar þessa kafla, skal beitt í samræmi við vinnslustaðlana sem um getur í 1. lið 1. þáttar I. kafla V. viðauka eða í samræmi við aðrar ummyndunarvinnslubreytur sem hafa verið leyfðar í samræmi við 1. lið 2. þáttar III. kafla sama viðauka.

III. KAFLI

KRÖFUR SEM VARÐA GEYMSLU AFLEIDDRA AFURÐA

1. þáttur

Almennar kröfur

Athafnasvæði og starfsstöðvar þar sem afleiddar afurðir eru geymdar skulu a.m.k. uppfylla eftirfarandi kröfur:

1. Athafnasvæði og starfsstöðvar, þar sem afleiddar afurðir úr efni í 3. flokki eru geymdar, mega ekki vera á sama stað og athafnasvæði þar sem geymdar eru afleiddar afurðir úr efni í 1. eða 2. flokki, nema að komið sé í veg fyrir víxlmengun með skipulagningu og stjórnun athafnasvæðisins, s.s. með geymslu í algerlega aðskildum byggingum.

2. Stöðin skal:

a) búa yfir yfirbyggðu svæði til að taka við og senda afleiddar afurðir, nema ef afleiddu afurðirnar:

i) eru sendar um lagnir sem fyrirbyggja útbreiðslu áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra, s.s. um lokaðar leiðslur fyrir fljótandi afurðir eða

ii. koma í pakkningum, s.s. stórum pokum, eða í yfirbreiddum lekaþéttum ílátum eða flutningatækjum,

b) byggð þannig að auðvelt sé að gera hana hreina og sótthreinsa hana. Gólfin skulu þannig lögð að vökvi renni auðveldlega af þeim;

c) hafa nægan fjölda salerna, búningsklefa og handlauga fyrir starfsfólk,

d) búa yfir viðeigandi fyrirkomulagi til að nægar varnir séu gegn skaðvöldum, s.s. skordýrum, nagdýrum og fuglum.

3. Í stöðinni skal vera nægilega góð aðstaða til að þrífa og sótthreinsa ílátin eða geymana, sem afleiddu afurðirnar koma í, og farartækin, önnur en skip, sem notuð eru við flutninginn.

4. Afleiddar afurðir skulu geymdar á viðunandi hátt þar til þær eru sendar af stað á ný.

2. þáttur

Sértækar kröfur sem varða geymslu á tiltekinni mjólk, afurðum sem eru að stofni til úr mjólk og afurðum úr mjólk

1. Afurðirnar, sem um getur í II. hluta 4. þáttar II. kafla X. viðauka, skulu geymdar við viðeigandi hitastig til að komast hjá áhættu fyrir heilbrigði manna eða dýra hjá sérstaklega til þess ætluðum samþykktum eða skráðum geymslufyrirtækjum eða -stöðvum eða á sérstaklega til þess ætluðu aðskildu geymslusvæði innan samþykkts eða skráðs geymslufyrirtækis eða -stöðvar.

2. Sýni, sem tekin eru úr lokaafurðum meðan þær eru í geymslu eða þegar þær eru teknar úr geymslu, skulu a.m.k. uppfylla þá örverufræðilegu staðla sem settir eru fram í I. kafla X. viðauka.

IV. KAFLI

SKRÁÐIR REKSTRARAÐILAR

1. Rekstraraðilar skráðra stöðva eða fyrirtækja eða aðrir skráðir rekstraraðilar skulu fara með aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir samkvæmt eftirfarandi skilyrðum:

   a) húsnæði skal vera þannig byggt að auðvelt sé að hreinsa það og sótthreinsa, eftir því sem við á,

   b) í húsnæðinu skal vera viðeigandi fyrirkomulag á vörnum gegn meindýrum, s.s. skordýrum, nagdýrum og fuglum,

   c) búnaði og tækjum skal haldið við hollustusamleg skilyrði, ef nauðsyn krefur,

   d) aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir skulu geymdar við skilyrði sem fyrirbyggja mengun.

2. Rekstraraðilar skulu halda skrár á formi sem er lögbæra yfirvaldinu aðgengilegt.

3. Skráðir rekstraraðilar sem flytja aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir, þó ekki á milli athafnasvæða sama rekstraraðila, skulu einkum:

   a) hafa við hendina upplýsingar um auðkenningu ökutækja sinna sem gera kleift að sannprófa að ökutækin séu notuð til að flytja aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir,

   b) hreinsa og sótthreinsa ökutæki sín eins og við á,

   c) gera allar aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir mengun og útbreiðslu sjúkdóma sem geta smitast í menn eða dýr.

X. VIÐAUKI

FÓÐUREFNI

I. KAFLI

ALMENNAR KRÖFUR SEM VARÐA VINNSLU OG SETNINGU Á MARKAÐ

Örverufræðilegir staðlar fyrir afleiddar afurðir

Eftirfarandi örverufræðilegir staðlar gilda fyrir afleiddar afurðir:

Sýni, sem tekin eru úr fullunnum afurðum meðan þær eru í geymslu eða þegar þær eru teknar úr geymslu í vinnslustöðinni, skulu uppfylla eftirfarandi staðla:

Salmonella: finnst ekki í 25 g: n = 5, c = 0, m = 0, M = 0,

Iðrabakteríur: n = 5, c = 2, m = 10, M = 300 í 1 g,

þar sem:

n = fjöldi sýna sem prófa skal,

m = viðmiðunargildi fyrir fjölda baktería; niðurstöðurnar teljast fullnægjandi ef fjöldi baktería í öllum sýnunum fer ekki yfir m,

M = hámarksgildi fyrir fjölda baktería; niðurstöðurnar teljast ófullnægjandi ef fjöldi baktería í einu eða fleiri sýnum er M eða meira og

c = fjöldi sýna þar sem fjöldi baktería getur verið milli m og M en sýnið telst engu að síður fullnægjandi ef fjöldi baktería í öðrum sýnum er m eða þar undir.

Hins vegar skulu þeir örverufræðilegu staðlar, sem settir eru fram í þessum kafla, ekki gilda um brædda fitu og fisklýsi úr vinnslu á aukaafurðum úr dýrum þegar unna dýraprótínið, sem fæst úr sömu vinnslu, fellur undir sýnatöku til að tryggja að farið sé að þessum stöðlum.

II. KAFLI

SÉRTÆKAR KRÖFUR SEM VARÐA UNNIN DÝRAPRÓTÍN OG AÐRAR AFLEIDDAR AFURÐIR

1. þáttur

Sértækar kröfur sem varða unnið dýraprótín

A. Hráefni

Einungis má nota aukaafurðir úr dýrum sem eru efni í 3. flokki eða afurðir sem koma úr slíkum aukaafurðum úr dýrum, aðrar en efni í 3. flokki sem um getur í n-, o- og p-lið 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, til framleiðslu á unnu dýraprótíni.

B. Vinnslustaðlar

1. Unnið dýraprótín sem kemur úr spendýrum skal hafa farið í gegnum vinnsluaðferð 1 (þrýstisæfingu) sem sett er fram í III. kafla IV. viðauka.

Hins vegar,

a) má blóð eða blóðþætti úr svínum þess í stað vinna með einhverri af vinnsluaðferðum 1 til 5 eða vinnsluaðferð 7, sem settar eru fram í III. kafla IV. viðauka, að því tilskildu að ef um er að ræða vinnsluaðferð 7 hafi hitameðhöndlun verið beitt þannig að allt efnið hitni í a.m.k. 80 °C,

b) má unnið dýraprótín úr spendýrum

i. hafa farið í gegnum einhverja af vinnsluaðferðum 1 til 5 eða vinnsluaðferð 7, sem settar eru fram í III. kafla IV. viðauka, að því tilskildu að því sé síðan fargað eða það notað sem eldsneyti til brennslu,

ii. hafa, þegar það er eingöngu ætlað til notkunar í gæludýrafóður, farið í gegnum einhverja af vinnsluaðferðum 1 til 5 eða vinnsluaðferð 7, sem settar eru fram í III. kafla IV. viðauka, að því tilskildu að það sé:

— flutt í sérstaklega til þess ætluðum ílátum sem eru ekki notuð til flutnings á aukaafurðum úr dýrum eða fóðri fyrir alidýr og

— sent beint frá vinnslustöð fyrir efni í 3. flokki til gæludýrafóðurstöðvarinnar eða til samþykktrar geymslustöðvar þaðan sem það er sent beint til gæludýrafóðurstöðvar.

2. Unnið prótín, sem er ekki úr spendýrum, að undanskildu fiskimjöli, skal hafa verið unnið með einhverri af vinnsluaðferðum 1 til 5 eða vinnsluaðferð 7, sem settar eru fram í III. kafla IV. viðauka.

3. Fiskimjöl skal hafa verið unnið:

a) með einhverri af vinnsluaðferðunum sem settar eru fram í III. kafla IV. viðauka eða

b) með annarri aðferð sem tryggir að afurðin uppfylli örverufræðilegu staðlana fyrir afleiddar afurðir sem settir eru fram í I. kafla þessa viðauka.

C. Geymsla

1. Unnu dýraprótíni skal pakkað og það geymt í nýjum eða dauðhreinsuðum pokum eða geymt í til þess gerðum sílóum eða geymsluskýlum.

Viðeigandi ráðstafanir skulu gerðar til að halda rakaþéttingu í sílóum, flutningsbúnaði eða lyftum í lágmarki.

2. Afurðir í flutningsbúnaði, lyftum og sílóum skulu varðar gegn mengun af slysni.

3. Halda skal búnaði, sem er notaður til meðferðar á unnu dýraprótíni, hreinum og þurrum og skulu viðeigandi skoðunarstaðir vera fyrir hendi þannig að ganga megi úr skugga um hreinleika búnaðarins.

Tæma skal alla geymsluaðstöðu og hreinsa hana með reglulegu millibili eftir því sem þurfa þykir til að koma í veg fyrir mengun.

4. Halda skal unnu dýraprótíni þurru.

Koma skal í veg fyrir leka og þéttingu raka á geymslusvæðinu.

2. þáttur

Sértækar kröfur sem varða blóðafurðir

A. Hráefni

Einungis má nota blóð, sem um getur í a-lið og i. lið b-liðar 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, til framleiðslu blóðafurða.

B. Vinnslustaðlar

Blóðafurðir skulu hafa verið unnar með:

a) einhverri af vinnsluaðferðum 1 til 5 eða vinnsluaðferð 7, sem settar eru fram í III. kafla IV. viðauka, eða

b) annarri aðferð sem tryggir að blóðafurðin uppfylli örverufræðilegu staðlana fyrir afleiddar afurðir sem settir eru fram í I. kafla þessa viðauka.

3. þáttur

Sértækar kröfur sem varða brædda fitu, fisklýsi og fituafleiður úr efni í 3. flokki

A. Hráefni

1. Brædd fita

Einungis má nota efni í 3. flokki, þó ekki efni í 3. flokki sem um getur í i-, j-, n-, o- og p-lið reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, til framleiðslu á bræddri fitu.

2. Fisklýsi

Einungis má nota efni í 3. flokki sem um getur í i- og j-lið 10 gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 og efni í 3. flokki sem kemur úr lagardýrum sem um getur í e- og f-lið 10. gr. þeirrar reglugerðar til framleiðslu á fisklýsi.

B. Vinnslustaðlar

Ef fisklýsi eða brædd fita hefur ekki verið framleidd í samræmi við VIII. eða XII. þátt III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, í þeirri röð, skal brædd fita framleidd með einhverri af vinnsluaðferðum 1 til 5 eða vinnsluaðferð 7 og fisklýsi má framleiða:

a) með vinnsluaðferð 1 til 7, sem settar eru fram í III. kafla IV. viðauka, eða

b) með annarri aðferð sem tryggir að afurðin uppfylli örverufræðilegu staðlana fyrir afleiddar afurðir sem settir eru fram í I. kafla þessa viðauka.

Brædd fita, sem er unnin úr jórturdýrum, skal hreinsuð þannig að hámarksmagn óleysanlegra óhreininda sem eftir verða sé ekki meira en 0,15% miðað við þyngd.

Fituafleiður úr bræddri fitu eða fisklýsi í 3. flokki skulu framleiddar með einni af vinnsluaðferðunum sem um getur í III. kafla IV. viðauka.

C. Kröfur um hollustuhætti

Ef bræddri fitu eða fisklýsi er pakkað í umbúðir skulu ílátin vera ný eða hreinsuð og sótthreinsuð, ef nauðsyn krefur, til að koma í veg fyrir mengun og gera skal allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir endurmengun.

Ef ætlunin er að flytja afurðirnar í lausu skulu leiðslur, dælur og tankar undir lausa efnið og önnur ílát eða tankbifreiðar, sem eru notuð undir það við flutninga frá framleiðslufyrirtæki, annaðhvort beint til skips eða í tanka í höfnum eða beint til stöðva, vera hrein fyrir notkun.

4. þáttur

Sértækar kröfur sem varða mjólk, brodd og tilteknar aðrar afurðir fengnar út mjólk eða broddi

I. hluti

Almennar kröfur

A. Hráefni

Einungis má nota mjólk sem um getur í e-lið 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, aðra en seyru úr skilvindum eða skiljum, og mjólk sem um getur í f- og h-lið 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 til framleiðslu á mjólk, afurðum sem eru að stofni til úr mjólk og afurðum úr mjólk.

Einungis má nota brodd að því tilskildu að hann komi úr lifandi dýrum sem ekki sýndu nein einkenni sjúkdóma sem geta smitast í menn eða dýr með broddi.

B. Vinnslustaðlar

1. Mjólk skal meðhöndluð með einni af eftirtöldum aðferðum:

1.1. dauðhreinsun við F_0 (*)-gildið þrír eða meira,

1.2. leifturhitun (**) ásamt einu af eftirfarandi:

a) síðari eðlisfræðilegri meðhöndlun:

i. þurrkun sem, ef um er að ræða mjólk sem ætluð er sem fóður, fer fram ásamt viðbótarhitun í 72 °C eða meira, eða

ii. með því að lækka pH-gildið niður fyrir 6 í a.m.k. eina klukkustund,

b) með því skilyrði að mjólk, afurð sem er að stofni til úr mjólk eða afurð úr mjólk hafi verið framleiddar a.m.k. 21 degi fyrir sendingu og á því tímabili hafi ekki greinst neitt tilvik gin- og klaufaveiki í upprunaaðildarríkinu,

(*) F_0 er sú virkni sem reiknað hefur verið út að drepi bakteríugró. F_0-gildið 3,00 þýðir að kaldasti partur afurðarinnar hafi hitnað nægilega til að drápsvirkni sé eins og við 121 ℃ (250 ℉) á þremur mínútum með snöggri hitun og kælingu.

(**) Leifturhitun = Meðhöndlun við 132°C í minnst eina sekúndu.

1.3. háhitagerilsneyðingu (*) (HTST) beitt tvisvar,

1.4. háhitagerilsneyðingu ásamt einu af eftirfarandi:

a) síðari eðlisfræðilegri meðhöndlun:

i. þurrkun sem, ef um er að ræða mjólk sem ætluð er sem fóður, fer fram ásamt viðbótarhitun í 72 °C eða meira, eða

ii. með því að lækka pH-gildið niður fyrir 6,0 í a.m.k. eina klukkustund,

b) með því skilyrði að mjólk, afurð sem er að stofni til úr mjólk eða afurð úr mjólk hafi verið framleiddar a.m.k. 21 degi fyrir sendingu og á því tímabili hafi ekki greinst neitt tilvik gin- og klaufaveiki í upprunaaðildarríkinu.

2. Afurðir sem eru að stofni til úr mjólk og afurðir úr mjólk skulu annaðhvort meðhöndlaðar með a.m.k. einni þeirra aðferða sem kveðið er á um í 1. lið eða vera framleiddar úr mjólk sem er meðhöndluð í samræmi við 1. lið.

3. Mysu, sem á að nota til fóðrunar dýra af tegundum sem eru næmar fyrir gin- og klaufaveiki og sem er framleidd úr mjólk sem er meðhöndluð í samræmi við 1. lið, skal:

a) annaðhvort safnað a.m.k. 16 klukkustundum eftir að mjólkin hefur hlaupið og pH-gildi hennar skal vera skráð sem minna en 6,0 áður en hún er flutt á dýrabújarðir eða

b) hún skal hafa verið framleidd a.m.k. 21 degi fyrir sendingu og á því tímabili hafi ekki greinst neitt tilvik gin- og klaufaveiki í upprunaaðildarríkinu.

4. Auk krafnanna, sem settar eru fram 1., 2. og 3. lið, skulu mjólk, afurðir sem eru að stofni til úr mjólk og afurðir úr mjólk uppfylla eftirfarandi kröfur:

4.1. að vinnslu lokinni skal gera allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir mengun afurðanna,

4.2. lokaafurðin skal merkt til að gefa til kynna að hún innihaldi efni úr 3. flokki og sé ekki ætluð til manneldis og skal:

a) vera pakkað í nýjar umbúðir eða

b) flutt í lausu í geymum eða öðru flutningatæki sem áður hefur verið vandlega hreinsað og sótthreinsað.

5. Hrámjólk skal framleidd við skilyrði sem veita fullnægjandi ábyrgðir að því er varðar heilbrigði dýra.

6. Broddur og afurðir úr broddi skulu:

6.1. koma úr nautgripum sem eru haldnir á bújörð þar sem allar nautgripahjarðir teljast opinberlega lausar við berkla, öldusótt og smitandi hvítblæði, eins og skilgreint er í d-, f- og j-lið 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 64/432/EBE,

6.2. hafa verið framleidd a.m.k. 21 degi fyrir sendingu og á því tímabili hafi ekki greinst neitt tilvik gin- og klaufaveiki í upprunaaðildarríkinu.

6.3. hafa verið háhitagerilsneyddar einu sinni (*),

6.4. uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 4. lið þessa hluta.

(*) Háhitagerilsneyðing = gerilsneyðing í skamman tíma við 72 ℃ í a.m.k. 15 sekúndur eða jafngild gerilsneyðing sem gefur neikvæða svörun við fosfatasaprófun.

II. hluti

Undanþága vegna setningar mjólkur, sem unnin er í samræmi við landsstaðla, á markað

1. Kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 2. og 3. lið þessa hluta, gilda um vinnslu, notkun og geymslu mjólkur, afurða sem eru að stofni til úr mjólk og afurða úr mjólk sem eru efni í 3. flokki eins og um getur í e-lið 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, að undantekinni seyru úr skilvindum eða skiljum, og mjólkur, sem um getur í f- og h-lið 10. gr. þeirrar reglugerðar, sem hafa ekki verið unnar í samræmi við I. hluta þessa þáttar.

2. Lögbæra yfirvaldið skal veita leyfi fyrir mjólkurvinnslustöðvum, sem eru samþykktar eða skráðar í samræmi við 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004, til framleiðslu á mjólk, afurðum sem eru að stofni til úr mjólk eða afurðum úr mjólk, í þeim tilgangi sem um getur í 3. lið þessa hluta, að því tilskildu að viðkomandi fyrirtæki sjái til þess að afurðirnar séu rekjanlegar.

3. Afhenda má og nota mjólk, afurðir sem eru að stofni til úr mjólk og afurðir úr mjólk sem fóðurefni:

   a) í hlutaðeigandi aðildarríki og á landamærasvæðum þar sem hlutaðeigandi aðildarríki hafa gert með sér gagnkvæman samning þess efnis, ef um er að ræða afleiddar afurðir, þ.m.t. hvítvatn, sem hafa komist í snertingu við hrámjólk og/eða mjólk sem er gerilsneydd í samræmi við kröfurnar um hitameðhöndlun, sem settar eru fram í a- eða b-lið liðar II.1 í II. kafla IX. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, ef viðkomandi afleiddar afurðir hafa fengið einhverja eftirfarandi meðhöndlun:

      i. leifturhitun,

      ii. dauðhreinsun, þar sem annaðhvort næst Fc-gildið 3 eða hærra, eða sem var framkvæmd við a.m.k. 115 °C hitastig í 15 mínútur, eða jafngild samsetning hitastigs og tíma,

      iii. gerilsneyðingu eða dauðhreinsun, aðra en þá sem um getur í ii. lið og síðan:

         — þurrkun, ef um er að ræða þurrmjólk eða þurrkaðar afurðir sem eru að stofni til úr mjólk eða þurrkaðar afurðir úr mjólk,

         — vinnsluferli þar sem pH-gildið er lækkað og haldið undir 6 í a.m.k. eina klukkustund ef um er að ræða sýrðar mjólkurafurðir,

   b) í hlutaðeigandi aðildarríki,

      i. ef um er að ræða afleiddar afurðir, þ.m.t. hvítvatn, sem hafa komist í snertingu við mjólk sem hefur einungis verið gerilsneydd í samræmi við kröfurnar um hitameðhöndlun, sem settar eru fram í a-lið liðar II.1 í II. kafla IX. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, og mysu sem er framleidd úr afurðum sem eru að stofni til úr mjólk sem hafa ekki fengið hitameðhöndlun, sem var safnað a.m.k. 16 klukkustundum eftir að mjólkin hafði hlaupið og þar sem pH-gildi hennar hafði mælst < 6,0 áður en mysan var afhent til fóðrunar, að því tilskildu að þær séu sendar til takmarkaðs fjölda dýrabújarða, sem hafa fengið leyfi, sem er fastsettur á grunni áhættumats um bestu og verstu hugsanlegar sviðsmyndir sem hlutaðeigandi aðildarríki framkvæmir til undirbúnings fyrir viðbragðsáætlanir vegna dýrafarsótta, einkum gin- og klaufaveiki,

      ii. ef um er að ræða óunnar afurðir, þ.m.t. hvítvatn sem hefur komist í snertingu við hrámjólk og aðrar afurðir sem ekki er hægt að tryggja að hafi fengið þá meðhöndlun sem um getur í a-lið og i-lið b-liðar, að því tilskildu að þær séu sendar til takmarkaðs fjölda dýrabújarða, sem hafa fengið leyfi, sem er fastsettur á grunni áhættumats um bestu og verstu hugsanlegar sviðsmyndir sem hlutaðeigandi aðildarríki framkvæmir til undirbúnings fyrir viðbragðsáætlanir vegna dýrafarsótta, einkum gin- og klaufaveiki, og að því tilskildu að einungis megi flytja dýrin á dýrabújörðunum, sem hafa fengið leyfi,

         — annaðhvort beint í sláturhús sem er í sama aðildarríki eða

         — á aðra bújörð í sama aðildarríki, þar sem lögbært yfirvald ábyrgist að dýr sem eru næm fyrir gin- og klaufaveiki megi einungis annaðhvort fara beint út af bújörðinni í sláturhús sem er staðsett í sama aðildarríki, eða ef dýrin hafa verið send á bújörð þar sem dýr eru ekki fóðruð á þeim afurðum, sem um getur í þessum ii. lið, eftir að 21 dags stöðvunartímabil er liðið frá því að komið var með dýrin þangað.

4. Lögbært yfirvald getur leyft sendingar á broddi, sem uppfyllir ekki skilyrðin sem sett eru fram í lið B.6 í I. hluta, frá einum bónda til annars innan sama aðildarríkis, til fóðrunar, að uppfylltum skilyrðum sem fyrirbyggja útbreiðslu á heilbrigðisáhættu.

III. hluti

Sérkröfur sem varða seyru úr skilvindum eða skiljum

Efni í 3. flokki, sem samanstendur af seyru úr skilvindum eða skiljum, skal hafa fengið hitameðhöndlun við a.m.k. 70 °C í 60 mínútur eða við 80 °C í 30 mínútur áður en leyfilegt er að setja það á markað til fóðrunar alidýra.

5. þáttur

Sértækar kröfur sem varða gelatín og vatnsrofið prótín

A. Hráefni

Einungis má nota aukaafurðir úr dýrum sem eru efni í 3. flokki eða afurðir sem koma úr slíkum aukaafurðum úr dýrum, aðrar en efni í 3. flokki sem um getur í m-, n-, o- og p-lið 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, til framleiðslu á gelatíni og vatnsrofnu prótíni.

B. Vinnslustaðlar fyrir gelatín

1. Ef gelatín hefur ekki verið framleitt í samræmi við XIV. þátt III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 skal það vera framleitt með vinnsluferli sem tryggir að efni í 3. flokki fái meðhöndlun með sýru eða basa og sé síðan skolað einu sinni eða oftar.

   Því næst skal stilla sýrustigið. Gelatín skal dregið út með upphitun í eitt eða fleiri skipti í röð og því næst hreinsun með síun og dauðhreinsun.

2. Þegar gelatínið hefur verið unnið eins og um getur í 1. lið má þurrka það og, ef við á, búa til úr því duft eða plötur.

3. Bannað er að nota önnur rotvarnarefni en brennisteinstvíoxíð og vetnisperoxíð.

C. Aðrar kröfur sem varða gelatín

Gelatín skal sett í umbúðir og pakkningar, geymt og flutt við fullnægjandi hreinlætisskilyrði.

Einkum skal taka tillit til eftirfarandi atriða:

a) að fyrir hendi sé til þess ætlað herbergi eða rými til að geyma umbúða- og pakkningaefni,

b) að pökkun í umbúðir og pakkningar eigi sér stað í herbergi eða rými sem er sérstaklega ætlað til þess.

D. Vinnslustaðlar fyrir vatnsrofið prótín

Við framleiðslu vatnsrofins prótíns skal nota framleiðsluferli sem felur í sér viðeigandi ráðstafanir til að lágmarka mengun. Vatnsrofið prótín sem kemur úr jórturdýrum skal hafa mólþyngd undir 10 000 daltonum.

Auk krafnanna í fyrstu málsgrein skal framleiða vatnsrofin prótín, sem eru alveg eða að hluta til unnin úr húðum og skinnum jórturdýra, í vinnslustöð sem eingöngu er ætluð til framleiðslu á vatnsrofnum prótínum, með ferli sem felur í sér tilreiðslu hráefna í 3. flokki með söltun, kölkun og vandlegri skolun og því næst skal:

a) láta efnið vera við pH-gildi yfir 11 lengur en í þrjár klukkustundir við hita yfir 80 °C og síðan skal það hitað í yfir 140 °C í 30 mínútur við meira en 3,6 bör eða

b) pH-gildi 1 til 2, síðan við hærra pH en 11 og loks hitað í 140 °C í 30 mínútur við 3 bör.

6. þáttur

Sértækar kröfur sem varða tvíkalsíumfosfat

A. Hráefni

Einungis má nota aukaafurðir úr dýrum sem eru efni í 3. flokki eða afurðir sem koma úr slíkum aukaafurðum úr dýrum, aðrar en efni sem um getur í m-, n-, o- og p-lið 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, til framleiðslu á tvíkalsíumfosfati.

B. Vinnslustaðlar

1. Tvíkalsíumfosfat skal framleitt með vinnsluferli sem felst í eftirfarandi þremur áföngum:

a) í fyrsta lagi skal tryggt að öll bein sem eru efni í 3. flokki séu mulin smátt, fituhreinsuð með heitu vatni og meðhöndluð með þynntri saltsýru (með 4% lágmarksstyrkleika og pH-gildi < 1,5) í minnst tvo daga,

b) í öðru lagi, á eftir þeim hluta vinnslunnar sem um getur í a-lið, skal fosfórríki vökvinn, sem fæst úr þeim áfanga, meðhöndlaður með kalki, þannig að úr fáist tvíkalsíumfosfatsbotnfall með pH-gildi á bilinu 4 til 7,

c) loks skal tvíkalsíumfosfatsbotnfallið loftþurrkað við inntakshitastig á bilinu 65 °C til 325 °C og endanlegt hitastig á bilinu 30 °C til 65 °C.

2. Þegar tvíkalsíumfosfat er fengið úr fitusneyddum beinum skal það koma úr beinum sem um getur í a-lið 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009.

7. þáttur

Sértækar kröfur sem varða þríkalsíumfosfat

A. Hráefni

Einungis má nota aukaafurðir úr dýrum sem eru efni í 3. flokki eða afurðir sem koma úr slíkum aukaafurðum úr dýrum, aðrar en efni sem um getur í m-, n-, o- og p-lið 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, til framleiðslu á þríkalsíumfosfati.

B. Vinnslustaðlar

Þríkalsíumfosfat skal framleitt í vinnsluferli sem tryggir:

a) að öll bein sem eru efni í 3. flokki séu mulin smátt og fituhreinsuð í gagnstreymi með heitu vatni (beinflísar skulu vera minni en 14 mm),

b) samfellda gufusuðu við 145 °C í 30 mínútur við 4-bara þrýsting,

c) að prótínseyðið sé aðskilið frá hýdroxýapatítinu (þríkalsíumfosfatinu) með skiljun,

d) að kyrning á þríkalsíumfosfatinu eigi sér stað að lokinni þurrkun á svifbeði við 200 °C lofthita.

8. þáttur

Sértækar kröfur sem varða kollagen

A. Hráefni

Einungis má nota aukaafurðir úr dýrum sem eru efni í 3. flokki eða afurðir sem koma úr slíkum aukaafurðum úr dýrum, aðrar en efni sem um getur í m-, n-, o- og p-lið 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, til framleiðslu á kollageni.

B. Vinnslustaðlar

1. Ef kollagen hefur ekki verið framleitt í samræmi við kröfurnar um kollagen, sem settar eru fram XV. þætti III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, skal það framleitt með vinnsluferli sem tryggir að óunnið efni í 3. flokki fái meðhöndlun sem felst í skolun, sýrustigsstillingu með sýru eða basa og síðan einni eða fleiri skolunum, síun og útpressun.

Eftir þá meðhöndlun má þurrka kollagenið.

2. Bannað er að nota önnur rotvarnarefni en þau sem leyfð eru samkvæmt löggjöf Sambandsins.

C. Aðrar kröfur

Kollagenið skal sett í umbúðir og pakkningar, geymt og flutt við fullnægjandi hreinlætisskilyrði. Einkum skal taka tillit til eftirfarandi atriða:

a) að fyrir hendi sé til þess ætlað herbergi eða rými til að geyma umbúða- og pakkningaefni,

b) að pökkun í umbúðir og pakkningar eigi sér stað í herbergi eða rými sem er sérstaklega ætlað til þess.

9. þáttur

Sértækar kröfur sem varða eggjaafurðir

A. Hráefni

Einungis má nota aukaafurðir úr dýrum, sem um getur í e- og f-lið 10. gr. og ii. lið k-liðar 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, til framleiðslu eggjaafurða.

B. Vinnslustaðlar

Eggjaafurðir skulu hafa verið:

a) unnar með einhverri af vinnsluaðferðum 1 til 5 eða vinnsluaðferð 7, eins og segir í III. kafla IV. viðauka,

b) unnar með annarri aðferð og vinnslubreytum sem tryggja að afurðirnar samrýmist þeim örverufræðilegu stöðlum fyrir afleiddar afurðir sem settir eru fram í I. kafla eða

c) meðhöndlaðar í samræmi við kröfurnar um egg og eggjaafurðir sem settar eru fram í I., II. og III. kafla X. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004.

10. þáttur

Sértækar kröfur sem varða tiltekin efni í 3. flokki

Setja má á markað efni í 3. flokki sem samanstanda af afurðum úr dýraríkinu eða matvælum sem innihalda afurðir úr dýraríkinu sem ekki eru lengur ætluð til manneldis af viðskiptalegum ástæðum eða vegna vandamála sem upp hafa komið vegna framleiðslu- eða pökkunargalla eða annarra ágalla sem ekki skapa áhættu fyrir heilbrigði manna eða dýra, eins og um getur í f-lið 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, sem fóður fyrir alidýr, að því tilskildu að:

a) efnið samanstandi ekki af og hafi ekki komist í snertingu við efni úr dýraríkinu sem hefur ekki verið unnið:

i. í samræmi við þessa reglugerð,

ii. eins og skilgreint er í m-lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 852/2004,

b) allar nauðsynlegar ráðstafanir hafi verið gerðar til að fyrirbyggja mengun efnisins.

III. KAFLI

KRÖFUR SEM VARÐA FISKAFÓÐUR OG BEITU

1. Aukaafurðir úr dýrum sem koma úr fiski eða vatnahryggleysingjum og afleiddar afurðir úr þeim sem eru ætlaðar sem fóður fyrir eldisfiska eða fyrir aðrar lagareldistegundir skulu:

a) fá meðferð og vera unnar aðskilið frá efni sem ekki má nota í þessu skyni,

b) koma úr

i. villtum fiski eða öðrum lagardýrum, að sjávarspendýrum undanskildum, sem landað er í viðskiptalegum tilgangi, eða úr aukaafurðum úr dýrum sem koma úr villtum fiski og eru upprunnar í stöðvum sem framleiða fiskafurðir til manneldis eða

ii. eldisfiski, að því tilskildu að þær séu gefnar eldisfiski af annarri tegund,

c) vera unnar í vinnslustöð með aðferð sem tryggir að afurðin verði örverufræðilega örugg, þ.m.t. með tilliti til sjúkdómsvalda í fiskum.

2. Lögbært yfirvald getur mælt fyrir um skilyrði, sem beinast að því að koma í veg fyrir óviðunandi áhættu á útbreiðslu sjúkdóma sem geta smitast í menn eða dýr, er varða notkun lagardýra og vatna- og landhryggleysingja:

a) sem fóðurs fyrir eldisfiska eða vatnahryggleysingja þegar aukaafurðir úr dýrum hafa ekki verið unnar í samræmi við c-lið 1. liðar,

b) sem beitu, þ.m.t. beitu fyrir vatnahryggleysingja.

XI. VIÐAUKI

LÍFRÆNN ÁBURÐUR OG JARÐVEGSBÆTAR

I. KAFLI

KRÖFUR SEM VARÐA ÓUNNINN HÚSDÝRAÁBURÐ, UNNINN HÚSDÝRAÁBURÐ OG AFLEIDDAR AFURÐIR ÚR UNNUM HÚSDÝRAÁBURÐI

1. þáttur

Óunninn húsdýraáburður

1. Viðskipti með óunninn húsdýraáburð frá tegundum öðrum en alifuglum eða dýrum af hestaætt á milli aðildarríkja skulu háð eftirfarandi skilyrðum, auk samþykkis viðtökuaðildarríkisins sem um getur í 1. mgr. 48. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009:

   a) Viðskipti með óunninn húsdýraáburð frá öðrum tegundum en alifuglum eða dýrum af hestaætt eru bönnuð nema áburðurinn:

      i. komi frá svæði þar sem engar takmarkanir eru í gildi vegna alvarlegs, smitandi sjúkdóms og

      ii. sé ætlaður til notkunar, undir eftirliti lögbærra yfirvalda, á land sem er hluti einnar bújarðar sem liggur beggja vegna landamæra tveggja aðildarríkja.

   b) Hins vegar getur lögbært yfirvald viðtökuaðildarríkisins, með hliðsjón af uppruna húsdýraáburðarins, ákvörðunarstað hans og heilbrigðissjónarmiðum, veitt sérstakt leyfi fyrir því að komið sé með eftirfarandi inn á yfirráðasvæði þess:

      i. húsdýraáburð sem er ætlaður til:

         — vinnslu í stöð til að framleiða afleiddar afurðir sem eru ætlaðar til notkunar utan fóðurferlisins eða

         — ummyndunar í lífgas eða til myltingar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1069/2009 og V. viðauka við þessa reglugerð með það fyrir augum að framleiða afurðirnar sem um getur í 2. þætti þessa kafla.

         Í slíkum tilvikum skal lögbært yfirvald hafa hliðsjón af uppruna húsdýraáburðarins þegar það leyfir að komið sé með hann inn á slíkar stöðvar eða

      ii. húsdýraáburð sem ætlaður er til áburðar á land á bújörð, að því tilskildu að lögbært yfirvald upprunaaðildarríkisins hafi tilkynnt um samþykki sitt fyrir slíkum viðskiptum.

   c) Ef um er að ræða þau tilvik, sem um getur í b-lið, skal heilbrigðisvottun í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í 3. lið bætt við viðskiptaskjalið sem fylgir sendingunni af húsdýraáburði.

2. Viðskipti með óunninn alifuglaáburð á milli aðildarríkja skulu háð eftirfarandi skilyrðum, auk samþykkis viðtökuaðildarríkisins sem um getur í 1. mgr. 48. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009:

   a) áburðurinn skal vera upprunnin á svæði þar sem engar takmarkanir eru í gildi vegna Newcastle-veiki eða fuglainflúensu,

   b) auk þess má ekki senda óunninn áburð frá alifuglahópum, sem hafa verið bólusettir gegn Newcastle-veiki, til svæðis sem hefur verið lýst svæði þar sem ekki er bólusett gegn Newcastle-veiki í samræmi við 2. mgr. 15. gr. tilskipunar 2009/158/EB og

   c) heilbrigðisvottun í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í 3. lið skal bætt við viðskiptaskjalið sem fylgir sendingu af alifuglaáburði.

3. Fyrirmynd að heilbrigðisvottun sem bæta skal við viðskiptaskjalið:

EVRÓPUSAMBANDIÐ **Viðskiptaskjal**

I. hluti: Upplýsingar um vörusendingu

I.1. Sendandi Heiti Heimilisfang Póstnúmer		I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs	I.2.a. Tilvísunarnúmer staðar
		I.3. Lögbært stjórnvald	
		I.4. Lögbært staðaryfirvald	
I.5. Viðtakandi Heiti Heimilisfang Póstnúmer Sími		I.6.	
		I.7.	
I.8. Upprunaland ISO-kóði	I.9. Upprunasvæði Kóði	I.10. Viðtökuland ISO-kóði	I.11. Viðtökusvæði Kóði
I.12. Upprunastaður Starfsstöð □ Heiti Samþykkisnúmer Heimilisfang Póstnúmer		I.13. Ákvörðunarstaður Starfsstöð □ Annað □ Heiti Samþykkisnúmer Heimilisfang Póstnúmer	
I.14. Fermingarstaður		I.15. Brottfarardagur	
I.16. Flutningatæki Flugvél □ Skip □ Járnbrautarvagn □ Ökutæki □ Annað □ Auðkenning		I.17. Flutningsaðili Heiti Samþykkisnúmer Heimilisfang Póstnúmer Aðildarríki	
I.18. Lýsing á vöru		I.19. Vörunúmer (ST-númer)	I.20. Magn
I.21. Hitastig afurða Við umhverfishita □ Kældar □ Frystar □			I.22. Fjöldi pakkninga
I.23. Nr. innsiglis/gáms			I.24. Tegund umbúða
I.25. Vörur sem eru vottaðar: Til tæknilegra nota □			
I.26. Umflutningur gegnum þriðja land □ Þriðja land ISO-kóði Brottfararstaður Kóði Komustaður Nr. landamæraskoðunarst.:		I.27. Umflutningur um aðildarríki □ Aðildarríki ISO-kóði Aðildarríki ISO-kóði Aðildarríki ISO-kóði	
I.28. Útflutningur □ Þriðja land ISO-kóði Brottfararstaður Kóði		I.29.	
I.30.			

I.31. Auðkenning varanna

Tegundir (Vísindaheiti)	Tegund vöru	Flokkur	Tegund meðhöndlunar	Samþykkisnúmer starfsstöðva: Framleiðslustöð	Númer framleiðslulotu

Land **Aukaafurðir úr dýrum/afleiddar afurðir sem eru ekki ætlaðar til manneldis**

II. hluti: Vottorð

II.	**Upplýsingar um heilbrigði**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

III. Heilbrigðisvottun

ég, undirritaður, opinber dýralæknir, lýsi því yfir að ég skil að lögbært yfirvald á ákvörðunarstaðnum hefur veitt samþykki sitt fyrir því að óunninn húsdýraáburður verðir fluttur inn á yfirráðasvæði þess og að óunni húsdýraáburðurinn sem getið er í reit I.18 uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

a) að því er varðar óunninn alifuglaáburð ([1]):

[Áburðurinn er upprunninn á svæði þar sem engar takmarkanir eru í gildi vegna Newcastle-veiki eða fuglainflúensu.]

og [Ef um er að ræða óunninn áburð frá alifuglahópum sem hafa verið bólusettir gegn Newcastle-veiki má ekki senda hann til svæðis, sem hefur verið lýst svæði þar sem ekki er bólusett gegn Newcastle-veiki, í samræmi við 2. mgr. 15. gr. tilskipunar 2009/158/EB.]

b) að því er varðar óunninn húsdýraáburð frá öðrum dýrategundum en alifuglum og dýrum af hestaætt ([1]):

[Áburðurinn er upprunninn á svæði þar sem engar takmarkanir eru í gildi vegna alvarlegs smitsjúkdóms.]

og

annaðhvort [Húsdýraáburðurinn er ætlaður til vinnslu í stöð til að framleiða afleiddar afurðir, sem eru ætlaðar til notkunar utan fóðurferlisins, eða er ætlaður til ummyndunar í lífgas eða til myltingar, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1069/2009, með það fyrir augum að framleiða unninn húsdýraáburð eða afurðir úr unnum húsdýraáburði.]

eða [Áburðurinn er ætlaður til notkunar á land á bújörð].

Athugasemdir

I. hluti:

— Reitur I.9 og I.11: ef við á

— Reitur I.12, I.13 og I.17: samþykkisnúmer eða skráningarnúmer

— Reitur I.14: fyllið út ef annað en í reit „I.1. Sendandi".

— Reitur: I.25: tæknileg notkun: öll notkun önnur en til fóðrunar dýra.

— Reitur I.31:

Tegund vöru: „húsdýraáburður".

II. hluti:

([1]) Strikið yfir það sem á ekki við.

Opinber dýralæknir eða opinber skoðunarmaður

Nafn (með hástöfum): Menntun, hæfi og titill:

Dagsetning: Undirskrift:

Stimpill:

4. Stunda má viðskipti á milli aðildarríkja með óunnið tað frá dýrum af hestaætt að því tilskildu að viðtökuaðildarríkið hafi samþykkt viðskiptin, eins og um getur í 1. mgr. 48. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, og að því tilskildu að það komi ekki frá bújörð þar sem takmarkanir er varða heilbrigði dýra eru í gildi varðandi sníf, munnblöðrubólgu, miltisbrand eða hundaæði í samræmi við 5. mgr. 4. gr. tilskipunar 2009/156/EB.

5. Lögbært yfirvald viðtökuaðildarríkis getur, í samræmi við ii. lið c-liðar 1. mgr. 48. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, krafist þess að rekstraraðilar sem senda óunninn húsdýraáburð frá öðru aðildarríki:

   a) sendi nánari upplýsingar varðandi fyrirhugaða sendingu, s.s. nákvæmar landfræðilegar tilgreiningar varðandi staðinn þar sem afferma á húsdýraáburðinn og

   b) geymi húsdýraáburðinn áður en hann er borinn á land.

6. Lögbært yfirvald getur leyft sendingu á húsdýraáburði, sem er fluttur á milli tveggja staða innan sama býlis, samkvæmt skilyrðum er varða eftirlit með hugsanlegri heilbrigðisáhættu, s.s. skyldu hlutaðeigandi rekstraraðila að halda viðeigandi skrár.

2. þáttur

Leðurblökugúanó, unninn húsdýraáburður og afleiddar afurðir úr unnum húsdýraáburði

Setning unnins húsdýraáburðar, afleiddra afurða úr unnum húsdýraáburði og leðurblökugúanós á markað skal háð eftirfarandi skilyrðum, auk samþykkis viðtökuaðildarríkisins sem um getur í 1. mgr. 48. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009:

a) Þau skulu koma frá stöð fyrir afleiddar afurðir til notkunar utan fóðurferlisins eða frá lífgas- eða myltingarstöð eða stöð sem framleiðir lífrænan áburð eða jarðvegsbæta.

b) Þau skulu hafa verið hituð í a.m.k. 70 °C í a.m.k. 60 mínútur og meðhöndluð til að fækka grómyndandi bakteríum og minnka myndun eiturefna, ef þau eru talin til áhættu sem þarf að taka tillit til.

c) Lögbæru yfirvaldi er þó heimilt að leyfa notkun annarra staðlaðra vinnslubreyta en þeirra sem um getur í b-lið að því tilskildu að umsækjandi sýni fram á að slíkar vinnslubreytur tryggi að líffræðileg áhætta sé í lágmarki.

   Færa skal sönnur fyrir því m.a. með fullgildingu sem skal fara fram á eftirfarandi hátt:

   i. Með kortlagningu og greiningu á hugsanlegri hættu, þ.m.t. áhrifum frá aðföngum, byggt á nákvæmri skilgreiningu á vinnsluskilyrðum, og áhættumati til þess að meta hvernig sértækum vinnsluskilyrðum er náð í reynd við venjulegar og ódæmigerðar aðstæður.

   ii. Með fullgildingu á fyrirhuguðu ferli

      (ii.-1) með því að mæla hve mikið dregið hefur úr lífvænleika/smitvirkni hjá innrænum vísilífverum meðan á vinnslunni stendur svo fremi að vísirinn sé:

         — ávallt fyrir hendi í hráefninu í miklum fjölda,

         — ekki minna hitaþolinn gagnvart banvænum þáttum meðhöndlunarferlisins en sjúkdómsvaldarnir sem hann er notaður til að vakta en heldur ekki marktækt þolnari,

         — tiltölulega auðveldur í magngreiningu og tiltölulega auðvelt að bera kennsl á hann og staðfesta eða

      (ii.-2) með því að mæla skerðingu á lífvænleika/smitvirkni vel skilgreindrar prófunarlífveru eða -veiru sem er, meðan váhrif vara, flutt með heppilegum bera inn í upphafsefnið.

   iii. Með fullgildingunni, sem um getur í ii. lið, skal sýnt fram á að með vinnslunni náist að draga úr heildaráhættu á eftirfarandi hátt:

      — við varmafræðileg og efnafræðileg ferli náist fram fækkun á Enterococcus faecalis sem nemur a.m.k. 5 log10-einingum fyrir og skerðing á smitnæmu títri fyrir hitaþolnar veirur, t.d. parvóveirur, sem nemur a.m.k. 3 log10-einingum þegar þær teljast til áhættu sem skiptir máli,

      — við efnafræðileg ferli náist einnig fram fækkun sem nemur a.m.k. 99,9% (3 log10-einingum) á þolnum sníklum, t.d. eggjum Ascaris sp. (iðraþráðorma) á lífvænlegum stigum.

iv. Gerð fullfrágenginnar eftirlitsáætlunar, þ.m.t. aðferðir til að vakta vinnsluferlið.

v. Með ráðstöfunum til að tryggja stöðuga vöktun og eftirlit með viðkomandi vinnslubreytum, sem eru ákveðnar í eftirlitsáætluninni, við rekstur stöðvarinnar.

Upplýsingar um viðkomandi vinnslubreytur, sem eru notaðar í stöð, ásamt upplýsingum um aðra mikilvæga stýristaði, skulu skráðar og varðveittar þannig að eigandinn, rekstraraðilinn eða fulltrúi þeirra og lögbært yfirvald geti vaktað starfsemi stöðvarinnar. Veita skal framkvæmdastjórninni upplýsingar í tengslum við ferli sem er samþykkt samkvæmt þessari reglugerð, sé þess óskað.

d) Dæmigerð sýni, sem tekin eru úr húsdýraáburði til að vakta ferlið við vinnslu eða strax eftir vinnslu á stöð, skulu uppfylla eftirfarandi staðla:

Escherichia coli: n = 5, c = 5, m = 0, M = 1000 í 1 g,

eða

Saurkokkar: n = 5, c = 5, m = 0, M = 1000 í 1 g,

og

Dæmigerð sýni, sem tekin eru úr húsdýraáburði meðan hann er í geymslu eða þegar hann eru tekinn úr geymslu á framleiðslustöðinni, lífgas- eða myltingarstöðinni, skulu uppfylla eftirfarandi staðla:

Salmonella: finnst ekki í 25 g: n = 5; c = 0; m = 0; M = 0

þar sem:

n = fjöldi sýna sem prófa skal,

m = viðmiðunargildi fyrir fjölda baktería; niðurstöðurnar teljast fullnægjandi ef fjöldi baktería í öllum sýnunum fer ekki yfir m,

M = hámarksgildi fyrir fjölda baktería; niðurstöðurnar teljast ófullnægjandi ef fjöldi baktería í einu eða fleiri sýnum er M eða meira og

c = fjöldi sýna þar sem fjöldi baktería getur verið milli m og M en sýnið telst engu að síður fullnægjandi ef fjöldi baktería í öðrum sýnum er m eða þar undir.

Unninn húsdýraáburður eða unnar afurðir úr húsdýraáburði sem uppfylla ekki framangreinda staðla teljast óunnið efni.

e) Það skal geymt þannig að eftir vinnslu sé útilokað að það mengist eða verði fyrir fylgisýkingu og raki sé í lágmarki. Það skal því geymt í:

i. vel innsigluðum og einangruðum sílóum eða rétt byggðum geymsluskúrum eða

ii. vel lokuðum pakkningum, s.s. plastpokum eða stórsekkjum.

II. KAFLI

KRÖFUR SEM VARÐA TILTEKINN LÍFRÆNAN ÁBURÐ OG JARÐVEGSBÆTA

1. þáttur

Skilyrði fyrir framleiðslunni

1. Lífrænn áburður og jarðvegsbætar, aðrir en húsdýraáburður, innihald meltingarvegar, molta, mjólk, afurðir sem eru að stofni til úr mjólk og afurðir úr mjólk, broddur, afurðir úr broddi og meltunarleifar úr ummyndun aukaafurða úr dýrum eða afleiddra afurða í lífgas, skulu framleiddir:

a) með vinnsluaðferð 1 (þrýstisæfingu), þegar efni í 2. flokki er notað sem upphafsefni,

b) með því að nota unnið dýraprótín, sem er framleitt úr efni í 3. flokki í samræmi við 1. þátt II. kafla X. viðauka, eða efni, sem hafa fengið aðra meðhöndlun, þegar leyfilegt er að nota slík efni sem lífrænan áburð og jarðvegsbæta í samræmi við þessa reglugerð eða

c) með því að nota einhverja af vinnsluaðferðum 1 til 7, sem settar eru fram í III. kafla IV. viðauka, þegar efni í 3. flokki, sem er ekki notað til að framleiða unnið dýraprótín, er notað sem upphafsefni.

2. Blanda skal, í skráðu fyrirtæki eða stöð, lífrænan áburð og jarðvegsbæta, sem samanstanda af eða eru framleiddir úr kjöt- og beinamjöli unnu úr efni í 2. flokki eða úr unnu dýraprótíni, með nægjanlegu lágmarkshlutfalli af efnisþætti sem lögbært yfirvald aðildarríkisins, þar sem bera á afurðina á land, hefur leyft, til að útiloka að blandan verði síðar notuð í fóður.

3. Lögbæra yfirvaldið skal leyfa efnisþáttinn sem um getur í 2. lið samkvæmt eftirfarandi skilyrðum:

a) efnisþátturinn skal samanstanda af kalki, húsdýraáburði, þvagi, moltu eða meltunarleifum úr ummyndun aukaafurða úr dýrum í lífgas, eða úr öðrum efnum, s.s. jarðefnaáburði, sem eru ekki notuð í fóður og sem, samkvæmt góðum starfsvenjum í landbúnaði, útiloka að blandan verði síðar notuð í fóður,

b) efnisþátturinn skal ákveðinn á grunni mats á loftslags- og jarðvegsskilyrðum ef nota á blönduna sem áburð, á tilgreiningum um að efnisþátturinn geri blönduna bragðvonda fyrir dýr eða að hann komi á annan hátt í veg fyrir misnotkun á blöndunni til fóðrunar og í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í löggjöf Sambandsins eða, eftir atvikum, landslöggjöf um verndun umhverfisins að því er varðar verndun jarðvegs og grunnvatns.

Lögbæra yfirvaldið skal gera skrána yfir leyfðu efnisþættina aðgengilega framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum sé þess óskað.

4. Hins vegar gilda kröfurnar sem um getur í 2. mgr. ekki um:

a) lífrænan áburð og jarðvegsbæta í 50 kg söluumbúðum eða léttari, til notkunar fyrir lokaneytendur eða

b) lífrænan áburð og jarðvegsbæta í 1000 kg stórsekkjum eða léttari, þar sem fram kemur á pakkningunum að lífræni áburðurinn sé ekki ætlaður fyrir land sem alidýr hafa aðgang að, að því tilskildu að lögbært yfirvald aðildarríkisins þar sem bera á lífræna áburðinn eða jarðvegsbætinn á land hafi leyft notkun slíkra stórsekkja á grunni mats á líkunum á því að efnið verði tekið til hliðar og flutt á bújarðir þar sem dýr eru haldin eða borið á land sem alidýr hafa aðgang að.

5. Framleiðendur lífræns áburðar og jarðvegsbæta skulu sjá til þess að þeir séu afmengaðir til að fjarlægja sjúkdómsvalda áður en þeir eru settir á markað, í samræmi við:

— ákvæði I. kafla X. viðauka, ef um er að ræða unnið dýraprótín eða afleiddar afurðir úr efni í 2. flokki eða 3. flokki,

— ákvæði 3. þáttar III. kafla V. viðauka ef um er að ræða moltu og meltunarleifar úr ummyndun aukaafurða úr dýrum eða afleiddra afurða í lífgas.

2. þáttur

Geymsla og flutningur

Eftir vinnslu eða ummyndun skal geyma og flytja lífrænan áburð og jarðvegsbæta á tilhlýðilegan hátt:

a) í lausri vigt, við viðeigandi skilyrði sem koma í veg fyrir mengun,

b) í pakkningum eða stórsekkjum, ef um er að ræða lífrænan áburð eða jarðvegsbæta sem ætlaðir eru til sölu til endanlegra notenda eða

c) ef um er að ræða geymslu á býli, í viðunandi geymslurými þar sem engin alidýr komast að þeim.

XII. VIÐAUKI

MILLISTIGSAFURÐIR

Í samræmi við 2. mgr. 34. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 skulu eftirfarandi skilyrði gilda um innflutning og umflutning millistigsafurða um Sambandið:

1. Innflutningur og umflutningur millistigsafurða skal leyfður að því tilskildu:

   a) að þær komi úr eftirfarandi efni:

      i. efni í 3. flokki, öðru en efni sem um getur í c-, n-, o- og p-lið 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009,

      ii. afurðum sem eru myndaðar af þeim dýrum sem um getur í i-, l- og m-lið 10 gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 eða

      iii. blöndum af þeim efnum sem um getur í i. og ii. lið,

   b) ef um er að ræða millistigsafurðir, sem ætlaðar eru til framleiðslu á lækningatækjum, lækningatækjum til greiningar í glasi og prófefnum til notkunar á rannsóknarstofum, komi þær úr:

      i. efnum sem uppfylla viðmiðanirnar sem um getur í a-lið, nema þær mega koma úr dýrum sem hafa fengið ólöglega meðferð, eins og skilgreint er í d-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 96/22/EB eða í b-lið 2. gr. tilskipunar 96/23/EB,

      ii. efni í 2. flokki sem um getur í f- og h-lið 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 eða

      iii. blöndum af þeim efnum sem um getur í i. og ii. lið,

   c) ef um er að ræða millistigsafurðir, sem ætlaðar eru til framleiðslu á virkum, ígræðanlegum lækningatækjum, manna- og dýralyfjum, komi þær úr efnum sem um getur í b-lið, ef lögbæra yfirvaldið telur að notkun slíkra efna sé réttlætanleg til að vernda heilbrigði manna eða dýra,

   d) að þær komi frá þriðja landi sem tilgreint er sem aðili að Alþjóðadýraheilbrigðisstofnuninni (OIE) í fréttabréfi stofnunarinnar (OIE Bulletin),

   e) að þær komi frá fyrirtæki eða stöð sem lögbært yfirvald þriðja lands, sem um getur í d-lið, hefur skráð eða samþykkt í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í 2. lið,

   f) að hverri sendingu fylgi yfirlýsing innflytjanda, í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í 20. kafla XV. viðauka, sem skal vera á a.m.k. einu af opinberum tungumálum aðildarríkisins, þar sem skoðun á skoðunarstöð á landamærum skal fara fram, og viðtökuaðildarríkisins; þessi aðildarríki geta leyft notkun á öðrum tungumálum og krafist opinberra þýðinga á yfirlýsingum á slíkum tungumálum,

   g) ef um er að ræða efni sem um getur í b-lið, að innflytjandinn sýni lögbæra yfirvaldinu fram á að efnin:

      i. beri ekki með sér neina áhættu á útbreiðslu sjúkdóms sem getur smitast í menn eða dýr eða

      ii. séu flutt við skilyrði sem fyrirbyggja útbreiðslu sjúkdóma sem geta smitast í menn eða dýr.

2. Lögbært yfirvald þriðja lands getur skráð eða samþykkt fyrirtæki eða stöð, eins og um getur í e-lið 1. mgr., að því tilskildu að:

   a) rekstraraðili eða eigandi stöðvarinnar eða fulltrúi hans:

      i. sýni fram á að stöðin búi yfir viðunandi aðstöðu til að ummynda efnin sem um getur í a-, b- eða c-lið 1. liðar, eftir því sem við á, til að tryggja verklok á nauðsynlegum þrepum mótunar, ummyndunar og framleiðslu,

      ii. innleiði og beiti aðferðum við vöktun og eftirlit með mikilvægum stýristöðum sem byggjast á þeirri vinnsluaðferð sem notuð er,

iii. haldi skrá yfir upplýsingar, sem aflað er samkvæmt ii. lið, í a.m.k. tvö ár svo að hann geti lagt þær fyrir lögbært yfirvald,

iv. upplýsi lögbæra yfirvaldið ef fyrirliggjandi upplýsingar leiða í ljós alvarlega áhættu fyrir heilbrigði dýra eða manna,

b) lögbært yfirvald þriðja landsins framkvæmir, með reglulegu millibili, skoðanir í fyrirtækinu eða á stöðinni og hefur eftirlit með stöðinni í samræmi við eftirfarandi skilyrði:

i. tíðni skoðana og eftirlits skal ráðast af stærð stöðvarinnar, tegundum afurða sem þar eru framleiddar, áhættumati og ábyrgðum, sem eru boðnar, á grunni eftirlitskerfis sem hefur verið sett upp í samræmi við meginreglurnar um greiningu á hættu og mikilvæga stýristaði (GáHMSS)

ii. ef skoðun, sem lögbært yfirvald lætur fara fram, leiðir í ljós að ekki er farið að ákvæðum þessarar reglugerðar skal lögbæra yfirvaldið grípa til viðeigandi aðgerða,

iii. lögbæra yfirvaldið skal taka saman skrá yfir fyrirtæki eða stöðvar sem eru samþykktar eða skráðar í samræmi við þennan viðauka og skal það úthluta hverri stöð opinberu númeri sem auðkennir fyrirtækið eða stöðina að því er varðar starfsemi sem þar fer fram; sú skrá, og síðari breytingar á henni, skal lögð fyrir viðtökuaðildarríkið og aðildarríkið þar sem skoðun á skoðunarstöð á landamærum skal fara fram.

3. Yfirfara skal millistigsafurðirnar, sem fluttar eru inn í Sambandið, á skoðunarstöðinni á landamærunum í samræmi við 4. gr. tilskipunar 97/78/EB, og skulu þær fluttar beint frá skoðunarstöðinni annaðhvort:

a) til skráðs fyrirtækis eða stöðvar til framleiðslu á afleiddum afurðum sem um getur í 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, þar sem millistigsafurðunum skal blandað frekar, þær notaðar til húðunar, settar saman, þeim pakkað eða þær merktar áður en þær eru settar á markað eða teknar í notkun í samræmi við þá löggjöf Sambandsins sem gildir um þá afleiddu afurð sem um ræðir, eða

b) til fyrirtækis eða stöðvar, sem hefur fengið samþykki til að geyma aukaafurðir úr dýrum í samræmi við i-lið. 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, þaðan sem einungis er leyfilegt að senda þær til fyrirtækis eða stöðvar sem um getur í a-lið þessa liðar, til notkunar sem um getur í a-lið.

4. Millistigsafurðir í umflutningi um Sambandið skulu fluttar í samræmi við 11. gr. tilskipunar 97/78/EB.

5. Opinber dýralæknir á viðkomandi skoðunarstöð á landamærum skal upplýsa yfirvaldið, sem ber ábyrgð á fyrirtækinu eða stöðinni á viðtökustað, um sendinguna í gegnum Traces-kerfið.

6. Rekstraraðili eða eigandi fyrirtækisins eða viðtökustöðvarinnar, eða fulltrúi hans, skal halda skrár í samræmi við 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 og leggja fyrir lögbært yfirvald, sé þess óskað, nauðsynlegar upplýsingar um kaup, sölu, notkun, birgðir og förgun millistigsafurða, sem ganga af, til að hafa eftirlit með því að farið sé að þessari reglugerð.

7. Lögbært yfirvald skal sjá til þess, í samræmi við tilskipun 97/78/EB, að millistigsafurðir séu sendar frá því aðildarríki, þar sem skoðun á skoðunarstöð á landamærum skal fara fram, til viðtökustöðvar eins og um getur í 3. lið eða, ef um er að ræða umflutning, til skoðunarstöðvar á landamærum þar sem afurðirnar fara út úr Sambandinu.

8. Lögbært yfirvald skal sjá um sannprófun skjala með reglulegu millibili, í því skyni að stemma af það magn millistigsafurða sem er flutt inn við það magn millistigsafurða sem er til sem birgðir, notað, afgreitt eða fargað, til að kanna hvort farið sé að þessari reglugerð.

9. Að því er varðar sendingar millistigsafurða í umflutningi skulu lögbær yfirvöld, sem bera ábyrgð á skoðunarstöðvum á landamærum þar sem sendingarnar koma inn í Sambandið annars vegar og þar sem sendingarnar fara út úr því hins vegar, starfa saman eins og nauðsyn krefur til að tryggja skilvirkt eftirlit og rekjanleika slíkra sendinga.

XIII. VIÐAUKI

GÆLUDÝRAFÓÐUR OG TILTEKNAR AÐRAR AFLEIDDAR AFURÐIR

I. KAFLI

Almennar kröfur

Gæludýrafóðursstöðvar og fyrirtæki eða stöðvar sem framleiða afleiddar afurðir sem um getur í þessum viðauka skulu búa yfir viðunandi aðstöðu til að:

a) geyma og meðhöndla efni, sem kemur þar inn, við skilyrði sem fyrirbyggja aðflutning áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra,

b) farga ónotuðum aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum sem liggja eftir að framleiðslu lokinni, nema ónotaða efnið sé sent til vinnslu eða förgunar hjá öðru fyrirtæki eða stöð í samræmi við þessa reglugerð.

II. KAFLI

Sértækar kröfur sem varða gæludýrafóður, þ.m.t. nagbein

1. Hrátt gæludýrafóður

   Rekstraraðilar mega einungis framleiða hrátt gæludýrafóður úr efni í 3. flokki sem um getur í a-lið og i. og ii. lið b-liðar 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009.

   Hráu gæludýrafóðri skal pakkað í nýjar, lekaþéttar umbúðir.

   Gera skal markvissar ráðstafanir til að tryggja að afurðin mengist ekki í framleiðsluferlinu og allt þar til sala er frágengin.

2. Hráefni fyrir unnið gæludýrafóður og nagbein

   Rekstraraðilar mega einungis framleitt unnið gæludýrafóður og nagbein úr:

   a) efni í 3. flokki, öðru en efni sem um getur í n-, o- og p-lið 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 og

   b) ef um er að ræða innflutt gæludýrafóður eða gæludýrafóður framleitt úr innfluttu efni, efni úr 1. flokki sem samanstendur af aukaafurðum úr dýrum fengnum úr dýrum sem hafa fengið ólöglega meðferð, eins og skilgreint er í d-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 96/22/EB eða í b-lið 2. gr. tilskipunar 96/23/EB.

3. Unnið gæludýrafóður

   a) Gæludýrafóður í dósum skal fá hitameðhöndlun þannig að Fc-gildið 3 náist að lágmarki.

   b) Um unnið gæludýrafóður, þó ekki gæludýrafóður í dósum, gildir eftirfarandi:

      i. það skal fá hitameðhöndlun þannig að allt efnið í lokaafurðinni hitni í a.m.k. 90 ℃,

      ii. innihaldsefni úr dýraríkinu skulu fá hitameðhöndlun í a.m.k. 90 °C eða

      iii. ef um er að ræða fóðurefni úr dýraríkinu skal eingöngu nota við framleiðsluna:

         — aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir úr kjöti eða kjötafurðum sem hafa fengið hitameðhöndlun þannig að allt efnið hitni í a.m.k. 90 °C,

         — eftirfarandi afleiddar afurðir sem hafa verið framleiddar í samræmi við kröfurnar í þessari reglugerð: mjólk og afurðir sem eru að stofni til úr mjólk, gelatín, vatnsrofið prótín, eggjaafurðir, kollagen, blóðafurðir sem um getur í 2. þætti II. kafla X. viðauka, unnið dýraprótín, þ.m.t. fiskimjöl, brædda fitu, fisklýsi, tvíkalsíumfosfat, þríkalsíumfosfat eða bragðbætandi innyflaafurðir,

      iv. fá, ef lögbært yfirvald leyfir, meðhöndlum, s.s. þurrkun eða gerjun, sem tryggir að gæludýrafóðrið skapi enga óviðunandi áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra,

v. fá, ef lögbært yfirvald leyfir, meðhöndlun sem tryggir að gæludýrafóðrið skapi enga óviðunandi áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra, ef um er að ræða auðaafurðir úr dýrum sem um getur í l- og m-lið 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 og aukaafurðir úr dýrum sem eru myndaðar af lagardýrum, vatna- og landhryggleysingjum.

Að framleiðslu lokinni skal gera allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að tryggja að unna gæludýrafóðrið mengist ekki.

Unna gæludýrafóðrinu skal pakkað í nýjar umbúðir.

4. Við meðhöndlun á nagbeinum skulu þau hituð nægilega til að eyða sjúkdómsvaldandi lífverum, þ.m.t. salmonellu.

Að þeirri meðhöndlun lokinni skal gera allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að tryggja að nagbeinin mengist ekki.

Nagbeinunum skal pakkað í nýjar umbúðir.

5. Taka skal slembisýni úr nagbeinum og unnu gæludýrafóðri, öðru en gæludýrafóðri í dósum og unnu gæludýrafóðri sem hefur verið meðhöndlað í samræmi við v. lið b-liðar 3. liðar, á meðan á framleiðslu og/eða geymslu stendur (fyrir afgreiðslu) til að sannprófa að eftirfarandi staðlar séu uppfylltir:

Salmonella: finnst ekki í 25 g, n = 5, c = 0, m = 0, M = 0,

Iðrabakteríur: n = 5, c = 2, m = 10, M = 300 í 1 g,

Þar sem:

n = fjöldi sýna sem prófa skal,

m = viðmiðunargildi fyrir fjölda baktería; niðurstöðurnar skulu teljast fullnægjandi ef fjöldi baktería í öllum sýnunum fer ekki yfir m,

M = hámarksgildi fyrir fjölda baktería; niðurstöðurnar skulu teljast ófullnægjandi ef fjöldi baktería í einu sýni eða fleirum er M eða meira og

c = fjöldi sýna þar sem fjöldi baktería getur verið milli m og M en sýnið skal engu að síður teljast fullnægjandi ef fjöldi baktería í öðrum sýnum er m eða þar undir.

6. Slembisýni skulu tekin úr hráu gæludýrafóðri á meðan á framleiðslu og/eða geymslu stendur (fyrir afgreiðslu) til að sannprófa að eftirfarandi staðlar séu uppfylltir:

Salmonella: finnst ekki í 25 g, n = 5, c = 0, m = 0, M = 0,

Iðrabakteríur: n = 5, c = 2, m = 10, M = 5000 í 1 g

Þar sem:

n = fjöldi sýna sem prófa skal,

m = viðmiðunargildi fyrir fjölda baktería; niðurstöðurnar skulu teljast fullnægjandi ef fjöldi baktería í öllum sýnunum fer ekki yfir m,

M = hámarksgildi fyrir fjölda baktería; niðurstöðurnar skulu teljast ófullnægjandi ef fjöldi baktería í einu sýni eða fleirum er M eða meira og

c = fjöldi sýna þar sem fjöldi baktería getur verið milli m og M en sýnið skal engu að síður teljast fullnægjandi ef fjöldi baktería í öðrum sýnum er m eða þar undir.

7. Endapunktur fyrir unnið gæludýrafóður og nagbein

Eftirfarandi afurðir má setja á markað án takmarkana í samræmi við þessa reglugerð:

a) unnið gæludýrafóður

i. sem hefur verið framleitt og pakkað innan Sambandsins í samræmi við 3. lið og hefur verið prófað í samræmi við 5. lið eða

ii. sem hefur farið í gegnum heilbrigðiseftirlit með dýrum og dýraafurðum á skoðunarstöð á landamærum, í samræmi við tilskipun 97/78/EB.

b) nagbein

i. sem hafa verið framleidd og pakkað innan Sambandsins í samræmi við 4. lið og hafa verið prófuð í samræmi við 5. lið eða

ii. sem hafa farið í gegnum heilbrigðiseftirlit með dýrum og dýraafurðum á skoðunarstöð á landamærum, í samræmi við tilskipun 97/78/EB.

III. KAFLI

Sértækar kröfur sem varða bragðbætandi innyflaafurðir til framleiðslu á gæludýrafóðri

1. Rekstraraðilar mega einungis nota aukaafurðir úr dýrum, sem leyfilegt er að nota sem hráefni fyrir unnið gæludýrafóður og nagbein í samræmi við 2. lið II. kafla, til framleiðslu á fljótandi eða þurrkuðum afleiddum afurðum sem eru notaðar til að auka bragðgæði gæludýrafóðurs.

2. Bragðbætandi innyflaafurðir skulu hafa verið meðhöndlaðar með aðferð og vinnslubreytum sem tryggja að afurðin samrýmist þeim örverufræðilegu stöðlum sem settir eru fram í 5. lið í II. kafla þessa viðauka. Að meðhöndlun lokinni skal gera allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að tryggja að afurðin mengist ekki.

3. Lokaafurðin skal:

a) sett í nýjar eða dauðhreinsaðar umbúðir eða

b) flutt í lausu í geymum eða öðru flutningatæki sem áður hefur verið vandlega hreinsað og sótthreinsað.

IV. KAFLI

Sértækar kröfur sem varða blóð og blóðafurðir úr dýrum af hestaætt

Setning blóðs og blóðafurða úr dýrum af hestaætt á markað í öðrum tilgangi en notkunar í fóður skal háð eftirfarandi skilyrðum:

1. Setja má á markað blóð í slíkum tilgangi að því tilskildu að því hafi verið safnað:

a) úr dýrum af hestaætt sem:

i. við eftirlit á þeim degi sem blóðinu er safnað sýna ekki klínísk einkenni um neinn þeirra tilkynningarskyldu sjúkdóma, sem eru tilgreindir í I. viðauka við tilskipun 2009/156/EB og engin einkenni hestainflúensu, píróplasmósu (e. equine piroplasmosis), smitandi háls- og lungnakvefs og smitandi slagæðabólgu, sem eru tilgreindir í 4. lið gr. 1.2.3. í heilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um landdýr, útgáfunni frá 2010,

ii. hafa verið haldin, í a.m.k. 30 daga fyrir þann dag sem blóðsöfnunin fór fram og á meðan á henni stóð, á bújörðum sem eru undir eftirliti dýralækna og sem ekki sættu banni skv. 5. mgr. 4. gr. tilskipunar 2009/156/EB eða takmörkunum skv. 5. gr. hennar,

iii. á þeim tíma sem mælt er fyrir um í 5. mgr. 4. gr. í tilskipun 2009/156/EB komust ekki í snertingu við dýr af hestaætt frá bújörðum sem sættu banni af ástæðum sem varða heilbrigði dýra samkvæmt þeirri grein og sem, í a.m.k. 40 daga fyrir dagsetningu blóðsöfnunarinnar og á meðan á henni stóð, komust ekki í snertingu við dýr af hestaætt frá aðildarríki eða þriðja landi sem ekki er talið laust við afríkuhrossapest í samræmi við a- og b-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 5. gr. í þeirri tilskipun,

b) undir eftirliti dýralækna:

i. í sláturhúsum, sem hafa verið skráð eða samþykkt í samræmi við reglugerð (EB) nr. 853/2004, eða

ii. á starfsstöðvum sem eru samþykktar, hafa fengið samþykkisnúmer heilbrigðisyfirvalda á sviði dýra og dýraafurða og eru undir eftirliti lögbærs yfirvalds í þeim tilgangi að safna blóði úr dýrum af hestaætt til framleiðslu á blóðafurðum í öðrum tilgangi en til notkunar í fóður.

2. Setja má blóðafurðir á markað í slíkum tilgangi að því tilskildu að:

a) allar varúðarráðstafanir hafi verið gerðar til að forðast að sjúkdómsvaldar mengi blóðafurðirnar á meðan á framleiðslu, meðferð og pökkun stendur,

b) blóðafurðirnar hafi verið framleiddar úr blóði sem:

i. annaðhvort uppfyllir skilyrðin, sem sett eru fram í a-lið 1. liðar, eða

ii. hefur verið meðhöndlað með a.m.k. einni af eftirfarandi aðferðum til að óvirkja hugsanlega sjúkdómsvalda afríkuhrossapestar, allra tegunda heila- og mænubólgu, þ.m.t. venesúelaheila- og mænubólgu, smitandi blóðleysi, munnblöðrubólgu og sníf (Burkholderia mallei) og í kjölfarið fylgi könnun á árangri meðhöndlunarinnar:

— hitameðhöndlun við 65 °C í a.m.k. þrjár klukkustundir,

— geislun með gammageislum við 25 kGy,

— breytingu á sýrustigi í pH-gildið 5 í tvær klukkustundir,

— hitameðhöndlun þannig að allt efnið hitni í a.m.k. 80 °C.

3. Blóði og blóðafurðum úr dýrum af hestaætt skal pakka í innsigluð ógegndræp ílát þar sem, þegar um er að ræða blóð úr dýrum af hestaætt, fram kemur samþykkisnúmer sláturhússins eða starfsstöðvarinnar, þar sem söfnunin fór fram, sem um getur í b-lið 1. liðar.

V. KAFLI

Sértækar kröfur sem varða húðir og skinn hóf- og klaufdýra og afurðir leiddar af þeim

A. Fyrirtæki og stöðvar

Lögbært yfirvald getur leyft að stöðvar, þar sem húðir og skinn, þ.m.t. kalkaðar húðir, fá meðferð, afgreiði afskurð og þynnur, sem eru klofnar frá þessum húðum og skinnum, til framleiðslu gelatíns í dýrafóður, lífrænan áburð eða jarðvegsbæta, að því tilskildu að:

a) í stöðinni séu geymslurými með hörðum gólfum og sléttum veggjum sem er auðvelt að þrífa og sótthreinsa og, ef við á, aðstöðu til kælingar,

b) geymslurýmunum sé haldið hreinum og í góðu ástandi svo við megi una, þannig að þau valdi því ekki að hráefnin mengist,

c) ef hráefni, sem er ekki í samræmi við ákvæði þessa kafla, er geymt og/eða unnið í þessu húsnæði sé það aðskilið frá hráefni, sem er í samræmi við ákvæði þessa kafla, á móttöku-, geymslu-, vinnslu- og afgreiðslutímanum,

d) efnið, ef um er að ræða afskurð og þynnur af kölkuðum húðum, fái meðhöndlun sem tryggir að engin áhætta sé eftir í því fyrir heilbrigði manna og dýra áður en það er notað til framleiðslu á:

i. gelatíni í dýrafóður eða

ii. lífrænum áburði eða jarðvegsbætum.

B. Setning aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða á markað

1. Setja má óverkaðar húðir og skinn á markað samkvæmt heilbrigðisskilyrðum, sem gilda um nýtt kjöt, samkvæmt tilskipun 2002/99/EB.

2. Setja má verkaðar húðir og skinn á markað að því tilskildu að:

a) þau hafi ekki komist í snertingu við aðrar afurðir af dýrum eða lifandi dýr sem gæti skapað hættu á útbreiðslu alvarlegs smitsjúkdóms,

b) viðskiptaskjalið, sem mælt er fyrir um í III. kafla VIII. viðauka, innihaldi yfirlýsingu um að allar varúðarráðstafanir hafi verið gerðar til að forðast mengun frá sjúkdómsvöldum.

C. Endapunktur fyrir húðir og skinn

1. Setja má húðir og skinn hóf- og klaufdýra, sem rekstraraðili ákveður að nota eigi til annars en til manneldis og sem uppfylla kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 853/2004 sem varða hráefni fyrir gelatín eða kollagen ætlað í matvæli, á markað án takmarkana í samræmi við þessa reglugerð.

2. Eftirfarandi verkaðar húðir og skinn má setja á markað án takmarkana í samræmi við þessa reglugerð:

a) húðir og skinn sem eru fullsútuð,

b) krómsútaðar húðir (e. wet blue),

c) piklaðar húðir,

d) kalkaðar húðir (meðhöndlaðar með kalki og í saltpækli við pH-gildi 12 til 13 í a.m.k. átta klukkustundir).

3. Þrátt fyrir lið C.2 getur lögbæra yfirvaldið krafist þess að sendingum af verkuðum húðum og skinnum, sem um getur í c- og d-lið 2. liðar, fylgi viðskiptaskjal í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í 6. lið III. kafla VIII. viðauka þegar þau eru send til fyrirtækja eða stöðva sem framleiða gæludýrafóður, lífrænan áburð eða jarðvegsbæta eða sem ummynda þessi efni í lífgas.

VI. KAFLI

Sértækar kröfur sem varða veiðiminjagripi og annað sem búið er til úr dýrum

A. Ákvæði þessa kafla eru með fyrirvara um ráðstafanir til verndunar villtra dýra sem samþykktar voru samkvæmt reglugerð (EB) nr. 338/97.

B. Öruggur uppruni

Setja má á markað veiðiminjagripi og annað sem er búið til úr dýrum ef aukaafurðir úr dýrum, sem eru notaðar, hafa verið meðhöndlaðar eða eru settar fram á formi sem skapar ekki heilbrigðisáhættu, að því tilskildu að þær komi af:

a) tegundum öðrum en hóf- og klaufdýrum, fuglum og dýrum af flokki skordýra (Insecta) eða áttfætlna (Arachnida) og

b) dýrum sem eru frá svæði sem sætir ekki neinum takmörkunum sem rekja má til þess að alvarlegir smitsjúkdómar, sem dýr af viðkomandi tegundum eru næm fyrir, hafi komið upp.

C. Örugg meðhöndlun

1. Setja má á markað veiðiminjagripi eða annað sem er búið til úr dýrum ef aukaafurðir úr dýrum, sem eru notaðar, hafa verið meðhöndlaðar eða eru settar fram á formi sem skapar ekki heilbrigðisáhættu, að því tilskildu að:

a) það sem um ræðir komi af hóf- eða klaufdýrum eða fuglum sem hafa verið uppstoppuð til fulls þannig að tryggt sé að það varðveitist við stofuhita,

b) um sé að ræða uppstoppuð hóf- eða klaufdýr eða fugla eða uppstoppaða hluta slíkra dýra,

c) það sem um ræðir hafi verið tilreitt á líffærafræðilegan hátt, s.s. með plastgervingu eða

d) um sé að ræða dýr af flokki skordýra (Insecta) eða áttfætlna (Arachnida) sem hafa verið meðhöndluð, t.d. með þurrkun, til að koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdóma sem geta smitast í menn eða dýr.

2. Setja má á markað veiðiminjagripi eða annað sem er búið til úr dýrum, þó ekki það sem um getur í liðum B og C.1, sem kemur af dýrum sem eru upprunnin á svæði sem sætir takmörkunum vegna alvarlegra smitsjúkdóma sem dýr af viðkomandi tegund eru næm fyrir, að því tilskildu að:

a) ef um er að ræða veiðiminjagripi eða annað sem er eingöngu úr beini, hornum, hófum eða klaufum, klóm, hjartarhornum eða tönnum,

i. því hafi verið dýft á kaf í sjóðandi vatn nógu lengi til að tryggt sé að allt annað efni en bein, horn, hófar eða klaufir, klær, hjartarhorn eða tennur hafi verið fjarlægt,

ii. það hafi verið sótthreinsað með efni sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, helst með vetnisperoxíði ef um er að ræða hluta úr beini,

iii. það hafi verið sett í umbúðir, þegar að lokinni meðhöndlun, án þess að hafa komist í snertingu við aðrar afurðir úr dýraríkinu, sem líklegt er að gætu mengað þær, og hver um sig er í gagnsæjum og lokuðum umbúðum til að koma í veg fyrir mengun síðar, og

iv. því fylgi heilbrigðisvottorð þar sem vottað er að skilyrðin sem sett eru fram í i., ii. og iii. lið séu uppfyllt,

b) ef um er að ræða veiðiminjagripi eða annað sem er eingöngu úr húðum eða skinnum:

i. það hafi verið:

— þurrkað,

— þurr- eða votsaltað í a.m.k. 14 daga fyrir sendingu eða

— rotvarið á annan hátt en með sútun,

ii. það hafi verið sett í umbúðir, þegar að lokinni meðhöndlun, án þess að hafa komist í snertingu við aðrar afurðir úr dýraríkinu, sem líklegt er að gætu mengað þær, og hver um sig er í gagnsæjum og lokuðum umbúðum til að koma í veg fyrir mengun síðar, og

iii. því fylgi viðskiptaskjal eða heilbrigðisvottorð þar sem vottað er að skilyrðin sem sett eru fram í i. og ii. lið séu uppfyllt.

VII. KAFLI

Sértækar kröfur sem varða ull, hár, svínsburstir, fjaðrir, fjaðrahluta og dún

A. Hráefni

1. Ómeðhöndluð ull, ómeðhöndlað hár, ómeðhöndlaðar svínsburstir og ómeðhöndlaðar fjaðrir, fjaðrahlutar og dúnn verða að vera efni í 3. flokki sem um getur í iii., iv. og v. lið b-liðar og h- og n-lið 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009.

Hráefnið skal vera þurrt og í tryggilega lokuðum umbúðum.

Hins vegar getur lögbært yfirvald leyft undanþágu frá kröfunni um að efni sem er flutt á yfirráðasvæði þess sé þurrt ef um er að ræða ómeðhöndlaðar fjaðrir, fjaðrahluta og dún sem eru send beint frá sláturhúsi til vinnslustöðvar, að því tilskildu að:

a) allar nauðsynlegar ráðstafanir séu gerðar til að forðast hugsanlega útbreiðslu sjúkdóma,

b) flutningurinn eigi sér stað í vatnsþéttum ílátum og/eða ökutækjum sem skulu hreinsuð og sótthreinsuð strax eftir hverja notkun.

2. Flutningur á svínsburstum frá svæðum þar sem afríkusvínapest er landlæg er bannaður nema um sé að ræða burstir sem hafa verið:

   a) soðnar, litaðar eða bleiktar eða

   b) meðhöndlaðar á einhvern annan hátt sem tryggir að sjúkdómsvaldar eyðist, að því tilskildu að staðfesting þess efnis sé lögð fram með vottorði frá dýralækninum sem ber ábyrgð á upprunastað. Þvottur í verksmiðju telst ekki meðhöndlun í skilningi þessa ákvæðis.

3. Ákvæði 1. liðar gilda ekki um skrautfjaðrir eða fjaðrir:

   a) sem ferðamenn taka með sér til eigin nota eða

   b) sem eru sendar til einstaklinga og á ekki að nota í iðnaði.

B. Endapunktur fyrir ull og hár

Setja má á markað verksmiðjuþvegna ull og hár, ásamt ull og hár sem hafa verið meðhöndluð með annarri aðferð sem tryggir að engin óviðunandi áhætta sé eftir, án takmarkana í samræmi við þessa reglugerð.

Aðildarríkin geta leyft setningu ómeðhöndlaðar ullar og hárs frá býlum eða verksmiðjum eða vinnslustöðvum, sem eru skráðar í samræmi við 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 eða samþykktar í samræmi við i. lið 1. mgr. 24. gr. sömu reglugerðar, á markað á eigin yfirráðasvæði án takmarkana í samræmi við þessa reglugerð ef þau eru þess fullviss að engin óviðunandi áhætta stafi af ullinni og hárinu fyrir heilbrigði manna og dýra.

C. Endapunktur fyrir fjaðrir og dún

Setja má á markað fjaðrir, fjaðrahluta og dún, sem hafa verið verksmiðjuþvegin og meðhöndluð með heitri gufu við 100 °C í a.m.k. 30 mínútur, án takmarkana í samræmi við þessa reglugerð.

VIII. KAFLI

Sértækar kröfur sem varða loðskinn

Endapunktur

Setja má á markað loðskinn, sem hafa verið þurrkuð við 18 °C umhverfishita í tvo daga við 55% raka, án takmarkana í samræmi við þessa reglugerð.

IX. KAFLI

Sértækar kröfur sem varða aukaafurðir úr býrækt

Aukafurðir úr býrækt, sem eru ætlaðar eingöngu til notkunar í býflugnarækt, skulu:

1. ekki vera frá svæði sem sætir banni sem tengist uppkomu:

   a) býflugnapestar (*Paenibacillus larvae larvae*), nema þar sem lögbært yfirvald hefur metið áhættuna sem óverulega, gefið út sérstakt leyfi sem gildir aðeins í því aðildarríki, og gert allar aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að sá sjúkdómur breiðist ekki út,

   b) maurakvilla (*Acarapis woodi (Rennie)*), nema þar sem svæðið á viðtökustað hefur fengið frekari ábyrgðir í samræmi við 2. mgr. 14. gr. tilskipunar 92/65/EBE,

   c) litlu býkúpubjöllu (*Aethina tumida*) eða

   d) sníkjumítils (*Tropilaelap*s spp.) og

2. uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í a-lið 8. gr. tilskipunar 92/65/EBE.

X. KAFLI

Sértækar kröfur sem varða brædda fitu úr efni í 1. eða 2. flokki til notkunar í líffituefni

1. Brædd fita úr efni í 1. eða 2. flokki, sem ætluð er til notkunar í líffituefni, skal vera framleidd með einni af vinnsluaðferðum 1 til 5 sem settar eru fram í III. kafla IV. viðauka.

2. Brædd fita, sem er unnin úr jórturdýrum, skal hreinsuð þannig að hámarksmagn óleysanlegra óhreininda sem eftir verða sé ekki meira en 0,15% miðað við þyngd.

XI. KAFLI

Sértækar kröfur sem varða fituafleiður

1. Leyfilegt er að nota eftirfarandi vinnsluferli til að framleiða fituafleiður úr bræddri fitu sem er fengin úr efni í 1. og 2. flokki:

   a) transestrun eða vatnsrof við a.m.k. 200 °C og við samsvarandi, viðeigandi þrýsting í 20 mínútur (glýseról, fitusýrur og esterar),

   b) sápumyndun með 12M NaOH (glýseról og sápa):

      i. í framleiðslulotuferli við 95 °C í þrjár klukkustundir eða

      ii. í órofnu ferli við 140 °C og 2 bör (2000 hPa) í átta mínútur eða

   c) vetnun við 160 °C og 12 bör (12 000 hPa) í 20 mínútur.

2. Einungis má setja fituafleiður, sem eru framleiddar í samræmi við þennan kafla, á markað:

   a) til annarrar notkunar en í fóður, snyrtivörur og lyf,

   b) til viðbótar, ef um er að ræða fituafleiður úr efni í 1. flokki, til annarrar notkunar en í lífrænan áburð og jarðvegsbæta.

XII. KAFLI

Sértækar kröfur sem varða horn og hornafurðir, að undanskildu hornamjöli, hófa og klaufir og afurðir úr þeim, að undanskildu mjöli úr hófum og klaufum, sem eru ætluð til framleiðslu á lífrænum áburði eða jarðvegsbætum

Setning horna og hornafurða, að undanskildu hornamjöli, hófa og klaufa og afurða úr þeim, að undanskildu mjöli úr hófum og klaufum, sem eru ætluð til framleiðslu á lífrænum áburði eða jarðvegsbætum, á markað skal háð eftirfarandi skilyrðum:

a) þau verða að vera af dýrum sem:

   i. hefur annaðhvort verið slátrað í sláturhúsum og hafa áður gengist undir skoðun þar sem þau voru, í samræmi við löggjöf Sambandsins, talin hæf til slátrunar til manneldis að skoðun lokinni eða

   ii. sýndu engin klínísk einkenni um sjúkdóm sem getur borist með þeirri afurð í menn eða dýr,

b) þau skulu hafa verið hitameðhöndluð í eina klukkustund þannig að kjarnahitinn varð a.m.k. 80 °C,

c) horn skulu fjarlægð án þess að opna kúpuholið,

d) allar varúðarráðstafanir eru gerðar til að forðast víxlmengun á öllum stigum vinnslu, geymslu eða flutnings,

e) þeim skal pakkað, annaðhvort í nýjar umbúðir eða ílát, eða þau flutt í farartækjum eða gámum undir efni í lausu sem hafa verið sótthreinsaðir fyrir fermingu með efni sem lögbært yfirvald hefur samþykkt,

f) á umbúðunum eða ílátunum skal:

   i. tilgreina tegund afurðar (horn, hornafurðir, hófar og klaufir eða afurðir úr hófum og klaufum),

   ii. vera merkt með heiti og heimilisfangi samþykkts eða skráðs fyrirtækis eða viðtökustöðvar.

XIV. VIÐAUKI

INNFLUTNINGUR, ÚTFLUTNINGUR OG UMFLUTNINGUR

I. KAFLI

SÉRTÆKAR KRÖFUR SEM VARÐA INNFLUTNING TIL SAMBANDSINS OG UMFLUTNING Í GEGNUM ÞAÐ Á EFNI Í 3. FLOKKI OG AFLEIDDUM AFURÐUM TIL NOTKUNAR Í FÓÐURFERLINU, ANNARRAR EN Í GÆLUDÝRAFÓÐUR EÐA SEM FÓÐUR FYRIR LOÐDÝR

1. þáttur

Eins og um getur í a-lið 1. mgr. og 3. mgr. 41. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 skulu eftirfarandi kröfur gilda um innfluttar sendingar af efni í 3. flokki og afleiddum afurðum þeirra til notkunar í fóðurferlinu, annarrar en í gæludýrafóður eða sem fóður fyrir loðdýr, og sendingar af slíku efni og afurðir í gegnumflutningi:

a) þær skulu samanstanda af eða vera framleiddar úr, eftir því sem við á, efni í 3. flokki sem um getur í dálkinum „hráefni“ í töflu 1,

b) þær skulu uppfylla skilyrði fyrir innflutningi og umflutningi sem sett eru fram í dálkinum „skilyrði fyrir innflutningi og umflutningi“ í töflu 1,

c) þær skulu koma frá þriðja landi eða hluta þriðja lands sem tilgreint er í dálkinum „þriðju lönd“ í töflu 1 og

d) þeim skal fylgja, á meðan á flutningi stendur til komustaðar inn í Sambandið þar sem heilbrigðiseftirlit með dýrum og dýraafurðum fer fram, heilbrigðisvottorðið sem um getur í dálkinum „vottorð/fyrirmyndir að skjölum“ í töflu 1 eða

e) þeim skal framvísað á komustað inn í Sambandið, þar sem heilbrigðiseftirlit með dýrum og dýraafurðum fer fram, ásamt skjali sem samsvarar fyrirmyndinni sem um getur í dálkinum „vottorð/fyrirmyndir að skjölum“ í töflu 1.

Tafla 1

Nr.	Afurð	Hráefni (tilvísun í ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1069/2009)	Skilyrði fyrir innflutningi og umflutningi	Skrár yfir þriðju lönd	Vottorð/fyrirmyndir að skjölum
1	Unnið dýraprótín	Efni í 3. flokki sem um getur í a-, b-, d-, e-, f-, h-, i-, j-, k-, l- og m-lið 10. mgr.	a) Unna dýraprótínið skal hafa verið framleitt í samræmi við 1. þátt II. kafla X. viðauka og b) Unna dýraprótínið skal uppfylla viðbótarkröfurnar sem settar eru fram í 2. þætti þessa kafla.	a) Ef um er að ræða unnið dýraprótín, að undanskildu fiskimjöli: Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010. b) Ef um er að ræða fiskimjöl Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í II. viðauka við ákvörðun 2006/766/EB.	1. kafli XV. viðauka.
2	Blóðafurðir fyrir fóðurefni	Efni í 3. flokki sem um getur í a-lið og i-lið b-liðar 10. gr.	Blóðafurðirnar skulu hafa verið framleiddar í samræmi við 2. þátt II. kafla X. viðauka.	a) Ef um er að ræða blóðafurðir úr hóf- og klaufdýrum: Þau þriðju lönd eða hlutar þriðju landa, sem eru tilgreindir í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010, þaðan sem innflutningur á öllum flokkum nýs kjöts af viðkomandi dýrategund er leyfður. b) Ef um er að ræða blóðafurðir úr öðrum tegundum: Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010.	B-liður 4. kafla XV. viðauka.
3	Brædd fita og fisklýsi	a) Ef um er að ræða brædda fitu aðra en fisklýsi: Efni í 3. flokki sem um getur í a-, b-, d-, e-, f-, g-, h-, i-, j- og k-lið 10. gr. b) Ef um er að ræða fisklýsi: Efni í 3. flokki sem um getur í e-, f-, i- og j-lið 10. gr.	a) Brædda fitan og fisklýsið skulu hafa verið framleidd í samræmi við 3. þátt II. kafla X. viðauka og b) Brædda fitan skal uppfylla viðbótarkröfurnar sem settar eru fram í 3. þætti þessa kafla.	a) Ef um er að ræða brædda fitu aðra en fisklýsi: Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010. b) Ef um er að ræða fisklýsi: Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í II. viðauka við ákvörðun 2006/766/EB.	a) Ef um er að ræða brædda fitu aðra en fisklýsi: A-liður 10. kafla XV. viðauka. b) Ef um er að ræða fisklýsi: 9. kafli XV. viðauka.

Nr.	Afurð	Hráefni (tilvísun í ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1069/2009)	Skilyrði fyrir innflutningi og umflutningi	Skrár yfir þriðju lönd	Vottorð/fyrirmyndir að skjölum
4	Mjólk, afurðir sem eru að stofni til úr mjólk og afurðir úr mjólk, broddur, afurðir úr broddi	a) Mjólk, afurðir sem er að stofni til úr mjólk: Efni í 3. flokki sem um getur í e-, f- og h-lið 10. gr. b) Broddur, afurðir úr broddi: Efni í 3. flokki úr lifandi dýrum sem ekki sýndu nein merki um sjúkdóma sem berast í menn eða dýr með broddi.	Mjólk, afurðir sem eru að stofni til úr mjólk, broddur og afurðir úr broddi skulu uppfylla viðbótarkröfurnar sem settar eru fram í 4. þætti þessa kafla.	a) Ef um er að ræða mjólk og afurðir sem eru að stofni til úr mjólk: Þau þriðju lönd sem hafa fengið leyfi og eru tilgreind í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 605/2010. b) Ef um er að ræða brodd og afurðir úr broddi: Þau þriðju lönd sem eru tilgreind sem lönd sem hafa fengið leyfi í A-dálki I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 605/2010.	a) Ef um er að ræða mjólk, afurðir sem eru að stofni til úr mjólk og afurðir úr mjólk: A-liður 2. kafla XV. viðauka. b) Ef um er að ræða brodd og afurðir úr broddi: B-liður 2. kafla XV. viðauka.
5	Gelatín og vatnsrofin prótín	Efni í 3. flokki sem um getur í a-, b-, e-, f-, g-, i- og j-lið 10. gr. og, ef um er að ræða vatnsrofið prótín: Efni í 3. flokki sem um getur í d-, h- og k-lið 10. gr.	Gelatínið og vatnsrofna prótínið skulu hafa verið framleidd í samræmi við 5. þátt II. kafla X. viðauka.	a) Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 og eftirfarandi lönd: (KR) Suður-Kórea (MY) Malasía (PK) Pakistan (TW) Taívan. b) Ef um er að ræða gelatín og vatnsrofið prótín úr fiski: Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í II. viðauka við ákvörðun 2006/766/EB.	a) Ef um er að ræða gelatín: 11. kafli XV. viðauka. b) Ef um er að ræða vatnsrofið prótín: 12. kafli XV. viðauka.
6	Tvíkalsíumfosfat	Efni í 3. flokki sem um getur í a-, b-, d-, e-, f-, g-, h-, i-, j- og k-lið 10. gr.	Tvíkalsíumfosfatið skal hafa verið framleitt í samræmi við 6. þátt II. kafla X. viðauka.	Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 og eftirfarandi lönd: (KR) Suður-Kórea (MY) Malasía (PK) Pakistan (TW) Taívan.	12. kafli XV. viðauka.

Nr.	Afurð	Hráefni (tilvísun í ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1069/2009)	Skilyrði fyrir innflutningi og umflutningi	Skrár yfir þriðju lönd	Vottorð/fyrirmyndir að skjölum
7	Þríkalsíum-fosfat	Efni í 3. flokki sem um getur í a-, b-, d-, e-, f-, g-, h-, i- og k-lið 10. gr.	Þríkalsíumfosfatið skal hafa verið framleitt í samræmi við 7. þátt II. kafla X. viðauka.	Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 og eftirfarandi lönd: (KR) Suður-Kórea (MY) Malasía (PK) Pakistan (TW) Taívan.	12. kafli XV. viðauka.
8	Kollagen	Efni í 3. flokki sem um getur í a-, b-, e-, f-, g-, i- og j-lið 10. gr.	Kollagenið skal hafa verið framleitt í samræmi við 8. þátt II. kafla X. viðauka.	Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 og eftirfarandi lönd: (KR) Suður-Kórea (MY) Malasía (PK) Pakistan (TW) Taívan.	11. kafli XV. viðauka.
9	Eggjaafurðir	Efni í 3. flokki sem um getur í e- og f-lið og ii. lið k-liðar 10. gr.	Eggjaafurðirnar skulu hafa verið framleiddar í samræmi við 9. þátt II. kafla X. viðauka.	Þau þriðju lönd, sem eru tilgreind í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 og þriðju lönd eða hlutar þriðju landa, þaðan sem aðildarríkin geta heimilað innflutning á nýju alifuglakjöti, eggjum og eggjaafurðum, sem eru tilgreindir í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008.	15. kafli XV. viðauka.

2. þáttur

Innflutningur á unnu dýraprótíni

Eftirtalin kröfur skulu gilda um innflutning á unnu dýraprótíni:

1. Áður en sendingar eru afgreiddar í frjálst flæði í Sambandinu skal lögbært yfirvald taka sýni af unnu dýraprótíni í innfluttum sendingum á skoðunarstöð á landamærum til að ganga úr skugga um samræmi við almennu kröfurnar í I. kafla X. viðauka.

   Lögbært yfirvald skal:

   a) taka sýni úr öllum afurðasendingum sem eru fluttar í lausu,

   b) taka slembisýni úr afurðasendingum sem er pakkað inn í upprunalegri framleiðslustöð.

2. Hins vegar, þrátt fyrir 1. lið, reynist sex prófanir í röð á sendingum í lausu frá tilteknu þriðja landi vera neikvæðar getur lögbært yfirvald á skoðunarstöð á landamærum tekið slembisýni úr næstu sendingum í lausu frá viðkomandi þriðja landi.

   Reynist eitt af þessum slembisýnum jákvætt skal lögbæra yfirvaldið, sem tekur sýnin, gera lögbæra yfirvaldinu í þriðja landinu sem er upprunaland grein fyrir því þannig að það geti gripið til viðeigandi ráðstafana til að ráða bót á ástandinu.

   Lögbært yfirvald í þriðja landinu sem er upprunaland skal vekja athygli lögbærs yfirvalds, sem tekur sýnin, á þessum ráðstöfunum.

   Reynist fleiri sýni frá sama upprunastað vera jákvæð skal lögbært yfirvald á skoðunarstöð á landamærum taka sýni úr hverri sendingu frá þeim stað þar til niðurstöður sex prófana í röð reynast neikvæðar.

3. Lögbær yfirvöld skulu í a.m.k. þrjú ár geyma skrár yfir niðurstöður prófana úr sýnum úr öllum sendingum sem sýni voru tekin úr.

4. Ef sending sem er flutt til Sambandsins reynist vera jákvæð fyrir salmonellu eða hún uppfyllir ekki þá örverufræðilegu staðla fyrir iðrabakteríur, sem settar eru fram í I. kafla X. viðauka, skal annaðhvort:

   a) fara með hana í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í a-lið 2. mgr. 17. gr. tilskipunar 97/78/EB, eða

   b) endurvinna afurðirnar í sendingunni í vinnslustöð eða afmenga þær með meðhöndlun sem lögbært yfirvald hefur leyft. Sendingin má ekki fara í dreifingu fyrr en hún hefur verið meðhöndluð, prófuð með tilliti til salmonellu eða iðrabaktería, eftir því hvað er nauðsynlegt, af hálfu lögbærs yfirvalds, í samræmi við I. kafla X. viðauka, með neikvæðum niðurstöðum.

3. þáttur

Innflutningur á bræddri fitu

Eftirtaldar kröfur skulu gilda um innflutning á bræddri fitu:

Brædd fita skal:

a) vera að öllu leyti eða að hluta til úr hráefnum úr svínum og frá þriðja landi eða hluta yfirráðasvæðis þriðja lands sem hefur verið laust við gin- og klaufaveiki næstliðna 24 mánuði og laust við svínapest og afríkusvínapest næstliðna 12 mánuði,

b) vera að öllu leyti eða að hluta til úr hráefnum úr alifuglum og frá þriðja landi eða hluta yfirráðasvæðis þriðja lands sem hefur verið laust við Newcastle-veiki og fuglainflúensu næstliðna sex mánuði,

c) vera öllu leyti eða að hluta til úr hráefnum úr jórturdýrum og frá þriðja landi eða hluta yfirráðasvæðis þriðja lands sem hefur verið laust við gin- og klaufaveiki næstliðna 24 mánuði og laust við nautapest næstliðna 12 mánuði eða

d) hafa, ef einhver sjúkdómanna sem um getur í a-, b- og c-lið hefur komið upp á viðkomandi tímabili sem um getur í þessum liðum, fengið aðra af eftirfarandi hitameðhöndlunum:

i. í a.m.k. 70 °C í a.m.k. 30 mínútur eða

ii. í a.m.k. 90 °C í a.m.k. 15 mínútur.

Rekstraraðilarnir skulu skrá upplýsingar um mikilvægu stýristaðina og geyma þær til að eigandinn, rekstraraðilinn eða fulltrúi þeirra og, eins og við á, lögbært yfirvald geti vaktað rekstur stöðvarinnar en skráðu upplýsingarnar skulu ná til bitastærðar, markhita og, eftir því sem við á, algilds tíma, þrýstingssniðs, aðflutningshraða hráefna og endurvinnsluhlutfalls fitu.

4. þáttur

Innflutningur á mjólk, afurðum sem eru að stofni til úr mjólk og afurðum úr mjólk, broddi og afurðum úr broddi

A. Eftirfarandi kröfur gilda um innflutning á mjólk, afurðum sem eru að stofni til úr mjólk og afurðum úr mjólk, broddi og afurðum úr broddi:

1. Mjólk, afurðir sem eru að stofni til úr mjólk og afurðir úr mjólk skulu:

a) hafa verið meðhöndlaðar með a.m.k. einni meðhöndlun sem kveðið er á um í liðum 1.1, 1.2, 1.3 og a-lið liðar B.1.4 í I. hluta 4. þáttar II. kafla X. viðauka,

b) samrýmast lið B.2 og B.4 og, þegar um er að ræða mysu, lið B.3 í I. hluta 4. þáttar II. kafla X. viðauka.

2. Þrátt fyrir lið B.1.4 í I. hluta 4. þáttar II. kafla X. viðauka má flytja inn mjólk, afurðir sem eru að stofni til úr mjólk og afurðir úr mjólk frá þriðju löndum ef slíkt er leyft skv. A-dálki I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 605/2010, að því tilskildu að mjólkin, afurðirnar sem eru að stofni til úr mjólk og afurðirnar úr mjólk hafi verið háhitagerilsneyddar einu sinni og:

a) ekki verið sendar af stað fyrr en a.m.k. 21 dagur var liðinn frá framleiðslu og á því tímabili hafi ekki komið upp neitt tilvik gin- og klaufaveiki í þriðja landinu sem er útflutningsland eða

b) verið framvísað á skoðunarstöð á landamærum, þar sem þær koma inn í Sambandið, a.m.k. 21 degi eftir framleiðslu og á því tímabili hafi ekki komið upp neitt tilvik gin- og klaufaveiki í þriðja landinu sem er útflutningsland.

B. Eftirtaldar kröfur skulu gilda um innflutning á broddi og afurðum úr broddi:

1. Efnið skal hafa verið háhitagerilsneytt einu sinni og:

a) ekki verið sent af stað fyrr en a.m.k. 21 dagur var liðinn frá framleiðslu og á því tímabili hafi ekki komið upp neitt tilvik gin- og klaufaveiki í þriðja landinu sem er útflutningsland eða

b) verið framvísað á skoðunarstöð á landamærum, þar sem það kemur inn í Sambandið, a.m.k. 21 degi eftir framleiðslu og á því tímabili hafi ekki komið upp neitt tilvik gin- og klaufaveiki í þriðja landinu sem er útflutningsland.

2. Efnið skal hafa komið úr nautgripum sem falla undir reglubundna heilbrigðisskoðun dýra og dýraafurða til að tryggja að það komi frá bújörðum þar sem allar nautgripahjarðir eru:

a) annaðhvort opinberlega viðurkenndar sem lausar við berkla og öldusótt, eins og er skilgreint í d- og f-lið 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 64/432/EBE, eða sæta ekki takmörkunum samkvæmt landslöggjöf þriðja landsins, sem er upprunaland broddsins, að því er varðar útrýmingu berkla og öldusóttar og

b) annaðhvort opinberlega viðurkenndar sem lausar við smitandi hvítblæði, eins og er skilgreint í j-lið 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 64/432/EBE, eða falla undir opinbert kerfi til varnar gegn smitandi hvítblæði og klínískar prófanir og rannsóknarstofuprófanir hafa ekki leitt í ljós nein merki um þann sjúkdóm í hjörðinni næstliðin 2 ár.

3. Að vinnslu lokinni skulu allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir hafa verið gerðar til að koma í veg fyrir mengun broddsins eða afurðanna úr broddinum.

4. Lokaafurðin skal bera merkimiða sem gefur til kynna að hún innihaldi efni úr 3. flokki og sé ekki ætluð til manneldis og skal:

   a) vera pakkað í nýjar umbúðir eða

   b) flutt í lausu í geymum eða öðru flutningatæki sem áður hefur verið vandlega hreinsað og sótthreinsað.

II. KAFLI

SÉRTÆKAR KRÖFUR SEM VARÐA INNFLUTNING TIL SAMBANDSINS OG UMFLUTNING Í GEGNUM ÞAÐ Á AUKAAFURÐUM ÚR DÝRUM OG AFLEIDDUM AFURÐUM TIL NOTKUNAR UTAN FÓÐURFERLISINS FYRIR ALIDÝR, ÖNNUR EN LOÐDÝR

1. þáttur

Sértækar kröfur

Eins og um getur í a-lið 1. mgr., c-lið 2. mgr. og 3. mgr. 41. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 skulu eftirfarandi kröfur gilda um innfluttar sendingar af aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum til notkunar utan fóðurferlisins fyrir alidýr og um sendingar af slíku efni í gegnumflutningi:

a) þær skulu samanstanda af eða vera framleiddar úr aukaafurðum úr dýrum sem um getur í dálkinum „hráefni“ í töflu 2,

b) þær skulu uppfylla skilyrði fyrir innflutningi og umflutningi sem sett eru fram í dálkinum „skilyrði fyrir innflutningi og umflutningi“ í töflu 2,

c) þær skulu koma frá þriðja landi eða hluta þriðja lands sem tilgreint er í dálkinum „þriðju lönd“ í töflu 2 og

d) þeim skal fylgja á meðan á flutningi stendur til komustaðar inn í Sambandið, þar sem heilbrigðiseftirlit með dýrum og dýraafurðum fer fram, heilbrigðisvottorðið eða annað skjal, eftir því sem við á, sem um getur í dálkinum „vottorð/fyrirmyndir að skjölum“ í töflu 2 eða

e) þeim skal framvísað á komustað inn í Sambandið, þar sem heilbrigðiseftirlit með dýrum og dýraafurðum fer fram, ásamt skjali sem samsvarar fyrirmyndinni sem um getur í dálkinum „vottorð/fyrirmyndir að skjölum“ í töflu 2.

Tafla 2

Nr.	Afurð	Hráefni (tilvísun í ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1069/2009)	Skilyrði fyrir innflutningi og umflutningi	Skrár yfir þriðju lönd	Vottorð/fyrirmyndir að skjölum
1	Unninn húsdýraáburður, afleiddar afurðir úr unnum húsdýraáburði og leðurblökugúanó	Efni í 2. flokki sem um getur í a-lið 9. gr.	Unninn húsdýraáburður, afleiddar afurðir úr unnum húsdýraáburði og leðurblökugúanó skulu hafa verið framleidd í samræmi við 2. þátt I. kafla XI. viðauka.	Þriðju lönd tilgreind í: a) 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010, b) I. viðauka við ákvörðun 2004/211/EB eða c) 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008.	17. kafli XV. viðauka.
2	Blóðafurðir, aðrar en úr dýrum af hestaætt, til framleiðslu á afleiddum afurðum til notkunar utan fóðurferlis alidýra	Efni í 1. flokki sem um getur í c- og d-lið 8. gr. og efni í 3. flokki sem um getur í a-, b-, d- og h-lið 10. gr.	Blóðafurðir skulu hafa verið framleiddar í samræmi við 2. þátt.	Eftirfarandi þriðju lönd: a) ef um er að ræða ómeðhöndlaðar blóðafurðir úr hóf- eða klaufdýrum: Þau þriðju lönd eða hlutar þriðju landa, sem eru tilgreindir í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 þaðan sem innflutningur á nýju kjöti af öllum tegundum hóf- og klaufdýra, sem eru húsdýr, er leyfður og einungis fyrir það tímabil sem tilgreint er í 7. og 8. dálki þess hluta. Japan. b) ef um er að ræða ómeðhöndlaðar blóðafurðir úr alifuglum og öðrum fuglategundum: Þau þriðju lönd eða hlutar þriðju landa sem eru tilgreindir í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008. Japan. c) ef um er að ræða ómeðhöndlaðar blóðafurðir úr öðrum dýrum: Þau þriðju lönd sem eru tilgreind annaðhvort í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010, í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 eða í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 119/2009. Japan.	a) Ef um er að ræða ómeðhöndlaðar blóðafurðir: C-liður 4. kafla XV. viðauka. b) Ef um er að ræða meðhöndlaðar blóðafurðir: D-liður 4. kafla XV. viðauka.

Nr.	Afurð	Hráefni (tilvísun í ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1069/2009)	Skilyrði fyrir innflutningi og umflutningi	Skrár yfir þriðju lönd	Vottorð/fyrirmyndir að skjölum
				d) ef um er að ræða meðhöndlaðar blóðafurðir úr hvaða tegund sem er: Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010, í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 eða í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 119/2009. Japan.	
3	Blóð og blóðafurðir úr dýrum af hestaætt	Efni í 3. flokki sem um getur í a-, b-, d- og h-lið 10. gr.	Blóð og blóðafurðir skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 3. þætti.	Eftirfarandi þriðju lönd: a) ef um er að ræða blóð sem hefur verið safnað í samræmi við 1. lið IV. kafla XIII. viðauka eða ef blóðafurðir hafa verið framleiddar í samræmi við i. lið b-liðar 2. liðar þess kafla: Þau þriðju lönd eða hlutar þriðju landa, sem eru tilgreindir í I. viðauka við ákvörðun 2004/211/EB, þaðan sem innflutningur á dýrum af hestaætt til undaneldis og framleiðslu er leyfður. b) ef um er að ræða blóðafurðir sem hafa verið meðhöndlaðar í samræmi við ii. lið b-liðar 2. liðar IV. kafla XIII. viðauka: Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010, þaðan sem aðildarríkin leyfa innflutning á nýju kjöti af húsdýrum af hestaætt.	A-liður 4. kafla XV. viðauka.
4	Nýjar eða kældar húðir og skinn af hóf- eða klaufdýrum	Efni í 3. flokki sem um getur í a-lið og iii. lið b-liðar 10. gr.	Húðirnar og skinnin skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 1. og 4. lið 4. þáttar.	Húðirnar og skinnin komi frá þriðja landi eða, ef um er að ræða svæðaskiptingu í samræmi við löggjöf Sambandsins, hluta þriðja lands sem tilgreindur er í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010, þaðan sem aðildarríkin heimila innflutning á nýju kjöti af sömu tegundum.	A-liður 5. kafla XV. viðauka.

Nr.	Afurð	Hráefni (tilvísun í ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1069/2009)	Skilyrði fyrir innflutningi og umflutningi	Skrár yfir þriðju lönd	Vottorð/fyrirmyndir að skjölum
5	Verkaðar húðir og skinn af hóf- eða klaufdýrum	Efni í 3. flokki sem um getur í a-lið, i. og iii. lið b-liðar og n-lið 10. gr.	Húðirnar og skinnin skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 2., 3. og 4. lið 4. þáttar.	a) Ef um er að ræða verkaðar húðir og skinn af hóf- og klaufdýrum: Þau þriðju lönd eða hlutar þriðju landa sem eru tilgreindir í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010. b) Ef um er að ræða verkaðar húðir og skinn af jórturdýrum sem senda á til Evrópusambandsins og hefur verið haldið aðskildum í 21 dag eða sem verða í flutningi í 21 dag samfleytt fyrir innflutning: Öll þriðju lönd.	a) Ef um er að ræða verkaðar húðir og skinn af hóf- og klaufdýrum, aðrar en þær sem uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 2. lið 4. þáttar: B-liður 5. kafla XV. viðauka. b) Ef um er að ræða verkaðar húðir og skinn af jórturdýrum og dýrum af hestaætt sem senda á til Evrópusambandsins og þeim hefur verið haldið aðskildum í 21 dag eða sem verða í flutningi í 21 dag samfleytt fyrir innflutning: Opinbera yfirlýsingin sem sett er fram í C-lið 5. kafla XV. viðauka. c) Ef um er að ræða verkaðar húðir og skinn af hóf- eða klaufdýrum sem uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 2. lið 4. þáttar: Ekki er þörf fyrir vottorð.

Nr.	Afurð	Hráefni (tilvísun í ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1069/2009)	Skilyrði fyrir innflutningi og umflutningi	Skrár yfir þriðju lönd	Vottorð/fyrirmyndir að skjölum
6	Veiðiminjagripir og annað sem búið er til úr dýrum	Efni í 2. flokki, sem um getur í f-lið 9 gr., sem kemur úr villtum dýrum sem ekki leikur grunur á að séu smituð af sjúkdómi sem getur smitast í menn eða dýr og efni í 3. flokki sem um getur í a-lið, i., iii. og v. lið b-liðar og n-lið 10. gr.	Veiðiminjagripir og annað sem búið er til úr dýrum skal uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 5. þætti.	a) Ef um er að ræða veiðiminjagripi og annað sem búið er til úr dýrum, sem um getur í 2. lið 5. þáttar: Öll þriðju lönd. b) Ef um er að ræða veiðiminjagripi og annað sem búið er til úr dýrum sem um getur í 3. lið 5. þáttar: i. Veiðiminjagripir úr fuglum: Þau þriðju lönd, sem eru tilgreind í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008, þaðan sem aðildarríkin heimila innflutning á nýju alifuglakjöti, og eftirtalin lönd: (GL) Grænland (TN) Túnis. ii. Veiðiminjagripir úr hóf- og klaufdýrum: Þau þriðju lönd, sem eru tilgreind í viðeigandi dálkum fyrir nýtt kjöt af hóf- og klaufdýrum í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010, þ.m.t. allar takmarkanir sem mælt er fyrir um í dálkinum fyrir sérstakar athugasemdir um nýtt kjöt.	a) Ef um er að ræða veiðiminjagripi sem um getur í 2. lið 5. þáttar: A-liður 6. kafla XV. viðauka. b) Ef um er að ræða veiðiminjagripi sem um getur í 3. lið 5. þáttar: B-liður 6. kafla XV. viðauka. c) Ef um er að ræða veiðiminjagripi sem um getur í 1. lið 5. þáttar: Ekki er þörf fyrir vottorð.
7	Svínsburstir	Efni í 3. flokki sem um getur í iv. lið b-liðar 10. gr.	Svínsburstirnar skulu vera af dýrum sem var slátrað í sláturhúsi í þriðja landinu sem er upprunaland.	a) Ef um er að ræða ómeðhöndlaðar svínsburstir: Þau þriðju lönd eða, ef um er að ræða svæðaskiptingu, svæði þeirra sem eru tilgreind í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 sem hafa verið laus við afríkusvínapest næstliðna 12 mánuði fram að innflutningi. b) Ef um er að ræða meðhöndlaðar svínsburstir: Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 sem hafa hugsanlega ekki verið laus við afríkusvínapest næstliðna 12 mánuði fram að innflutningi.	a) Ef engin tilvik afríkusvínapestar hafa komið upp næstliðna 12 mánuði: A-liður 7. kafla XV. viðauka. b) Ef eitt eða fleiri tilvik afríkusvínapestar hafa komið upp næstliðna 12 mánuði: B-liður 7. kafla XV. viðauka.

Nr.	Afurð	Hráefni (tilvísun í ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1069/2009)	Skilyrði fyrir innflutningi og umflutningi	Skrár yfir þriðju lönd	Vottorð/fyrirmyndir að skjölum
8	Ómeðhöndluð ull og hár	Efni í 3. flokki sem um getur í h- og n-lið 10. gr.	Ómeðhöndlaða ullin og hárið skulu vera a) þurr og í tryggilega lokuðum umbúðum og b) send beint til stöðvar sem framleiðir afleiddar afurðir til notkunar utan fóðurferlisins eða til stöðvar þar sem fram fer millistigsstarfsemi, við skilyrði sem koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdómsvalda.	Öll þriðju lönd.	Ekki er gerð krafa um heilbrigðisvottorð vegna innflutnings á ómeðhöndlaðri ull og hári.
9	Meðhöndlaðar fjaðrir og fjaðrahlutar og dúnn	Efni í 3. flokki sem um getur í v. lið b-liðar og h- og n-lið 10. gr.	Meðhöndluðu fjaðrirnar eða fjaðrahlutarnir skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 6. þætti.	Öll þriðju lönd.	Ekki er gerð krafa um heilbrigðisvottorð vegna innflutnings á meðhöndluðum fjöðrum, fjaðrahlutum og dúni.
10	Aukaafurðir úr býrækt	Efni í 3. flokki sem um getur í e-lið 10. gr.	a) Ef um er að ræða aukaafurðir úr býrækt sem ætlaðar eru til notkunar í býrækt, aðrar en bývax í formi vaxkakna: i. Aukaafurðirnar úr býrækt hafa verið hafðar við -12 °C eða lægra hitastig í a.m.k. 24 klst. eða ii. Ef um er að ræða bývax skal efnið hafa verið unnið í samræmi við einhverja af vinnsluaðferðum 1 til 5 eða vinnsluaðferð 7, sem settar eru fram í III. kafla IV. viðauka, og hreinsað fyrir innflutning. b) Ef um er að ræða bývax, annað en bývax í formi vaxkakna, sem ætlað er til annars en fóðrunar alidýra, skal bývaxið hafa verið hreinsað eða unnið í samræmi við einhverja af vinnsluaðferðum 1 til 5 eða vinnsluaðferð 7, sem settar eru fram í III. kafla IV. viðauka, fyrir innflutning.	a) Ef um er að ræða aukaafurðir úr býrækt ætlaðar til notkunar í býrækt: Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 og eftirfarandi land: (CM) Kamerún. b) Ef um er að ræða bývax ætlað til annars en fóðrunar alidýra: Öll þriðju lönd.	a) Ef um er að ræða aukaafurðir úr býrækt ætlaðar til notkunar í býrækt: 13. kafli XV. viðauka. b) Ef um er að ræða bývax ætlað til annars en fóðrunar alidýra: Viðskiptaskjal þar sem vottað er að hreinsun eða vinnsla hafi átt sér stað.

Nr.	Afurð	Hráefni (tilvísun í ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1069/2009)	Skilyrði fyrir innflutningi og umflutningi	Skrár yfir þriðju lönd	Vottorð/fyrirmyndir að skjölum
11	Bein og beinaafurðir (að undanskildu beinamjöli), horn og hornafurðir (að undanskildu hornamjöli) og hófar og klaufir og afurðir úr hófum og klaufum (að undanskildu mjöli úr hófum og klaufum) sem eru ætluð til annarrar notkunar en sem fóðurefni, lífrænn áburður eða jarðvegsbætir	Efni í 3. flokki sem um getur í a-lið, i. og iii. lið b-liðar, e- og h-lið 10. gr.	Afurðirnar skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 7. þætti.	Öll þriðju lönd.	Afurðunum skal fylgja: a) viðskiptaskjal eins og sett er fram í 2. lið 7. þáttar og b) yfirlýsing innflytjandans í samræmi við 16. kafla XV. viðauka, sem skal a.m.k. vera á einu opinberu tungumáli þess aðildarríkis þar sem sendingin kemur fyrst inn í Sambandið og a.m.k. á einu opinberu tungumáli viðtökuaðildarríkisins.
12	Gæludýrafóður, þ.m.t. nagbein	a) Ef um er að ræða unnið gæludýrafóður og nagbein: Efni sem um getur í i. og ii. lið a-liðar 35. gr. b) Ef um er að ræða hrátt gæludýrafóður: Efni sem um getur í iii. lið a-liðar 35. gr.	Gæludýrafóðrið og nagbeinin skulu hafa verið framleidd í samræmi við II. kafla XIII. viðauka.	a) Ef um er að ræða hrátt gæludýrafóður: Þau þriðju lönd, sem eru tilgreind í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 eða í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008, þaðan sem aðildarríkin heimila innflutning á nýju kjöti af sömu dýrategundum og þar sem eingöngu er heimild fyrir kjöti með beini. Ef um er að ræða efni úr fiski, þriðju lönd sem eru tilgreind í II. viðauka við ákvörðun 2006/766/EB. b) Ef um er að ræða nagbein og gæludýrafóður, þó ekki hrátt: Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 og eftirfarandi lönd: (JP) Japan (EC) Ekvador (LK) Srí Lanka (TW) Taívan	a) Ef um er að ræða gæludýrafóður í dósum: A-liður 3. kafla XV. viðauka. b) Ef um er að ræða unnið gæludýrafóður, þó ekki gæludýrafóður í dósum: B-liður 3. kafla XV. viðauka. c) Ef um er að ræða nagbein: C-liður 3. kafla XV. viðauka. d) Ef um er að ræða hrátt gæludýrafóður: D-liður 3. kafla XV. viðauka.

Nr.	Afurð	Hráefni (tilvísun í ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1069/2009)	Skilyrði fyrir innflutningi og umflutningi	Skrár yfir þriðju lönd	Vottorð/fyrirmyndir að skjölum
13	Bragðbætandi innyflaafurðir til framleiðslu á gæludýrafóðri	Efni sem um getur í a-lið 35. gr.	Bragðbætandi innyflaafurðir skulu hafa verið framleiddar í samræmi við III. kafla XIII. viðauka.	Þau þriðju lönd, sem eru tilgreind í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010, þaðan sem aðildarríkin heimila innflutning á nýju kjöti af sömu dýrategundum og þar sem eingöngu er heimild fyrir kjöti með beini. Ef um er að ræða bragðbætandi innyflaafurðir úr fiski, þriðju lönd sem eru tilgreind í II. viðauka við ákvörðun 2006/766/EB.	E-liður 3. kafla XV. viðauka.
14	Aukaafurðir úr dýrum til framleiðslu á gæludýrafóðri, öðru en hráu, og á afleiddum afurðum til notkunar utan fóðurferlisins	a) Efni í 3. flokki sem um getur í a- til k-lið 10. gr. b) Ef um er að ræða efni til framleiðslu á gæludýrafóðri, efni í 1. flokki sem um getur í c-lið 8. gr. c) Ef um er að ræða loðskinn til framleiðslu á afleiddum afurðum, efni í 3. flokki sem um getur í n-lið 10. gr.	Afurðirnar skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 8. þætti.	a) Ef um er að ræða aukaafurðir úr dýrum til framleiðslu á gæludýrafóðri: i. Ef um er að ræða aukaafurðir úr nautgripum, sauðfé, geitum, svínum og dýrum af hestaætt, þ.m.t. alin og villt dýr: Þau þriðju lönd eða hlutar þriðju landa, sem eru tilgreindir í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010, þaðan sem innflutningur á nýju kjöti er leyfður til manneldis. ii. Hráefni úr alifuglum, þ.m.t. strútfuglum: Þau þriðju lönd eða hlutar þriðju landa, sem aðildarríkin heimila innflutning frá á nýju alifuglakjöti, sem eru tilgreindir í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008. iii. Hráefni úr fiski: Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í II. viðauka við ákvörðun 2006/766/EB. iv. Hráefni úr villtum landspendýrum og dýrum af héraætt (Leporidae): Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 eða í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008.	a) Ef um er að ræða aukaafurðir úr dýrum til framleiðslu á unnu gæludýrafóðri: F-liður 3. kafla XV. viðauka. b) Ef um er að ræða aukaafurðir úr dýrum til framleiðslu á afurðum til notkunar utan fóðurferlis alidýra: 8. kafli XV. viðauka.

Nr.	Afurð	Hráefni (tilvísun í ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1069/2009)	Skilyrði fyrir innflutningi og umflutningi	Skrár yfir þriðju lönd	Vottorð/fyrirmyndir að skjölum
				b) Ef um er að ræða aukaafurðir úr dýrum til framleiðslu á lyfjum: Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010, í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 eða í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 119/2009 og eftirfarandi þriðju lönd: (JP) Japan (PH) Filippseyjar (TW) Taívan. c) Ef um er að ræða aukaafurðir úr dýrum til framleiðslu á afurðum til notkunar utan fóðurferlis alidýra, öðrum en lyfjum: Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010, þaðan sem innflutningur á nýju kjöti af viðkomandi tegundum er leyfður, í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008, í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 119/2009 eða, ef um er að ræða efni úr fiski, þriðju lönd sem tilgreind eru í II. viðauka við ákvörðun 2006/766/EB.	
15	Aukaafurðir úr dýrum til notkunar sem hrátt gæludýrafóður	Efni í 3. flokki sem um getur í a-lið og i. og ii. lið b-liðar 10. gr.	Afurðirnar skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 8. þætti.	Þau þriðju lönd, sem eru tilgreind í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010, þaðan sem aðildarríkin heimila innflutning á nýju kjöti af sömu dýrategundum og þar sem eingöngu er heimild fyrir kjöti með beini. Ef um er að ræða efni úr fiski, þriðju lönd sem eru tilgreind í II. viðauka við ákvörðun 2006/766/EB.	D-liður 3. kafla XV. viðauka.
16	Aukaafurðir úr dýrum til notkunar í fóður fyrir loðdýr	Efni í 3. flokki sem um getur í a-lið og i. og ii. lið b-liðar 10. gr.	Afurðirnar skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 8. þætti.	Þau þriðju lönd, sem eru tilgreind í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 eða í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008, þaðan sem aðildarríkin heimila innflutning á nýju kjöti af sömu dýrategundum og þar sem eingöngu er heimild fyrir kjöti með beini. Ef um er að ræða efni úr fiski, þriðju lönd sem eru tilgreind í II. viðauka við ákvörðun 2006/766/EB.	D-liður 3. kafla XV. viðauka.

Nr.	Afurð	Hráefni (tilvísun í ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1069/2009)	Skilyrði fyrir innflutningi og umflutningi	Skrár yfir þriðju lönd	Vottorð/fyrirmyndir að skjölum
17	Brædd fita til tiltekinnar notkunar utan fóðurferlisins fyrir alidýr	a) Ef um er að ræða efni ætluð til framleiðslu á lífdísilolíu: Efni í 1., 2. og 3. flokki sem um getur í 8., 9. og 10. gr. b) Ef um er að ræða efni ætluð til framleiðslu á lífrænum áburði og jarðvegsbætum: Efni í 2. flokki sem um getur í c-lið, d-lið og i. lið f-liðar 9. gr. og efni í 3. flokki sem um getur í 10. gr., að undanskildum c- og p-lið. c) Ef um er að ræða efni ætluð til annars: Efni í 1. flokki sem um getur í 8. gr. (b-, c- og d-liður), efni í 2. flokki sem um getur í 9. gr. (c- og d-liður og i. liður f-liðar) og efni í 3. flokki sem um getur í 10. gr., að undanskildum c- og p-lið.	Brædda fitan skal uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 9. þætti.	Þau þriðju lönd, sem eru tilgreind í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 og, ef um er að ræða efni úr fiski, þriðju lönd sem eru tilgreind í II. viðauka við ákvörðun 2006/766/EB.	B-liður 10. kafla XV. viðauka.
18	Fituafleiður	a) Ef um er að ræða fituafleiður til notkunar utan fóðurferlis alidýra: Efni í 1. flokki sem um getur í 8. gr. (c- og d-liður), efni í 2. flokki sem um getur í 9. gr. (c- og d-liður og i. liður f-liðar) og efni í 3. flokki sem um getur í 10. gr. (a-, b-, d-, e-, f-, g-, h-, i-, j- og k-lið).	Fituafleiðurnar skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 10. þætti.	Öll þriðju lönd.	a) Ef um er að ræða fituafleiður til notkunar utan fóðurferlis alidýra: A-liður 14. kafla XV. viðauka. b) Ef um er að ræða fituafleiður til notkunar sem fóður eða notkunar utan fóðurferlis alidýra: B-liður 14. kafla XV. viðauka.

Nr.	Afurð	Hráefni (tilvísun í ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1069/2009)	Skilyrði fyrir innflutningi og umflutningi	Skrár yfir þriðju lönd	Vottorð/fyrirmyndir að skjölum
		b) Ef um er að ræða fituafleiður til notkunar sem fóður eða utan fóðurferlis: Efni í 3. flokki sem um getur í 10. gr.			
19	Ljósmyndunar-gelatín	Efni í 1. flokki sem um getur í b-lið 8. gr. og efni í 3. flokki sem um getur í 10. gr.	Innflutt ljósmyndunargelatín skal uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 11. þætti.	Einungis má flytja inn ljósmyndunargelatín frá fyrirtækjum, þar sem það er upprunnið, í Bandaríkjunum og Japan sem eru samþykkt í samræmi við 11. þátt.	19. kafli XV. viðauka.
20	Horn og hornafurðir, að undanskildu hornamjöli, hófar og klaufir og afurðir úr þeim, að undanskildu mjöli úr hófum og klaufum, til framleiðslu á lífrænum áburði eða jarðvegsbætum	Efni í 3. flokki sem um getur í a-, b-, h- og n-lið 10. gr.	Afurðirnar skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 12. þætti.	Öll þriðju lönd.	18. kafli XV. viðauka.

2. þáttur

Innflutningur á blóði og blóðafurðum, öðru en úr dýrum af hestaætt, til framleiðslu á afleiddum afurðum til notkunar utan fóðurferlis alidýra

Eftirfarandi kröfur gilda um innflutning á blóði og blóðafurðum, öðru en úr dýrum af hestaætt, til framleiðslu á afleiddum afurðum til notkunar utan fóðurferlis alidýra:

1. Blóðafurðirnar verða að koma frá stöð, sem framleiðir afleiddar afurðir til notkunar utan fóðurferlis alidýra og uppfyllir þau sértæku skilyrði sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, eða frá fyrirtækinu þar sem þeim var safnað.

2. Blóðinu, sem blóðafurðir til framleiðslu á afleiddum afurðum til notkunar utan fóðurferlis alidýra eru framleiddar úr, skal hafa verið safnað:

   a) í sláturhúsum sem hafa verið samþykkt í samræmi við löggjöf Sambandsins,

   b) í sláturhúsum sem lögbært yfirvald þriðja lands hefur samþykkt og eru undir eftirliti þess, eða

   c) úr lifandi dýrum á starfsstöðvum sem lögbært yfirvald þriðja lands hefur samþykkt og eru undir eftirliti þess.

3.1. Ef um er að ræða blóðafurðir úr dýrum sem tilheyra tegundahópunum hóf- og klaufdýr (Artiodactyla), staktæð hófdýr (Perissodactyla) og ranadýr (Proboscidea), þ.m.t. kynblendingum þeirra, til framleiðslu á afleiddum afurðum til notkunar utan fóðurferlis alidýra, skulu þær annaðhvort uppfylla skilyrði a- eða b-liðar:

   a) afurðirnar skulu hafa verið meðhöndlaðar með einni af eftirfarandi aðferðum sem tryggir að í þeim séu engir sjúkdómsvaldar þeirra dýrasjúkdóma sem um getur í b-lið:

      i. hitameðhöndlun við 65 °C í a.m.k. þrjár klukkustundir og í kjölfarið fylgi könnun á árangri meðhöndlunarinnar,

      ii. geislun við 25 kGy með gammageislum og í kjölfarið fylgi könnun á árangri meðhöndlunarinnar,

      iii. hitameðhöndlun þannig að allt efnið hitni í a.m.k. 80 °C og í kjölfarið fylgi könnun á árangri meðhöndlunarinnar,

      iv. ef um er að ræða dýr önnur en dýr af svínaætt (Suidae) og naflasvínaætt (Tayassuidae): breyting á pH-gildinu í pH 5 í tvær klukkustundir og í kjölfarið fylgi könnun á árangri meðhöndlunarinnar,

   b) ef um er að ræða blóðafurðir sem ekki eru meðhöndlaðar í samræmi við a-lið þá skulu þær vera frá þriðja landi eða landsvæði:

      i. þar sem engin tilvik nautapestar, fjárpestar og sigdalssóttar hafa verið skráð á 12 mánuðum og þar sem bólusetning gegn þessum sjúkdómum hefur ekki farið fram í a.m.k. 12 mánuði,

      ii. þar sem engin tilvik gin- og klaufaveiki hafa verið skráð í a.m.k. 12 mánuði og

         — þar sem bólusetning gegn þessum sjúkdómi hefur ekki farið fram í a.m.k. 12 mánuði eða

         — þar sem húsdýr í hópi jórturdýra eru bólusett reglulega, gegn gin- og klaufaveiki, undir opinberu eftirliti í a.m.k. 12 mánuði; í slíku tilviki, að loknu heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum, sem kveðið er á um í tilskipun 97/78/EB og í samræmi við skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 8. gr. þeirrar tilskipunar, skulu afurðirnar fluttar beint til skráða fyrirtækisins eða stöðvarinnar, sem er viðtökustaður þeirra, og gera skal allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir, þ.m.t. er varða örugga förgun úrgangs, ónotaðs efnis og afgangsefnis, til að komast hjá hættu á útbreiðslu sjúkdóma til dýra eða manna.

3.2. Ef um er að ræða önnur dýr en dýr af svínaætt og naflasvínaætt skal, til viðbótar við i- og ii- lið b-liðar liðar 3.1, uppfylla eitt af eftirfarandi skilyrðum:

   a) engin tilvik munnblöðrubólgu og blátungu, (þ.m.t. að sermijákvæð dýr eru ekki fyrir hendi), hafa verið skráð í þriðja landi sem er upprunaland eða á upprunasvæði í þriðja landi á 12 mánuðum og bólusetning gegn þessum sjúkdómum hefur ekki átt sér stað hjá smitnæmum tegundum í a.m.k. 12 mánuði,

   b) að loknu heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum, sem kveðið er á um í tilskipun 97/78/EB og í samræmi við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 8. gr. þeirrar tilskipunar, skulu afurðirnar fluttar beint til stöðvarinnar, sem er viðtökustaður þeirra, og gera skal allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir, þ.m.t. er varða örugga förgun úrgangs, ónotaðs efnis og afgangsefnis, til að komast hjá hættu á útbreiðslu sjúkdóma til dýra eða manna.

3.3. Til viðbótar við i. og ii. lið b-liðar liðar 3.1, ef um er að ræða dýr af svínaætt eða naflasvínaætt, hafi engin tilvik svínafárs, svínapestar og afríkusvínapestar verið skráð í a.m.k. 12 mánuði í þriðja landi sem er upprunaland eða á upprunasvæði í þriðja landi, bólusetning hafi ekki átt sér stað gegn þessum sjúkdómum í a.m.k. 12 mánuði og uppfylla skal eitt af eftirfarandi skilyrðum:

a) engin tilvik munnblöðrubólgu, (þ.m.t. að sermijákvæð dýr eru ekki fyrir hendi), hafa verið skráð í þriðja landi sem er upprunaland eða á upprunasvæði í þriðja landi á 12 mánuðum og bólusetning gegn þessum sjúkdómum hefur ekki átt sér stað hjá smitnæmum tegundum í a.m.k. 12 mánuði,

b) að loknu heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum, sem kveðið er á um í tilskipun 97/78/EB og í samræmi við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 8. gr. þeirrar tilskipunar, skulu afurðirnar fluttar beint til skráða fyrirtækisins eða stöðvarinnar, sem er viðtökustaður þeirra, og gera skal allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir, þ.m.t. er varða örugga förgun úrgangs, ónotaðs efnis og afgangsefnis, til að komast hjá hættu á útbreiðslu sjúkdóma til dýra eða manna.

4. Ef um er að ræða blóðafurðir til framleiðslu á afleiddum afurðum til notkunar utan fóðurferlis alidýra, sem koma úr öðrum tegundum en alifuglum eða öðrum fuglategundum, skulu þær annaðhvort uppfylla skilyrði a- eða b-liðar:

a) afurðirnar skulu hafa verið meðhöndlaðar með einni af eftirfarandi aðferðum sem tryggir að í þeim séu engir sjúkdómsvaldar þeirra dýrasjúkdóma sem um getur í b-lið:

i. hitameðhöndlun við 65 °C í a.m.k. þrjár klukkustundir og í kjölfarið fylgi könnun á árangri meðhöndlunarinnar,

ii. geislun við 25 kGy með gammageislum og í kjölfarið fylgi könnun á árangri meðhöndlunarinnar,

iii. hitameðhöndlun þannig að allt efnið hitni í a.m.k. 70 °C og í kjölfarið fylgi könnun á árangri meðhöndlunarinnar,

b) ef um er að ræða blóðafurðir sem ekki eru meðhöndlaðar í samræmi við a-lið skulu þær vera frá þriðja landi eða landsvæði:

i. sem hefur verið laust við Newcastle-veiki og alvarlega fuglainflúensu, eins og þær eru tilgreindar í heilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um landdýr, útgáfunni frá 2010,

ii. þar sem bólusetning gegn fuglainflúensu hefur ekki átt sér stað næstliðna 12 mánuði,

iii. þar sem alifuglar og aðrar fuglategundir, sem afurðirnar eru úr, hafa ekki verið bólusett gegn Newcastle-veiki með bóluefni sem unnið er úr grunnstofni Newcastle-veikinnar sem sýnir meiri smithæfni en hægsmitandi veirustofnar.

3. þáttur

Innflutningur á blóði og blóðafurðum úr dýrum af hestaætt

Eftirtaldar kröfur skulu gilda um innflutning á blóði og blóðafurðum úr dýrum af hestaætt:

1. Blóðið verður að uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í a-lið 1. liðar IV. kafla XIII. viðauka og því skal safnað undir eftirliti dýralæknis, annaðhvort:

a) í sláturhúsum

i. sem hafa verið samþykkt í samræmi við reglugerð (EB) nr. 853/2004, eða

ii. í sláturhúsum sem lögbært yfirvald þriðja lands hefur samþykkt og eru undir eftirliti þess, eða

b) á starfsstöðvum sem eru samþykktar, hafa fengið samþykkisnúmer heilbrigðisyfirvalda á sviði dýra og dýraafurða og eru undir eftirliti lögbærs yfirvalds í þriðja landinu í þeim tilgangi að safna blóði úr dýrum af hestaætt til framleiðslu á blóðafurðum í öðrum tilgangi en í fóður.

2. Blóðafurðirnar verða að uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í 2. lið IV. kafla XIII. viðauka.

Að auki verða blóðafurðirnar, sem um getur í i. lið b-liðar 2. liðar IV. kafla XIII. viðauka, að hafa verið framleiddar úr blóði sem safnað var úr dýrum af hestaætt sem hafa verið haldin í a.m.k. þrjá mánuði fram að söfnun, eða frá fæðingu ef þau eru yngri en þriggja mánaða, á bújörðum sem eru undir eftirliti dýralækna í þriðja landinu þar sem söfnun fer fram og sem hafa, á því tímabili og þegar blóðsöfnunin fór fram, verið lausar við:

a) afríkuhrossapest í samræmi við a- og b-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2009/156/EB,

b) venesúelaheila- og mænubólgu í hestum í a.m.k. 2 ár,

c) sníf:

i. í þrjú ár eða

ii. í sex mánuði ef dýrin hafa ekki sýnt nein klínísk einkenni um sníf (Burkholderia mallei) við skoðun eftir slátrun í sláturhúsinu sem um getur í a-lið 1. liðar, þ.m.t. við nákvæma rannsókn á slímhúð barka, barkakýlis, nefhols og afholum nefs eftir að haus hefur verið klofinn eftir miðlínu og miðnesið fjarlægt,

d) ef um er að ræða blóðafurðir aðrar en sermi: munnblöðrubólgu í a.m.k. 6 mánuði.

3. Blóðafurðir skulu koma frá fyrirtæki eða stöð sem hefur fengið samþykki eða skráningu hjá lögbæru yfirvaldi þriðja landsins.

4. Blóði og blóðafurðum skal pakkað og þau merkt í samræmi við 3. lið IV. kafla XIII. viðauka.

4. þáttur

Innflutningur á húðum og skinnum af hóf- og klaufdýrum

Eftirtaldar kröfur skulu gilda um innflutning á húðum og skinnum af hóf- og klaufdýrum:

1. Flytja má inn nýjar eða kældar húðir og skinn ef:

a) þau koma frá þriðja landi, sem um getur í viðeigandi dálki í 4. línu töflu 2 sem sett er fram í 1. þætti, sem, eftir því sem við á fyrir viðkomandi tegund:

i. hefur í a.m.k. 12 mánuði fyrir sendingu verið laust við alla eftirfarandi sjúkdóma:

— svínapest,

— afríkusvínapest og

— nautapest og

ii. hefur verið laust við gin- og klaufaveiki í a.m.k. 12 mánuði fyrir sendingardag og þar sem, í a.m.k. 12 mánuði fyrir sendingardag, engin bólusetning hefur farið fram gegn þeim sjúkdómi,

b) þau eru af:

i. dýrum sem hafa verið á yfirráðasvæði þriðja landsins, sem er upprunaland, í a.m.k. þrjá mánuði áður en þeim var slátrað eða frá fæðingu ef um er að ræða dýr sem eru yngri en þriggja mánaða,

ii. dýrum sem, ef um er að ræða húðir og skinn af klaufdýrum, eru frá bújörðum þar sem gin- og klaufaveiki hefur ekki komið upp næstliðna 30 daga og gin- og klaufaveiki hefur heldur ekki komið upp í jafnlangan tíma á svæði í 10 km radíus umhverfis þau,

iii. dýrum sem, ef um er að ræða húðir og skinn af svínum, eru frá bújörðum þar sem svínafár hefur ekki komið upp næstliðna 30 daga eða afríkusvínapest hefur ekki komið upp næstliðna 40 daga og gin- og klaufaveiki hefur heldur ekki komið upp í 30 daga á svæði í 10 radíus umhverfis þau eða

iv. dýrum sem hafa staðist heilbrigðisskoðun í sláturhúsi á síðustu 24 klukkustundum fyrir slátrun og sýna engin einkenni gin- og klaufaveiki, nautapestar, svínapestar, afríkusvínapestar eða svínafárs og

c) allar varúðarráðstafanir hafa verið gerðar til að komast hjá því að sjúkdómsvaldar endurmengi þær.

2. Flytja má inn verkaðar húðir og skinn, sem um getur í lið C.2 í V. kafla XIII. viðauka, án takmarkana.

3. Flytja má inn aðrar verkaðar húðir og skinn ef:

a) þau eru annaðhvort:

i. frá þriðja landi eða, ef um er að ræða svæðaskiptingu í samræmi við löggjöf Sambandsins, frá hluta þriðja lands, sem er tilgreint í skránni sem sett er fram í a-lið dálksins „Skrár yfir þriðju lönd“ í 5. línu töflu 2 sem sett er fram í 1. þætti, þaðan sem innflutningur á nýju kjöti af samsvarandi tegundum er leyfður og þau hafa verið meðhöndluð eins og um getur í a-, b- og c-lið 28. liðar I. viðauka,

ii. frá þriðja landi sem tilgreint er í skránni sem sett er fram í a-lið viðeigandi dálks í 5. línu töflu 2 sem sett er fram í 1. þætti og þau hafa verið meðhöndluð eins og um getur í c- eða d-lið 28. liðar I. viðauka eða

iii. af dýrum af hestaætt eða jórturdýrum frá þriðja landi sem tilgreint er í skránni sem sett er fram í b-lið dálksins „Skrár yfir þriðju lönd“ í 5. línu töflu 2 í 1. þætti og hafa verið meðhöndluð eins og um getur í a-, b- og c-lið 28. liðar I. viðauka og hefur verið haldið aðskildum í a.m.k. 21 dag eftir meðhöndlun og

b) þau hafa verið, ef um er að ræða saltaðar húðir og skinn sem eru flutt með skipi, meðhöndluð eins og um getur í b- eða c-lið 28. liðar I. viðauka og hefur verið haldið aðskildum eftir meðhöndlun og meðan á flutningi stendur í a.m.k. 14 daga, ef um er að ræða meðhöndlunina sem um getur í b-lið 28. liðar, eða í sjö daga, ef um er að ræða meðhöndlunina sem um getur í c-lið 28. liðar, fyrir innflutning og á heilbrigðisvottorðinu sem fylgir sendingunni er vottfest að slík meðhöndlun hafi farið fram ásamt því hversu lengi flutningurinn stóð yfir.

4. Nýjar, kældar eða verkaðar húðir og skinn hóf- og klaufdýra skulu flutt í gámum, ökutækjum, járnbrautarvögnum eða böllum sem lögbært yfirvald þriðja sendingarlands hefur innsiglað.

5. þáttur

Innflutningur á veiðiminjagripum og öðru sem búið er til úr dýrum

Eftirtaldar kröfur skulu gilda um innflutning á veiðiminjagripum og öðru sem búið er til úr dýrum:

1. Flytja má inn veiðiminjagripi eða annað sem búið er til úr dýrum, sem uppfyllir skilyrðin sem um getur B-lið og lið C.1 í VI. kafla XIII. viðauka, án takmarkana.

2. Flytja má inn frá þriðju löndum meðhöndlaða veiðiminjagripi eða annað sem búið er til úr fuglum og hóf- og klaufdýrum og samanstendur eingöngu af beinum, hornum, hófum og klaufum, klóm, hjartarhornum, tönnum, húðum eða skinnum ef það uppfyllir kröfurnar í a-lið liðar C.1 og i. til iii. lið a-liðar og i. og ii. lið b-liðar liðar C.2 í VI. kafla XIII. viðauka.

Ef um er að ræða þurr- eða votsaltaðar húðir, sem eru fluttar með skipi, er þó ekki nauðsynlegt að þær hafi verið saltaðar 14 dögum fyrir sendingu, að því tilskildu að þær hafi verið saltaðar 14 dögum áður en þær eru fluttar inn.

3. Flytja má inn veiðiminjagripi eða annað sem búið er til úr fuglum og hóf- og klaufdýrum, sem samanstendur eingöngu af heilum skrokkhlutum, sem ekki hefur fengið neina meðhöndlun ef:

a) það er af dýrum sem eru frá svæði sem sætir ekki neinum takmörkunum sem rekja má til þess að alvarlegir smitsjúkdómar, sem dýr af viðkomandi tegundum eru næm fyrir, hafi komið upp,

b) þeim hefur verið pakkað inn án þess að hafa komist í snertingu við aðrar afurðir úr dýraríkinu, sem líklegt er að geti mengað þær, í gagnsæjum og lokuðum sérpakkningum til að koma í veg fyrir mengun síðar.

6. þáttur

Innflutningur á meðhöndluðum fjöðrum, fjaðrahlutum og dúni

Flytja má inn meðhöndlaðar fjaðrir og fjaðrahluta og dún:

a) ef um er að ræða meðhöndlaðar skrautfjaðrir, meðhöndlaðar fjaðrir sem ferðamenn taka með sér til eigin nota eða sendingar með meðhöndluðum fjöðrum eða dúni til einstaklinga til annarra nota en í iðnaði eða

b) ef þeim fylgir viðskiptaskjal þar sem fram kemur að fjaðrirnar og fjaðrahlutarnir eða dúnninn hafi fengið meðhöndlun með gufublæstri eða annarri aðferð sem tryggir að engin óviðunandi áhætta sé eftir og eru tryggilega innpakkaðar og þurrar og

c) þær eru, ef ekki kemur fram á viðskiptaskjalinu að þær hafi verið verksmiðjuþvegnar og meðhöndlaðar með heitri gufu við 100 °C í a.m.k. 30 mínútur, sendar til skráðs fyrirtækis eða stöðvar til slíkrar meðhöndlunar.

7. þáttur

Innflutningur á beinum og beinaafurðum (að undanskildu beinamjöli), hornum og hornafurðum (að undanskildu hornamjöli), hófum og klaufum og afurðum úr hófum og klaufum (að undanskildu mjöli úr hófum og klaufum) sem er ætlað til annarrar notkunar en sem fóðurefni, lífrænn áburður eða jarðvegsbætar

1. Flytja má inn bein og beinaafurðir (að undanskildu beinamjöli), horn og hornafurðir (að undanskildu hornamjöli) og hófa og klaufir og afurðir úr hófum og klaufum (að undanskildu mjöli úr hófum og klaufum) til að framleiða afleiddar afurðir til notkunar utan fóðurferlisins ef:

   a) afurðirnar hafa verið þurrkaðar fyrir útflutning til Sambandsins en hvorki kældar né frystar,

   b) afurðirnar eru eingöngu fluttar á landi eða sjó frá þriðja landi, sem er upprunaland, og beint til skoðunarstöðvar á landamærum í Sambandinu og þær ekki umfermdar utan Sambandsins, hvorki í höfnum né á öðrum stöðum,

   c) afurðirnar eru fluttar beint til skráða fyrirtækisins eða stöðvarinnar, sem er ákvörðunarstaður þeirra, að lokinni sannprófun skjala sem kveðið er á um í tilskipun 98/78/EB.

2. Hverri sendingu skal fylgja viðskiptaskjal sem lögbært yfirvald, sem hefur eftirlit með fyrirtækinu þar sem afurðin er upprunnin, hefur stimplað og í því skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar:

   a) þriðja land sem upprunaland,

   b) heiti fyrirtækisins eða framleiðslustöðvarinnar

   c) tegund afurðanna (þurrkuð bein/þurrkaðar beinaafurðir/þurrkuð horn/þurrkaðar hornafurðir/þurrkaðir hófar og klaufir/þurrkaðar afurðir úr hófum og klaufum) og

   d) staðfesting á að afurðin:

      i. sé af heilbrigðum dýrum sem var slátrað í sláturhúsi,

      ii. hafi verið þurrkuð í 42 daga við meðalhita sem er a.m.k. 20 °C,

      iii. hafi verið hituð í eina klukkustund fyrir þurrkun þannig að kjarnahitinn nái 80 °C,

      iv. hafi verið öskuð í eina klukkustund fyrir þurrkun þannig að kjarnahitinn nái 800 °C,

      v. hafi farið í gegnum sýrandi ferli þannig að pH-gildi í kjarna hafi verið undir pH 6 í a.m.k. eina klukkustund fyrir þurrkun og

   að ekki sé á neinu stigi fyrirhugað að taka hana til hliðar til notkunar í matvæli, fóðurefni, lífrænan áburð eða jarðvegsbæta.

3. Við sendingu til yfirráðasvæðis Sambandsins skal efnið vera í innsigluðum gámum eða ökutækjum eða flutt sem laust efni með skipi.

   Ef flutt er í gámum skulu þeir, svo og öll fylgiskjöl í öllum tilvikum, vera merktir heiti og heimilisfangi skráða fyrirtækisins eða stöðvarinnar sem er áfangastaður þeirra.

4. Að loknu heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum, sem kveðið er á um í tilskipun 97/78/EB, og í samræmi við skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 8. gr. þeirrar tilskipunar, skal efnið flutt beint til skráða fyrirtækisins eða stöðvarinnar sem er áfangastaður þess.

8. þáttur

Innflutningur á aukaafurðum úr dýrum til framleiðslu á loðdýrafóðri, gæludýrafóðri, öðru en hráu, og á afleiddum afurðum til notkunar utan fóðurferlisins fyrir alidýr

Flytja má inn aukaafurðir úr dýrum til framleiðslu á loðdýrafóðri, gæludýrafóðri, öðru en hráu, og afleiddum afurðum til notkunar utan fóðurferlisins fyrir alidýr, að því tilskildu að:

1. aukaafurðirnar úr dýrum hafi verið djúpfrystar í upprunastöðinni eða hafi verið varðar skemmdum í samræmi við löggjöf Sambandsins þannig að komið sé í veg fyrir að þær skemmist milli sendingar og afhendingar hjá fyrirtækinu eða stöðinni sem er áfangastaður þeirra,

2. allar varúðarráðstafanir hafi verið gerðar til að komast hjá því að sjúkdómsvaldar mengi aukaafurðirnar úr dýrum,

3. aukaafurðunum úr dýrum hafi verið pakkað í nýjar, lekavarðar umbúðir eða í umbúðir sem hafa verið hreinsaðar og sótthreinsaðar fyrir notkun,

4. að loknu heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum, sem kveðið er á um í tilskipun 97/78/EB, og í samræmi við skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 8. gr. þeirrar tilskipunar, þær séu fluttar beint, annaðhvort:

   a) til gæludýrafóðursstöðvar eða skráðs fyrirtækis eða stöðvar, sem er áfangastaður þeirra, sem hefur ábyrgst að viðkomandi aukaafurðir úr dýrum skuli eingöngu notaðar til að framleiða þær afurðir sem hún hefur verið skráð eða samþykkt fyrir, eftir því sem við á, eins og lögbært yfirvald hefur tilgreint ef þörf krefur, og skulu ekki fara ómeðhöndlaðar frá fyrirtækinu eða úr stöðinni nema beint til förgunar,

   b) til fyrirtækis eða stöðvar sem hefur verið samþykkt í samræmi við h-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009,

   c) til skráðs notanda eða söfnunarstöðvar sem hefur ábyrgst að viðkomandi aukaafurðir úr dýrum skuli eingöngu notaðar í leyfðum tilgangi, eins og lögbært yfirvald hefur tilgreint ef þörf krefur eða

   d) til fyrirtækis eða stöðvar sem hefur verið samþykkt í samræmi við a-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 og

5.1. ef um er að ræða hráefni til framleiðslu á gæludýrafóðri, sem um getur í ii. lið a-liðar 35. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, skal hráefnið:

   a) merkt í þriðja landinu, áður en það kemur inn í Sambandið, með krossi sem er gerður með fljótandi viðarkolum eða virkum kolum á hverja ytri hlið frystrar blokkar eða, þegar hráefnið er flutt á vörubrettum sem er ekki skipt í aðskildar sendingar á meðan á flutningi til gæludýrafóðursstöðvarinnar, sem er ákvörðunarstaður þeirra, stendur, á hverja ytri hlið hvers vörubrettis, þannig að merkingin nái yfir a.m.k. 70% af skálengd hliðar frosnu blokkarinnar og sé a.m.k. 10 cm breið,

   b) merkt, ef um er að ræða ófrosið efni, í þriðja landi, áður en það kemur inn í Sambandið, með því að úða á það fljótandi viðarkolum eða með því að nota viðarkoladuft þannig að viðarkolin sjáist greinilega á efninu,

   c) flutt beint til:

      i. gæludýrafóðursstöðvarinnar, sem er ákvörðunarstaður þess, í samræmi við a-lið 4. liðar eða

      ii. fyrirtækis eða stöðvar, sem er ákvörðunarstaður þess, sem hefur verið samþykkt í samræmi við h-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, í samræmi við b-lið 4. liðar þessa þáttar, og þaðan beint til gæludýrafóðursstöðvarinnar sem um getur í i. lið, að því tilskildu að stöðin, sem er ákvörðunarstaður þess:

         — meðhöndli einungis efni sem fellur undir þennan lið 5.1 eða

         — meðhöndli einungis efni sem fara á til gæludýrafóðursstöðvar, eins og um getur í i. lið og

   d) fá meðferð til að fjarlægja merkinguna, sem kveðið er á um í a- og b-lið, einungis í gæludýrafóðursstöðinni, sem er áfangastaður þess, og einungis rétt áður en efnið er notað til framleiðslu á gæludýrafóðri, í samræmi við skilyrðin, sem gilda um gæludýrafóður sem er framleitt úr efni í 3. flokki, sem sett eru fram í II. kafla XIII. viðauka,

5.2. ef sending samanstendur af hráefni, sem hefur verið meðhöndlað eins og um getur í lið 5.1 hér að framan, og öðru ómeðhöndluðu hráefni skal merkja allt hráefni í sendingunni eins og kveðið er á um í a- og b-lið liðar 5.1 hér að framan,

5.3. merkingin, sem um getur í a- og b-lið liðar 5.1 og í lið 5.2, skal vera sýnileg frá sendingu til afhendingar á gæludýrafóðursstöðinni sem er ákvörðunarstaður þess,

6. Í gæludýrafóðursstöðinni, sem er ákvörðunarstaður þess, skal geyma hráefni til framleiðslu gæludýrafóðurs, sem um getur í ii. lið a-liðar 35. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, fyrir framleiðslu, nota það og farga því við skilyrði sem lögbært yfirvald leyfir, sem gera það kleift að hafa opinbert eftirlit með því magni efnis sem þangað berst, er notað við framleiðslu og er fargað, ef við á.

   Lögbært yfirvald getur leyft rekstraraðila gæludýrafóðursstöðvarinnar að geyma slíkt efni með efni í 3. flokki.

9. þáttur

Innflutningur á bræddri fitu til tiltekinnar notkunar utan fóðurferlisins fyrir alidýr

Flytja má inn brædda fitu sem er ekki ætluð til framleiðslu á fóðri fyrir alidýr, framleiðslu á snyrtivörum, lyfjum eða lækningatækjum, að því tilskildu að:

a) hún sé fengin úr:

i. aukaafurðum úr dýrum sem um getur í 8., 9. og 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, ef um er að ræða efni ætlað til framleiðslu á lífdísilolíu,

ii. efni í 2. flokki sem um getur í c- og d-lið og i. lið f-liðar 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 eða efni í 3. flokki, öðru en því sem um getur í c- og p-lið 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, ef um er að ræða efni ætlað til framleiðslu á lífrænum áburði og jarðvegsbætum,

iii. efni í 1. flokki sem um getur í 8. gr. (b-, c- og d-liður) reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, efni í 2. flokki sem um getur í 9. gr. (c- og d-liður og i. liður f-liðar) reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 eða efni í 3. flokki, öðru en því sem um getur í 10. gr. (c- og p-liður) reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, ef um er að ræða annað efni,

b) hún hafi verið unnin með vinnsluaðferð 1 (þrýstisæfingu) eða með einni af hinum vinnsluaðferðunum sem um getur í III. kafla IV. viðauka,

c) óleysanleg óhreinindi umfram 0,15% af þyngd hafi verið fjarlægð ef um er að ræða fitu af jórturdýrum,

d) hún hafi verið merkt fyrir sendingu til Sambandsins þannig að lágmarksstyrkleiki glýseróltríheptanóats, sem um getur í b-lið 1. liðar V. kafla VIII. viðauka, náist,

e) að loknu heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum, sem kveðið er á um í tilskipun 97/78/EB, og í samræmi við skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 8. gr. þeirrar tilskipunar, skal brædda fitan flutt beint til skráða fyrirtækisins eða stöðvarinnar sem er áfangastaður hennar, við skilyrði sem fyrirbyggja mengun og

f) hún sé merkt með merkimiðum, á umbúðum eða ílátum, með orðunum „EKKI ÆTLAÐ TIL MANNELDIS EÐA SEM DÝRAFÓÐUR“.

10. þáttur

Innflutningur á fituafleiðum

1. Flytja má inn fituafleiður ef vottað er í heilbrigðisvottorðinu sem fylgir sendingunni:

a) hvort fituafleiðurnar eru úr efni í 1., 2. eða 3. flokki,

b) að afurðirnar, ef um er að ræða fituafleiður úr efni í 2. flokki:

i. hafi verið framleiddar með aðferð sem uppfyllir a.m.k. staðlana fyrir eitt þeirra vinnsluferla sem um getur í 1. lið XI. kafla VIII. viðauka og

ii. skuli einungis notaðar í lífrænan áburð eða jarðvegsbæta eða til annarrar notkunar utan fóðurferlis alidýra, þó ekki í snyrtivörur, lyf og lækningatæki,

c) að afurðirnar, ef um er að ræða fituafleiður framleiddar úr efni í 1. flokki, skuli ekki notaðar í lífrænan áburð og jarðvegsbæta, snyrtivörur, lyf og lækningatæki; hins vegar má nýta þær til annarrar notkunar utan fóðurferlis alidýra.

2. Heilbrigðisvottorðið, sem um getur í 1. lið., skal leggja fram hjá lögbæru yfirvaldi á skoðunarstöð á landamærunum á fyrsta komustað afurðanna til Sambandsins og eftir það skal afrit fylgja sendingunni þar til hún kemur á stöðina sem er áfangastaður þeirra.

3. Að loknu heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum, sem kveðið er á um í tilskipun 97/78/EB, og í samræmi við skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 8. gr. þeirrar tilskipunar, skulu fituafleiðurnar fluttar beint til skráða fyrirtækisins eða stöðvarinnar sem er áfangastaður þeirra.

11. þáttur

Innflutningur á ljósmyndunargelatíni

1. Flytja má inn gelatín sem er framleitt úr efni sem inniheldur hryggjarsúlur úr nautgripum, sem samanstendur af efni í 1. flokki í samræmi við b-lið 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, sem er ætlað fyrir ljósmyndaiðnaðinn (ljósmyndunargelatín), að því tilskildu að ljósmyndunargelatínið:

   a) sé upprunnið í einni af upprunastöðvunum sem tilgreindar eru í töflu 3,

   b) sé framleitt í samræmi við 6. lið,

   c) sé flutt inn um eina af skoðunarstöðvunum á landamærum, þar sem það kemur fyrst inn í Sambandið, sem tilgreindar eru í töflu 3 og

   d) sé ætlað til framleiðslu í samþykktri verksmiðju fyrir ljósmyndavörur sem er tilgreind í töflu 3.

Tafla 3

Innflutningur á ljósmyndunargelatíni

Þriðja land sem er uppruna-land	Upprunastöðvar	Viðtökuaðildarríki	Skoðunarstöð á landamærum þar sem afurðirnar koma fyrst inn í Sambandið	Samþykktar verksmiðjur fyrir ljósmyndavörur
Japan	Nitta Gelatin Inc. 2-22 Futamata Yao-City, Osaka 581-0024 Japan Jellie Co. Ltd. 7-1, Wakabayashi 2-Chome, Wakabayashi-ku, Sendai-City; Miyagi, 982 Japan NIPPI Inc. Gelatine Division 1 Yumizawa-Cho Fujinomiya City Shizuoka 418-0073 Japan	Holland	Rotterdam	FujifilmEurope, Oudenstaart 1 5047 TK Tilburg, The Netherlands
	Nitta Gelatin Inc. 2-22 Futamata Yao-City, Osaka 581-0024 Japan	Bretland	Liverpool Felixstowe Heathrow	Kodak Ltd. Headstone Drive, Harrow, Middlesex, HA4 4TY, United Kingdom
		Tékkland	Hamburg	FOMA Bohemia, spol. SRO Jana Krušinky 1604 501 04 Hradec Králove, Czech Republic
Bandaríkin	Eastman Gelatine Corporation, 227 Washington Street, Peabody, MA, 01960 USA Gelita North America, 2445 Port Neal Industrial Road Sergeant Bluff, Iowa, 51054 USA	Bretland	Liverpool Felixstowe Heathrow	Kodak Ltd. Headstone Drive, Harrow, Middlesex, HA4 4TY, United Kingdom
		Tékkland	Hamburg	FOMA Bohemia, spol. SRO Jana Krušinky 1604 501 04 Hradec Králove, Czech Republic

2. Þegar ljósmyndunargelatín er komið til viðtökuaðildarríkisins má það ekki verða verslunarvara milli aðildarríkja en má eingöngu nota í samþykktu verksmiðjunni fyrir ljósmyndavörur í sama viðtökuaðildarríki og eingöngu til vinnslu ljósmynda.

3. Að loknu heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum, sem kveðið er á um í tilskipun 97/78/EB, og í samræmi við skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 8. gr. þeirrar tilskipunar, skal ljósmyndunargelatínið flutt beint til samþykktu verksmiðjunnar fyrir ljósmyndavörur sem er ákvörðunarstaður þess.

4. Flutningurinn, sem um getur í 3. lið, skal fara fram í ökutækjum eða ílátum þar sem ljósmyndunargelatínið er algerlega aðskilið frá öllum afurðum sem ætlaðar eru í matvæli eða fóður.

5. Í samþykktu verksmiðjunni fyrir ljósmyndavörur, sem er ákvörðunarstaður ljósmyndunargelatínsins, skal rekstraraðilinn, að því er varðar afgangsefni og leifar og annan úrgang frá því, sjá til þess að:

   a) það sé flutt í lokuðum, lekaþéttum ílátum, merkt „Eingöngu til förgunar“, í ökutækjum við fullnægjandi hollustuskilyrði,

   b) því sé fargað í samræmi við i. lið a-liðar 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 eða það sé flutt út til þriðja landsins, sem er upprunaland þess, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1013/2006.

6. Ljósmyndunargelatín skal framleitt samkvæmt eftirfarandi kröfum:

   a) Ljósmyndunargelatín skal eingöngu framleitt í stöðvum, sem lögbært yfirvald viðkomandi þriðja lands hefur samþykkt, þar sem ekki er framleitt gelatín í matvæli eða fóður ætlað til sendingar til Evrópusambandsins.

   b) Ljósmyndunargelatín skal framleitt með vinnsluferli sem tryggir að hráefnið sé meðhöndlað með vinnsluaðferð 1 (þrýstisæfingu) eins og um getur í III. kafla IV. viðauka eða meðhöndlað með sýru eða basa í a.m.k. 2 daga ásamt þvotti með vatni og:

      i. að lokinni sýrumeðhöndlun, meðhöndlun með basískri lausn í a.m.k. 20 daga eða

      ii. að lokinni sýrumeðhöndlun, meðhöndlun með sýrulausn í 10 til 12 klukkustundir.

      Því næst er pH-gildið stillt og efnið hreinsað með síun og dauðhreinsun við 138 °C til 140 °C í 4 sekúndur.

   c) Þegar ljósmyndunargelatínið hefur verið unnið eins og um getur í b-lið má þurrka það og, ef við á, búa til úr því duft eða plötur.

   d) Ljósmyndunargelatín skal sett í umbúðir og nýjar pakkningar og geymt og flutt með ökutæki, í lokuðum, lekaþéttum, merktum umbúðum við fullnægjandi hollustuskilyrði.

      Ef vart verður við leka skal hreinsa og skoða ökutæki og umbúðir vandlega áður en það er notað aftur.

   e) Á innri umbúðum og ytri pakkningum ljósmyndunargelatíns skal standa „Ljósmyndunargelatín, eingöngu fyrir ljósmyndaiðnaðinn“.

12. þáttur

Innflutningur á hornum og hornafurðum, að undanskildu hornamjöli, hófum og klaufum og afurðum úr þeim, að undanskildu mjöli úr hófum og klaufum, sem eru ætluð til framleiðslu á lífrænum áburði eða jarðvegsbætum

Flytja má inn horn og hornafurðir, að undanskildu hornamjöli, hófa og klaufir og afurðir úr þeim, að undanskildu mjöli úr hófum og klaufum til framleiðslu á lífrænum áburði eða jarðvegsbætum, að því tilskildu að:

1. þau hafi verið framleidd í samræmi við XII. kafla XIII. viðauka og

2. þau séu flutt beint til samþykkts eða skráðs fyrirtækis eða stöðvar að loknu heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum, sem kveðið er á um í tilskipun 97/78/EB, og í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 8. gr. þeirrar tilskipunar.

III. KAFLI

SÉRREGLUR FYRIR TILTEKIN SÝNISHORN

1. þáttur

Rannsóknar- og greiningarsýni

Rannsóknar- og greiningarsýnum og öllum afurðum sem verða til við notkun þessara sýna skal, nema þau séu geymd til viðmiðunar eða send aftur til þriðja landsins sem er upprunaland þeirra, fargað:

a) sem úrgangi með brennslu,

b) með þrýstisæfingu og síðan förgun eða notkun í samræmi við 12. til 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 eða

c) í samræmi við b-lið 4. liðar 1. þáttar I. kafla VI. viðauka ef um er að ræða:

i. 2000 ml eða minna og

ii. að því tilskildu að sýnin eða afleiddu afurðirnar hafi verið framleiddar í og sendar frá þriðju löndum eða hlutum þriðju landa þaðan sem aðildarríkin leyfa innflutning á nýju kjöti af nautgripum sem eru alidýr og eru skráðir í I. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010.

2. þáttur

Vörusýnishorn

1. Lögbært yfirvald getur leyft innflutning og umflutning á vörusýnishornum að því tilskildu að:

a) þau komi frá:

i. þriðju löndum sem um getur í dálkinum „Skrár yfir þriðju lönd“ í 14. línu töflu 2 í 1. þætti II. kafla þessa viðauka,

ii. leyfðum þriðju löndum sem tilgreind eru í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 605/2010, ef um er að ræða vörusýnishorn úr mjólk, afurðum sem eru að stofni til úr mjólk eða afurðum úr mjólk,

b) þeim fylgi heilbrigðisvottorð eins og um getur í 8. kafla XV. viðauka og

c) þau séu, að loknu heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum, sem kveðið er á um í tilskipun 97/78/EB, og í samræmi við skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 8. gr. þeirrar tilskipunar, flutt beint til samþykkts eða skráðs fyrirtækis eða stöðvar sem tilgreind er í leyfinu frá lögbæra yfirvaldinu.

2. Ef vörusýnishorn eru ekki geymd til að nota þau til viðmiðunar skal:

a) þeim fargað eða þau notuð í samræmi við 12., 13. og 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 eða

b) senda þau til baka til þriðja landsins sem er upprunaland þeirra.

3. Ef vörusýnishorn eru notuð til að prófa vélbúnað skulu prófanirnar fara fram:

a) með búnaði sem eingöngu er notaður í þeim tilgangi eða

b) með búnaði sem er hreinsaður og sótthreinsaður áður en hann er notaður til annars en þessara prófana.

Vörusýnishornunum skal pakkað í lekaþétt ílát á meðan á flutningi til samþykkts eða leyfðs fyrirtækis eða stöðvar stendur.

3. þáttur

Sýningargripir

1. Eftirfarandi skilyrði gilda um innflutning og umflutning á sýningargripum:

   a) þeir skulu koma frá þriðju löndum sem um getur í dálkinum „Skrár yfir þriðju lönd“ í 14. línu töflu 2 í 1. þætti II. kafla,

   b) lögbært yfirvald aðildarríkisins, þar sem nota á sýningargripina, skulu veita leyfi fyrir aðflutningi þeirra fyrir fram,

   c) sýningargripir skulu sendir beint til leyfðs notanda að loknu heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum sem kveðið er á um í tilskipun 98/78/EB.

2. Hverri sendingu skal pakkað í umbúðir sem eru þannig gerðar að komið sé í veg fyrir leka og þeim skal fylgja viðskiptaskjal þar sem eftirfarandi er tilgreint:

   a) lýsing á efninu og dýrategundunni sem það kemur úr,

   b) flokkur efnisins,

   c) magn efnisins,

   d) sendingarstaður efnisins,

   e) heiti og heimilisfang sendanda,

   f) heiti og heimilisfang viðtakanda og

   g) upplýsingar sem gera kleift að sanngreina leyfi frá lögbæru yfirvaldi á ákvörðunarstað.

3. Eftir að sýningu eða listrænni notkun lýkur skal ráðstafa sýningargripum á eftirfarandi hátt:

   a) senda þá til baka til þriðja landsins sem er upprunaland þeirra,

   b) senda þá til annars aðildarríkis eða þriðja lands ef lögbært yfirvald viðtökuaðildarríkisins eða þriðja landsins, sem er viðtökuland, hefur heimilað slíka sendingu fyrir fram eða

   c) þeim skal fargað í samræmi við 12., 13. og 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009.

IV. KAFLI

SÉRTÆKAR KRÖFUR SEM VARÐA TILTEKINN FLUTNING Á AUKAAFURÐUM ÚR DÝRUM

1. þáttur

Innflutningur á tilteknum efnum í 1. flokki

Eftirfarandi skilyrði gilda um innflutning á efnum sem um getur í 26. gr.:

1. Efnin skulu flutt inn með merkimiða sem festur er á umbúðirnar, gáminn eða ökutækið þar sem stendur „Bannað að nota í matvæli, fóður, áburð, snyrtivörur, lyf og lækningatæki“.

2. Fara skal með efnin beint í samþykkt eða leyft fyrirtæki eða stöð sem framleiðir afleiddar afurðir, aðrar en þær sem um getur í 1. lið.

3. Ónotað efni eða afgangsefni skal notað eða því fargað í samræmi við 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009.

2. þáttur

Innflutningur á tilteknum efnum í öðrum tilgangi en til fóðrunar landdýra sem eru alidýr

1. Lögbært yfirvald getur leyft innflutning á eftirfarandi efnum í öðrum tilgangi en til fóðrunar landdýra sem eru alidýr, að undantekinni fóðrun loðdýra, að því tilskildu að ekki sé fyrir hendi nein óviðunandi áhætta á útbreiðslu sjúkdóma sem geta smitast í menn eða dýr:

   a) aukaafurðum úr lagardýrum og afleiddum afurðum úr þeim,

   b) vatnahryggleysingjum og afleiddum afurðum úr þeim,

   c) landhryggleysingjum, þ.m.t. öllum ummyndunarformum þeirra, s.s. lirfum, og afleiddum afurðum úr þeim,

   d) afurðum sem eru myndaðar af dýrunum sem um getur í a-, b- og c-lið, s.s. fiskhrognum,

   e) efni í 3. flokki sem samanstendur af dýrum af ættbálkum nagdýra (Rodentia) og nartara (Lagomorpha) og skrokkhlutum þeirra.

2. Innflutningur á sendingum af efnunum sem um getur í 1. lið skal fara fram í samræmi við kröfur um hreinlætisvottun í samræmi við landsreglur.

XV. VIÐAUKI

FYRIRMYNDIR AÐ HEILBRIGÐISVOTTORÐUM

Fyrirmyndirnar að heilbrigðisvottorðunum í þessum viðauka gilda fyrir innflutning frá þriðju löndum og umflutning í gegnum Evrópusambandið á þeim aukaafurðum úr dýrum og afleiddu afurðum sem um getur í hverri fyrirmynd fyrir sig.

Athugasemdir

a) Þriðja landið, sem er útflutningsland, skal gefa út heilbrigðisvottorð fyrir dýraafurðir, byggð á fyrirmyndunum í þessum viðauka, í samræmi við uppsetningu þeirrar fyrirmyndar sem svarar til viðkomandi aukaafurða úr dýrum eða afleiddra afurða. Þar skulu koma fram, í sömu tölusettu röð og í fyrirmyndinni, þær yfirlýsingar sem krafist er fyrir viðkomandi þriðja land og eftir atvikum þær viðbótarábyrgðir sem krafist er fyrir það þriðja land sem er útflutningsland eða hluta þess.

b) Ef í fyrirmynd að vottorðinu kemur fram að strika skuli út tilteknar yfirlýsingar ef þær eiga ekki við má vottunarmaður strika yfir þær sem eiga ekki við og merkja við með upphafsstöfum og stimpla eða fella þær alveg brott úr vottorðinu.

c) Frumrit hvers vottorðs skal vera á einu blaði, áprentuðu báðum megin eða, ef textinn þarf að vera lengri, form þess skal vera þannig að allar síðurnar séu samfelld og órjúfanleg heild.

d) Það skal vera á a.m.k. einu opinberu tungumáli þess aðildarríkis ESB þar sem skoðunin á landamærastöðinni skal fara fram og á tungumáli viðtökuaðildarríkisins innan ESB. Þessi aðildarríki geta þó heimilað önnur tungumál ef þeim fylgir, sé þess þörf, opinber þýðing.

e) Ef viðbótarblöð eru fest við vottorðið til auðkenningar á vörum í sendingunni skulu þau teljast hluti af frumriti vottorðsins og bera undirskrift og stimpil opinbera dýralæknisins á hverri síðu fyrir sig.

f) Ef vottorðið, þ.m.t. viðbótarblöðin sem um getur í e-lið, er fleiri en ein síða skal hver síða númeruð — (blaðsíðunúmer) af (heildarsíðufjölda) — neðst á blaðinu og efst skal koma fram kóðanúmer vottorðsins sem lögbært yfirvald hefur úthlutað.


— Reitur I.19: nota skal viðeigandi ST-númer: 05.04 eða 05.11.91.

— Reitur I.23: tilgreina skal gámanúmer og innsiglisnúmer (ef við á), ef um er að ræða gáma fyrir efni í lausu.

— Reitur: I.25: tæknileg notkun: öll notkun önnur en til fóðrunar dýra.

— Reitir I.26 og I. 27: fyllið út eftir því hvort um er að ræða umflutnings- eða innflutningsvottorð.

— Reitur I.28: tilgreinið innyflaafurðina.

II. hluti:

([1a]) Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

([1b]) Stjtíð. ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1.

([2]) Strikið yfir það sem á ekki við.

([3]) þar sem:

n = fjöldi sýna sem prófa skal,

m = viðmiðunargildi fyrir fjölda baktería; niðurstöðurnar teljast fullnægjandi ef fjöldi baktería í öllum sýnunum fer ekki yfir m,

M = hámarksgildi fyrir fjölda baktería; niðurstöðurnar teljast ófullnægjandi ef fjöldi baktería í einu eða fleiri sýnum er M eða meira og

c = fjöldi sýna þar sem fjöldi baktería getur verið milli m og M en sýnið telst engu að síður fullnægjandi ef fjöldi baktería í öðrum sýnum er m eða þar undir.

LAND **Bragðbætandi innyflaafurðir til notkunar við framleiðslu á gæludýrafóðri**

II. **Upplýsingar um heilbrigði**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

([4]) Stjtíð. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

([5]) Stjtíð. ESB L 94, 1.4.2006, bls. 28.

— Undirskrift og stimpill skulu vera í öðrum lit en prentaður texti.

— Athugasemd til einstaklingsins sem er ábyrgur fyrir sendingunni í Evrópusambandinu: þetta vottorð varðar aðeins heilbrigði dýraafurða og verður að fylgja sendingunni þar til hún kemur í skoðunarstöð á landamærum.

Opinber dýralæknir eða opinber skoðunarmaður

Nafn (með hástöfum): Menntun, hæfi og titill:

Dagsetning: Undirskrift:

Stimpill:

F-LIÐUR 3. KAFLA

Heilbrigðisvottorð

Fyrir aukaafurðir úr dýrum ([3]) til framleiðslu á gæludýrafóðri vegna sendingar til eða umflutnings ([2]) um Evrópusambandið

LAND **Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir sem eru flutt inn í ESB**

I. hluti: Upplýsingar um vörusendingu

I.1. Sendandi Heiti Heimilisfang Sími				I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs		I.2.a.	
				I.3. Lögbært stjórnvald			
				I.4. Lögbært staðaryfirvald			
I.5. Viðtakandi Heiti Heimilisfang Póstnúmer Sími				I.6. Einstaklingur sem er ábyrgur fyrir farminum í ESB Heiti Heimilisfang Póstnúmer Sími			
I.7. Upprunaland	ISO-kóði	I.8 Upprunasvæði	Kóði	I.9. Viðtökuland	ISO-kóði	I.10. Viðtökusvæði	Kóði
I.11. Upprunastaður Heiti Heimilisfang Heiti Heimilisfang Heiti Heimilisfang		Samþykkisnúmer Samþykkisnúmer Samþykkisnúmer		I.12. Ákvörðunarstaður Heiti Heimilisfang Póstnúmer		Tollvörugeymsla □ Samþykkisnúmer	
I.13. Fermingarstaður				I.14. Brottfarardagur			
I.15. Flutningatæki Flugvél □ Skip □ Járnbrautarvagn □ Ökutæki □ Annað □ Auðkenning Tilvísun í skjöl				I.16. Skoðunarstöð á landamærum við komu til ESB			
				I.17.			
I.18. Lýsing á vöru				I.19. Vörunúmer (ST-númer) **42.06**			
						I.20. Magn	
I.21. Hitastig afurða Við umhverfishita □ Kældar □ Frystar □						I.22. Fjöldi pakkninga	
I.23. Nr. innsiglis/gáms						I.24. Tegund umbúða	
I.25. Vörur sem eru vottaðar: Sem fóður □ Til frekari vinnslu □ Til tæknilegra nota □							
I.26. Til umflutnings um ESB til þriðja lands □ Þriðja land ISO-kóði				I.27. Til innflutnings eða inntöku í ESB □			

I.28. Auðkenning varanna

Tegundir (Vísindaheiti)	Tegund vöru	Samþykkisnúmer starfsstöðva Framleiðslustöð	Fjöldi pakkninga	Eigin þyngd	Númer framleiðslulotu

LAND **Aukaafurðir úr dýrum til framleiðslu á gæludýrafóðri**

II. hluti: Vottorð

II. **Upplýsingar um heilbrigði**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

Ég, undirritaður, opinber dýralæknir, lýsi því yfir að ég hef lesið og skilið reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 ([1a]) og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 ([1b]), einkum II. kafla XIV. viðauka, og votta að aukaafurðir úr dýrum sem lýst er hér að framan:

II.1.1. samanstanda af aukaafurðum úr dýrum sem uppfylla kröfurnar hér á eftir um heilbrigði dýra,

II.1.2. eru fengnar á yfirráðasvæði: ..... ([1c]) af dýrum sem:

([2]) annaðhvort [a) hafa verið á þessu yfirráðasvæði frá fæðingu eða í a.m.k. næstliðna þrjá mánuði fyrir slátrun,]

([2]) og/eða [b) voru felld úti í náttúrunni á þessu yfirráðasvæði (1d),]

II.1.3. eru af dýrum sem:

([2]) annaðhvort [a) koma af bújörðum:

i. þar sem, að því er varðar eftirfarandi sjúkdóma sem dýrin eru smitnæm fyrir, hvorki hafa komið upp tilvik eða faraldur af nautapest, svínafári, Newcastle-veiki eða alvarlegri fuglainflúensu næstliðna 30 daga né svínapest eða afríkusvínapest næstliðna 40 daga; né heldur á bújörðum í nágrenninu, sem eru innan 10 km vegalengdar, næstliðna 30 daga og

ii. þar sem hvorki hefur komið upp tilvik eða faraldur af gin- og klaufaveiki næstliðna 60 daga, né á bújörðum í nágrenninu, sem eru innan 25 km vegalengdar, næstliðna 30 daga og

b) sem:

i. voru ekki aflífuð til að uppræta dýrafarsótt,

ii. hafa verið á upprunabújörðinni í a.m.k. 40 daga fyrir brottflutning og verið flutt beint á sláturhús án þess að komast í snertingu við önnur dýr sem uppfylltu ekki sömu heilbrigðisskilyrði,

iii. hafa staðist heilbrigðisskoðun í sláturhúsi á næstliðnum 24 klukkustundum fyrir slátrun og sýna engin einkenni um sjúkdómana, sem um getur hér að framan, sem dýrin eru næm fyrir og

iv. hafa verið meðhöndluð í sláturhúsi fyrir og við slátrun eða aflífun í samræmi við viðkomandi ákvæði tilskipunar ráðsins 93/119/EB ([4]) um vernd dýra við slátrun eða dráp]

([2]) eða [a) voru fönguð og felld úti í náttúrunni á svæði:

i. þar sem ekki hafa komið upp, innan 25 km vegalengdar, tilvik eða faraldrar neinna eftirtalinna sjúkdóma sem dýrin eru næm fyrir: gin- og klaufaveiki, nautapestar, Newcastle-veiki eða alvarlegrar fuglainflúensu næstliðna 30 daga eða svínapestar eða afríkusvínapestar næstliðna 40 daga og

ii. sem er í meira en 20 km vegalengd frá landamærum að öðru yfirráðasvæði ríkis eða hluta þess þaðan sem, á þessu tímabili, er ekki leyfður útflutningur á þessu efni til Evrópusambandsins og

b) voru flutt til kælingar, innan 12 klukkustunda eftir aflífun, annaðhvort á söfnunarstöð og strax að því loknu á stöð sem meðhöndlar veiðidýr eða beint á stöð sem meðhöndlar veiðidýr,]

II.1.4. eru fengin á stöð þar sem ekki hafa komið upp, innan 10 km radíuss, tilvik eða sjúkdómarnir sem um getur í lið II.1.3, sem dýrin eru næm fyrir, næstliðna 30 daga eða, ef um er að ræða sjúkdómstilvik, framleiðsla hráefnis til útflutnings til Evrópusambandsins hefur einungis verið leyfð eftir að búið var að fjarlægja allt kjöt og öll hreinsun og sótthreinsun á stöðinni fór fram undir eftirliti opinbers dýralæknis,

LAND **Aukaafurðir úr dýrum til framleiðslu á gæludýrafóðri**

II.	**Upplýsingar um heilbrigði**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

II.1.5. hafa fengist og verið tilreiddar án þess að komast í snertingu við annað efni sem uppfyllir ekki þau skilyrði sem krafist er hér að framan, og fengið þannig meðferð að komist var hjá því að sjúkdómsvaldar menguðu þær,

II.1.6. hafa verið settar í nýjar umbúðir sem leka ekki og í opinberlega innsiglaða gáma með merkimiðum sem á stendur „HRÁEFNI EINGÖNGU TIL FRAMLEIÐSLU Á GÆLUDÝRAFÓÐRI" og heiti og heimilisfang viðtökustöðvar í ESB,

II.1.7. samanstanda eingöngu úr eftirtöldum aukaafurðum úr dýrum sem eru:

([2]) annaðhvort [- skrokkar og skrokkhlutar sláturdýra eða, ef um er að ræða veiðidýr, skrokkar eða skrokkhlutar dýra sem hafa verið felld, sem eru hæfir til manneldis í samræmi við löggjöf Sambandsins, en eru ekki ætlaðir til manneldis af viðskiptalegum ástæðum,]

([2]) og/eða [- skrokkar og eftirfarandi skrokkhlutar sem annaðhvort eru af dýrum sem hefur verið slátrað í sláturhúsi og voru talin hæf til manneldis að lokinni skoðun fyrir slátrun eða skrokkar og eftirfarandi skrokkhlutar veiðidýra sem voru felld til manneldis í samræmi við löggjöf Sambandsins:

i. skrokkar og skrokkhlutar dýra, sem var hafnað sem óhæfum til manneldis í samræmi við löggjöf Sambandsins, en sem ekki sýndu nein merki um sjúkdóma sem geta smitast í menn eða dýr,

ii. hausar af alifuglum,

iii. húðir og skinn, þ.m.t. afskurðir og þynnur af þeim, horn og fætur, þ.m.t. kjúkur, framleggir (fótleggir) og bein í hnjám á framfótum og kjúkubein, afturleggir (fótleggir) og hækilbein á afturfótum dýra, annarra en jórturdýra,

iv. svínsburstir,

v. fjaðrir,]

([2]) og/eða [- aukaafurðir úr dýrum sem falla til við framleiðslu afurða sem eru ætlaðar til manneldis, þ.m.t. fituhreinsuð bein, hamsar og seyra úr skilvindum eða skiljum frá mjólkurvinnslu,]

([2]) og/eða [- afurðir úr dýraríkinu eða matvæli sem innihalda afurðir úr dýraríkinu, sem eru ekki lengur ætluð til manneldis af viðskiptalegum ástæðum eða vegna vanda sem rekja má til galla við framleiðslu eða pökkun eða annarra galla sem skapa ekki hættu fyrir menn eða dýr,]

([2]) og/eða [- lagardýr og hlutar slíkra dýra, annarra en sjávarspendýra, sem ekki sýndu nein merki um sjúkdóma sem geta smitast í menn eða dýr,]

([2]) og/eða [- aukaafurðir úr lagardýrum sem koma frá fyrirtækjum eða stöðvum sem framleiða afurðir til manneldis,]

([2]) og/eða [- eftirfarandi efni úr dýrum sem sýndu engin merki um sjúkdóm sem getur borist með því efni í menn eða dýr,]

i. skeljar af skelfiski með mjúkvefjum eða kjöti,

ii. eftirfarandi efni úr landdýrum:

— aukaafurðir frá útungunarstöðvum,

— egg,

— eggjaafurðir, þ.m.t. eggjaskurn,

iii. dagsgamlir ungar sem eru aflífaðir af viðskiptalegum ástæðum,]

([2]) og/eða [- aukaafurðir úr vatna- og landhryggleysingjum öðrum en tegundum sem valda sjúkdómum hjá mönnum eða dýrum,]

([2]) og/eða [- efni úr dýrum, sem hafa verið meðhöndluð með tilteknum efnum sem eru bönnuð samkvæmt tilskipun 96/22/EB, en innflutningur efnanna er leyfður í samræmi við ii. lið a-liðar 35. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009,]

LAND **Aukaafurðir úr dýrum til framleiðslu á gæludýrafóðri**

II.	**Upplýsingar um heilbrigði**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

II.1.8. hafa verið djúpfrystar í upprunastöðinni eða verið varðar skemmdum í samræmi við löggjöf ESB þannig að þær skemmist ekki milli sendingar og afhendingar á viðtökustöðinni.

II.1.9. ef um er að ræða hráefni til framleiðslu á gæludýrafóðri sem er fengið úr dýrum sem hafa verið meðhöndluð með tilteknum efnum sem eru bönnuð í samræmi við tilskipun 96/22/EB en innflutningurinn er leyfður í samræmi við ii. lið a-liðar 35. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009:

a) það var merkt í þriðja landinu, áður en það kom inn á yfirráðasvæði Sambandsins, með krossi sem er gerður með fljótandi viðarkolum eða virkum kolum á hverja ytri hlið frystrar blokkar eða, þegar hráefnið er flutt á vörubrettum sem er ekki skipt í aðskildar sendingar á meðan á flutningi til gæludýrafóðursstöðvarinnar, sem er ákvörðunarstaður þeirra, stendur, á hverja ytri hlið hvers vörubrettis, þannig að merkingin nái yfir a.m.k. 70% af skálengd hliðar frosnu blokkarinnar og sé a.m.k. 10 cm breið,

b) ef um er að ræða ófrosið efni, hráefnið var merkt í þriðja landi, áður en það kom inn á yfirráðasvæði Sambandsins, með því að úða á það fljótandi viðarkolum eða með því að nota viðarkoladuft þannig að viðarkolin sjáist greinilega á efninu og

c) ef um er að ræða aukaafurðir úr dýrum úr hráefni, sem hefur verið meðhöndlað eins og um getur hér að framan, og öðru ómeðhöndluðu hráefni skal merkja allt hráefni í sendingunni eins og kveðið er á um í a- og b-lið hér að framan.

([2]) ([5]) [II.2. Sértækar kröfur

([2]) ([6]) II.2.1. Aukaafurðirnar í þessari sendingu eru af dýrum sem hefur verið haldið á yfirráðasvæðinu sem um getur í lið II.1.2, þar sem húsdýr af nautgripakyni eru bólusett reglulega gegn gin- og klaufaveiki undir opinberu eftirliti.

([2]) ([7]) II.2.2. Aukaafurðirnar í þessari sendingu samanstanda eingöngu af aukaafurðum úr dýrum, sem koma úr snyrtum innmat úr húsdýrum úr hópi jórturdýra, sem hafa verið látnar meyrna við umhverfishita sem er hærri en +2 °C í a.m.k. þrjár klukkustundir, eða ef um er að ræða tyggjanda úr nautgripum og úrbeinað kjöt úr húsdýrum, í a.m.k. 24 klukkustundir.]

II.3.

([2]) annaðhvort [afurðin inniheldur ekki og er ekki fengin úr sérstöku áhættuefni, eins og skilgreint er í V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins ([8]) (EB) nr. 999/2001, eða vélúrbeinuðu kjöti sem fengið er af beinum úr nautgripum, sauðfé eða geitum og að dýrunum, sem þessi afurð er úr, hefur ekki verið slátrað eftir deyfingu með gasi, sem er sprautað inn í kúpuholið, eða þau verið aflífuð með sömu aðferð eða þeim verið slátrað með því að tæta vef miðtaugakerfisins í sundur með ílöngu, staflaga verkfæri, sem er stungið inn í kúpuholið,]

([2]) eða [afurðin inniheldur ekki og er ekki fengin úr efni úr nautgripum, sauðfé eða geitum, öðru en því sem fengið er úr dýrum sem voru fædd og síðan alin samfellt frá burði og slátrað í landi eða á landsvæði, sem með ákvörðun, sem er tekin í samræmi við 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 999/2001, er flokkað sem land eða landsvæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg,]

II.4. þar að auki, að því er varðar smitandi heilahrörnun:

([2]) annaðhvort [ef um er að ræða aukaafurðir úr dýrum, sem eru ætlaðar til að fóðra jórturdýr og innihalda mjólk eða mjólkurafurðir úr sauðfé eða geitum, hefur sauðfénu og geitunum, sem þessar afurðir eru úr, verið haldið samfellt frá fæðingu eða næstliðin þrjú ár á bújörð þar sem ekki eru opinberar takmarkanir á flutningi vegna gruns um smitandi heilahrörnun og þar sem eftirfarandi kröfur hafa verið uppfylltar næstliðin þrjú ár:

i. bújörðin hefur sætt reglubundnu, opinberu heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum,

ii. ekkert tilvik af dæmigerðri riðuveiki, eins og skilgreint er í g-lið 2. liðar I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001, hefur greinst eða, eftir að tilvik af dæmigerðri riðuveiki hefur verið staðfest:

— öll dýr, sem staðfest var að væru með dæmigerða riðuveiki, hafa verið aflífuð og þeim eytt og

— allt sauðfé og geitur á bújörðinni hafa verið aflífuð og þeim eytt, að frátöldum hrútum til undaneldis sem eru með arfgerðina ARR/ARR og ám til undaneldis sem eru með a.m.k. eina ARR-genasamsætu en enga VRQ-genasamsætu,

iii. að frátöldu sauðfé af príonarfgerð ARR/ARR má því aðeins koma með sauðfé og geitur inn á bújörðina að þau komi frá bújörð sem uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í i. og ii. lið.]

LAND **Aukaafurðir úr dýrum til framleiðslu á gæludýrafóðri**

II.	**Upplýsingar um heilbrigði**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

([2]) eða [ef um er að ræða aukaafurðir úr dýrum, sem eru ætlaðar til að fóðra jórturdýr og innihalda mjólk eða mjólkurafurðir úr sauðfé eða geitum og ætlunin er að senda til aðildarríkis sem tilgreint er í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 546/2006 ([5]), hefur sauðfénu og geitunum, sem þessar afurðir eru úr, verið haldið samfellt frá fæðingu eða næstliðin sjö ár á bújörð þar sem ekki eru opinberar takmarkanir á flutningi vegna gruns um smitandi heilahrörnun og þar sem eftirfarandi kröfur hafa verið uppfylltar næstliðin sjö ár:

i. bújörðin hefur sætt reglubundnu, opinberu heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum,

ii. ekkert tilvik af dæmigerðri riðuveiki, eins og skilgreint er í g-lið 2. liðar I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001, hefur greinst eða, eftir að tilvik af dæmigerðri riðuveiki hefur verið staðfest:

— öll dýr, sem staðfest var að væru með dæmigerða riðuveiki, hafa verið aflífuð og þeim eytt og

— allt sauðfé og geitur á bújörðinni hafa verið aflífuð og þeim eytt, að frátöldum hrútum til undaneldis sem eru með arfgerðina ARR/ARR og ám til undaneldis sem eru með a.m.k. eina ARR-genasamsætu en enga VRQ-genasamsætu,

iii. að frátöldu sauðfé af príonarfgerð ARR/ARR má því aðeins koma með sauðfé og geitur inn á bújörðina að þau komi frá bújörð sem uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í i. og ii. lið.]

Athugasemdir

I. hluti:

— Reitur I.6: Einstaklingur sem er ábyrgur fyrir sendingunni í Evrópusambandinu: þennan reit á eingöngu að fylla út ef um er að ræða vottorð fyrir umflutningsvöru; það má fylla hann út ef vottorðið er fyrir innflutningsvöru.

— Reitur I.12: Viðtökustaður: þennan reit á eingöngu að fylla út ef um er að ræða vottorð fyrir umflutningsvöru. Afurðir sem eru í umflutningi má eingöngu geyma á frísvæðum, í frígeymslum og í tollvörugeymslum.

— Reitur I.15: Gefa skal upp skráningarnúmer (járnbrautarvagnar eða gámar og vöruflutningabifreiðar), flugnúmer (loftfar) eða heiti (skip), ef til af- og endurfermingar kemur.

— Reitur I.19: nota skal viðeigandi ST-númer: 05.11.91 eða 05.11.99.

— Reitur I.23: tilgreina skal gámanúmer og innsiglisnúmer (ef við á).

— Reitur: I.25: tæknileg notkun: öll notkun önnur en til fóðrunar dýra.

— Reitir I.26 og I. 27: fyllið út eftir því hvort um er að ræða umflutnings- eða innflutningsvottorð.

— Reitur I.28: Framleiðslustöð: fyllið út eftirlitsnúmer dýraheilbrigðisyfirvalda fyrir samþykkta fyrirtækið.

II. hluti:

([1a]) Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

([1b]) Stjtíð. ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1.

([1c]) Heiti og ISO-kóði útflutningsríkis eins og mælt er fyrir um í:

— 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010.

— viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 798/2008 og

— viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 119/2009.

Einnig skal skrá ISO-kóða svæðaskiptingar í þessum viðauka (eftir því sem við á fyrir þær smitnæmu tegundir sem eiga í hlut).

LAND **Aukaafurðir úr dýrum til framleiðslu á gæludýrafóðri**

II.	**Upplýsingar um heilbrigði**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

([1d]) Eingöngu fyrir lönd þaðan sem leyft er að flytja kjöt af villibráð, sem er ætlað til manneldis, af sömu dýrategund inn í Evrópusambandið.

([2]) Strikið yfir það sem á ekki við.

([3]) Að undanskildu fersku blóði, hrámjólk, húðum og skinnum, hófum og klaufum og hornum, svínsburstum og fiðri dýra (sjá viðeigandi sérstök vottorð fyrir innflutning á þessum vörum).

([4]) Stjtíð. EB, 31.12.1993, bls. 21.

([5]) Viðbótarábyrgðir sem skal veita þegar efni úr húsdýrum úr hópi jórturdýra er upprunnið á yfirráðasvæði lands í Suður-Ameríku eða lands í Suður-Afríku eða hluta þess, þaðan sem einungis er heimilt að flytja inn til Evrópubandalagsins meyrnað og úrbeinað, nýtt kjöt af húsdýrum úr hópi jórturdýra til manneldis. Einnig er heimilt að flytja inn heila kjálkavöðva úr nautgripum sem rist hefur verið í í samræmi við a–lið 41. liðar í VIII. kafla I. viðauka við tilskipun ráðsins 64/433/EBE.

([6]) Eingöngu fyrir tiltekin lönd í Suður-Ameríku.

([7]) Eingöngu fyrir tiltekin lönd í Suður-Ameríku og Suður-Afríku.

([8]) Stjtíð. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

([9]) Stjtíð. ESB L 94, 1.4.2006, bls. 28.

— Undirskrift og stimpill skulu vera í öðrum lit en prentaður texti.

— Athugasemd til einstaklingsins sem er ábyrgur fyrir sendingunni í Evrópusambandinu: þetta vottorð varðar aðeins heilbrigði dýraafurða og verður að fylgja sendingunni þar til hún kemur í skoðunarstöð á landamærum.

Opinber dýralæknir eða opinber skoðunarmaður

Nafn (með hástöfum): Menntun, hæfi og titill:

Dagsetning: Undirskrift:

Stimpill:

A-LIÐUR 4. KAFLA

Heilbrigðisvottorð

Fyrir innflutning á blóði og blóðafurðum úr dýrum af hestaætt, til notkunar utan fóðurferlisins, vegna sendingar til eða umflutnings ([2]) um Evrópusambandið

LAND **Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir sem eru flutt inn í ESB**

I. hluti: Upplýsingar um vörusendingu

I.1. Sendandi Heiti Heimilisfang Sími			I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs		I.2.a.		
			I.3. Lögbært stjórnvald				
			I.4. Lögbært staðaryfirvald				
I.5. Viðtakandi Heiti Heimilisfang Póstnúmer Sími			I.6. Einstaklingur sem er ábyrgur fyrir farminum í ESB Heiti Heimilisfang Póstnúmer Sími				
I.7. Upprunaland	ISO-kóði	I.8 Upprunasvæði Kóði	I.9. Viðtökuland	ISO-kóði	I.10. Viðtökusvæði	Kóði	
I.11. Upprunastaður Heiti Heimilisfang Heiti Heimilisfang Heiti Heimilisfang		Samþykkisnúmer Samþykkisnúmer Samþykkisnúmer	I.12. Ákvörðunarstaður Heiti Heimilisfang Póstnúmer		Tollvörugeymsla □ Samþykkisnúmer		
I.13. Fermingarstaður			I.14. Brottfarardagur				
I.15. Flutningatæki Flugvél □ Skip □ Járnbrautarvagn □ Ökutæki □ Annað □ Auðkenning Tilvísun í skjöl			I.16. Skoðunarstöð á landamærum við komu til ESB				
			I.17.				
I.18. Lýsing á vöru			I.19. Vörunúmer (ST-númer) **30.02**				
					I.20. Magn		
I.21. Hitastig afurða Við umhverfishita □ Kældar □ Frystar □					I.22. Fjöldi pakkninga		
I.23. Nr. innsiglis/gáms					I.24. Tegund umbúða		
I.25. Vörur sem eru vottaðar: Til tæknilegra nota □							
I.26. Til umflutnings um ESB til þriðja lands □ Þriðja land ISO-kóði			I.27. Til innflutnings eða inntöku í ESB □				
I.28. Auðkenning varanna Tegundir (Vísindaheiti)			Samþykkisnúmer starfsstöðva Framleiðslustöð				

LAND **Blóð og blóðafurðir úr dýrum af hestaætt til notkunar utan fóðurferlisins**

II. hluti: Vottorð

II. **Upplýsingar um heilbrigði**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

Ég, undirritaður, opinber dýralæknir, lýsi því yfir að ég hef lesið og skilið reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 ([1a]), einkum c- og d-lið 8. gr. og 10. gr. hennar, og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 ([1b]), einkum IV. kafla XIII. viðauka, og votta að blóðið eða blóðafurðirnar úr dýrum af hestaætt sem lýst er hér að framan:

II.1. samanstanda af blóði eða blóðafurðum úr dýrum af hestaætt sem uppfylla heilbrigðiskröfurnar hér á eftir,

II.2. samanstanda eingöngu af blóði eða blóðafurðum úr dýrum af hestaætt sem hvorki eru ætlaðar til manneldis né í fóður,

II.3. eru fengnar úr dýrum frá þriðja landi, yfirráðasvæði eða hluta þriðja lands, sem er tilgreint í dálkinum „Skrár yfir þriðju lönd" í 3. línu töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, þar sem eftirfarandi sjúkdómar eru tilkynningarskyldir: afríkuhrossapest, dúrín, sníf (*Burkholderia mallei*), heila- og mænubólga í hestum (allar tegundir, þ.m.t. venesúelaheila- og mænubólga í hestum), smitandi blóðleysi í hestum, munnblöðrubólga, hundaæði, miltisbrandur,

II.4. eru fengnar úr blóði, sem var safnað undir eftirliti dýralæknis, úr dýrum af hestaætt sem voru laus við klínísk einkenni smitsjúkdóms við skoðun þegar því var safnað:

([2]) annaðhvort [í sláturhúsum sem eru samþykkt í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 ([3]),]

([2]) eða [í sláturhúsum sem lögbært yfirvald útflutningslandsins hefur samþykkt og eru undir eftirliti þess,]

([2]) eða [í starfsstöðvum, sem lögbært yfirvald útflutningslandsins hefur samþykkt og eru undir eftirliti þess, í þeim tilgangi að safna blóði úr dýrum af hestaætt til annars en fóðrunar alidýra,]

II.5. eru fengnar úr blóði sem var safnað úr dýrum af hestaætt,

II.5.1. sem við eftirlit á þeim degi sem blóðinu var safnað sýndu engin klínísk einkenni um neinn þeirra tilkynningarskyldu sjúkdóma, sem eru tilgreindir í viðauka A við tilskipun ráðsins 2009/156/EB ([4]) og engin einkenni hestainflúensu, píróplasmósu, smitandi háls- og lungnakvefs og smitandi slagæðabólgu, sem eru tilgreindir í 4. lið gr. 1.2.3 í heilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um landdýr, útgáfunni frá 2010,

II.5.2. sem hafa verið haldin, í a.m.k. 30 daga fyrir þann dag sem blóðsöfnunin fór fram og á meðan á henni stóð, á bújörðum sem eru undir eftirliti dýralækna og sem ekki sættu banni skv. 5. mgr. 4. gr. eða takmarkana vegna afríkuhrossapestar í samræmi við 5. gr. tilskipunar 2009/156/EB,

II.5.3. sem komust ekki í snertingu við dýr af hestaætt frá bújörð sem sætti banni af ástæðum sem varða heilbrigði dýra skv. 5. mgr. 4. gr. tilskipunar 2009/156/EB,

II.5.4. þar sem tímalengd bannsins, sem um getur í lið II.5.2 og II.5.3, hefur verið ákvörðuð fyrir sem hér segir:

([2]) annaðhvort [ef öllum dýrum af þeim tegundum sem eru næmar fyrir sjúkdómnum og voru á bújörðinni hefur ekki verið slátrað og athafnasvæðið sótthreinsað hefur bannið:

— ef um er að ræða sníf (*Burkholderia mallei*), staðið í sex mánuði frá þeim degi sem dýrum af hestaætt, sem voru haldin sjúkdómnum, var slátrað,

— ef um er að ræða einhverja gerð heila- og mænubólgu í hestum, þ.m.t. venesúelaheila- og mænubólgu, staðið í sex mánuði frá þeim degi sem dýrum af hestaætt, sem voru haldin sjúkdómnum, var slátrað,

— ef um er að ræða smitandi blóðleysi, staðið fram að þeim degi þegar öllum sýktum dýrum hafði verið slátrað og eftirlifandi dýr sýndu neikvæða svörun í tveimur Coggins-prófunum sem gerðar voru með þriggja mánaða millibili,

— staðið í sex mánuði frá þeim degi sem síðasta tilvik munnblöðrubólgu var skráð,

— staðið í einn mánuð frá þeim degi sem síðasta tilvik hundaæðis var skráð,

— staðið í 15 daga frá þeim degi sem síðasta tilvik miltisbrands var skráð,]

LAND **Blóð og blóðafurðir úr dýrum af hestaætt til notkunar utan fóðurferlisins**

II.	**Upplýsingar um heilbrigði**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

(^{2}) eða [ef öllum dýrum af þeim tegundum sem eru næmar fyrir sjúkdómnum og voru á bújörðinni hefur verið slátrað og athafnasvæðið sótthreinsað skal bannið standa í 30 daga frá þeim degi sem dýrunum var slátrað og athafnasvæðið sótthreinsað, nema um miltisbrand sé að ræða en þá skal bannið standa í 15 daga,]

II.6. blóðafurðirnar skulu koma frá fyrirtæki eða stöð sem lögbært yfirvald þriðja landsins hefur samþykkt og sem uppfyllir sértæku skilyrðin sem mælt er fyrir um í 23. eða 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009,

II.7. blóðafurðirnar hafa verið framleiddar úr blóði sem uppfyllir skilyrðin sem um getur í lið II.4 og II.5 og

(^{2}) annaðhvort [hafa verið framleiddar úr blóði sem safnað var úr dýrum af hestaætt sem hafa verið haldin í a.m.k. þrjá mánuði fram að söfnun, eða frá fæðingu ef þau eru yngri en þriggja mánaða, á bújörðum sem eru undir eftirliti dýralækna í landinu þar sem söfnunin fer fram og sem hafa, á því tímabili og þegar blóðsöfnunin fór fram, verið lausar við:

a) afríkuhrossapest í tvö ár

b) venesúelaheila- og mænubólgu í hestum í a.m.k. 2 ár,

c) sníf:

(^{2}) annaðhvort [í þrjú ár,]

(^{2}) eða [í sex mánuði ef dýrin hafa ekki sýnt nein klínísk einkenni um sníf við skoðun eftir slátrun í sláturhúsinu sem um getur í II.4, þ.m.t. nákvæm rannsókn á slímhúð barka, barkakýlis, nefhols og afholum nefs eftir að haus hefur verið klofinn eftir miðlínu og miðnesið fjarlægt,]

d) ef um er að ræða blóðafurðir aðrar en sermi, munnblöðrubólgu í a.m.k. 6 mánuði,]

(^{2}) eða hafa verið meðhöndlaðar með a.m.k. einni af eftirfarandi aðferðum til að óvirkja hugsanlega sjúkdómsvalda afríkuhrossapestar, allra tegunda heila- og mænubólgu í hestum, þ.m.t. venesúelaheila- og mænubólgu, smitandi blóðleysi, munnblöðrubólgu og sníf (*Burkholderia mallei*) og í kjölfarið fylgi könnun á árangri meðhöndlunarinnar:

(^{2}) annaðhvort hitameðhöndlun við 65°C í a.m.k. þrjár klukkustundir,

(^{2}) eða [geislun með gammageislum við 25 kGy,]]

(^{2}) eða [breytingu á pH-gildi í pH 5 í tvær klukkustundir,]]

(^{2}) eða [hitameðhöndlun þannig að allt efnið hitni í a.m.k. 80°C,]]

II.8. allar varúðarráðstafanir hafi verið gerðar til að forðast að sjúkdómsvaldar mengi blóðið og blóðafurðirnar á meðan á framleiðslu, meðhöndlun og pökkun stendur,

II.9. blóði og blóðafurðum var pakkað í lokuð og ógegndræp ílát sem eru merkt skýrum stöfum „ÓHÆFT TIL MANNELDIS EÐA Í DÝRAFÓÐUR" og bera samþykkisnúmer söfnunarstöðvarinnar,

II.10. afurðirnar voru geymdar í lokuðu rými.

Athugasemdir

I. hluti:

— Reitur I.6: Einstaklingur sem er ábyrgur fyrir sendingunni í Evrópusambandinu: þennan reit á eingöngu að fylla út ef um er að ræða vottorð fyrir umflutningsvöru; það má fylla hann út ef vottorðið er fyrir innflutningsvöru.

— Reitir I.11 og I.12: Samþykkisnúmer: skráningarnúmer fyrirtækisins eða stöðvarinnar, sem lögbært yfirvald hefur gefið út.

— Reitur I.12: Viðtökustaður: þennan reit á eingöngu að fylla út ef um er að ræða vottorð fyrir umflutningsvöru. Afurðir sem eru í umflutningi má eingöngu geyma á frísvæðum, í frígeymslum og í tollvörugeymslum.

LAND **Blóð og blóðafurðir úr dýrum af hestaætt til notkunar utan fóðurferlisins**

II. **Upplýsingar um heilbrigði**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

— Reitur I.15: Gefa skal upp skráningarnúmer (járnbrautarvagnar eða gámar og vöruflutningabifreiðar), flugnúmer (loftfar) eða heiti (skip), ef til af- og endurfermingar kemur.

— Reitur I.23: tilgreina skal gámanúmer og innsiglisnúmer (ef við á), ef um er að ræða gáma fyrir efni í lausu.

— Reitur: I.25: tæknileg notkun: öll notkun önnur en til fóðrunar dýra.

— Reitir I.26 og I. 27: fyllið út eftir því hvort um er að ræða umflutnings- eða innflutningsvottorð.

— Reitur I.28: Framleiðslustöð: fyllið út eftirlitsnúmer dýraheilbrigðisyfirvalda fyrir skráðu söfnunarstöðina.

II. hluti:

([1a]) Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

([1b]) Stjtíð. ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1.

([2]) Strikið yfir það sem á ekki við.

([3]) Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55.

([4]) Stjtíð. ESB L 192, 23.7.2010, bls. 1.

— Undirskrift og stimpill skulu vera í öðrum lit en prentaður texti.

— Athugasemd til einstaklingsins sem er ábyrgur fyrir sendingunni í Evrópusambandinu: þetta vottorð varðar aðeins heilbrigði dýraafurða og verður að fylgja sendingunni þar til hún kemur í skoðunarstöð á landamærum.

Opinber dýralæknir eða opinber skoðunarmaður

Nafn (með hástöfum): Menntun, hæfi og titill:

Dagsetning: Undirskrift:

Stimpill:

B-LIÐUR 4. KAFLA

Heilbrigðisvottorð

Fyrir blóðafurðir, sem ekki eru ætlaðar til manneldis, sem unnt er að nota sem fóðurefni, vegna sendingar til eða umflutnings ([2]) um Evrópusambandið

LAND **Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir sem eru flutt inn í ESB**

I. hluti: Upplýsingar um vörusendingu

I.1. Sendandi Heiti Heimilisfang Sími			I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs		I.2.a.		
			I.3. Lögbært stjórnvald				
			I.4. Lögbært staðaryfirvald				
I.5. Viðtakandi Heiti Heimilisfang Póstnúmer Sími			I.6. Einstaklingur sem er ábyrgur fyrir farminum í ESB Heiti Heimilisfang Póstnúmer Sími				
I.7. Upprunaland	ISO-kóði	I.8 Upprunasvæði Kóði	I.9. Viðtökuland	ISO-kóði	I.10. Viðtökusvæði	Kóði	
I.11. Upprunastaður Heiti Heimilisfang Heiti Heimilisfang Heiti Heimilisfang		Samþykkisnúmer Samþykkisnúmer Samþykkisnúmer	I.12. Ákvörðunarstaður Heiti Heimilisfang Póstnúmer		Tollvörugeymsla □ Samþykkisnúmer		
I.13. Fermingarstaður			I.14. Brottfarardagur				
I.15. Flutningatæki Flugvél □ Skip □ Járnbrautarvagn □ Ökutæki □ Annað □ Auðkenning Tilvísun í skjöl			I.16. Skoðunarstöð á landamærum við komu til ESB				
			I.17.				
I.18. Lýsing á vöru			I.19. Vörunúmer (ST-númer)				
					I.20. Magn		
I.21. Hitastig afurða Við umhverfishita □ Kældar □ Frystar □					I.22. Fjöldi pakkninga		
I.23. Nr. innsiglis/gáms					I.24. Tegund umbúða		
I.25. Vörur sem eru vottaðar: Sem fóður □ Til tæknilegra nota □							
I.26. Til umflutnings um ESB til þriðja lands □ Þriðja land	ISO-kóði		I.27. Til innflutnings eða inntöku í ESB □				
I.28. Auðkenning varanna Tegundir (Vísindaheiti)	Tegund vöru	Samþykkisnúmer starfsstöðva Framleiðslustöð		Númer framleiðslulotu			

LAND **Blóðafurðir, sem ekki eru ætlaðar til manneldis, sem unnt er að nota sem fóðurefni**

II. hluti: Vottorð

II.	**Upplýsingar um heilbrigði**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

Ég, undirritaður, opinber dýralæknir, lýsi því yfir að ég hef lesið og skilið reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 ([1a]) og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 ([1b]) og votta að blóðafurðirnar sem lýst er hér að framan:

II.1. samanstanda af blóðafurðum sem uppfylla heilbrigðiskröfurnar hér á eftir,

II.2. samanstanda eingöngu af blóðafurðum sem eru ekki ætlaðar til manneldis,

II.3. hafa verið framleiddar og geymdar í stöð, sem hefur verið samþykkt og fullgilt af lögbæru yfirvaldi og verið undir eftirliti af hálfu þess í samræmi við 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009,

II.4. hafa verið framleiddar eingöngu úr eftirfarandi aukaafurðum úr dýrum, sem eru:

([2]) annaðhvort [blóð sláturdýra, sem nota má til manneldis í samræmi við löggjöf Sambandsins en er ekki ætlað til manneldis af viðskiptalegum ástæðum,]

([2]) og/eða [blóð sláturdýra, sem var hafnað og talið óhæft til manneldis í samræmi við löggjöf Sambandsins, en sýndi engin einkenni um sjúkdóma, sem geta smitast í menn eða dýr, fengið úr skrokkum dýra sem var slátrað í sláturhúsi og voru taldir hæfir til manneldis að lokinni skoðun fyrir slátrun í samræmi við löggjöf Sambandsins,]

II.5. hafa verið settar í vinnslu:

([2]) annaðhvort [í samræmi við vinnsluaðferð ..... ([3]) sem sett er fram í III. kafla IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011]

([2]) eða [með aðferð og vinnslubreytum sem tryggja að afurðin samræmist þeim örverufræðilegu stöðlum sem settir eru fram í I. kafla X. viðauka við reglugerð (EB) nr. 142/2011]

til að eyða sjúkdómsvöldum,

II.6. lögbært yfirvald hefur rannsakað slembisýni rétt fyrir sendingu og sannreynt að það uppfyllir eftirfarandi staðla ([4]):

Salmonella: finnst ekki í 25g: n = 5, c = 0, m = 0, M = 0,

Iðrabakteríur: n = 5, c = 2, m = 10, M = 300 í 1 g,

II.7. fullunna afurðin var:

([2]) annaðhvort [í nýjum eða dauðhreinsuðum sekkjum,]

([2]) eða [flutt í lausu í gámum eða með öðrum flutningatækjum sem höfðu fyrir notkun verið hreinsuð rækilega og sótthreinsuð með sótthreinsiefni sem lögbært yfirvald samþykkti fyrir notkun,] með merkimiðum sem á stendur „ÓHÆFT TIL MANNELDIS“,

II.8. fullunna afurðin var geymd í lokuðu rými,

II.9. allar varúðarráðstafanir hafa verið gerðar til að komast hjá því að sjúkdómsvaldar mengi afurðina að lokinni meðhöndlun,

II.10.

([2]) annaðhvort [afurðin inniheldur ekki og er ekki fengin úr sérstöku áhættuefni, eins og skilgreint er í V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 ([5]), eða vélúrbeinuðu kjöti sem fengið er af beinum úr nautgripum, sauðfé eða geitum og að dýrunum, sem þessi afurð er úr, hefur ekki verið slátrað eftir deyfingu með gasi, sem er sprautað inn í kúpuholið, eða þau verið aflífuð með sömu aðferð eða þeim verið slátrað með því að tæta vef miðtaugakerfisins í sundur með ílöngu, staflaga verkfæri, sem er stungið inn í kúpuholið.]

([2]) eða [afurðin inniheldur ekki og er ekki fengin úr efni úr nautgripum, sauðfé eða geitum, öðru en því sem fengið er úr dýrum sem voru fædd og síðan alin samfellt frá burði og slátrað í landi eða á landsvæði, sem með ákvörðun, sem er tekin í samræmi við 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 999/2001, er flokkað sem land eða landsvæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg.]

LAND **Blóðafurðir, sem ekki eru ætlaðar til manneldis, sem unnt er að nota sem fóðurefni**

II. **Upplýsingar um heilbrigði**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

Athugasemdir

I. hluti:

— Reitur I.6: Einstaklingur sem er ábyrgur fyrir sendingunni í Evrópusambandinu: þennan reit á eingöngu að fylla út ef um er að ræða vottorð fyrir umflutningsvöru; það má fylla hann út ef vottorðið er fyrir innflutningsvöru.

— Reitur I.12: Viðtökustaður: þennan reit á eingöngu að fylla út ef um er að ræða vottorð fyrir umflutningsvöru. Afurðir sem eru í umflutningi má eingöngu geyma á frísvæðum, í frígeymslum og í tollvörugeymslum.

— Reitur I.15: Gefa skal upp skráningarnúmer (járnbrautarvagnar eða gámar og vöruflutningabifreiðar), flugnúmer (loftfar) eða heiti (skip), ef til af- og endurfermingar kemur.

— Reitur I.19: nota skal viðeigandi ST-númer: 05.11.91 eða 05.11.99.

— Reitur I.23: tilgreina skal gámanúmer og innsiglisnúmer (ef við á), ef um er að ræða gáma fyrir efni í lausu.

— Reitur: I.25: tæknileg notkun: öll notkun önnur en til fóðrunar dýra.

— Reitir I.26 og I. 27: fyllið út eftir því hvort um er að ræða umflutnings- eða innflutningsvottorð.

II. hluti:

([1a]) Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

([1b]) Stjtíð. ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1.

([2]) Strikið yfir það sem á ekki við.

([3]) Setjið inn aðferð 1 til 5 eða 7 eftir því sem við á.

([4]) þar sem:

n = fjöldi sýna sem prófa skal,

m = viðmiðunargildi fyrir fjölda baktería; niðurstöðurnar teljast fullnægjandi ef fjöldi baktería í öllum sýnunum fer ekki yfir m,

M = hámarksgildi fyrir fjölda baktería; niðurstöðurnar teljast ófullnægjandi ef fjöldi baktería í einu eða fleiri sýnum er M eða meira og

c = fjöldi sýna þar sem fjöldi baktería getur verið milli m og M en sýnið telst engu að síður fullnægjandi ef fjöldi baktería í öðrum sýnum er m eða þar undir.

([5]) Stjtíð. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

— Undirskrift og stimpill skulu vera í öðrum lit en prentaður texti.

— Athugasemd til einstaklingsins sem er ábyrgur fyrir sendingunni í Evrópusambandinu: þetta vottorð varðar aðeins heilbrigði dýraafurða og verður að fylgja sendingunni þar til hún kemur í skoðunarstöð á landamærum.

Opinber dýralæknir eða opinber skoðunarmaður

Nafn (með hástöfum): Menntun, hæfi og titill:

Dagsetning: Undirskrift:

Stimpill:

C-LIÐUR 4. KAFLA

Heilbrigðisvottorð

Fyrir ómeðhöndlaðar blóðafurðir, þó ekki úr dýrum af hestaætt, til framleiðslu á afleiddum afurðum til notkunar utan fóðurferlis alidýra, vegna sendingar til eða umflutnings ([2]) um Evrópusambandið

LAND **Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir sem eru flutt inn í ESB**

I. hluti: Upplýsingar um vörusendingu

I.1. Sendandi Heiti Heimilisfang Sími			I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs	I.2.a.
			I.3. Lögbært stjórnvald	
			I.4. Lögbært staðaryfirvald	
I.5. Viðtakandi Heiti Heimilisfang Póstnúmer Sími			I.6. Einstaklingur sem er ábyrgur fyrir farminum í ESB Heiti Heimilisfang Póstnúmer Sími	
I.7. Upprunaland	ISO-kóði	I.8 Upprunasvæði Kóði	I.9. Viðtökuland ISO-kóði	I.10. Viðtökusvæði Kóði
I.11. Upprunastaður Heiti Heimilisfang Heiti Heimilisfang Heiti Heimilisfang		Samþykkisnúmer Samþykkisnúmer Samþykkisnúmer	I.12. Ákvörðunarstaður Heiti Heimilisfang Póstnúmer	Tollvörugeymsla □ Samþykkisnúmer
I.13. Fermingarstaður			I.14. Brottfarardagur	
I.15. Flutningatæki Flugvél □ Skip □ Járnbrautarvagn □ Ökutæki □ Annað □ Auðkenning Tilvísun í skjöl			I.16. Skoðunarstöð á landamærum við komu til ESB	
			I.17.	
I.18. Lýsing á vöru			I.19. Vörunúmer (ST-númer) **30.02**	
				I.20. Magn
I.21. Hitastig afurða Við umhverfishita □ Kældar □ Frystar □				I.22. Fjöldi pakkninga
I.23. Nr. innsiglis/gáms				I.24. Tegund umbúða
I.25. Vörur sem eru vottaðar: Til tæknilegra nota □				
I.26. Til umflutnings um ESB til þriðja lands □ Þriðja land ISO-kóði			I.27. Til innflutnings eða inntöku í ESB □	
I.28. Auðkenning varanna Tegundir (Vísindaheiti)	Tegund vöru	Samþykkisnúmer starfsstöðva Framleiðslustöð		Númer framleiðslulotu

LAND **Ómeðhöndlaðar blóðafurðir, þó ekki úr dýrum af hestaætt, til framleiðslu á afleiddum afurðum til notkunar utan fóðurferlis alidýra**

II. hluti: Vottorð

II.	**Upplýsingar um heilbrigði**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

Ég, undirritaður, opinber dýralæknir, lýsi því yfir að ég hef lesið og skilið reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 ([1a]), einkum c- og d-lið 8. gr. og 10. gr. hennar, og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 ([1b]), einkum II. kafla XIV. viðauka, og votta að:

II.1. blóðafurðirnar sem lýst er hér að framan samanstanda af blóðafurðum sem uppfylla kröfurnar sem koma fram hér á eftir,

II.2. þær samanstanda eingöngu af blóðafurðum sem eru ekki ætlaðar til manneldis eða í fóður,

II.3. þær hafa verið framleiddar og geymdar í stöð, sem er undir eftirliti lögbærs yfirvalds, eða í söfnunarstöðinni ([2]), og eru eingöngu úr eftirfarandi aukaafurðum úr dýrum:

([2]) annaðhvort [- blóði sláturdýra, sem nota má til manneldis í samræmi við löggjöf Sambandsins en er ekki ætlað til manneldis af viðskiptalegum ástæðum,]

([2]) og/eða [- blóði sláturdýra, sem var hafnað og talið óhæft til manneldis í samræmi við löggjöf Sambandsins, en sýndi engin einkenni um sjúkdóma, sem geta smitast í menn eða dýr, fengið úr skrokkum dýra sem var slátrað í sláturhúsi og voru taldir hæfir til manneldis að lokinni skoðun fyrir slátrun í samræmi við löggjöf Sambandsins,]

([2]) og/eða [- blóði sláturdýra, sem ekki sýndu nein merki um sjúkdóm sem getur smitast í menn eða dýr, fengið úr dýrum, öðrum en jórturdýrum, sem hefur verið slátrað í sláturhúsi og sem voru talin hæf til manneldis að lokinni skoðun fyrir slátrun í samræmi við löggjöf Sambandsins,]

([2]) og/eða [- blóði og blóðafurðum sem falla til við framleiðslu afurða sem eru ætlaðar til manneldis,]

([2]) og/eða [- blóði og blóðafurðum úr lifandi dýrum sem sýndu engin einkenni um sjúkdóm sem getur borist með þessari afurð í menn eða önnur dýr,]

([2]) og/eða [- efni úr dýrum, sem hafa verið meðhöndluð með tilteknum íðefnum sem eru bönnuð samkvæmt tilskipun 96/22/EB, en innflutningur efnanna er leyfður í samræmi við ii. lið a-liðar 35. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009,]

II.4. blóðinu, sem slíkar afurðir eru framleiddar úr, hefur verið safnað:

([2]) annaðhvort [í sláturhúsum sem hafa verið samþykkt í samræmi við löggjöf Sambandsins,]

([2]) eða [í sláturhúsum sem lögbært yfirvald þriðja lands hefur samþykkt og eru undir eftirliti þess,]

([2]) eða [úr lifandi dýrum á starfsstöðvum sem lögbært yfirvald þriðja lands hefur samþykkt og eru undir eftirliti þess.]

([2]) [II.5. ef um er að ræða blóðafurðir úr dýrum sem tilheyra tegundahópunum hóf- og klaufdýr (Artiodactyla), staktæð hófdýr (Perissodactyla) og ranadýr (Proboscidea), þ.m.t. kynblendingar þeirra, koma afurðirnar frá:

II.5.1. landi þar sem engin tilvik nautapestar, fjárpestar og sigdalssóttar hafa verið skráð á 12 mánuðum og þar sem bólusetning hefur ekki átt sér stað gegn þessum sjúkdómum í a.m.k. 12 mánuði,

([2]) II.5.2. annaðhvort

eða [frá yfirráðasvæði lands eða svæði með kóða ..... ([3]) engin tilvik gin- og klaufaveiki hafa verið skráð á 12 mánuðum og þar sem bólusetning hefur ekki átt sér stað gegn þessum sjúkdómi í a.m.k. 12 mánuði,]

([2]) eða [frá yfirráðasvæði lands eða svæði með kóða ..... ([3]) þar sem engin tilvik gin- og klaufaveiki hafa verið skráð á 12 mánuðum og þar sem húsdýr í hópi jórturdýra eru bólusett reglulega gegn gin- og klaufaveiki, undir opinberu eftirliti í a.m.k. 12 mánuði ([4]),]]

LAND **Ómeðhöndlaðar blóðafurðir, þó ekki úr dýrum af hestaætt, til framleiðslu á afleiddum afurðum til notkunar utan fóðurferlis alidýra**

II.	**Upplýsingar um heilbrigði**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

([2]) [II.5.3. Ef um er að ræða önnur dýr en dýr af svínaætt og naflasvínaætt gildir auk þess eftirfarandi:

([2]) annaðhvort [engin tilvik munnblöðrubólgu og blátungu ([2]), (þ.m.t. að sermijákvæð dýr eru ekki fyrir hendi), hafa verið skráð í upprunalandi eða á upprunasvæði á 12 mánuðum og bólusetning hefur ekki átt sér stað gegn þessum sjúkdómum í a.m.k. 12 mánuði,]

([2]) eða [að því er varðar munnblöðrubólgu og blátungu ([2]) eru sermijákvæð dýr fyrir hendi í upprunalandi eða á upprunasvæði ([4]),]]

([2]) [II.5.4. Ef um er að ræða önnur dýr en dýr af svínaætt og naflasvínaætt gildir auk þess eftirfarandi:

[II.5.4.1. [engin tilvik svínafárs, svínapestar og afríkusvínapestar hafa verið skráð í upprunalandi eða á upprunasvæði á a.m.k. 12 mánuðum og bólusetning hefur ekki átt sér stað hjá smitnæmum tegundum gegn þessum sjúkdómum í a.m.k. 12 mánuði]]

([2]) [II.5.4.2. annaðhvort [engin tilvik munnblöðrubólgu og blátungu ([2]), (þ.m.t. að sermijákvæð dýr eru ekki fyrir hendi), hafa verið skráð í upprunalandi eða á upprunasvæði á 12 mánuðum og bólusetning hefur ekki átt sér stað gegn þessum sjúkdómum í a.m.k. 12 mánuði,]

([2]) [II.5.4.2. eða [að því er varðar munnblöðrubólgu eru sermijákvæð dýr fyrir hendi í upprunalandi eða á upprunasvæði ([4]),]]

([2]) [II.6. Ef um er að ræða blóðafurðir úr alifuglum eða öðrum fuglategundum koma dýrin og afurðirnar frá yfirráðasvæði lands eða svæðis með kóða ... ([5])
sem hefur verið laust við Newcastle-veiki og alvarlega fuglainflúensu, eins og þær eru skilgreindar í heilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um landdýr,
þar sem bólusetning gegn fuglainflúensu hefur ekki átt sér stað í a.m.k. 12 mánuði,
þar sem dýrin, sem afurðirnar eru úr, hafa ekki verið bólusett gegn Newcastle-veiki með bóluefni sem unnið er úr grunnstofni Newcastle-veikinnar sem sýnir meiri smithæfni en hægsmitandi veirustofnar,]

II.7. afurðirnar voru:

([2]) annaðhvort [settar í nýja eða dauðhreinsaða sekki eða flöskur,]

([2]) eða [fluttar í lausu í gámum eða með öðrum flutningatækjum sem höfðu fyrir notkun verið hreinsuð rækilega og sótthreinsuð með sótthreinsiefni sem lögbært yfirvald samþykkti fyrir notkun,]

ytri pakkningar eða ílát bera merkimiða sem á stendur „ÓHÆFT TIL MANNELDIS EÐA Í FÓÐUR“,

II.8. afurðirnar voru geymdar í lokuðu rými,

II.9. allar varúðarráðstafanir hafa verið gerðar til að komast hjá því að sjúkdómsvaldar mengi afurðina á meðan á flutningi stendur,

II.10.

([2]) annaðhvort [afurðin inniheldur ekki og er ekki fengin úr sérstöku áhættuefni, eins og skilgreint er í V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 ([6]), eða vélúrbeinuðu kjöti sem fengið er af beinum úr nautgripum, sauðfé eða geitum og að dýrunum, sem þessi afurð er úr, hefur ekki verið slátrað eftir deyfingu með gasi, sem er sprautað inn í kúpuholið, eða þau verið aflífuð með sömu aðferð eða þeim verið slátrað með því að tæta vef miðtaugakerfisins í sundur með ílöngu, staflaga verkfæri, sem er stungið inn í kúpuholið.]

([2]) eða [afurðin inniheldur ekki og er ekki fengin úr efni úr nautgripum, sauðfé eða geitum, öðru en því sem fengið er úr dýrum sem voru fædd og síðan alin samfellt frá burði og slátrað í landi eða á landsvæði, sem með ákvörðun, sem er tekin í samræmi við 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 999/2001, er flokkað sem land eða landsvæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg.]

Athugasemdir

I. hluti:

— Reitur I.6: Einstaklingur sem er ábyrgur fyrir sendingunni í Evrópusambandinu: þennan reit á eingöngu að fylla út ef um er að ræða vottorð fyrir umflutningsvöru; það má fylla hann út ef vottorðið er fyrir innflutningsvöru.

— Reitir I.11 og I.12: Samþykkisnúmer: skráningarnúmer fyrirtækisins eða stöðvarinnar, sem lögbært yfirvald hefur gefið út.

— Reitur I.12: Viðtökustaður: þennan reit á eingöngu að fylla út ef um er að ræða vottorð fyrir umflutningsvöru. Afurðir sem eru í umflutningi má eingöngu geyma á frísvæðum, í frígeymslum og í tollvörugeymslum.

LAND **Ómeðhöndlaðar blóðafurðir, þó ekki úr dýrum af hestaætt, til framleiðslu á afleiddum afurðum til notkunar utan fóðurferlis alidýra**

II.	**Upplýsingar um heilbrigði**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

— Reitur I.15: Gefa skal upp skráningarnúmer (járnbrautarvagnar eða gámar og vöruflutningabifreiðar), flugnúmer (loftfar) eða heiti (skip), ef til af- og endurfermingar kemur.

— Reitur I.23: tilgreina skal gámanúmer og innsiglisnúmer (ef við á), ef um er að ræða gáma fyrir efni í lausu.

— Reitur: I.25: tæknileg notkun: öll notkun önnur en til fóðrunar dýra.

— Reitir I.26 og I. 27: fyllið út eftir því hvort um er að ræða umflutnings- eða innflutningsvottorð.

II. hluti:

([1a]) Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

([1b]) Stjtíð. ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1.

([2]) Strikið yfir það sem á ekki við.

([3]) Kóði yfirráðasvæðisins eins og hann birtist í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010.

([4]) Að loknu eftirliti á landamærum, sem kveðið er á um í tilskipun 97/78/EB, og í samræmi við skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 8. gr. þeirrar tilskipunar, skulu afurðirnar, í þessu tilviki, fluttar beint til stöðvarinnar, sem eru viðtökustaður.

([5]) Kóði yfirráðasvæðisins eins og hann birtist í 1. hluta II. viðauka við ákvörðun 2006/696/EB.

([6]) Stjtíð. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

— Undirskrift og stimpill skulu vera í öðrum lit en prentaður texti.

— Athugasemd til einstaklingsins sem er ábyrgur fyrir sendingunni í Evrópusambandinu: þetta vottorð varðar aðeins heilbrigði dýraafurða og verður að fylgja sendingunni þar til hún kemur í skoðunarstöð á landamærum.

Opinber dýralæknir eða opinber skoðunarmaður

Nafn (með hástöfum): Menntun, hæfi og titill:

Dagsetning: Undirskrift:

Stimpill:

D-LIÐUR 4. KAFLA

Heilbrigðisvottorð

Fyrir meðhöndlaðar blóðafurðir, þó ekki úr dýrum af hestaætt, til framleiðslu á afleiddum afurðum til notkunar utan fóðurferlis alidýra, vegna sendingar til eða umflutnings ([2]) um Evrópusambandið

LAND **Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir sem eru flutt inn í ESB**

I. hluti: Upplýsingar um vörusendingu

I.1. Sendandi Heiti Heimilisfang Sími			I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs		I.2.a.		
			I.3. Lögbært stjórnvald				
			I.4. Lögbært staðaryfirvald				
I.5. Viðtakandi Heiti Heimilisfang Póstnúmer Sími			I.6. Einstaklingur sem er ábyrgur fyrir farminum í ESB Heiti Heimilisfang Póstnúmer Sími				
I.7. Upprunaland	ISO-kóði	I.8 Upprunasvæði Kóði	I.9. Viðtökuland	ISO-kóði	I.10. Viðtökusvæði	Kóði	
I.11. Upprunastaður Heiti Heimilisfang Heiti Heimilisfang Heiti Heimilisfang		Samþykkisnúmer Samþykkisnúmer Samþykkisnúmer	I.12. Ákvörðunarstaður Heiti Heimilisfang Póstnúmer		Tollvörugeymsla □ Samþykkisnúmer		
I.13. Fermingarstaður			I.14. Brottfarardagur				
I.15. Flutningatæki Flugvél □ Skip □ Járnbrautarvagn □ Ökutæki □ Annað □ Auðkenning Tilvísun í skjöl			I.16. Skoðunarstöð á landamærum við komu til ESB				
			I.17.				
I.18. Lýsing á vöru			I.19. Vörunúmer (ST-númer) **30.02**				
					I.20. Magn		
I.21. Hitastig afurða Við umhverfishita □ Kældar □ Frystar □					I.22. Fjöldi pakkninga		
I.23. Nr. innsiglis/gáms					I.24. Tegund umbúða		
I.25. Vörur sem eru vottaðar: Til tæknilegra nota □							
I.26. Til umflutnings um ESB til þriðja lands □ Þriðja land ISO-kóði			I.27. Til innflutnings eða inntöku í ESB □				
I.28. Auðkenning varanna Tegundir (Vísindaheiti)	Tegund vöru	Samþykkisnúmer starfsstöðva Framleiðslustöð		Númer framleiðslulotu			

LAND **Meðhöndlaðar blóðafurðir, þó ekki úr dýrum af hestaætt, til framleiðslu á afleiddum afurðum til notkunar utan fóðurferlis alidýra**

II. hluti: Vottorð

II.	**Upplýsingar um heilbrigði**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

Ég, undirritaður, opinber dýralæknir, lýsi því yfir að ég hef lesið og skilið reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 ([1a]), einkum c- og d-lið 8. gr. og 10. gr. hennar, og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 ([1b]), einkum II. kafla XIV. viðauka, og votta að:

Tilgangurinn með sameiginlegu sniðmáti fyrir ‚áreiðanleg lista aðildarríkja yfir eftirlitsskylda/faggilta vottunaraðila‘ er að koma á fót sameiginlegri aðferð sem sérhvert aðildarríki notar við að veita upplýsingar um eftirlits-/faggildingarstöðu vottunarþjónustu af hálfu vottunaraðila ([1]) sem það hefur eftirlit með/veitir faggildingu með tilliti til þess að farið sé að viðeigandi ákvæðum í tilskipun 1999/93/EB. Undir þetta fellur að veita eldri upplýsingar um eftirlits-/faggildingarstöðu eftirlitsskyldu/faggiltu vottunarþjónustunnar.

Þessum upplýsingum er einkum ætlað að styðja staðfestingu fullgildra rafrænna undirskrifta (QES) og útfærðra rafrænna undirskrifta (AdES) ([2]) sem eru studdar fullgildum vottorðum ([3]) ([4]).

Skyldubundnu upplýsingarnar í áreiðanlega listanum verða að lágmarki að innihalda upplýsingar um eftirlitsskylda/faggilta vottunaraðila (CSP) sem gefa út fullgild vottorð (QC) ([5]) í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í tilskipun 1999/93/EB (2. og 3. mgr. 3. gr. og a-lið 1. mgr. 7. gr.), þ.m.t., ef þær eru ekki hluti af fullgildu vottorðunum, upplýsingar um fullgild vottorð sem styðja rafræna undirskrift og hvort undirskriftin er gerð með öruggum undirskriftarbúnaði (SSCD) eður ei ([6]).

Valfrjálst er að bæta á áreiðanlegan lista hvers aðildarríkis fyrir sig viðbótarupplýsingum um aðra vottunaraðila sem gefa ekki út fullgild vottorð en veita þjónustu í tengslum við rafrænar undirskriftir (t.d. vottunaraðila sem veita tímastimplunarþjónustu og gefa út tímastimplunartóka, vottunaraðila sem gefa út vottorð sem eru ekki fullgild o.s.frv.) að því tilskildu að þeir séu annaðhvort eftirlitsskyldir/faggiltir á sambærilegan hátt og þeir vottunaraðilar sem gefa út fullgild vottorð eða samþykktir samkvæmt öðru landsbundnu samþykktarkerfi (e. national approval scheme). Landsbundin samþykktarkerfi sumra aðildarríkja geta verið frábrugðin eftirlitskerfum eða valfrjálsum faggildingarkerfum sem gilda fyrir vottunaraðila sem gefa út fullgild vottorð að því er varðar gildandi kröfur og/eða ábyrga stofnun. Hugtökin ‚faggiltur‘ og/eða ‚eftirlitsskyldur‘ í þessum forskriftum ná einnig yfir landsbundin samþykktarkerfi en aðildarríki munu veita viðbótarupplýsingar um eðli landsbundinna kerfa í áreiðanlegum listum sínum, þ.m.t. skýringu á því í hverju þau kunna að vera frábrugðin faggildingar-/eftirlitskerfum sem gilda um vottunaraðila sem gefa út fullgild vottorð.

Sameiginlega sniðmátið byggist á tækniforskrift Fjarskiptastaðlastofnunar Evrópu (ETSI TS) 119 612 v1.1.1 ([7]) (hér á eftir nefnt ETSI TS 119 612), sem fjallar um að semja og birta slíkar skrár og um staðsetningu þeirra, aðgang að þeim, sannvottun þeirra og heilleika.

2. **Skipan sameiginlega sniðmátsins fyrir áreiðanlega listann**

Sameiginlega sniðmátið fyrir áreiðanlegan lista aðildarríkis er byggt upp samkvæmt ETSI TS 119 612 og greinist í eftirfarandi flokka upplýsinga:

1. Tag áreiðanlega listans (e. trusted list tag) sem auðveldar að bera kennsl á hann við rafræna leit.

2. Upplýsingar um áreiðanlega listann og útgáfukerfi hans.

3. Runu svæða sem innihalda ótvíræðar auðkennisupplýsingar um sérhvern eftirlitsskyldan/faggiltan vottunaraðila í kerfinu (þessi runa er valkvæð, þ.e. þegar hún er ekki notuð telst listinn ekki hafa neitt innihald, sem merkir að ekki sé neinn eftirlitsskyldur/faggiltur vottunaraðili í viðkomandi aðildarríki að því er varðar áreiðanlega listann).

4. Ítarlegar upplýsingar um sérstaka traustþjónustu hvers skráðs vottunaraðila – en núverandi staða hennar er færð inn í áreiðanlega listann – eru veittar sem runa svæða, sem auðkenna á ótvíræðan hátt þá eftirlitsskyldu/faggiltu vottunarþjónustu, sem vottunaraðilinn veitir og núverandi stöðu hennar (þessi runa verður að innihalda a.m.k. eina færslu).

([1]) Eins og skilgreint er í 11. mgr. 2. gr. tilskipunar 1999/93/EB.
([2]) Eins og skilgreint er í 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 1999/93/EB.
([3]) Upphafsstafaorðið ‚$AdES_{QC}$‘ er notað alls staðar í þessu skjali fyrir útfærða rafræna undirskrift (AdES) sem studd er fullgildu vottorði (QC).
([4]) Ath. að þetta myndi einnig greiða fyrir nýtingu ýmissar rafrænnar þjónustu, sem byggð er á einfaldri útfærðri rafrænni undirskrift (AdES), yfir landamæri, að því tilskildu að stuðningsþjónusta vegna vottunar (t.d. útgáfa vottorða sem eru ekki fullgild) væri hluti af eftirlitsskyldri/faggiltri þjónustu sem aðildarríki tilgreinir undir valfrjálsum upplýsingum í áreiðanlegum lista sínum.
([5]) Eins og skilgreint er í 10. mgr. 2. gr. tilskipunar 1999/93/EB.
([6]) Eins og skilgreint er í 6. mgr. 2. gr. tilskipunar 1999/93/EB.
([7]) ETSI TS 119 612 v1.1.1 (2013-06) – Electronic Signatures and Infrastructures (ESI); Trusted Lists.

5. Upplýsingar um sögu þessarar stöðu fyrir hverja skráða eftirlitsskylda/faggilta vottunarþjónustu, ef við á.

6. Undirskrift sem notuð er á áreiðanlega listann.

Að því er varðar vottunaraðila sem gefur út fullgild vottorð leyfir skipan áreiðanlega listans, einkum sá hluti sem inniheldur þjónustuupplýsingar (sbr. 4. lið hér að framan), viðbótarupplýsingar í viðskeytum þjónustuupplýsinga (e. service information extensions) til að bæta upp aðstæður þar sem ófullnægjandi (tölvutækar) upplýsingar liggja fyrir í fullgilda vottorðinu um ‚fullgilda' stöðu þess, mögulegan stuðning þess af öruggum undirskriftarbúnaði (SSCD) og ekki síst til að taka tillit til þess að flestir vottunaraðilar (sem starfa á viðskiptagrundvelli) nota aðeins eina vottunarstöð (CA) til að gefa út mismunandi tegundir endaskilríkja, jafnt fullgild sem ekki fullgild.

Að því er varðar þjónustu (vottunarstöðvar) við gerð vottorða má draga úr fjölda þjónustufærslna í skránni fyrir hvern vottunaraðila þegar þjónusta einnar eða fleiri vottunarstöðva á efra stigi er fyrir hendi innan dreifilyklaskipulags (PKI) vottunaraðilans (t.d. í tengslum við stigveldi vottunarstöðva frá rótarvottunarstöð niður í nokkrar vottunarstöðvar sem gefa út vottorð) með því að telja upp þessar vottunarstöðvar á efra stigi en ekki þær sem gefa út endaskilríki (t.d. með því að tilgreina aðeins rótarvottunarstöð (e. Root CA) vottunaraðilans). Í slíkum tilvikum gilda þó stöðuupplýsingarnar um allt stigveldi vottunarstöðva fyrir neðan þjónustuna sem er skráð og viðhalda skal og tryggja meginregluna um að sjá skuli til þess að ótvíræð tengsl séu milli vottunarþjónustu af hálfu vottunaraðila sem gefur út fullgild vottorð (CSP_{QC}) og þess mengis vottorða sem ætlunin er að auðkenna sem fullgild vottorð.

2.1. *Lýsing á upplýsingum í hverjum flokki*

1. Tag áreiðanlega listans

2. Upplýsingar um áreiðanlega listann og útgáfukerfi hans

Eftirfarandi upplýsingar falla í þennan flokk:

— **útgáfuauðkenni fyrir snið (e. format version identifier)** áreiðanlega listans,

— **raðnúmer (eða birtingarnúmer)** áreiðanlega listans,

— **upplýsingar um gerð** áreiðanlega listans (t.d. um að þessi áreiðanlegi listi veiti upplýsingar um eftirlits-/faggildingarstöðu vottunarþjónustu af hálfu vottunaraðila sem aðildarríkið, sem vísað er til, hefur eftirlit með/veitir faggildingu með tilliti til þess að farið sé að ákvæðum sem mælt er fyrir um í tilskipun 1999/93/EB),

— **upplýsingar um rekstraraðila (eiganda) kerfisins** fyrir áreiðanlega listann (t.d. nafn, heimilisfang, samskipta-upplýsingar o.s.frv. þess aðila aðildarríkisins, sem sér um að semja áreiðanlega listann, birta hana á öruggan hátt og viðhalda henni),

— **upplýsingar um undirliggjandi eftirlits-/faggildingarkerfi** sem áreiðanlegi listinn tengist, þ.m.t. en ekki eingöngu:

  — landið sem hún gildir fyrir,

  — upplýsingar um eða tilvísun í stað þar sem finna má upplýsingar um kerfið/kerfin (kerfislíkan, reglur, viðmiðanir, viðeigandi samfélag, gerð o.s.frv.),

  — varðveislutíma (eldri) upplýsinga,

— **stefna og/eða lagatilkynning, skuldbindingar og ábyrgðarsvið** í tengslum við áreiðanlega listann,

— **útgáfudagur og -tími** áreiðanlega listans,

— **næsta fyrirhugaða uppfærsla** áreiðanlega listans.

3. Ótvíræðar auðkennisupplýsingar um sérhvern eftirlitsskyldan/faggiltan vottunaraðila í kerfinu

Í þessu mengi upplýsinga skal a.m.k. eftirfarandi koma fram:

— Heiti stofnunar eða fyrirtækis vottunaraðilans eins og það er notað í formlegri lagalegri skráningu (þ.m.t. einkvæmt auðkenni (e. unique identifier (UID)) stofnunar eða fyrirtækis vottunaraðilans samkvæmt venjum aðildarríkisins).

— Heimilisfang og samskiptaupplýsingar vottunaraðilans.

— Viðbótarupplýsingar um vottunaraðilann, annaðhvort beint eða með vísun í stað þar sem hægt er að hala niður slíkum viðbótarupplýsingum.

4. Runa svæða fyrir hvern skráðan vottunaraðila með ótvíræðri auðkenningu á vottunarþjónustu sem vottunaraðilinn veitir og er eftirlitsskyld/faggilt innan ramma tilskipunar 1999/93/EB

Í þessu mengi upplýsinga skal a.m.k. eftirfarandi koma fram fyrir hverja tegund vottunarþjónustu af hálfu skráðs vottunaraðila:

— Tegundarauðkenni þjónustunnar (e. Service type identifier): Tegundarauðkenni vottunarþjónustunnar (t.d. auðkenni sem gefur til kynna að eftirlitsskyld/faggilt vottunarþjónusta vottunaraðilans sé vottunarstöð sem gefur út fullgild vottorð).

— (Viðskipta-)heiti þjónustunnar (e. Service (trade) name): (viðskipta-)heiti viðkomandi vottunarþjónustu.

— Stafrænt auðkenni þjónustunnar (e. Service digital identity): Ótvírætt, einkvæmt auðkenni vottunarþjónustunnar.

— Núverandi staða þjónustunnar (e. Service current status): Auðkenni fyrir núverandi stöðu þjónustunnar.

— Upphafsdagur og -tími núverandi stöðu.

— Viðskeyti þjónustuupplýsinga (e. Service information extension), ef við á: Frekari upplýsingar um þjónustuna (t.d. veittar beint eða með tilvísun í stað þar sem hægt er að hala niður upplýsingum): upplýsingar um skilgreiningu á þjónustunni, veittar af rekstraraðila kerfisins, upplýsingar um aðgang að þjónustunni, upplýsingar um skilgreiningu á þjónustunni, veittar af vottunaraðilanum og viðskeyti þjónustuupplýsinga. T.d. fyrir þjónustu vottunarstöðvar sem gefur út fullgild vottorð (e. CA/QC services) valkvæð runa upplýsingalína (e. tuples of information), þar sem hver lína gefur:

  — viðmiðanir sem nota skal til að auðkenna frekar (sía út), innan viðkomandi traustþjónustu, nákvæmlega þá veittu þjónustu (t.d. (fullgild) vottorð) þar sem krafist er viðbótarupplýsinga eða þær veittar að því er varðar stöðu þess, stuðning af öruggum undirskriftarbúnaði (SSCD) og/eða útgáfu til handa lögaðila og

  — tengda ‚sérgreina‘ (e. qualifiers) sem veita upplýsingar um hvort vottorð innan veittrar þjónustu séu auðkennd sem fullgild og/eða hvort auðkennd, fullgild vottorð þessarar þjónustu séu studd öruggum undirskriftarbúnaði eður ei og/eða upplýsingar um hvort slík fullgild vottorð séu gefin út til handa lögaðila (þau teljast sjálfkrafa vera gefin út til handa einstaklingum).

5. Eldri upplýsingar um stöðu hverrar skráðrar vottunarþjónustu

6. Tölvuunnin undirskrift til sannvottunar á öllum svæðum áreiðanlegu skrárinnar að undanskildu undirskriftargildinu sjálfu

3. **Leiðbeiningar um ritstjórn færslna í áreiðanlega listanum**

3.1. *Stöðuupplýsingar um eftirlitsskylda/faggilta vottunarþjónustu og veitendur hennar í einni skrá*

Áreiðanlegur listi aðildarríkis merkir ‚Listi yfir eftirlits-/faggildingarstöðu vottunarþjónustu af hálfu vottunaraðila, sem aðildarríkið, sem vísað er til, hefur eftirlit með eða veitir faggildingu með tilliti til þess að farið sé að viðeigandi ákvæðum í tilskipun 1999/93/EB‘.

Slíkur áreiðanlegur listi er eina tækið sem viðkomandi aðildarríki ber að nota til að veita upplýsingar um eftirlits-/faggildingarstöðu vottunarþjónustu og veitendur hennar:

— **allir vottunaraðilar**, skv. skilgreiningu í 11. mgr. 2. gr. tilskipunar 1999/93/EB, þ.e. ‚aðili eða lögpersóna eða einstaklingur sem gefur út skilríki eða veitir aðra þjónustu sem tengist rafrænum undirskriftum‘,

— **sem eru eftirlitsskyldir/faggiltir** með tilliti til þess að farið sé að viðeigandi ákvæðum í tilskipun 1999/93/EB.

Að því er varðar skilgreiningar og ákvæði sem mælt er fyrir um í tilskipun 1999/93/EB, einkum með tilliti til viðkomandi vottunaraðila og eftirlitskerfa/valfrjálsra faggildingarkerfa þeirra, er greint á milli tvenns konar vottunaraðila, þ.e. vottunaraðila sem gefa út fullgild vottorð almenningi til handa (CSP_{QC}) og vottunaraðila sem gefa ekki út fullgild vottorð til almennings, en sem veita ‚aðra (stoð-)þjónustu í tengslum við rafrænar undirskriftir‘:

— **Vottunaraðilar sem gefa út fullgild vottorð**:

  — Þeir verða að sæta eftirliti aðildarríkisins þar sem þeir hafa staðfestu (ef þeir hafa staðfestu í aðildarríki) og geta einnig hlotið faggildingu fyrir að fara að viðeigandi ákvæðum, sem mælt er fyrir um í tilskipun 1999/93/EB, þ.m.t. kröfum I. viðauka (kröfur viðvíkjandi fullgildum vottorðum) og II. viðauka (kröfur viðvíkjandi vottunaraðilum sem gefa út fullgild vottorð). Vottunaraðilar sem gefa út fullgild vottorð og hafa fengið faggildingu í aðildarríki þurfa samt að falla undir viðeigandi eftirlitskerfi þess aðildarríkis, nema þeir hafi ekki staðfestu þar.

— Viðeigandi ‚eftirlits'-kerfi (eða ‚valfrjálst faggildingar'-kerfi, eftir því sem við á) er skilgreint og þarf að fullnægja viðeigandi kröfum tilskipunar 1999/93/EB, einkum þeim sem mælt er fyrir um í 3. gr. (3. mgr.), 8. gr. (1. mgr.), 11. gr. og 13. forsendu (eða 2. gr. (13. mgr.), 3. gr. (2. mgr.), 7. gr. (a-lið 1. mgr.), 8. gr. (1. mgr.), 11. gr. og 4., 11., 12. og 13. forsendu, eftir því sem við á).

— **Vottunaraðilar sem gefa ekki út fullgild vottorð:**

— Þeir geta fallið undir ‚valfrjálst faggildingarkerfi' (eins og skilgreint er í tilskipun 1999/93/EB og í samræmi við hana) og/eða undir ‚viðurkennt samþykktarkerfi' samkvæmt landsbundinni skilgreiningu, sem tekið er upp á landsvísu til eftirlits með því að farið sé að ákvæðunum sem mælt er fyrir um í þeirri tilskipun og hugsanlega að landsbundnum ákvæðum að því er varðar veitingu vottunarþjónustu (í skilningi 11. mgr. 2. gr. tilskipunar 1999/93/EB).

— Sumir þeirra hlutrænu eða tvíundar- (röklegu) hluta (e. physical or binary (logical) objects) sem verða til eða eru sendir sem afrakstur vottunarþjónustu geta átt rétt á sérstakri ‚fullgildingu' (e. qualification) á grundvelli þess að þeir uppfylla ákvæði og kröfur sem mælt er fyrir um á landsvísu, en þýðing slíkrar ‚fullgildingar' myndi líklega takmarkast eingöngu við landsstigið.

Semja þarf og viðhalda einum áreiðanlegum lista fyrir hvert aðildarríki, sem tilgreinir eftirlits- og/eða faggildingarstöðu vottunarþjónustu sem þeir vottunaraðilar veita sem eru undir eftirliti/faggiltir af hálfu aðildarríkisins. Áreiðanlegi listinn skal innihalda a.m.k. þá vottunaraðila sem gefa út fullgild vottorð. Áreiðanlegi listinn getur einnig tilgreint stöðu annarrar vottunarþjónustu sem er eftirlitsskyld eða faggilt undir samþykktarkerfi samkvæmt landbundinni skilgreiningu.

3.2. *Stakt mengi gilda fyrir eftirlits-/faggildingarstöðu*


Í áreiðanlega listanum sýnir gildi núverandi stöðu hvort tiltekin þjónusta er nú annaðhvort ‚eftirlitsskyld' eða ‚faggilt'. Þar að auki getur eftirlits- eða faggildingarstaða verið jákvæð (‚undir eftirliti', ‚faggilt', ‚eftirlit í stöðvun'), hætt (‚eftirliti hætt', ‚faggildingu hætt') eða jafnvel afturkölluð (‚eftirlit afturkallað', ‚faggilding afturkölluð') og tilgreind með samsvarandi gildi. Staða sömu vottunarþjónustu getur breyst á líftíma hennar frá því að vera undir eftirliti yfir í að vera faggilt og öfugt ([8]).

Í mynd 1 hér á eftir er lýst hvernig vænta má að flæði verði milli mögulegrar eftirlits-/faggildingarstöðu fyrir staka þjónustu vottunaraðila:

([8]) T.d. getur vottunaraðili með staðfestu í aðildarríki sem veitir vottunarþjónustu sem er upphaflega undir eftirliti aðildarríkisins (eftirlitsstofnunar) að nokkrum tíma liðnum ákveðið að gangast undir valfrjálsa faggildingu fyrir vottunarþjónustuna sem nú er undir eftirliti. Á hinn bóginn getur vottunaraðili í öðru aðildarríki ákveðið að hætta ekki með faggilta vottunarþjónustu heldur færa hana úr faggildingarstöðu yfir í eftirlitsstöðu, t.d. af viðskiptalegum og/eða fjárhagslegum ástæðum.

Mynd 1

Flæði sem vænta má milli eftirlits-/faggildingarstöðu fyrir staka þjónustu vottunaraðila



Þegar vottunarþjónusta sem gefur út fullgild vottorð hefur staðfestu í aðildarríki verður hún að sæta eftirliti (aðildarríkisins sem hún hefur staðfestu í) og getur fengið valfrjálsa faggildingu. Þegar slík þjónusta er skráð í áreiðanlegan lista verður gildið fyrir stöðu hennar að vera eitt af þeim sem sýnt er hér að framan sem ‚gildi fyrir núverandi stöðu' í samræmi við raunverulega stöðu hennar og því verður að breyta, eftir því sem við á, í samræmi við stöðuflæðið hér að framan. Þó verða bæði ‚faggildingu hætt' og ‚faggilding afturkölluð' að vera gildi fyrir ‚millibilsstöðu' þegar samsvarandi þjónusta vottunaraðila sem gefur út fullgild vottorð er tilgreind í áreiðanlegum lista aðildarríkisins þar sem hann hefur staðfestu, þar sem slík þjónusta verður sjálfkrafa að vera undir eftirliti (jafnvel þegar hún er ekki eða ekki lengur faggilt). Þessi gildi geta verið endanleg gildi þegar samsvarandi þjónusta er skráð (faggilt) í öðru aðildarríki en því sem hún hefur staðfestu í.

Aðildarríki, sem koma á fót eða hafa komið á fót ‚viðurkenndu samþykktarkerfi/-kerfum' samkvæmt landsbundinni skilgreiningu, sem tekið er upp á landsvísu til eftirlits með því að þjónusta vottunaraðila, sem gefa *ekki* út fullgild vottorð, samrýmist ákvæðunum sem mælt er fyrir um í tilskipun 1999/93/EB og mögulegum landsbundnum ákvæðum að því er varðar veitingu vottunarþjónustu (í skilningi 11. mgr. 2. gr. tilskipunar 1999/93/EB), verða að flokka slík samþykktarkerfi í eftirfarandi tvo flokka:

— ‚valfrjáls faggilding' í samræmi við skilgreiningu og ákvæði tilskipunar 1999/93/EB (2. gr. (13. mgr.), 3. gr. (2. mgr.), 7. gr. (a-liður 1. mgr.), 8. gr. (1. mgr.), 11. gr. og 4., 11., 12. og 13. forsendu),

— ‚eftirlit' eins og krafist er í tilskipun 1999/93/EB og framkvæmt með ákvæðum landslaga og kröfum í samræmi við landslög.

Samkvæmt því getur vottunarþjónusta sem gefur ekki út fullgild vottorð verið undir eftirliti eða haft valfrjálsa faggildingu. Þegar slík þjónusta er skráð í áreiðanlegan lista verður gildið fyrir stöðu hennar að vera eitt af þeim sem sýnt er hér að framan sem ‚gildi fyrir núverandi stöðu' (sjá mynd 1) í samræmi við raunverulega stöðu hennar og því verður að breyta, eftir því sem við á, í samræmi við stöðuflæðið hér að framan.

Áreiðanlegi listinn verður að innihalda upplýsingar um undirliggjandi eftirlits-/faggildingarkerfi, einkum:

— upplýsingar um eftirlitskerfið sem gildir um hvern og einn vottunaraðila sem gefur út fullgild vottorð,

— upplýsingar, ef við á, um landsbundna ‚valfrjálsa faggildingarkerfið', sem gildir um hvern og einn vottunaraðila sem gefur út fullgild vottorð,

— upplýsingar, ef við á, um eftirlitskerfið sem gildir um hvern og einn vottunaraðila sem gefur ekki út fullgild vottorð,

— upplýsingar, ef við á, um landsbundna ‚valfrjálsa faggildingarkerfið', sem gildir um hvern og einn vottunaraðila sem gefur ekki út fullgild vottorð.

Tvö síðustu upplýsingamengin hafa afgerandi þýðingu til að treystendur (e. relying parties) geti metið gæða- og öryggisstig slíkra eftirlits-/faggildingarkerfa sem gilda á landsvísu um vottunaraðila sem gefa ekki út fullgild vottorð. Þegar upplýsingar um eftirlits-/faggildingarstöðu eru veittar í áreiðanlega listanum að því er varðar þjónustu vottunaraðila sem gefa ekki út fullgild vottorð skal veita framangreindar upplýsingar á vettvangi áreiðanlega listans með því að nota ‚Scheme information URI' (liður 5.3.7 — upplýsingar sem aðildarríkin veita), ‚Scheme type/community/rules' (liður 5.3.9 — með því að nota texta sem er sameiginlegur fyrir öll aðildarríki og valkvæðar sértækar upplýsingar sem aðildarríki veitir) og ‚TSL policy/legal notice' (liður 5.3.11 — texti sem er sameiginlegur fyrir öll aðildarríki og vísar í tilskipun 1999/93/EB auk þess sem hvert aðildarríki getur bætt við texta/tilvísunum sem eru sértækar fyrir það ríki).

Frekari ‚fullgildingar'-upplýsingar (e. ‚qualification' information) sem eru skilgreindar á vettvangi landsbundinna eftirlits-/faggildingarkerfa fyrir vottunaraðila sem gefa ekki út fullgild vottorð má veita á þjónustustiginu þegar við á og þörf er á (t.d. til að greina á milli nokkurra mismunandi gæða-/öryggisstiga) með því að nota ‚additionalServiceInformation Extension' (liður 5.5.9.4) sem hluta af ‚Service information extensions' (liður 5.5.9). Frekari upplýsingar um samsvarandi tækniforskriftir er að finna í ítarlegu forskriftunum í I. kafla.

Enda þótt aðskildar stofnanir aðildarríkis geti haft með höndum eftirlit og faggildingu vottunarþjónustu í því aðildarríki er gert ráð fyrir aðeins einni færslu fyrir hverja einstaka vottunarþjónustu og að eftirlits-/faggildingarstaða hennar sé uppfærð í samræmi við það.

3.3. *Færslur í áreiðanlega listanum sem miða að því að auðvelda staðfestingu á fullgildum rafrænum undirskriftum (QES) og útfærðum rafrænum undirskriftum sem studdar eru fullgildu vottorði ($AdES_{QC}$)*

Mikilvægasti þátturinn í gerð áreiðanlegs lista er að setja saman skyldubundinn hluta hans, þ.e. ‚skrá yfir þjónustu' (‚List of services') fyrir hvern vottunaraðila sem gefur út fullgild vottorð, svo að hún endurspegli nákvæma stöðu hverrar vottunarþjónustu, sem gefur út fullgild vottorð, á réttan hátt og til að tryggja að upplýsingarnar sem veittar eru í hverri færslu séu fullnægjandi til að auðvelda staðfestingu á fullgildum rafrænum undirskriftum (QES) og útfærðum rafrænum undirskriftum sem eru studdar fullgildu vottorði ($AdES_{QC}$) (þegar þær tengjast innihaldi fullgildra endaskilríkja sem vottunaraðilinn gefur út innan ramma vottunarþjónustunnar sem er tilgreind í þessari færslu).

Á meðal upplýsinganna sem krafist er geta verið aðrar upplýsingar en stafrænt auðkenni þjónustu (‚Service digital identity') stakrar (rótar-)vottunarstöðvar, einkum upplýsingar sem sýna fullgildingarstöðu (e. QC status) vottorða sem slík vottunarstöð gefur út og hvort studdar undirskriftir eru gerðar með öruggum undirskriftarbúnaði eður ei. Sú stofnun í aðildarríki, sem er tilnefnd til að semja, ritstýra og viðhalda áreiðanlega listanum, verður því að taka tillit til núverandi lýsingar (e. profile) og innihalds hvers útgefins fullgilds vottorðs fyrir hvern einstakan vottunaraðila sem gefur út fullgild vottorð, sem áreiðanlega skráin tekur til.

Helst ætti hvert útgefið fullgilt vottorð að innihalda QcCompliance-yfirlýsingu samkvæmt skilgreiningu ETSI ([9]) þegar fullyrt er að um fullgilt vottorð sé að ræða og QcSSCD-yfirlýsingu samkvæmt skilgreiningu ETSI þegar fullyrt er að það sé stutt af öruggum undirskriftarbúnaði til að mynda rafrænar undirskriftir og/eða að hvert útgefið fullgilt vottorð innihaldi eitt af kennimörkum viðfangs (OIDs) fyrir QCP/QCP+ vottunarstefnur (e. QCP/QCP+ certificate policy Object Identifiers (OIDs)) samkvæmt skilgreiningu í ETSI EN 319 411-2 ([10]). Vottunaraðilar sem gefa út fullgild vottorð nota mismunandi staðla sem viðmiðun, túlkun þessara staðla er mismunandi og það skortir vitund um tilvist og forgang ýmissa staðlaðra tækniforskrifta eða staðla og þetta hefur leitt af sér að mismunur er á raunverulegu innihaldi fullgildra vottorða sem nú eru gefin út (t.d. hvort þessar Qc-yfirlýsingar, sem ETSI hefur skilgreint, eru notaðar eða ekki) og hindrar þar af leiðandi að viðtakendur geti einfaldlega treyst vottorði undirritunaraðila (og tengdri keðju/slóð) og þannig lagt mat á, a.m.k. með tölvulesanlegum aðferðum, hvort staðhæft er að vottorðið sem styður rafræna undirskrift sé fullgilt vottorð eður ei og hvort það er tengt öruggum undirskriftarbúnaði sem rafræna undirskriftin var gerð með.

([9]) Sjá ETSI EN 319 412-5 (Electronic Signatures and Infrastructures (ESI); Profiles for Trust Service Providers issuing certificates; Part 5: Extension for Qualified Certificate profile) varðandi skilgreiningu á slíkri yfirlýsingu.

([10]) ETSI EN 319 411-2 — Electronic Signatures and Infrastructures (ESI); Policy and security requirements for Trust Service Providers issuing certificates; Part 2: Policy requirements for certification authorities issuing qualified certificates.


Með því að fylla út svæðin ‚Service type identifier' (‚Sti'), ‚Service name' (‚Sn') og ‚Service digital identity' (‚Sdi') í færslunni fyrir þjónustuna í áreiðanlega listanum með upplýsingum sem veittar eru á svæðinu ‚Service information extensions' (‚Sie') er hægt að ákvarða fyllilega hverrar gerðar fullgilt vottorð er, sem er gefið út af vottunarþjónustu skráðs vottunaraðila sem gefur út fullgild vottorð, og veita upplýsingar um hvort það sé stutt af öruggum undirskriftarbúnaði (þegar þessar upplýsingar koma ekki fram í útgefna fullgilda vottorðinu). Sérstakar upplýsingar, ‚Service current status' (‚Scs'), tengjast þessari færslu. Þetta er sýnt á mynd 2 hér á eftir.

Ef þjónusta væri skráð einungis með stafrænu auðkenni þjónustu (‚Sdi') (rótar-)vottunarstöðvar þýddi það að tryggt væri (af hálfu vottunaraðilans sem gefur út fullgild vottorð, en einnig af hálfu eftirlits-/faggildingarstofnunarinnar sem sér um eftirlit/faggildingu þessa vottunaraðila) að sérhver endaskilríki sem eru gefin út innan (stigveldis) þessarar (rótar-) vottunarstöðvar innihaldi nægar upplýsingar, skilgreindar af ETSI og á tölvutæku formi, til að meta hvort um fullgilt vottorð er að ræða og hvort það er stutt af öruggum undirskriftarbúnaði eður ei. Ef síðarnefnda fullyrðingin er t.d. ekki rétt (t.d. ef ekki er nein vísbending á tölvutæku formi samkvæmt ETSI-staðli í fullgilda vottorðinu um hvort það sé stutt af öruggum undirskriftarbúnaði) er einungis hægt að álykta að fullgild vottorð, sem eru gefin út innan þessa stigveldis (rótar-)vottunarstöðvar séu ekki studd af öruggum undirskriftarbúnaði, ef aðeins ‚Sdi' viðkomandi (rótar)vottunarstöðvar er skráð. Til að gefa til kynna að líta verði svo á að þessi fullgildu vottorð séu studd af öruggum undirskriftarbúnaði ætti að nota ‚Sie'-svæðið (þetta gefur einnig til kynna að upplýsingarnar séu tryggðar af vottunaraðilanum sem gefur út fullgild vottorð og undir eftirliti/faggiltar af eftirlits- eða faggildingarstofnuninni, eftir því sem við á).

Mynd 2

Þjónustufærsla í áreiðanlega listanum um þjónustu skráðs vottunaraðila sem gefur út fullgild vottorð

Almennar meginreglur — reglur um ritstjórn — færslur um vottunaraðila sem gefa út fullgild vottorð (skráð þjónusta)



Þessar tækniforskriftir fyrir sameiginlegt sniðmát fyrir áreiðanlega listann gera mögulegt að nota samsetningu fimm meginþátta upplýsinga í þjónustufærslunni:

— ‚Service type identifier' (‚Sti'), sem t.d. auðkennir vottunarstöð sem gefur út fullgild vottorð (‚CA/QC').

— „Service name" („Sn").

— ‚Service digital identity' (‚Sdi')-upplýsingar, sem auðkenna skráða þjónustu, t.d. (að lágmarki) dreifilykill vottunarstöðvar sem gefur út fullgild vottorð.

— Að því er varðar þjónustu vottunarstöðva sem gefa út fullgild vottorð (CA/QC), valkvæðar ‚Service information extension' (‚Sie')-upplýsingar sem gera kleift að bæta inn ýmsum sértækum, þjónustutengdum upplýsingaþáttum sem varða afturköllunarstöðu útrunninna vottorða, viðbótareinkenni fullgildra vottorða, yfirtöku vottunaraðila af hálfu annars vottunaraðila og aðrar þjónustuupplýsingar til viðbótar. Sem dæmi eru viðbótareinkenni fullgildra vottorða táknuð með runu einnar eða fleiri upplýsingalína þar sem hver lína gefur:

  — viðmiðanir sem nota skal til að auðkenna frekar (sía út), undir vottunarþjónustunni sem er auðkennd undir ‚Sdi', nákvæmlega það mengi fullgildra vottorða þar sem krafist er viðbótarupplýsinga eða þær veittar að því er varðar stöðu þeirra sem ‚fullgildra', stuðning af öruggum undirskriftarbúnaði (SSCD) og/eða útgáfu til handa lögaðila og

  — tengdar upplýsingar (‚sérgreina') um hvort þetta mengi fullgildra vottorða skuli teljast ‚fullgilt', sé stutt af öruggum undirskriftarbúnaði eður ei eða hvort þessar viðbótarupplýsingar eru hluti af fullgilda vottorðinu á stöðluðu tölvutæku formi og/eða upplýsingar sem varða útgáfu slíkra fullgildra vottorða til handa lögaðilum (þau skulu sjálfkrafa aðeins teljast gefin út til handa einstaklingum).

— Upplýsingar um ‚núverandi stöðu' fyrir þessa þjónustufærslu þar sem veittar eru upplýsingar um:

  — hvort þjónustan er eftirlitsskyld eða faggilt og

  — eftirlits-/faggildingarstöðuna sjálfa.

3.4. *Leiðbeiningar um ritstjórn og notkun* CSP_{QC}*-þjónustufærslna*

Almennar leiðbeiningar um ritstjórn eru:

1. Ef tryggt er, fyrir skráða þjónustu sem er auðkennd með ‚Sdi', (með ábyrgð vottunaraðila sem gefur út fullgild vottorð og eftirliti/faggildingu eftirlits-/faggildingarstofnunar) að fullgild vottorð, sem eru studd af öruggum undirskriftarbúnaði, innihaldi QcCompliance-yfirlýsingu samkvæmt skilgreiningu ETSI og innihaldi QcSSCD-yfirlýsingu og/eða kennimark viðfangs fyrir QCP+ (e. QCP+ Object Identifier (OID)), nægir að viðeigandi ‚Sdi' sé notað, en ‚Sie'-svæðið er valfrjálst og þarf ekki að innihalda upplýsingar um stuðning af öruggum undirskriftarbúnaði.

2. Ef tryggt er, fyrir skráða þjónustu sem er auðkennd með ‚Sdi', (með ábyrgð vottunaraðila sem gefur út fullgild vottorð og eftirliti/faggildingu eftirlits-/faggildingarstofnunar) að fullgild vottorð, sem eru ekki studd af öruggum undirskriftarbúnaði, innihaldi QcCompliance-yfirlýsingu og/eða kennimark viðfangs fyrir fullgildar vottunarkröfur (e. QCP OID) og innihaldi ekki QcSSCD-yfirlýsingu eða kennimark viðfangs fyrir QCP+ (QCP+ OID), nægir að viðeigandi ‚Sdi' sé notað, en ‚Sie'-svæðið er valfrjálst og þarf ekki að innihalda upplýsingar um stuðning af öruggum undirskriftarbúnaði (sem þýðir að það er ekki stutt af öruggum undirskriftarbúnaði).

3. Ef tryggt er, fyrir skráða þjónustu sem er auðkennd með ‚Sdi', (með ábyrgð vottunaraðila sem gefur út fullgild vottorð og eftirliti/faggildingu eftirlits-/faggildingarstofnunar) að fullgild vottorð innihaldi QcCompliance-yfirlýsingu og ætlunin er að sum þessara fullgildu vottorða séu studd af öruggum undirskriftarbúnaði en önnur ekki (þetta má t.d. aðgreina með mismunandi kennimörkum viðfangs fyrir vottunarstefnu, sem er sértæk fyrir tiltekna vottunaraðila, eða með annars konar upplýsingum í fullgilda vottorðinu sem eru sértækar fyrir tiltekna vottunaraðila, beint eða óbeint, hvort heldur er á tölvutæku formi eður ei), en vottorð sem er stutt af öruggum undirskriftarbúnaði inniheldur HVORKI QcSSCD-yfirlýsinguna NÉ QCP(+) OID samkvæmt skilgreiningu ETSI, er hugsanlega ekki nægilegt að viðeigandi ‚Sdi' sé notað OG nota verður ‚Sie'-svæðið til að sýna afdráttarlausar upplýsingar um stuðning af öruggum undirskriftarbúnaði ásamt hugsanlegu upplýsingaviðskeyti til að auðkenna það mengi vottorða sem um er að ræða. Þess vegna er líklegt að færa þurfi inn mismunandi upplýsingagildi fyrir stuðning af öruggum undirskriftarbúnaði (‚SSCD support information values') fyrir sama ‚Sdi' þegar ‚Sie'-svæðið er notað.

4. Ef tryggt er, fyrir skráða þjónustu sem er auðkennd með ‚Sdi', (með ábyrgð vottunaraðila sem gefur út fullgild vottorð og eftirliti/faggildingu eftirlits-/faggildingarstofnunar) að fullgild vottorð innihaldi hvorki QcCompliance-yfirlýsingu, kennimark viðfangs fyrir QCP (QCP OID), QcSSCD-yfirlýsingu eða kennimark viðfangs fyrir QCP+ (QCP+ OID), en tryggt er að ætlunin sé að sum þessara endaskilríkja sem eru gefin út undir þessu ‚Sdi' eigi að vera fullgild vottorð og/eða studd af öruggum undirskriftarbúnaði en önnur ekki (þetta má t.d. aðgreina með mismunandi kennimörkum viðfangs fyrir vottunarstefnu, sem er sértæk fyrir tiltekna vottunaraðila sem gefa út fullgild vottorð, eða með annars konar upplýsingum í fullgilda vottorðinu sem eru sértækar fyrir tiltekna vottunaraðila sem gefa út fullgild vottorð, beint eða óbeint, hvort heldur er á tölvutæku formi eður ei), þá er ekki nægilegt að viðeigandi ‚Sdi' sé notað OG nota verður ‚Sie'-svæðið til að sýna afdráttarlausar upplýsingar um fullgildingu. Þess vegna er líklegt að færa þurfi inn mismunandi upplýsingagildi fyrir SSCD-stuðning fyrir sama ‚Sdi' þegar ‚Sie'-svæðið er notað.

Það skal vera almenn meginregla að fyrir skráðan vottunaraðila í áreiðanlega listanum verði að vera ein þjónustufærsla fyrir hvern einstakan dreifilykil fyrir vottunarþjónustu af CA/QC-gerð, þ.e.a.s. fyrir hverja vottunarstöð sem gefur (beint) út fullgild vottorð. Í undantekningartilvikum og við aðstæður sem er vandlega stjórnað getur eftirlits-/faggildingarstofnun

aðildarríkisins ákveðið að nota dreifilykil vottunarstöðvar á rótarstigi eða efra stigi innan dreifilyklaskipulags (PKI) vottunaraðilans sem ‚Sdi' stakrar færslu í upptalningu á þjónustu þessa skráða vottunaraðila (t.d. í tengslum við stigveldi vottunarstöðva vottunaraðilans frá rótarvottunarstöð niður í nokkrar vottunarstöðvar sem gefa út vottorð) í stað þess að telja upp allar undirskipaðar vottunarstöðvar sem gefa út skilríki (t.d. tilgreina vottunarstöð sem er ekki beinn útgefandi fullgildra vottorða fyrir endaskilríki heldur vottar stigveldi vottunarstöðva niður í vottunarstöðvar sem gefa út fullgild vottorð til endaaðila). Aðildarríki sem nota slíkan dreifilykil vottunarstöðvar á rótarstigi eða efra stigi sem ‚Sdi'-gildi í þjónustufærslu í áreiðanlega listanum þurfa að íhuga vandlega afleiðingar þess (kosti og galla). Enn fremur verður aðildarríkið að leggja fram nauðsynleg gögn til að auðvelda gerð vottunarslóðar og sannprófun (e. certification path building and verification) þegar það nýtir sér þessa heimiluðu undantekningu frá almennu meginreglunni. Til dæmis, þegar vottunaraðili, sem gefur út fullgild vottorð, notar eina rótarvottunarstöð og undir henni eru nokkrar vottunarstöðvar sem gefa út bæði fullgild vottorð og vottorð sem eru ekki fullgild, en fullgildu vottorðin innihalda aðeins QcCompliance-yfirlýsinguna og ekki er tilgreint hvort þau séu studd af öruggum undirskriftarbúnaði, myndi það að tilgreina aðeins ‚Sdi' rótarvottunarstöðvarinnar þýða, samkvæmt reglunum sem eru útskýrðar hér að framan, að ekkert af fullgildu vottorðunum sem eru gefin út undir þessari rótarvottunarstöð sé stutt af öruggum undirskriftarbúnaði. Ef um er að ræða fullgild vottorð sem eru í raun studd af öruggum undirskriftarbúnaði, en yfirlýsing á tölvutæku formi sem tilgreinir slíkan stuðning er ekki felld inn í vottorðin, er sterklega mælt með því að nota QcSSCD-yfirlýsinguna í fullgild vottorð sem gefin eru út framvegis. Í millitíðinni (þar til síðasta fullgilda vottorðið sem inniheldur ekki þessar upplýsingar er útrunnið) ætti að nota ‚Sie'-svæðið og tengt ‚Qualifications Extension'-svæði í áreiðanlega listanum, t.d. til að láta í té síunarupplýsingar til að auðkenna mengi vottorða með því að nota sérstök kennimörk viðfangs, skilgreind af vottunaraðila sem gefur út fullgild vottorð, sem eru hugsanlega notuð af vottunaraðila sem gefur út fullgild vottorð til að greina á milli mismunandi gerða fullgildra vottorða (sem sum eru studd af öruggum undirskriftarbúnaði og sum ekki) og tengja afdráttarlausar upplýsingar um stuðning af öruggum undirskriftarbúnaði við þessi auðkenndu (síuðu) mengi vottorða með notkun ‚sérgreina'.

Almennar leiðbeiningar um notkun hugbúnaðar, þjónustu eða vara fyrir rafrænar undirskriftir, sem byggjast á áreiðanlegum lista í samræmi við þessar tækniforskriftir, eru sem hér segir:

‚Sti'-færsla fyrir vottunarstöð sem gefur út fullgild vottorð (‚CA/QC') (sömuleiðis CA/QC-færsla sem að auki flokkast sem ‚rótar-CA/QC' með því að nota ‚Sie'-‚additionalServiceInformation Extension')

— þýðir að öll útgefin endaskilríki frá vottunarstöð sem er auðkennd með ‚Sdi' (sömuleiðis innan stigveldis vottunarstöðva þar sem byrjað er á rótarvottunarstöð sem er auðkennd með ‚Sdi') eru fullgild vottorð, *að því tilskildu* að staðhæft sé í vottorðinu að svo sé með því að nota viðeigandi Qc-yfirlýsingu á tölvutæku formi (þ.e. QcCompliance-yfirlýsingu) og/eða kennimark viðfangs fyrir QCP(+) samkvæmt skilgreiningu ETSI (og þetta er tryggt af eftirlits-/faggildingarstofnun, sjá hér að framan undir ‚Almennar leiðbeiningar um ritstjórn')

*Ath*s: ef engar ‚Sie' ‚Qualifications Extension'-upplýsingar eru til staðar eða ef endaskilríki, sem staðhæft er að sé fullgilt vottorð, er ekki auðkennt frekar með hjálp tengdrar ‚Sie' ‚Qualifications Extension' skulu tölvutæku upplýsingarnar í fullgilda vottorðinu sæta eftirliti/faggildingu með tilliti til nákvæmni þeirra. Það merkir að tryggt sé að notkun (eða ekki notkun) viðeigandi Qc-yfirlýsinga (þ.e. QcCompliance, QcSSCD) og/eða kennimarks viðfangs fyrir QCP(+) samkvæmt skilgreiningu ETSI sé í samræmi við staðhæfingu vottunaraðila sem gefur út fullgild vottorð,

— **og EF** ‚Sie' ‚Qualifications Extension'-upplýsingar eru fyrir hendi, verður, til viðbótar við ofangreinda almenna túlkunarreglu, að skoða þau vottorð sem eru auðkennd með notkun þessara ‚Sie' ‚Qualifications Extension'-upplýsinga, sem byggjast á meginreglunni um röð af síum til frekari auðkenningar á mengi vottorða, með tilliti til tengdra sérgreina sem veita viðbótarupplýsingar um fullgilda stöðu, ‚SSCD-stuðning' og/eða ‚lögaðila sem vottorðshafa (t.d. þau vottorð sem innihalda sérstakt kennimark viðfangs í viðskeyti vottunarstefnunnar og/eða hafa sértækt ‚lykilnotkunar'mynstur og/eða eru síuð með því að nota sértækt gildi sem kemur fram í einu tilteknu svæði vottorðs eða viðskeyti o.s.frv.). Þessir sérgreinar eru hluti af eftirfarandi mengi ‚sérgreina' sem notaðir eru til að bæta upp skort á upplýsingum í samsvarandi innihaldi fullgildra vottorða og sem eru notaðir:

  — til að tilgreina fullgilda stöðu: ‚QCStatement' sem merkir að auðkennd vottorð, eitt eða fleiri, séu fullgild,

  OG/EÐA

  — til að tilgreina hvers eðlis stuðningur af öruggum undirskriftarbúnaði er:

    — ‚QCWithSSCD'-sérgreinisgildið merkir ‚fullgilt vottorð stutt af öruggum undirskriftarbúnaði' eða

    — ‚QCNoSSCD'-sérgreinisgildið merkir ‚fullgilt vottorð, ekki stutt af öruggum undirskriftarbúnaði' eða

    — ‚QCSSCDStatusAsInCert'-sérgreinisgildið merkir að tryggt sé að upplýsingar um stuðning af öruggum undirskriftarbúnaði séu fyrir hendi í sérhverju fullgildu vottorði undir ‚Sdi'-‚Sie'-upplýsingum þessarar CA/QC-færslu,

  OG/EÐA

— til að tilgreina að vottorðið sé gefið út til handa lögaðila:

— ‚QCForLegalPerson'-sérgreinisgildið merkir ‚vottorð gefið út til handa lögaðila'.

3.5. *Þjónusta sem styður við þjónustu vottunarstöðva sem gefa út fullgild vottorð (‚CA/QC') en er ekki hluti af ‚Sdi' vottunarstöðvar sem gefur út fullgild vottorð*

Þjónusta í tengslum við gildisstöðu vottorða (e. certificate validity status services) í sambandi við fullgild vottorð og þar sem upplýsingar um gildi vottorða (t.d. afturköllunarlistar (CRLs) og svör þegar notaður er samskiptaháttur til að kalla eftir upplýsingum um stöðu vottorða yfir nettengingar (OCSP responses)) eru undirritaðar af aðila sem hefur einkalykil sem er ekki vottaður á vottunarslóð sem leiðir að skráðri vottunarstöð sem gefur út fullgild vottorð (‚CA/QC') skal tekin með í áreiðanlega listann með því að skrá þessa þjónustu í tengslum við gildisstöðu vottorða sem slíka í áreiðanlega listanum (t.d. sem ýmist þjónustutegund ‚OCSP/QC' eða ‚CRL/QC') þar sem líta má á þessa þjónustu sem hluta af eftirlitsskyldu/faggiltu ‚fullgildu' þjónustunni í tengslum við veitingu vottunarþjónustu vegna fullgildra vottorða. Að sjálfsögðu ber að líta svo á að OCSP-svarendur eða útgefendur afturköllunarlista séu ‚gildir' og í samræmi við gildi stöðu skráðu CA/QC-þjónustunnar þegar vottorð þeirra eru undirrituð af vottunarstöðvum sem falla undir stigveldi skráðu CA/QC-þjónustunnar.

Svipað ákvæði getur gilt um vottunarþjónustu sem gefur út vottorð sem eru ekki fullgild (‚CA/PKC'-þjónustutegund).

Þjónustu í tengslum við gildisstöðu vottorða skal tilgreina í áreiðanlega listanum þegar tilheyrandi upplýsingar um staðsetningu slíkrar þjónustu eru ekki fyrir hendi í endaskilríkjunum sem þjónustan í tengslum við gildisstöðu vottorða tekur til.

4. **Skilgreiningar og skammstafanir**

Í þessu skjali gilda eftirfarandi skilgreiningar og upphafsstafaorð:

Heiti	Upphafs-stafaorð	Skilgreining
Vottunaraðili (Certification Service Provider)	CSP	Eins og skilgreint er í 11. mgr. 2. gr. tilskipunar 1999/93/EB.
Vottunarstöð (Certification Authority)	CA	1) vottunaraðili sem býr til og úthlutar dreifilyklaskilríkjum eða 2) tækniþjónusta við gerð vottorða sem er notuð af vottunaraðila sem býr til og úthlutar dreifilyklaskilríkjum. *ATHS*: Frekari útskýringar á hugtakinu vottunarstöð er að finna í lið 4 í EN 319 411-2([1]).
Vottunarstöð sem gefur út fullgild vottorð (Certification Authority issuing Qualified Certificates)	CA/QC	Vottunarstöð sem fullnægir þeim kröfum sem mælt er fyrir um í II. viðauka við tilskipun 1999/93/EB og gefur út fullgild vottorð sem fullnægja kröfum sem mælt er fyrir um í I. viðauka við tilskipun 1999/93/EB.
Vottorð (Certificate)	Vottorð	Eins og skilgreint er í 9. mgr. 2. gr. tilskipunar 1999/93/EB.
Fullgilt vottorð (Qualified Certificate)	QC	Eins og skilgreint er í 10. mgr. 2. gr. tilskipunar 1999/93/EB.
Undirritunaraðili (Signatory)	Undirritunar-aðili	Eins og skilgreint er í 3. mgr. 2. gr. tilskipunar 1999/93/EB.
Eftirlit (Supervision)	Eftirlit	Vísar til eftirlits sem kveðið er á um í 3. mgr. 3. gr. tilskipunar 1999/93/EB. Samkvæmt tilskipun 1999/93/EB er aðildarríkjum skylt að koma á fót viðeigandi kerfi til að unnt sé að hafa eftirlit með vottunaraðilum sem hafa staðfestu á yfirráðasvæði þeirra og gefa út viðurkennd skilríki almenningi til handa, til að tryggja eftirlit með því að farið sé að ákvæðum sem mælt er fyrir um í þeirri tilskipun.
Valfrjáls faggilding (Voluntary Accreditation)	Faggilding	Eins og skilgreint er í 13. mgr. 2. gr. tilskipunar 1999/93/EB.
Áreiðanlegur listi (Trusted List)	TL	Táknar skrána sem sýnir eftirlits-/faggildingarstöðu vottunarþjónustu vottunaraðila, sem aðildarríkið, sem vísað er til, hefur eftirlit með/veitir faggildingu með tilliti til þess að farið sé að ákvæðum sem mælt er fyrir um í tilskipun 1999/93/EB.

Heiti	Upphafs-stafaorð	Skilgreining
Stöðuskrá traustþjónustu (Trust-service Status List)	TSL	Tegund undirritaðrar skrár sem notuð er sem grunnur fyrir framsetningu á upplýsingum um stöðu traustþjónustu í samræmi við forskriftir sem settar eru fram í ETSI TS 119 612.
Traustþjónusta (Trust Service)		Þjónusta sem eykur tiltrú og traust á rafrænum viðskiptum (felur venjulega, en ekki nauðsynlega, í sér notkun dulkóðunartækni eða meðferð trúnaðarupplýsinga) (ETSI TS 119 612). *ATHS*: Þetta hugtak er notað í víðari merkingu en vottunarþjónusta sem gefur út vottorð eða veitir aðra þjónustu í tengslum við rafrænar undirskriftir.
Veitandi traustþjónustu (Trust Service Provider)	TSP	Aðili sem starfrækir eina eða fleiri tegundir (rafrænnar) traustþjónustu (þetta hugtak er notað í víðari merkingu en vottunaraðili).
Tóki fyrir traustþjónustu (Trust Service Token)	TrST	Hlutrænn eða tvíundar- (röklegur) hlutur, sem verður til eða er sendur sem afrakstur traustþjónustu. Dæmi um tvíundartóka fyrir traustþjónustu (e. binary TrSTs) eru vottorð, afturköllunarlistar (CRLs), tímastimplunartókar (TSTs) og svör þegar notaður er samskiptaháttur til að kalla eftir upplýsingum um stöðu vottorða yfir nettengingar (OCSP).
Fullgild rafræn undirskrift (Qualified Electronic Signature)	QES	Útfærð rafræn undirskrift sem studd er fullgildu vottorði og er gerð með öruggum undirskriftarbúnaði eins og skilgreint er í 2. gr. tilskipunar 1999/93/EB.
Útfærð rafræn undirskrift (Advanced Electronic Signature)	AdES	Eins og skilgreint er í 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 1999/93/EB.
Útfærð rafræn undirskrift sem studd er fullgildu vottorði (Advanced Electronic Signature supported by a Qualified Certificate)	$AdES_{QC}$	Merkir rafræna undirskrift sem fullnægir kröfum um útfærða rafræna undirskrift og er studd fullgildu vottorði eins og skilgreint er í 2. gr. tilskipunar 1999/93/EB.
Öruggur undirskriftarbúnaður (Secure Signature Creation Device)	SSCD	Eins og skilgreint er í 6. mgr. 2. gr. tilskipunar 1999/93/EB.

([1]) EN 319 411-2: Electronic Signatures and Infrastructures (ESI); Policy and security requirements for Trust Service Providers issuing certificates; Part 2: Policy requirements for certification authorities issuing qualified certificates.

Í eftirfarandi köflum skulu eftirfarandi lykilorð túlkuð eins og lýst er í RFC 2119 ([11]): ‚VERÐUR' (MUST), ‚MÁ EKKI' (MUST NOT), ‚SKYLDUBUNDIÐ' (REQUIRED), ‚SKAL' (SHALL), ‚SKAL EKKI' (SHALL NOT), ‚ÆTTI' (SHOULD), ‚ÆTTI EKKI' (SHOULD NOT), ‚MÆLT MEÐ' (RECOMMENDED), ‚MÁ' (MAY), og ‚VALKVÆTT' (OPTIONAL).

I. KAFLI

ÍTARLEGAR FORSKRIFTIR FYRIR SAMEIGINLEGT SNIÐMÁT FYRIR ‚ÁREIÐANLEGAN LISTA YFIR EFTIRLITSSKYLDA/FAGGILTA VOTTUNARAÐILA'

Forskriftir þessar byggjast á forskriftunum og kröfunum sem tilgreindar eru í tækniforskriftum Fjarskiptastaðlastofnunar Evrópu ETSI TS 119 612 v1.1.1. (hér á eftir nefndar ETSI TS 119 612).

Ef engar sértækar kröfur eru tilgreindar í þessum forskriftum SKULU kröfurnar í 5. og 6. lið ETSI TS 119 612 gilda í heild sinni. Ef sértækar kröfur eru tilgreindar í þessum forskriftum SKULU þær ganga framar samsvarandi kröfum í ETSI TS 119 612. Komi misræmi í ljós milli forskrifta þessara og forskriftanna í ETSI TS 119 612 SKAL fara að núverandi forskriftum.

Scheme operator name (liður 5.3.4)

Þetta svæði SKAL vera til staðar og SKAL vera í samræmi við forskriftirnar í lið 5.3.4. í TS 119 612.

([11]) IETF RFC 2119: „Key words for use in RFCs to indicate Requirements Levels"

Land MÁ hafa aðskildar stofnanir fyrir eftirlit og faggildingu og jafnvel fleiri stofnanir fyrir annars konar rekstrartengda starfsemi. Það er á ábyrgð hvers aðildarríkis að tilnefna rekstraraðila kerfisins (e. Scheme operator) fyrir áreiðanlegan lista aðildarríkisins. Gert er ráð fyrir því að eftirlitsstofnunin, faggildingarstofnunin og rekstraraðili kerfisins (þegar þeir eru aðskildir aðilar) hafi sín eigin ábyrgðarsvið og skuldbindingar.

Hverjar þær aðstæður þar sem fleiri en einn aðili ber ábyrgð á þáttum sem snerta eftirlit, faggildingu eða rekstur SKULU endurspeglast með samræmdum hætti og vera auðkenndar sem slíkar í upplýsingunum um kerfið (e. Scheme information), sem eru hluti af áreiðanlega listanum, þ.m.t. í upplýsingum sem eru sértækar fyrir kerfið og er að finna í ‚Scheme information URI' (liður 5.3.7).

Scheme name (liður 5.3.6)

Þetta svæði SKAL vera til staðar og SKAL vera í samræmi við forskriftirnar í lið 5.3.6 í TS 119 612 þar sem nota SKAL eftirfarandi heiti fyrir kerfið:

'EN_name_value' = 'Supervision/Accreditation Status List of certification services from Certification Service Providers, which are supervised/accredited by the referenced Scheme Operator's Member State for compliance with the relevant provisions laid down in Directive 1999/93/EC of the European Parliament and of the Council of 13 December 1999 on a Community framework for electronic signatures.'

Scheme information URI (liður 5.3.7)

Þetta svæði SKAL vera til staðar og SKAL vera í samræmi við forskriftirnar í lið 5.3.7 í TS 119 612 þar sem ‚viðeigandi upplýsingar um kerfið' SKULU innihalda að lágmarki:

— Inngangsupplýsingar sem eru sameiginlegar fyrir öll aðildarríki að því er varðar gildissvið og samhengi áreiðanlega listans og undirliggjandi eftirlits-/faggildingarkerfi. Sameiginlegi textinn sem nota skal er sá sem fer hér á eftir, þar sem heiti viðkomandi aðildarríkis SKAL koma í stað stafastrengsins ‚[*name of the relevant Member State*]':

„The present list is the 'Trusted List of supervised/accredited Certification Service Providers' providing information about the supervision/accreditation status of certification services from Certification Service Providers (CSPs) who are supervised/accredited by [*name of the relevant Member State*] for compliance with the relevant provisions of Directive 1999/93/EC of the European Parliament and of the Council of 13 December 1999 on a Community framework for electronic signatures.

The Trusted List aims at:

— listing and providing reliable information on the supervision/accreditation status of certification services from Certification Service Providers, who are supervised/accredited by [*name of the relevant Member State*] for compliance with the relevant provisions laid down in Directive 1999/93/EC,

— allowing for a trusted validation of electronic signatures supported by those listed supervised/accredited certification services from the listed CSPs.

The Trusted List of a Member State provides, as a minimum, information on supervised/accredited CSPs issuing Qualified Certificates in accordance with the provisions laid down in Directive 1999/93/EC (Article 3(2) and (3) and Article 7(1)(a)), including, when this is not part of the QCs, information on the QC supporting the electronic signature and whether the signature is or not created by a Secure Signature Creation Device.

The CSPs issuing Qualified Certificates (QCs) listed here are supervised by [*name of the relevant Member State*] and may also be accredited for compliance with the provisions laid down in Directive 1999/93/EC, including compliance with the requirements of Annex I (requirements for QCs), and those of Annex II (requirements for CSPs issuing QCs). The applicable 'supervision' system (respectively 'voluntary accreditation' system) is defined and must meet the relevant requirements of Directive 1999/93/EC, in particular those laid down in Article 3(3), Article 8(1), Article 11 (respectively, Article 2(13), Article 3(2), Article 7(1)(a), Article 8(1), Article 11).

Additional information on other supervised/accredited CSPs not issuing QCs but providing services related to electronic signatures (e.g. CSP providing Time Stamping Services and issuing Time Stamp Tokens, CSP issuing non-Qualified certificates, etc.) are included in the Trusted List at a national level on a voluntary basis."

— Sértækar upplýsingar um undirliggjandi eftirlits-/faggildingarkerfi, einkum ([12]):

  — upplýsingar um eftirlitskerfið sem gildir um hvern og einn vottunaraðila sem gefur út fullgild vottorð,

  — upplýsingar, ef við á, um landsbundna valfrjálsa faggildingarkerfið sem gildir um hvern og einn vottunaraðila sem gefur út fullgild vottorð,

  — upplýsingar, ef við á, um eftirlitskerfið sem gildir um hvern og einn vottunaraðila sem gefur ekki út fullgild vottorð,

  — upplýsingar, eftir því sem við á, um landsbundna valfrjálsa faggildingarkerfið, sem gildir um hvern og einn vottunaraðila sem gefur ekki út fullgild vottorð.

  Eftirfarandi SKAL a.m.k. vera í þessum sértæku upplýsingum fyrir hvert undirliggjandi kerfi sem er talið upp hér að framan:

  — almenn lýsing,

  — upplýsingar um ferlið sem eftirlits-/faggildingarstofnunin fylgir við eftirlit sitt/faggildingu og sem vottunaraðilar fylgja vegna eftirlitsskyldu sinnar/faggildingar,

  — upplýsingar um viðmiðanirnar sem notaðar eru við eftirlit með/faggildingu vottunaraðila.

— Ef við á, sérstakar upplýsingar um sérstakar ‚fullgildingar' sem sumir þeirra hlutrænu eða tvíundar- (röklegu) hluta, sem til verða eða eru sendir sem afrakstur vottunarþjónustu, eiga rétt á að fá á grundvelli þess að þau uppfylla ákvæði og kröfur sem mælt er fyrir um á landsvísu, þ.m.t. merking slíkrar ‚fullgildingar' og tengd ákvæði landslaga og kröfur.

Veita MÁ valkvæðar viðbótarupplýsingar um kerfið, sem eru sértækar fyrir aðildarríkið, s.s.:

— upplýsingar um viðmiðanir og reglur sem eru notaðar við val á eftirlits-/úttektaraðilum og til að skilgreina hvernig þeir hafa eftirlit með (fylgjast með)/faggilda (taka út) vottunaraðila,

— aðrar samskiptaupplýsingar og almennar upplýsingar sem varða starfrækslu kerfisins.

Scheme type/community/rules (liður 5.3.9)

Þetta svæði SKAL vera til staðar og SKAL vera í samræmi við forskriftirnar í lið 5.3.9. í TS 119 612 og SKAL innihalda a.m.k. tvö vefföng (URIs):

— sameiginlegt veffang fyrir áreiðanlega lista allra aðildarríkja, sem vísar á lýsandi texta sem SKAL gilda um alla áreiðanlega lista, sem hér segir:

  URI: http://uri.etsi.org/TrstSvc/TrustedList/schemerules/EUcommon

  Lýsandi texti:

  „*Participation in a scheme*

  Each Member State must create a 'Trusted List of supervised/accredited Certification Service Providers' providing information about the supervision/accreditation status of certification services from Certification Service Providers (CSPs) who are supervised/accredited by the relevant Member State for compliance with the relevant provisions of Directive 1999/93/EC of the European Parliament and of the Council of 13 December 1999 on a Community framework for electronic signatures.

  The present implementation of such Trusted Lists is also to be referred to in the list of links (pointers) towards each Member State's Trusted List, compiled by the European Commission.

  Policy/rules for the assessment of the listed services

  The Trusted List of a Member State must provide, as a minimum, information on supervised/accredited CSPs issuing Qualified Certificates in accordance with the provisions laid down in Directive 1999/93/EC (Article 3(2) and (3) and Article 7(1)(a)), including information on the Qualified Certificate (QC) supporting the electronic signature and whether the signature is or not created by a Secure Signature Creation Device.

([12]) Tvö síðustu upplýsingamengin hafa afgerandi þýðingu til að treystendur geti metið gæða- og öryggisstig slíkra eftirlits-/faggildingarkerfa sem gilda um vottunaraðila sem gefa ekki út fullgild vottorð. Veita skal þessi upplýsingamengi á vettvangi áreiðanlega listans með því að nota fyrirliggjandi ‚Scheme information URI' (liður 5.3.7 — upplýsingar sem aðildarríkin veita), ‚Scheme type/community/rules' (liður 5.3.9 — með því að nota texta sem er sameiginlegur fyrir öll aðildarríkin) og ‚TSL policy/legal notice' (liður 5.3.11 — texti sem er sameiginlegur fyrir öll aðildarríki og vísar í tilskipun 1999/93/EB, jafnframt því sem hvert aðildarríki getur bætt við texta/tilvísunum sem eru sértækar fyrir það ríki). Frekari upplýsingar um landsbundin eftirlits-/faggildingarkerfi fyrir vottunaraðila sem gefa ekki út fullgild vottorð má veita á þjónustustiginu þegar við á og þörf er á (t.d. til að greina á milli nokkurra mismunandi gæða- eða öryggisstiga) með því að nota ‚Scheme service definition URI' (liður 5.5.6).

The CSPs issuing Qualified Certificates (QCs) must be supervised by the Member State in which they are established (if they are established in a Member State), and may also be accredited, for compliance with the provisions laid down in Directive 1999/93/EC, including compliance with the requirements of Annex I (requirements for QCs), and those of Annex II (requirements for CSPs issuing QCs). CSPs issuing QCs that are accredited in a Member State must still fall under the appropriate supervision system of that Member State unless they are not established in that Member State. The applicable 'supervision' system (respectively 'voluntary accreditation' system) is defined and must meet the relevant requirements of Directive 1999/93/EC, in particular those laid down in Article 3(3), Article 8)(1), Article 11 (respectively, Article 2(13), Article 3(2), Article 7(1)(a), Article 8(1), Article 11).

Additional information on other supervised/accredited CSPs not issuing QCs but providing services related to electronic signatures (e.g. CSP providing Time Stamping Services and issuing Time Stamp Tokens, CSP issuing non-Qualified certificates, etc.) may be included in the Trusted List at a national level on a voluntary basis.

CSPs not issuing QCs but providing ancillary services, may fall under a 'voluntary accreditation' system (as defined in and in compliance with Directive 1999/93/EC) and/or under a nationally defined 'recognised approval scheme' implemented on a national basis for the supervision of compliance with the provisions laid down in Directive 1999/93/EC and possibly with national provisions with regard to the provision of certification services (in the sense of Article 2(11) of Directive 1999/93/EC). Some of the physical or binary (logical) objects generated or issued as a result of the provision of a certification service may be entitled to receive a specific 'qualification' on the basis of their compliance with the provisions and requirements laid down at national level but the meaning of such a 'qualification' is likely to be limited solely to the national level.

Interpretation of the Trusted List

The *general user guidelines* for electronic signature applications, services or products relying on a Trusted List according to the Annex of Commission Decision [reference to the present Decision] are as follows:

A 'CA/QC''Service type identifier' ('Sti') entry (similarly a CA/QC entry further qualified as being a 'RootCA/QC' through the use of 'Service information extension' ('Sie') additionalServiceInformation Extension)

— indicates that from the 'Service digital identifier' ('Sdi') identified CA (similarly within the CA hierarchy starting from the 'Sdi' identified RootCA) from the corresponding CSP (see associated TSP information fields), all issued end-entity certificates are Qualified Certificates (QCs) *provided* that it is claimed as such in the certificate through the use of appropriate EN 319 412-5 defined QcStatements (i.e. QcCompliance, QcSSCD, etc.) and/or EN 319 411-2 defined QCP(+) OIDs (and this is guaranteed by the issuing CSP and ensured by the Member State Supervisory/Accreditation Body)

Note: if no 'Sie''Qualifications Extension' information is present or if an end-entity certificate that is claimed to be a QC is not further identified through a related 'Sie''Qualifications Extension' information, then the 'machine-processable' information to be found in the QC is supervised/accredited to be accurate. That means that the usage (or not) of the appropriate ETSI defined QcStatements (i.e. QcCompliance, QcSSCD, etc.) and/or ETSI defined QCP(+) OIDs is ensured to be in accordance with what it is claimed by the CSP issuing QCs.

— **and IF** 'Sie''Qualifications Extension' information is present, then in addition to the above default usage interpretation rule, those certificates that are identified through the use of this 'Sie''Qualifications Extension' information, which is constructed on the principle of a sequence of filters further identifying a set of certificates, must be considered according to the associated qualifiers providing some additional information regarding the qualified status, the 'SSCD support' and/or 'Legal person as subject' (e.g. those certificates containing a specific OID in the Certificate Policy extension, and/or having a specific 'Key usage' pattern, and/or filtered through the use of a specific value to appear in one specific certificate field or extension, etc.). Those qualifiers are part of the following set of 'Qualifiers' used to compensate for the lack of information in the corresponding QC content, and that are used respectively:

— to indicate the qualified status: 'QCStatement' meaning the identified certificate(s) is(are) qualified,

AND/OR

— to indicate the nature of the SSCD support:

— ‘QCWithSSCD’ qualifier value meaning ‘QC supported by an SSCD’, or

— ‘QCNoSSCD’ qualifier value meaning ‘QC not supported by an SSCD’, or

— ‘QCSSCDStatusAsInCert’ qualifier value meaning that the SSCD support information is ensured to be contained in any QC under the ‘Sdi’-‘Sie’ provided information in this CA/QC entry,

AND/OR

— to indicate issuance to Legal Person:

— ‘QCForLegalPerson’ qualifier value meaning ‘Certificate issued to a Legal Person’.

The general interpretation rule for any other ‘Sti’ type entry is that the listed service named according to the ‘Sn’ field value and uniquely identified by the ‘Sdi’ field value has a current supervision/accreditation status according to the ‘Scs’ field value as from the date indicated in the ‘Current status starting date and time’. Specific interpretation rules for any additional information with regard to a listed service (e.g. ‘Service information extensions’ field) may be found, when applicable, in the Member State specific URI as part of the present ‘Scheme type/community/rules’ field.

Please refer to the Technical specifications for a Common Template for the ‘Trusted List of supervised/accredited Certification Service Providers’ in the Annex of Commission Decision 2009/767/EC for further details on the fields, description and meaning for the Member States’ Trusted Lists.“

— sértækt veffang fyrir áreiðanlegan lista hvers aðildarríkis, sem vísar á lýsandi texta sem SKAL gilda um áreiðanlegan lista þessa aðildarríkis:

http://uri.etsi.org/TrstSvc/TrustedList/schemerules/CC þar sem CC = ISO 3166-1 ([13]) alpha-2 landskóðinn sem notaður er í ‚Scheme territory‘-svæðinu (liður 5.3.10)

— þar sem notendur geta nálgast sértæka stefnu/reglur aðildarríkisins sem vísað er til, sem leggja SKAL til grundvallar mati á þjónustu í skránni í samræmi við viðeigandi eftirlitskerfi og valfrjáls faggildingarkerfi aðildarríkisins,

— þar sem notendur geta nálgast sértæka lýsingu aðildarríkisins sem vísað er til á því hvernig skuli nota og túlka innihald áreiðanlega listans með tilliti til vottunarþjónustu sem ekki varðar útgáfu fullgildra vottorða. Þennan texta má nota til að tilgreina hugsanlegan sundurgreinanleika (e. granularity) í landsbundnum eftirlits-/faggildingarkerfum að því er varðar vottunaraðila sem gefa ekki út fullgild vottorð og hvernig ‚Scheme service definition URI‘ (liður 5.5.6) og svæðið fyrir ‚Service information extension‘ (liður 5.5.9) eru notuð í þessum tilgangi.

Aðildarríki MEGA skilgreina og nota fleiri vefföng til viðbótar út frá fyrrgreinda veffanginu sem er sértækt fyrir aðildarríkið (t.d. vefföng sem eru skilgreind út frá þessu stigveldissértæka veffangi).

TSL policy/legal notice (liður 5.3.11)

Þetta svæði SKAL vera til staðar og SKAL vera í samræmi við forskriftirnar í lið 5.3.11 í TS 119 612, þar sem stefnan/lagatilkynningin um réttarstöðu kerfisins eða lagaskilyrði sem kerfið uppfyllir innan þeirrar lögsögu sem það heyrir undir og/eða hvers konar takmarkanir á og skilyrði fyrir viðhaldi og birtingu áreiðanlega listans SKAL vera margmála stafastrengur (án sniðtákna) í tveimur hlutum:

1. Fyrst er skyldubundinn hluti, sem er sameiginlegur fyrir áreiðanlega lista allra aðildarríkja (þar sem skylt er að nota breska ensku og hugsanlega eina eða fleiri þjóðtungur) þar sem fram kemur að gildandi lagarammi sé tilskipun 1999/93/EB og samsvarandi framkvæmd í lögum aðildarríkisins sem er tilgreint undir svæðinu ‚Scheme Territory‘.

   Sameiginlegi textinn í enskri útgáfu:

   The applicable legal framework for the present TSL implementation of the Trusted List of supervised/accredited Certification Service Providers for [name of the relevant Member State] is Directive 1999/93/EC of the European Parliament and of the Council of 13 December 1999 on a Community framework for electronic signatures and its implementation in [name of the relevant Member State] laws.

([13]) ISO 3166-1:2006: „Codes for the representation of names of countries and their subdivisions – Part 1: Country codes“.

Texti á einni eða fleiri þjóðtungum aðildarríkis: [opinber þýðing á enska textanum hér að framan].

2. Annar hlutinn, sem er valkvæður, er sértækur fyrir hvern áreiðanlegan lista (þar sem skylt er að nota breska ensku og mögulega eina eða fleiri þjóðtungur), með tilvísunum í tiltekna, gildandi lagaramma einstakra aðildarríkja (t.d. einkum í tengslum við landsbundin eftirlits-/faggildingarkerfi fyrir vottunaraðila sem gefa ekki út fullgild vottorð).

II. KAFLI

SAMFELLA ÁREIÐANLEGRA LISTA

Skilríki sem tilkynna á framkvæmdastjórninni um samkvæmt c-lið 3. gr. þessarar ákvörðunar SKULU gefin út þannig að:

— minnst þrír mánuðir séu á milli gildistökudagsetninga þeirra,

— þau séu gerð á nýjum lykilpörum þar sem ekki á að endurvotta lykilpör sem hafa verið notuð áður.

Ef EINN af einkalyklunum sem samsvara dreifilyklinum, sem mætti nota til að staðfesta undirskrift áreiðanlega listans og sem hefur verið tilkynntur til framkvæmdastjórnarinnar og birtur í miðlægum tenglaskrám framkvæmdastjórnarinnar, hefur verið ranglega notaður eða ónýttur SKULU aðildarríkin:

— endurútgefa án tafar nýjan áreiðanlegan lista, sem er undirritaður með einkalykli sem hefur ekki verið ranglega notaður, hafi útgefni, áreiðanlegi listinn verið undirritaður með einkalykli sem hefur verið ranglega notaður eða ónýttur,

— tilkynna framkvæmdastjórninni án tafar um nýjan lista yfir dreifilyklaskilríki sem samsvara einkalyklunum sem mætti nota til að undirrita áreiðanlega listann.

Ef ALLIR einkalyklarnir sem samsvara dreifilyklunum, sem mætti nota til að staðfesta undirskrift áreiðanlega listans og sem hafa verið tilkynntir til framkvæmdastjórnarinnar og birtir í miðlægum tenglaskrám framkvæmdastjórnarinnar, hafa verið ranglega notaðir eða ónýttir SKULU aðildarríkin:

— búa til ný lyklapör sem má nota til að undirrita áreiðanlega listann og samsvarandi dreifilyklaskilríki þeirra,

— endurútgefa án tafar nýjan áreiðanlegan lista, sem er undirritaður með einum þessara nýju einkalykla og tilkynna samsvarandi dreifilyklaskilríki,

— tilkynna framkvæmdastjórninni án tafar um nýja listann yfir dreifilyklaskilríki sem samsvara einkalyklunum sem mætti nota til að undirrita áreiðanlega listann.

III. KAFLI

FORSKRIFTIR FYRIR ÚTGÁFU ÁREIÐANLEGA LISTANS SEM ER LÆSILEG MÖNNUM

Ef útbúin er og birt útgáfa af áreiðanlega listanum sem er læsileg mönnum ÆTTI hún að vera á PDF-skjalsniði samkvæmt ISO 32000 ([14]) sem VERÐUR vera í samræmi við PDF/A-snið samkvæmt ISO 19005 ([15]).

Innihald áreiðanlega listans í útgáfu sem er læsileg mönnum og byggð á PDF/A-skjalsniði ÆTTI að uppfylla eftirfarandi kröfur:

— Skipan útgáfunnar sem er læsileg mönnum ÆTTI að endurspegla röklegu fyrirmyndina sem lýst er í TS 119 612.

— Sérhvert fyrirliggjandi gagnasvæði ÆTTI að sjást og þar ætti að koma fram:

  — heiti svæðisins (t.d. ‚Service type identifier‘),

  — gildið fyrir svæðið (t.d. ‚CA/QC‘)

  — merking (lýsing) gildisins fyrir svæðið, ef við á (t.d. ‚Vottunaraðili sem gefur út dreifilyklaskilríki‘),

  — fleiri útgáfur á náttúrulegum tungumálum (e. natural languages) eins og gert er ráð fyrir í áreiðanlega listanum, ef við á.

([14]) ISO 32000-1:2008: Document management – Portable document format – Part 1: PDF 1.7

([15]) ISO 19005-2:2011: Document management – Electronic document file format for long-term preservation – Part 2: Use of ISO 32000-1 (PDF/A-2)

— Eftirfarandi svæði og samsvarandi gildi fyrir stafrænu vottorðin sem er að finna á ‚Service digital identity'-svæðinu ÆTTU, að lágmarki, að vera sýnileg í útgáfunni sem er læsileg mönnum:

  — Útgáfa (Version)

  — Raðnúmer (Serial number)

  — Algrím fyrir undirskrift (Signature algorithm)

  — Útgefandi (Issuer)

  — Gildir frá

  — Gildir til

  — Vottorðshafi (Subject)

  — Dreifilykill (Public key)

  — Vottunarstefnur (Certificate Policies)

  — Lykilauðkenni vottorðshafa (Subject Key Identifier)

  — Dreifingarstaðir fyrir afturköllunarlista (CRL Distribution Points)

  — Lykilauðkenni vottunarstöðvar (Authority Key Identifier)

  — Notkun lykilsins (Key Usage)

  — Grundvallartakmarkanir (Basic constraints)

  — Algrím fyrir þumalfar (Thumbprint algorithm)

  — Þumalfar (Thumbprint)

— Útgáfan sem er læsileg mönnum ÆTTI að vera auðprentanleg

— Útgáfan sem er læsileg mönnum VERÐUR að vera undirrituð af rekstraraðila kerfisins samkvæmt PAdES-grunnsniði fyrir undirskriftir ([16]).

(16) ETSI TS 103 172 (Mars 2012) - Electronic Signatures and Infrastructures (ESI); PAdES Baseline Profile

ÁKVÖRÐUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS nr. 1104/2011/ESB **2015/EES/63/11**

frá 25. október 2011

um reglur varðandi aðgang að lögverndaðri almannaþjónustu um hnattrænt gervihnattaleiðsögukerfi sem er komið á fót samkvæmt Galíleóáætluninni (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 172. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 683/2008 frá 9. júlí 2008 um nánari framkvæmd evrópsku áætlananna um leiðsögu um gervihnött (EGNOS og Galíleó) ([3]) er kveðið á um það í viðauka að sérstök markmið með Galíleóáætluninni séu þau að tryggja að merkin sem kerfið, sem komið er á fót með þeirri áætlun, sendir út megi nota til að bjóða lögverndaða almannaþjónustu, sem er einungis fyrir þá sem hafa fengið heimild frá stjórnvöldum til notkunar, fyrir viðkvæman hugbúnað sem kallar á skilvirka aðgangsstýringu og samfellda þjónustu.

2) Viðeigandi ákvæði reglugerðar (EB) nr. 683/2008 gilda einnig um þá þjónustu sem talin er upp í viðaukanum við hana, þ.m.t. lögverndaða almannaþjónustu, en með tilliti til tengingarinnar milli kerfisins, sem komið er á fót samkvæmt Galíleóáætluninni, og lögverndaðrar almannaþjónustu frá lagalegu, tæknilegu, rekstrarlegu, fjárhagslegu og eignarhaldsmiðuðu sjónarhorni, er rétt að endurgera viðeigandi reglur um beitingu öryggisreglna með tilliti til þessarar ákvörðunar.

3) Evrópuþingið og ráðið hafa ítrekað minnt á að kerfið, sem komið er á fót á grundvelli Galíleóáætlunarinnar, er borgaralegt kerfi undir borgaralegri stjórn, þ.e.a.s. það var gert í samræmi við borgaralega staðla sem byggjast á borgaralegum kröfum og er undir stjórn stofnana Sambandsins.

4) Galíleóáætlunin hefur mikla þýðingu með tilliti til sjálfstæðis Sambandsins í tengslum við leiðsögu-, staðsetningar- og tímastillingarþjónustu um gervihnött og er þýðingarmikið framlag til framkvæmdar áætluninni Evrópa 2020 um snjallhagvöxt, sjálfbæran hagvöxt og hagvöxt fyrir alla.

5) Af margs konar þjónustu sem evrópsk gervihnattaleiðsögukerfi bjóða er lögverndað almannaþjónusta sú öruggasta og jafnframt viðkvæmasta og er því vel fallin til þjónustu þar sem tryggja verður traustleika og fullkominn áreiðanleika. Tryggja verður þátttakendum samfellu í þjónustunni, jafnvel við alvarlegasta hættuástand. Brot á öryggisreglum við notkun þjónustunnar hefur ekki einungis afleiðingar fyrir viðkomandi notanda heldur gætu þær náð til annarra notenda. Notkun og stjórnun þessarar lögverndaðu almannaþjónustu er því á sameiginlega ábyrgð aðildarríkjanna til þess að tryggja megi öryggi Sambandsins og þeirra eigið öryggi. Af þeim sökum verður að takmarka aðgang að þessari lögverndaðu almannaþjónustu algjörlega við tiltekna hópa notenda sem sæta samfelldu eftirliti.

6) Því er nauðsynlegt að skilgreina reglur um aðgang að þessari lögverndaðu almannaþjónustu og reglur um stjórnun hennar, einkum með því að tilgreina almennar meginreglur er varða aðgang, verkefni hinna ýmsu stjórnunar- og eftirlitsaðila, skilyrði er varða framleiðslu og öryggi viðtökubúnaðar og eftirlitskerfi vegna útflutnings.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 287, 4.11.2011, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 248/2014 frá 13. nóvember 2014 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 54, 19.2.2011, bls. 36.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 13. september 2011 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 10. október 2011.

([3]) Stjtíð. ESB L 196, 24.7.2008, bls. 1.

7) Með hliðsjón af almennum meginreglum um aðgang að lögverndaðri almannaþjónustu, í ljósi raunverulegs tilgangs þjónustunnar og sérkenna hennar, verður að takmarka stranglega notkun hennar þar sem aðildarríkjunum, ráðinu, framkvæmdastjórninni og utanríkisþjónusta Evrópusambandsins er veittur ótakmarkaður og óslitinn aðgangur á heimsvísu. Enn fremur verður hvert aðildarríki að vera í aðstöðu til að taka eigin ákvarðanir sem fullvalda ríki um það hverjir fá heimild til að nota lögvernduðu almannaþjónustuna og hvernig þjónustan er notuð, þ.m.t. notkun sem tengist öryggisþáttum, í samræmi við sameiginlegar lágmarkskröfur.

8) Til þess að efla notkun evrópskrar tækni á heimsvísu ætti að vera mögulegt fyrir tiltekin þriðju lönd og alþjóðastofnanir að gerast þátttakendur í lögvernduðu almannaþjónustunni á grundvelli sérstakra samninga sem eru gerðir við þau. Mæla ætti fyrir um í alþjóðasamningum með hvaða skilmálum og skilyrðum þriðju lönd og alþjóðastofnanir geta notað lögvernduðu almannaþjónustuna, að því er varðar öruggar notkunarleiðir ríkis fyrir leiðsögu um gervihnött, enda er litið svo á að skylt sé að uppfylla öryggiskröfur á öllum tímum. Í tengslum við slíka samninga ætti að vera mögulegt að heimila framleiðslu á viðtökubúnaði fyrir lögverndaða almannaþjónustu með sérstökum skilyrðum og kröfum, að því tilskildu að þau séu a.m.k. jafngild þeim skilyrðum og kröfum sem eiga við um aðildarríkin. Slíkir samningar ættu þó ekki að taka til sérlega viðkvæmra þátta í öryggislegu tilliti á borð við framleiðslu öryggiseininga.

9) Ganga ætti til samninga við þriðju lönd eða alþjóðastofnanir að teknu fullu tilliti til mikilvægis þess að tryggja virðingu fyrir lýðræði, réttarríkinu, algildum og ósundurgreinanlegum mannréttindum og mannfrelsi ásamt hugsana-, samvisku- og trúfrelsi og frelsi til tjáningar og upplýsinga, virðingu fyrir mannlegri reisn, jafnræðisreglunni og meginreglunni um samstöðu og virðingu fyrir meginreglum sáttmála Sameinuðu þjóðanna og þjóðarétti.

10) Öryggisreglur Geimvísindastofnunar Evrópu ættu að fela í sér vernd sem er a.m.k. jafngild þeirri vernd sem kveðið er á um í öryggisreglunum, sem settar eru fram í viðaukanum við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/844/EB, KSE, KBE ([4]), og í ákvörðun ráðsins 2011/292/ESB frá 31. mars 2011 um öryggisreglur til að vernda trúnaðarflokkaðar upplýsingar Evrópusambandsins ([5]).

11) Sambandið og aðildarríkin verða að gera sitt ýtrasta til að tryggja að kerfið, sem er komið á fót á grundvelli Galíleóáætlunarinnar, ásamt tækni og búnaði lögvernduðu almannaþjónustunnar séu trygg og örugg til þess að koma í veg fyrir að einstaklingar eða lögaðilar, sem ekki hafa til þess heimild, noti merki sem eru send frá lögvernduðu almannaþjónustunni og hindra hvers kyns óvinveitta notkun á lögvernduðu almannaþjónustu sem beinist gegn þeim.

12) Í þessu sambandi er mikilvægt að aðildarríkin ákvarði viðeigandi kerfi viðurlaga ef skuldbindingar sem leiða af þessari ákvörðun eru ekki uppfylltar og að þau sjá til þess að viðurlögunum sé beitt. Viðurlög skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa varnaðaráhrif.

13) Þegar um er að ræða aðila sem annast stjórnun og eftirlit virðist besta leiðin til að stýra notkun lögverndaðrar almannaþjónustu með skilvirkum hætti sú að koma á fyrirkomulagi þar sem þátttakendur lögvernduðu almannaþjónustunnar tilnefna „lögbært yfirvald lögvernduðu almannaþjónustunnar“ sem ber ábyrgð á stjórnun og eftirliti með notendum, með því að greiða fyrir tengslum milli ólíkra hagsmunaaðila sem bera ábyrgð á öryggi og tryggja stöðugt eftirlit með notendum, einkum notendum í aðildarríkjunum, í samræmi við sameiginlegu lágmarkskröfurnar. Þó ætti að gera ráð fyrir sveigjanleika svo að aðildarríkin geti jafnað niður ábyrgð með skilvirkum hætti.

14) Við framkvæmd þessarar ákvörðunar ætti hvers konar vinnsla persónuupplýsinga að fara fram í samræmi við lög Sambandsins, eins og þau eru sett fram, einkum í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([6]) og í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafrænna fjarskipta (tilskipun um friðhelgi einkalífsins og rafræn fjarskipti)([7]).

15) Enn fremur ætti eitt verkefna öryggismiðstöðvar Galíleó (hér á eftir nefnd „öryggiseftirlitsmiðstöð Galíleó“), sem um getur í ii. lið a-liðar 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 683/2008, að vera það að setja fram rekstrarlegan skilflöt milli hinna ýmsu hagsmunaaðila sem bera ábyrgð á öryggi lögvernduðu almannaþjónustunnar.

16) Ráðið og æðsti fulltrúi Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum ættu að hafa hlutverk við stjórnun lögvernduðu almannaþjónustunnar á grundvelli beitingar sameiginlegu aðgerðar ráðsins 2004/552/SSUÖ frá 12. júlí 2004 um þætti í starfrækslu evrópska fjarleiðsögukerfisins um gervihnött sem hafa áhrif á öryggi Evrópusambandsins ([8]). Ráðið ætti að samþykkja alþjóðasamninga sem heimila þriðja landi eða alþjóðastofnun að nota lögvernduðu almannaþjónustuna.

17) Með hliðsjón af framleiðslu og öryggi viðtökubúnaðar gera öryggiskröfur það að verkum að nauðsynlegt er að fela verkefnið einungis aðildarríki sem hefur tilnefnt

([4]) Stjtíð. ESB L 317, 3.12.2001, bls. 1.
([5]) Stjtíð. ESB L 141, 27.5.2011, bls. 17.
([6]) Stjtíð. ESB L 281, 23.11.1995, bls. 31.
([7]) Stjtíð. ESB L 201, 31.7.2002, bls. 37.
([8]) Stjtíð. ESB L 246, 20.7.2004, bls. 30.

lögbært yfirvald lögverndaðrar almannaþjónustu eða fyrirtækjum með staðfestu á yfirráðasvæði aðildarríkis sem hefur tilnefnt lögbært yfirvald lögverndaðrar almannaþjónustu. Enn fremur verður framleiðandi viðtökubúnaðar að hafa aflað sér tilskilinna leyfa frá faggildingarráði um öryggisviðurkenningu fyrir evrópsk, hnattræn gervihnattaleiðsögukerfi sem er komið á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 912/2010 ([9]) („faggildingarráð um öryggisviðurkenningu“) og fara að ákvörðunum þess. Það er á ábyrgð lögbærs yfirvalds lögvernduðu almannaþjónustunnar að hafa stöðugt eftirlit með því að farið sé að kröfunni um leyfi og þessum ákvörðunum og að sértækum tæknikröfum sem leiða af sameiginlegu lágmarkskröfunum.

18) Aðildarríki, sem hefur ekki tilnefnt lögbært yfirvald lögverndaðrar almannaþjónustu, ætti engu að síður að tilnefna tengilið vegna stjórnunar hvers kyns skaðlegra rafsegultruflana sem hafa verið greindar og hafa áhrif á lögvernduðu almannaþjónustuna. Sá tengiliður ætti að vera einstaklingur eða lögaðili, sem hefur það hlutverk að taka við skýrslum, eða staður, sem framkvæmdastjórnin getur haft samband við ef fram koma mögulegar, skaðlegar rafsegultruflanir í því skyni að ráða bót á ástandinu.

19) Með hliðsjón af takmörkunum á útflutningi verður að takmarka útflutning utan Sambandsins á búnaði eða tækni og hugbúnaði er varðar notkun lögverndaðrar almannaþjónustu og þróun lögverndaðrar almannaþjónustu og framleiðslu fyrir hana, óháð því hvort þessi búnaður, hugbúnaður eða tækni er skráð í I. viðauka við reglugerð ráðsins (EB) nr. 428/2009 frá 5. maí 2009 um að setja Bandalagsreglur um eftirlit með útflutningi, flutningi, miðlun og umflutningi hluta með tvíþætt notagildi ([10]), við þau þriðju lönd sem hafa tilskilin leyfi til aðgangs að lögverndaðri almannaþjónustu samkvæmt alþjóðasamningi við Sambandið. Ekki skal líta á þriðja land þar sem viðmiðunarstöð, sem hýsir búnað lögverndaðrar almannaþjónustu og er hluti kerfis sem er komið á fót á grundvelli Galíleóáætlunarinnar, er sett upp sem þátttakandi í lögverndaðri almannaþjónustu einungis í ljósi þess.

20) Fela ætti framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að því er varðar sameiginlegar lágmarkskröfur á sviðum sem fjallað er um í viðaukanum, uppfæra hann og breyta, ef nauðsyn krefur, til þess að taka tillit til þróunar á Galíleóáætluninni. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu framseldra gerða ætti framkvæmdastjórnin að tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.

21) Í ljósi mögulegra áhrifa þeirra á öryggi kerfisins, sem er komið á fót samkvæmt Galíleóáætluninni, er brýnt að sameiginlegum reglum um aðgang að lögverndaðri almannaþjónustu og framleiðslu viðtökubúnaðar og öryggiseininga fyrir lögverndaða almannaþjónustu verði beitt með samræmdum hætti í hverju aðildarríki. Af þeim sökum er nauðsynlegt að framkvæmdastjórnin fái valdheimildir til að samþykkja ítarlegar kröfur, leiðbeiningar og aðrar ráðstafanir til þess að koma sameiginlegum lágmarkskröfum til framkvæmda. Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar ákvörðunar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu ([11]).

22) Úttektir og eftirlit sem framkvæmdastjórninni ber að annast með aðstoð aðildarríkjanna ætti að fara fram, eftir því sem við á, á svipaðan hátt og kveðið er á um í VII. hluta III. viðauka við ákvörðun 2011/292/ESB.

23) Reglur um aðgang að lögverndaðri almannaþjónustu, sem fæst með því kerfi sem er komið á fót á grundvelli Galíleóáætlunarinnar, er forsenda fyrir framkvæmd lögverndaðrar almannaþjónustu. Framkvæmdastjórnin ætti að greina hvort rétt sé að setja fram gjaldtökustefnu fyrir lögverndaða almannaþjónustu, einnig með tilliti til þriðju landa og alþjóðastofnana, og gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um niðurstöðu greiningarinnar.

24) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar ákvörðunar, þ.e. að mæla fyrir um reglur um það með hvaða hætti aðildarríkin, ráðið, framkvæmdastjórnin, utanríkisþjónusta Evrópusambandsins, sérstofnanir Sambandsins, þriðju lönd og alþjóðastofnanir fá aðgang að lögverndaðri almannaþjónustu, og markmiðunum verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs aðgerðarinnar er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og kveðið er á um í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari ákvörðun til að ná þessu markmiði.

25) Kerfi skýrslugjafar og endurskoðunar skal vera til reiðu um leið og því er lýst yfir að lögverndaða almannaþjónustan sé orðin rekstrarhæf.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í þessari ákvörðun er mælt fyrir um reglur um það með hvaða hætti aðildarríkin, ráðið, framkvæmdastjórnin, utanríkisþjónusta Evrópusambandsins, sérstofnanir Sambandsins, þriðju lönd og alþjóðastofnanir geta fengið aðgang að lögverndaðri almannaþjónustu um hnattrænt gervihnattaleiðsögukerfi sem er komið á fót samkvæmt Galíleóáætluninni.

([9]) Stjtíð. ESB L 276, 20.10.2010, bls. 11.
([10]) Stjtíð. ESB L 134, 29.5.2009, bls. 1.
([11]) Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari ákvörðun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „þátttakendur í lögverndaðri almannaþjónustu“: aðildarríkin, ráðið, framkvæmdastjórnin og utanríkisþjónusta Evrópusambandsins, auk sérstofnana Sambandsins, þriðju landa og alþjóðastofnana, að svo miklu leyti sem þessar sérstofnanir, þriðju lönd og stofnanir hafa tilskilin leyfi,

b) „notendur lögverndaðrar almannaþjónustu“: einstaklingar eða lögaðilar sem hafa tilskilin leyfi frá þátttakendum í lögverndaðri almannaþjónustu til þess að eiga eða nota viðtökubúnað fyrir lögverndaða almannaþjónustu.

3. gr.

Almennar meginreglur varðandi aðgang að lögverndaðri almannaþjónustu

1. Aðildarríkin, ráðið, framkvæmdastjórnin og utanríkisþjónusta Evrópusambandsins skulu eiga rétt á ótakmörkuðum og óslitnum aðgangi að lögverndaðri almannaþjónustu á heimsvísu.

2. Aðildarríkin, ráðið, framkvæmdastjórnin og utanríkisþjónusta Evrópusambandsins ákveða hvert fyrir sig hvort þau nota lögverndaða almannaþjónustu innan valdheimilda hvers þeirra um sig.

3. Hvert aðildarríki sem notar lögverndaða almannaþjónustu skal ákveða hvert fyrir sig hvaða hópar einstaklinga, sem hafa fasta búsetu á yfirráðasvæða þess eða sinna opinberum skyldum erlendis fyrir hönd aðildarríkisins, og lögaðila með staðfestu á yfirráðasvæði þess, fá leyfi sem notendur lögverndaðrar almannaþjónustu, og um það hvernig nota má lögvernduðu almannaþjónustuna, í samræmi við 8. gr. og i. og ii. lið 1. liðar í viðaukanum. Slík notkun getur verið öryggistengd notkun.

Ráðið, framkvæmdastjórnin og utanríkisþjónusta Evrópusambandsins skulu ákveða hvaða flokkar aðila þeirra fá leyfi til að nota lögverndaða almannaþjónustu, í samræmi við 8. gr. og i. og ii. lið í 1. lið viðaukans.

4. Sérstofnanir Sambandsins geta tekið þátt í lögverndaðri almannaþjónustu aðeins að því marki sem nauðsynlegt er til að þær geti sinnt hlutverki sínu og í samræmi við ítarlegar reglur sem mælt er fyrir um í framkvæmdarsamningi sem framkvæmdastjórnin og viðkomandi sérstofnun gera með sér.

5. Þriðju lönd eða alþjóðastofnanir geta einungis tekið þátt í lögverndaðri almannaþjónustu ef þau ganga til beggja eftirfarandi samninga við viðkomandi þriðja land eða alþjóðastofnun, í samræmi við þá málsmeðferð sem kveðið er á um í 218. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins:

a) samnings um öryggi upplýsinga þar sem skilgreindur er rammi um skipti á og vernd trúnaðarupplýsinga og sem veitir vernd a.m.k. jafngilda þeirri sem aðildarríkin veita,

b) samnings þar sem mælt er fyrir um skilmála og skilyrði ítarlegra reglna varðandi aðgang þriðja lands eða alþjóðastofnunar að lögverndaðri almannaþjónustu; slíkur samningur gæti tekið til framleiðslu á viðtökubúnaði fyrir lögverndaða almannaþjónustu, með sérstökum skilyrðum, að frátöldum öryggiseiningum.

4. gr.

Beiting öryggisreglna

1. Hvert aðildarríki skal tryggja að öryggisreglur þess veiti trúnaðarupplýsingum vernd, sem er a.m.k. jafngild þeirri sem kveðið er á um í þeim öryggisreglum sem eru settar fram í viðaukanum við ákvörðun 2011/844/EB, KSE, KBE og ákvörðun 2011/292/ESB, og að þessum öryggisreglum aðildarríkis sé beitt gagnvart notendum lögvernduðu almannaþjónustunnar og öllum einstaklingum sem eru búsettir á yfirráðasvæði þess og öllum lögaðilum með staðfestu á yfirráðasvæði þeirra sem fara með trúnaðarupplýsingar ESB er tengjast lögvernduðu almannaþjónustunni.

2. Aðildarríkin skulu án tafar greina framkvæmdastjórninni frá samþykktum öryggisreglum sínum eins og um getur í 1. mgr.

3. Ef í ljós kemur að trúnaðarupplýsingar ESB er varða lögvernduðu almannaþjónustunnar hafa verið veittar aðila sem hefur ekki heimild til að taka við þeim skal framkvæmdastjórnin, í fullu samráði við viðkomandi aðildarríki:

a) tilkynna það sendanda trúnaðargagnanna um lögvernduðu almannaþjónustuna,

b) meta mögulegan skaða fyrir hagsmuni Sambandsins eða aðildarríkjanna,

c) tilkynna viðeigandi yfirvöldum um niðurstöður matsins og leggja fram tilmæli um það hvernig ráða megi bót á ástandinu og skulu viðeigandi yfirvöld þá upplýsa framkvæmdastjórnina þegar í stað um þær aðgerðir sem þau hyggjast grípa til eða hafa gripið til, þ.m.t. aðgerðar sem miðast við að koma í veg fyrir endurtekningu, og niðurstöður slíkra aðgerða og

d) upplýsa Evrópuþingið og ráðið, eftir því sem við á, um þessar niðurstöður.

5. gr.

Lögbært yfirvald lögverndaðrar almannaþjónustu

1. Eftirtaldir aðilar skulu tilnefna lögbært yfirvald lögverndaðrar almannaþjónustu:

a) hvert það aðildarríki sem notar lögverndaða almannaþjónustu og hvert það aðildarríki þar sem einhver þeirra aðila, sem um getur í 1. mgr. 7. gr., er með staðfestu; í þeim tilvikum skal lögbært yfirvald lögverndaðrar almannaþjónustu vera með staðfestu á yfirráðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkis sem skal tilkynna framkvæmdastjórninni um tilnefninguna þegar í stað,

b) ráðið, framkvæmdastjórnin og utanríkisþjónusta Evrópusambandsins ef þau nota lögvernduðu almannaþjónustuna. Í því tilviki má tilnefna Evrópustofnun um hnattrænt gervihnattaleiðsögukerfi, sem er komið á fót með reglugerð (ESB) nr. 912/2010 (hér á eftir nefnd „Evrópustofnun um

hnattrænt gervihnattaleiðsögukerfi“), sem lögbært yfirvald lögverndaðrar almannaþjónustu í samræmi við viðeigandi fyrirkomulag,

c) sérstofnanir Sambandsins og alþjóðastofnanir í samræmi við ákvæði samninganna sem um getur í 4. og 5. mgr. 3. gr.; í þeim tilvikum má tilnefna Evrópustofnun um hnattrænt gervihnattaleiðsögukerfi sem lögbært yfirvald lögverndaðrar almannaþjónustu,

d) þriðju lönd í samræmi við ákvæði samninganna sem um getur í 5. mgr. 3. gr.

2. Þeir þátttakendur í lögvernduðu almannaþjónustunni sem tilnefndu lögbært yfirvald slíkrar þjónustu skulu bera kostnað af starfsemi þess.

3. Aðildarríki, sem hefur ekki tilnefnt lögbært yfirvald lögverndaðrar almannaþjónustu, í samræmi við a-lið 1. mgr., skal í öllum tilvikum tilnefna tengilið til að aðstoða, eftir því sem nauðsyn krefur, við skýrslugjöf um skaðlegar rafsegultruflanir sem hafa verið greindar og hafa áhrif á lögvernduðu almannaþjónustuna. Hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni um slíka tilnefningu án tafar.

4. Lögbært yfirvald lögverndaðrar almannaþjónustu skal sjá til þess að notkun þjónustunnar sé í samræmi við 8. gr. og 1. lið viðaukans og að:

a) notendur þjónustunnar séu flokkaðir vegna stjórnunar slíkrar þjónustu hjá öryggiseftirlitsmiðstöð Galíleó,

b) réttur til aðgangs að lögvernduðu almannaþjónustunni sé ákvarðaður fyrir hvern hóp eða notanda og honum sé stýrt,

c) lyklar að lögvernduðu almannaþjónustunni og aðrar tengdar trúnaðarupplýsingar séu fengnar hjá öryggiseftirlitsmiðstöð Galíleó,

d) lyklum að lögvernduðu almannaþjónustunni og öðrum tengdum trúnaðarupplýsingum sé dreift til notenda,

e) öryggi viðtökubúnaðarins og tengdrar tækni sem fellur undir trúnað og einnig öryggi trúnaðarupplýsinga sé stýrt og áhættan metin,

f) tengilið sé komið á til að aðstoða, eftir því sem þörf krefur, við skýrslugjöf á mögulega skaðlegum rafsegultruflunum sem greindar hafa verið og hafa áhrif á lögvernduðu almannaþjónustuna.

5. Lögbært yfirvald lögverndaðrar almannaþjónustu í aðildarríki skal sjá til þess að aðili með staðfestu á yfirráðasvæði þess aðildarríkis geti því aðeins þróað eða framleitt viðtökubúnað eða öryggiseiningar fyrir lögverndaða almannaþjónustu að hann:

a) hafi fengið tilskilin leyfi frá faggildingarráði um öryggisviðurkenningu í samræmi við 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 912/2010 og

b) fylgi bæði ákvörðunum faggildingarráðs um öryggisviðurkenningu og 8. gr. og 2. lið viðaukans að því er varðar þróun og framleiðslu viðtökubúnaðar eða öryggiseininga fyrir lögverndaða almannaþjónustu, að svo miklu leyti sem þetta varðar starfsemi þess.

Endurskoða skal leyfi til framleiðslu búnaðar, sem kveðið er á um í þessari málsgrein, a.m.k. á fimm ára fresti.

6. Þegar um er að ræða þá þróun eða framleiðslu, sem um getur í 5. mgr. þessarar greinar, eða útflutning utan Sambandsins skal lögbært yfirvald viðkomandi aðildarríkis á sviði lögverndaðrar almannaþjónustu vera milliliður fyrir þar til bæra aðila sem annast takmarkanir á útflutningi vegna viðkomandi búnaðar, tækni og hugbúnaðar er varðar notkun og þróun lögverndaðrar almannaþjónustu og framleiðslu fyrir hana til þess að tryggja að ákvæðum 9. gr. sé beitt.

7. Lögbært yfirvald lögvernduðu almannaþjónustunnar skal vera tengt öryggiseftirlitsmiðstöð Galíleó í samræmi við 8. gr. og 4. lið viðaukans.

8. Ákvæði 4. og 7. mgr. skulu vera með fyrirvara um þann möguleika að aðildarríki feli öðru aðildarríki tiltekin sértæk verkefni lögbærs yfirvalds síns á sviði lögverndaðrar almannaþjónustu, þó ekki verkefni er tengjast beitingu fullveldisréttar þeirra á yfirráðasvæðum hvers þeirra um sig. Aðildarríkin geta í sameiningu annast þau verkefni, sem um getur í 4. og 7. mgr., einnig verkefni skv. 5. mgr. Hlutaðeigandi aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um slíkar ráðstafanir án tafar.

9. Lögbært yfirvald lögverndaðrar almannaþjónustu getur óskað eftir tækniaðstoð frá Evrópustofnun um hnattrænt gervihnattaleiðsögukerfi til þess að sinna verkefnum sínum, með fyrirvara um sérstakt fyrirkomulag. Hlutaðeigandi aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um slíkt fyrirkomulag án tafar.

10. Lögbær yfirvöld lögvernduðu almannaþjónustunnar skulu gefa framkvæmdastjórninni og Evrópustofnun um hnattrænt gervihnattaleiðsögukerfi skýrslu á þriggja ára fresti um það hvort sameiginlegum lágmarkskröfum sé fylgt.

11. Á þriggja ára fresti skal framkvæmdastjórnin með aðstoð Evrópustofnunar um hnattrænt gervihnattaleiðsögukerfi gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um það hvort lögbær yfirvöld lögverndaðrar almannaþjónustu fylgi sameiginlegum lágmarkskröfum, einnig um tilvik þar sem verulega er gengið á svig við þessar kröfur.

12. Ef lögbært yfirvald lögverndaðrar almannaþjónustu uppfyllir ekki sameiginlegar lágmarkskröfur, sem settar eru fram í 8. gr., getur framkvæmdastjórnin gefið út tilmæli, að teknu tilhlýðilegu tilliti til nálægðarreglunnar og í samráði við viðkomandi aðildarríki og, ef nauðsyn krefur, að fengnum frekari sértækum upplýsingum. Innan þriggja mánaða frá því að tilmælin eru gefin út skal viðkomandi lögbært yfirvald lögverndaðrar almannaþjónustu annaðhvort fylgja tilmælum framkvæmdastjórnarinnar eða óska eftir eða leggja til breytingar með það fyrir augum að tryggja að sameiginlegum lágmarkskröfum sé fylgt og koma þeim til framkvæmda í samráði við framkvæmdastjórnina.

Ef viðkomandi lögbært yfirvald lögverndaðrar almannaþjónustu uppfyllir ekki enn sameiginlegu lágmarkskröfurnar þegar þriggja mánaða tímabilið er liðið skal framkvæmdastjórnin upplýsa Evrópuþingið og ráðið um það og leggja til að gerðar verði viðeigandi ráðstafanir.

6. gr.

Hlutverk öryggiseftirlitsmiðstöðvar Galíleó

Öryggiseftirlitsmiðstöð Galíleó skal setja fram rekstrarlegan skilflöt milli lögbærra yfirvalda lögverndaðrar almannaþjónustu, ráðsins og æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum, sem starfa samkvæmt sameiginlegri aðgerð 2004/552/SSUÖ, og eftirlitsmiðstöðvanna. Hún skal tilkynna framkvæmdastjórninni um hvers konar atburði sem kunna að hafa áhrif á að unnt sé að starfrækja lögvernduðu almannaþjónustuna með snurðulausum hætti.

7. gr.

Framleiðsla og öryggi viðtökubúnaðar og öryggiseininga

1. Aðildarríki getur, með fyrirvara um þær kröfur sem eru settar fram í 5. mgr. 5. gr., falið aðilum með staðfestu á yfirráðasvæði þess eða á yfirráðasvæði annars aðildarríkis það verkefni að framleiða viðtökubúnað lögverndaðrar almannaþjónustu eða tengdar öryggiseiningar. Ráðið, framkvæmdastjórnin eða utanríkisþjónusta Evrópusambandsins geta falið aðilum með staðfestu á yfirráðasvæði aðildarríkis það verkefni að framleiða til eigin nota viðtökubúnað fyrir lögverndaða almannaþjónustu eða tengdar öryggiseiningar.

2. Faggildingarráðið um öryggisviðurkenningu getur hvenær sem er afturkallað þá heimild sem það hefur veitt aðila, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, til að framleiða viðtökubúnað fyrir lögverndaða almannaþjónustu eða tengdar öryggiseiningar ef ráðstöfununum, sem kveðið er á um í b-lið 5. mgr. 5. gr., hefur ekki verið fylgt.

8. gr.

Sameiginlegar lágmarkskröfur

1. Þær sameiginlegu lágmarkskröfur, sem lögbær yfirvöld lögverndaðrar almannaþjónustu sem um getur í 5. gr. skulu uppfylla, skulu taka til þeirra sviða sem sett eru fram í viðaukanum.

2. Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 11. gr. er varða samþykkt sameiginlegra lágmarkskrafna fyrir þau svið sem sett eru fram í viðaukanum og, ef þörf krefur, breytingar til uppfærslu á viðaukanum til að taka tillit til þróunar á Galíleóáætluninni, einkum með hliðsjón af tækni og breyttum öryggisþörfum.

3. Á grundvelli þeirra sameiginlegu lágmarkskrafna, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, getur framkvæmdastjórnin samþykkt nauðsynlegar tæknilegar kröfur, leiðbeiningar og aðrar ráðstafanir. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 12. gr.

4. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að nauðsynleg skref séu tekin til að fara að þeim ráðstöfunum sem um getur í 2. og 3. mgr. og að kröfum sem tengjast öryggi lögverndaðrar almannaþjónustu og notendum hennar og tengdri tækni, að teknu fullu tilliti til álits sérfræðinga.

5. Framkvæmdastjórnin skal, til þess að stuðla að því að farið sé að þessari grein, greiða fyrir því að haldnir verði fundir allra lögbærra yfirvalda lögverndaðrar almannaþjónustu a.m.k. einu sinni á ári.

6. Framkvæmdastjórnin skal, með aðstoð aðildarríkjanna og Evrópustofnunar um hnattrænt gervihnattaleiðsögukerfi, sjá til þess að lögbær yfirvöld lögverndaðrar almannaþjónustu uppfylli sameiginlegu lágmarkskröfurnar, einkum með því að annast úttektir eða eftirlit.

9. gr.

Útflutningstakmarkanir

Ekki skal heimila útflutning utan Sambandsins á búnaði, tækni og hugbúnaði, er varðar notkun og þróun lögverndaðrar almannaþjónustu og framleiðslu fyrir hana nema í samræmi við 8. gr. og 3. lið viðaukans og samkvæmt samningunum sem um getur í 5. mgr. 3. gr. eða samkvæmt samningum er varða ítarlegar reglur um viðmiðunarstöðvar fyrir hýsingu og rekstur þeirra.

10. gr.

Beiting sameiginlegrar aðgerðar 2004/552/SSUÖ

Ákvörðun þessari skal beitt með fyrirvara um ráðstafanir sem ákveðnar eru samkvæmt sameiginlegri aðgerð 2004/552/SSUÖ.

11. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til þess að samþykkja framseldar gerðir, sbr. þó skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 2. mgr. 8. gr., í fimm ár á tímabili sem hefst 5. nóvember 2011. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um framsal valdheimilda eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valdheimilda sem um getur í 2. mgr. 8. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endi á framsal þeirra valdheimilda sem tilgreindar eru í ákvörðuninni. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 2. mgr. 8. gr., skal því aðeins öðlast gildi að hvorki Evrópuþingið né ráðið hafi haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa tilkynnt framkvæmdastjórninni, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

12. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar sem komið er á fót með reglugerð (EB) nr. 683/2008. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011. Skili nefndin ekki áliti skal framkvæmdastjórnin ekki samþykkja drögin að framkvæmdargerðinni og þriðja undirgrein 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 skal gilda.

13. gr.

Endurskoðun og skýrslugjöf

Eigi síðar en tveimur árum eftir að lýst er yfir að lögverndaða almannaþjónustan sé orðin rekstrarhæf skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu um að reglurnar, sem komið er á um aðgang að lögverndaðri almannaþjónustu, virki sem skyldi og eigi við og, ef nauðsyn krefur, leggja til breytingar á þessari ákvörðun til samræmis við það.

14. gr.

Sértækar reglur varðandi framkvæmd Galíleóáætlunarinnar

Þrátt fyrir önnur ákvæði þessarar ákvörðunar skal heimila eftirtöldum aðilum aðgang að tækni lögverndaðrar almannaþjónustu og aðkomu að eignarhaldi eða notkun viðtökubúnaðar fyrir slíka þjónustu til þess að tryggja að kerfið, sem er komið á fót á grundvelli Galíleóáætlunarinnar, starfi eðlilega, með fyrirvara um að farið sé að þeim meginreglum sem mælt er fyrir um í 8. gr. og viðaukanum:

a) framkvæmdastjórninni þegar hún kemur fram sem stjórnandi Galíleóáætlunarinnar,

b) rekstraraðilum kerfisins, sem er komið á fót á grundvelli Galíleóáætlunarinnar, einungis í þeim tilgangi að þeir geti sinnt verkefnum sínum, eins og mælt er fyrir um í sérstöku samkomulagi við framkvæmdastjórnina,

c) Evrópustofnun um hnattrænt gervihnattaleiðsögukerfi í því skyni að gera henni kleift að sinna þeim verkefnum sem henni eru falin, eins og mælt er fyrir um í sérstöku samkomulagi við framkvæmdastjórnina,

d) Geimvísindastofnun Evrópu, einungis í því skyni að sinna rannsóknum, þróun og útbreiðslu grunnvirkja, eins og mælt er fyrir um í sérstöku samkomulagi við framkvæmdastjórnina.

15. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu ákvarða viðurlög sem beita má ef brotið er gegn ákvæðum landslaga sem sett eru samkvæmt þessari ákvörðun. Þessi viðurlög skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa varnaðaráhrif.

16. gr.

Gildistaka og beiting

1. Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

2. Aðildarríkin skulu beita 5. gr. eigi síðar en 6. nóvember 2013.

17. gr.

Viðtakendur

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 25. október 2011.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
forseti.	*forseti.*
J. BUZEK	M. DOWGIELEWICZ

VIÐAUKI

Sameiginlegar lágmarkskröfur

1. Að því er varðar 4. mgr. 5. gr. taka sameiginlegar lágmarkskröfur vegna notkunar lögverndaðrar almannaþjónustu til eftirfarandi:

   i. samtaka notenda lögverndaðrar almannaþjónustu,

   ii. skilgreininga og stjórnunar á aðgangsréttindum fyrir notendur lögverndaðrar almannaþjónustu og notendahópa þátttakenda í lögverndaðri almannaþjónustu,

   iii. dreifingar á lyklum lögverndaðrar almannaþjónustu og tengdum trúnaðarupplýsingum milli öryggiseftirlitsmiðstöðvar Galíleó og lögbærra yfirvalda lögverndaðrar almannaþjónustu,

   iv. dreifingar á lyklum lögverndaðrar almannaþjónustu og tengdum trúnaðarupplýsingum til notenda,

   v. öryggisstjórnunar, þ.m.t. váatvika, og áhættumats fyrir viðtökubúnað lögverndaðrar almannaþjónustu og tengda trúnaðarflokkaða tækni og upplýsingar,

   vi. skýrslugjafar um mögulega skaðlegar rafsegultruflanir sem hafa verið greindar og hafa áhrif á lögvernduðu almannaþjónustuna,

   vii. rekstrarhugmynda og rekstraraðferða fyrir viðtökubúnað lögverndaðrar almannaþjónustu.

2. Að því er varðar 5. mgr. 5. gr. taka sameiginlegar lágmarkskröfur vegna þróunar og framleiðslu viðtökubúnaðar og öryggiseininga fyrir lögverndaða almannaþjónustu til eftirfarandi:

   i. hlutaheimildar fyrir notendur lögverndaðrar almannaþjónustu,

   ii. öryggis viðtökubúnaðar og tækni fyrir lögverndaða almannaþjónustu í rannsóknar-, þróunar- og framleiðsluáföngum,

   iii. samþættingar viðtökubúnaðar og tækni lögverndaðrar almannaþjónustu,

   iv. verndarsniðs fyrir viðtökubúnað og öryggiseiningar lögverndaðrar almannaþjónustu og efnis sem notar tækni slíkrar þjónustu.

3. Að því er varðar 6. mgr. 5. gr. og 9. gr. taka sameiginlegar lágmarkskröfur vegna útflutningstakmarkana til eftirfarandi:

   i. þátttakenda í lögverndaðri almannaþjónustu sem hafa fengið leyfi,

   ii. útflutnings á efni og tækni er tengist lögverndaðri almannaþjónustu.

4. Að því er 7. mgr. 5. gr. varðar taka sameiginlegar lágmarkskröfur er varða tengsl milli öryggiseftirlitsmiðstöðvar Galíleó og lögbærra yfirvalda lögverndaðrar almannaþjónustu til gagnatenginga og talsambands.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/129

2015/EES/63/12

frá 26. janúar 2015

um breytingu á I. viðauka við ákvörðun 93/52/EBE að því er varðar viðurkenningu á að Kýpur sé opinberlega laus við öldusótt (*B. melitensis*)

(tilkynnt með númeri C(2015) 172) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/68/EBE frá 28. janúar 1991 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með sauðfé og geitur ([1]), einkum II. lið í 1. kafla viðauka A,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 91/68/EBE eru skilgreind skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan Sambandsins með sauðfé og geitur. Þar er mælt fyrir um skilyrðin fyrir því að aðildarríki eða svæði í aðildarríki geti verið viðurkennd sem opinberlega laus við öldusótt.

2) Í I. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/52/EBE ([2]) eru skráð þau aðildarríki sem eru opinberlega viðurkennd sem laus við öldusótt (*B. melitensis*) í samræmi við tilskipun 91/68/EBE.

3) Kýpur hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina gögn þar sem sýnt er fram á að skilyrði, sem mælt er fyrir um í b-lið 1. liðar í II. lið 1. kafla í viðauka A við tilskipun 91/68/EBE séu uppfyllt, svo ríkið verði viðurkennt sem opinberlega laust við öldusótt (*B. melitensis*) að því er varðar allt yfirráðasvæði þess.

4) Í kjölfar mats á gögnunum, sem Kýpur lagði fram, ætti að viðurkenna það aðildarríki sem opinberlega laust við öldusótt (*B. melitensis)*.

5) Því ætti að breyta I. viðauka við ákvörðun 93/52/EBE til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað I. viðauka við ákvörðun 93/52/EBE komi viðaukinn við þessa ákvörðun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 21, 28.1.2015, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 74/2015 frá 30. apríl 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 46, 19.2.1991, bls. 19.

([2]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/52/EBE frá 21. desember 1992 um staðfestingu á því að tiltekin aðildarríki eða héruð fullnægja skilyrðum vegna öldusóttar (*B. melitensis*) og um viðurkenningu þeirra sem aðildarríkja eða héraða sem eru opinberlega laus við sjúkdóminn (Stjtíð EB L 13, 21.1.1993, bls. 14).

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 26. janúar 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Vytenis ANDRIUKAITIS

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Í stað I. viðauka við ákvörðun 93/52/EBE komi eftirfarandi:

„I. VIÐAUKI

Aðildarríki sem eru opinberlega laus við öldusótt (*B. melitensis*)

ISO-kóði	Aðildarríki
BE	Belgía
CZ	Tékkland
DK	Danmörk
DE	Þýskaland
EE	Eistland
IE	Írland
CY	Kýpur
LV	Lettland
LT	Litháen
LU	Lúxemborg
HU	Ungverjaland
NL	Holland
AT	Austurríki
PL	Pólland
RO	Rúmenía
SI	Slóvenía
SK	Slóvakía
FI	Finnland
SE	Svíþjóð
UK	Bretland“

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/130

2015/EES/63/13

frá 26. janúar 2015

um leyfi fyrir rannsóknarstofur í Kína til að framkvæma sermiprófanir til að vakta skilvirkni bóluefna við hundaæði

(tilkynnt með númeri C(2015) 279) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 2000/258/EB frá 20. mars 2000 um tilnefningu á sérstakri stofnun sem sér um að ákveða nauðsynlegar viðmiðanir við stöðlun sermiprófa til að fylgjast með árangri af notkun bóluefnis við hundaæði ([1]), einkum 2. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með ákvörðun 2000/258/EB er rannsóknarstofa frönsku matvælaöryggisstofnunarinnar (fr. *Agence française de sécurité sanitaire des aliments*) (AFSSA) í Nancy, Frakklandi (sameinuð *Agence nationale de sécurité sanitaire de l'alimentation, de l'environnement et du travail*, ANSES, frá 1. júlí 2010), tilnefnd sem sérstök stofnun sem ber ábyrgð á að ákveða nauðsynlegar viðmiðanir við stöðlun sermiprófana til að vakta skilvirkni bóluefna við hundaæði.

2) Í þeirri ákvörðun er kveðið á um að ANSES beri að skjalfesta mat á rannsóknarstofum í þriðju löndum sem hafa sótt um að framkvæma sermiprófanir til að vakta skilvirkni bóluefna við hundaæði.

3) Lögbært yfirvald Kína hefur lagt fram umsókn um samþykki fyrir greiningarstofu fyrir hundaæði og sjúkdóma sem berast milli manna og dýra í tengslum við villtar lífverur (e. *Diagnostic Laboratory for Rabies and Wildlife Associated Zoonoses*, DLR) Changchun rannsóknarstofnunar fyrir heilbrigði dýra og dýraafurða (e. *Changchun Veterinary Research Institute*) í Changchun og fyrir rannsóknarstofu í faraldsfræði (e. *Laboratory of Epidemiology*) rannsóknarstofnunar hersins fyrir heilbrigði dýra og dýraafurða (e. *Military Veterinary Research Institute*) í Changchun, sem er studd af hagstæðri matsskýrslu ANSES fyrir þessar rannsóknarstofur frá 15. september 2014.

4) Þessar rannsóknarstofur ættu því fá leyfi til að framkvæma sermiprófanir til að vakta skilvirkni bóluefna við hundaæði í hundum, köttum og frettum.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í samræmi við 2. mgr. 3. gr. ákvörðunar 2000/258/EB hafa eftirfarandi rannsóknarstofur heimild til að framkvæma sermiprófanir til að vakta skilvirkni bóluefna við hundaæði í hundum, köttum og frettum:

a) Diagnostic Laboratory for Rabies and Wildlife Associated Zoonoses (DLR)

Changchun Veterinary Research Institute (CVRI)

Chinese Academy of Agricultural Sciences (CAAS)

666 Liuying West Rd,

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 21, 28.1.2015, bls. 20. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 75/2015 frá 30. apríl 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 79, 30.3.2000, bls. 40.

Jingyue Economic Development Zone,

Changchun 130122

Kína

b) Laboratory of Epidemiology

Military Veterinary Research Institute,

Academy of Military Medical Sciences

666 Liuying West Rd, Jingyue Economic Development District

Changchun 130122

Kína

2. gr.

Ákvörðun þessi gildir frá 1. febrúar 2015.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 26. janúar 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Vytenis ANDRIUKAITIS

framkvæmdastjóri.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/278 **2015/EES/63/14**

frá 18. febrúar 2015

um breytingu á ákvörðun 2010/221/ESB að því er varðar landsráðstafanir til að koma í veg fyrir að tilteknir lagardýrasjúkdómar berist til hluta Írlands, Finnlands og Bretlands

(tilkynnt með númeri C(2015) 791) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2006/88/EB frá 24. október 2006 um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum ([1]), einkum 2. mgr. 43. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/221/ESB frá 15. apríl 2010 um samþykki á landsráðstöfunum til að takmarka áhrif tiltekinna sjúkdóma í lagareldisdýrum og villtum lagardýrum í samræmi við 43. gr. tilskipunar ráðsins 2006/88/EB ([2]) er tilteknum aðildarríkjum heimilað að beita takmörkunum varðandi setningu á markað og innflutningstakmörkunum á sendingar af lagardýrum til að koma í veg fyrir að tilteknir sjúkdómar berist til yfirráðasvæðis þeirra, að því tilskildu að þau hafi annaðhvort sýnt fram á að yfirráðasvæði þeirra, eða tiltekin afmörkuð svæði á yfirráðasvæði þeirra, séu laus við slíka sjúkdóma, eða komið á útrýmingar- eða eftirlitsáætlun til að verða laus við slíka sjúkdóma.

2) Í ákvörðun 2010/221/ESB er kveðið á um að aðildarríki og hlutar þeirra, sem eru skráð í I. viðauka við ákvörðunina, eigi að teljast laus við sjúkdómana sem eru skráðir í þann viðauka. Með þeirri ákvörðun eru að auki samþykktar útrýmingaráætlanir sem tiltekin aðildarríki hafa samþykkt að því er varðar svæðin og sjúkdómana sem eru skráð í II. viðauka við ákvörðunina. Með ákvörðuninni voru einnig samþykktar eftirlitsáætlanir í tengslum við ostruherpesveiru 1 µvar (OsHV-1 µVar) sem tiltekin aðildarríki hafa samþykkt að því er varðar svæðin sem eru skráð í III. viðauka við ákvörðunina.

3) Í I. viðauka við ákvörðun 2010/211/ESB eru sem stendur eftirfarandi hlutar Bretlands skráðir sem lausir við ostruherpesveiru 1µvar (OsHv-1µVar: yfirráðasvæði Bretlands, að undanskildu Whitstable Bay í Kent, Blackwater Estuary í Essex og Poole Harbour í Dorset, svæði Larne Lough á yfirráðasvæði Norður-Írlands og yfirráðasvæði Guernsey.

4) Bretland tilkynnti framkvæmdastjórninni um að OsHV-1 µVar hafi einnig greinst í *Crassostrea gigas* úr ánni Crouch í Essex. Þetta atvik er ný uppákoma OsHV-1µVar á svæði sem fellur undir yfirráðasvæði Bretlands, sem er sem stendur lýst laust við sjúkdóminn. Því ætti að breyta landfræðilegri afmörkun þeirra svæða Bretlands sem falla undir samþykktar landsráðstafanir, sem eru skráðar í I. viðauka við ákvörðun 2010/221/ESB.

5) Bretland upplýsti framkvæmdastjórnina einnig um að færslan sem varðar landfræðilega afmörkun þeirra hluta Norður-Írlands sem eru lýstir lausir við OsHV-1µVar í I. viðauka við ákvörðun 2010/221/ESB sé ekki í samræmi við þá yfirlýsingu. Rétt afmörkun ætti að vera: „yfirráðasvæði Norður-Írlands, að undanskildum Dundrum Bay, Killough Bay, Lough Foyle, Carlingford Lough og Strangford Lough.“ Því ætti að breyta I. viðauka til samræmis við það.

6) Svæði inn til landsins á yfirráðasvæði Finnlands eru skráð í II. viðauka við ákvörðun 2010/221/ESB sem yfirráðasvæði sem hafa innleitt samþykkta útrýmingaráætlun að því er varðar nýrnaveiki.

7) Í samræmi við það eru með ákvörðun 2010/221/ESB samþykktar tilteknar landsráðstafanir sem Finnland hefur gripið til varðandi tilflutning á sendingum af lagareldisdýrum af smitnæmum tegundum til þessara svæða. Í samræmi við 2. mgr. 3. gr. þeirrar ákvörðunar gildir heimildin til að beita þessum ráðstöfunum þó einungis til 31. desember 2015 til að unnt sé að endurmeta hvort þessar landsráðstafanir séu viðeigandi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 47, 20.2.2015, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2015 frá 30. apríl 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 328, 24.11.2006, bls. 14.

([2]) Stjtíð. ESB L 98, 20.4.2010, bls. 7.

8) Finnland upplýsti framkvæmdastjórnina um þá ákvörðun sína að taka nýrnaveiki af skrá yfir sjúkdóma í lagardýrum sem skyldubundið er að hafa eftirlit með og útrýma í Finnlandi. Sú ákvörðun öðlaðist gildi 1. desember 2014. Þar af leiðir að frá þeim degi er Finnland ekki með útrýmingaráætlun fyrir nýrnaveiki, sem er samþykkt í samræmi við 43. gr. tilskipunar 2006/88/EB, sem gildir fyrir allt yfirráðasvæðið eða hluta þess. Af þessum sökum ætti að fella brott færsluna fyrir Finnland í II. viðauka við ákvörðun 2010/221/ESB og sú breyting ætti að gilda frá 1. desember 2014.

9) Í III. viðauka við ákvörðun 2010/221/ESB eru sem stendur skráð sjö hólf innan yfirráðasvæðis Írlands, sem hafa innleitt samþykkta eftirlitsáætlun að því er varðar ostruherpesveiru 1 µvar (OsHV-1 µVar).

10) Írland hefur tilkynnt framkvæmdastjórninni um að OsHV-1 µVar hafi greinst í einu þessarar hólfa, nánar tiltekið í Askeaton Bay í hólfi 6. Af þessum sökum ætti að breyta landfræðilegri afmörkun hólfs 6 í færslunni fyrir Írland í III. viðauka við ákvörðun 2010/221/ESB.

11) Því ætti að breyta ákvörðun 2010/221/ESB til samræmis við það.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað I., II. og III. viðauka við ákvörðun 2010/221/ESB komi viðaukinn við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessi gildir frá 1. desember 2014.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. febrúar 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Vytenis ANDRIUKAITIS

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

„I. VIÐAUKI

Aðildarríki og svæði sem teljast laus við sjúkdómana sem eru skráðir í töflunni og þar sem landsráðstafanir til að koma í veg fyrir að þessir sjúkdómar berist þangað hafa verið samþykktar í samræmi við 2. mgr. 43. gr. tilskipunar 2006/88/EB

Sjúkdómur	Aðildarríki	Kóði	Landfræðileg afmörkun svæðisins sem fellur undir samþykktar landsráðstafanir
Vorveira í vatnakarpa (SVC)	Danmörk	DK	Allt yfirráðasvæðið
	Írland	IE	Allt yfirráðasvæðið
	Ungverjaland	HU	Allt yfirráðasvæðið
	Finnland	FI	Allt yfirráðasvæðið
	Svíþjóð	SE	Allt yfirráðasvæðið
	Bretland	UK	Allt yfirráðasvæði Bretlands Yfirráðasvæði Guernsey, Jersey og Manar
Nýrnaveiki (BKD)	Írland	IE	Allt yfirráðasvæðið
	Bretland	UK	Yfirráðasvæði Norður-Írlands Yfirráðasvæði Guernsey, Jersey og Manar
Brisdrep (IPN)	Finnland	FI	Svæði inn til landsins á yfirráðasvæði þess
	Svíþjóð	SE	Svæði inn til landsins á yfirráðasvæði hennar
	Bretland	UK	Yfirráðasvæði Manar
Sýkingar af völdum roðflyðrusníkils (*Gyrodactylus salaris*)	Írland	IE	Allt yfirráðasvæðið
	Finnland	FI	Vatnasvið Tenojoki og Näätämönjoki en vatnasvið Paatsjoki, Tuulomajoki og Uutuanjoki teljast sóttvarnabelti
	Bretland	UK	Allt yfirráðasvæði Bretlands Yfirráðasvæði Guernsey, Jersey og Manar
Ostruherpesveira 1 µvar (OsHV-1 µVar)	Bretland	UK	Yfirráðasvæði Stóra-Bretlands, að undanskildum Whitstable Bay í Kent, Blackwater Estuary og ánni Crouch í Essex og Poole Harbour í Dorset Yfirráðasvæði Norður-Írlands, að undanskildum Dundrum Bay, Killough Bay, Lough Foyle, Carlingford Lough og Strangford Lough Yfirráðasvæði Guernsey

II. VIÐAUKI

Aðildarríki og hlutar þeirra sem hafa innleitt útrýmingaráætlanir að því er varðar tiltekna sjúkdóma í lagareldisdýrum og þar sem landsráðstafanir til að verjast þessum sjúkdómum hafa verið samþykktar í samræmi við 2. mgr. 43. gr. tilskipunar 2006/88/EB

Sjúkdómur	Aðildarríki	Kóði	Landfræðileg afmörkun svæðisins sem fellur undir samþykktar landsráðstafanir
Nýrnaveiki (BKD)	Svíþjóð	SE	Svæði inn til landsins á yfirráðasvæði hennar
Brisdrepsveira (IPN)	Svíþjóð	SE	Strandsvæði á yfirráðasvæði hennar

III. VIÐAUKI

Aðildarríki og svæði sem hafa innleitt eftirlitsáætlanir að því er varðar ostruherpesveiru 1 µvar (OsHV-1 µVar) og þar sem landsráðstafanir til að verjast þessum sjúkdómi hafa verið samþykktar í samræmi við 2. mgr. 43. gr. tilskipunar 2006/88/EB

Sjúkdómur	Aðildarríki	Kóði	Landfræðileg afmörkun svæðisins sem hefur innleitt samþykktar landsráðstafanir (aðildarríki, svæði og hólf)
Ostruherpesveira 1 µvar (OsHV-1 µVar)	Írland	IE	Hólf 1: Sheephaven Bay Hólf 2: Gweebara Bay Hólf 3: Killala Bay, Broadhaven Bay og Blacksod Bay Hólf 4: Streamstown Bay Hólf 5: Bertraghboy Bay og Galway Bay Hólf 6: Poulnasharry Bay Hólf 7: Kenmare Bay“

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/266 **2015/EES/63/15**

frá 16. febrúar 2015

um að viðurkenna Mön sem lausa við varróaveiki og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarákvörðun 2013/503/ESB

(tilkynnt með númeri C(2015) 715) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 92/65/EBE frá 13. júlí 1992 um dýraheilbrigðiskröfur varðandi viðskipti innan Bandalagsins og innflutning til Bandalagsins á dýrum, sæði, eggfrumum og fósturvísum sem dýraheilbrigðiskröfur í sérreglum Bandalagsins er um getur í I. hluta viðauka A við tilskipun 90/425/EBE gilda ekki um ([1]), einkum 2. mgr. 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 92/65/EBE er mælt fyrir um dýraheilbrigðiskröfur sem gilda um viðskipti innan Evrópusambandsins og innflutning þangað á dýrum, sæði, eggfrumum og fósturvísum sem dýraheilbrigðiskröfur í sértækum gerðum Evrópusambandsins, sem um getur í viðauka F við þá tilskipun, gilda ekki um.

2) Varróaveiki í býflugum er á skrá í viðauka B við tilskipun 92/65/EBE með eldra heiti sínu *„varroasis“*. Henni valda útsníklar, mítlar af ættkvíslinni *Varroa*, og hefur verið tilkynnt um hana um allan heim.

3) Í 15. gr. tilskipunar 92/65/EBE er kveðið á um að ef aðildarríki telur að yfirráðasvæði þess eða hluti af yfirráðasvæði þess sé laus við einn eða fleiri þeirra sjúkdóma sem eru skráðir í viðauka B við tilskipunina eigi það að leggja fyrir framkvæmdastjórnina viðeigandi gögn, sem eiga að liggja til grundvallar samþykkt á ákvörðun.

4) Varróaveiki breiðist út með flutningi á ungviði býflugna og beinni snertingu milli smitaðra fullvaxinna býflugna. Það síðarnefnda er einungis mögulegt innan flugsvæðis býflugunnar. Af þessum sökum fá yfirráðasvæði einungis viðurkenningu á að þau séu sjúkdómslaus ef hægt er að stýra flutningi á býflugnabúum og ungviði og ef þau eru nógu einangruð landfræðilega til að koma í veg fyrir að utanaðkomandi býflugur fari inn á þau. Auk þess verða lögbær yfirvöld að sanna með niðurstöðum úr langtímavöktunum að svæðið sé í raun laust við varróaveiki og að þeirri stöðu sé viðhaldið með ströngu eftirliti með aðflutningi lifandi býflugna og ungviðis.

5) Með samþykkt framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2013/503/ESB ([2]) voru Álandseyjar í Finnlandi viðurkenndar sem svæði sem er laust við varróaveiki.

6) Bretland hefur farið fram á það við framkvæmdastjórnina að yfirráðasvæði Manar verði viðurkennt sem laust við varróaveiki.

7) Mön hefur tiltekin takmörkuð tengsl við Sambandið þó að hún sé, sem hjálenda Bresku krúnunnar með sjálfstjórn í innri málefnum, ekki hluti Sambandsins. Af þessum sökum er kveðið á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 706/73 ([3]) að Bretland og Mön skuli meðhöndluð sem eitt aðildarríki við beitingu reglna sem varða m.a. dýraheilbrigðislöggjöf.

8) Varróaveiki er tilkynningarskyldur sjúkdómur á Mön og hvorki má flytja býflugur á neinu stigi lífsferils þeirra né notaðar býkúpur, býflugnakörfur (e. *skep*) eða hvers kyns ílát til að hýsa býflugur frá meginlandi Bretlands til Manar. Að auki er Mön eyja sem er staðsett á Írlandshafi langt utan flugsvæðis býflugna og er því landfræðilega séð nægilega aðskilin svæðum sem geta verið sýkt af varróaveiki.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 45, 19.2.2015, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/2015 frá 30. apríl 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 268, 14.9.1992, bls. 54.

([2]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/503/ESB frá 11. október 2013 um að viðurkenna hluta Sambandsins sem lausa við varróaveiki í býflugum og um viðbótarábyrgðir sem krafist er vegna viðskipta innan Sambandsins og innflutnings til að vernda sjúkdómslausa stöðu þeirra að því er varðar varróaveiki (Stjtíð. ESB L 273, 15.10.2013, bls. 38).

([3]) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 706/73 frá 12. mars 1973 um Bandalagsákvæði sem gilda um Ermarsundseyjar og Mön og varða viðskipti með landbúnaðarafurðir (Stjtíð EB L 68, 15.3.1973, bls. 1).

9) Bretland hefur, í samræmi við 1. mgr. 15. gr. tilskipunar 92/65/EBE, lagt gögn fyrir framkvæmdastjórnina þar sem greint er ítarlega frá eftirlitsráðstöfunum sem hefur verið beitt í nokkur ár vegna býflugnastofna á Mön og fyrirkomulagi til að sannreyna að varróaveira sé ekki til staðar í þeim stofnum.

10) Í kjölfar mats á gögnum sem Bretland lagði fram má líta svo á að Mön sé yfirráðasvæði Bretlands sem er laust við varróaveiki.

11) Því ætti að skilgreina viðbótarábyrgðirnar, sem krafist er við viðskipti, með hliðsjón af þeim ráðstöfunum sem þegar er kveðið á um í löggjöf Manar.

12) Því ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarákvörðun 2013/503/ESB til samræmis við það.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við ákvörðun 2013/503/EB kemur viðaukinn við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. febrúar 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Vytenis ANDRIUKAITIS

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

„VIÐAUKI

Aðildarríki eða yfirráðasvæði þeirra sem eru viðurkennd sem laus við varróaveiki

1	2	3	4	5
ISO-kóði	Aðildarríki	Yfirráðasvæði sem er viðurkennt sem laust við varróaveiki	Kóði í TRACES-kerfinu Staðbundin dýralæknaeining	Vörur sem er bannað að flytja inn á yfirráðasvæði sem er skráð í þriðja dálk
FI	Finnland	Álandseyjar	FI00300 AHVENANMAAN VALTIONVIRASTO	Ungviði í lokuðum hólfum og klaktar, fullvaxnar, lifandi býflugur
UK	Bretland	Mön	GB06301 MÖN	Býflugur á öllum stigum lífsferils þeirra, notaðar býkúpur, býflugnakörfur eða hvers kyns ílát til að hýsa býflugur“

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2014/47/ESB **2015/EES/63/16**

frá 3. apríl 2014

um tæknilegt eftirlit á vegum með akstursháefni atvinnuökutækja í Sambandinu og um niðurfellingu á tilskipun 2000/30/EB (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 91. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í hvítbók sinni frá 28. mars 2011, sem ber titilinn „Vegvísir að samevrópsku flutningasvæði – í átt að samkeppnishæfu og auðlindanýtnu flutningakerfi“, setti framkvæmdastjórnin fram markmið um „núllsýn“ en samkvæmt því ætti Sambandið nánast að koma alveg í veg fyrir dauðaslys í flutningum á vegum eigi síðar en 2050. Í því skyni að ná þessu markmiði er talið að tækni ökutækja muni eiga stóran þátt í því að stuðla að úrbótum á sviði öryggis við flutninga á vegum.

2) Í orðsendingu sinni, sem ber titilinn „Leiðin til evrópsks umferðaröryggissvæðis: stefnumið um umferðaröryggi 2011-2020“, lagði framkvæmdastjórnin enn fremur til að dauðaslysum á vegum í Sambandinu yrði fækkað um helming eigi síðar en 2020, þar sem upphafsárið er 2010. Í því skyni að ná þessu markmiði setti framkvæmdastjórnin fram sjö stefnumarkmið og tilgreindi aðgerðir til að gera ökutæki öruggari, áætlun til að fækka slysum og ráðstafanir til að bæta öryggi óvarinna vegfarenda, einkum ökumanna bifhjóla.

3) Prófun á akstursháefni er hluti af víðtækara kerfi sem tryggir að ástand ökutækja sé öruggt og viðunandi, með tilliti til umhverfisins, á meðan þau eru í notkun. Þetta kerfi ætti að ná til reglubundinna prófana á akstursháefni ökutækja og tæknilegs eftirlits á vegum með ökutækjum, sem notuð eru til vöruflutninga á vegum, ásamt því að kveða á um aðferð við skráningu ökutækja, sem heimilar tímabundna niðurfellingu á leyfi til notkunar ökutækis í umferð á vegum, ef ökutækið er hættulegt umferðaröryggi. Reglubundin prófun ætti að vera helsta aðferðin til að tryggja akstursháefni. Eftirlit á vegum með atvinnuökutækjum ætti aðeins að vera viðbót við reglubundna prófun.

4) Nokkrir tæknistaðlar og kröfur, sem varða eiginleika ökutækja með tilliti til öryggis og umhverfisverndar, hafa verið samþykkt í Sambandinu. Nauðsynlegt er að tryggja að ökutæki haldist áfram ökufær fyrir tilstuðlan fyrirkomulags um ófyrirsjáanlegt tæknilegt eftirlit á vegum.

5) Tæknilegt eftirlit á vegum er þýðingarmikill þáttur í því að viðhalda akstursháefni atvinnuökutækja á háu stigi allan þann tíma sem þau eru í notkun. Slíkt eftirlit stuðlar ekki einungis að umferðaröryggi og því að draga úr losun ökutækja heldur einnig að því að koma í veg fyrir óheiðarlega samkeppni í flutningum á vegum sökum þess að eftirlitsstig í aðildarríkjunum eru mismunandi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 127, 29.4.2014, bls. 134. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/2015 frá 30. apríl 2015 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 44, 15.2.2013, bls. 128.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 11. mars 2014 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 24. mars 2014.

6) Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1071/2009 ([3]) er stofnuð evrópsk skrá yfir flutningafyrirtæki á vegum (ERRU). Evrópsk skrá yfir flutningafyrirtæki á vegum gerir kleift að tengja saman rafrænar landsskrár yfir flutningafyrirtæki í öllu Sambandinu í samræmi við reglur Sambandsins um vernd persónuupplýsinga. Notkun þessa kerfis, sem lögbært yfirvald hvers aðildarríkis stjórnar, auðveldar samstarf aðildarríkjanna.

7) Þessi tilskipun ætti að gilda um tiltekin atvinnuökutæki með hönnunarhraða yfir 25 km/klst., sem falla undir flokkana sem skilgreindir eru í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB ([4]). Hún ætti þó ekki að koma í veg fyrir að aðildarríkin framkvæmi tæknilegt eftirlit á vegum með ökutækjum, sem falla ekki undir þessa tilskipun, eða hafi eftirlit með öðrum þáttum flutninga á vegum, einkum þeim sem tengjast aksturs- og hvíldartíma eða flutningi á hættulegum farmi.

8) Dráttarvélar á hjólum með hámarkshönnunarhraða yfir 40 km/klst. eru í auknum mæli notaðar í stað vörubifreiða í staðbundinni flutningastarfsemi og flutningum á vegum í atvinnuskyni. Hugsanleg áhætta af starfsemi þeirra er sambærileg þeirri sem stafar af vörubifreiðum og ökutæki í þeim flokki, sem eru aðallega notuð á opinberum vegum, ættu því að gangast undir tæknilegt eftirlit á vegum á sama hátt og vörubifreiðir.

9) Skýrslur um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/30/EB ([5]) sýna greinilega mikilvægi tæknilegs eftirlits á vegum. Á tímabilinu 2009–2010 var tilkynnt um að yfir 350 000 ökutæki, sem gengust undir tæknilegt eftirlit á vegum í öllu Sambandinu, væru í ástandi sem krefðist kyrrsetningu þeirra. Þessar skýrslur sýna einnig mjög mikinn mun á niðurstöðum eftirlits sem framkvæmt er í mismunandi aðildarríkjum. Á tímabilinu 2009–2010 var hlutfall tiltekinna annmarka, sem komu í ljós, frá 2,1% af öllum ökutækjum, sem gengust undir eftirlit í einu aðildarríki, til 48,3% í öðru aðildarríki. Að lokum sýndu þessar skýrslur umtalsverðan mun á milli aðildarríkja að því er varðar fjölda framkvæmdra eftirlitsskoðana vegna tæknilegs eftirlits á vegum. Til þess að koma meira jafnvægi á þessa nálgun ættu aðildarríkin að skuldbinda sig til að framkvæma viðeigandi fjölda eftirlitsskoðana, í réttu hlutfalli við fjölda atvinnuökutækja sem eru skráð og/eða starfrækt á yfirráðasvæði þeirra.

10) Sendibifreiðar, eins og t.d. ökutæki í flokki N_1, og eftirvagnar þeirra falla ekki undir sömu öryggiskröfur á vettvangi Sambandsins og þung ökutæki, eins og t.d. varðandi aksturstíma, þjálfun atvinnuökumanna eða uppsetningu hraðatakmörkunarbúnaðar. Jafnvel þótt ökutæki í flokki N_1 falli ekki undir gildissvið þessarar tilskipunar ættu aðildarríkin að taka tillit til slíkra ökutækja í áætlunum sínum um umferðaröryggi í heild sinni og við eftirlit á vegum.

11) Til að koma í veg fyrir ónauðsynlegar stjórnsýslubyrðar og -kostnað og til að bæta skilvirkni við eftirlit ættu lögbær landsyfirvöld að eiga möguleika á því að setja í forgang að velja ökutæki, sem starfrækt eru innan fyrirtækja þar sem farið er að umferðaröryggis- og umhverfisstöðlum, og að sama skapi ætti að veita umbun fyrir ökutæki, sem eru starfrækt af ábyrgum og öryggismeðvituðum rekstraraðilum og sem er viðhaldið á tilhlýðilegan hátt, með því að láta þau gangast undir færri eftirlitsskoðanir en ella. Val á ökutækjum, sem hafa á eftirlit með á vegum, sem byggist á áhættusniði rekstraraðila þeirra, gæti reynst nytsamlegt með hliðsjón af því að skoða fyrirtæki, þar sem starfsemin felur í sér mikla áhættu, betur og oftar en ella.

12) Við eftirlitsskoðanir á vegum ætti að styðjast við áhættumatskerfi. Með reglugerð (EB) nr. 1071/2009 er gerð krafa um að aðildarríkin víkki út áhættuflokkun sína, sem var innleidd samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/22/EB ([6]), að því er varðar framkvæmd reglna um aksturs- og hvíldartíma, svo hún nái yfir önnur tilgreind svið sem tengjast flutningum á vegum, þ.m.t. akstursháfni atvinnuökutækja. Af þessum sökum ætti að taka upplýsingar

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1071/2009 frá 21. október 2009 um sameiginlegar reglur varðandi skilyrði sem uppfylla þarf til þess að mega starfa sem flutningsaðili á vegum og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 96/26/EB (Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 51).

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (Stjtíð. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1).

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/30/EB frá 6. júní 2000 um tæknilegt eftirlit á vegum með akstursháfni vöruflutningabifreiða í Bandalaginu (Stjtíð. ESB L 203, 10.8.2000, bls. 1).

([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/22/EB frá 15. mars 2006 um lágmarksskilyrði fyrir framkvæmd reglugerða ráðsins (EBE) nr. 3820/85 og (EBE) nr. 3821/85 varðandi félagsmálalöggjöf er varðar flutningastarfsemi á vegum og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 88/599/EBE (Stjtíð. ESB L 102, 11.4.2006, bls. 35).

um fjölda og alvarleika annmarka, sem koma í ljós í ökutækjum, inn í áhættumatskerfið sem innleitt er með 9. gr. tilskipunar 2006/22/EB. Aðildarríki ættu að eiga kost á að ákvarða viðeigandi tækni- og stjórnunarfyrirkomulag í tengslum við starfrækslu áhættumatskerfa. Greina ætti nánar skilvirkni og samræmingu áhættumatskerfa í öllu Sambandinu.

13) Handhafi skráningarvottorðs og, eftir atvikum, rekstraraðili ökutækisins, ættu að bera ábyrgð á að halda ökutækinu í akstursháefu ástandi.

14) Við framkvæmd tæknilegs eftirlits á vegum ættu skoðunarmenn að starfa með sjálfstæðum hætti og hagsmunaárekstrar ættu ekki að hafa áhrif á mat þeirra, þ.m.t. mál sem eru efnahagslegs eða persónulegs eðlis, einkum sem varða ökumanninn, rekstraraðila eða handhafa skráningarvottorðs og gætu haft áhrif á óhlutdrægni og hlutlægni ákvarðana þeirra. Því ætti ekki að vera beint samband á milli launa skoðunarmanna og niðurstaðna tæknilegs eftirlits á vegum. Þetta ætti ekki að koma í veg fyrir að aðildarríki heimili einkaaðilum að framkvæma bæði nákvæmt tæknilegt eftirlit á vegum og viðgerðir á ökutækjum, jafnvel á sama ökutækinu.

15) Tæknilegar eftirlitsskoðanir á vegum ættu að samanstanda af fyrstu skoðun og, ef nauðsyn krefur, nákvæmari skoðunum. Í báðum tilvikum ættu þær að ná til viðeigandi hluta og kerfa ökutækjanna. Til að unnt sé að samræma nákvæmar eftirlitsskoðanir á vettvangi Sambandsins ætti að innleiða, fyrir hvern prófunarþátt, prófunaraðferðir, sem mælt er með, og dæmi um annmarka og flokkun þeirra samkvæmt alvarleika þeirra.

16) Frágangur farms skiptir sköpum fyrir umferðaröryggi. Því ætti að ganga þannig frá farmi að hann þoli hraðabreytingar sem eiga sér stað við notkun ökutækisins á vegum. Til hagræðingar ætti að nota viðmiðunarmörk, sem byggjast á Evrópustöðlum, um þá massakrafta sem leiða af slíkum hraðabreytingum. Starfsfólk, sem tekur þátt í eftirliti með því hvort frágangur farms sé fullnægjandi, ætti að hljóta viðeigandi þjálfun.

17) Allir aðilar, sem taka þátt í vöruferilsstjórnunarferlinu, þ.m.t. þeir sem sjá um pökkun og hleðslu, flutningafyrirtæki, rekstraraðilar og ökumenn, hafa ákveðnu hlutverki að gegna við að tryggja að pökkun og hleðsla farms fari fram á tilhlýðilegan hátt á hentugu ökutæki.

18) Í mörgum aðildarríkjum eru samdar rafrænar skýrslur um tæknilegar eftirlitsskoðanir á vegum. Í slíkum tilvikum ætti ökumaðurinn að fá afrit af skoðunarskýrslunni. Öll gögn og upplýsingar, sem safnað er saman við tæknilegt eftirlit á vegum, ætti að færa í sameiginlegt gagnasafn hlutaðeigandi aðildarríkis svo auðvelt sé að vinna úr gögnunum og unnt sé að færa viðeigandi upplýsingar til án þess að auka stjórnsýslubyrði.

19) Til að draga úr stjórnsýslubyrði eftirlitsyfirvalda ættu skýrslur um fyrstu tæknilegu skoðun á vegum, þ.m.t. á ökutækjum, sem eru skráð í þriðju löndum, aðeins að innihalda grunnupplýsingar um að eftirlit með tilgreindu ökutæki hafi farið fram og upplýsingar um niðurstöður þessa eftirlits. Einungis ætti að fara fram á nákvæma skýrslu þegar nákvæm skoðun fer fram í kjölfar fyrstu skoðunar.

20) Framkvæmdastjórnin ætti að skoða hvort sameina megi skýrslueyðublaðið í IV. viðauka öðrum skýrslum.

21) Notkun færanlegra eftirlitseininga styttir tafir og minnkar kostnað fyrir rekstraraðila þar sem unnt er að framkvæma nákvæmar skoðanir úti á vegum. Einnig mætti nota nálægar prófunarstöðvar og nálæga tilnefnda skoðunaraðstöðu til að framkvæma nákvæmar skoðanir.

22) Starfsfólk, sem framkvæmir tæknilegt eftirlit á vegum, ætti að hafa viðeigandi menntun eða þjálfun, þ.m.t. til að framkvæma sjónrænar skoðanir með skilvirkum hætti. Skoðunarmenn, sem framkvæma nákvæmt tæknilegt eftirlit á vegum, ættu að hafa a.m.k. sömu hæfni og uppfylla sömu kröfur og þeir sem framkvæma prófanir á akstursháefni í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/45/ESB ([7]). Aðildarríki ættu að fara fram á að skoðunarmenn, sem annast eftirlitskoðanir í tilnefndri eftirlitsaðstöðu úti á vegum eða sem nota færanlegar eftirlitseiningar, uppfylli þessar kröfur eða sambærilegar kröfur sem lögbært yfirvald hefur samþykkt.

23) Til að draga úr kostnaði við notkun tæknibúnaðar við nákvæmt eftirlit á vegum ættu aðildarríkin að geta farið fram á greiðslu í þeim tilvikum sem annmarkar hafa komið í ljós. Fjárhæð þessarar greiðslu ætti að vera sanngjörn og hófleg.

24) Samstarf og skipti á bestu starfsvenjum á milli aðildarríkjanna skiptir sköpum til að ná samræmdu kerfi fyrir tæknilegt eftirlit á vegum í öllu Sambandinu. Af þessum sökum ættu aðildarríkin að starfa náið saman, einnig meðan á starfsemi stendur, þegar mögulegt er. Slíkt samstarf ætti að fela í sér reglubundna skipulagningu samstillts tæknilegs eftirlits á vegum.

25) Til að tryggja skilvirkni í upplýsingaskiptum milli aðildarríkjanna ætti að vera tengiliður í hverju aðildarríki til að annast samskipti við önnur viðkomandi lögbær yfirvöld. Sá tengiliður ætti einnig að taka saman viðeigandi tölfræðilegar upplýsingar. Enn fremur ættu aðildarríkin að beita samstilltri framfylgdaráætlun á eigin yfirráðasvæði og ættu að geta tilnefnt aðila til að samhæfa framkvæmd hennar. Lögbært yfirvald í hverju aðildarríki ætti að tiltaka verklag með tímamörkum og hvaða upplýsingar eigi að framsenda.

26) Við tilnefningu tengiliða ætti að virða stjórnarskrárákvæði og þær valdheimildir sem af þeim leiða.

27) Til að mögulegt sé að vakta fyrirkomulagið í Sambandinu um eftirlit á vegum ættu aðildarríkin að senda framkvæmdastjórninni, fyrir 31. mars 2021 og á tveggja ára fresti eftir það, fyrir 31. mars, niðurstöður tæknilega eftirlits á vegum sem farið hefur fram. Framkvæmdastjórnin ætti að gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um þau gögn sem safnað hefur verið.

28) Til að lágmarka þann tíma sem fyrirtæki og ökumenn tapa og til að auka heildarskilvirkni vegaeftirlits ætti að hvetja til framkvæmdar tæknilegs eftirlits á vegum ásamt athugun á því hvort farið sé að ákvæðum félagsmálalöggjafar á sviði flutninga á vegum, einkum reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 ([8]), tilskipun 2006/22/EB og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85 ([9]).

29) Aðildarríkin ættu að mæla fyrir um reglur um viðurlög við brotum á ákvæðum þessarar tilskipunar og sjá til þess að þeim sé framfylgt. Þessi viðurlög ættu að vera árangursrík, í réttu hlutfalli við brotið, letjandi og án mismununar. Aðildarríkin ættu einkum að gera viðeigandi ráðstafanir til að taka á því ef ökumaður eða rekstraraðili er ófús til samstarfs við skoðunarmann og ef um er að ræða óheimila notkun ökutækis með hættulega annmarka.

30) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar tilskipunar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ([10]).

([7]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/45/ESB frá 3. apríl 2014 um reglubundnar prófanir á akstursháefni vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra og um niðurfellingu á tilskipun 2009/40/EB (Stjtíð. ESB L 127, 29.4.2014, bls. 51).

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 frá 15. mars 2006 um samhæfingu tiltekinna ákvæða félagsmálalöggjafarinnar er varða flutninga á vegum og um breytingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 3821/85 og (EB) nr. 2135/98 og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3820/85 (Stjtíð. ESB L 102, 11.4.2006, bls. 1).

([9]) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85 frá 20. desember 1985 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum (Stjtíð. EB L 370, 31.12.1985, bls. 8).

([10]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

31) Framkvæmdastjórnin ætti ekki að samþykkja framkvæmdargerðir um verklag um að tilkynna tengiliðum skráningaraðildarríkja um ökutæki með meiriháttar eða hættulega annmarka eða framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um gagnaeyðublað um að senda framkvæmdastjórninni upplýsingar, sem aðildarríkin safna um ökutæki, sem gangast undir eftirlit, ef nefndin, sem komið var á fót samkvæmt þessari tilskipun, gefur ekki álit sitt á drögum að framkvæmdargerðinni sem framkvæmdastjórnin leggur fram.

32) Til að uppfæra 1. mgr. 2. gr. og 6. lið IV. viðauka, eins og við á, án þess að það hafi áhrif á gildissvið þessarar tilskipunar, til að uppfæra 2. lið II. viðauka, að því er varðar aðferðir, og breyta 2. lið II. viðauka, að því er varðar skrá yfir prófunaratriði, aðferðir, ástæður fyrir bilun og mat á annmörkum, ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Það er einkar mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu framseldra gerða ætti framkvæmdastjórnin að tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.

33) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, þ.e. að auka umferðaröryggi með því að mæla fyrir um sameiginlegar lágmarkskröfur og samræmdar reglur um tæknilegt eftirlit á vegum í Sambandinu, með samræmdum hætti í öllum aðildarríkjunum, og því verður betur náð á vettvangi Evrópusambandsins, vegna umfangs aðgerðanna, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessu markmiði.

34) Í þessari tilskipun er tekið tillit til þeirra grundvallarréttinda og þeim meginreglum fylgt sem eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, eins og um getur í 6. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.

35) Í þessari tilskipun er þróað fyrirkomulag um fyrirliggjandi tæknilegt eftirlit á vegum, tæknilegar kröfur tilskipunar 2000/30/EB eru uppfærðar og reglurnar í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2010/379/ESB ([11]) samþættar. Af þessum sökum ætti að fella tilskipun 2000/30/EB úr gildi.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

EFNI, SKILGREININGAR OG GILDISSVIÐ

1. gr.

Efni

Til að bæta umferðaröryggi og umhverfið eru með þessari tilskipun innleiddar lágmarkskröfur um fyrirkomulag tæknilegs eftirlits á vegum með akstursháefni atvinnuökutækja á vegum á yfirráðasvæði aðildarríkjanna.

2. gr.

Gildissvið

1. Þessi tilskipun gildir um atvinnuökutæki með hönnunarhraða yfir 25 km/klst., í eftirfarandi flokkum, eins og þeir eru skilgreindir í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/37/EB ([12]) og tilskipun 2007/46/EB:

a) vélknúin ökutæki sem eru hönnuð og smíðuð einkum í þeim tilgangi að flytja fólk og farangur og þar sem ekki eru fleiri en átta sæti til viðbótar við sæti ökumanns — ökutækjaflokkar M_2 og M_3,

([11]) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2010/379/ESB frá 5. júlí 2010 um áhættumat á annmörkum, sem koma í ljós við tæknilegt eftirlit á vegum (með atvinnuökutækjum), í samræmi við tilskipun 2000/30/EB (Stjtíð. ESB L 173, 8.7.2010, bls. 97).

([12]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/37/EB frá 26. maí 2003 um gerðarviðurkenningu á dráttarvélum fyrir landbúnað eða skógrækt, eftirvögnum þeirra og útskiptanlegum, dregnum tækjum ásamt kerfum þeirra, íhlutum og aðskildum tæknieiningum og um niðurfellingu á tilskipun 74/150/EBE (Stjtíð. ESB L 171, 9.7.2003, bls. 1.).

b) vélknúin ökutæki, sem eru hönnuð og smíðuð einkum í þeim tilgangi að flytja vörur, með hámarksmassa yfir 3,5 tonnum — ökutækjaflokkar N_2 og N_3,

c) eftirvagnar, sem eru hannaðir og smíðaðir til að flytja vörur eða fólk og sem íverustaðir fyrir fólk, með hámarksmassa yfir 3,5 tonnum — ökutækjaflokkar O_3 og O_4,

d) dráttarvélar á hjólum í flokki T5, sem eru aðallega notaðar á opinberum vegum til flutninga á vegum í atvinnuskyni og hafa hámarkshönnunarhraða yfir 40 km/klst.

2. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á rétt aðildarríkjanna til að framkvæma tæknilegt eftirlit á vegum með ökutækjum, sem falla ekki undir þessa tilskipun, t.d. létt atvinnuökutæki í flokki N_1með hámarksmassa sem er ekki yfir 3,5 tonnum, og athuga önnur atriði, sem varða flutninga og öryggi á vegum, eða framkvæma eftirlitskoðanir annars staðar en á opinberum vegum. Ekkert í þessari tilskipun kemur í veg fyrir að aðildarríkin takmarki notkun tiltekinnar gerðar ökutækis við ákveðinn hluta vegakerfis síns í þágu umferðaröryggis.

3. gr.

Skilgreiningar

Aðeins í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „ökutæki“: vélknúið ökutæki eða eftirvagn þess sem er ekki á járnbrautarteinum,

2) „vélknúið ökutæki“: aflknúið ökutæki á hjólum, sem gengur fyrir eigin afli, með hámarkshönnunarhraða yfir 25 km/klst.,

3) „eftirvagn“: ökutæki á hjólum sem er ekki sjálfknúið en er hannað og smíðað til þess að vera dregið af vélknúnu ökutæki,

4) „festivagn“: eftirvagn sem er hannaður til að tengjast vélknúnu ökutæki þannig að hluti hans hvíli á vélknúna ökutækinu og talsverður hluti af þyngd hans og þyngd farmsins hvíli á vélknúna ökutækinu,

5) „farmur“: allar vörur, sem eru að jafnaði settar í eða á þann hluta ökutækis sem er hannaður til að bera farm og er ekki hluti af föstum búnaði ökutækisins, þ.m.t. hlutir á burðarvögnum, t.d. kassar, lausar yfirbyggingar eða gámar á ökutækjum,

6) „atvinnuökutæki“: vélknúið ökutæki og eftirvagn þess eða festivagn, sem er aðallega notaður til vöru- eða farþegaflutninga í atvinnuskyni, t.d. flutningar gegn gjaldi eða fyrir eigin reikning eða í öðrum tilgangi í atvinnuskyni,

7) „ökutæki skráð í aðildarríki“: ökutæki sem er skráð eða tekið í notkun í aðildarríki,

8) „handhafi skráningarvottorðs“: sá lögaðili eða einstaklingur sem er skráður fyrir ökutækinu,

9) „fyrirtæki“: fyrirtæki eins og það er skilgreint í 4. lið 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1071/2009,

10) „tæknilegt eftirlit á vegum“: ófyrirsjáanlegt tæknilegt eftirlit með akstursháefni atvinnuökutækis sem lögbært yfirvald aðildarríkis framkvæmir eða fer fram undir beinni umsjón þess,

11) „opinber vegur“: vegur sem er ætlaður almenningi til notkunar, t.d. staðbundinn, svæðisbundinn eða landsbundinn vegur, þjóðvegur, stofnvegur með vegamótum í plani eða stofnvegur með mislægum vegamótum,

12) „prófun á akstursháefni“: skoðun í samræmi við 9. lið 3. gr. tilskipunar 2014/45/ESB,

13) „skírteini um akstursháefni“: skýrsla um prófun á akstursháefni sem lögbært yfirvald eða prófunarstöð gefur út og inniheldur niðurstöður prófunar á akstursháefni,

14) „lögbært yfirvald“: yfirvald eða opinber aðili sem aðildarríki felur ábyrgðina á að stjórna kerfi fyrir tæknilegt eftirlit á vegum, þ.m.t., eftir því sem við á, framkvæmd slíks eftirlits,

15) „skoðunarmaður“: einstaklingur sem hefur heimild aðildarríkis eða lögbærs yfirvalds þess til að framkvæma fyrstu og/eða nákvæmar tæknilegar eftirlitsskoðanir á vegum,

16) „annmarkar“: tæknibilanir eða önnur tilvik þar sem í ljós kemur við tæknilegt eftirlit á vegum að kröfur hafa ekki verið uppfylltar,

17) „samstillt eftirlit á vegum“: tæknilegt eftirlit á vegum sem lögbær yfirvöld tveggja eða fleiri aðildarríkja framkvæma sameiginlega,

18) „rekstraraðili“: einstaklingur eða lögaðili, sem starfrækir ökutækið sem eigandi þess eða hefur heimild eiganda þess til að starfrækja það,

19) „færanleg eftirlitseining“: hreyfanleg eining með prófunarbúnaði, sem er nauðsynleg til að framkvæma nákvæmt, tæknilegt eftirlit á vegum með skoðunarmönnum sem eru hæfir til að framkvæma nákvæmt eftirlit á vegum,

20) „tilnefnd eftirlitsaðstaða úti á vegum“: tiltekið svæði til að framkvæma fyrstu og/eða nákvæmar tæknilegar eftirlitsskoðanir á vegum sem einnig er mögulegt að útbúa með varanlega uppsettum prófunarbúnaði.

II. KAFLI

TÆKNILEGT EFTIRLIT Á VEGUM OG ALMENNAR SKYLDUR

4. gr.

Eftirlit úti á vegum

Tæknilegt eftirlitskerfi á vegum skal fela í sér fyrstu tæknilegu eftirlitsskoðanirnar á vegum, eins og um getur í 1. mgr. 10. gr., og nákvæmar tæknilegar eftirlitsskoðanir á vegum eins og um getur í 2. mgr. 10. gr.

5. gr.

Hlutfall ökutækja sem á að skoða

1. Að því er varðar ökutæki, sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 2. gr., skal heildarfjöldi fyrstu tæknilegu eftirlitsskoðana á vegum í Sambandinu á hverju almanaksári samsvara a.m.k. 5% af heildarfjölda þessara ökutækja sem eru skráð í aðildarríkjunum.

2. Hvert aðildarríki skal leitast við að framkvæma viðeigandi fjölda fyrstu tæknilegu eftirlitsskoðana á vegum, í hlutfalli við heildarfjölda slíkra ökutækja sem eru skráð á yfirráðasvæði þess.

3. Senda skal upplýsingar um þau ökutæki sem gangast undir eftirlit til framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 1. mgr. 20. gr.

6. gr.

Áhættumatskerfi

Að því er varðar ökutæki, sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 2. gr., skulu aðildarríkin tryggja að upplýsingar um fjölda og alvarleika annmarka, sem settir eru fram í II. viðauka, og, eftir atvikum, III. viðauka, sem koma í ljós í ökutækjum sem einstök fyrirtæki starfrækja, séu færðar í áhættumatskerfið sem komið var á fót skv. 9. gr. tilskipunar 2006/22/EB. Þegar aðildarríkin úthluta aðildarríki áhættusniði mega þau nota viðmiðanirnar sem settar eru fram í I. viðauka. Nota skal þessar upplýsingar til að hafa nákvæmara og tíðara eftirlit með fyrirtækjum með hátt áhættumat. Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu starfrækja áhættumatskerfið.

Að því er varðar framkvæmd fyrstu undirgreinar skal skráningaraðildarríkið nota upplýsingarnar, sem það fær frá öðrum aðildarríkjum, skv. 1. mgr. 18. gr.

Aðildarríkin geta heimilað valkvæðar viðbótarprófanir á akstursháefni. Taka má tillit til upplýsinga um hvort farið sé að kröfum um akstursháefni, sem fengnar eru úr valkvæðum prófunum, til að bæta áhættusnið fyrirtækis.

7. gr.

Ábyrgðarsvið

1. Aðildarríkin skulu fara fram á að skírteini um akstursháefni, sem samsvarar síðustu reglubundnu prófun á akstursháefni, eða afrit af því, ef um er að ræða rafrænt skírteini um akstursháefni, vottað útprent af því skírteini eða frumrit þess og skýrsla um síðasta tæknilegt eftirlit á vegum, sé geymd um borð í ökutækinu þegar slíkt er tiltækt. Aðildarríki geta heimilað yfirvöldum sínum að samþykkja rafrænar sannanir um slíkar eftirlitsskoðanir þegar upplýsingar eru tiltækar með þeim hætti.

2. Aðildarríki skulu krefjast þess að fyrirtæki og ökumenn ökutækis, sem gengst undir tæknilegt eftirlit á vegum, starfi með skoðunarmönnum og veiti aðgang að ökutækinu, hlutum þess og öllum viðkomandi skjölum sem skipta máli fyrir eftirlitið.

3. Aðildarríki skulu tryggja að ábyrgð fyrirtækja um að viðhalda ökutækjum sínum í öruggu og akstursháefu ástandi sé skilgreind án þess að það hafi áhrif á ábyrgð ökumanna þessara ökutækja.

8. gr.

Skoðunarmenn

1. Þegar ökutæki er valið til að gangast undir tæknilegt eftirlit á vegum og við framkvæmd slíks eftirlits skulu skoðunarmenn gæta þess að beita ekki neinni mismunun á grunni þjóðernis ökumanns ökutækis, skráningarríkis þess eða hvenær ökutækið var tekið í notkun.

2. Við framkvæmd tæknilegs eftirlits á vegum skal skoðunarmaður ekki hafa neinna sérhagsmuna að gæta sem gætu haft áhrif á óhlutdrægni og hlutlægni ákvarðana hans.

3. Laun skoðunarmanna skulu ekki tengjast beint niðurstöðum fyrstu eða nákvæmra tæknilegra eftirlitsskoðana á vegum.

4. Skoðunarmenn, sem uppfylla lágmarkskröfur um hæfni og þjálfun, sem mælt er fyrir um í 13. gr. og IV. viðauka við tilskipun 2014/45/ESB, skulu framkvæma nákvæmt tæknilegt eftirlit á vegum. Aðildarríkjum er heimilt að kveða á um að skoðunarmennirnir, sem annast eftirlit í tilnefndri eftirlitsaðstöðu úti á vegum eða sem nota færanlegar eftirlitseiningar, eigi að uppfylla þessar kröfur eða sambærilegar kröfur sem lögbært yfirvald hefur samþykkt.

III. KAFLI

VERKLAG VIÐ SKOÐUN

9. gr.

Val á ökutækjum til að gangast undir tæknilegt eftirlit á vegum

Við val á ökutækjum, sem eiga að gangast undir fyrstu tæknilegu eftirlitsskoðun á vegum, geta skoðunarmenn valið að setja í forgang ökutæki á vegum fyrirtækja með mikla áhættu, eins og um getur í tilskipun 2006/22/EB. Einnig má velja ökutæki af handahófi til eftirlits eða ef grunur leikur á að ökutæki stofni umferðaröryggi eða umhverfinu í hættu.

10. gr.

Inntak tæknilegt eftirlits á vegum og aðferðir við framkvæmd þess

1. Aðildarríkin skulu tryggja að ökutæki, sem eru valin til eftirlits í samræmi við 9. gr., sæti fyrstu tæknilegu eftirlitsskoðun á vegum.

Í hverri fyrstu tæknilegu eftirlitsskoðun ökutækis á vegum:

a) skal skoðunarmaður ganga úr skugga um að skírteini um akstursháfni og skýrsla um tæknilegt eftirlit á vegum, þegar slíkt er tiltækt, sé geymt um borð í ökutækinu eða rafræn sönnun um slíkt í samræmi við 1. mgr. 7. gr.,

b) skal skoðunarmaður framkvæma sjónrænt mat á tæknilegu ástandi ökutækisins,

c) er skoðunarmanni heimilt að framkvæma sjónrænt mat á því hvort gengið sé tryggilega frá farmi ökutækis í samræmi við 13. gr.,

d) er skoðunarmanni heimilt að framkvæma tæknilegt eftirlit með þeirri aðferð sem telst viðeigandi. Framkvæma má slíkt tæknilegt eftirlit til að rökstyðja ákvörðun um að ökutæki skuli gangast undir nákvæmt tæknilegt eftirlit á vegum eða óska eftir að ráðin verði bót á annmörkum án tafar í samræmi við 1. mgr. 14. gr.

Skoðunarmaður skal sannprófa hvort ráðin hafi verið bót á annmörkunum sem í ljós komu í fyrri tæknilegu eftirlitsskoðuninni á vegum.

2. Á grundvelli niðurstöðu fyrstu eftirlitsskoðunar skal skoðunarmaður ákveða hvort ökutækið eða eftirvagn þess ætti að gangast undir nákvæma eftirlitskoðun á vegum.

3. Nákvæmt tæknilegt eftirlit á vegum skal taka til þeirra atriða sem talin eru upp í II. viðauka og teljast nauðsynleg og viðeigandi, með sérstöku tilliti til öryggis hemla, hjólbarða, hjóla, undirvagns og óþæginda, ásamt viðeigandi aðferðum, sem mælt er með, við prófun þessara atriða.

4. Þegar skírteini um akstursháfni eða skýrsla um eftirlit á vegum sýnir að framkvæmd hafi verið skoðun á einhverju af þeim atriðum sem talin eru upp í II. viðauka á síðustu þremur mánuðum skal skoðunarmaðurinn ekki skoða þau atriði nema slík skoðun sé réttlætanleg sökum augljóss annmarka.

11. gr.

Skoðunaraðstaða

1. Nákvæmt tæknilegt eftirlit á vegum skal fara fram með því að nota færanlegar eftirlitseiningar eða í tilnefndri eftirlitsaðstöðu úti á vegum eða í prófunarstöð eins og um getur í tilskipun 2014/45/ESB.

2. Þegar framkvæma á nákvæmt eftirlit í prófunarstöð eða tilnefndri eftirlitsaðstöðu úti á vegum skal það framkvæmt, eins fljótt og auðið er, í einni af þeim stöðvum eða aðstöðu sem er hvað nálægust af hagkvæmnisástæðum.

3. Færanlegar eftirlitseiningar eða tilnefnd eftirlitsaðstaða úti á vegum skal búa yfir viðeigandi búnaði til að unnt sé að framkvæma tilskilið nákvæmt tæknilegt eftirlit á vegum, þ.m.t. nauðsynlegum búnaði til að meta ástand hemla og skilvirkni hemla ökutækisins, stýrisbúnaðar, fjöðrunar og óþæginda, eins og þörf er á. Þegar færanlegar eftirlitseiningar eða tilnefnd eftirlitsaðstaða úti á vegum er ekki búin tilskildum búnaði til að skoða tilgreint atriði við fyrstu eftirlitsskoðun skal ökutækinu beint á prófunarstöð eða aðstöðu þar sem unnt er að framkvæma nákvæma athugun á því atriði.

12. gr.

Mat á annmörkum

1. Í II. viðauka er skrá yfir hugsanlega annmarka og alvarleikastig þeirra, fyrir hvert atriði sem á að skoða, og nota á við tæknilegt eftirlit á vegum.

2. Flokka skal annmarkana, sem koma í ljós við tæknilegt eftirlit á vegum með ökutækjum, í einn af eftirfarandi flokkum:

a) minniháttar annmarkar, sem hafa ekki marktæk áhrif á öryggi ökutækisins eða á umhverfið, ásamt öðrum minniháttar frávikum,

b) meiriháttar annmarkar, sem geta haft áhrif á öryggi ökutækis eða á umhverfið eða stofnað öðrum vegfarendum í hættu eða önnur alvarlegri frávik,

c) hættulegir annmarkar sem skapa beina og tafarlausa hættu fyrir umferðaröryggi eða hafa áhrif á umhverfið.

3. Ef annmarkar ökutækis falla undir fleiri en einn af flokkunum fyrir annmarkana, sem um getur í 2. mgr., skal setja ökutækið í þann flokk sem samsvarar alvarlegustu annmörkunum. Flokka má ökutæki, þar sem greinst hafa nokkrir annmarkar innan sömu skoðunarsviða, eins og skilgreint er innan tæknilegs eftirlits á vegum, sem um getur í 1. lið II. viðauka, í þann flokk sem hefur næstalvarlegustu annmarkana ef talið er að samanlögð áhrif þessara annmarka leiði til meiri áhættu fyrir umferðaröryggi.

13. gr.

Eftirlit með frágangi farms

1. Við eftirlit á vegum getur ökutæki þurft að gangast undir eftirlit vegna frágangs farms í samræmi við III. viðauka til að tryggja að frágangur farmsins sé þannig að hann raski ekki öryggi við akstur eða stofni lífi, heilbrigði, eignum eða umhverfi í hættu. Framkvæma má athugun til að sannprófa eftirfarandi samspil, meðan á hvers konar starfrækslu ökutækisins stendur, þ.m.t. við neyðarsástand eða þegar tekið er af stað í brekku:

— staðsetning mismunandi hluta farmsins getur einungis breyst að litlu leyti innbyrðis, miðað við veggi eða yfirborðsfleti ökutækisins og

— farmur getur ekki losnað úr farmrýminu eða hreyfst út fyrir hleðsluflötinn.

2. Án þess að hafa áhrif á kröfurnar, sem gilda um flutninga á tilteknum vöruflokkum, eins og þær sem falla undir Evrópusamninginn um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum ([13]), er heimilt að frágangur farms og eftirlit með frágangi farms fari fram í samræmi við meginreglurnar og, eftir því sem við á, staðlana sem mælt er fyrir um í I. þætti III. viðauka. Nota má nýjustu útgáfu staðlanna sem mælt er fyrir um í 5. lið í I. þætti III. viðauka.

([13]) Leitt í lög með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB frá 24. september 2008 um flutning á hættulegum farmi á landi og skipgengum vatnaleiðum (Stjtíð. ESB L 260, 30.9.2008, bls. 13), eins og henni var breytt, m.a. með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/45/ESB (Stjtíð. ESB L 332, 4.12.2012, bls. 18).

3. Einnig má nota verklagið við eftirfylgni, sem um getur í 14. gr., ef um er að ræða meiriháttar eða hættulega annmarka í tengslum við frágang farms.

4. Aðildarríkin skulu kveða á um að starfsfólk, sem kemur að eftirliti með frágangi farms, hafi viðeigandi þjálfun þar að lútandi.

14. gr.

Eftirfylgni ef um er að ræða meiriháttar eða hættulega annmarka

1. Án þess að hafa áhrif á 3. mgr. 14. gr. skulu aðildarríkin kveða á um að ráðin sé bót á öllum meiriháttar eða hættulegum annmörkum, sem koma í ljós við fyrstu eða nákvæma eftirlitsskoðun, áður en ökutækið er notað aftur á opinberum vegum.

2. Skoðunarmaður getur ákveðið að ökutækið skuli gangast undir fulla prófun á akstureiginleikum innan tiltekins tíma ef það er skráð í aðildarríkinu þar sem tæknilegt eftirlit á vegum hefur verið framkvæmt. Ef ökutæki er skráð í öðru aðildarríki getur lögbært yfirvald óskað eftir að lögbært yfirvald þessa hins aðildarríkis, fyrir milligöngu tengiliðanna sem um getur í 17. gr., framkvæmi nýja prófun á akstureiginleikum á ökutækinu í kjölfar verklagsins sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 18. gr. Þegar meiriháttar eða hættulegir annmarkar koma í ljós á ökutæki, sem er skráð utan Sambandsins, getur aðildarríki ákveðið að upplýsa lögbært yfirvald í skráningarlandi ökutækisins um það.

3. Ef um er að ræða annmarka, þar sem krafist er skjótra eða tafarlausra viðbragða, sökum beinnar og tafarlausrar áhættu fyrir umferðaröryggi, skal aðildarríkið eða hlutaðeigandi lögbært yfirvald kveða á um að takmarka eigi eða banna notkun umræddrs ökutækis þar til ráðin hefur verið bót á þessum annmörkum. Heimila má notkun slíks ökutækis til að gera því kleift að komast til næsta verkstæðis þar sem unnt er að ráða bót á þessum annmörkum, með því skilyrði að bætt hafi verið úr umræddum, hættulegum annmörkum þannig að ökutækið komist að þessu verkstæði og að hvorki sé um að ræða tafarlausa hættu fyrir öryggi farþega ökutækisins né fyrir vegfarendur. Ef um er að ræða annmarka, sem ekki er nauðsynlegt að ráða bót á tafarlaust, getur aðildarríkið eða hlutaðeigandi lögbært yfirvald ákveðið skilyrði og hæfilegan tímaramma fyrir notkun ökutækisins áður en ráðin er bót á annmörkunum.

Ef ekki er mögulegt að gera lagfæringar á ökutækinu þannig að það komist til verkstæðisins er heimilt að flytja ökutækið á aðgengilegan stað þar sem unnt er að gera við það.

15. gr.

Skoðunargjald

Þegar annmarkar hafa komið í ljós í kjölfar nákvæmrar skoðunar geta aðildarríkin krafist þess að greitt sé sanngjarnt og hóflegt gjald sem ætti að tengjast kostnaðinum við framkvæmd þessa eftirlits.

16. gr.

Skoðunarskýrsla og gagnagrunnur um tæknilegt eftirlit á vegum

1. Að því er varðar hverja fyrstu tæknilegu eftirlitsskoðun á vegum, sem framkvæmd er, skal senda lögbæru yfirvaldi eftirfarandi upplýsingar:

a) skráningarland ökutækis,

b) ökutækjaflokk,

c) niðurstöður úr fyrstu tæknilegu eftirlitsskoðun á vegum.

2. Að aflokinni nákvæmri eftirlitsskoðun skal skoðunarmaður taka saman skýrslu í samræmi við IV. viðauka. Aðildarríkin skulu sjá til þess að ökumaður ökutækisins fái afhent afrit af skoðunarskýrslunni.

3. Skoðunarmaðurinn skal senda lögbæra yfirvaldinu niðurstöður úr nákvæmri, tæknilegri eftirlitsskoðun á vegum, innan hæfilegs frests, í kjölfar þessa eftirlits. Lögbæra yfirvaldið skal geyma þessar upplýsingar í samræmi við gildandi löggjöf um gagnavernd, í a.m.k. 36 mánuði frá móttöku þeirra.

IV. KAFLI

SAMVINNA OG UPPLÝSINGASKIPTI

17. gr.

Tilnefning tengiliðs

1. Aðildarríki skulu tilnefna tengilið sem skal:

— tryggja samræmingu milli tengiliða sem önnur aðildarríki tilnefna að því er varðar aðgerðir sem gripið er til í samræmi við 18. gr.,

— framsenda framkvæmdastjórninni gögnin, sem um getur í 20. gr.,

— tryggja, eftir því sem við á, öll önnur upplýsingaskipti milli og aðstoð við tengiliði annarra aðildarríkja.

2. Aðildarríkin skulu áframsenda framkvæmdastjórninni nöfn og samskiptaupplýsingar tengiliða sinna, eigi síðar en 20. maí 2015, og upplýsa án tafar um allar breytingar á þeim. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skrá yfir alla tengiliðina og senda hana til allra aðildarríkjanna.

18. gr.

Samstarf milli aðildarríkja

1. Þegar meiriháttar eða hættulegir annmarkar koma í ljós á ökutæki eða annmarkar sem leiða af sér takmarkanir eða bann við notkun ökutækisins, að því er varðar ökutæki sem er ekki skráð í skoðunaraðildarríkinu, skal tengiliðurinn tilkynna tengilið skráningaraðildarríkis ökutækisins um niðurstöður skoðunarinnar. Þessi tilkynning skal innihalda þætti skoðunarskýrslunnar um eftirlit á vegum, eins og sett er fram í IV. viðauka, og helst skal senda hana fyrir tilstuðlan rafrænu landsskrárinnar, sem um getur í 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1071/2009. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ítarlegar reglur um málsmeðferð við að tilkynna tengilið skráningaraðildarríkisins um ökutæki með meiriháttar eða hættulega annmarka í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 23. gr.

2. Þegar meiriháttar eða hættulegir annmarkar koma í ljós á ökutæki getur tengiliður aðildarríkisins þar sem ökutækið var skoðað óskað eftir að lögbæra yfirvaldið í aðildarríkinu þar sem ökutækið er skráð, fyrir milligöngu tengilið síðara aðildarríkisins, grípi til viðeigandi framhaldsaðgerða, eins og að láta ökutækið gangast undir frekari prófun á akurshæfni eins og kveðið er á um í 14. gr.

19. gr.

Samstillt tæknilegt eftirlit á vegum

Árlega skulu aðildarríkin framkvæma reglubundnar, samstilltar eftirlitsaðgerðir á vegum. Aðildarríkin geta sameinað þessar aðgerðir þeim sem kveðið er á um í 5. gr. tilskipunar 2006/22/EB.

20. gr.

Upplýsingar sendar til framkvæmdastjórnarinnar

1. Eigi síðar en 31. mars 2021 og á tveggja ára fresti eftir það, fyrir 31. mars, skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni með rafrænum hætti gögnin, sem aflað hefur verið í tengslum við næstliðnu tvö almanaksár, um ökutæki sem tekin hafa verið til skoðunar á yfirráðasvæði þeirra. Í þessum gögnum skal koma fram:

a) fjöldi ökutækja sem hefur verið skoðaður,

b) flokkur ökutækja sem hefur verið skoðaður,

c) skráningarland hvers ökutækis sem hefur verið skoðað,

d) ef um er að ræða nákvæmt eftirlit, þau svið sem hafa verið skoðuð og þau atriði sem voru ekki í lagi, í samræmi við 10. lið IV. viðauka.

Fyrsta skýrslan skal taka til tveggja ára tímabils sem hefst frá og með 1. janúar 2019.

2. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ítarlegar reglur, í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 23. gr., um sendingarform gagnanna í 1. mgr. sem senda á með rafrænum hætti. Þar til slíkar reglur hafa verið settar skal nota staðlaða skýrsluformið sem sett er fram í V. viðauka.

Framkvæmdastjórnin skal gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um þau gögn sem safnað hefur verið.

V. KAFLI

FRAMSELDAR GERÐIR OG FRAMKVÆMDARGERÐIR

21. gr.

Framseldar gerðir

Framkvæmdastjórninni skal falið vald til þess að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 22. gr., til að:

— uppfæra 1. mgr. 2. gr. og 6. lið IV. viðauka, eins og við á, til að taka tillit til breytinga á ökutækjaflokkum vegna breytinga á löggjöfinni, sem um getur í þeirri grein, án þess að það hafi áhrif á gildissvið þessarar tilskipunar,

— uppfæra 2. lið II. viðauka, að því er varðar aðferðir, í því tilviki þegar skilvirkari og árangursríkari prófunaraðferðir verða aðgengilegar, án þess að fjölga atriðum í skránni sem á að prófa,

— aðlaga 2. lið II. viðauka í kjölfar jákvæðs mats á þeim kostnaði og ávinningi sem um er að ræða, að því er varðar skrána yfir prófunaratriði, prófunaraðferðir, ástæður fyrir bilun og mat á annmörkum, ef um er að ræða breytingu á lögboðnum kröfum sem skipta máli fyrir gerðarviðurkenningu í löggjöf Sambandsins um öryggis- og umhverfismál.

22. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sbr. þó skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Það framsal valds sem um getur í 21. gr. skal falið framkvæmdastjórninni í fimm ár, frá og með 19. maí 2014. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu, að því er varðar framsal valds, eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framsal valds skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er, hvenær sem er, heimilt að afturkalla framsal valdsins sem um getur í 21. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á framsal valdsins sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 21. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

23. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar akstursháfninefndarinnar sem um getur í tilskipun 2014/45/ESB. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011. Skili nefndin ekki áliti skal framkvæmdastjórnin ekki samþykkja drögin að framkvæmdargerðinni og þriðja undirgrein 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 skal gilda.

VI. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

24. gr.

Skýrslugjöf

1. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 20. maí 2016, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um framkvæmd og áhrif þessarar tilskipunar. Í skýrslunni skal einkum greina áhrif hennar, með tilliti til úrbóta á umferðaröryggi, ásamt kostnaði og ávinningi af þeim möguleika að fella ökutæki í flokkum N_1 og O_2 undir gildissvið þessarar tilskipunar.

2. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 20. maí 2022, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um framkvæmd og áhrif þessarar tilskipunar, einkum að því er varðar skilvirkni og samræmingu áhættumatskerfa, nánar tiltekið þegar kemur að skilgreiningu á innbyrðis sambærilegu áhættusniði mismunandi fyrirtækja sem um er að ræða. Skýrslunni skal fylgja ítarlegt mat á áhrifum með greiningu á kostnaði og ávinningi í öllu Sambandinu. Matið á áhrifum skal gert aðgengilegt Evrópuþinginu og ráðinu a.m.k. sex mánuðum áður en tillaga að nýrri löggjöf er lögð fram, ef við á, til að fella nýja ökutækjaflokka undir gildissvið þessarar tilskipunar.

25. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn ákvæðum þessarar tilskipunar og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Þessi viðurlög skulu vera árangursrík, í réttu hlutfalli við brotið, letjandi og án mismununar.

26. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 20. maí 2017. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu beita þessum ráðstöfunum frá 20. maí 2018.

Að því er varðar áhættumatskerfið, sem um getur í 6. gr. þessarar tilskipunar, skulu þau beita þessum ráðstöfunum frá 20. maí 2019.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

27. gr.

Niðurfelling

Tilskipun 2000/30/EB er felld úr gildi frá og með 20. maí 2018.

28. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

29. gr.

Viðtakendur

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. apríl 2014.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
M. SCHULZ	D. KOURKOULAS
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

ÞÆTTIR ÁHÆTTUMATSKERFISINS

Áhættumatskerfið skal mynda grunn fyrir markvisst val á ökutækjum sem starfrækt eru af fyrirtækjum sem hafa staðið sig illa í því að uppfylla kröfur um viðhald ökutækja og akstursháfni. Taka skal tillit til niðurstaðna bæði úr reglubundnum prófunum á akstursháfni og tæknilegu eftirliti á vegum.

Í áhættumatinu skal einnig taka til athugunar eftirfarandi breytur við ákvörðun á áhættumati fyrir viðkomandi fyrirtæki:

— fjölda annmarka,

— alvarleika annmarka,

— fjölda tæknilegra eftirlitsskoðana á vegum eða reglubundinna og valkvæðra prófana á akstursháfni,

— tíma.

1. Meta skal annmarkana, samkvæmt alvarleika þeirra, með því að nota eftirfarandi alvarleikastuðla:

— Alvarlegur annmarki = 40

— Meiriháttar annmarki = 10

— Minniháttar annmarki = 1

2. Endurspegla skal þróun á ástandi fyrirtækis (ökutækis) með því að beita lægra mati á „eldri“ skoðunarniðurstöður (annmarka) en á „nýrri“ niðurstöður, og nota skal eftirfarandi stuðla:

— Ár 1 = síðustu 12 mánuðir = stuðull 3

— Ár 2 = 13. – 24. mánuður = stuðull 2

— Ár 3 = 25. – 36. mánuður = stuðull 1

Þetta gildir aðeins um útreikninga á heildaráhættumati.

3. Reikna skal út áhættumat með því að nota eftirfarandi formúlur:

a) Formúla fyrir mat á heildaráhættu:

$$RR = \frac{(D_{Y1} \times 3) + (D_{Y2} \times 2) + (D_{Y3} \times 1)}{\#C_{Y1} + \#C_{Y2} + \#C_{Y3}}$$

þar sem:

RR = heildarstig áhættumats

D_{Yi} = heildarfjöldi annmarka á ári 1, 2, 3

D_{Y1} = (#DD x 40) + (#MaD x 10) + (#MiD x 1) á ári 1

#… = fjöldi ...

DD = alvarlegir annmarkar

MaD = meiriháttar annmarkar

MiD = minniháttar annmarkar

C = eftirlit (tæknilegar eftirlitsskoðanir á vegum eða reglubundnar og valkvæðar prófanir á akstursháefni) á ári 1, 2, 3

b) Formúla fyrir flokkun áhættumats á ársgrundvelli:

$$AR = \frac{(\#DD \times 40) + (\#MaD \times 10) + (\#MiD \times 1)}{\#C}$$

þar sem:

AR = áhættustig á ársgrundvelli

#… = fjöldi ...

DD = alvarlegir annmarkar

MaD = meiriháttar annmarkar

MiD = minniháttar annmarkar

C = eftirlit (tæknilegar eftirlitsskoðanir á vegum eða reglubundnar og valkvæðar prófanir á akstursháefni)

Nota skal áhættu á ársgrundvelli til að meta þróun fyrirtækis í áranna rás.

Flokkun fyrirtækja (ökutækja) á grundvelli heildaráhættumats skal vera þannig að hlutaðeigandi skráð fyrirtæki (ökutæki) dreifist með eftirfarandi hætti:

— < 30% lítil áhætta

— 30–80% miðlungs áhætta

— > 80% mikil áhætta.

II. VIÐAUKI

GILDISSVIÐ TÆKNILEGS EFTIRLITS Á VEGUM

1. SKOÐUNARSVIÐ

0) Auðkenning ökutækis

1) Hemlabúnaður

2) Stýrisbúnaður

3) Útsýn

4) Ljósabúnaður og hlutar rafkerfis

5) Ásar, hjól, hjólbarðar, fjöðrun

6) Undirvagn og viðfestur búnaður

7) Annar búnaður

8) Óþægindi

9) Viðbótarprófanir fyrir ökutæki til farþegaflutninga í flokkum M_2 og M_3.

2. KRÖFUR UM SKOÐUN

Atriði, sem eingöngu er heimilt að skoða með því að nota búnað, eru merkt með E.

Atriði, sem eingöngu er unnt að skoða að einhverju marki án þess að nota búnað, eru merkt með + E.

Ef tilgreind skoðunaraðferð er sjónræn þýðir það að auk þess að horfa á viðkomandi atriði skal skoðunarmaður einnig, ef við á, taka á þeim, meta hávaða frá þeim eða nota aðrar viðeigandi skoðunaraðferðir án þess að nota búnað.

Tæknilegt eftirlit á vegum getur náð til atriðanna, sem talin eru upp í töflu 1, sem felur í sér prófunaraðferðirnar sem mælt er með að nota eigi. Ekkert í þessum viðauka kemur í veg fyrir að skoðunarmaður noti viðbótarbúnað, þar sem við á, eins og lyftubúnað eða gryfju.

Prófanir skulu gerðar með aðferðum og búnaði, sem er nú þegar til staðar, án þess að verkfæri séu notuð til að taka í sundur eða fjarlægja nokkurn hluta ökutækisins. Prófunin getur einnig falið í sér sannprófun á því hvort viðkomandi hlutar og íhlutir ökutækis samrýmast öryggis- og umhverfiskröfum, sem voru í gildi á þeim tíma sem viðurkenningin átti sér stað, eða, ef við á, ísetningu endurbótarhlutar.

Þegar hönnun ökutækisins leyfir ekki notkun þeirra prófunaraðferða sem mælt er fyrir um í þessum viðauka skal prófunin framkvæmd í samræmi við þær prófunaraðferðir sem lögbær yfirvöld hafa samþykkt.

„Ástæður bilunar“ gilda hvorki í tilvikum þar sem þær vísa til krafna, sem ekki er mælt fyrir um í viðkomandi löggjöf um viðurkenningu ökutækis þegar það var fyrst skráð eða tekið í notkun, né til krafna um ísetningu endurbótarhlutar.

3. INNTAK PRÓFANA OG PRÓFUNARAÐFERÐIR, MAT Á ANNMÖRKUM ÖKUTÆKJA

Prófunin skal ná til atriðanna, sem talin eru nauðsynleg og viðeigandi, með sérstöku tilliti til öryggis hemla, hjólbarða, hjóla, undirvagns og óþæginda, ásamt aðferðanna sem mælt er með og taldar eru upp í töflunni hér á eftir.

Framkvæma skal mat, í hverju tilviki fyrir sig, á annmörkum hvers kerfis og íhlutar í ökutækjum, sem gengst undir prófun í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í þeirri töflu.

Meta skal annmarkana, sem ekki eru taldir upp í þessum viðauka, með tilliti til áhættunnar sem þeir hafa í för með sér fyrir umferðaröryggi.

Atriði		Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
				Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
0.	AUÐKENNING ÖKUTÆKISINS					
0.1.	Skráningarmerki (ef gerð er krafa um slíkt[1])	Sjónræn skoðun	a) Númeraplötu eða númeraplötur vantar eða þær eru festar á svo ótryggan hátt að þær geta dottið af.		X	
			b) Áletrun vantar eða er ólæsileg.		X	
			c) Ekki í samræmi við skjöl eða skrár ökutækis.		X	
0.2.	Verksmiðjunúmer/raðnúmer ökutækis.	Sjónræn skoðun.	a) Vantar eða finnst ekki.		X	
			b) Ófullnægjandi, ólæsilegt, augljóslega falsað eða er ekki í samræmi við skjöl ökutækisins.		X	
			c) Skjöl ökutækisins eru ólæsileg eða textinn ónákvæmur.	X		
1.	HEMLABÚNAÐUR					
1.1.	Vélrænt ástand og virkni					

Atriði		Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
				Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
1.1.1.	Snúningsteinn akstursheimilsfetils/ handfangs	Sjónræn skoðun íhluta meðan hemlakerfið er notað. Athugasemd: Skoða ætti ökutæki með hemlakerfi með hjálparafli þegar slökkt er á hreyflinum.	a) Snúningsteinn of stífur.		X	
			b) Mjög mikið slit/hlaup.		X	
1.1.2.	Ástand handfangs/fetils og færsla hemlastjórnbúnaðar.	Sjónræn skoðun íhluta meðan hemlakerfið er notað. Athugasemd: Skoða ætti ökutæki með hemlakerfi með hjálparafli þegar slökkt er á hreyflinum.	a) Of mikil eða lítil umframfærsla.		X	
			Ekki hægt að nota hemil að fullu eða það er fyrirstaða.			X
			b) Hemlastjórnbúnaðurinn sleppir ekki á réttan hátt.	X		
			Hann virkar ekki rétt.		X	
			c) Hrjúft yfirborð á hemlafetli vantar, er laust eða orðið slétt af sliti.		X	
1.1.3.	Sogdæla eða þjappa og geymar.	Sjónræn skoðun íhluta við venjulegan vinnuþrýsting. Eftirlit er haft með því hversu langan tíma það tekur fyrir lofttæmi eða loftþrýsting að ná öruggu vinnslugildi og virkni viðvörunarbúnaðar, fjölrása varloka og þrýstiöryggisloka.	a) Ónógur loftþrýstingur/lofttæmi til að beita hemlinum a.m.k. fjórum sinnum eftir að viðvörunarbúnaður hefur farið í gang (eða mælir sýnir að hættumörkum er náð).		X	
			Hemlinum beitt a.m.k. tvisvar eftir að viðvörunarbúnaður hefur farið í gang (eða mælir sýnir að hættumörkum er náð).			X
			b) Tíminn sem það tekur að ná upp loftþrýstingi/lofttæmi að öruggu vinnslugildi er of langur samkvæmt kröfunum[1].		X	
			c) Fjölrása varloki eða þrýstiöryggisloki virkar ekki.		X	
			d) Loftleki veldur sýnilegu þrýstingsfalli eða loft heyrist streyma út.		X	
			e) Skemmdir á ytra byrði eru líklegar til að hafa áhrif á virkni hemlakerfisins.		X	
			Virkni neyðarhemils er ekki í samræmi við kröfur.			X
1.1.4.	Viðvörunarbúnaður eða vísir sem gefur til kynna of lágan þrýsting	Athugun á virkni.	Bilaður eða gallaður mælir eða vísir.	X		
			Ekki hægt að greina lágan þrýsting.		X	

Atriði		Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
				Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
1.1.5.	Handvirkur hemlastjórnloki.	Sjónræn skoðun íhluta meðan hemlakerfið er notað	a) Brotinn, skemmdur eða mjög mikið slitinn stjórnbúnaður.		X	
			b) Stjórnbúnaður er ekki nógu vel festur við lokann eða lokinn er laus.		X	
			c) Tengingar eru lausar eða leki í kerfinu.		X	
			d) Ónóg virkni.		X	
1.1.6.	Stöðuhemilshandfang eða -fetill, stöðuhemilsarmur, stöðuhemilshak, rafrænn stöðuhemill	Sjónræn skoðun íhluta meðan hemlakerfið er notað.	a) Hak heldur ekki nægilega vel.		X	
			b) Slit á snúningsteini eða tannkambi.	X		
			Mjög mikið slit		X	
			c) Of mikil færsla á stöðuhemilsarmi sem bendir til rangrar stillingar.		X	
			d) Búnað vantar, hann er skemmdur eða óvirkur.		X	
			e) Röng virkni, viðvörunarbúnaður sýnir bilun.		X	
1.1.7.	Lokar (hemlalokar, stjórnlokar, stillar)	Sjónræn skoðun íhluta meðan hemlakerfið er notað.	a) Skaddaður loki eða of mikið loftútstreymi.		X	
			Hann virkar ekki rétt.			X
			b) Of mikil olíueyðsla í þjöppunni.	X		
			c) Ótrygg/ófullnægjandi festing á loka.		X	
			d) Vökvakerfisvökvi lekur.		X	
			Hann virkar ekki rétt.			X
1.1.8.	Tengingar fyrir hemla eftirvagna (raf- og loftknúna)	Tengingar hemlakerfis á milli dráttarbifreiðar og eftirvagns aftengdar og tengdar.	a) Bilaður krani eða sjálflokandi loki.	X		
			Hann virkar ekki rétt.		X	

Atriði		Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
				Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
			b) Ótrygg/ófullnægjandi festing á krana eða loka.	X		
			Hann virkar ekki rétt.		X	
			c) Mjög mikill leki.		X	
			Hann virkar ekki rétt.			X
			d) Röng virkni.		X	
			Áhrif á hemlavirkni.			X
1.1.9.	Orkugeymir eða þrýstiloftsgeymir	Sjónræn skoðun	a) Geymir er lítillega skemmdur eða lítillega ryðgaður.	X		
			Geymir er mjög mikið skemmdur, tærður eða lekur.		X	
			b) Afrennslisbúnaður er óvirkur.		X	
			c) Ótrygg/ófullnægjandi festing á geymi.		X	
1.1.10.	Hemlaaflliði, höfuðdæla (vökvakerfi)	Sjónræn skoðun íhluta meðan hemlakerfið er notað, ef mögulegt er.	a) Bilaður eða óvirkur aflliði.		X	
			Ef hann starfar ekki.			X
			b) Höfuðdælan er biluð en hemlar virka ennþá.		X	
			Höfuðdælan er biluð eða lek.			X
			c) Höfuðdælan er ekki nægilega vel fest en hemlar virka ennþá.		X	
			Höfuðdælan er ekki nægilega vel fest.			X
			d) Hemlavökvi er ekki nægur, undir lágmarksmörkum.	X		
			Hemlavökvi er töluvert undir lágmarksmörkum.		X	
			Enginn sjáanlegur hemlavökvi.			X

Atriði	Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
			Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
		e) Lok á höfuðdælu vantar.	X		
		f) Gaumljós fyrir hemlavökva logar eða er bilað.	X		
		g) Viðvörunarbúnaður fyrir hemlavökva virkar ekki rétt.	X		
1.1.11. Hemlarör	Sjónræn skoðun íhluta meðan hemlakerfið er notað, ef mögulegt er.	a) Yfirvofandi hætta á bilun eða broti.			X
		b) Leki frá rörum eða tengingum (lofthemlakerfi).		X	
		Leki frá rörum eða tengingum (vökvahemlakerfi).			X
		c) Rör eru skemmd eða mjög mikið tærð.		X	
		Áhrif á virkni hemla vegna fyrirstöðu eða yfirvofandi hættu á leka.			X
		d) Rangar tengingar á rörum.	X		
		Hætta á skemmdum.		X	
1.1.12. Hemlaslöngur	Sjónræn skoðun íhluta meðan hemlakerfið er notað, ef mögulegt er.	a) Yfirvofandi hætta á bilun eða broti.			X
		b) Slöngur eru skemmdar, slitnar, snúnar eða of stuttar.	X		
		Slöngur eru skemmdar eða slitnar.		X	
		c) Leki frá slöngum eða tengingum (lofthemlakerfi).		X	
		Leki frá slöngum eða tengingum (vökvahemlakerfi).			X
		d) Slöngur þenjast út undir þrýstingi.		X	
		Snúran er skemmd.			X
		e) Slöngur eru gropnar.		X	

Atriði		Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
				Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
1.1.13.	Hemlaborðar og hemlaklossar	Sjónræn skoðun	a) Mjög mikið slit á borða eða klossum. (lágmarki náð).		X	
			Mjög mikið slit á borða eða klossum. (lágmarksmörk ekki sýnileg).			X
			b) Óhreinindi á borða eða klossum (olía, feiti o.s.frv.).		X	
			Áhrif á hemlaafköst.			X
			c) Borða eða klossa vantar eða eru ekki festir með réttum hætti.			X
1.1.14.	Hemlaskálar, hemladiskar	Sjónræn skoðun	a) Mikið slit á skálum eða diskum.		X	
			Fjölmargar rispur, sprungur, brot eða lélegar festingar á skálum og diskum.			X
			b) Óhreinindi á skálum eða diskum (olía, feiti o.s.frv.).		X	X
			Mikil áhrif á hemlaafköst.			
			c) Skálar eða diska vantar.			X
			d) Festingarplata er laus.		X	
1.1.15.	Hemlaleiðslur, stangir, armar, tengingar	Sjónræn skoðun íhluta meðan hemlakerfið er notað, ef mögulegt er.	a) Leiðslur eru skemmdar eða með ójöfnum.		X	
			Áhrif á hemlaafköst.			X
			b) Íhlutur er mjög mikið slitinn eða tærður.		X	
			Áhrif á hemlaafköst.			X
			c) Tengingar við leiðslur eða stangir eru ótryggar.		X	
			d) Bilun í leiðslustýringum.		X	
			e) Stirðleiki í hemlakerfinu.		X	

Atriði		Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
				Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
			f) Óeðlileg hreyfing á örmum eða tengingum sem bendir til rangrar stillingar eða mjög mikils slits.		X	
1.1.16.	Hemlastrokkar (m.a. gormhemlar eða vökvastrokkar)	Sjónræn skoðun íhluta meðan hemlakerfið er notað, ef mögulegt er.	a) Strokkar brotnir eða skemmdir. Áhrif á hemlaafköst.		X	 X
			b) Strokkar lekir. Áhrif á hemlaafköst.		X	 X
			c) Ótrygg/ófullnægjandi festing á strokkum. Áhrif á hemlaafköst.		X	 X
			d) Strokkar eru mjög mikið tærðir. Líklegt að þeir brotni.		X	 X
			e) Of lítil eða of mikil færsla á bullu eða blöðku. Hefur áhrif á hemlaafköst (skortur á fríhlaupi).		X	 X
			f) Rykvarnarhlíf er skemmd. Rykvarnarhlíf vantar eða hún er mjög mikið skemmd.	X	 X	
1.1.17.	Hleðslustýrður hemlajöfnunarloki	Sjónræn skoðun íhluta meðan hemlakerfið er notað, ef mögulegt er.	a) Biluð tenging.		X	
			b) Röng stilling tengingar.		X	
			c) Loki fastur eða virkar ekki (læsivarða hemlakerfið (ABS-kerfið) virkar). Loki fastur eða virkar ekki.		X	 X
			d) Loka vantar (ef hans er krafist).			X
			e) Gagnaplötu vantar.	X		

Atriði		Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
				Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
			f) Gögn eru ólæsileg eða ekki í samræmi við kröfur[1].	X		
1.1.18.	Stillibúnaður og -vísar	Sjónræn skoðun	a) Stillibúnaður er skemmdur, fastur eða hreyfist óeðlilega, mjög mikið slit eða röng stilling.		X	
			b) Stillibúnaður er bilaður.		X	
			c) Rangt uppsettur eða skipt út.		X	
1.1.19.	Hamlarakerfi (ef það er til staðar eða þess er krafist)	Sjónræn skoðun	a) Ótryggar tengingar eða festingar.	X		
			Þær virka ekki rétt.		X	
			b) Kerfi augljóslega bilað eða það vantar.		X	
1.1.20.	Sjálfvirk beiting hemla eftirvagna	Hemlatengi á milli dráttarbifreiðar og eftirvagns aftengd.	Hemlar eftirvagns eru ekki sjálfkrafa virkjaðir þegar tengið er aftengt.			X
1.1.21.	Hemlakerfi í heild	Sjónræn skoðun	a) Skemmdir að utan eða mjög mikil tæring í öðrum kerfisbúnaði (t.d. dælu fyrir ísvara, loftþurrkunartæki o.s.frv.) sem hefur skaðleg áhrif á hemlakerfið.		X	
			Áhrif á hemlaafköst.			X
			b) Loft eða ísvari lekur.	X		
			Hefur áhrif á virkni kerfis.		X	
			c) Ótrygg/ófullnægjandi festing íhluta.		X	
			d) Ótrygg breyting á íhlut[3].		X	
			Áhrif á hemlaafköst.			X
1.1.22.	Prófunartengi (ef þau eru uppsett eða þeirra krafist)	Sjónræn skoðun	Vantar.		X	

Atriði		Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
				Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
1.1.23.	Ágangshemlar.	Sjónræn skoðun og við notkun.	Ófullnægjandi skilvirkni.		X	
1.2.	Afköst og skilvirkni akstursheimils					
1.2.1.	Afköst (E)	Meðan á prófun á hemlaprófunarvél stendur er hemlum beitt með stigvaxandi hætti þar til hámarksátaki er náð.	a) Ófullnægjandi hemlunarátak á eitt eða fleiri hjól.		X	
			Ekkert hemlunarátak á eitt eða fleiri hjól.			X
			b) Hemlunarátak á hjól er undir 70% af hámarksátaki sem er skráð á hitt hjólið á sama ási. Við prófun á vegi víkur ökutækið verulega frá beinni stefnu.		X	
			Hemlunarátak á hjól er undir 50% af hámarksátaki, sem er skráð á hitt hjólið á sama ási, ef um er að ræða stýriása.			X
			c) Hemlunarátak eykst ekki jafnt (tekur skarpt í).		X	
			d) Hemlunartími er óeðlilega langur á hjól.		X	
			e) Mjög miklar sveiflur í hemlunarátaki í hverjum heilum snúningi hjólsins.		X	
1.2.2.	Skilvirkni (E)	Prófun með hemlaprófunarvél við raunverulega þyngd eða, ef það er ekki hægt af tæknilegum ástæðum, prófun á vegi með hraðaminnkunarmæli sem skráir niðurstöður.[1].	Uppfyllir ekki eftirfarandi lágmarksgildi[2]:			
			Flokkar M_1, M_2 og M_3: 50%[3]		X	
			Flokkur N_1: 45%			
			Flokkar N_2 og N_3: 43%[4]			
			Flokkar O_3 og O_4: 40 %[5]			
			Minna en 50% af framangreindum gildum hafa náðst.			X

Atriði		Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
				Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
1.3.	Afköst og skilvirkni neyðarhemils (ef um sérstakt kerfi er að ræða)					
1.3.1.	Afköst (E)	Ef neyðarhemlakerfi er aðskilið frá akstursheimlakerfi skal nota aðferðina sem tilgreind er í lið 1.2.1.	a) Ófullnægjandi hemlunarátak á eitt eða fleiri hjól.		X	
			Ekkert hemlunarátak á eitt eða fleiri hjól.			X
			b) Hemlunarátak á hjól er undir 70% af hámarksátaki sem er skráð á hitt hjólið á sama tilgreinda ásnum. Við prófun á vegi víkur ökutækið verulega frá beinni stefnu.		X	
			Hemlunarátak á hjól er undir 50% af hámarksátaki, sem er skráð á hitt hjólið á sama ásnum, ef um er að ræða stýriása.			X
			c) Hemlunarátak eykst ekki jafnt (tekur skarpt í).		X	
1.3.2.	Skilvirkni (E)	Ef neyðarhemlakerfi er aðskilið frá akstursheimlakerfi skal nota aðferðina sem tilgreind er í lið 1.2.2.	Hemlunarátak er undir 50%[6] af afköstum akstursheimils, sem krafist er samkvæmt skilgreiningu í lið 1.2.2, miðað við leyfilegan hámarksmassa.		X	
			Minna en 50% af framangreindum gildum fyrir hemlunarátak hafa náðst í tengslum við massa ökutækis meðan á prófun stendur.			X
1.4.	Afköst og skilvirkni stöðuhemils					
1.4.1.	Afköst (E)	Hemlum er beitt meðan á prófun hemlaprófara stendur.	Hemlar eru óvirkir öðru megin eða ökutækið víkur verulega frá beinni stefnu við prófun á vegi.		X	
			Minna en 50% af gildunum fyrir hemlunarátak, sem um getur í lið 1.4.2, hafa náðst í tengslum við massa ökutækis meðan á prófun stendur.			X

Atriði		Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
				Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
1.4.2.	Skilvirkni (E)	Prófun með hemlaprófara. Ef það er ekki mögulegt þá með prófun á vegi með hraðaminnkunarmæli, sem skráir niðurstöður, eða með álestri.	Að því er varðar öll ökutæki er hemlunarhlutfall minnst 16%, miðað við leyfilegan hámarksmassa, eða, að því er varðar vélknúin ökutæki, minnst 12%, miðað við leyfilegan, samanlagðan hámarksmassa ökutækis, hvort sem reynist hærra. Minna en 50% af framangreindum gildum fyrir hemlunarhlutfall hafa náðst í tengslum við massa ökutækis meðan á prófun stendur.		X	X
1.5.	Afköst hamlarakerfis	Sjónræn skoðun og, ef hægt er, prófun á því hvort kerfið virkar.	a) Átak eykst ekki jafnt (á ekki við um útblástursheimlakerfi).		X	
			b) Kerfi virkar ekki.		X	
1.6.	Læsivarið hemlakerfi (ABS)	Sjónræn skoðun og skoðun á viðvörunarbúnaði og/eða með því að nota rafrænan skilflöt ökutækis.	a) Viðvörunarbúnaður er bilaður.		X	
			b) Viðvörunarbúnaður sýnir bilun í kerfi.		X	
			c) Hraðaskynjara við hjól vantar eða hann er skemmdur.		X	
			d) Leiðslur skemmdar.		X	
			e) Aðra íhluti vantar eða þeir eru skemmdir.		X	
			f) Kerfið gefur til kynna bilun fyrir tilstuðlan rafræns skilflatar ökutækis.		X	
1.7.	Rafrænt hemlakerfi (EBS)	Sjónræn skoðun og skoðun á viðvörunarbúnaði og/eða með því að nota rafrænan skilflöt ökutækis.	a) Viðvörunarbúnaður er bilaður.		X	
			b) Viðvörunarbúnaður sýnir bilun í kerfi.		X	
			c) Kerfið gefur til kynna bilun fyrir tilstuðlan rafræns skilflatar ökutækis.		X	
			d) Tengi á milli dráttarbifreiðar og eftirvagns passar ekki eða vantar.			X

Atriði		Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
				Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
1.8.	Hemlavökvi	Sjónræn skoðun	Hemlavökvi er mengaður eða með botnfalli. Yfirvofandi hætta á bilun.		X	 X
2.	STÝRISBÚNAÐUR					
2.1.	Vélrænt ástand					
2.1.1.	Ástand stýrisvélar	Sjónræn skoðun á virkni stýrisvélar á meðan stýrishjól snýst.	a) Sektorsás undinn eða rílur slitnar. Hefur áhrif á virkni.		X	 X
			b) Sektorsás mikið slitinn. Hefur áhrif á virkni.		X	 X
			c) Mjög mikil hreyfing á sektorsás. Hefur áhrif á virkni.		X	 X
			d) Leki. Dropamyndun.		X	 X
2.1.2.	Festing stýrisvélar	Sjónræn skoðun á festingu stýrisvélar við undirvagn á meðan stýrishjólið snýst réttsælis og rangsælis.	a) Stýrisvél ekki fest á tilhlýðilegan hátt. Festingar eru hættulega lausar eða vart er við sýnilega hreyfingu við undirvagn/yfirbyggingu.		X	 X
			b) Aflöng festingargöt á undirvagni. Alvarleg áhrif á festingar.		X	 X
			c) Bolta til að festa með vantar eða þeir eru brotnir. Alvarleg áhrif á festingar.		X	 X
			d) Stýrisvél brotin. Áhrif á stöðugleika eða festingar hlífar.		X	X

Atriði		Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
				Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
2.1.3.	Ástand stýristengibúnaðar	Sjónræn skoðun á íhlutum stýris, með tilliti til slits, brota og öryggis, á meðan stýrishjólið snýst réttsælis og rangsælis.	a) Hreyfing á milli íhluta sem eiga að vera fastir. Mjög mikil hreyfing eða hætta er á að festingar losni.		X 	 X
			b) Mjög mikið slit við tengingar. Mjög mikil hætta á að tengingar losni.		X 	 X
			c) Brot eða aflögun íhluta. Áhrif á virkni.		X 	 X
			d) Læsibúnaður ekki fyrir hendi.		X	
			e) Íhlutir færast til (t.d. millistöng eða togstöng).		X	
			f) Ótrygg breyting[3]. Áhrif á virkni.		X 	 X
			g) Rykvarnarhlíf er skemmd eða hún er slitin. Rykvarnarhlíf vantar eða hún er verulega slitin.	X 	 X	
2.1.4.	Virkni stýristanga og arma	Sjónræn skoðun á íhlutum stýris, með tilliti til slits, brota og öryggis, á meðan stýrishjólið snýst réttsælis og rangsælis með hjólin á jörðu og hreyfilinn í gangi (aflstýrisbúnaður).	a) Stýrisstangir eða armar rekast utan í undirvagninn við færslu.		X	
			b) Stýrisstopp óvirk eða vantar.		X	
2.1.5.	Aflstýrisbúnaður	Kanna hvort stýrisbúnaður leki og vökvamagn í hringrásargeymi vökvakerfis (ef sýnilegt). Með hjólin á jörðu og hreyfilinn í gangi skal athuga hvort aflstýrisbúnaður sé virkur.	a) Vökvaleki.		X	
			b) Vökvi er ekki nægur (undir lágmarksmörkum). Geymir er ekki fullnægjandi.		X 	 X

Atriði	Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
			Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
		c) Búnaður virkar ekki. Áhrif á stýrisbúnað.		X	 X
		d) Búnaður brotinn eða ótryggur. Áhrif á stýrisbúnað.		X	 X
		e) Íhlutir færast til eða krækjast í. Áhrif á stýrisbúnað.		X	 X
		f) Ótrygg breyting[3]. Áhrif á stýrisbúnað.		X	 X
		g) Kaplar/slöngur skemmdar, mjög mikið tærðar. Áhrif á stýrisbúnað.		X	 X
2.2. Stýrishjól, stýrisstöng og stýri					
2.2.1. Ástand stýrishjóls	Með hjólin á jörðinni er ýtt og togað í stýrishjólið í stefnu súlunnar, ýtt á stýrishjólið í mismunandi áttir hornrétt á súluna. Sjónræn skoðun á hlaupi og ástandi mjúkra liða eða hjöruliða.	a) Hreyfing á milli stýris og stangar sem gefur til kynna los. Mjög mikil hætta á að tengingar losni.		X	 X
		b) Viðhaldsbúnað vantar á stýrisnaf Mjög mikil hætta á að tengingar losni.		X	 X
		c) Stýrisnaf, brún eða teinar brotnir Mjög mikil hætta á að tengingar losni.		X	 X
		d) Ótrygg breyting[3].		X	

Atriði		Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
				Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
2.2.2.	Stýrisstöng og stýrishöggdeyfar	Ýtt og togað í stýrishjólið í stefnu súlunnar, ýtt á stýrishjólið í mismunandi áttir hornrétt á súluna. Sjónræn skoðun á hlaupi, og ástandi mjúkra liða eða hjöruliða.	a) Mikil hreyfing á miðju stýrishjóls upp eða niður.		X	
			b) Mikil hreyfing á efsta hluta súlu í geisla út frá ás súlunnar.		X	
			c) Slit í mjúkum liðum.		X	
			d) Festing biluð.		X	
			Mjög mikil hætta á að tengingar losni.			X
			e) Ótrygg breyting[3].			X
2.3.	Hlaup í stýri	Með hreyfilinn í gangi í ökutækjum með aflstýrisbúnaði og með hjólin vísandi beint fram er stýrinu snúið létt réttsælis og rangsælis eins langt og hægt er án þess að hreyfa veghjólin. Sjónræn skoðun á hreyfingu.	Of mikið hlaup í stýri (t.d. ef punktur á brúninni hreyfist meira en einn fimmta af þvermáli stýrishjólsins) eða ekki í samræmi við kröfurnar[1].		X	
			Áhrif á öryggi stýrisbúnaðar.			X
2.4.	Hjólastaða (X)[2]	Sjónræn skoðun	Augljós tilfærsla.	X		
			Áhrif á beinan akstur; stefnustöðugleiki skertur.		X	
2.5.	Stýriás snúningsskífu eftirvagns	Sjónræn skoðun eða skoðun með sérstaklega útbúnum skynjara fyrir hlaup í hjólum.	a) Íhlutur lítillega skemmdur.		X	
			Íhlutur mjög skemmdur eða sprunginn.			X
			b) Of mikið hlaup.		X	
			Áhrif á beinan akstur; stefnustöðugleiki skertur.			X
			c) Festing biluð.		X	
			Alvarleg áhrif á festingu.			X

Atriði		Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
				Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
2.6.	Rafknúinn aflstýrisbúnaður	Sjónræn skoðun og eftirlit með samkvæmni á milli stefnu stýrishjóls og stefnu hjólanna þegar slökkt/kveikt er á hreyflinum og/eða rafrænn skilflötur ökutækis notaður.	a) Gaumljós bilanavísis fyrir rafknúinn aflstýrisbúnað gefur til kynna hvers konar bilun í kerfinu.		X	
			b) Hjálparafl virkar ekki.		X	
			c) Kerfið gefur til kynna bilun fyrir tilstuðlan rafræns skilflatar ökutækis.		X	
3.	ÚTSÝN					
3.1.	Sjónsvið	Sjónræn skoðun úr ökumannssæti.	Skerðing á sjónsviði ökumanns sem hefur áhrif á útsýn hans fram á við eða til hliða (fyrir utan það svæði sem framrúðuþurrkur hreinsa).	X		
			Útsýn innan svæðisins, sem framrúðuþurrkur hreinsa, skerðist eða ytri speglar eru ekki sýnilegir.		X	
3.2.	Ástand glerja	Sjónræn skoðun	a) Sprungið eða upplitað gler eða gagnsæ klæðning (ef það er leyft). (fyrir utan það svæði sem framrúðuþurrkur hreinsa).	X		
			Útsýn innan svæðisins, sem framrúðuþurrkur hreinsa, skerðist eða ytri speglar eru ekki sýnilegir.		X	
			b) Gler eða gagnsæ klæðning (þ.m.t. speglandi eða lituð filma) sem samrýmist ekki forskriftum í kröfunum[1], (utan svæðisins sem framrúðuþurrkur hreinsa).	X		
			Útsýn innan svæðisins, sem framrúðuþurrkur hreinsa, skerðist eða ytri speglar eru ekki sýnilegir.		X	
			c) Gler eða gagnsæ klæðning er í óviðunandi ástandi.		X	
			Útsýn innan svæðisins, sem framrúðuþurrkur hreinsa, skerðist mjög mikið.			X

Atriði		Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
				Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
3.3.	Baksýnisspeglar eða -búnaður	Sjónræn skoðun	a) Spegil eða búnað vantar eða hann er ekki settur upp samkvæmt kröfum[1] (a.m.k. tveir baksýnisspeglar til staðar).	X		
			Færri en tveir baksýnisspeglar til staðar.		X	
			b) Spegill eða búnaður lítillega skemmdur eða laus.	X		
			Spegill eða búnaður óvirkur, mikið skemmdur, laus eða ótryggur.		X	
			c) Nauðsynlegt sjónsvið er ekki fyrir hendi.		X	
3.4.	Framrúðuþurrkur	Sjónræn skoðun og við notkun.	a) Þurrkur óvirkar eða þær vantar.		X	
			b) Þurrkublað er bilað.	X		
			Þurrkublað vantar eða er augljóslega bilað.		X	
3.5.	Framrúðusprautur	Sjónræn skoðun og við notkun.	Sprautur virka ekki með fullnægjandi hætti (sprautuvökva vantar en dælan virkar eða vatnsbunan er ekki rétt stillt).	X		
			Sprautur virka ekki.		X	
3.6.	Móðuhreinsunarkerfi (X)[2]	Sjónræn skoðun og við notkun.	Kerfi óvirkt eða er augljóslega bilað.	X		
4.	LJÓSKER, GLITAUGU OG RAFBÚNAÐUR					
4.1.	Aðalljósker					
4.1.1.	Ástand og virkni	Sjónræn skoðun og við notkun.	a) Ljós eða ljósgjafi bilaður eða vantar (mörg ljós eða ljósgjafar; fyrirkomulag með díóðuljósum þar sem minna en 1/3 ljósanna virka ekki).	X		
			Eitt ljós eða ljósgjafar; fyrirkomulag með díóðuljósum þar sem útsýn skerðist til mikilla muna.		X	

Atriði		Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
				Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
			b) Vörpunarkerfi lítillega bilað (endurkastari og gler).	X		
			Vörpunarkerfi mikið bilað eða vantar (endurkastari og gler).		X	
			c) Ljósker ekki tryggilega fest.		X	
4.1.2.	Stilling	Sjónræn skoðun og við notkun.	a) Aðalljósker mjög vanstillt.		X	
			b) Ljósgjafi ekki settur rétt upp.			
4.1.3.	Rofar	Sjónræn skoðun og við notkun.	a) Rofi virkar ekki í samræmi við kröfur[1] (fjöldi aðalljóskera sem lýsa upp á sama tíma).	X		
			Hámarksbirta ljósa að framan er umfram það sem leyfilegt er.		X	
			b) Skert virkni stjórnbúnaðar.		X	
4.1.4.	Farið að kröfum[1].	Sjónræn skoðun og við notkun.	a) Ljósker, litur ljóss, staðsetning, ljósstyrkur eða merking samrýmist ekki kröfum[1].		X	
			b) Vörur á gleri eða ljósgjafa sem draga augljóslega úr styrkleika ljóssins eða breyta lit þess.		X	
			c) Ljósgjafi og ljósker ekki samrýmanleg.		X	
4.1.5.	Hallastillingarbúnaður (ef hann er lögboðinn)	Sjónræn skoðun og við notkun ef hægt er.	a) Búnaður virkar ekki.		X	
			b) Ekki er hægt að nota handvirkan búnað úr sæti ökumanns.		X	
4.1.6.	Hreinsunarbúnaður fyrir aðalljósker (ef hann er lögboðinn)	Sjónræn skoðun og við notkun ef hægt er.	Búnaður virkar ekki.	X		
			Ef um er að ræða gasúrhleðsluljósker.		X	

Atriði		Aðferð	Ástæður bilunar	Mat á annmörkum		
				Minniháttar	Meiriháttar	Hættulegir
4.2.	Stöðuljósker að framan og aftan, hliðarljósker, breiddarljósker og ljósker fyrir dagljósabúnað.					
4.2.1.	Ástand og virkni	Sjónræn skoðun og við notkun.	a) Bilaður ljósgjafi.		X	
			b) Bilað gler.		X	
			c) Ljósker ekki tryggilega fest.	X		
			Mjög mikil hætta á að það detti af.		X	
4.2.2.	Rofar	Sjónræn skoðun og við notkun.	a) Rofi virkar ekki í samræmi við kröfur[1].		X	
52	Tilskipun 2001/85/EB	a) I. viðauki b) IV. viðauki Styrkur burðarvirkis yfirbyggingar	a) Liður 7.4.5 Stöðugleikaprófun samkvæmt skilyrðum sem tilgreind eru í viðbætinum við I. viðauka. b) 4. viðbætir — Sannprófun styrks burðarvirkis yfirbyggingar með útreikningi.
52A	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 107	3. viðauki	Liður 7.4.5 (útreikningsaðferð).
52B	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 66	9. viðauki	Tölvuhermun veltiprófs á fullbúnu ökutæki sem jafngild viðurkenningaraðferð.
57	Tilskipun 2000/40/EB	Liður 3 í 5. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 93	Mælingar á mótstöðu við láréttum krafti og sveigju.
57A	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 93	5. viðauki, liður 3	Mælingar á mótstöðu við láréttum krafti og sveigju.“

V. VIÐAUKI

Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 1003/2010

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1003/2010 er breytt sem hér segir:

1) í stað liðar 1.2.1.2.1 komi eftirfarandi:

„1.2.1.2.1. Merkið skal vera hornrétt (± 5°) á lengdarmiðjuplan ökutækisins.“

2) Eftirfarandi komi í stað liðar 1.2.1.5.1 og 1.2.1.5.2:

„1.2.1.5.1. Ef hæð efri brúnar merkisins frá jörðu er ekki meiri en 1,20 m skal merkið vera sýnilegt innan alls flatarins sem afmarkast af eftirfarandi fjórum plönum:

— tveimur lóðréttum plönum sem snerta hvort sína hliðarbrún merkisins og mynda horn sem mælist 30° út á við, til vinstri og til hægri, miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins og gengur í gegnum miðju plötunnar,

— plani sem snertir efri brún merkisins og myndar horn sem mælist 15° upp á við miðað við lárétt plan,

— lárétta planinu í gegnum neðri brún merkisins.

1.2.1.5.2. Ef hæð efri brúnar merkisins frá jörðu er meiri en 1,20 m skal merkið vera sýnilegt innan alls rýmisins sem afmarkast af eftirfarandi fjórum plönum:

— tveimur lóðréttum plönum sem snerta hvort sína hliðarbrún merkisins og mynda horn sem mælist 30° út á við, til vinstri og til hægri, miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins og gengur í gegnum miðju plötunnar,

— plani sem snertir efri brún merkisins og myndar horn sem mælist 15° upp á við miðað við lárétt plan,

— plani sem snertir neðri brún merkisins og myndar horn sem mælist 15° niður á við miðað við lárétt plan.“

3) Í stað liðar 1.2.3 komi eftirfarandi:

„1.2.3. Þegar framleiðandi ökutækis lýsir því yfir að ökutæki sé útbúið til að draga hleðslu (liður 2.11.5 í I. viðauka við tilskipun 2007/46/EB) og þess vegna getur flöturinn fyrir skráningarmerki að aftan verið hulinn (að hluta) innan plananna sem afmarka rúmfræðilegan sýnileika vegna uppsetningar véltengibúnaðar, sem er heimilaður eða sem er mælt með, skal skrá það í prófunarskýrsluna og greina frá því á EB-gerðarviðurkenningarvottorðinu. Enn fremur skal ekki veita gerðarviðurkenningu ökutækis nema að ráðstafanir hafi verið gerðar til að tryggja að mögulegt sé að losa eða færa slíkan véltengibúnað, ef hann hefur verið settur upp og er ekki í notkun, án þess að nota til þess verkfæri, þ.m.t. lykla.“

VI. VIÐAUKI

Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 109/2011

Reglugerð (ESB) nr. 109/2011 er breytt sem hér segir:

1) í I. hluta I. viðauka falli neðanmálsgrein (*) brott,

2) í stað liðar 0.1 í IV. viðauka komi eftirfarandi:

„0.1. Ökutæki í flokki N og O, að undanskildum torfærutækjum, eins og þau eru skilgreind í II. viðauka við tilskipun 2007/46/EB, skulu smíðuð með og/eða vera með áfestum hjól- og aurhlífabúnaði þannig að þau uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessum viðauka. Ef um er að ræða ökutæki sem aðeins eru undirvagn með stýrishúsi er einungis heimilt að beita þessum kröfum að því er varðar hjólin sem stýrishúsið nær yfir.

Að vali framleiðanda er heimilt að beita kröfunum í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1009/2010 ([1]) um ökutæki í flokki M_1 að því er varðar ökutæki í flokkum N_1, N_2, með leyfilegan hámarksmassa með hleðslu sem er ekki meiri en 7,5 tonn, O_1 og O_2 í stað krafna þessa viðauka. Í slíkum tilvikum skal upplýsingaskjalið innihalda öll einstök atriði varðandi hjólhlífar, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 3. gr. þeirrar reglugerðar.

([1]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1009/2010 frá 9. nóvember 2010 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar hjólhlífar tiltekinna vélknúinna ökutækja og um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra og kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem ætlaðar eru í slík ökutæki, með tilliti til almenns öryggis (Stjtíð. ESB L 292, 10.11.2010, bls. 21).“

VII. VIÐAUKI

Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 458/2011

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 458/2011 er breytt sem hér segir:

í stað liðar 3.2 í viðbót við 2. hluta komi eftirfarandi:

„3.2. Ökutækjaflokkur N_1: já/nei ([1]), gerð 1/2/3/4/5 ([1])“.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/562 **2015//EES/63/19**

frá 8. apríl 2015

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 347/2012 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 í tengslum við gerðarviðurkenningarkröfur vegna tiltekinna flokka vélknúinna ökutækja að því er varðar háþróuð neyðarhemlunarkerfi (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 frá 13. júlí 2009 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra og kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem ætlaðar eru í slík ökutæki, með tilliti til almenns öryggis ([1]), einkum a-lið 1. mgr. 14. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Reglugerð (EB) nr. 661/2009 er sérreglugerð að því er varðar gerðarviðurkenningaraðferðina sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB ([2]).

2) Í reglugerð (EB) nr. 661/2009 er mælt fyrir um grunnkröfur fyrir gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja í flokkum M_2, M_3, N_2 og N_3 að því er varðar uppsetningu á háþróuðum neyðarhemlunarkerfum (AEBS). Nauðsynlegt er að setja fram sérstakar verklagsreglur, prófanir og kröfur fyrir slíka gerðarviðurkenningu.

3) Í reglugerð (EB) nr. 661/2009 er mælt fyrir um almenna skyldu til að setja upp háþróuð neyðarhemlunarkerfi í ökutæki í flokkum M_2, M_3, N_2 og N_3.

4) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 347/2012([3]) er mælt fyrir um sérstakar verklagsreglur, prófanir og kröfur fyrir gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja að því er varðar háþróað neyðarhemlunarkerfi og kveðið á um þessar kröfur komi til framkvæmda í tveimur áföngum. Sem hluti af fyrsta áfanganum áttu tilteknar nýjar gerðir ökutækja að uppfylla kröfur varðandi viðurkenningarþrep 1, frá og með 1. nóvember 2013. Sem hluti af seinni áfanganum áttu þessi ökutæki, sem og tilteknar aðrar gerðir ökutækja sem höfðu ekki fallið undir viðurkenningarþrep 1, að uppfylla kröfur varðandi viðurkenningarþrep 2, sem felur í sér að uppfylla þarf frekari og ítarlegri kröfur. Í reglugerð (ESB) nr. 347/2012 er jafnframt kveðið á um að viðurkenningarþrep 2 komi til framkvæmda frá og með 1. nóvember 2016 fyrir nýjar gerðir ökutækja.

5) Tímaramminn fyrir framkvæmd viðurkenningarþreps 2 var settur til að tryggja nægilegan innleiðingartíma til að hægt sé að öðlast frekari reynslu af háþróuðum neyðarhemlunarkerfum og til að gera frekari tækniþróun á þessu sviði mögulega. Til viðbótar var tímarammanum ætlað að gera framkvæmdastjórninni kleift að taka til greina alþjóðlegar, samræmdar kröfur um nothæfi og prófanir, sem efnahagsnefnd Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu átti að samþykkja að því er varðar gerðir ökutækja í þeim flokkum sem falla undir reglugerð SÞ nr. 131 um háþróuð neyðarhemlunarkerfi.

6) Því var það fyrirséð að framkvæmdastjórnin myndi, eigi síðar en tveimur árum fyrir gildistökudag framkvæmdar viðurkenningarþreps 2, samþykkja prófunarskilyrði fyrir viðvörunarmerki og virkjun hemla að því er varðar gerðir ökutækja í flokkum M_2 og N_2 með heildarmassa ökutækis sem er að hámarki 8 tonn, að teknu tilliti til frekari þróunar á þessu sviði á vettvangi efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu.

7) Efnahagsnefnd Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu hefur tilgreint hraðagildi marks sem á við ef um er að ræða hreyfanlegt mark í viðurkenningarþrepi 2 fyrir prófun á gerðum ökutækja í flokkum M_2 og N_2, með hámarksmassa ekki yfir 8 tonnum. Hraðagildi marks hafa verið sett af varfærni til að gera kleift að öðlast frekari reynslu af háþróuðum neyðarhemlunarkerfum og gera frekari tækniþróun á þessu sviði mögulega fyrir þær gerðir ökutækja sem um er að ræða.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit tækninefndarinnar um vélknúin ökutæki.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 93, 9.4.2015, bls. 35. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2015 frá 11. júní 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 200, 31.07.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun) (Stjtíð. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 347/2012 frá 16. apríl 2012 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 í tengslum við gerðarviðurkenningarkröfur vegna tiltekinna flokka vélknúinna ökutækja að því er varðar háþróuð neyðarhemlunarkerfi (Stjtíð. ESB L 109, 21.04.2012, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 347/2012 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. apríl 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 347/2012 er breytt sem hér segir:

1) Í stað liðar 2.4.2.1 komi eftirfarandi:

„2.4.2.1. a) Fyrir viðurkenningarþrep 1 skal veita eina snertiskynsviðvörun eða hljóðræna viðvörun eigi síðar en við þau gildi sem tilgreind eru í B-dálki í töflunni í 1. viðbæti.

b) Fyrir viðurkenningarþrep 2 skal veita eina viðvörun eigi síðar en við þau gildi sem tilgreind eru í B-dálki í töflunni í 2. viðbæti, eins og hér segir:

að því er varðar ökutækjaflokkana sem tilgreindir eru í fyrstu röð í töflunni í 2. viðbæti skal viðvörunin vera snertiskynsviðvörun eða hljóðræn viðvörun og

að því er varðar ökutækjaflokkana sem tilgreindir eru í annarri röð í töflunni í 2. viðbæti skal viðvörunin vera snertiskynsviðvörun, hljóðræn viðvörun eða sjónræn viðvörun.“

2) Í stað liðar 2.4.2.2 komi eftirfarandi:

„2.4.2.2. Veita skal a.m.k. tvenns konar viðvörun eigi síðar en við gildin sem tilgreind eru í:

fyrir viðurkenningarþrep 1: C-dálki í töflunni í 1. viðbæti

fyrir viðurkenningarþrep 2: C-dálki í töflunni í 2. viðbæti.“

3) Síðasta setningin í liðum 2.5.2.1 og 2.5.2.2 falli brott.

4) Í stað 2. viðbætis komi eftirfarandi:

„2. viðbætir

Viðurkenningarþrep 2: prófunarkröfur fyrir viðvörunarmerki og virkjun – gildi fyrir fullnægjandi/ófullnægjandi niðurstöður

Röð	A	B	C	D	E	F	G	H
0	Ökutækjaflokkur	Kyrrstætt mark			Hreyfanlegt mark			
		Tímasetning viðvarana		Hraðaminnkun prófunarökutækis	Tímasetning viðvarana		Hraðaminnkun prófunarökutækis	Hraði marks
		A.m.k. 1	A.m.k. 2		A.m.k. 1	A.m.k. 2		
		(sjá lið 2.4.2.1.)	(sjá lið 2.4.2.2.)	(sjá lið 2.4.5.)	(sjá lið 2.5.2.1.)	(sjá lið 2.5.2.2.)	(sjá lið 2.5.3.)	(sjá lið 2.5.1.)
1	M_3([1]), N_3 og N_2>8t	Eigi síðar en 1,4 sek. áður en neyðar-hemlunarfasinn hefst	Eigi síðar en 0,8 sek. áður en neyðar-hemlunarfasinn hefst	A.m.k. 20 km/klst.	Eigi síðar en 1,4 sek. áður en neyðar-hemlunarfasinn hefst	Eigi síðar en 0,8 sek. áður en neyðarhemlunarfasinn hefst	Prófunarökutækið skal ekki lenda á hreyfanlega markinu	12 ± 2 km/klst.

Röð	A	B	C	D	E	F	G	H
0	Ökutækjaflokkur	Kyrrstætt mark			Hreyfanlegt mark			
		Tímasetning viðvarana		Hraðaminnkun prófunarökutækis	Tímasetning viðvarana		Hraðaminnkun prófunarökutækis	Hraði marks
		A.m.k. 1	A.m.k. 2		A.m.k. 1	A.m.k. 2		
		(sjá lið 2.4.2.1.)	(sjá lið 2.4.2.2.)	(sjá lið 2.4.5.)	(sjá lið 2.5.2.1.)	(sjá lið 2.5.2.2.)	(sjá lið 2.5.3.)	(sjá lið 2.5.1.)
2	$N_2 \leq 8$t [2] [4] og M_2 [2] [4]	Eigi síðar en 0,8 sek. áður en neyðar-hemlunarfasinn hefst	Áður en neyðar-hemlunarfasinn hefst [3]	A.m.k. 10 km/klst.	Eigi síðar en 0,8 sek. áður en neyðar-hemlunarfasinn hefst	Áður en neyðarhemlunarfasinn hefst [3]	Prófunarökutækið skal ekki lenda á hreyfanlega markinu	67 ± 2 km/klst.[5]

([1]) Ökutæki í flokki M_3 með vökvahemlakerfi falla undir kröfurnar í annarri röð.
([2]) Ökutæki með lofthemlakerfi falla undir kröfurnar í fyrstu röð.
([3]) Framleiðandi ökutækis skal tilgreina gildi þegar gerðarviðurkenning á sér stað (sjá lið 4.4. í viðbót við 2. hluta I. viðauka).
([4]) Framleiðendur ökutækjaflokkanna sem tilgreindir eru í annarri röð geta valið að fá gerðarviðurkenningu ökutækis í samræmi við gildin sem tilgreind eru í fyrstu röð en í slíkum tilvikum skulu þeir sýna fram á að öll gildin sem tilgreind eru í fyrstu röð séu uppfyllt.
([5]) Gildin fyrir hraða marks í dálki H2 skulu endurskoðuð fyrir 1. nóvember 2021.“

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 168/2013 2015/EES/63/20

frá 15. janúar 2013

um viðurkenningu á og markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum og fjórhjólum (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RAÐ EVROPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins([1]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Innri markaðurinn myndar svæði án innri landamæra þar sem frjálsir vöruflutningar, frjáls för fólks, frjáls þjónustustarfsemi og frjálsir fjármagnsflutningar skulu tryggðir. Í þeim tilgangi var alhliða EB-gerðarviðurkenningarkerfi fyrir ökutæki á tveimur eða þremur hjólum komið á með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/24/EB ([3]) um gerðarviðurkenningu slíkra ökutækja. Þessar meginreglur ættu að gilda áfram um þessa reglugerð og um framseldar gerðir og framkvæmdargerðir sem samþykktar eru samkvæmt þessari reglugerð.

2) Innri markaðurinn ætti að byggjast á gagnsæjum, einföldum og samræmdum reglum sem veita réttarvissu og skýrleika sem getur gagnast bæði fyrirtækjum og neytendum.

3) Í því skyni að einfalda og hraða samþykkt löggjafar um gerðarviðurkenningu hefur ný stjórnsýslunálgun verið innleidd í löggjöf ESB um gerðarviðurkenningar fyrir ökutæki en í samræmi við hana setur löggjafinn aðeins grundvallar- og meginreglur í almennri lagasetningarmeðferð en felur svo framkvæmdastjórninni vald til þess að samþykkja framseldar gerðir varðandi nánari tæknilegar upplýsingar. Að því er varðar efnislegar kröfur ætti þessi reglugerð því aðeins að mæla fyrir um grundvallarákvæði um notkunaröryggi og vistvænleika og fela framkvæmdastjórninni vald til að mæla fyrir um tækniforskriftir.

4) Reglugerð þessi ætti ekki að hafa áhrif á ráðstafanir á landsvísu eða á vettvangi Sambandsins að því er varðar notkun ökutækja í flokki L á vegum, svo sem sérstakar kröfur vegna ökuskírteina, takmarkanir á hámarkshraða eða ráðstafanir til að stýra aðgangi að tilteknum vegum.

5) Bæta ætti markaðseftirlit á sviði ökutækja og einkum á sviði ökutækja í flokki L með því að auka við lagaákvæði varðandi framleiðslusamræmi og með því að tilgreina skyldur rekstraraðila í birgðakeðjunni. Einkum ætti að skýra hlutverk og ábyrgð yfirvalda í aðildarríkjum sem stjórna gerðarviðurkenningu og markaðseftirliti og styrkja kröfur sem varða hæfi, skyldur og frammistöðu tækniþjónusta sem framkvæma prófanir vegna gerðarviðurkenningar ökutækis. Reglufylgni við gerðarviðurkenningar- og framleiðslusamræmiskröfur löggjafar sem gildir á sviði ökutækja ætti áfram að vera á ábyrgð viðurkenningaryfirvalda, en markaðseftirlit er valdsvið sem mismunandi landsyfirvöld geta deilt. Skilvirkri samræmingu og eftirliti ætti að beita á vettvangi Sambandsins og á landsbundnum vettvangi til að tryggja að viðurkenningar- og markaðseftirlitsyfirvöld beiti nýju ráðstöfununum með skilvirkum hætti.

6) Skuldbindingar landsyfirvalda sem mælt er fyrir um í ákvæðum um markaðseftirlit í þessari reglugerð eru sértækari en samsvarandi ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 frá 9. júlí 2008 um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum ([4]).

7) Þessi reglugerð ætti að fela í sér efnislegar kröfur um vistvænleika og notkunaröryggi ökutækja. Helstu þættir viðeigandi krafna í þessari reglugerð eru byggðir á niðurstöðum áhrifamats frá 4. október 2010 sem framkvæmdastjórnin annaðist og greindi mismunandi valkosti með því að telja fram hugsanlega kosti og galla út frá efnahagslegum, umhverfislegum, öryggis- og félagslegum þáttum. Bæði eigindlegir og megindlegir þættir voru teknir með í þeirri greiningu. Að loknum samanburði á þessum mismunandi valkostum voru æskilegir valkostir auðkenndir og valdir til að mynda grunninn að þessari reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 60, 2.3.2013, bls. 52. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 143/2015 frá 11. júní 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 84, 17.3.2011, bls. 30.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 20. nóvember 2012 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 11. desember 2012.

([3]) Stjtíð. EB L 124, 9.5.2002, bls. 1.

([4]) Stjtíð. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 30.

8) Markmið þessarar reglugerðar er að mæla fyrir um samræmdar reglur varðandi gerðarviðurkenningu ökutækja í flokki L með það fyrir augum að tryggja eðlilega starfsemi innri markaðarins. Ökutæki í flokki L eru ökutæki á tveimur, þremur eða fjórum hjólum s.s. vélknúin ökutæki á tveimur hjólum, bifhjól með þremur hjólum og fjórhjól. Að auki miðar þessi reglugerð að því að einfalda núverandi lagaramma, að draga úr losun ökutækja í flokki L og leiða þannig til þess að hluti losunar ökutækja í flokki L sé í réttara hlutfalli við heildarlosun vegna flutninga á vegum, að auka heildaröryggisstig, að aðlögun að tækniframförum og að því að styrkja reglur um markaðseftirlit.

9) Til að tryggja öflugt notkunaröryggi, öryggi á vinnustað og öfluga umhverfisvernd ætti að samræma viðeigandi tæknilegar kröfur og umhverfisstaðla sem eiga við ökutæki, kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar með tilliti til gerðarviðurkenningar.

10) Ísetning tiltekinna kerfa, íhluta eða aðskilinna tæknieininga eftir að ökutæki hafa verið sett á markað, skráð eða tekin í notkun ætti ekki að hafa áhrif á markmið þessarar reglugerðar. Grípa ætti til viðeigandi ráðstafana til að ganga úr skugga um að viðurkenningaryfirvald hafi eftirlit með kerfum, íhlutum eða aðskildum tæknieiningum, sem hægt er að setja í ökutæki og geta dregið verulega úr virkni kerfa sem eru nauðsynleg hvað varðar notkunaröryggi eða umhverfisvernd, áður en þær eru settar á markað, skráðar eða teknar í notkun.

11) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/1/EB frá 2. febrúar 1995 um hámarkshraða sem er ákveðinn með hönnun, hámarkssnúningskraft og hámarksnettóvélarafl vélknúinna ökutækja á tveimur eða þremur hjólum ([5]) var aðildarríkjum gefinn kostur á því að synja á yfirráðasvæði sínu upphaflegri skráningu og síðari skráningu ökutækis með hámarksnettóafl sem eru meira en 74 kW. Sú samsvörun sem búist var við að væri milli öryggis og algildra afltakmarkana fékkst ekki staðfest í nokkrum vísindarannsóknum. Af þeim sökum og til að ryðja úr vegi innri viðskiptahindrunum á markaði Sambandsins ætti sá kostur ekki að vera lengur fyrir hendi. Innleiða ætti aðrar skilvirkari öryggisráðstafanir til að draga úr þeim mikla fjölda dauðsfalla og áverka meðal ökumanna vélknúinna ökutækja á tveimur hjólum í umferðarslysum í Sambandinu.

12) Með þessari reglugerð eru settar umhverfiskröfur fyrir tvö stig þar sem seinna stigið (Euro 5) er skyldubundið fyrir nýjar gerðir ökutækja frá og með 1. janúar 2020 og skapar þannig vissu í áætlanagerð til lengri tíma fyrir framleiðendur ökutækja og birgja í geiranum. Rannsókn á umhverfisáhrifum sem krafist er í reglugerð þessari, byggð á gögnum sem verða tiltæk í framtíðinni, ætti að veita frekari stuðning með líkanagerð og greiningu á tæknilegri hagkvæmni og kostnaðarhagkvæmni sem byggir á nýjustu fáanlegu gögnum. Að auki ætti rannsóknin m.a. að meta hagkvæmni og kostnaðarhagkvæmni krafna um prófun ökutækja sem eru í notkun, krafna um losun utan lotu og losunarmörk fyrir fjölda agna fyrir tiltekna flokka og undirflokka. Framkvæmdastjórnin ætti á grundvelli niðurstaðna rannsóknarinnar taka til athugunar að leggja fram tillögu um innleiðingu þessara nýju þátta í framtíðarlöggjöf um gerðarviðurkenningu sem tekur gildi eftir áfangana sem kveðið er á um í þessari reglugerð.

13) Gerðarviðurkenningarkerfi ESB er ætlað að gera hverju aðildarríki kleift að staðfesta að sérhver gerð ökutækis hafi gengist undir þær prófanir sem kveðið er á um í þessari reglugerð, og í framseldum gerðum og framkvæmdargerðum sem samþykktar eru samkvæmt þessari reglugerð, og að framleiðandinn hafi aflað gerðarviðurkenningarvottorðs. Það skyldar enn fremur framleiðendur til að gefa út samræmisvottorð fyrir hvert ökutæki sem framleitt er í samræmi við gerðarviðurkenninguna. Þegar ökutæki fylgir slíkt vottorð má setja það á markað og skrá til notkunar í öllu Sambandinu.

14) Til að tryggja að aðferðinni við eftirlit með samræmi framleiðslu, sem er einn af hornsteinum gerðarviðurkenningarkerfis Sambandsins, sé beitt á réttan hátt og að hún gegni hlutverki sínu ætti að hafa reglulegt eftirlit með framleiðendum af hálfu lögbærs yfirvalds eða tækniþjónustu með tilskilin réttindi sem tilnefnd er í þeim tilgangi.

15) Þessi reglugerð telst safn sértækra öryggis- og umhverfiskrafna. Því er mikilvægt að setja ákvæði til að tryggja að ef alvarleg hætta steðjar að notendum eða umhverfinu frá ökutæki hafi framleiðandi eða annar rekstraraðili í birgðakeðjunni gripið til skilvirkra verndarráðstafana, þ.m.t. innköllun ökutækja, í skilningi 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008. Viðurkenningaryfirvöld ættu því að geta metið hvort þessar ráðstafanir séu fullnægjandi.

16) Í tilteknum takmörkuðum tilfellum er viðeigandi að heimila landsbundnar gerðarviðurkenningar fyrir litlar framleiðsluraðir. Til að koma í veg fyrir misnotkun ætti einfölduð málsmeðferð fyrir ökutæki sem framleidd eru í litlum framleiðsluröðum að vera takmörkuð við tilvik þar sem um afar takmarkaða framleiðslu er að ræða. Þar af leiðandi er nauðsynlegt að skilgreina nákvæmlega hugtakið lítil framleiðsluröð með tilliti til fjölda framleiddra ökutækja.

([5]) Stjtíð. EB L 52, 8.3.1995, bls. 1.

17) Sambandið er samningsaðili að samningi efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu um samþykkt samræmdra tækniforskrifta fyrir ökutæki á hjólum, búnað og hluti sem heimilt er að festa og/eða nota í ökutæki á hjólum og gekk að skilyrðunum fyrir gagnkvæmri viðurkenningu viðurkenninga sem eru veittar á grundvelli þessara forskrifta (endurskoðaður samningur frá 1958)([6]). Til að einfalda löggjöf um gerðarviðurkenningu í samræmi við tilmælin í skýrslunni sem framkvæmdastjórnin gaf út 2006 og bar heitið „CARS 21: Samkeppnisvænt eftirlitskerfi fyrir ökutæki á 21. öldinni“ er viðeigandi að fella úr gildi allar sértilskipanir án þess að dregið sé úr verndarstigi. Kröfurnar sem settar eru fram í þessum tilskipunum ættu að færast yfir í þessa reglugerð eða framseldar gerðir sem samþykktar eru samkvæmt henni og þar sem við á ættu tilvísanir í samsvarandi reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu, sem Sambandið hefur samþykkt eða gengist undir og sem eru í viðauka við endurskoðaða samninginn frá 1958, koma í þeirra stað. Til að draga úr stjórnsýsluálagi vegna gerðarviðurkenningarferlisins ætti framleiðendum ökutækja, eftir því sem við á og í samræmi við þessa reglugerð, að vera heimilt að sækjast eftir gerðarviðurkenningu með beinum hætti með því að afla viðurkenningar samkvæmt viðeigandi reglugerðum efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu sem um getur í viðaukunum við þessa reglugerð eða í framseldum gerðum sem samþykktar eru samkvæmt þessari reglugerð.

18) Af þessum sökum ætti að taka reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu og breytingar á þeim sem Sambandið hefur samþykkt samkvæmt ákvörðun 97/836/EB upp í löggjöf Evrópusambandsins um gerðarviðurkenningar. Til samræmis við það ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja nauðsynlegar breytingar á viðaukunum við þessa reglugerð eða framseldum gerðum sem samþykktar eru samkvæmt þessari reglugerð.

19) Ótakmarkaður aðgangur að upplýsingum um ökutækjaviðgerðir á stöðluðu formi, sem nota má til að heimta tæknilegu upplýsingarnar, og virk samkeppni á markaði að því er varðar upplýsingaþjónustu á sviði viðgerða og viðhalds ökutækja eru nauðsynleg til að bæta starfsemi innri markaðarins, einkum að því er varðar frjálsa vöruflutninga, staðfesturétt og frelsi til að veita þjónustu. Stór hluti þessara upplýsinga varðar innbyggð greiningarkerfi og samspil þeirra og annarra kerfa í ökutækinu. Rétt er að mæla fyrir um tækniforskriftir sem vefsetur framleiðendanna ættu að fara eftir, auk markvissra ráðstafana til að tryggja sanngjarnan aðgang lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

20) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu ([7]).

21) Til að bæta frekari tæknilegum upplýsingum við þessa reglugerð ætti framkvæmdastjórnin að hafa vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að því er varðar kröfur um vistvænleika og varðandi knúningsafl, notkunaröryggi og smíði ökutækja. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu framseldra gerða ætti framkvæmdastjórnin að tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.

22) Aðildarríkin ættu að mæla fyrir um reglur um viðurlög við brotum gegn ákvæðum þessarar reglugerðar og framseldra gerða eða framkvæmdargerða sem samþykktar eru samkvæmt þessari reglugerð og sjá til þess að þessum viðurlögum sé hrint í framkvæmd. Þessi viðurlög ættu að vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

23) Til þess að geta metið og ákveðið hvort rýmka eigi skyldubundna uppsetningu þróaðra hemlakerfa svo hún nái til fleiri flokka bifhjóla ætti framkvæmdastjórnin að leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslur byggðar m.a. á upplýsingum um umferðarslys sem aðildarríkin veita.

24) Þrátt fyrir að ekkert í þessari reglugerð komi í veg fyrir að aðildarríki noti áfram hvert sitt viðurkenningarkerfi ætti framkvæmdastjórnin að gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um starfsemi þessara landsbundnu kerfa byggða á upplýsingum sem aðildarríkin veita, til þess að endurskoða það hvort leggja eigi fram tillögu að nýrri löggjöf til samræmingar á einstaka viðurkenningarkerfinu á vettvangi Sambandsins.

25) Með skírskotun til endurskoðunar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki ([8]) ætti að skoða mörkin á milli þessarar reglugerðar og tilskipunar 2007/46/EB í ljósi þeirrar reynslu sem aðildarríkin öðlast í beitingu þessarar reglugerðar, einkum til að tryggja sanngjarna samkeppni milli flokka ökutækja.

([6]) Ákvörðun ráðsins 97/836/EB (Stjtíð. EB L 346, 17.12.1997, bls. 78).

([7]) Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13.

([8]) Stjtíð. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1.

26) Í þágu skýrleika, fyrirsjáanleika, skynsemi og einföldunar og til að draga úr álagi á ökutækjaframleiðendur, ætti þessi reglugerð aðeins að innihalda takmarkaðan fjölda framkvæmdaráfanga til innleiðingar nýrra losunarmarka og öryggiskrafna. Atvinnugreinin ætti að fá nægilegan tíma til að aðlagast nýju ákvæðunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og að tækniforskriftunum og stjórnsýsluákvæðunum sem sett eru fram í framseldum gerðum og framkvæmdargerðum sem samþykktar eru samkvæmt þessari reglugerð. Skilgreining krafna með tímanlegum hætti er nauðsynleg til að tryggja nægilegan frest fyrir framleiðendur til að þróa, prófa og framkvæma tæknilausnir fyrir ökutæki sem framleidd eru í framleiðsluröðum og fyrir framleiðendur og viðurkenningaryfirvöld til að koma upp nauðsynlegum stjórnunarkerfum.

27) Tilskipun 2002/24/EB og sértilskipunum sem um getur í þeirri tilskipun hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum. Til að tryggja skýrleika, fyrirsjáanleika, skynsemi og einföldun, ætti að fella tilskipun 2002/24/EB og sértilskipanir sem um getur í þeirri tilskipun úr gildi og í þeirra stað koma ein reglugerð og fáeinar framseldar gerðir og framkvæmdargerðir. Samþykkt reglugerðar tryggir að viðkomandi ákvæði gilda beint og hægt er að uppfæra þau mun hraðar og skilvirkar til að taka betur mið af tækniframförum.

28) Eftirfarandi tilskipanir falli úr gildi:

— Tilskipun 2002/24/EB,

— Tilskipun ráðsins 93/14/EBE frá 5. apríl 1993 um hemlun vélknúinna ökutækja sem eru á tveimur eða þremur hjólum ([9]),

— Tilskipun ráðsins 93/30/EBE frá 14. júní 1993 um hljóðmerkjabúnað vélknúinna ökutækja sem eru á tveimur eða þremur hjólum ([10]),

— Tilskipun ráðsins 93/33/EBE frá 14. júní 1993 varðandi varnarbúnað til að hindra óleyfilega notkun vélknúinna ökutækja sem eru á tveimur eða þremur hjólum ([11]),

— Tilskipun ráðsins 93/93/EBE frá 29. október 1993 um massa og mál vélknúinna ökutækja sem eru á tveimur eða þremur hjólum ([12]),

— Tilskipun 95/1/EB,

— Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/24/EB frá 17. júní 1997 um tiltekna íhluti í vélknúnum ökutækjum sem eru á tveimur eða þremur hjólum og sérkenni slíkra ökutækja ([13]),

— Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/7/EB um hraðamæla fyrir vélknúin ökutæki sem eru á tveimur eða þremur hjólum ([14]),

— Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/51/EB frá 19. júlí 2002 um að draga úr losun mengandi efna frá vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum ([15]),

— Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/62/EB frá 13. júlí 2009 um flöt til að festa skráningarmerki að aftan á vélknúin ökutæki sem eru á tveimur eða þremur hjólum ([16]),

— Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/67/EB frá 13. júlí 2009 um uppsetningu ljósa- og ljósmerkjabúnaðar á vélknúnum ökutækjum sem eru á tveimur eða þremur hjólum ([17]),

— Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/78/EB frá 13. júlí 2009 um standara á vélknúnum ökutækjum sem eru á tveimur hjólum ([18]),

— Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/79/EB frá 13. júlí 2009 um handföng fyrir farþega á vélknúnum ökutækjum sem eru á tveimur hjólum ([19]),

— Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/80/EB frá 13. júlí 2009 um merkingu stjórnrofa, gaumljósa og merkjabúnaðar á vélknúnum ökutækjum sem eru á tveimur eða þremur hjólum ([20]),

— Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/139/EB frá 25. nóvember 2009 varðandi lögboðnar áletranir á vélknúnum ökutækjum sem eru á tveimur eða þremur hjólum ([21]).

29) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að mæla fyrir um samræmdar reglur um stjórnsýslulegar og tæknilegar kröfur fyrir gerðarviðurkenningu og um markaðseftirlit með ökutækjum í flokki L og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs og áhrifa þeirra, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna, eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, ganga ákvæði þessarar reglugerðar ekki lengra en nauðsynlegt er til að þessum markmiðum verði náð.

([9]) Stjtíð. EB L 121, 15.5.1993, bls. 1.
([10]) Stjtíð. EB L 188, 29.7.1993, bls. 11.
([11]) Stjtíð. EB L 188, 29.7.1993, bls. 32.
([12]) Stjtíð. EB L 311, 14.12.1993, bls. 76.
([13]) Stjtíð. EB L 226, 18.8.1997, bls. 1.
([14]) Stjtíð. EB L 106, 3.5.2000, bls. 1.
([15]) Stjtíð. EB L 252, 20.9.2002, bls. 20.
([16]) Stjtíð. ESB L 198, 30.7.2009, bls. 20.
([17]) Stjtíð. ESB L 222, 25.8.2009, bls. 1.
([18]) Stjtíð. ESB L 231, 3.9.2009, bls. 8.
([19]) Stjtíð. ESB L 201, 1.8.2009, bls. 29.
([20]) Stjtíð. ESB L 202, 4.8.2009, bls. 16.
([21]) Stjtíð. ESB L 322, 9.12.2009, bls. 3.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

EFNI, GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Efni

1. Í reglugerð þessari er komið á stjórnsýslulegum og tæknilegum kröfum fyrir gerðarviðurkenningu allra nýrra ökutækja, kerfa, íhluta og aðskilinna tæknieininga sem um getur í 1. mgr. 2. gr.

Þessi reglugerð gildir ekki um viðurkenningu einstakra ökutækja. Aðildarríki sem veita slíkar einstakar viðurkenningar skulu þó samþykkja allar gerðarviðurkenningar fyrir ökutæki, kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem veittar eru samkvæmt þessari reglugerð frekar en samkvæmt viðeigandi landsákvæðum.

2. Í þessari reglugerð er komið á kröfum fyrir markaðseftirlit með ökutækjum, kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem eru háðar viðurkenningu í samræmi við þessa reglugerð. Í þessari reglugerð er einnig komið á kröfum fyrir markaðseftirlit með hlutum og búnaði fyrir slík ökutæki.

3. Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á beitingu löggjafar um umferðaröryggi.

2. gr.

Gildissvið

1. Þessi reglugerð gildir um öll ökutæki á tveimur eða þremur hjólum og fjórhjól samkvæmt flokkun í 4. gr. og I. viðauka („ökutæki í flokki L“) sem ætluð eru til notkunar á opinberum vegum, þ.m.t. þau sem eru hönnuð og smíðuð í einu eða fleiri þrepum og um kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar, sem og hluti og búnað sem er hannaður og smíðaður fyrir slík ökutæki.

Þessi reglugerð gildir einnig um torfæruhjól (e. *enduro motorcycles*), (L3e-AxE (x = 1, 2 eða 3), klifurhjól (e. *trial motorcycles*) (L3e-AxT (x = 1, 2 eða 3)) og þung fjórhjól til torfæruaksturs (L7e-B) samkvæmt flokkun í 4. gr. og I. viðauka.

2. Þessi reglugerð gildir ekki um eftirfarandi ökutæki:

a) ökutæki sem hönnuð eru fyrir hámarkshraðann 6 km/klst. eða minna,

b) ökutæki sem eingöngu eru ætluð fyrir fatlaða,

c) ökutæki sem gangandi vegfarendum eingöngu er ætlað að stjórna,

d) ökutæki sem eingöngu eru ætluð fyrir keppni,

e) ökutæki sem eru hönnuð eða smíðuð fyrir her, almannavarnir, slökkvilið, liðsafla sem sér um að halda uppi allsherjarreglu og sjúkraflutninga,

f) ökutæki fyrir landbúnað eða skógrækt sem falla undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 167/2013 frá 5. febrúar 2013 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með ökutækjum fyrir landbúnað eða skógrækt ([22]), vélar sem falla undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/68/EB frá 16. desember 1997 um samræmingu laga aðildarríkjanna er varða aðgerðir gegn losun mengandi lofttegunda og agna frá brunahreyflum færanlegra véla sem ekki eru notaðar á vegum ([23]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/42/EB frá 17. maí 2006 um vélarbúnað ([24]) og vélknúin ökutæki sem falla undir tilskipun 2007/46/EB,

g) ökutæki sem einkum eru ætluð til notkunar utan vega og eru hönnuð til að nota á yfirborði sem er ekki með bundnu slitlagi,

h) reiðhjól með hjálparfótstigi, búin rafknúinni hjálparvél þar sem samfellt hámarksnafnafl er minna en eða jafnt og 250 W, þar sem afköst vélarinnar stöðvast þegar hjólreiðamaðurinn hættir að stíga hjólið og minnka annars smám saman og stöðvast loks alveg áður en hraði ökutækisins nær 25 km/klst.,

i) ökutæki sem jafnvægisstilla sig sjálf,

j) ökutæki sem ekki eru með a.m.k. einni sætisstöðu,

k) ökutæki sem eru búin sæti þar sem hæð viðmiðunarpunkts sætis ökumanns eða farþega er $\leq$ 540 mm þegar um er að ræða flokka L1e, L3e og L4e eða $\leq$ 400 mm þegar um er að ræða flokka L2e, L5e, L6e og L7e.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð, og í þeim gerðum sem taldar eru upp í II. viðauka ef ekki er kveðið á um annað í þeim, eiga eftirfarandi skilgreiningar við:

1) „gerðarviðurkenning“: aðferð viðurkenningaryfirvalds til að votta að gerð ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar uppfylli viðkomandi stjórnsýsluákvæði og tæknilegar kröfur,

([22]) Sjá þessi Stjórnartíðindi, bls. 1.
([23]) Stjtíð. EB L 59, 27.2.1998, bls. 1.
([24]) Stjtíð. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 24.

2) „gerðarviðurkenningarvottorð“: skjalið þar sem viðurkenningaryfirvaldið vottar opinberlega að gerð ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar hafi verið viðurkennd,

3) „gerðarviðurkenning á fullbúnu ökutæki“: gerðarviðurkenning þar sem viðurkenningaryfirvald staðfestir að gerð ófullbúins, fullbúins eða fullbúins ökutækis í áföngum uppfylli viðeigandi stjórnsýslufyrirmæli og tæknilegar kröfur,

4) „ESB-gerðarviðurkenning“: aðferð aðildarríkis til að votta að gerð ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar uppfylli viðkomandi stjórnsýsluákvæði og tæknilegar kröfur þessarar reglugerðar,

5) „ESB-gerðarviðurkenningarvottorð“: vottorð sem byggt er á fyrirmyndinni sem sett er fram í framkvæmdargerð sem samþykkt er samkvæmt þessari reglugerð eða orðsendingu sem sett er fram í viðkomandi reglugerðum efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu sem um getur í þessari reglugerð eða í framseldum gerðum sem samþykktar eru samkvæmt þessari reglugerð,

6) „gerðarviðurkenning á kerfi“: gerðarviðurkenning þar sem viðurkenningaryfirvald staðfestir að kerfi sem byggð eru inn í ökutæki af tilteknum tegundum uppfylli viðeigandi stjórnsýslufyrirmæli og tæknilegar kröfur,

7) „gerðarviðurkenning aðskilinnar tæknieiningar“: gerðarviðurkenning þar sem viðurkenningaryfirvald staðfestir að aðskilin tæknieining uppfylli viðeigandi stjórnsýslufyrirmæli og tæknilegar kröfur í tengslum við eina eða fleiri tilgreindar gerðir ökutækja,

8) „gerðarviðurkenning íhlutar“: gerðarviðurkenning þar sem viðurkenningaryfirvald staðfestir að íhlutur uppfylli viðeigandi stjórnsýslufyrirmæli og tæknilegar kröfur óháð ökutæki,

9) „landsbundin gerðarviðurkenning“: gerðarviðurkenningaraðferð sem mælt er fyrir um í landslögum aðildarríkis, og takmarkast gildi slíkrar viðurkenningar við yfirráðasvæði aðildarríkisins,

10) „samræmisvottorð“: skjal sem gefið er út af framleiðanda sem vottar að framleitt ökutæki sé í samræmi við viðurkennda gerð ökutækis,

11) „grunnökutæki“: ökutæki sem notað er á fyrsta þrepi fjölþrepa gerðarviðurkenningar,

12) „ófullbúið ökutæki“: ökutæki sem vantar eitt þrep hið minnsta til að geta talist fullbúið og uppfyllir viðeigandi tæknilegar kröfur þessarar reglugerðar,

13) „ökutæki fullbúið í áföngum“: ökutæki sem búið er að fara í gegnum öll þrep fjölþrepa gerðarviðurkenningar og uppfyllir allar viðeigandi tæknilegar kröfur þessarar reglugerðar,

14) „fullbúið ökutæki“: ökutæki sem þarf ekki að vera fullbúið í áföngum til að uppfylla viðeigandi tæknilegar kröfur þessarar reglugerðar,

15) „kerfi“: samstæður búnaðar sem sameiginlega gegna sérstöku hlutverki eða hlutverkum í ökutæki, og verður að uppfylla kröfur þessarar reglugerðar eða framseldra gerða eða framkvæmdargerða sem samþykktar eru samkvæmt þessari reglugerð,

16) „íhlutur“: búnaður sem verður að uppfylla kröfur þessarar reglugerðar eða framseldra gerða eða framkvæmdargerða sem samþykktar eru samkvæmt þessari reglugerð og sem er ætlaður til að vera hluti af ökutæki og sem má gerðarviðurkenna einan og sér óháð ökutæki í samræmi við þessa reglugerð eða framseldar gerðir eða framkvæmdargerðir sem samþykktar eru samkvæmt þessari reglugerð, ef skýrt er kveðið á um það í þeim gerðum,

17) „aðskilin tæknieining“: búnaður sem verður að uppfylla kröfur þessarar reglugerðar eða framseldra gerða eða framkvæmdargerða sem samþykktar eru samkvæmt þessari reglugerð og sem er ætlaður til að vera hluti af ökutæki og sem má gerðarviðurkenna sérstaklega en einungis í tengslum við eina eða fleiri tilteknar gerðir ökutækis, ef skýrt er kveðið á um það í þeim gerðum,

18) „hlutir“: vörur sem notaðar eru til samsetningar á ökutæki og sem varahlutir,

19) „búnaður“: allar vörur aðrar en hlutir sem hægt er að bæta við ökutæki eða setja upp á því,

20) „upprunalegir hlutir eða búnaður“: hlutir eða búnaður sem eru framleiddir í samræmi við framleiðsluforskriftir og -staðla framleiðanda ökutækisins fyrir framleiðslu hluta eða búnaðar til notkunar við samsetningu ökutækisins sem um ræðir, þetta á einnig við um hluti eða búnað sem er framleiddur á sömu framleiðslulínu og þessir hlutir eða búnaður, gert er ráð fyrir, nema annað sé sannað, að hlutirnir séu upprunalegir hlutir ef framleiðandinn vottar að hlutirnir séu af samsvarandi gæðum og íhlutirnir, sem eru notaðir í samsetningu á viðkomandi ökutæki og séu framleiddir í samræmi við framleiðsluforskriftir og -staðla framleiðanda ökutækisins,

21) „varahlutir“: vörur sem á að setja í eða á ökutæki í stað upphaflegra hluta þess, þ.m.t. vörur á borð við smurefni sem eru nauðsynleg í ökutæki, að undanskildu eldsneyti,

22) „notkunaröryggi“: ekki er til staðar nein óviðunandi áhætta á líkamlegum meiðslum eða heilsutjóni einstaklinga eða skemmdum á eigum af völdum hættu sem skapast vegna þess að véla-, vökva-, loft-, raf- eða rafmagnskerfi, íhlutir eða aðskildar tæknieiningar virka ekki sem skyldi,

23) „þróað hemlakerfi“: læsivarið hemlakerfi, sambyggt hemlakerfi eða bæði,

24) „læsivarið hemlakerfi“: kerfi sem skynjar skrið hjóls og breytir sjálfkrafa þrýstingnum sem framkallar hemlunarkraftinn við hjólið eða hjólin til að takmarka skrið hjólsins,

25) „sambyggt hemlakerfi“:

a) fyrir ökutækjaflokka L1e og L3e: akstursheмlakerfi þar sem a.m.k. tveimur hemlum á mismunandi hjólum er beitt með virkjun eins stjórntækis,

b) fyrir ökutækjaflokk L4e: akstursheмlakerfi þar sem hemlum á a.m.k. fram- og afturhjólum er beitt með virkjun eins stjórntækis (ef hemlun afturhjóls og hjóls á hliðarvagni fer fram með sama hemlakerfi er það talið sem afturhemill),

c) fyrir ökutækjaflokka L2e, L5e, L6e og L7e: akstursheмlakerfi þar sem hemlum á öllum hjólum er beitt með virkjun eins stjórntækis,

26) „sjálfvirk kviknun ljósa“: lýsingarkerfi sem kviknar á þegar kveikjurofi eða ræsirofi hreyfils er á,

27) „mengunarvarnarbúnaður“: þeir íhlutir ökutækis sem stjórna eða minnka losun gegnum útblástursrör og/eða við uppgufun,

28) „endurnýjunarmengunarvarnarbúnaður“: mengunarvarnarbúnaður eða samstæða slíks búnaðar sem er ætlað að koma í stað upphaflegs mengunarvarnarbúnaðar og unnt er að viðurkenna sem aðskilda tæknieiningu,

29) „sæti“:

a) hnakkur sem rúmar annað hvort ökumann eða farþega og er notaður með því að sitja klofvega á honum eða

b) sæti sem rúmar a.m.k. einstakling af sömu stærð og mannslíkan sem samsvarar 50. hundraðshlutamarki fullorðins karlmanns, ef um er að ræða ökumann,

30) „þjöppukveikjuhreyfill“ eða „CI-hreyfill“: brunahreyfill sem starfar samkvæmt lögmálum Diesel-vinnuhringsins,

31) „hreyfill með rafkveikju“ eða „PI-hreyfill“: brunahreyfill sem starfar samkvæmt lögmálum Otto-vinnuhringsins,

32) „fjölknúið ökutæki“: knúið ökutæki sem er búið a.m.k. tveimur mismunandi orkubreytum og tveimur mismunandi orkugeymslukerfum (á ökutækinu) til að knýja það,

33) „fjölknúið rafökutæki“: ökutæki sem dregur þá orku sem knýr það úr báðum eftirtöldum safnorkugjöfum/aflgjöfum í ökutækinu:

a) nýtanlegu eldsneyti,

b) rafgeymi, þétti, sveifluhjóli/rafal eða öðrum rafmagnssafnbúnaði fyrir orku eða afl,

Þessi skilgreining nær einnig yfir ökutæki sem fá orku úr nýtanlegu eldsneyti eingöngu til þess að hlaða rafmagnssafnbúnað fyrir orku/afl,

34) „knúningur“: brunahreyfill, rafhreyfill, fjölknúin notkun eða samsetning þessara hreyfilgerða eða annarrar hreyfilgerðar,

35) „samfellt hámarksnafnafl“: 30 mínútna hámarksafl við útás rafhreyfils eins og sett er fram í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 85,

36) „hámarksnettóafl“: hámarksafl brunahreyfils sem tiltækt er á prófunarbekk við enda sveifaráss eða sambærilegs íhlutar,

37) „temprunarbúnaður“: sérhver smíðaeining sem skynjar hita, hraða ökutækis, snúningshraða og/eða álag hreyfils, gírstöðu sem ekið er í, lofttæmi í soggrein eða sérhverja aðra færibreytu í þeim tilgangi að setja í gang, stilla, seinka eða enda aðgerð einhvers hluta mengunarvarnarkerfisins eða eftirmeðferðarkerfis fyrir útblástursloft og sem dregur úr virkni mengunarvarnarkerfisins við eðlilegar aðstæður sem má vænta við venjulegan rekstur og not ökutækis,

38) „ending“: endingargeta íhluta og kerfa þannig að sá vistvænleiki sem mælt er fyrir um í 23. gr. og V. viðauka haldist enn eftir þann kílómetrafjölda sem skilgreindur er í VII. viðauka og þannig að notkunaröryggi ökutækis sé tryggt ef ökutækið er notað við eðlileg og fyrirhuguð skilyrði og fært til þjónustuskoðunar í samræmi við tilmæli framleiðanda,

39) „slagrými hreyfils“:

a) nafnslagrými hreyfils í stimpilhreyflum,

b) tvöfalt nafnslagrými hreyfils í hverfistimpilhreyflum,

40) „losun við uppgufun“: gufur vetniskolefna sem tapast úr eldsneytis- og eldsneytisgeymslukerfi vélknúins ökutækis, en ekki þær sem losaðar eru gegnum útblástursrör,

41) „prófun í lokuðu rými til að ákvarða uppgufun“ (e. *SHED test*): prófun ökutækis í lokuðu rými til að ákvarða uppgufun þar sem gerð er sérstök prófun á losun við uppgufun,

42) „kerfi með loftkenndu eldsneyti“: kerfi sem samanstendur af geymslu fyrir loftkennt eldsneyti, eldsneytisleiðslum, mælum og stýribúnaði sem festur er við hreyfil til að gera kleift að knýja hreyfilinn með einni eldsneytistegund, tveimur eldsneytistegundum eða margs konar eldsneyti, hvort sem er fljótandi jarðolíugasi, þjöppuðu jarðgasi eða vetni,

43) „mengandi lofttegund“: kolsýringur (CO), köfnunarefnisoxíð (NO_x), sem eru gefin upp sem ígildi köfnunarefnisdíoxíðs (NO_2), og vetniskolefni (HC) í útblæstri,

44) „losun gegnum útblástursrör“: losun mengandi lofttegunda og efnisagna úr útblástursröri ökutækis,

45) „efnisagnir“: efnisþættir útblásturslofts sem eru fjarlægðir úr þynntu útblásturslofti við hitastig sem er að hámarki 325 K (52 °C) með síunum sem lýst er í prófunaraðferðinni fyrir sannprófun á meðallosun gegnum útblástursrör,

46) „prófunarlota fyrir bifhjól sem er samræmd á heimsvísu“ (e. *Worldwide harmonised Motorcycle Testing Cycle* (WMTC)): prófunarlota á rannsóknarstofu sem er samræmd á heimsvísu fyrir losun eins og hún er skilgreind í heildartæknireglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 2,

47) „framleiðandi“: einstaklingur eða lögaðili sem er ábyrgur gagnvart viðurkenningaryfirvaldinu fyrir öllum þáttum gerðarviðurkenningar- eða heimildarferlisins, fyrir samræmi framleiðslunnar og sem ber einnig ábyrgð á málefnum varðandi markaðseftirlit með ökutækjum, kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem framleiddar eru, hvort sem einstaklingurinn eða lögaðilinn kemur með beinum hætti að öllum þrepum hönnunar og smíði ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar sem háð er gerðarviðurkenningu,

48) „fulltrúi framleiðanda“: einstaklingur eða lögaðili með staðfestu í Sambandinu sem framleiðandi útnefnir á viðeigandi hátt sem fulltrúa sinn gagnvart viðurkenningaryfirvaldinu og kemur fram fyrir hans hönd í málum sem þessi reglugerð tekur til,

49) „innflytjandi“: einstaklingur eða lögaðili með staðfestu í Sambandinu sem setur ökutæki, kerfi, íhlut, aðskilda tæknieiningu, hluta eða búnað frá þriðja landi á markað,

50) „dreifingaraðili“: einstaklingur eða lögaðili í aðfangakeðjunni, annar en framleiðandi eða innflytjandi, sem gerir ökutæki, kerfi, íhlut, aðskilda tæknieiningu, hluta eða búnað aðgengilegan á markaði,

51) „rekstraraðili“: framleiðandi, fulltrúi framleiðanda, innflytjandi eða dreifingaraðili,

52) „skráning“: opinbert leyfi til að taka í notkun ökutæki til aksturs á vegum en í því koma fram auðkenni þess og raðnúmer sem nefnist skráningarnúmer, hvort heldur er varanlegt, tímabundið eða til skamms tíma,

53) „að taka í notkun“: fyrsta notkun ökutækis, kerfis, íhlutar, aðskilinnar tæknieiningar, hluta eða búnaðar í þeim tilgangi sem fyrirhugaður er, innan Sambandsins,

54) „að setja á markað“: að gera ökutæki, kerfi, íhlut, aðskilda tæknieiningu, hluta eða búnað aðgengilegan innan Sambandsins í fyrsta sinn,

55) „að bjóða fram á markaði“: öll afhending ökutækis, kerfis, íhlutar, aðskilinnar tæknieiningar, hluta eða búnaðar til dreifingar eða notkunar á markaði á meðan á viðskiptastarfsemi stendur, hvort sem það er gegn greiðslu eða án endurgjalds,

56) „viðurkenningaryfirvald“: yfirvald í aðildarríki sem aðildarríkið hefur komið á eða skipað og tilkynnt framkvæmdastjórninni um og sem hefur valdsvið sem nær til allra þátta gerðarviðurkenningar ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar, eða sem nær til heimildarferlisins, að gefa út og, ef við á, afturkalla eða neita um viðurkenningarvottorð, að vera tengiliður við viðurkenningaryfirvöld í hinum aðildarríkjunum, að tilnefna tækniþjónustu og að tryggja að framleiðandinn uppfylli skyldur sínar varðandi samræmi framleiðslunnar,

57) „markaðseftirlitsyfirvald“: yfirvald aðildarríkis sem ber ábyrgð á markaðseftirliti á yfirráðasvæði sínu,

58) „markaðseftirlit“: sú starfsemi sem landsyfirvöld annast og þær ráðstafanir sem þau gera til að tryggja að ökutæki, kerfi, íhlutir eða aðskildar tæknieiningar sem sett eru á markað uppfylli þær kröfur sem settar eru fram í viðeigandi samhæfingarlöggjöf Sambandsins og skapi ekki hættu fyrir heilbrigði, öryggi né aðra þætti er varða hagsmuni almennings,

59) „landsyfirvald“: viðurkenningaryfirvald eða annað yfirvald sem kemur að og ber ábyrgð á markaðseftirliti, landamæravörslu eða skráningu í aðildarríki að því er varðar ökutæki, kerfi, íhluti, aðskildar tæknieiningar, hluti eða búnað,

60) „tækniþjónusta“: stofnun eða aðili sem er tilnefndur af viðurkenningaryfirvaldi aðildarríkis sem prófunarstofa til að annast prófanir eða sem samræmismatsaðili til að framkvæma frummat og aðrar prófanir eða skoðanir fyrir hönd viðurkenningaryfirvaldsins sem viðurkenningaryfirvaldið sjálft getur framkvæmt,

61) „sjálfsprófun“: framkvæmd prófana á eigin starfsstöð, skráning niðurstaðna úr prófunum og framlagning skýrslna til viðurkenningaryfirvalds, ásamt niðurstöðum, af hálfu framleiðanda sem tilnefndur hefur verið sem tækniþjónusta til að leggja mat á það hvort farið sé að tilteknum kröfum,

62) „sýndarprófunaraðferð“: tölvuhermun, þ.m.t. útreikningar sem sýna fram á hvort ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining uppfylli tæknilegar kröfur framseldrar gerðar sem samþykkt er skv. 6. mgr. 32. gr. án þess að gerð sé krafa um að nota raunverulegt ökutæki, kerfi, íhlut eða aðskilda tæknieiningu,

63) „innbyggt greiningarkerfi“: kerfi sem hefur þann eiginleika að geta fundið sennilegt bilunarsvæði með bilanakóðum sem geymdir eru í tölvuminni,

64) „upplýsingar um viðgerðir og viðhald ökutækis“: allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna greininga, viðhalds, skoðunar, reglulegs eftirlits, viðgerða, endurstillinga eða endurframstillinga ökutækisins sem framleiðendur láta viðurkenndum seljendum sínum og viðgerðarverkstæðum í té, ásamt öllum síðari breytingum á og viðbótum við slíkar upplýsingar, þ.m.t. allar upplýsingar sem gerð er krafa um vegna uppsetningar hluta og búnaðar á ökutæki,

65) „sjálfstæður rekstraraðili“: fyrirtæki, önnur en viðurkenndir seljendur og viðgerðarverkstæði, sem beint eða óbeint koma að viðgerðum og viðhaldi ökutækja, einkum viðgerðarverkstæði, framleiðendur eða dreifingaraðilar viðgerðabúnaðar, verkfæra eða varahluta, útgefendur tækniupplýsinga, bifreiðaklúbbar, vegaþjónustufyrirtæki, rekstraraðilar sem annast eftirlits- og prófunarþjónustu, rekstraraðilar sem annast þjálfun þeirra sem annast uppsetningu, framleiðslu eða viðgerðir á búnaði fyrir ökutæki sem ganga fyrir óhefðbundnu eldsneyti,

66) „viðurkenndur viðgerðaraðili“: aðili sem veitir viðgerðar- og viðhaldsþjónustu fyrir ökutæki og starfar innan dreifikerfisins sem birgir vélknúinna ökutækja kom á,

67) „síðasta ökutæki gerðar“: ökutæki sem er hluti af birgðum sem ekki er hægt að setja á markað eða er ekki lengur hægt að setja á markað, skrá eða taka í notkun vegna þess að nýjar tæknilegar kröfur hafa tekið gildi sem ökutækið hefur ekki verið viðurkennt samkvæmt,

68) „vélknúið ökutæki á tveimur hjólum“ (e. *powered two-wheeler* (PTW)): vélknúið ökutæki á tveimur hjólum, þ.m.t. vélknúin hjól á tveimur hjólum, létt bifhjól á tveimur hjólum og bifhjól á tveimur hjólum,

69) „vélknúið ökutæki á þremur hjólum“: vélknúið ökutæki á þremur hjólum sem uppfyllir viðmiðanirnar fyrir flokkun ökutækja í flokki L5e,

70) „fjórhjól“: ökutæki á fjórum hjólum sem uppfyllir viðmiðanirnar fyrir flokkun ökutækja í flokkum L6e eða L7e,

71) „ökutæki sem jafnvægisstillir sig sjálft“: ökutæki sem byggir á grunnhugmyndinni um eðlislægt, óstöðugt jafnvægi og sem þarf aukastjórnbúnað til að halda jafnvægi og sem tekur til vélknúinna ökutækja á einu hjóli eða vélknúinna tveggja hjóla/tveggja spora ökutækja,

72) „tvöföld hjól“: tvö hjól á sama ási sem teljast vera eitt hjól þar sem fjarlægð á milli miðju snertisvæða þeirra við jörð er jöfn eða minni en 460 mm,

73) „gerð ökutækis“: flokkur ökutækja, þ.m.t. afbrigði og útgáfur af tilteknum flokki, sem eru ekki frábrugðin með tilliti til eftirfarandi grunnatriða:

   a) flokks og undirflokks,

   b) framleiðanda,

   c) undirvagns, grindar, undirgrindar, botns eða burðarvirkis sem helstu íhlutir eru festir við,

   d) tegundarheitis frá framleiðanda,

74) „afbrigði“: ökutæki sömu gerðar þar sem:

   a) grunneiginleikar lögunar yfirbyggingar eru hinir sömu,

   b) knúningur og knúningsfyrirkomulag er hið sama,

   c) vinnuhringur hreyfilsins er sams konar ef brunahreyfill er hluti af knúningsaflinu,

   d) fjöldi og fyrirkomulag strokka er það sama,

e) gírkassinn er sams konar,

f) munur á massa ökutækis, tilbúins til aksturs, milli lægsta og hæsta gildis fer ekki yfir 20% af lægsta gildinu,

g) munur á leyfilegum hámarksmassa, milli lægsta og hæsta gildis fer ekki yfir 20% af lægsta gildinu,

h) munur á sprengirými aflvélar (þegar um er að ræða brunahreyfil) milli lægsta og hæsta gildis fer ekki yfir 30% af lægsta gildinu og

i) munur á vélaraflsafköstum aflvélarinnar, milli lægsta og hæsta gildis fer ekki yfir 30% af lægsta gildinu,

75) „útfærsla afbrigðis“: ökutæki sem er samsetning af atriðum sem fram koma í upplýsingasafninu sem um getur í 10. mgr. 29. gr.,

76) „ytri brunahreyfill“: varmahreyfill þar sem bruna- og þensluhólf eru alveg aðskilin og þar sem innri vinnsluvökvi er hitaður með bruna sem á sér ytri upptök, varminn frá ytri brunanum þenur innri vinnsluvökvann sem framkallar hreyfingu og nýtanlega vinnu með því að þenjast og hreyfa við gangverki hreyfilsins,

77) „aflrás“: þeir íhlutir og kerfi ökutækis sem framleiða afl og skila því á yfirborð vegar, þ.m.t. hreyfill eða hreyflar, hreyfilstjórnunarkerfi eða aðrar stjórnunareiningar, stjórnbúnaður fyrir umhverfismengunarvernd, þ.m.t. kerfi fyrir losun mengandi efna og hávaðamildunarkerfi, aflyfirfærsla og stjórnun hennar, annað hvort drifskaft eða beltadrif eða keðjudrif, mismunadrif, ásdrif og akstursshjólbarðar (geisli),

78) „ökutæki knúið einni tegund eldsneytis“: ökutæki sem fyrst og fremst er hannað til að ganga fyrir einni eldsneytistegund,

79) „gasknúið ökutæki knúið einni eldsneytistegund“: ökutæki knúið einni eldsneytistegund sem fyrst og fremst er knúið fljótandi jarðolíugasi, jarðgasi/lífmetani eða vetni en getur einnig haft bensínkerfi til að nota í neyðartilvikum eða eingöngu til að ræsa ökutækið og bensíngeymirinn tekur ekki meira en 5 lítra af bensíni,

80) „E5“: eldsneytisblanda sem er 5% vatnsfrítt etanól og 95% bensín,

81) „fljótandi jarðolíugas“: fljótandi jarðolíugas sem samanstendur af própani og bútani sem geymt er undir þrýstingi og er því í fljótandi formi,

82) „jarðgas“: jarðgas sem inniheldur mjög mikið metan,

83) „lífmetan“: endurnýjanlegt jarðgas unnið úr lífrænu efni sem er „lífgas“ í upphafi en er síðan hreinsað með ferli sem kallað er „lífgas í lífmetan“ þar sem óhreinindi í lífgasi s.s. koltvísýringur, síloxön og brennisteinsvetni (H_2S) eru fjarlægð,

84) „ökutæki sem knýja má með tveimur eldsneytistegundum“: ökutæki með tveimur aðskildum eldsneytisgeymslukerfum sem getur gengið fyrir tveimur mismunandi eldsneytistegundum og er hannað til að ganga fyrir annarri eldsneytistegundinni í einu,

85) „gasknúið ökutæki knúið tveimur eldsneytistegundum“: ökutæki sem knýja má með tveimur eldsneytistegundum sem getur gengið fyrir bensíni og ýmist fljótandi jarðolíugasi, jarðgasi/lífmetani eða vetni,

86) „ökutæki knúið fjölblöndueldsneyti“: ökutæki með eitt eldsneytisgeymslukerfi sem getur gengið fyrir mismunandi blöndum af tveimur eða fleiri eldsneytistegundum,

87) „E85“: eldsneytisblanda sem er 85% vatnsfrítt etanól og 15% bensín,

88) „etanólknúið ökutæki sem knýja má með fjölblöndueldsneyti“: ökutæki sem knýja má með fjölblöndueldsneyti og getur gengið fyrir bensíni eða blöndu af bensíni og allt að 85% etanóli (E85),

89) „blanda vetnis og jarðgass“: eldsneyti sem er blanda vetnis og jarðgass,

90) „vetnis- og jarðgasknúið ökutæki sem knýja má með fjölblöndueldsneyti“: ökutæki knúið fjölblöndueldsneyti sem getur gengið fyrir mismunandi blöndum af vetni og jarðgasi/lífmetani,

91) „lífdísilknúið ökutæki sem knýja má með fjölblöndueldsneyti“: ökutæki knúið fjölblöndueldsneyti sem getur gengið fyrir jarðefnadísil eða blöndu af jarðefnadísil og lífdísil,

92) „B5“: eldsneytisblanda sem er allt að 5% lífdísilolía og 95% jarðefnadísilolía,

93) „lífdísilolía“: dísileldsneyti unnið úr jurtaolíu eða dýrafitu sem samanstendur af löngum alkýlesterum sem framleiddir eru á sjálfbæran hátt,

94) „eingöngu rafknúið ökutæki“: ökutæki sem knúið er með:

a) kerfi sem samanstendur af einni eða fleiri rafhlöðum, einu eða fleiri tækjum til að aðlaga raforku og einni eða fleiri rafmagnsvélum sem breyta raforku frá safnorkugjafa í vélræna orku, sem afhent er við hjólin til að knýja ökutækið,

b) hjálparrafknúningsbúnaði sem festur er á ökutæki sem hannað er til að vera fótstigið,

95) „vetnisknúið ökutæki með efnarafal“: ökutæki sem er knúið með efnarafal sem breytir efnaorku vetnis í raforku til að knýja ökutækið,

96) „R-punktur“ eða „viðmiðunarpunktur sætis“: punktur sem framleiðandi ökutækisins tilgreinir fyrir hverja stöðu sætis og er komið á að því er varðar þrívítt viðmiðunarkerfi.

Tilvísanir í þessari reglugerð í kröfur, málsmeðferðarreglur eða fyrirkomulag sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð skulu lesast sem tilvísanir í slíkar kröfur, málsmeðferðarreglur eða fyrirkomulag sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og í framseldum gerðum og framkvæmdargerðum sem samþykktar eru samkvæmt henni.

4. gr.

Ökutækjaflokkar

1. Ökutæki í flokki L eru ökutæki á tveimur, þremur og fjórum hjólum eins og þau eru flokkuð í þessari grein og I. viðauka, þ.m.t. vélknúin hjól, létt bifhjól á tveimur og þremur hjólum, bifhjól á tveimur og þremur hjólum, bifhjól með hliðarvagna, létt og þung fjórhjól til aksturs á vegum og létt og þung ökutæki á fjórum hjólum (e. *quadri-mobile*).

2. Að því er varðar þessa reglugerð skulu eftirfarandi ökutækjaflokkar og undirflokkar gilda eins og lýst er í I. viðauka:

a) ökutæki í flokki L1e (vélknúið ökutæki á tveimur hjólum) flokkað í undirflokkana:

i. ökutæki í flokki L1e-A (vélknúið hjól),

ii. ökutæki í flokki L1e-B (létt bifhjól á tveimur hjólum),

b) ökutæki í flokki L2e (létt bifhjól á þremur hjólum) flokkað í undirflokkana:

i. ökutæki í flokki L2e-P (létt bifhjól á þremur hjólum hannað til farþegaflutninga),

ii. ökutæki í flokki L2e-U (létt bifhjól á þremur hjólum hannað til sérstakra nota),

c) ökutæki í flokki L3e (bifhjól á tveimur hjólum), flokkað í undirflokka samkvæmt:

i. afli bifhjóls ([25]), flokkað frekar í undirflokka:

— ökutæki í flokki L3e-A1 (bifhjól með lítið afl),

— ökutæki í flokki L3e-A2 (bifhjól með miðlungsafl),

— ökutæki í flokki L3e-A3 (bifhjól með mikið afl),

ii. sérstökum notum:

— torfæruhjól í flokki L3e-A1E, L3e-A2E eða L3e-A3E,

— klifurhjól í flokki L3e-A1T, L3e-A2T eða L3e-A3T,

d) ökutæki í flokki L4e (bifhjól á tveimur hjólum með hliðarvagni),

e) ökutæki í flokki L5e (vélknúið bifhjól með þremur hjólum) flokkað í undirflokkana:

i. ökutæki í flokki L5e-A (bifhjól með þremur hjólum): hannað til farþegaflutninga,

ii. ökutæki í flokki í L5e-B (flutningabifhjól með þremur hjólum): bifhjól með þremur hjólum sem er hannað sérstaklega fyrir vöruflutninga,

f) ökutæki í flokki L6e (létt fjórhjól): flokkað í undirflokkana:

i. ökutæki í flokki L6e-A (létt fjórhjól til aksturs á vegum),

ii. ökutæki í flokki L6e-B (létt ökutæki á fjórum hjólum) flokkað í undirflokkana:

— ökutæki í flokki L6e-BU (létt ökutæki á fjórum hjólum til sérstakra nota): ökutæki til sérstakra nota sem er sérstaklega hannað fyrir vöruflutninga,

— ökutæki í flokki L6e-BP (létt ökutæki á fjórum hjólum til farþegaflutninga): ökutæki sem aðallega er hannað til farþegaflutninga,

g) ökutæki í flokki L7e (þung fjórhjól), flokkað í undirflokkana:

([25]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB frá 20. desember 2006 um ökuskírteini (Stjtíð. ESB L 403, 30.12.2006, bls. 18), sjá skilgreiningar varðandi afl, flokkar A1 og A2, í a- og b-lið 3. mgr. 4. gr.

i. ökutæki í flokki L7e-A (þungt fjórhjól til aksturs á vegum) flokkað í undirflokkana:

— L7e-A1: A1 fjórhjól til aksturs á vegum,

— L7e-A2: A2 fjórhjól til aksturs á vegum,

ii. ökutæki í flokki L7e-B (þungt fjórhjól til torfæruaksturs) flokkað í undirflokkana:

— L7e-B1: fjórhjól til torfæruaksturs,

— L7e-B2: fjórhjól fyrir tvo samhliða (e. side-by-side buggy),

iii. ökutæki í flokki L7e-C (þungt ökutæki á fjórum hjólum) flokkað í undirflokkana:

— ökutæki í flokki L7e-CU (þungt ökutæki á fjórum hjólum til sérstakra nota): ökutæki til sérstakra nota sem er sérstaklega hannað fyrir vöruflutninga,

— ökutæki í flokki L7e-CP (þungt ökutæki á fjórum hjólum til farþegaflutninga): ökutæki sem aðallega er hannað til farþegaflutninga.

3. Ökutækin í flokki L sem talin eru upp í 2. mgr. eru flokkuð enn frekar samkvæmt því hvernig ökutækið er knúið:

a) knúið með innri brunahreyfli:

— þjöppukveikja,

— rafkveikja,

b) knúið með ytri brunahreyfli, hverfli eða hverfihreyfli með stimplum, þar sem, að því er varðar uppfyllingu krafna um vistvænleika og notkunaröryggi, ökutæki sem knúið er á þann hátt er talið vera eins og ökutæki sem knúið er með innri brunahreyfli með rafkveikju,

c) knúið með hreyfli sem gengur fyrir þrýstilofti og gefur ekki frá sér meiri mengunarefni og/eða óhvarfgjarnar lofttegundir en eru til staðar í andrúmslofti, þar sem, að því er varðar kröfur um notkunaröryggi og eldsneytisleiðslur og -geymslu, slíkt ökutæki er talið vera ökutæki sem gengur fyrir loftkenndu eldsneyti,

d) knúið með rafhreyfli:

e) fjölknúið ökutæki sem sameinar eitthvert það knúningsfyrirkomulag sem um getur í a-, b-, c- eða d-lið þessarar málsgreinar eða nokkrar samsetningar af þessu knúningsfyrirkomulagi, þ.m.t. fleiri en einn bruna- og/eða rafhreyfil.

4. Að því er varðar flokkun ökutækja í flokki L í 2. mgr., fellur ökutæki sem fellur ekki undir tiltekinn flokk vegna þess að það fer yfir a.m.k. eina af viðmiðunum sem kveðið er á um fyrir þann flokk í næsta flokk þar sem það uppfyllir viðmiðanirnar. Þetta gildir um eftirfarandi samstæður flokka og undirflokka:

a) flokk L1e og undirflokka hans L1e-A og L1e-B og flokk L3e og undirflokka hans L3e-A1, L3e-A2 og L3e-A3,

b) flokk L2e og flokk L5e og undirflokka hans L5e-A og L5e-B,

c) flokk L6e og undirflokka hans L6e-A og L6e-B og flokk L7e og undirflokka hans L7e-A, L7e-B og L7e-C,

d) aðra rökrétta röð flokka og/eða undirflokka sem framleiðandi leggur til og viðurkenningaryfirvald samþykkir.

5. Þrátt fyrir flokkunar- og undirflokkunarviðmiðanirnar sem settar eru fram í 1. til 4. mgr. þessarar greinar og í I. viðauka skulu viðbótarundirflokkar gilda eins og sett er fram í V. viðauka til að samhæfa umhverfisprófunaraðferðir á alþjóðavísu með því að vísa í reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu og heildartæknireglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu.

5. gr.

Ákvörðun massa ökutækis, tilbúins til aksturs

1. Massi ökutækis, tilbúins til aksturs, í flokki L skal ákvarðaður með því að mæla massa ökutækisins án hleðslu tilbúins til eðlilegrar notkunar og skal innihalda massa:

a) vökva,

b) staðalbúnaðar í samræmi við forskriftir framleiðanda,

c) „eldsneytis“ í eldsneytisgeymum sem skulu fylltir að a.m.k. 90% af rúmtaki.

Að því er ákvæði þetta varðar:

i. ef ökutæki er knúið með „fljótandi eldsneyti“ skal það teljast sem „eldsneyti“,

ii. ef ökutæki er knúið með fljótandi „blöndu eldsneytis og olíu“:

— ef eldsneyti til að knýja ökutækið og smurolía eru forblönduð, telst þessi „forblanda“ vera „eldsneyti“,

— ef eldsneyti til að knýja ökutækið og smurolía eru geymd í sitt hvoru lagi, telst aðeins „eldsneyti“ sem knýr ökutækið vera „eldsneyti“,

iii. ef ökutæki er knúið með loftkenndu eldsneyti, loftkenndu eldsneyti í fljótandi formi eða það gengur fyrir þrýstilofti, er heimilt að stilla massa „eldsneytis“ í eldsneytisgeymum fyrir loftkennt eldsneyti sem 0 kg,

d) yfirbyggingar, farþegarýmis, dyra og

e) rúða, tengja, varahjóla og verkfæra.

2. Massi ökutækis, tilbúins til aksturs í flokki L skal vera að undanskildum massa:

a) ökumanns (75 kg) og farþega (65 kg),

b) véla eða búnaðar sem settur er upp á svæði hleðslupalls,

c) ef um er að ræða fjölknúið eða eingöngu rafknúið ökutæki, knúningsrafgeyma,

d) ef um er að ræða ökutæki knúið með einni eldsneytistegund, tveimur eldsneytistegundum eða margs konar eldsneyti, eldsneytiskerfis fyrir loftkennt eldsneyti auk geymslutanka fyrir loftkennt eldsneyti og

e) ef um er að ræða knúning með þrýstilofti, geymslutanka fyrir þrýstiloft.

II. KAFLI

ALMENNAR SKULDBINDINGAR

6. gr.

Skyldur aðildarríkjanna

1. Aðildarríki skulu koma á eða skipa viðurkenningaryfirvöld sem eru lögbær í málum er varða viðurkenningu og markaðseftirlitsyfirvöld sem eru lögbær í málum er varða markaðseftirlit í samræmi við þessa reglugerð. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni þegar slíkum yfirvöldum er komið á eða þau skipuð.

Tilkynningin um viðurkenningaryfirvöld eða markaðseftirlitsyfirvöld skal innihalda nafn, heimilisfang, þ.m.t. tölvupóstfang, og ábyrgðarsvið þeirra. Framkvæmdastjórnin skal birta skrá og upplýsingar um viðurkenningaryfirvöld á vefsetri sínu.

2. Aðildarríkin skulu einungis heimila að ökutæki, íhlutir og aðskildar tæknieiningar sem fullnægja kröfum þessarar reglugerðar séu sett á markað, skráð eða tekin í notkun.

3. Aðildarríki skulu ekki banna, takmarka eða hindra að ökutæki, kerfi, íhlutir eða aðskildar tæknieiningar séu sett á markað, skráð eða tekin í notkun af ástæðum er varða þætti í smíði þeirra og virkni sem þessi reglugerð tekur til ef þau uppfylla kröfur hennar.

4. Aðildarríki skulu skipuleggja og framkvæma markaðseftirlit og eftirlit með ökutækjum, kerfum, íhlutum eða aðskildum tæknieiningum sem sett eru á markað í samræmi við III. kafla reglugerðar (EB) nr. 765/2008.

7. gr.

Skyldur viðurkenningaryfirvalda

1. Viðurkenningaryfirvöld skulu tryggja að framleiðendur sem sækja um gerðarviðurkenningu uppfylli skyldur sínar samkvæmt þessari reglugerð.

2. Viðurkenningaryfirvöld skulu aðeins viðurkenna þau ökutæki, kerfi, íhluti eða aðskildar tæknieiningar sem uppfylla kröfur þessarar reglugerðar.

8. gr.

Ráðstafanir vegna markaðseftirlits

1. Að því er varðar gerðarviðurkennd ökutæki, kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar skulu markaðseftirlitsyfirvöld framkvæma viðeigandi sannprófun skjala, með fullnægjandi hætti, með tilliti til meginreglna sem hafa verið settar um áhættumat, kvartanir og aðrar upplýsingar.

Markaðseftirlitsyfirvöld geta krafist þess að rekstraraðilar geri slík gögn og upplýsingar aðgengilegar eins og þau telja nauðsynlegt til að geta sinnt starfsemi sinni.

Ef rekstraraðilar framvísa samræmisvottorðum skulu markaðseftirlitsyfirvöld taka tilhlýðilegt tillit til slíkra vottorða.

2. Fyrir hluti og búnað, annan en þann sem fellur undir 1. mgr. þessarar greinar, skal 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008 gilda í heild sinni.

9. gr.

Skyldur framleiðenda

1. Framleiðendur skulu tryggja að þegar ökutæki þeirra, kerfi, íhlutir eða aðskildar tæknieiningar eru sett á markað eða tekin í notkun hafi þau verið framleidd og samþykkt í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í þessari reglugerð sem og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum sem samþykktar eru samkvæmt þessari reglugerð.

2. Þegar um er að ræða fjölþrepa gerðarviðurkenningu skal sérhver framleiðandi ábyrgur fyrir viðurkenningu og samræmi framleiðslu þeirra kerfa, íhluta eða aðskildu tæknieininga sem bætt er við á því smíðaþrepi ökutækisins sem framleiðandinn sér um. Framleiðandi sem breytir íhlutum eða kerfum, sem þegar hafa verið samþykkt á fyrri þrepum, skal ábyrgur fyrir viðurkenningu og samræmi framleiðslu þessara breyttu íhluta og kerfa.

3. Framleiðendur sem breyta ófullbúnu ökutæki með þeim hætti að það fari í annan ökutækjaflokk, með þeim afleiðingum að lagalegar kröfur sem þegar hafa verið metnar á fyrra viðurkenningarstigi breytast, skulu einnig bera ábyrgð á að kröfurnar sem eiga við flokkinn sem breytta ökutækið er í séu uppfylltar.

4. Að því er varðar viðurkenningu ökutækja, kerfa, íhluta eða aðskilinna tæknieininga sem falla undir þessa reglugerð skulu framleiðendur með staðfestu utan Sambandsins skipa einn fulltrúa með staðfestu innan Sambandsins sem fulltrúa sinn gagnvart viðurkenningaryfirvaldinu.

5. Framleiðendur með staðfestu utan Sambandsins skulu ennfremur skipa einn fulltrúa með staðfestu innan Sambandsins vegna markaðseftirlits sem getur verið fulltrúinn sem um getur í 4. mgr. eða annar fulltrúi til viðbótar.

6. Framleiðendur skulu ábyrgir fyrir öllum þáttum viðurkenningarferlisins gagnvart viðurkenningaryfirvaldinu, svo og fyrir samræmi framleiðslunnar, óháð því hvort þeir tengist með beinum hætti öllum þrepum í smíði ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar.

7. Í samræmi við þessa reglugerð og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir sem samþykktar eru samkvæmt þessari reglugerð skulu framleiðendur tryggja að aðferðir séu til staðar til að samræmi við viðurkennda gerð haldist í raðframleiðslu. Í samræmi við VI. kafla skal taka tillit til breytinga á hönnun eða einkennum ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar sem og breytinga á kröfum sem ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining eru sögð uppfylla.

8. Til viðbótar við lögboðna áletrun og gerðarviðurkenningarmerki sem framleiðendur festa á ökutæki sín, íhluti eða aðskildar tæknieiningar í samræmi við 39. gr., skulu þeir tilgreina nafn, skráð viðskiptaheiti eða skráð vörumerki og heimilisfang sitt í Sambandinu þar sem hafa má samband við þá, á ökutækjum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem þeir setja á markað eða, ef það er ekki mögulegt, á pakkningum eða í skjölum sem fylgja íhlut eða aðskilinni tæknieiningu.

9. Framleiðendur skulu sjá til þess að á meðan ökutæki, kerfi, íhlutir eða aðskildar tæknieiningar eru á þeirra ábyrgð ógni geymslu- eða flutningsskilyrði ekki samræmi þeirra við kröfurnar sem settar eru fram í þessari reglugerð.

10. gr.

Skyldur framleiðenda varðandi vörur þeirra sem ekki uppfylla kröfur um samræmi eða sem fela í sér alvarlega áhættu

1. Framleiðendur, sem telja eða hafa ástæðu til að ætla að ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining, sem sett hefur verið á markað eða tekin í notkun, sé ekki í samræmi við þessa reglugerð eða framseldar gerðir og framkvæmdargerðar sem samþykktar eru samkvæmt þessari reglugerð, skulu tafarlaust gera þær ráðstafanir til úrbóta sem eru nauðsynlegar til að færa ökutækið, kerfið, íhlutinn eða aðskildu tæknieininguna til samræmis við reglugerðina, taka þau af markaði eða innkalla, eins og við á.

Framleiðandinn skal tafarlaust senda tilkynningu til viðurkenningaryfirvaldsins, sem veitti viðurkenninguna, þar sem fram koma upplýsingar einkum um ósamræmið og um allar ráðstafanir sem gerðar hafa verið til úrbóta.

2. Ef alvarleg áhætta skapast af ökutæki, kerfi, íhlut, aðskilinni tæknieiningu, hlut eða búnaði skulu framleiðendur tafarlaust senda tilkynningu til viðurkenningaryfirvalds eða markaðseftirlitsyfirvalds í því aðildarríki þar sem ökutækið, kerfið, íhluturinn, aðskilda tæknieiningin, hluturinn eða búnaðurinn var settur á markað eða tekinn í notkun, þar sem fram koma upplýsingar einkum um ósamræmið og um allar ráðstafanir sem gerðar hafa verið til úrbóta.

3. Framleiðendur skulu halda eftir upplýsingasafninu sem um getur í 10. mgr. 29. gr. og til viðbótar skal framleiðandi ökutækis halda eftir eintaki af samræmisvottorðinu sem um getur í 38. gr. þannig að viðurkenningaryfirvöld hafi aðgang að því í 10 ár frá því að ökutækið er sett á markað, og í fimm ár eftir að kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining er sett á markað.

4. Í kjölfar rökstuddrar beiðni frá landsbundnu yfirvaldi, skulu framleiðendur afhenda því yfirvaldi, í gegnum viðurkenningaryfirvald, eintak af ESB-gerðarviðurkenningarvottorðinu eða heimildinni sem um getur í 1. mgr. 51. gr. sem sýnir fram á að ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining uppfylli samræmiskröfur, á tungumáli þess yfirvalds. Framleiðendur skulu hafa samstarf við landsbundið yfirvald að því er varðar allar aðgerðir sem gripið er til í samræmi við 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008 í því skyni að útrýma áhættu sem ökutæki, kerfi, íhlutir eða aðskildar tæknieiningar, sem sett hafa verið á markað, skráð eða tekin í notkun, hafa í för með sér.

11. gr.

Skyldur fulltrúa framleiðenda að því er varðar markaðseftirlit

Fulltrúi framleiðanda vegna markaðseftirlits skal inna af hendi þau verkefni sem tilgreind eru í umboðinu frá framleiðandanum. Umboðið skal a.m.k. gefa fulltrúanum heimild til:

a) að hafa aðgang að upplýsingamöppunni sem um getur í 27. gr. og samræmisvottorðum sem um getur í 38. gr. þannig að viðurkenningaryfirvöld hafi aðgang að þeim í 10 ár frá því að ökutækið er sett á markað, og í fimm ár eftir að kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining eru sett á markað,

b) að veita viðurkenningaryfirvaldi allar upplýsingar og öll skjöl sem nauðsynleg eru til að sýna fram á framleiðslusamræmi ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar, í kjölfar rökstuddrar beiðni frá því yfirvaldi,

c) að hafa samvinnu við viðurkenningaryfirvöld eða markaðseftirlitsyfirvöld, að þeirra beiðni, varðandi allar aðgerðir sem gripið er til í því skyni að útrýma áhættu sem ökutæki, kerfi, íhlutir, aðskildar tæknieiningar, hlutir eða búnaður sem fellur undir umboð þeirra, hefur í för með sér.

12. gr.

Skyldur innflytjenda

1. Innflytjendur skulu aðeins setja ökutæki, kerfi, íhluti eða aðskildar tæknieiningar á markað sem annað hvort hafa fengið ESB-gerðarviðurkenningu eða sem uppfylla kröfur vegna landsbundinnar viðurkenningar, eða hluti eða búnað sem fellur alfarið undir kröfur reglugerðar (EB) nr. 765/2008.

2. Áður en ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining eru sett á markað skal innflytjandi tryggja að upplýsingasafn í samræmi við 10. mgr. 29. gr. sé til staðar og að kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining hafi það gerðarviðurkenningarmerki sem krafist er og uppfylli kröfur 9. mgr. 8. gr. Ef um er að ræða ökutæki skal innflytjandi staðfesta að því fylgi það samræmisvottorð sem krafist er.

3. Ef innflytjendur telja eða hafa ástæðu til að ætla að ökutæki, kerfi, íhlutur, aðskilin tæknieining, hlutur eða búnaður uppfylli ekki kröfur þessarar reglugerðar, og sé einkum ekki í samræmi við gerðarviðurkenningu skulu þeir ekki setja ökutæki, kerfi, íhlut eða aðskilda tæknieiningu á markað, heimila notkun þeirra eða skráningu fyrr en samræmi við kröfur hefur verið tryggt. Ef þeir telja eða hafa ástæðu til að ætla að alvarleg áhætta skapist af ökutæki, kerfi, íhlut, aðskilinni tæknieiningu, hlut eða búnaði skulu þeir ennfremur tilkynna það til framleiðanda og markaðseftirlitsyfirvalda. Fyrir ökutæki, kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar með gerðarviðurkenningu skulu þeir einnig tilkynna það til viðurkenningaryfirvaldsins sem veitti viðurkenninguna.

4. Innflytjendur skulu tilgreina nafn sitt, skráð viðskiptaheiti eða skráð vörumerki og heimilisfang, þar sem hafa má samband við þá, á ökutækinu, kerfinu, íhlutnum, aðskildu tæknieiningunni, hlutnum eða búnaðnum eða, ef það er ekki mögulegt, á umbúðunum eða í skjali sem þeim fylgja.

5. Innflytjendur skulu tryggja að ökutæki, kerfi, íhlut eða aðskilinni tæknieiningu fylgi leiðbeiningar og upplýsingar, eins og krafist er í samræmi við 55. gr., á opinberu tungumáli eða tungumálum hlutaðeigandi aðildarríkis.

6. Innflytjendur skulu sjá til þess að á meðan ökutæki, kerfi, íhlutir eða aðskildar tæknieiningar eru á þeirra ábyrgð ógni geymslu- eða flutningsskilyrði ekki samræmi þeirra við kröfurnar sem settar eru fram í þessari reglugerð.

7. Þegar innflytjendur telja það viðeigandi að því er varðar alvarlega áhættu sem skapast af ökutæki, kerfi, íhlut, aðskilinni tæknieiningu, hlut eða búnaði skulu þeir, til að vernda heilsu og öryggi neytenda, rannsaka og, ef nauðsyn krefur, halda skrá yfir kvartanir og innkallanir ökutækja, kerfa, íhluta, aðskilinna tæknieininga, hluta eða búnaðar og einnig upplýsa dreifingaraðila um slíkt eftirlit.

13. gr.

Skyldur innflytjenda varðandi vörur þeirra sem ekki uppfylla kröfur um samræmi eða sem fela í sér alvarlega áhættu

1. Innflytjendur, sem telja eða hafa ástæðu til að ætla að ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining, sem þeir hafa sett á markað, sé ekki í samræmi við þessa reglugerð, skulu tafarlaust gera þær ráðstafanir til úrbóta, sem eru nauðsynlegar til að færa ökutækið, kerfið, íhlutinn eða aðskildu tæknieiningu til samræmis við reglugerðina, taka hana af markaði eða innkalla, eins og við á.

2. Þegar alvarleg áhætta skapast af ökutæki, kerfi, íhlut, aðskilinni tæknieiningu, hlut eða búnaði skulu innflytjendur án tafar tilkynna það til framleiðenda, viðurkenningaryfirvalda og markaðseftirlitsyfirvalda í því aðildarríki þar sem hann hefur verið settur á markað. Innflytjandi skal einnig tilkynna þeim um allar aðgerðir sem gripið er til og veita upplýsingar, einkum um alvarlegu áhættuna sem og þær ráðstafanir til úrbóta sem framleiðandinn hefur gripið til.

3. Í 10 ár frá því að ökutæki hefur verið sett á markað og í fimm ár frá því að kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining hefur verið sett á markað skulu innflytjendur halda afriti af samræmisvottorði þannig að viðurkenningaryfirvöld og markaðseftirlitsyfirvöld hafi aðgang að því og tryggja að upplýsingasafn eins og um getur í 10. mgr. 29. gr. sé aðgengilegt þessum yfirvöldum, fari þau fram á það.

4. Innflytjendur skulu, í kjölfar rökstuddrar beiðni frá innlendu yfirvaldi, afhenda yfirvaldinu allar upplýsingar og skjöl sem nauðsynleg eru til að sýna fram á að ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining uppfylli kröfur, á tungumáli þess yfirvalds. Innflytjendur skulu hafa samvinnu við þetta yfirvald, að beiðni þess, að því er varðar allar aðgerðir sem gripið er til í því skyni að útiloka áhættu sem ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining, hlutur, búnaður, sem þeir hafa sett á markað, hefur í för með sér.

14. gr.

Skyldur dreifingaraðila

1. Þegar ökutæki, kerfi, íhlutur, aðskilin tæknieining, hlutur eða búnaður er boðinn fram á markaði skulu dreifingaraðilar gæta þess vandlega að varan sé í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar.

2. Áður en ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining er sett á markað, skráð eða tekin í notkun skulu dreifingaraðilar sannreyna að ökutækið, kerfið, íhluturinn eða aðskilda tæknieiningin hafi þá lögboðnu áletrun eða gerðarviðurkenningarmerki sem gerð er krafa um, að þeim fylgi umbeðin gögn sem og leiðbeiningar og öryggisupplýsingar á opinberu tungumáli eða tungumálum þess aðildarríkis þar sem setja á ökutækið, kerfið, íhlutinn eða aðskildu tæknieininguna á markað, einnig að innflytjandi og framleiðandi uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í 2. og 4. mgr. 12. gr. og 1. og 2. mgr. 39. gr.

3. Dreifingaraðilar skulu sjá til þess að á meðan ökutæki, kerfi, íhlutir eða aðskildar tæknieiningar eru á þeirra ábyrgð ógni geymslu- eða flutningsskilyrði ekki samræmi þeirra við kröfurnar sem settar eru fram í þessari reglugerð.

15. gr.

Skyldur dreifingaraðila varðandi vörur þeirra sem ekki uppfylla kröfur um samræmi eða sem fela í sér alvarlega áhættu

1. Ef dreifingaraðilar telja eða hafa ástæðu til að ætla að ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining uppfylli ekki kröfur þessarar reglugerðar skulu þeir ekki setja á markað, skrá eða taka í notkun ökutækið, kerfið, íhlutinn eða aðskildu tæknieininguna fyrr en þau hafa verið færð til samræmis við reglugerðina.

2. Dreifingaraðilar sem telja eða hafa ástæðu til að ætla að ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining, sem þeir hafa sett á markað eða skráð eða sem þeir voru ábyrgir fyrir að tekin væri í notkun, uppfylli ekki kröfur þessarar reglugerðar skulu tilkynna það til framleiðanda eða fulltrúa framleiðanda til að tryggja að gripið verði til ráðstafana til úrbóta, sem nauðsynlegar eru til þess að færa ökutækið, kerfið, íhlutinn eða aðskildu tæknieininguna til samræmis við reglugerðina, eða afturkalla hana eftir því sem við á, í samræmi við 1. mgr. 10. gr. eða 1. mgr. 13. gr.

3. Þegar alvarleg áhætta skapast af ökutæki, kerfi, íhlut, aðskilinni tæknieiningu, hlut eða búnaði skulu dreifingaraðilar án tafar tilkynna það til framleiðenda, innflytjanda, viðurkenningaryfirvalda og markaðseftirlitsyfirvalda í því aðildarríki þar sem hann hefur verið settur á markað. Dreifingaraðili skal einnig tilkynna þeim um allar aðgerðir sem gripið er til og veita upplýsingar, einkum um alvarlegu áhættuna sem og þær ráðstafanir til úrbóta sem framleiðandinn hefur gripið til.

4. Í kjölfar rökstuddrar beiðni frá landsbundnu yfirvaldi skulu dreifingaraðilar tryggja að framleiðandi veiti landsbundna yfirvaldinu upplýsingarnar sem tilgreindar eru í 4. mgr. 10. gr. eða að innflytjandi veiti landsbundna yfirvaldinu upplýsingarnar sem tilgreindar eru í 3. mgr. 13. gr. Þeir skulu hafa samvinnu við þetta yfirvald, að beiðni þess, að því er varðar allar aðgerðir sem gripið er til, í samræmi við 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008, í því skyni að útiloka áhættu sem ökutæki, kerfi, íhlutur, aðskilin tæknieining, hlutur eða búnaður sem þeir hafa sett á markað, hefur í för með sér.

16. gr.

Tilvik þar sem skyldur framleiðenda gilda um innflytjendur og dreifingaraðila

Í skilningi þessarar reglugerðar telst innflytjandi eða dreifingaraðili vera framleiðandi og skal hann gegna skyldum framleiðanda skv. 9. til 11. gr., þegar innflytjandi eða dreifingaraðili setur á markað, skráir eða ber ábyrgð á að ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining sé tekin í notkun, undir eigin nafni eða vörumerki, eða breytir ökutæki, kerfi, íhlut eða aðskilinni tæknieiningu þannig að það geti haft áhrif á það hvort kröfur séu uppfylltar.

17. gr.

Rekstraraðilar tilgreindir

Ef farið er fram á það skulu rekstraraðilar greina viðurkenningaryfirvöldum og markaðseftirlitsyfirvöldum frá eftirfarandi til tíu ára fyrir ökutæki og til fimm ára fyrir kerfi, íhlut, aðskilda tæknieiningu, hlut eða búnað:

a) öllum rekstraraðilum sem hafa séð þeim fyrir ökutæki, kerfi, íhlut, aðskilinni tæknieiningu, hlut eða búnaði,

b) öllum rekstraraðilum sem þeir hafa séð fyrir ökutæki, kerfi, íhlut, aðskilinni tæknieiningu, hlut eða búnaði.

III. KAFLI

EFNISLEGAR KRÖFUR

18. gr.

Almennar efnislegar kröfur

1. Ökutæki í flokki L og kerfi, íhlutir og aðskildar tæknieiningar sem ætlaðar eru í slík ökutæki skulu uppfylla kröfurnar sem taldar eru upp í II. til VIII. viðauka og gilda um viðeigandi flokka eða undirflokka ökutækja.

2. Ökutæki í flokki L eða kerfi, íhlutir eða aðskildar tæknieiningar, þar sem rafsegulsviðssamhæfi þeirra fellur undir framseldar gerðir sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar varðandi smíði ökutækja og framkvæmdargerðir sem samþykktar eru samkvæmt þessari reglugerð, skulu ekki falla undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/108/EB frá 15. desember 2004 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi rafsegulsviðssamhæfi ([26]).

3. Til að ljúka við gerðarviðurkenningarkröfur ökutækja í flokki L sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, skal framkvæmdastjórnin samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 75. gr. varðandi ítarlegar tæknikröfur og prófunaraðferðir sem teknar eru saman í A-, B- og C-hluta II. viðauka og tryggja þannig öryggi og umhverfisvernd á háu stigi eins og skilgreint er í viðeigandi ákvæðum þessarar reglugerðar. Samþykkja skal fyrstu framseldu gerðirnar eigi síðar en 31. desember 2014.

([26]) Stjtíð. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 24.

19. gr.

Bann við temprunarbúnaði

Notkun temprunarbúnaðar sem dregur úr skilvirkni öryggis-, rafsegulsviðssamhæfis-, innbyggðs greiningar-, hljóðmildunarkerfa eða kerfa fyrir losun mengandi efna skal bönnuð. Þáttur í hönnun skal ekki teljast vera temprunarbúnaður ef eitthvert eftirfarandi skilyrða er uppfyllt:

a) búnaðurinn er nauðsynlegur til að vernda hreyfilinn gegn skemmdum eða slysum og til að tryggja að ökutækið virki á öruggan hátt,

b) búnaðurinn virkar ekki umfram það sem þarf til að ræsa hreyfilinn,

c) notkunarskilyrðin eru að verulegu leyti innifalin í prófunaraðferðunum til að sannprófa hvort ökutæki sé í samræmi við þessa reglugerð og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir samþykktar samkvæmt þessari reglugerð.

20. gr.

Ráðstafanir fyrir framleiðendur varðandi breytingar á aflrás ökutækja

1. Ökutækjaframleiðendur skulu útbúa ökutæki í flokki L, að undanskildum flokkum L3e-A3 og L4e-A3, með sérstökum eiginleikum sem koma í veg fyrir að átt sé við aflrás ökutækis með röð tæknikrafna og -forskrifta með það að markmiði:

a) að koma í veg fyrir breytingar sem geta dregið úr öryggi, einkum með því að auka afköst ökutækis með því að eiga við aflrásina til að auka hámarkssnúningsvægi og/eða afl og/eða hámarkshönnunarhraða ökutækis sem hefur verið staðfestur á viðeigandi hátt í gerðarviðurkenningarferlinu og framleiðandi ökutækisins hefur fylgt og/eða

b) að koma í veg fyrir umhverfisspjöll.

2. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 75. gr. varðandi sértækar kröfur um ráðstafanirnar sem um getur í 1. mgr. og til að auðvelda að farið sé að ákvæðum 4. mgr. Samþykkja skal fyrstu framseldu gerðirnar eigi síðar en 31. desember 2014.

3. Eftir breytingu á aflrás skal ökutæki uppfylla tæknikröfur upphaflegs ökutækjaflokks og -undirflokks eða, ef við á, hins nýja ökutækjaflokks og -undirflokks sem voru í gildi þegar upphaflega ökutækið var sett á markað, skráð eða tekið í notkun, þ.m.t. nýjustu breytingar á kröfunum.

Ef framleiðandi ökutækis hannar gerð ökutækis þannig að hægt sé að breyta aflrás hennar á þann hátt að hún sé ekki lengur í samræmi við viðurkennda gerð en myndi samsvara viðbótarafbrigði eða -útfærslu skal framleiðandi ökutækisins láta viðeigandi upplýsingar um hvert afbrigði eða útfærslu sem þannig er búin til fylgja umsókninni og skal gerðarviðurkenna hvert afbrigði eða útfærslu sérstaklega. Ef breytta ökutækið fellur í nýjan flokk eða undirflokk skal sótt um nýja gerðarviðurkenningu.

4. Með fyrirvara um 1. mgr. skal framleiðandi, til að forðast breytingar eða stillingar sem hafa skaðleg áhrif á notkunaröryggi eða vistvænleika ökutækisins, leitast við með beitingu bestu starfsvenja í verkfræði að koma í veg fyrir að slíkar breytingar eða stillingar séu tæknilega mögulegar nema upplýst sé um slíkar breytingar eða stillingar með skýrum hætti og þær sé að finna í upplýsingamöppunni og falli þannig undir gerðarviðurkenninguna.

21. gr.

Almennar kröfur varðandi innbyggð greiningarkerfi

1. Ökutæki í flokki L skulu búin innbyggðu greiningarkerfi sem uppfyllir virknikröfur og prófunaraðferðir eins og mælt er fyrir um í framseldum gerðum sem samþykktar eru skv. 5. mgr. frá og með þeim gildistökudagsetningum sem settar eru fram í IV. viðauka.

2. Frá og með þeim dagsetningum sem settar eru fram í lið 1.8.1 í IV. viðauka skulu ökutæki í flokkum og undirflokkum L3e, L4e, L5e-A, L6e-A og L7e-A vera búin innbyggðu greiningarkerfi í I. áfanga sem vaktar bilanir í rafrásum og rafeindabúnaði mengunarvarnarkerfisins og veita upplýsingar um þær bilanir sem leiða til þess að farið er yfir losunarmörkin sem mælt er fyrir um í VI. viðauka (B1).

3. Frá og með þeim dagsetningum sem settar eru fram í lið 1.8.2 í IV. viðauka skulu ökutæki í flokkum og undirflokkum L3e til L7e vera búin innbyggðu greiningarkerfi í I. áfanga sem vaktar bilanir í rafrásum og rafeindabúnaði mengunarvarnarkerfisins og fer í gang þegar farið er yfir losunarmörkin sem mælt er fyrir um í VI. viðauka (B2). Innbyggð greiningarkerfi í I. áfanga fyrir þessa ökutækjaflokka og -undirflokka skulu líka veita upplýsingar um gangsetningu vinnumáta sem dregur verulega úr snúningsátaki hreyfils.

4. Frá og með þeim dagsetningum sem settar eru fram í lið 1.8.3 í IV. viðauka og með fyrirvara um 5. mgr. 23. gr. skulu ökutæki í flokkum og undirflokkum L3e, L5e-A, L6e-A og L7e-A vera að auki búin innbyggðu greiningarkerfi í II. áfanga sem vaktar og veitir upplýsingar um bilanir og niðurbrot í mengunarvarnarkerfi sem leiðir til þess að farið er yfir losunarmörkin sem mælt er fyrir um í VI. viðauka (B2).

5. Til að samræma upplýsingar innbyggða greiningarkerfisins um bilanir tengdar notkunaröryggi eða mengunarvarnarkerfi og auðvelda skilvirka viðgerð á ökutæki, skal framkvæmdastjórnin hafa umboð til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 75. gr. varðandi ítarlegar tæknikröfur tengdar innbyggðum greiningarkerfum, þ.m.t. virknikröfur innbyggðra greiningarkerfa og prófunaraðferðir fyrir þau viðfangsefni sem talin eru upp í 1. til 4. mgr. og eins og um getur í 11. lið C-hluta II. viðauka og prófun VIII sem um getur í V. viðauka.

22. gr.

Kröfur varðandi notkunaröryggi ökutækja

1. Framleiðendur skulu tryggja að ökutæki séu hönnuð, smíðuð og sett saman þannig að sem minnst hætta sé á að farþegar þeirra og aðrir vegfarendur verði fyrir meiðslum.

2. Framleiðandi skal tryggja að notkunaröryggi ökutækis haldist allan eðlilegan endingartíma ökutækisins ef það er notað við eðlileg skilyrði og fært til þjónustuskoðunar í samræmi við tilmæli framleiðanda. Framleiðandi skal leggja fram yfirlýsingu í upplýsingamöppunni sem staðfestir að ending kerfa, hluta og búnaðar sem nauðsynlegur er notkunaröryggi sé tryggð með viðeigandi prófunum og beitingu góðra verkfræðilegra starfsvenja.

3. Framleiðendur skulu tryggja að ökutæki, kerfi, íhlutir og aðskildar tæknieiningar uppfylli viðeigandi kröfur sem settar eru fram í II. og VIII. viðauka og séu í samræmi við þær prófunaraðferðir og kröfur um afköst sem mælt er fyrir um í framseldri gerð sem samþykkt er skv. 5. mgr.

4. Ef hætta af völdum rafmagns í íhlutum fyrir ökutæki fellur undir framselda gerð eða framkvæmdargerð sem samþykkt er samkvæmt þessari reglugerð skulu þeir ekki falla undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/95/EB frá 12. desember 2006 um samhæfingu laga aðildarríkjanna um rafföng sem notuð eru innan ákveðinna spennumarka ([27]).

5. Til að tryggja að ná megi fram notkunaröryggi á háu stigi skal framkvæmdastjórnin samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 75. gr. um sértæku kröfurnar sem taldar eru upp í B-hluta II. viðauka varðandi notkunaröryggi ökutækja og styðja sig, eftir atvikum, við auknu notkunaröryggiskröfurnar sem mælt er fyrir um í VIII. viðauka. Samþykkja skal fyrstu framseldu gerðirnar eigi síðar en 31. desember 2014.

6. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja í öðrum áfanga fyrir 31. desember 2020 framselda gerð í samræmi við 75. gr. til að samræma eðlilegan nýtingartíma og prófanir til að tryggja heilleika burðarvirkis ökutækis eins og skráð er í 18. lið B-hluta II. viðauka.

7. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um sniðmát fyrir yfirlýsingu framleiðanda. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 73. gr.

([27]) Stjtíð. ESB L 374, 27.12.2006, bls. 10.

23. gr.

Kröfur varðandi vistvænleika

1. Framleiðendur skulu tryggja að ökutæki séu hönnuð, smíðuð og sett saman þannig að umhverfisáhrif séu í lágmarki. Framleiðendur skulu tryggja að gerðarviðurkennd ökutæki uppfylli þær kröfur um vistvænleika sem settar eru fram í II., V. og VI. viðauka og þá kílómetraendingu sem sett er fram í VII. viðauka.

2. Framleiðendur skulu tryggja að ökutæki, kerfi, íhlutir og aðskildar tæknieiningar séu í samræmi við prófunaraðferðirnar og -kröfurnar eins og fram kemur í V. viðauka innan þeirra gildistökudagsetninga sem settar eru fram í IV. viðauka og mæla á fyrir um í framseldri gerð sem samþykkt er skv. 12. mgr. þessarar greinar.

3. Framleiðendur skulu tryggja að gerðarviðurkenningar-kröfur til að sannprófa endingarkröfur séu uppfylltar. Að vali framleiðanda skal nota aðra af eftirfarandi endingarprófunum til að sýna viðurkenningaryfirvaldinu fram á að vistvænleiki gerðarviðurkennds ökutækis sé varanlegur:

a) raunverulega endingarprófun með fullri kílómetrasöfnun:

Prófunarökutækin skulu safna í reynd allri þeirri vegalengd sem sett er fram í A-hluta VII. viðauka og skulu prófuð í samræmi við aðferðina sem mælt er fyrir um í prófun V eins og hún er sett fram í framseldri gerð sem samþykkt er í samræmi við 12. mgr. þessarar greinar. Niðurstöður úr losunarprófun allt að og að meðtalinni allri þeirri vegalengd sem sett er fram í A-hluta VII. viðauka skulu vera lægri en þau umhverfismörk sem sett eru fram í A-hluta VI. viðauka,

b) raunverulega endingarprófun með kílómetrasöfnun að hluta:

Prófunarökutækin skulu safna að lágmarki 50% af allri þeirri vegalengd sem sett er fram í A-hluta VII. viðauka og skulu prófuð í samræmi við aðferðina sem mælt er fyrir um í prófun V eins og hún er sett fram í framseldri gerð sem samþykkt er í samræmi við 12. mgr. þessarar greinar. Eins og tilgreint er í þeirri gerð skulu prófunarniðurstöðurnar framreiknaðar upp að allri þeirri vegalengd sem sett er fram í A-hluta VII. viðauka. Bæði prófunarniðurstöðurnar og framreiknuðu niðurstöðurnar skulu vera lægri en umhverfismörkin sem sett eru fram í A-hluta VI. viðauka,

c) stærðfræðilega aðferð við ákvörðun endingar:

Fyrir hvern efnisþátt losunar skal útkoma úr margfeldi spillistuðulsins sem settur er fram í B-hluta VII. viðauka og niðurstaðna umhverfisprófunar ökutækis sem safnað hefur meira en 100 km frá því að það var fyrst gangsett við enda framleiðslulínu vera lægri en umhverfismörkin sem sett eru fram í A-hluta VI. viðauka.

4. Framkvæmdastjórnin skal framkvæma ítarlega rannsókn á umhverfisáhrifum eigi síðar en 1. janúar 2016. Rannsóknin skal meta loftgæði og hluta mengunarefna frá ökutækjum í flokki L og taka til krafna prófana I, IV, V, VII og VIII sem taldar eru upp í V. viðauka.

Hún skal taka saman og meta nýjustu vísindagögn, niðurstöður vísindarannsókna, líkanagerð og kostnaðarhagkvæmni með það fyrir augum að koma á endanlegum stefnuúrræðum með því að staðfesta og koma endanlega á framfylgd Euro 5 sem mælt er fyrir um í IV. viðauka og umhverfiskröfum Euro 5 sem mælt er fyrir um í V. viðauka, hluta A2, B2 og C2 í VI. viðauka og í VII. viðauka varðandi kílómetraendingu og spillistuðla fyrir Euro 5.

5. Á grundvelli niðurstaðnanna sem um getur í 4. mgr. skal framkvæmdastjórnin, eigi síðar en 31. desember 2016, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um eftirfarandi:

a) framkvæmdardagsetningar Euro-þreps 5 sem um getur í IV. viðauka,

b) losunarmörk samkvæmt Euro 5 sem um getur í hluta A2 í VI. viðauka og viðmiðunarmörk innbyggðra greiningarkerfa í hluta B2 í VI. viðauka,

c) að allar nýjar gerðir ökutækja í flokkum og undirflokkum L3e, L5-e, L6e-A og L7e-A skuli til viðbótar við innbyggt greiningarkerfi í I. áfanga einnig vera búnar innbyggðu greiningarkerfi í II. áfanga á Euro-þrepi 5,

d) kílómetraendingu fyrir Euro-þrep 5 sem um getur í A-hluta VII. viðauka og spillistuðla fyrir Euro-þrep 5 sem um getur í B-hluta VII. viðauka.

Framkvæmdastjórnin skal leggja fram viðeigandi tillögur að nýrri löggjöf með hliðsjón af skýrslunni.

6. Framkvæmdastjórnin skal á grundvelli niðurstaðna rannsóknarinnar á umhverfisáhrifum samþykkja framselda gerð í samræmi við 75. gr. sem ákvarðar hverjir af flokkum eða undirflokkum L1e-A, L1e-B, L2e, L5e-B, L6e-B, L7e-B og L7e-C á Euro-þrepi 5 skuli látnir gangast undir prófun í lokuðu rými til að ákvarða uppgufun eða gegndræpisprófun á eldsneytisgeymi og -leiðslum með þeim prófunarmörkum sem talin eru upp í VI. viðauka (C2).

7. Framleiðendur skulu tryggja að ökutæki í flokki L uppfylli viðeigandi prófunarkröfur varðandi vistvænleika fyrir viðurkenningu og rýmkun eins og mælt er fyrir um í A-hluta V. viðauka.

8. Að því er varðar prófun I skulu viðeigandi losunarmörk fyrir bifhjól í flokkum L3e-AxE (torfæruhjól, x = 1, 2 eða 3) og L3e-AxT (klifurhjól, x = 1, 2 eða 3) vera summa L_2 (THC) og L_3 (NO_x) í A-hluta VI. viðauka. Niðurstöður úr losunarprófun (NO_x + THC) skulu vera lægri en eða jafnar þessum mörkum ($L_2 + L_3$).

9. Ökutæki í flokki L4e skulu uppfylla þær umhverfiskröfur sem mælt er fyrir um í V. viðauka fyrir ökutæki í flokki L3e, þar sem hvað varðar prófun I, IV, VII og VIII í V. viðauka er prófað annað hvort fullsamsett vélknúið grunnökutæki með hliðarvagni áfestum eða aðeins vélknúið grunnökutæki án áfests hliðarvagns eins og við á.

10. Framleiðendur skulu tryggja að allur endurnýjunarmeng unarvarnarbúnaður sem settur er á markað eða tekinn í notkun í Sambandinu sé gerðarviðurkenndur í samræmi við þessa reglugerð.

11. Kröfurnar sem um getur í 1. til 10. mgr. skulu gilda um ökutæki, kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar skv. I. viðauka.

12. Til að tryggja öfluga umhverfisvernd skal framkvæmdastjórnin hafa umboð til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 75. gr. varðandi ítarlegar tækniforskriftir um umhverfiskröfur fyrir þau viðfangsefni sem um getur í 1., 2., 3., 6. og 7. mgr. þessarar greinar, þ.m.t. prófunaraðferðir.

24. gr.

Frekari umhverfiskröfur að því er varðar losun gróðurhúsalofttegunda, eldsneytisnotkun og raforkunotkun og drægi á rafmagni

1. Losun koltvísýrings (CO2) skal ákvörðuð af framleiðanda með viðeigandi prófunarlotu fyrir losun á rannsóknarstofu og tilkynnt viðurkenningaryfirvaldi. Eldsneytisnotkun og/eða raforkunotkun og drægi á rafmagni skal annað hvort reiknað út byggt á niðurstöðum úr gerðarviðurkenningarprófun á losun á rannsóknarstofu eða mælt í viðurvist tækniþjónustu og tilkynnt viðurkenningaryfirvaldi.

2. Niðurstaða mælingar á koltvísýringi, reiknuð eða mæld eldsneytisnotkun, raforkunotkun og drægi á rafmagni skulu fylgja upplýsingamöppu eins og tilgreint er í framkvæmdargerðinni sem um getur í 4. mgr. 27. gr. og viðeigandi upplýsingar skulu einnig gefnar á samræmisvottorði.

Til viðbótar við að gefa upplýsingarnar á samræmisvottorði skulu framleiðendur tryggja að gögn um losun koltvísýrings, eldsneytisnotkun, raforkunotkun og drægi á rafmagni séu veitt kaupanda ökutækis þegar kaup nýs ökutækis fara fram á formi sem þeir telja viðeigandi.

3. Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 75. gr. varðandi kröfur um prófunaraðferð fyrir prófun VII varðandi útreikning og mæliaðferðir við mælingu á losun koltvísýrings, eldsneytisnotkun, raforkunotkun og drægi á rafmagni.

IV. KAFLI

ESB-GERÐARVIÐURKENNINGARAÐFERÐ

25. gr.

Aðferðir við veitingu ESB-gerðarviðurkenningar

1. Þegar sótt er um gerðarviðurkenningu fyrir fullbúið ökutæki getur framleiðandinn valið eina af eftirfarandi aðferðum:

a) gerðarviðurkenningu í áföngum,

b) gerðarviðurkenningu í einum áfanga,

c) blandaða gerðarviðurkenningu.

Að auki er framleiðanda ökutækjaflokkanna sem mælt er fyrir um í 5. mgr. heimilt að velja fjölþrepa gerðarviðurkenningu.

Ef um er að ræða gerðarviðurkenningu fyrir kerfi, íhluti eða aðskildar tæknieiningar á aðeins gerðarviðurkenning í einum áfanga við.

2. Gerðarviðurkenning í áföngum skal felast í því að öllum ESB-gerðarviðurkenningarvottorðum er safnað í áföngum fyrir þau kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem tilheyra ökutækinu og leiðir á lokaþrepinu til gerðarviðurkenningar fullbúins ökutækis.

3. Gerðarviðurkenning í einum áfanga skal fela í sér viðurkenningu ökutækisins sem fullbúins ökutækis í einni aðgerð.

4. Blönduð gerðarviðurkenning er aðferð við gerðarviðurkenningu í áföngum þar sem viðurkenning eins eða fleiri kerfa er veitt á lokaþrepi viðurkenningar fullbúna ökutækisins án þess að nauðsynlegt sé að gefa út ESB-gerðarviðurkenningarvottorð fyrir þau kerfi.

5. Við fjölþrepa gerðarviðurkenningu votta eitt eða fleiri aðildarríki hvort ófullbúin gerð ökutækis eða gerð ökutækis, sem er fullbúið í áföngum, eftir því á hvaða smíðaþrepi ökutækið er, uppfylli viðeigandi stjórnsýsluákvæði og tæknilegar kröfur þessarar reglugerðar.

Veita skal fjölþrepa gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki sem eru ófullbúin eða fullbúin í áföngum og eru í samræmi við upplýsingarnar í upplýsingamöppunni sem kveðið er á um í 27. gr. og uppfylla tæknilegar kröfur sem mælt er fyrir um í viðeigandi gerðum sem taldar eru upp í II. viðauka, með hliðsjón af smíðaþrepi ökutækisins.

6. Gerðarviðurkenning á lokasmíðaþrepi skal aðeins veitt eftir að viðurkenningaryfirvald hefur gengið úr skugga um að ökutækið sem um ræðir uppfylli allar viðeigandi tæknilegar kröfur þegar það er á lokaþrepinu. Þetta skal fela í sér sannprófun skjala vegna allra krafna sem eiga við um gerðarviðurkenningu fyrir ófullbúið ökutæki sem veitt er með fjölþrepa aðferð, jafnvel þó hún sé veitt fyrir annan flokk eða undirflokk ökutækis.

Fjölþrepa viðurkenningin sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. skal aðeins gilda um ökutæki í undirflokkum L2e-U, L4e, L5e-B, L6e-BU og L7e-CU.

7. Val á viðurkenningaraðferð skal ekki hafa áhrif á viðeigandi efnislegar kröfur sem viðurkennd gerð ökutækis skal uppfylla þegar gefin er út gerðarviðurkenning fyrir fullbúið ökutæki.

8. Framkvæmdastjórninni skal hafa umboð til þess að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 75. gr., varðandi ítarlegt fyrirkomulag að því er varðar gerðarviðurkenningaraðferðir. Samþykkja skal fyrstu framseldu gerðirnar eigi síðar en 31. desember 2014.

26. gr.

Umsókn um gerðarviðurkenningu

1. Framleiðandi skal leggja fram umsókn um gerðarviðurkenningu til viðurkenningaryfirvaldsins.

2. Aðeins má leggja fram eina umsókn fyrir tiltekna gerð ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar og hana má aðeins leggja fram í einu aðildarríki.

3. Sérstök umsókn skal lögð fram fyrir hverja gerð sem á að viðurkenna.

27. gr.

Upplýsingamappa

1. Umsækjandi skal afhenda viðurkenningaryfirvaldi upplýsingamöppu.

2. Í upplýsingamöppunni skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar:

a) upplýsingaskjal,

b) öll gögn, teikningar, ljósmyndir og aðrar upplýsingar,

c) fyrir ökutæki, upplýsingar um aðferðina eða aðferðirnar sem valdar eru í samræmi við 1. mgr. 25. gr.,

d) allar viðbótarupplýsingar sem viðurkenningaryfirvaldið fer fram á með skírskotun til málsmeðferðar við umsókn.

3. Afhenda má upplýsingamöppuna á pappír eða á rafrænu formi sem tækniþjónusta og viðurkenningaryfirvald viðurkenna.

4. Framkvæmdastjórnin skal í framkvæmdargerð mæla fyrir um fyrirmyndir að upplýsingaskjalinu og upplýsingamöppunni. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 73. gr. Samþykkja skal fyrstu framkvæmdargerðirnar eigi síðar en 31. desember 2014.

28. gr.

Sértækar kröfur um upplýsingar sem skulu veittar í umsókn um gerðarviðurkenningu með öðrum aðferðum

1. Umsókn um gerðarviðurkenningu í áföngum skal fylgja upplýsingamappa í samræmi við 27. gr. og öll gerðarviðurkenningarvottorð sem krafist er samkvæmt sérhverri gerð sem talin er upp í II. viðauka.

Þegar um er að ræða gerðarviðurkenningu kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar samkvæmt viðeigandi gerðum sem taldar eru upp í II. viðauka skal viðurkenningaryfirvaldið hafa aðgang að upplýsingamöppunni sem henni tengist þar til viðurkenning er veitt eða synjað er um viðurkenningu.

2. Umsókn um gerðarviðurkenningu í einum áfanga skal fylgja upplýsingamappa sem kveðið er á um í 27. gr. og inniheldur viðeigandi upplýsingar í samræmi við framkvæmdagerðir sem samþykktar eru samkvæmt þessari reglugerð með tilliti til gildandi gerða.

3. Ef um er að ræða blandaða gerðarviðurkenningaraðferð skal eitt eða fleiri gerðarviðurkenningarvottorð, sem krafist er samkvæmt hverri viðeigandi gerð sem talin er upp í II. viðauka, fylgja upplýsingamöppunni og skal hún, svo fremi sem engu gerðarviðurkenningarvottorði er framvísað, innihalda viðkomandi upplýsingar í samræmi við þær framkvæmdargerðir sem samþykktar eru samkvæmt þessari reglugerð í tengslum við þessar viðeigandi gerðir.

4. Með fyrirvara um 1., 2. og 3. mgr. skal leggja fram eftirfarandi upplýsingar vegna fjölþrepa gerðarviðurkenningar:

a) á fyrsta þrepi, þá hluta upplýsingamöppunnar og ESB-gerðarviðurkenningarvottorðanna sem eiga við eftir smíðaþrepi grunnökutækisins,

b) á öðru og síðari þrepum, þá hluta upplýsingamöppunnar og ESB-gerðarviðurkenningarvottorðanna sem eiga við núverandi smíðaþrep ökutækisins og afrit af ESB-gerðarviðurkenningarvottorði fyrir ökutækið sem gefið var út á síðasta þrepi smíðinnar og allar upplýsingar um breytingar og viðbætur sem framleiðandi hefur gert á ökutækinu.

Upplýsingarnar sem tilgreindar eru í a- og b-lið í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar má veita í samræmi við 3. mgr.

5. Að rökstuddri beiðni er viðurkenningaryfirvaldinu heimilt að krefjast þess að framleiðandi veiti allar viðeigandi viðbótarupplýsingar sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að taka ákvörðun um hvaða prófanir eru nauðsynlegar eða til að greiða fyrir framkvæmd slíkra prófana.

V. KAFLI

BEITING ESB-GERÐARVIÐURKENNINGARAÐFERÐA

29. gr.

Almenn ákvæði

1. Viðurkenningaryfirvöld skulu aðeins veita ESB-gerðarviðurkenningu eftir að hafa gengið úr skugga um að farið sé að framleiðslufyrirkomulagi sem um getur í 33. gr. og að gerð ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar uppfylli viðeigandi kröfur.

2. ESB-gerðarviðurkenningar skulu veittar í samræmi við þennan kafla.

3. Komist viðurkenningaryfirvald að þeirri niðurstöðu að gerð ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar skapi, þrátt fyrir að vera í samræmi við nauðsynleg ákvæði, alvarlega hættu varðandi öryggi eða hafi skaðleg áhrif á umhverfið eða lýðheilsu, er því heimilt að synja um að veita ESB-gerðarviðurkenninguna. Í því tilfelli skal það án tafar senda viðurkenningaryfirvöldum hinna aðildarríkjanna og framkvæmdastjórninni ítarlegt skjal þar sem fram koma ástæður fyrir ákvörðuninni og rökstuðningur fyrir niðurstöðu þess.

4. ESB-gerðarviðurkenningarvottorð skulu vera númeruð í samræmi við samræmt kerfi sem framkvæmdastjórnin mælir fyrir um í framkvæmdargerðum. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 73. gr. Samþykkja skal fyrstu framkvæmdargerðirnar eigi síðar en 31. desember 2014.

5. Viðurkenningaryfirvaldið skal, innan mánaðar frá útgáfu ESB-gerðarviðurkenningarvottorðs, senda viðurkenningaryfirvöldum hinna aðildarríkjanna afrit af ESB-gerðarviðurkenningarvottorðinu, ásamt meðfylgjandi fylgiskjölum, fyrir hverja gerð ökutækis sem það hefur viðurkennt, með sameiginlegu öruggu kerfi til rafrænna upplýsingaskipta. Afritið getur einnig verið örugg rafræn skrá.

6. Viðurkenningaryfirvaldið skal án tafar tilkynna viðurkenningaryfirvöldum hinna aðildarríkjanna ef það synjar eða afturkallar viðurkenningu ökutækis sem og ástæður ákvörðunarinnar.

7. Á þriggja mánaða fresti skal viðurkenningaryfirvald senda viðurkenningaryfirvöldum hinna aðildarríkjanna skrá yfir ESB-gerðarviðurkenningar kerfa, íhluta eða aðskilinna tæknieininga sem það hefur veitt, breytt, synjað eða afturkallað á undanfarandi tímabili.

8. Fari viðurkenningaryfirvald annars aðildarríkis fram á það skal viðurkenningaryfirvaldið sem hefur veitt ESB-gerðarviðurkenningu senda því afrit af umbeðnu ESB-gerðarviðurkenningarvottorði, ásamt fylgiskjölum, með sameiginlegu öruggu kerfi til rafrænna upplýsingaskipta, innan eins mánaðar frá því að beiðnin barst. Afritið getur einnig verið örugg rafræn skrá.

9. Viðurkenningaryfirvald skal einnig afhenda framkvæmdastjórninni upplýsingarnar sem um getur í 5. til 8. mgr., fari framkvæmdastjórnin fram á það.

10. Viðurkenningaryfirvald skal setja saman upplýsingasafn sem samanstendur af upplýsingamöppunni ásamt prófunarskýrslum og öllum öðrum gögnum sem tækniþjónustan eða viðurkenningaryfirvaldið bæta inn í upplýsingamöppuna á meðan þau sinna starfsemi sinni. Upplýsingasafnið skal innihalda atriðaskrá yfir innihald þess, þar sem það er tölusett eða merkt á annan hátt til að auðkenna megi allar blaðsíður og skal snið skjalsins vera þannig að fram komi skrá yfir röð áfanga í tengslum við stjórnun ESB-gerðarviðurkenningarinnar, einkum dagsetningar endurskoðana og uppfærslna. Viðurkenningaryfirvald skal hafa upplýsingarnar í upplýsingasafninu aðgengilegar í 10 ár frá því að gildistíma viðeigandi viðurkenningar lýkur.

30. gr.

Sértæk ákvæði varðandi ESB-gerðarviðurkenningarvottorð

1. ESB-gerðarviðurkenningarvottorði skulu fylgja eftirfarandi fylgiskjöl:

a) upplýsingasafnið sem um getur í 10. mgr. 29. gr.,

b) niðurstöður úr prófunum,

c) nafn/nöfn og sýnishorn af undirskrift þess eða þeirra sem hafa heimild til að skrifa undir samræmisvottorð og yfirlýsing um stöðu þeirra innan fyrirtækisins,

d) ef um er að ræða ESB-gerðarviðurkenningu fyrir fullbúið ökutæki, útfyllt eintak samræmisvottorðs.

2. ESB-gerðarviðurkenningarvottorð skal vera gefið út í samræmi við fyrirmynd sem framkvæmdastjórnin mælir fyrir um í framkvæmdargerðum. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 73. gr. Samþykkja skal fyrstu framkvæmdargerðirnar eigi síðar en 31. desember 2014.

3. Að því er varðar allar gerðir ökutækja skal viðurkenningaryfirvaldið:

a) fylla út alla viðeigandi hluta ESB-gerðarviðurkenningarv ottorðsins, þ.m.t. blaðið með prófunarniðurstöðunum sem fylgir með því sem viðhengi,

b) safna saman atriðaskrá með upplýsingasafninu,

c) gefa út útfyllt vottorð ásamt fylgiskjölum til handa umsækjanda án tafar.

Framkvæmdastjórnin skal mæla fyrir um fyrirmynd að blaðinu með prófunarniðurstöðunum sem um getur í a-lið í framkvæmdargerðum. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 73. gr. Samþykkja skal fyrstu framkvæmdargerðirnar eigi síðar en 31. desember 2014.

4. Ef um er að ræða ESB-gerðarviðurkenningu með takmarkað gildi, í samræmi við 40. gr., eða ef undanþágur hafa verið veittar frá tilteknum ákvæðum þessarar reglugerðar eða framseldra gerða eða framkvæmdargerða sem samþykktar eru samkvæmt þessari reglugerð, skulu þær takmarkanir eða undanþágur koma fram í ESB-gerðarviðurkenningarvottorðinu.

5. Ef framleiðandi velur blandaða gerðarviðurkenningaraðferð skal viðurkenningaryfirvaldið fella inn í upplýsingasafnið tilvísanir í þær prófunarskýrslur sem komið er á með framkvæmdargerðunum sem um getur í 1. mgr. 32. gr. og ekki er til ESB-gerðarviðurkenningarvottorð fyrir.

6. Ef framleiðandi velur gerðarviðurkenningu í einum áfanga skal viðurkenningaryfirvaldið koma á skrá yfir viðeigandi kröfur eða gerðir og skal sú skrá vera fylgiskjal með ESB-gerðarviðurkenningarvottorði. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirmyndina að slíkri skrá í framkvæmdargerðum. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 73. gr. Samþykkja skal fyrstu framkvæmdargerðirnar eigi síðar en 31. desember 2014.

31. gr.

Sértæk ákvæði varðandi kerfi, íhluti eða aðskildar tæknieiningar

1. ESB-gerðarviðurkenning skal veitt að því er varðar kerfi sem er í samræmi við efnisatriðin í upplýsingamöppunni og uppfyllir tæknilegu kröfurnar sem mælt er fyrir um í viðeigandi gerðum sem taldar eru upp í II. viðauka.

2. ESB-gerðarviðurkenning fyrir íhlut eða aðskilda tæknieiningu skal veitt að því er varðar íhlut eða aðskilda tæknieiningu sem er í samræmi við efnisatriðin í upplýsingamöppunni og sem uppfyllir tæknilegu kröfurnar sem mælt er fyrir um í viðeigandi gerðum sem taldar eru upp í II. viðauka.

3. Þegar íhlutir eða aðskildar tæknieiningar, hvort sem þær eru ætlaðar til viðgerða, þjónustu eða viðhalds, falla einnig undir gerðarviðurkenningu kerfis að því er varðar ökutæki, er ekki krafist frekari viðurkenningar fyrir íhlut eða aðskilda tæknieiningu nema kveðið sé á um slíkt í viðeigandi gerðum sem taldar eru upp í II. viðauka.

4. Ef íhlutur eða aðskilin tæknieining þjónar einungis hlutverki sínu í sambandi við aðra hluti ökutækisins, eða bíður aðeins þannig upp á tiltekna eiginleika, og því einungis hægt að ákvarða hvort hún stenst kröfur þegar íhluturinn eða aðskilda tæknieiningin vinnur með öðrum hlutum ökutækisins, skal takmarka gildissvið ESB-gerðarviðurkenningarinnar fyrir íhlutinn eða aðskildu tæknieininguna eftir því.

Í slíkum tilvikum skal taka fram í ESB-gerðarviðurkenningarvottorðinu takmarkanir á notkun íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar sem og þau sérstöku skilyrði sem gilda um áfestingu þeirra.

Þegar slíkur íhlutur eða aðskilin tæknieining er áfest af framleiðanda skal sannprófa á þeim tíma sem ökutækið er viðurkennt að viðeigandi takmarkanir á notkun eða skilyrði fyrir áfestingu séu virt.

32. gr.

Prófanir sem krafist er fyrir ESB-gerðarviðurkenningu

1. Sýna skal fram á með viðeigandi prófunum, sem tilnefnd tækniþjónusta annast, að farið sé að þeim tækniforskriftum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og gerðum sem taldar eru upp í II. viðauka.

Í gerðunum sem taldar eru upp í II. viðauka skal mæla fyrir um prófunaraðferðirnar sem um getur í fyrstu undirgrein og sérstakan búnað og verkfæri sem mælt er fyrir um til að framkvæma þessar prófanir.

Framsetning þessara prófunarskýrslna skal vera í samræmi við almennar kröfur sem framkvæmdastjórnin mælir fyrir um í framkvæmdargerðum. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 73. gr. Samþykkja skal fyrstu framkvæmdargerðirnar eigi síðar en 31. desember 2014.

2. Framleiðandinn skal láta viðurkenningaryfirvaldinu í té eins mörg ökutæki, íhluti, eða aðskildar tæknieiningar og krafist er samkvæmt viðeigandi gerðum sem taldar eru upp í II. viðauka til að unnt sé að framkvæma nauðsynlegar prófanir.

3. Nauðsynlegar prófanirnar skulu framkvæmdar á ökutækjum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem eru dæmigerð fyrir þá gerð sem á að viðurkenna.

Þó er framleiðanda heimilt að velja, í samráði við viðurkenningaryfirvaldið, ökutæki, kerfi, íhlut eða aðskilda tæknieiningu sem er ekki dæmigerð fyrir gerðina sem á viðurkenna, en sem með tilliti til þeirra afkasta sem krafist er, sameinar nokkra óhagstæðustu eiginleikana. Nota má sýndarprófunaraðferðir til að aðstoða við ákvarðanatöku meðan á valferlinu stendur.

4. Með fyrirvara um samþykki viðurkenningaryfirvalda má notast við sýndarprófunaraðferð í stað prófunaraðferðanna sem um getur í 1. mgr., fari framleiðandi fram á það, að því er varðar þær kröfur sem komið er á í framseldum gerðum sem samþykktar eru skv. 6. mgr.

5. Sýndarprófunaraðferð skal uppfylla þau skilyrði sem sett eru fram í framseldum gerðum sem samþykktar eru skv. 6. mgr.

6. Til að tryggja að niðurstöður sem fást með sýndarprófun verði jafn þýðingarmiklar og þær sem fást með raunverulegum prófunum skal framkvæmdastjórnin hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 75. gr., varðandi kröfur sem má gera sýndarprófun fyrir og skilyrði fyrir framkvæmd sýndarprófana. Þegar þessar framseldu gerðir eru samþykktar skal framkvæmdastjórnin hafa til grundvallar þær kröfur og málsmeðferðarreglur sem kveðið er á um í XVI. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB eins og við á.

33. gr.

Fyrirkomulag vegna samræmis framleiðslu

1. Viðurkenningaryfirvald sem veitir ESB-gerðarviðurkenningu skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að sannreyna, í samvinnu við viðurkenningaryfirvöld hinna aðildarríkjanna ef þörf er á, að fullnægjandi fyrirkomulag sé fyrir hendi til að tryggja að ökutæki, kerfi, íhlutir eða aðskildar tæknieiningar í framleiðslu séu í samræmi við viðurkennda gerð.

2. Viðurkenningaryfirvald sem veitir gerðarviðurkenningu fyrir fullbúið ökutæki skal grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að samræmisvottorð sem framleiðandi gefur út sé í samræmi við 38. gr. Í þessu skyni skal viðurkenningaryfirvald ganga úr skugga um að nægilega stórt úrtak samræmisvottorða sé í samræmi við 38. gr. og að framleiðandi hafi gripið til fullnægjandi aðgerða til að tryggja að gögn í samræmisvottorðum séu rétt.

3. Viðurkenningaryfirvald sem veitir ESB-gerðarviðurkenningu skal grípa til nauðsynlegra ráðstafana í tengslum við þá viðurkenningu, ef nauðsyn krefur í samstarfi við viðurkenningaryfirvöld annarra aðildarríkja, til að ganga úr skugga um að fyrirkomulag sem um getur í 1. og 2. mgr. dugi áfram til að ökutæki, kerfi, íhlutir eða aðskildar tæknieiningar í framleiðslu verði áfram í samræmi við viðurkennda gerð og að samræmisvottorð uppfylli áfram kröfur 38. gr.

4. Til að ganga úr skugga um að ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining séu í samræmi við viðurkennda gerð getur viðurkenningaryfirvaldið sem veitti ESB-gerðarviðurkenninguna framkvæmt eitthvað af þeim prófunum, sem krafist er vegna ESB-gerðarviðurkenningar, á sýnishornum sem tekin eru á athafnasvæði framleiðanda, þ.m.t. á framleiðslustöðvum.

5. Ef viðurkenningaryfirvald sem veitir ESB-gerðarviðurkenningu kemst að þeirri niðurstöðu að ekki sé farið að fyrirkomulaginu sem um getur í 1. og 2. mgr., að vikið sé verulega frá því og samþykktum eftirlitsáætlunum, að ekki sé lengur farið eftir fyrirkomulaginu eða að það dugi ekki lengur, jafnvel þó framleiðslu sé haldið áfram skal viðurkenningaryfirvaldið grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að verklagi vegna framleiðslusamræmis sé réttilega fylgt, annars skal það afturkalla gerðarviðurkenninguna.

6. Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til þess að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 75. gr., varðandi ítarlegt fyrirkomulag að því er varðar framleiðslusamræmi. Samþykkja skal fyrstu framseldu gerðirnar eigi síðar en 31. desember 2014.

VI. KAFLI

BREYTINGAR Á ESB-GERÐARVIÐURKENNINGUM

34. gr.

Almenn ákvæði

1. Framleiðandi skal án tafar tilkynna viðurkenningaryfirvaldi sem veitti ESB-gerðarviðurkenningu um allar breytingar sem eru gerðar á efnisatriðunum sem skráð eru í upplýsingasafninu.

Viðurkenningaryfirvaldið skal ákveða hvaða verklagi, sem mælt er fyrir um í 35. gr., skal fylgt.

Ef nauðsyn krefur má viðurkenningaryfirvaldið ákveða, að höfðu samráði við framleiðandann, að veita skuli nýja ESB-gerðarviðurkenningu.

2. Umsókn um breytingu á ESB-gerðarviðurkenningu er einungis heimilt að leggja fyrir viðurkenningaryfirvaldið sem veitti ESB-gerðarviðurkenninguna upphaflega.

3. Álíti viðurkenningaryfirvaldið að breyting kalli á að skoðanir eða prófanir verði endurteknar skal það tilkynna framleiðandanum þar um.

Verklagið sem um getur í 35. gr. á aðeins við ef viðurkenningaryfirvaldið telur, á grundvelli skoðana og prófana, að kröfur fyrir ESB-gerðarviðurkenningu séu áfram uppfylltar.

35. gr.

Endurskoðun og rýmkun ESB-gerðarviðurkenninga

1. Ef efnisatriðin sem skráð eru í upplýsingasafninu hafa breyst, án þess að farið sé fram á að skoðanir eða prófanir verði endurteknar, skal breytingin merkt „endurskoðun“.

Í slíkum tilvikum skal viðurkenningaryfirvaldið gefa út endurskoðaða síðu úr upplýsingasafni eftir þörfum og merkja hverja endurskoðaða síðu þannig að eðli breytingarinnar og dagsetning endurútgáfunnar sjáist greinilega. Samsteypt, uppfærð útgáfa upplýsingasafnsins ásamt nákvæmri lýsingu á breytingunum telst fullnægja þessu skilyrði.

2. Breytingin felur í sér „rýmkun“ ef upplýsingarnar sem skráðar eru í upplýsingasafninu hafa breyst og eitthvað af eftirtöldu á sér stað:

a) þörf er á frekari skoðunum eða prófunum,

b) einhverjar upplýsingar í ESB-gerðarviðurkenningarvottorðinu, að undanskildum fylgiskjölunum, hafa breyst,

c) nýjar kröfur samkvæmt einhverri gerðanna sem taldar eru upp í II. viðauka taka gildi varðandi viðurkennda gerð ökutækis eða viðurkennt kerfi, íhlut eða aðskilda tæknieiningu.

Ef um er að ræða rýmkun, skal viðurkenningaryfirvaldið gefa út uppfært ESB-gerðarviðurkenningarvottorð merkt með númeri rýmkunar sem hækkar í samræmi við fjölda rýmkana sem þegar hafa verið veittar. Á viðurkenningarvottorðinu skulu ástæður rýmkunarinnar og dagsetning endurútgáfunnar koma greinilega fram.

3. Þegar gefnar eru út endurskoðaðar síður eða samsteypt, uppfærð útgáfa skal breyta atriðaskránni með upplýsingasafninu, sem fylgir viðurkenningarvottorðinu, þannig að sjá megi dagsetningu síðustu rýmkunar eða endurskoðunar eða dagsetningu síðustu samsteyptu og uppfærðu útgáfunnar.

4. Ekki er þörf á breytingu á gerðarviðurkenningu ökutækis ef nýju kröfurnar, sem um getur í c-lið 2. mgr., skipta ekki máli, út frá tæknilegu sjónarmiði, fyrir þessa gerð ökutækis eða þær varða aðra ökutækjaflokka en þann sem ökutækið tilheyrir.

36. gr.

Útgáfa og tilkynning um breytingar

1. Ef um er að ræða rýmkun skal uppfæra alla viðeigandi hluta ESB-gerðarviðurkenningarvottorðsins, fylgiskjöl þess og atriðaskrána með upplýsingasafninu. Gefa skal út uppfært vottorð og fylgiskjöl þess til handa umsækjanda án tafa.

2. Efumeraðræðaendurskoðunskalviðurkenningaryfirvaldið gefa út til handa umsækjanda endurskoðuðu skjölin eða samsteyptu, uppfærðu útgáfuna, eftir því sem við á, þ.m.t. endurskoðaða atriðaskrá með upplýsingasafninu, án tafa.

3. Viðurkenningaryfirvaldið skal tilkynna viðurkenningaryfirvöldum hinna aðildarríkjanna um breytingar á ESB-gerðarviðurkenningu í samræmi við aðferðirnar sem settar eru fram í 29. gr.

VII. KAFLI

GILDI ESB-GERÐARVIÐURKENNINGAR

37. gr.

Gerðarviðurkenning fellur úr gildi

1. ESB-gerðarviðurkenningar skulu gefnar út með ótakmarkaðan gildistíma.

2. ESB-gerðarviðurkenning ökutækis skal falla úr gildi við eftirfarandi aðstæður:

a) nýjar kröfur varðandi viðurkennda gerð ökutækis verða lögboðnar til að hægt sé að setja ökutæki á markað, skrá það eða taka í notkun og ekki er hægt að uppfæra gerðarviðurkenninguna til samræmis við þær,

b) framleiðslu viðurkennda ökutækisins er endanlega hætt af frjálsum vilja,

c) viðurkenningin fellur úr gildi samkvæmt takmörkun í samræmi við 6. mgr. 40. gr.,

d) viðurkenningin hefur verið dregin til baka í samræmi við 5. mgr. 33. gr., 1. mgr. 49. gr. eða 4. mgr. 52. gr.

3. Ef aðeins eitt afbrigði gerðar eða ein útgáfa afbrigðis verður ógild verður ESB-gerðarviðurkenning ökutækisins, sem um er að ræða, aðeins ógild að því er varðar viðkomandi afbrigði eða útgáfu.

4. Þegar framleiðslu tiltekinnar gerðar ökutækis er endanlega hætt skal framleiðandi tilkynna viðurkenningaryfirvaldinu sem veitti ESB-gerðarviðurkenningu ökutækisins um það.

Innan mánaðar frá móttöku tilkynningarinnar sem um getur í fyrsta undirlið skal viðurkenningaryfirvaldið sem veitti ESB-gerðarviðurkenningu fyrir ökutækið tilkynna viðurkenningaryfirvöldum hinna aðildarríkjanna um það.

5. Með fyrirvara um 4. mgr. skal framleiðandi, í tilvikum þar sem ljóst er að ESB-gerðarviðurkenning ökutækis fellur brátt úr gildi, tilkynna viðurkenningaryfirvaldinu sem veitti ESB-gerðarviðurkenninguna um það.

Viðurkenningaryfirvaldið sem veitti ESB-gerðarviðurkenninguna skal án tafar veita viðurkenningaryfirvöldum hinna aðildarríkjanna allar viðeigandi upplýsingar svo unnt sé að beita 44. gr. þar sem við á.

Í orðsendingunni sem um getur í annarri málsgrein skal einkum tilgreina framleiðsludag og verksmiðjunúmer síðasta ökutækisins sem framleitt var.

VIII. KAFLI

SAMRÆMISVOTTORÐ OG MERKINGAR

38. gr.

Samræmisvottorð

1. Framleiðandi skal, sem handhafi gerðarviðurkenningar ökutækis, afhenda samræmisvottorð á pappír með hverju ökutæki, hvort sem það er fullbúið, ófullbúið eða fullbúið í áföngum, sem framleitt er í samræmi við viðurkennda gerð ökutækis.

Kaupandi skal fá slíkt vottorð án endurgjalds með ökutækinu. Afhending vottorðsins má ekki vera háð því að skýrt sé farið fram á það eða að framleiðanda séu veittar frekari upplýsingar.

Í tíu ár frá framleiðsludegi ökutækis skal framleiðandi ökutækisins, að beiðni eiganda þess, gefa út eftirrit af samræmisvottorði, gegn greiðslu sem ekki er hærri en kostnaðurinn sem fylgir útgáfu þess. Orðið „eftirrit“ skal vera greinilegt á framhlið sérhvers eftirrits af vottorði.

2. Framleiðandi skal notast við fyrirmynd að samræmisvottorði sem framkvæmdastjórnin samþykkir með framkvæmdargerðum. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 73. gr. Samræmisvottorðið skal hannað þannig að komið sé í veg fyrir fölsun. Hvað það varðar skal kveðið á um það í framkvæmdargerðum að pappír sem notaður er fyrir vottorð skuli varinn með ýmsum prentöryggisþáttum. Samþykkja skal fyrstu framkvæmdargerðirnar eigi síðar en 31. desember 2014.

3. Samræmisvottorðið skal vera á a.m.k. einu af opinberu tungumálum Sambandsins. Aðildarríki geta óskað eftir því að samræmisvottorðið verði þýtt yfir á opinbert/opinber tungumál sitt/sín.

4. Einstaklingur eða einstaklingar sem hafa heimild til að undirrita samræmisvottorð skulu vera frá fyrirtæki framleiðanda og skulu hafa fullt umboð frá stjórnendum til þess að bera lagalega ábyrgð framleiðanda að því er varðar hönnun og smíði eða framleiðslusamræmi ökutækisins.

5. Samræmisvottorðið skal fylla út í heild sinni og skal ekki innihalda takmarkanir að því er varðar notkun ökutækis aðrar en þær takmarkanir sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð eða einhverri framseldra gerða sem samþykktar eru samkvæmt þessari reglugerð.

6. Ef um er að ræða ófullbúna eða fullbúna gerð ökutækis í áföngum skal framleiðandi einungis fylla út þá hluta samræmisvottorðsins sem bætt hefur verið við eða breytt á viðkomandi þrepi viðurkenningar og, ef við á, láta fylgja með vottorðinu öll samræmisvottorð frá fyrri þrepum.

7. Í samræmisvottorði fyrir ökutæki sem viðurkennd eru í samræmi við 2. mgr. 40. gr. skal koma fram setningin „Fyrir fullbúin ökutæki/ökutæki sem eru fullbúin í áföngum sem hljóta gerðarviðurkenningu skv. 4. mgr. 40. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 168/2013 frá 15. janúar 2013 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum og fjórhjólum (bráðabirgðaviðurkenning)“.

8. Í fyrirsögn samræmisvottorðsins, eins og það er sett fram í framkvæmdargerðum sem um getur í 2. mgr., fyrir ökutæki sem gerðarviðurkennd eru í samræmi við 42. gr. skal eftirfarandi setning standa: „Fyrir fullbúin ökutæki/ökutæki sem eru fullbúin í áföngum sem eru gerðarviðurkennd í litlum framleiðsluröðum,“ og nálægt henni skal vera framleiðsluár og þar á eftir raðtala frá 1 upp að hæstu tölunni sem tilgreind er í töflunni sem sett er fram í III. viðauka og sýnir stöðu ökutækisins í úthlutaðri framleiðslu hvers framleiðsluárs.

9. Með fyrirvara um 1. mgr. er framleiðanda heimilt að senda samræmisvottorðið með rafrænum hætti til skráningaryfirvalds í hvaða aðildarríki sem er.

39. gr.

Lögboðin merkiplata með viðeigandi merkingu ökutækja og gerðarviðurkenningarmerki íhluta eða aðskilinna tæknieininga

1. Framleiðandi ökutækis skal festa, á öll ökutæki sem framleidd eru í samræmi við viðurkennda gerð, lögboðna merkiplötu með viðeigandi merkingu sem gerð er krafa um í viðkomandi framkvæmdargerð sem samþykkt er skv. 3. mgr.

2. Framleiðandi íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar, hvort sem þau eru hluti af kerfi eða ekki, skal festa á sérhvern íhlut eða aðskilda tæknieiningu, sem framleidd er í samræmi við viðurkennda gerð, ESB-gerðarviðurkenningarmerki sem krafist er samkvæmt viðeigandi framkvæmdargerð sem samþykkt er samkvæmt þessari reglugerð eða viðeigandi reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu.

Ef ekki er gerð krafa um slíkt gerðarviðurkenningarmerki skal framleiðandi a.m.k. festa viðskiptaheiti sitt eða vörumerki og gerðarnúmer eða kenninúmer.

3. Lögboðin merkiplata og ESB-gerðarviðurkenningarmerki skulu vera í samræmi við fyrirmynd sem framkvæmdastjórnin mælir fyrir um í framkvæmdargerð. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 73. gr. Samþykkja skal fyrstu framkvæmdargerðirnar eigi síðar en 31. desember 2014.

IX. KAFLI

UNDANÞÁGUR FYRIR NÝJA TÆKNI EÐA NÝJA HÖNNUN

40. gr.

Undanþágur fyrir nýja tækni eða nýja hönnun

1. Framleiðandi getur sótt um ESB-gerðarviðurkenningu að því er varðar gerð ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar sem felur í sér nýja tækni eða hönnun sem er ósamrýmanleg einni eða fleiri gerðum sem taldar eru upp í II. viðauka.

2. Viðurkenningaryfirvald skal veita ESB-gerðarviðurkenninguna sem um getur í 1. mgr. ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) í umsókninni koma fram ástæður þess að tæknin eða hönnunin sem um er að ræða gera það að verkum að kerfið, íhluturinn eða aðskilda tæknieiningin eru ósamrýmanleg einni eða fleiri gerðum sem taldar eru upp í II. viðauka,

b) í umsókninni er áhrifum nýju tækninnar á öryggi og umhverfi lýst sem og aðgerðum sem gripið er til svo tryggja megi a.m.k. jafnt hátt stig öryggis og umhverfisverndar og kveðið er á um í þeim kröfum sem sótt er um undanþágu frá,

c) lýsingar á prófunum og niðurstöður þeirra eru kynntar þannig að þær sýni fram á að skilyrðin í b-lið séu uppfyllt.

3. Veiting slíkrar ESB-gerðarviðurkenningar sem veitir undanþágu fyrir nýja tækni eða nýja hönnun skal vera með fyrirvara um heimild framkvæmdastjórnarinnar. Heimildin skal veitt með framkvæmdargerð. Sú framkvæmdargerð skal samþykkt í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 73. gr.

4. Á meðan ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar um heimild er beðið getur viðurkenningaryfirvald gefið út ESB-gerðarviðurkenningu, sem skal vera til bráðabirgða og aðeins gild á yfirráðasvæði þess aðildarríkis, að því er varðar gerð ökutækis sem heyrir undir þá undanþágu sem sótt er um. Viðurkenningaryfirvaldið skal án tafar senda framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum tilkynningu um það með skrá sem inniheldur upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr.

Það skal koma fram í fyrirsögn gerðarviðurkenningarvottorðs og samræmisvottorðs að þau séu veitt til bráðabirgða og gildi aðeins á takmörkuðu gildissvæði. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir til að kveða á um samræmdar fyrirmyndir að gerðarviðurkenningarvottorðum og samræmisvottorðum að því er varðar þessa málsgrein. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 73. gr.

5. Önnur viðurkenningaryfirvöld geta ákveðið að samþykkja skriflega bráðabirgðaviðurkenninguna, sem um getur í 4. mgr., innan yfirráðasvæðis síns.

6. Ef við á skal heimild framkvæmdastjórnarinnar sem um getur í 3. mgr. einnig tilgreina hvort hún sæti takmörkunum. Gerðarviðurkenningin skal í öllum tilfellum hafa a.m.k. 36 mánaða gildistíma.

7. Ef framkvæmdastjórnin ákveður að synja um leyfi skulu viðurkenningaryfirvöld tafarlaust tilkynna handhafa bráðabirgðaviðurkenningarinnar, sem um getur í 4. mgr., að bráðabirgðaviðurkenningin verði afturkölluð sex mánuðum frá synjun framkvæmdastjórnarinnar.

Þó skal heimila að ökutæki, sem framleidd voru í samræmi við bráðabirgðaviðurkenninguna áður en hún verður ógild, séu sett á markað, skráð eða tekin í notkun í hverju því aðildarríki sem samþykkti bráðabirgðaviðurkenninguna.

41. gr.

Síðari breytingar framseldra gerða og framkvæmdargerða

1. Ef framkvæmdastjórnin heimilar veitingu undanþágu í samræmi við 40. gr. skal hún tafarlaust gera nauðsynlegar ráðstafanir til að laga viðkomandi framseldar gerðir eða framkvæmdargerðir að tækniþróun.

Ef undanþágan skv. 40. gr. tengist reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu skal framkvæmdastjórnin leggja til breytingu á viðeigandi reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu í samræmi við viðkomandi málsmeðferð samkvæmt endurskoðaða samningnum frá 1958.

2. Um leið og viðeigandi gerðum hefur verið breytt skal takmörkunum í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, sem heimilar undanþáguna, aflétt.

Ef ekki hafa verið gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til að aðlaga framseldar gerðir eða framkvæmdargerðir getur framkvæmdastjórnin, að beiðni aðildarríkisins sem veitti viðurkenninguna, með ákvörðun í formi framkvæmdargerðar sem samþykkt er í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 73. gr., heimilað aðildarríki að rýmka gerðarviðurkenninguna.

X. KAFLI

ÖKUTÆKI SEM FRAMLEIDD ERU Í LITLUM FRAMLEIÐSLURÖÐUM

42. gr.

Landsbundin gerðarviðurkenning lítilla framleiðsluraða

1. Framleiðandinn getur sótt um landsbundna gerðarviðurkenningu fyrir litla framleiðsluröð gerðar ökutækis innan árlegra magntakmarkana sem settar eru fram í III. viðauka. Þessar takmarkanir skulu gilda þegar ökutæki, af gerð sem er viðurkennd á markaði hvers aðildarríkis á tilteknu ári, eru sett á markað, skráð eða tekin í notkun.

2. Að því er varðar þær gerðir ökutækja sem um getur í 1. mgr. geta aðildarríki fellt niður eina eða fleiri efnislegu krafnanna sem mælt er fyrir um í einni eða fleiri framseldu gerðanna sem taldar eru upp í II. viðauka, að því tilskildu að þau tilgreini aðrar kröfur.

„Aðrar kröfur“: stjórnsýsluákvæði og tæknilegar kröfur sem miða að því að tryggja, eftir því sem við verður komið, sambærilegt notkunaröryggi, umhverfisvernd og öryggi á vinnustað og það sem kveðið er á um í einni eða fleiri framseldu gerðanna sem um getur í II. viðauka.

Að því varðar þær gerðir ökutækja sem um getur í 1. mgr. geta aðildarríki fellt niður eitt eða fleiri stjórnsýsluákvæði þessarar reglugerðar eða framkvæmdargerða sem samþykktar eru samkvæmt þessari reglugerð.

Aðildarríki skal aðeins fella niður ákvæðin sem um getur í þessari málsgrein hafi það gilda ástæðu til.

3. Þegar um er að ræða landsbundna gerðarviðurkenningu ökutækja samkvæmt þessari grein skal samþykkja kerfi, íhluti eða aðskildar tæknieiningar sem eru gerðarviðurkennd í samræmi við gerðir sem taldar eru upp í II. viðauka.

4. Uppkast að gerðarviðurkenningarvottorði fyrir ökutæki sem eru gerðarviðurkennd í samræmi við þessa grein skal gert eftir fyrirmyndinni sem um getur í 2. mgr. 30. gr., þau skulu þó ekki bera fyrirsögnina „ESB-gerðarviðurkenningarvottorð fyrir ökutæki“ en skulu tilgreina innihald þeirra undanþága sem veittar eru skv. 2. mgr. Gerðarviðurkenningarvottorð skulu númeruð í samræmi við samræmda flokkunarkerfið sem um getur í 4. mgr. 29. gr.

5. Í gerðarviðurkenningarvottorðinu skal tilgreina hvers eðlis undanþágurnar eru sem veittar eru skv. 1. og 3. undirgrein 2. mgr.

6. Landsbundin gerðarviðurkenning lítillar framleiðsluraðar gildir aðeins á yfirráðasvæði aðildarríkis þeirra viðurkenningaryfirvalda sem veittu viðurkenninguna.

7. Að beiðni framleiðanda skal þó senda afrit af gerðarviðurkenningarvottorði ásamt fylgiskjölum í ábyrgðarpósti eða með rafrænum hætti til viðurkenningaryfirvalda þess aðildarríkis sem framleiðandi tilnefnir.

8. Innan þriggja mánaða frá móttöku beiðninnar sem um getur í 7. mgr. skulu viðurkenningaryfirvöld þeirra aðildarríkja sem framleiðandi tilnefnir ákveða hvort þau samþykkja gerðarviðurkenninguna eða ekki. Þau skulu tilkynna formlega um ákvörðun sína til viðurkenningaryfirvaldsins sem veitti landsbundnu gerðarviðurkenninguna fyrir litla framleiðsluröð.

9. Viðurkenningaryfirvöld aðildarríkjanna skulu samþykkja landsbundna gerðarviðurkenningu nema þau hafi gilda ástæðu til að ætla að landsbundnu tæknilegu kröfurnar sem voru til grundvallar viðurkenningar ökutækisins séu ekki jafngildar þeirra eigin kröfum.

10. Að beiðni umsækjanda sem óskar eftir því að setja ökutæki með landsbundna gerðarviðurkenningu fyrir litla framleiðsluröð á markað í öðru aðildarríki skal viðurkenningaryfirvaldið, sem veitti landsbundnu gerðarviðurkenninguna fyrir litla framleiðsluröð, afhenda landsyfirvaldi í hinu aðildarríkinu eintak af gerðarviðurkenningarvottorðinu ásamt upplýsingasafninu. Ákvæði 8. og 9. mgr. gilda.

XI. KAFLI

AÐ SETJA ÖKUTÆKI Á MARKAÐ, SKRÁ ÞAÐ EÐA TAKA ÞAÐ Í NOTKUN

43. gr.

Að setja ökutæki á markað, skrá það eða taka það í notkun

Með fyrirvara um 46. og 47. gr. skal aðeins setja á markað, skrá eða taka í notkun ökutæki sem ESB-gerðarviðurkenning fyrir fullbúið ökutæki er skyldubundin fyrir eða sem framleiðandinn hefur fengið slíka gerðarviðurkenningu fyrir samkvæmt þessari reglugerð, ef þeim fylgir gilt samræmisvottorð sem gefið er út í samræmi við 38. gr.

Heimilt er að setja slík ökutæki á markað eða taka þau í notkun þrátt fyrir að þau séu ófullgerð en yfirvöldin sem bera ábyrgð á ökutækjaskráningu aðildarríkjanna geta synjað um skráningu slíkra ökutækja og bannað notkun þeirra á vegum.

44. gr.

Að setja síðustu ökutæki gerðar á markað, skrá þau eða taka þau í notkun

1. Með fyrirvara um mörk síðustu ökutækja gerðar og tímamörk sem tilgreind eru í 2. og 4. mgr. má setja ökutæki, sem eru í samræmi við gerð ökutækis með ESB-gerðarviðurkenningu sem er fallin úr gildi skv. 37. gr., á markað, skrá þau eða taka þau í notkun.

Fyrsta undirgrein gildir aðeins um ökutæki sem voru á yfirráðasvæði Sambandsins og höfðu ESB-gerðarviðurkenningu sem var í gildi á þeim tíma sem þau voru framleidd en höfðu hvorki verið sett á markað eða tekin í notkun fyrr en fyrrgreind ESB-gerðarviðurkenning var fallin úr gildi.

2. Þegar um er að ræða fullbúin ökutæki, skal 1. mgr. gilda í 24 mánuði frá því að ESB-gerðarviðurkenning fellur úr gildi og þegar um er að ræða ökutæki fullbúin í áföngum, í 30 mánuði frá þeirri dagsetningu.

3. Framleiðandi sem óskar eftir að nýta sér ákvæði 1. mgr. skal leggja fram beiðni þar um til landsyfirvalda allra aðildarríkja þar sem ökutækin sem um er að ræða verða sett á markað, skráð eða tekin í notkun. Í beiðninni skal tilgreina þær tæknilegu eða efnahagslegu ástæður sem koma í veg fyrir að þessi ökutæki uppfylli nýju kröfurnar um gerðarviðurkenningu. Hlutaðeigandi landsyfirvöld skulu ákveða innan þriggja mánaða frá móttöku beiðninnar hvort og hversu mörg slík ökutæki þau heimila að skráð séu á yfirráðasvæðum sínum.

4. Fjöldi síðustu ökutækja gerðar skal ekki vera yfir 10% af fjölda ökutækja sem skráð voru á undanförnum tveimur árum eða fleiri en 100 ökutæki á hvert aðildarríki, hvort sem er hærra.

5. Sérstök áritun, sem skilgreinir ökutæki sem síðustu ökutæki gerðar, skal vera á samræmisvottorði fyrir ökutæki sem tekin eru í notkun samkvæmt þessari málsmeðferð.

6. Aðildarríki skulu tryggja að skilvirkt eftirlit sé með fjölda ökutækja sem sett eru á markað, skráð eða tekin í notkun samkvæmt þeirri málsmeðferð sem sett er fram í þessari grein.

7. Ákvæði þessarar greinar gilda aðeins um gerð ökutækis sem lögð er af vegna þess að gerðarviðurkenning fellur úr gildi með þeim hætti sem kveðið er á um í a-lið 2. mgr. 37. gr.

45. gr.

Að setja á markað eða taka í notkun íhluti og aðskildar tæknieiningar

1. Íhluti eða aðskildar tæknieiningar má aðeins setja á markað eða taka í notkun ef kröfur viðeigandi gerða sem taldar eru upp í II. viðauka eru uppfylltar og merkingar eru réttar í samræmi við 39. gr.

2. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki gilda ef um er að ræða íhluti eða aðskildar tæknieiningar sem eru sérstaklega smíðaðar eða hannaðar fyrir ný ökutæki sem falla ekki undir þessa reglugerð.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta aðildarríki heimilað að íhlutir og aðskildar tæknieiningar verði settar á markað eða teknar í notkun sem hafa fengið undanþágu frá einu eða fleiri ákvæðum þessarar reglugerðar skv. 40. gr. eða sem ætlaðar eru til að festa á ökutæki, sem falla undir viðurkenningar sem veittar eru skv. 42. gr. að því er varðar íhlutinn eða aðskildu tæknieininguna sem um ræðir.

4. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. og nema kveðið sé á um annað í þessari reglugerð eða framseldum gerðum sem samþykktar eru samkvæmt þessari reglugerð geta aðildarríki heimilað að setja á markað eða taka í notkun íhluti eða aðskildar tæknieiningar til uppsetningar í ökutækjum sem ekki þurfti að gerðarviðurkenna samkvæmt þessari reglugerð eða tilskipun 2002/24/EB, áður en þær voru settar á markað eða teknar í notkun.

XII. KAFLI

VERNDARÁKVÆÐI

46. gr.

Málsmeðferð vegna meðhöndlunar ökutækja, kerfa, íhluta eða aðskilinna tæknieininga sem alvarleg hætta stafar af á landsvísu

1. Ef markaðseftirlitsyfirvöld í einu aðildarríki hafa gripið til aðgerða skv. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008 eða þau hafa fullnægjandi ástæðu til að ætla að ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining, sem falla undir þessa reglugerð, stofni alvarlega í hættu heilbrigði eða öryggi manna eða öðrum þáttum er varða verndun hagsmuna almennings, sem falla undir þessa reglugerð, skal viðurkenningaryfirvaldið sem veitti viðurkenninguna framkvæma mat á viðkomandi ökutæki, kerfi, íhlut eða aðskilinni tæknieiningu sem tekur til allra krafna sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Viðkomandi rekstraraðilar skulu hafa fulla samvinnu við viðurkenningaryfirvöld og/eða markaðseftirlitsyfirvöld.

Ef viðurkenningaryfirvald sem veitti viðurkenninguna, kemst að þeirri niðurstöðu, á meðan þetta mat fer fram, að ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining uppfylli ekki kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, skal það án tafar krefjast þess að viðkomandi rekstraraðili grípi til allra viðeigandi aðgerða til úrbóta til að ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining uppfylli kröfurnar, taki ökutæki, kerfi, íhlut eða aðskilda tæknieiningu af markaði eða innkalli innan hæfilegs frests, miðað við eðli áhættunnar.

Ákvæði 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008 skulu gilda að því er varðar þær ráðstafanir sem um getur í annarri undirgrein þessarar málsgreinar.

2. Ef viðurkenningaryfirvöld telja að þau tilvik þar sem ekki er farið að ákvæðum einskorðist ekki við þeirra yfirráðasvæði skulu þau upplýsa framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin um niðurstöður matsins og um aðgerðirnar sem krafist var af rekstraraðilanum.

3. Rekstraraðili skal tryggja að gripið sé til allra viðeigandi aðgerða til úrbóta að því er varðar öll ökutæki, kerfi, íhluti eða aðskildar tæknieiningar sem ekki uppfylla kröfur og hann hefur sett á markað, skráð eða sem hann ber ábyrgð á að hafi verið tekin í notkun í Sambandinu.

4. Ef rekstraraðili grípur ekki til fullnægjandi aðgerða til úrbóta innan þess frests sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. skulu landsyfirvöld grípa til allra viðeigandi ráðstafana til að banna eða takmarka að ökutæki, kerfi, íhlutir eða aðskildar tæknieiningar sem ekki uppfylla kröfur séu sett á markað, skráð eða tekin í notkun á markaði í hverju aðildarríki, taka þau af þeim markaði eða innkalla þau.

5. Landsyfirvöld skulu, án tafar, tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um ráðstafanirnar sem kveðið er á um í 4. mgr.

Í upplýsingunum, sem veittar eru, skulu koma fram allar tiltækar upplýsingar, einkum gögn sem eru nauðsynleg til að sanngreina ökutæki, kerfi, íhlut eða aðskilda tæknieiningu sem ekki uppfylla kröfurnar, uppruna þeirra, eðli meintra tilvika þar sem ekki var farið að ákvæðum og áhættunnar sem því fylgir, eðli og gildistíma ráðstafana aðildarríkis sem gerðar hafa verið, ásamt rökstuðningi viðkomandi rekstraraðila. Einkum skulu viðurkenningaryfirvöld geta þess hvort ósamræmi sé vegna þess að:

a) ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining uppfylla ekki kröfur varðandi heilsu og öryggi einstaklinga, umhverfisvernd eða aðra þætti verndunar almannahagsmuna sem reglugerð þessi nær yfir,

b) annmarkar eru á viðeigandi gerðum sem taldar eru upp í II. viðauka.

6. Innan mánaðar skulu aðildarríki upplýsa framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin um allar samþykktar ráðstafanir og allar viðbótarupplýsingar sem þau hafa yfir að ráða að því er varðar hvernig viðkomandi ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining uppfyllir ekki kröfur og, komi upp ágreiningur um tilkynnta landsráðstöfun aðildarríkis, um andmæli þeirra.

7. Ef annað aðildarríki eða framkvæmdastjórnin hreyfa andmælum innan eins mánaðar frá viðtöku upplýsinganna sem um getur í 6. mgr. þessarar greinar að því er varðar ráðstöfun sem aðildarríki hefur gert skal framkvæmdastjórnin leggja mat á þá ráðstöfun í samræmi við 47. gr.

8. Aðildarríki skulu tryggja að viðeigandi takmarkandi ráðstafanir séu gerðar að því er varðar viðeigandi ökutæki, kerfi, íhlut eða aðskilda tæknieiningu, s.s. að taka ökutækið, kerfið, íhlutinn eða aðskildu tæknieininguna án tafar af sínum markaði.

47. gr.

Verndarráðstafanameðferð Sambandsins

1. Ef, við málsmeðferðina sem sett er fram í 3. og 4. mgr. 46. gr., andmælum er hreyft við ráðstöfun sem aðildarríki gerir, eða ef framkvæmdastjórnin telur að landsráðstöfun stríði gegn löggjöf Sambandsins, skal framkvæmdastjórnin án tafar meta landsráðstöfunina að höfði samráði við aðildarríkin og viðkomandi rekstraraðila. Á grunni niðurstaðna úr því mati skal framkvæmdastjórnin, í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 73. gr., ákveða hvort landsráðstöfunin teljist réttlætanleg eða ekki.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna öllum aðildarríkjum og viðkomandi rekstraraðila eða rekstraraðilum um ákvörðun sína.

2. Telji framkvæmdastjórnin landsráðstöfun réttlætanlega skulu öll aðildarríki gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining, sem ekki uppfyllir kröfurnar, sé tekin af markaði þeirra og tilkynna framkvæmdastjórninni um það. Teljist landsráðstöfunin ekki réttlætanleg skal aðildarríkið sem um getur afturkalla eða aðlaga ráðstöfunina í samræmi við þá ákvörðun sem um getur í 1. mgr.

3. Teljist landsráðstöfun réttlætanleg og tilkomin vegna annmarka á þessari reglugerð eða framseldum gerðum eða framkvæmdargerðum sem samþykktar eru samkvæmt þessari reglugerð skal framkvæmdastjórnin leggja til viðeigandi ráðstafanir með eftirfarandi hætti:

a) þegar um er að ræða framkvæmdargerðir sem samþykktar eru samkvæmt þessari reglugerð skal framkvæmdastjórnin gera tillögu um nauðsynlegar breytingar á viðkomandi gerð,

b) þegar um er að ræða reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu skal framkvæmdastjórnin leggja til nauðsynleg drög að breytingum á viðkomandi reglugerðum efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu í samræmi við viðeigandi málsmeðferð samkvæmt endurskoðaða samningnum frá 1958.

48. gr.

Ökutæki, kerfi, íhlutir eða aðskildar tæknieiningar sem uppfylla kröfur en alvarleg hætta stafar þó af

1. Ef aðildarríki kemst að þeirri niðurstöðu, þegar það hefur framkvæmt mat skv. 1. mgr. 46. gr., að ökutæki, kerfi, íhlutir eða aðskildar tæknieiningar feli í sér alvarlega hættu varðandi öryggi eða hafi skaðleg áhrif á umhverfið eða lýðheilsu, þrátt fyrir að uppfylla viðeigandi kröfur eða vera rétt merkt, skal aðildarríkið krefjast þess að viðkomandi rekstraraðili grípi til allra viðeigandi ráðstafana til að tryggja að ökutækið, kerfið, íhluturinn eða aðskilda tæknieiningin sem um er að ræða feli ekki lengur í sér þessa hættu þegar það er sett á markað, skráð eða eftir að það er tekið í notkun, afturkalli ökutækið, kerfið, íhlutinn eða aðskildu tæknieininguna af markaði eða innkalli það innan hæfilegs tíma, í samræmi við eðli áhættunnar. Aðildarríkið getur synjað um skráningu slíkra ökutækja þar til framleiðandinn hefur gert viðeigandi ráðstafanir.

2. Að því er varðar ökutæki, kerfi, íhlut eða aðskilda tæknieiningu eins og um getur í 1. mgr. skal rekstraraðili tryggja að gripið sé til aðgerða til úrbóta að því er varðar öll slík ökutæki, kerfi, íhluti eða aðskildar tæknieiningar sem sett eru á markað, skráð eða tekin í notkun í Sambandinu.

3. Aðildarríkið sem um getur í 1. mgr. skal, innan eins mánaðar, greina framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum frá öllum tiltækum upplýsingum, einkum frá gögnum sem nauðsynleg eru vegna sanngreiningar ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar sem um er að ræða, uppruna og birgðakeðju ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar, eðlis hættunnar sem um er að ræða og eðlis og varanleika þeirra landsráðstafanna sem gerðar eru.

4. Framkvæmdastjórnin skal án tafar hafa samráð við aðildarríkin, viðeigandi rekstraraðila og einkum viðurkenningaryfirvaldið sem veitti gerðarviðurkenninguna og leggja mat á landsráðstafanir sem gripið er til. Á grunni þess mats skal framkvæmdastjórnin ákveða hvort landsráðstafanirnar, sem um getur í 1. mgr., teljist réttlætanlegar eða ekki og, ef nauðsyn krefur, gera tillögu um viðeigandi ráðstafanir.

5. Framkvæmdastjórnin skal beina ákvörðun sinni til allra aðildarríkja og skal þegar í stað veita þeim og viðkomandi rekstraraðila eða rekstraraðilum upplýsingar þar um.

49. gr.

Ökutæki, kerfi, íhlutir eða aðskildar tæknieiningar sem ekki eru í samræmi við viðurkennda gerð

1. Ef ný ökutæki, kerfi, íhlutir eða aðskildar tæknieiningar sem hafa samræmisvottorð eða viðurkenningarmerki eru ekki í samræmi við viðurkennda gerð skal viðurkenningaryfirvaldið sem veitti ESB-gerðarviðurkenninguna grípa til nauðsynlegra ráðstafana, þ.m.t. að afturkalla gerðarviðurkenningu, til að tryggja að ökutæki, kerfi, íhlutir eða aðskildar tæknieiningar í framleiðslu verði færð til samræmis við viðurkennda gerð.

2. Finnist frávik frá efnisatriðunum í ESB-gerðarviðurkenningarvottorðinu eða upplýsingasafninu skal, að því er varðar 1. mgr., teljast vera um ósamræmi við viðurkennda gerð að ræða.

3. Ef viðurkenningaryfirvald sýnir fram á að ný ökutæki, íhlutir eða aðskildar tæknieiningar sem hafa samræmisvottorð eða sem á er viðurkenningarmerki útgefið af öðru aðildarríki, séu ekki í samræmi við viðurkennda gerð er því heimilt að fara fram á að viðurkenningaryfirvaldið sem veitti ESB-gerðarviðurkenninguna sannprófi að ökutækin, kerfin, íhlutirnir eða aðskildu tæknieiningarnar séu í samræmi við viðurkennda gerð. Viðurkenningaryfirvaldið sem veitti ESB-gerðarviðurkenninguna skal við móttöku slíkrar beiðni grípa til nauðsynlegra aðgerða svo fljótt sem unnt er og í síðasta lagi innan þriggja mánaða frá þeim degi sem farið er fram á það.

4. Viðurkenningaryfirvaldið skal fara fram á við viðurkenningaryfirvaldið sem veitti kerfinu, íhlutnum, aðskildu tæknieiningunni eða ófullbúna ökutækinu ESB-gerðarviðurkenningu að gripið verði til nauðsynlegra aðgerða til að tryggja að framleidd ökutæki verði færð til samræmis við viðurkenndu gerðina á ný í eftirfarandi tilvikum:

a) að því er varðar ESB-gerðarviðurkenningu ef ósamræmi ökutækis stafar eingöngu af ósamræmi kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar eða

b) að því er varðar fjölþrepa gerðarviðurkenningu þar sem ósamræmi ökutækis fullbúins í áföngum stafar eingöngu af ósamræmi kerfis, íhlutar eða aðskildrar tæknieiningar sem eru hluti af ófullbúnu ökutæki eða af ósamræmi ófullbúna ökutækisins sjálfs.

5. Hlutaðeigandi viðurkenningaryfirvald skal við móttöku slíkrar beiðni grípa til nauðsynlegra aðgerða, ef nauðsyn krefur í tengslum við það viðurkenningaryfirvald sem sendir beiðnina, svo fljótt sem unnt er og a.m.k. innan þriggja mánaða frá þeim degi sem farið er fram á það.

6. Ef ósamræmi er staðfest skal viðurkenningaryfirvald aðildarríkisins sem veitti kerfi, íhlut, aðskilinni tæknieiningu eða ófullbúnu ökutæki ESB-gerðarviðurkenningu gera þær ráðstafanir sem lýst er í 1. mgr.

Viðurkenningaryfirvöld skulu, innan eins mánaðar, tilkynna hvert öðru um sérhverja afturköllun á ESB-gerðarviðurkenningu og um ástæður fyrir henni.

7. Véfengi viðurkenningaryfirvald, sem hefur veitt ESB-gerðarviðurkenningu, skort á samræmi sem því hefur verið tilkynnt um skulu hlutaðeigandi aðildarríki leitast við að jafna þann ágreining. Framkvæmdastjórninni skal látin í té vitneskja um málið og skal hún, ef þörf krefur, boða til viðeigandi samráðsfunda til að ná samkomulagi.

50. gr.

Að setja á markað eða taka í notkun hluti og búnað sem geta skapað verulega hættu fyrir rétta virkni mikilvægra kerfa

1. Ekki skal setja hluti eða búnað, sem stofnað geta réttri virkni kerfa sem nauðsynleg eru vegna öryggis ökutækisins eða vegna vistvænleika þess í alvarlega hættu, á markað, skrá þá eða taka í notkun og skulu þeir bannaðir, nema viðurkenningaryfirvald hafi gefið heimild fyrir þeim í samræmi við 1. og 4. mgr. 51. gr.

2. Til að tryggja samræmda beitingu 1. mgr. getur framkvæmdastjórnin samþykkt framkvæmdargerðir til að gera skrá yfir slíka hluti eða búnað á grunni fyrirliggjandi upplýsinga og einkum upplýsinga sem aðildarríki veita varðandi:

a) hversu alvarleg áhætta steðjar að öryggi ökutækja eða vistvænleika þeirra þegar þeir hlutir eða sá búnaður sem um ræðir er festur á þau,

b) hugsanleg áhrif sem hugsanleg krafa um heimild fyrir hluti eða búnað í þessari grein hefði á neytendur og framleiðendur á eftirmarkaðinum.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 73. gr.

3. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki gilda um upprunalega hluti eða búnað og hluti eða búnað sem er gerðarviðurkenndur í samræmi við einhverja þeirra gerða sem taldar eru upp í II. viðauka, nema þar sem viðurkenningarnar tengjast öðrum þáttum en þeim sem 1. mgr. tekur til.

Ákvæði 1. mgr. skulu ekki gilda um hluti eða búnað sem eingöngu er framleiddur fyrir kappakstursökutæki sem ekki eru ætluð til notkunar á opinberum vegum. Ef hlutir eða búnaður sem talinn er með í skrá sem komið er á fót með framkvæmdargerð sem um getur í 2. mgr. er ætlaður til tvenns konar notkunar, bæði fyrir kappakstur og akstur á vegum, mega þessir hlutir eða búnaður ekki vera seldir eða boðnir almenningi til sölu til notkunar í ökutækjum sem aka á vegum nema hlutirnir eða búnaðurinn uppfylli kröfur þessarar greinar. Framkvæmdastjórnin skal, eftir því sem við á, samþykkja ákvæði til að auðkenna þá hluti eða búnað sem um getur í þessari málsgrein.

4. Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 75. gr., að því er varðar kröfurnar sem hlutir og búnaður sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar þarf að uppfylla.

Þessar kröfur má byggja á gerðum sem taldar eru upp í II. viðauka eða þær geta samanstaðið af samanburði á hlutunum eða búnaðinum við vistvænleika eða öryggisframmistöðu upprunalega ökutækisins, eða einhverja hluta þess, eins og við á. Í báðum tilfellum skulu kröfurnar tryggja að hlutir eða búnaður dragi ekki úr virkni þessara kerfa sem nauðsynleg eru öryggi ökutækisins eða vistvænleika.

51. gr.

Hlutir eða búnaður sem getur skapað verulega hættu fyrir rétta virkni mikilvægra kerfa — tengdar kröfur

1. Að því er varðar 1. mgr. 50. gr. skal framleiðandi hluta eða búnaðar láta viðurkenningaryfirvaldi í té umsókn með prófunarskýrslu, sem tilnefnd tækniþjónusta hefur unnið, þar sem staðfest er að hlutirnir eða búnaðurinn, sem sótt er um leyfi fyrir, uppfylli kröfurnar sem um getur í 4. mgr. 50. gr. Framleiðanda er aðeins heimilt að leggja fram eina umsókn fyrir hverja gerð og hvern hlut og aðeins til eins viðurkenningaryfirvalds.

Fari lögbært yfirvald annars aðildarríkis fram á það skal viðurkenningaryfirvaldið sem veitti heimildina senda afrit af umbeðinni heimild, ásamt fylgiskjölum, með sameiginlegu öruggu kerfi til rafrænna upplýsingaskipta, innan eins mánaðar frá því að beiðnin barst. Afritið getur einnig verið örugg rafræn skrá.

2. Í umsókninni skulu koma fram upplýsingar um framleiðanda hlutanna eða búnaðarins, gerð, auðkenni og hlutanúmer hlutanna eða búnaðarins, sem og nafn á framleiðanda ökutækisins, gerð ökutækisins og, ef við á, smíðaár eða aðrar upplýsingar sem gera kleift að auðkenna ökutækið sem fyrirhugað er að festa þessa hluti eða búnað á.

Ef, með tilliti til prófunarskýrslna og annarra sönnunargagna, viðurkenningaryfirvald hefur gengið úr skugga um að hlutir eða búnaður sem um ræðir uppfylli kröfurnar sem um getur í 4. mgr. 50. gr. skal það heimila að setja hluti eða búnað á markað og taka þá í notkun, með fyrirvara um annan undirlið 4. mgr. þessarar greinar.

Viðurkenningaryfirvald skal án tafar gefa út vottorð til framleiðanda.

3. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um fyrirmynd og númerakerfi fyrir vottorðið sem um getur í þriðja undirlið 2. mgr. þessarar greinar. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 73. gr.

4. Framleiðandi skal tafarlaust tilkynna viðurkenningaryfirvaldinu sem gaf heimildina um allar breytingar sem hafa áhrif á skilyrðin fyrir útgáfu þess. Viðurkenningaryfirvaldið skal ákveða hvort það þurfi að endurskoða eða endurútgefa heimildina og hvort þörf sé á frekari prófunum.

Framleiðandi skal bera ábyrgð á að tryggja að hlutir eða búnaður séu framleiddir og verði áfram framleiddir samkvæmt skilyrðunum fyrir útgáfu heimildarinnar.

5. Áður en viðurkenningaryfirvaldið gefur leyfi skal það staðfesta að fullnægjandi fyrirkomulag og aðferðir séu til staðar til að tryggja skilvirkt eftirlit með samræmi framleiðslu.

Komist viðurkenningaryfirvald að því að skilyrðin fyrir útgáfu leyfisins eru ekki lengur uppfyllt, skal það fara fram á að framleiðandinn grípi til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að hlutirnir eða búnaðurinn verði færður til samræmis á ný. Ef nauðsyn krefur skal það afturkalla leyfið.

6. Viðurkenningaryfirvöld frá ólíkum aðildarríkjum skulu vekja athygli framkvæmdastjórnarinnar á öllu ósamkomulagi varðandi heimildina sem um getur í öðrum undirlið 2. mgr. Framkvæmdastjórnin skal grípa til viðeigandi ráðstafana til að greiða úr ósamkomulaginu þ.m.t., ef nauðsyn krefur, að krefjast þess að heimildin verði afturkölluð að höfðu samráði við viðurkenningaryfirvöld.

7. Þar til skránni sem um getur í 2. mgr. 50. gr. hefur verið komið á fót geta aðildarríki viðhaldið eigin ráðstöfunum varðandi hluti eða búnað sem getur haft áhrif á rétta virkni kerfa sem nauðsynleg eru öryggi ökutækisins eða vistvænleika þess.

52. gr.

Innköllun ökutækja, kerfa, íhluta eða aðskilinna tæknieininga

1. Þegar framleiðanda sem hefur verið veitt ESB-gerðarviðurkenning fyrir fullbúið ökutæki ber skylda, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 765/2008, til að innkalla ökutæki sem sett hafa verið á markað, skráð eða sem hann ber ábyrgð á að hafi verið tekin í notkun, vegna þess að kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining sem sett eru upp í ökutækinu skapa alvarlega hættu varðandi öryggi, lýðheilsu eða umhverfisvernd, hvort sem þau hafa fulla viðurkenningu í samræmi við þessa reglugerð eða ekki, eða vegna þess að hlutur sem ekki fellur undir sértækar kröfur samkvæmt löggjöf um gerðarviðurkenningu skapar alvarlega hættu varðandi öryggi, lýðheilsu eða umhverfisvernd, skal framleiðandinn tafarlaust tilkynna það því viðurkenningaryfirvaldi sem veitti ökutækinu viðurkenningu.

2. Þegar framleiðanda kerfa, íhluta eða aðskilinna tæknieininga sem hefur verið veitt ESB-gerðarviðurkenning ber skylda, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 765/2008, til að innkalla kerfi, íhluti eða aðskildar tæknieiningar sem búið er að setja á markað eða sem framleiðandinn ber ábyrgð á að hafi verið tekin í notkun, vegna þess að þau skapa alvarlega hættu varðandi öryggi, öryggi á vinnustað, lýðheilsu eða umhverfisvernd, hvort sem þau hafa tilskilda viðurkenningu í samræmi við þessa reglugerð eða ekki, skal framleiðandinn tafarlaust tilkynna það því viðurkenningaryfirvaldi sem veitti viðurkenninguna.

3. Framleiðandinn skal leggja til við viðurkenningaryfirvaldið viðeigandi úrræði til að draga úr alvarlegri áhættu sem um getur í 1. og 2. mgr. Viðurkenningaryfirvaldið skal tafarlaust tilkynna yfirvöldum í hinum aðildarríkjunum um fyrirhuguð úrræði.

Viðurkenningaryfirvöld skulu tryggja að úrræðunum sé hrint í framkvæmd með skilvirkum hætti í aðildarríkjum þeirra.

4. Telji viðurkenningaryfirvaldið sem um er að ræða að úrræðin séu ófullnægjandi eða ekki framkvæmd nógu hratt skal það tilkynna það til viðurkenningaryfirvaldsins sem veitti ESB-gerðarviðurkenninguna án tafar.

Viðurkenningaryfirvaldið sem veitti ESB-gerðarviðurkenninguna skal svo upplýsa framleiðandann. Ef framleiðandinn leggur ekki til eða framkvæmir ráðstafanir til úrbóta með skilvirkum hætti skal viðurkenningaryfirvaldið sem veitti ESB-gerðarviðurkenninguna grípa til þeirra verndarráðstafana sem gerð er krafa um, þ.m.t. að afturkalla ESB-gerðarviðurkenninguna. Ef ESB-gerðarviðurkenning ökutækis er afturkölluð skal viðurkenningaryfirvaldið tilkynna framleiðanda, viðurkenningaryfirvöldum í hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um það með ábyrgðarbréfi eða sambærilegum rafrænum aðferðum innan eins mánaðar.

53. gr.

Tilkynning um ákvarðanir og úrræði sem standa til boða

1. Í öllum ákvörðunum sem teknar eru samkvæmt þessari reglugerð og öllum ákvörðunum um synjun eða afturköllun ESB-gerðarviðurkenningar, eða synjun um skráningu, bann eða takmörkun á því að setja ökutæki á markað, skrá eða taka það í notkun eða um að krefjast þess að ökutæki verði innkallað af markaði, skal tilgreina ástæður fyrir ákvörðuninni.

2. Ákvörðun skal tilkynnt hlutaðeigandi aðila og um leið skulu honum kynnt þau úrræði sem hann getur nýtt sér samkvæmt gildandi lögum í viðkomandi aðildarríki og sá frestur sem hann hefur til þess.

XIII. KAFLI

ALÞJÓÐAREGLUR

54. gr.

Reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu sem krafist er fyrir ESB-gerðarviðurkenningu

1. Reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu eða breytingar á þeim, sem Sambandið hefur stutt eða er aðili að og taldar eru upp í þessari reglugerð eða framseldum gerðum sem samþykktar eru samkvæmt þessari reglugerð, skulu teljast til krafna fyrir ESB-gerðarviðurkenningu ökutækis.

2. Viðurkenningaryfirvöld aðildarríkjanna skulu samþykkja viðurkenningar sem veittar eru í samræmi við reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu sem um getur í 1. mgr. og, ef við á, viðkomandi viðurkenningarmerki í stað samsvarandi viðurkenninga og viðurkenningarmerkja sem veitt eru í samræmi við þessa reglugerð og framseldar gerðir sem samþykktar eru samkvæmt þessari reglugerð.

3. Ef Sambandið hefur stutt reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu eða breytingar á henni að því er varðar ESB-gerðarviðurkenningu skal framkvæmdastjórnin samþykkja framselda gerð í samræmi við 75. gr. til að reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu eða breytingar á henni verði lögboðnar og til að breyta þessari reglugerð eða til að breyta framseldum gerðum sem samþykktar eru samkvæmt þessari reglugerð, eins og við á.

Í framseldri gerð skal tilgreina dagsetningar lögboðinnar beitingar reglugerðar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu eða breytinga á henni og umbreytingarákvæði eftir því sem við á.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja sérstaklega framseldar gerðir þar sem kveðið er á um lögboðna beitingu reglugerða efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu.

XIV. KAFLI

MIÐLUN TÆKNILEGRA UPPLÝSINGA

55. gr.

Upplýsingar ætlaðar notendum

1. Framleiðanda er ekki heimilt að veita tæknilegar upplýsingar sem tengjast efnisatriðunum sem kveðið er á um í þessari reglugerð eða í framseldum gerðum eða framkvæmdargerðum sem samþykktar eru samkvæmt þessari reglugerð og víkja frá efnisatriðunum sem viðurkenningaryfirvald hefur samþykkt.

2. Ef kveðið er á um slíkt í framseldri gerð eða framkvæmdargerð sem samþykkt er samkvæmt þessari reglugerð skal framleiðandi gera allar viðkomandi upplýsingar og nauðsynlegar leiðbeiningar aðgengilegar notendum þar sem lýst er sérstökum skilyrðum eða takmörkunum sem tengjast notkun ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar.

3. Upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr. skulu veittar á opinberu tungumáli eða tungumálum aðildarríkisins þar sem ökutækið verður sett á markað, skráð eða tekið í notkun. Þær skulu veittar í notendahandbók, eftir að viðurkenningaryfirvald hefur samþykkt þær.

56. gr.

Upplýsingar ætlaðar framleiðendum íhluta eða aðskilinna tæknieininga

1. Framleiðandi ökutækisins skal veita framleiðanda íhluta og aðskilinna tæknieininga aðgang að öllum upplýsingum, sem nauðsynlegar eru vegna ESB-gerðarviðurkenningar íhluta eða aðskilinna tæknieininga eða til að fá heimild skv. 50. gr., þ.m.t., eftir atvikum, að teikningum sem um getur í framseldum gerðum og framkvæmdargerðum sem samþykktar eru samkvæmt þessari reglugerð.

Framleiðandi ökutækis getur krafist þess að framleiðendur íhluta eða aðskilinna tæknieininga geri bindandi samning um að vernda trúnað upplýsinga sem eru ekki aðgengilegar almenningi, þ.m.t. upplýsinga sem tengjast hugverkaréttindum.

2. Framleiðandi íhluta eða aðskilinna tæknieininga skal, sem handhafi ESB-gerðarviðurkenningarvottorðs sem felur í sér, í samræmi við 4. mgr. 31. gr., takmarkanir á notkun eða sérstök skilyrði fyrir áfestingu þeirra, eða hvort tveggja, veita framleiðanda ökutækisins ítarlegar upplýsingar þar að lútandi.

Ef kveðið er á um slíkt í framseldri gerð sem samþykkt er samkvæmt þessari reglugerð skal framleiðandi íhluta eða aðskilinna tæknieininga láta fylgja leiðbeiningar um takmarkanir á notkun eða sérstök skilyrði fyrir áfestingu, eða hvort tveggja, með framleiddum íhlutum eða aðskildum tæknieiningum.

XV. KAFLI

AÐGANGUR AÐ UPPLÝSINGUM UM VIÐGERÐIR OG VIÐHALD

57. gr.

Skyldur framleiðenda

1. Framleiðendur skulu veita sjálfstæðum rekstraraðilum ótakmarkaðan, greiðan og skjótan aðgang á vefsetrum að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja á stöðluðu formi. Einkum skal þessi aðgangur veittur þannig að þeim sé ekki mismunað hvað varðar þjónustu og aðgang gagnvart viðurkenndum seljendum og viðgerðarverkstæðum. Þessi skylda gildir ekki ef ökutækið hefur verið viðurkennt sem ökutæki framleitt í lítilli framleiðsluröð.

2. Þar til framkvæmdastjórnin hefur samþykkt sameiginlegan staðal, skulu upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. gerðar aðgengilegar með samræmdum hætti þannig að sjálfstæðir rekstraraðilar geti unnið úr þeim án þess að leggja meira á sig en eðlilegt getur talist.

Einnig skulu framleiðendur koma á framfæri efni til þjálfunar við sjálfstæða rekstraraðila og viðurkennda seljendur og viðgerðarverkstæði.

3. Upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. skulu a.m.k. innihalda eftirfarandi:

a) ótvírætt verksmiðjunúmer ökutækis,

b) handbækur, þ.m.t. viðgerðar- og viðhaldsskrár og þjónustuáætlanir,

c) tæknihandbækur og tækniþjónustutilkynningar,

d) upplýsingar um íhluti og úr greiningum (t.d. lágmarks- og hámarksviðmiðunargildi fyrir mælingar),

e) skýringarmyndir af leiðslum,

f) bilanagreiningarkóða, þ.m.t. sérkóða framleiðanda,

g) kenninúmer fyrir auðkenningu og kvörðun hugbúnaðar fyrir gerð ökutækis,

h) upplýsingar um tæki og búnað með einkaleyfi, sem jafnframt er miðlað með slíkum tækjum og búnaði,

i) upplýsingar úr gagnaskráningu og tvíátta eftirlits- og prófunargögn,

j) vinnueiningar.

4. Líta ber á viðurkennda seljendur og viðgerðarverkstæði innan dreifingarkerfis tiltekins ökutækjaframleiðanda sem sjálfstæða rekstraraðila í skilningi þessarar reglugerðar ef seljendurnir og viðgerðarverkstæðin veita viðgerðar- og viðhaldsþjónustu fyrir ökutæki sem tilheyra dreifingarkerfi annars ökutækjaframleiðanda sem þau eru ekki aðilar að.

5. Upplýsingarnar um viðgerðir og viðhald ökutækisins skulu ávallt vera tiltækar, nema þegar upplýsingakerfið þarfnast viðhalds.

6. Að því er varðar framleiðslu og viðhald hluta til endurnýjunar eða viðgerða, sem samrýmast innbyggða greiningarkerfinu, greiningartæki og prófunarbúnað, skulu framleiðendur veita öllum framleiðendum og viðgerðarverkstæðum íhluta, greiningartækja eða prófunarbúnaðar, sem hagsmuna eiga að gæta, viðeigandi upplýsingar um innbyggt greiningarkerfi og um viðgerðir og viðhald ökutækis, án mismununar.

7. Að því er varðar hönnun og framleiðslu búnaðar fyrir ökutæki sem ganga fyrir óhefðbundnu eldsneyti skulu framleiðendur veita öllum framleiðendum og viðgerðarverkstæðum búnaðar fyrir slík ökutæki, ásamt þeim sem sjá um uppsetningu búnaðarins, viðeigandi upplýsingar um innbyggða greiningarkerfið og um viðgerðir og viðhald ökutækja sem ganga fyrir óhefðbundnu eldsneyti, án mismununar.

8. Þegar sótt er um ESB-gerðarviðurkenningu skal framleiðandi sýna viðurkenningaryfirvaldi fram á að ákvæði þessarar reglugerðar séu uppfyllt að því er varðar upplýsingarnar sem farið er fram á í þessari grein.

Ef upplýsingarnar eru ekki tiltækar eða ekki í samræmi við þessa reglugerð og framseldar gerðir eða framkvæmdargerðir sem samþykktar eru samkvæmt þessari reglugerð þegar sótt er um ESB-gerðarviðurkenningu skal framleiðandinn veita þessar upplýsingar innan sex mánaða frá því að gerðarviðurkenningin er veitt.

Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um fyrirmynd að vottorði um aðgang að innbyggðu greiningarkerfi og upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækis sem sýna fram á að farið sé að kröfum viðurkenningaryfirvalds. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 73. gr.

9. Ef ekki er sýnt fram á að ákvæðin séu uppfyllt innan þess tíma sem um getur í annarri undirgrein 8. mgr. skal gerðarviðurkenningaryfirvaldið grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að þau verði uppfyllt.

10. Framleiðandinn skal gera síðari breytingar og viðbætur við upplýsingar um viðgerðir og viðhald ökutækja aðgengilegar á vefsetrum sínum um leið og þær eru gerðar aðgengilegar viðurkenndum viðgerðarverkstæðum.

11. Ef viðgerðar- og viðhaldsskrár ökutækis eru geymdar í miðlægu gagnasafni framleiðanda ökutækisins eða fyrir hans hönd skulu sjálfstæð viðgerðarverkstæði hafa aðgang að slíkum gögnum án endurgjalds og hafa kost á að skrá inn upplýsingar um viðgerðir og viðhald sem þau hafa framkvæmt.

12. Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 75. gr. sem mæla fyrir um upplýsingar um kröfur að því er varðar aðgang að viðgerðar- og viðhaldsupplýsingum, einkum tækniforskriftum varðandi það hvernig upplýsingar um viðgerðir og viðhald skulu veittar.

58. gr.

Skyldur að því er varðar fleiri en einn handhafa gerðarviðurkenningar

1. Ef um er að ræða gerðarviðurkenningu í áföngum eða fjölþrepa gerðarviðurkenningu skal framleiðandinn sem ber ábyrgð á viðkomandi gerðarviðurkenningu einnig bera ábyrgð á því að tilkynna bæði endanlegum framleiðanda og sjálfstæðum rekstraraðilum um viðgerðarupplýsingar varðandi einstök kerfi, íhluti eða aðskilda tæknieiningu eða varðandi tiltekið þrep.

2. Endanlegur framleiðandi skal bera ábyrgð á því að veita sjálfstæðum rekstraraðilum upplýsingar um fullbúið ökutæki.

59. gr.

Gjald fyrir aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja

1. Framleiðendur mega innheimta sanngjarnt og hóflegt gjald fyrir aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja sem falla undir þessa reglugerð. Gjald telst ekki sanngjarnt eða hóflegt ef það er ekki í neinu samræmi við notkun sjálfstæða rekstraraðilans á upplýsingunum og letur hann þannig til að nýta sér þær.

2. Framleiðendur skulu veita upplýsingar um viðgerðir og viðhald ökutækja daglega, mánaðarlega og árlega og skal gjaldið fyrir aðgang að þeim upplýsingum vera breytilegt í samræmi við þann tíma sem aðgangur er veittur.

60. gr.

Samráðsvettvangur um aðgang að upplýsingum um ökutæki

Gildissvið starfsemi samstarfsvettvangsins um aðgang að upplýsingum um ökutæki, sem komið var á fót í samræmi við 9. mgr. 13. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 frá 18. júlí 2008 um framkvæmd og breytingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja([28]), skal rýmkað þannig að það nái yfir ökutækin sem falla undir þessa reglugerð.

Liggi fyrir sönnunargögn um vísvitandi eða óviljandi misnotkun á upplýsingum um innbyggt greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald ökutækis skal samráðsvettvangurinn sem um getur í 1. mgr. ráðleggja framkvæmdastjórninni um ráðstafanir gegn slíkri misnotkun upplýsinga.

XVI. KAFLI

TILNEFNING OG TILKYNNING TÆKNIÞJÓNUSTU

61. gr.

Kröfur varðandi tækniþjónustu

1. Áður en viðurkenningaryfirvöld sem sjá um tilnefningar tilnefna tækniþjónustu skv. 63. gr. skulu þau tryggja að tækniþjónustan uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. til 9. mgr. þessarar greinar.

2. Með fyrirvara um 1. mgr. 64. gr. skal tækniþjónustu komið á samkvæmt landslögum aðildarríkis og skal hún hafa réttarstöðu lögaðila.

3. Tækniþjónusta skal vera þriðji aðili og óháð hönnunar-, framleiðslu-, birgða- eða viðhaldsferli ökutækisins, kerfisins, íhlutarins eða aðskildu tæknieiningarinnar sem hún leggur mat á.

Aðili, sem tilheyrir viðskiptasamtökum eða fagfélagi sem kemur fram fyrir hönd fyrirtækja sem fást við hönnun, framleiðslu, öflun, samsetningu, notkun eða viðhald ökutækja, kerfa, íhluta eða aðskilinna tæknieininga sem honum er falið að meta, prófa eða hafa eftirlit með, getur talist uppfylla kröfur fyrstu undirgreinar, með því skilyrði að sýnt sé fram á að hann sé óháður og laus við hagsmunaárekstra.

4. Tækniþjónusta, æðstu stjórnendur hennar eða starfsfólk sem ber ábyrgð á að framkvæma þá flokka starfsemi sem tækniþjónustan er tilnefnd til að sinna í samræmi við 1. mgr. 63. gr., skulu ekki koma að hönnun, framleiðslu, afhendingu eða viðgerð ökutækjanna, kerfanna, íhlutanna eða aðskildu tæknieininganna sem tækniþjónustan sér um að meta, né vera fulltrúar þeirra aðila sem fást við slíka starfsemi. Þetta skal þó ekki koma í veg fyrir notkun á metnum ökutækjum, kerfum, íhlutum eða aðskildum tæknieiningum sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar og eru nauðsynleg vegna starfrækslu tækniþjónustu eða notkun slíkra ökutækja, kerfa, íhluta eða aðskilinna tæknieininga í persónulegum tilgangi.

Tækniþjónusta skal tryggja að starfsemi dótturfyrirtækja eða undirverktaka hennar hafi ekki áhrif á trúnað, hlutlægni eða óhlutdrægni í þeim flokkum starfsemi sem hún er tilnefnd til að sinna.

5. Tækniþjónusta og starfsfólk hennar skulu annast þá flokka starfsemi, sem hún er tilnefnd til að sinna, af faglegri ráðvendni á hæsta stigi og með nauðsynlegri tæknikunnáttu á viðkomandi sviði og vera laus við allan þrýsting og hvatningu, einkum fjárhagslega, sem kynni að hafa áhrif á mat þeirra eða niðurstöður matsstarfsemi þeirra, einkum þrýsting og hvatningu frá einstaklingum eða hópum einstaklinga sem eiga hagsmuna að gæta varðandi niðurstöður þessarar starfsemi.

6. Tækniþjónusta skal vera fær um að framkvæma alla flokka starfsemi sem hún er tilnefnd til að sinna í samræmi við 1. mgr. 63. gr. með því að sýna viðurkenningaryfirvaldinu sem sér um að tilnefna hana, með fullnægjandi hætti, fram á að hún hafi:

a) starfsfólk með viðeigandi fagkunnáttu, sértæka tækniþekkingu og starfsþjálfun sem og nægilega og viðeigandi reynslu til að framkvæma verkefnin,

b) lýsingu á þeim málsmeðferðarreglum sem eiga við um þá flokka starfsemi, sem hún sækist eftir tilnefningu fyrir, og að gagnsæi og samanburðarnákvæmni málsmeðferðarreglnanna sé tryggð,

c) málsmeðferðarreglur fyrir framkvæmd þeirra flokka starfsemi sem hún sækist eftir tilnefningu fyrir sem taka tilhlýðilegt tillit til þess hversu flókin tækni ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar sem um er að ræða er og hvort um fjölda- eða raðframleiðslu er að ræða og

d) þau úrræði sem nauðsynleg eru til að framkvæma með viðeigandi hætti þau verkefni sem tengjast þeim flokkum starfsemi sem hún sækist eftir tilnefningu fyrir og að hún hafi aðgang að öllum nauðsynlegum búnaði eða aðstöðu.

Til viðbótar skal hún sýna viðurkenningaryfirvaldinu sem sér um að tilnefna að hún fari að stöðlum sem mælt er fyrir um í framseldum gerðum sem samþykktar eru skv. 65. gr. og sem eiga við um þann flokk starfsemi sem hún er tilnefnd til að sinna.

7. Óhlutdrægni tækniþjónustu, æðstu stjórnenda hennar og starfsfólks sem gerir matið skal tryggð. Þau skulu ekki taka þátt í neinni starfsemi sem gæti haft áhrif á sjálfstætt mat þeirra eða heilindi í tengslum við þá flokka starfsemi þar sem þau eru tilnefndur aðili.

([28]) Stjtíð. ESB L 199, 28.7.2008, bls. 1.

8. Tækniþjónustur skulu hafa ábyrgðartryggingu sem er tengd stafsemi þeirra nema aðildarríkið taki á sig ábyrgð samkvæmt landslögum eða aðildarríkið sjálft beri beina ábyrgð á samræmismatinu.

9. Starfsfólk tækniþjónustu skal gæta þagnarskyldu um allar upplýsingar sem það aflar sér í starfi samkvæmt þessari reglugerð eða hverju því ákvæði landslaga sem sett er í tilefni af henni, nema gagnvart tilnefndum viðurkenningaryfirvöldum eða þar sem lög Sambandsins eða landslög kveða á um annað. Einkaleyfisréttur skal varinn.

62. gr.

Dótturfyrirtæki og undirverktakastarfsemi tækniþjónustu

1. Tækniþjónusta getur aðeins með samþykki viðurkenningaryfirvalds falið undirverktaka eða dótturfélagi sínu hluta af þeirri starfsemi sem hún hefur verið tilnefnd til að sinna í samræmi við 1. mgr. 63. gr.

2. Ef tækniþjónusta felur undirverktaka sérstök verkefni í tengslum við þá flokka starfsemi sem tækniþjónustan hefur verið tilnefnd til að sinna, eða nýtir sér dótturfyrirtæki, skal hún tryggja að undirverktakinn eða dótturfyrirtækið uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í 61. gr. og upplýsa tilnefnt viðurkenningaryfirvald þar um.

3. Tækniþjónusta skal bera fulla ábyrgð á þeim verkefnum sem undirverktakar eða dótturfyrirtæki þeirra framkvæma, án tillits til staðsetningar.

4. Tækniþjónusta skal hafa tiltæk fyrir tilnefnt viðurkenningaryfirvald öll skjöl sem skipta máli varðandi mat á réttindum og hæfi undirverktakans eða dótturfyrirtækisins og þau verkefni sem þeir framkvæma.

63. gr.

Tilnefning tækniþjónustu

1. Tækniþjónustan skal tilnefnd fyrir einn eða fleiri af fjórum eftirfarandi flokkum starfsemi háð ábyrgðarsviði hennar:

a) flokkur A, tækniþjónusta sem framkvæmir í eigin starfstöð þær prófanir sem um getur í þessari reglugerð og í þeim gerðum sem taldar eru upp í II. viðauka,

b) flokkur B: tækniþjónusta sem hefur umsjón með þeim prófunum sem um getur í þessari reglugerð eða í gerðum sem taldar eru upp í II. viðauka, ef slíkar prófanir eru framkvæmdar í starfsstöð framleiðanda eða í starfsstöð þriðja aðila,

c) flokkur C: tækniþjónusta sem metur og hefur reglulegt eftirlit með verklagsreglum framleiðanda við eftirlit með samræmi framleiðslu,

d) flokkur D: tækniþjónusta sem hefur umsjón með eða framkvæmir prófanir eða skoðanir á eftirliti með samræmi framleiðslu.

2. Tilnefna má viðurkenningaryfirvald sem tækniþjónustu fyrir einn eða fleiri flokka starfsemi sem um getur í 1. mgr.

3. Að því er varðar 67. gr. má aðeins tilkynna tækniþjónustu þriðja lands, aðra en þá sem tilnefnd er í samræmi við 64. gr., ef samþykki fyrir tækniþjónustunni er veitt með tvíhliða samningi á milli Sambandsins og þess þriðja lands sem um er að ræða. Þetta skal ekki koma í veg fyrir að tækniþjónusta sem komið er á samkvæmt landslögum aðildarríkis í samræmi við 2. mgr. 61. gr. stofni dótturfyrirtæki í þriðju löndum að því tilskildu að tilnefnda tækniþjónustan stjórni dótturfyrirtækinu með beinum hætti.

64. gr.

Faggilt innri tækniþjónusta framleiðanda

1. Faggilt innri tækniþjónusta framleiðanda getur aðeins verið tilnefnd fyrir aðgerðir í flokki A að því er varðar tæknilegar kröfur, sem heimilt er að sjálfsprófa samkvæmt framseldri gerð sem samþykkt er samkvæmt þessari reglugerð. Tækniþjónustan skal vera aðskilinn og sérstakur hluti fyrirtækisins og skal ekki koma að hönnun, framleiðslu, afhendingu eða viðhaldi ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar sem hún metur.

2. Faggilt innri tækniþjónusta skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) til viðbótar við að vera tilnefnd af viðurkenningaryfirvaldi aðildarríkis skal hún hafa faggildingu landsbundinnar faggildingarstofu, eins og hún er skilgreind í 11. lið 2. gr. í reglugerð (EB) nr. 765/2008, og í samræmi við staðla og verklagsreglur sem um getur í 65. gr. þessarar reglugerðar,

b) faggilta innri tækniþjónustan og starfsfólk hennar skulu auðgreinanleg eftir því fyrirtæki eða stofnun sem þau tilheyra og búa yfir aðferðum við skýrslugjöf innan fyrirtækisins sem þau eru hluti af sem tryggja óhlutdrægni þeirra og sýna viðkomandi faggildingarstofu í aðildarríki fram á það,

c) hvorki faggilt innri tækniþjónusta né starfsfólk hennar skulu taka þátt í neinni starfsemi sem gæti haft áhrif á sjálfstætt mat þeirra eða heilindi í tengslum við þá flokka starfsemi þar sem þau eru tilnefndur aðili,

d) faggilt innri tækniþjónusta skal eingöngu veita fyrirtækinu, sem hún er hluti af, þjónustu sína.

3. Faggilt innri tækniþjónusta þarf ekki að vera tilkynnt til framkvæmdastjórnarinnar að því er varðar 67. gr. en fyrirtækið, sem hún er hluti af, eða faggildingarstofa í aðildarríki skal veita landsbundna viðurkenningaryfirvaldinu upplýsingar varðandi faggildingu hennar að beiðni þess yfirvalds.

65. gr.

Málsmeðferðarreglur fyrir staðla um frammistöðu sem og mat á tækniþjónustu

Til að tryggja að tækniþjónustur uppfylli sömu ströngu staðla um frammistöðu í öllum aðildarríkjum skal framkvæmdastjórnin hafa vald til þess að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 75. gr. varðandi þá staðla sem tækniþjónustan þarf að uppfylla, um verklagsreglu fyrir mat á þeim í samræmi við 66. gr. sem og um faggildingu þeirra í samræmi við 64. gr.

66. gr.

Mat á fagkunnáttu tækniþjónustu

1. Viðurkenningaryfirvald sem sér um að tilnefna skal gera drög að matsskýrslu sem sýnir fram á að búið sé að meta það hvort þátttakandi tækniþjónusta uppfylli kröfur þessarar reglugerðar og framseldra gerða sem samþykktar eru samkvæmt þessari reglugerð. Í skýrslunni getur verið faggildingarvottorð frá faggildingarstofu.

2. Matið, sem skýrslan sem um getur í 1. mgr. er byggð á, skal fara fram í samræmi við ákvæði sem mælt er fyrir um í framseldri gerð sem samþykkt er skv. 65. gr. Matsskýrsluna skal endurskoða a.m.k. á þriggja ára fresti.

3. Matsskýrslan skal send framkvæmdastjórninni óski hún eftir því. Í þeim tilfellum, þar sem matið er ekki byggt á faggildingarvottorði útgefnu af landsbundinni faggildingarstofu sem staðfestir að tækniþjónustan uppfylli kröfur þessarar reglugerðar, skal viðurkenningaryfirvaldið, sem sér um að tilnefna, afhenda framkvæmdastjórninni skrifleg sönnunargögn sem staðfesta hæfni tækniþjónustunnar og þær ráðstafanir sem eiga að tryggja reglulegt eftirlit viðurkenningaryfirvaldsins, sem sér um að tilnefna, með tækniþjónustunni sem og að hún uppfylli kröfur þessarar reglugerðar og framseldra gerða sem samþykktar eru samkvæmt þessari reglugerð.

Viðurkenningaryfirvald sem sækist eftir tilnefningu sem tækniþjónusta í samræmi við 2. mgr. 63. gr. skal sýna fram á að það uppfylli kröfur með mati sem framkvæmt er af úttektaraðila, óháð þeirri starfsemi sem verið er að meta. Úttektarmennirnir mega tilheyra sömu stofnun að því tilskildu að þeir lúti stjórn sem er óháð starfsfólki sem annast starfsemina sem metin er.

4. Faggilt innri tækniþjónusta skal uppfylla viðeigandi ákvæði þessarar greinar.

67. gr.

Málsmeðferð við tilkynningu

1. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um nafn, heimilisfang, þ.m.t. tölvupóstfang, ábyrgðaraðila og flokk starfsemi að því er varðar hverja tækniþjónustu sem þau hafa tilnefnt sem og allar síðari breytingar á þeim tilnefningum. Í tilkynningunni skal tilgreina fyrir hvaða viðfangsefni sem talin eru upp í II. viðauka tækniþjónustan hefur verið tilnefnd.

2. Tækniþjónusta má aðeins sinna starfseminni sem um getur í 1. mgr. 63. gr., fyrir hönd viðurkenningaryfirvaldsins sem sér um tilnefninguna og ber ábyrgð á gerðarviðurkenningunni, ef framkvæmdastjórninni hefur verið tilkynnt um það fyrirfram í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar.

3. Sama tækniþjónustan getur verið tilnefnd af fleiri en einu viðurkenningaryfirvaldi og tilkynnt af aðildarríkjum þessara viðurkenningaryfirvalda óháð þeim flokkum starfsemi sem hún sinnir í samræmi við 1. mgr. 63. gr.

4. Tilkynna skal framkvæmdastjórninni um allar síðari breytingar á tilnefningunni sem máli skipta.

5. Ef tilnefna á stofnun eða þar til bæran aðila sem fæst við starfsemi sem ekki er talin upp í 1. mgr. 63. gr. samkvæmt gerð sem skráð er í II. viðauka, skal tilkynningin send í samræmi við þessa grein.

6. Á vefsetri sínu skal framkvæmdastjórnin birta skrá yfir og upplýsingar um tækniþjónustur sem tilkynntar eru í samræmi við þessa grein.

68. gr.

Breytingar á tilnefningum

1. Ef viðurkenningaryfirvald sem tilnefnir, hefur komist að raun um eða hefur verið tilkynnt að tækniþjónusta sem það tilnefndi uppfylli ekki lengur kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, eða ræki ekki skyldur sínar skal það yfirvald takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla tilnefninguna, eins og við á, háð því hversu alvarlegur misbrestur er á því að þessar kröfur eða skyldur séu uppfylltar. Aðildarríki sem tilkynnt hefur þessa tækniþjónustu skal tafarlaust tilkynna framkvæmdastjórninni um hana til samræmis við það. Framkvæmdastjórnin skal breyta birtum upplýsingum sem um getur í 6. mgr. 67. gr., til samræmis við það.

2. Ef tilnefning er takmörkuð, felld tímabundið úr gildi eða afturkölluð, eða ef tækniþjónustan hefur lagt niður starfsemi skal tilnefnt viðurkenningaryfirvald gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að annaðhvort vinni önnur tækniþjónusta úr skjölum hennar eða að skjölin séu höfð tiltæk þar til bærum viðurkenningaryfirvöldum og markaðseftirlitsyfirvöldum, sé þess óskað.

69. gr.

Hæfi tækniþjónustu véfengt

1. Framkvæmdastjórnin skal rannsaka öll tilvik þar sem hún hefur efasemdir um hæfi tækniþjónustu eða um að tækniþjónusta uppfylli áfram þær kröfur og skyldur sem á henni hvíla, og öll tilvik þar sem athygli hennar er vakin á slíkum efasemdum.

2. Sé þess óskað, skal aðildarríki tilnefnds viðurkenningaryfirvalds veita framkvæmdastjórninni allar upplýsingar sem varða ástæður fyrir tilkynningunni eða að tilnefningu viðkomandi tækniþjónustu er viðhaldið.

3. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að farið sé með allar viðkvæmar upplýsingar, sem fást úr rannsóknum hennar, sem trúnaðarmál.

4. Ef framkvæmdastjórnin kemst að raun um það að tækniþjónustan uppfylli ekki eða sé hætt að uppfylla kröfurnar vegna tilnefningarinnar skal hún upplýsa aðildarríki viðurkenningaryfirvaldsins sem veitti tilnefninguna um það, með það í huga að koma á nauðsynlegum ráðstöfunum til úrbóta, í samvinnu við aðildarríkið, og skal hún krefjast þess að aðildarríkið grípi til þeirra aðgerða, þ.m.t. að afturkalla tilnefninguna ef nauðsyn krefur.

70. gr.

Rekstrarlegar skuldbindingar tækniþjónustu

1. Tækniþjónusta skal framkvæma þá flokka aðgerða sem hún hefur verið tilnefnd til fyrir hönd viðurkenningaryfirvaldsins sem tilnefndi hana og í samræmi við mat og prófunaraðferðir sem kveðið er á um í þessari reglugerð sem og í gerðum sem taldar eru upp í I. viðauka.

Tækniþjónusta skal hafa umsjón með eða framkvæma prófanir sem krafist er vegna samþykkis eða skoðanir sem settar eru fram í þessari reglugerð eða í einni þeirra gerða sem taldar eru upp í II. viðauka, nema þar sem annað verklag er heimilað. Tækniþjónustan skal ekki framkvæma prófanir, mat eða skoðanir sem viðurkenningaryfirvald hefur ekki tilnefnt hana til að framkvæma.

2. Tækniþjónustan skal ætíð:

a) heimila viðurkenningaryfirvaldinu sem sér um tilnefningar að vera viðstatt þegar mat er lagt á það hvort tækniþjónustan uppfyllir kröfur, eins og við á og

b) með fyrirvara um 9. mgr. 61. gr. og 71. gr., veita viðurkenningaryfirvaldinu sem sér um tilnefningar slíkar upplýsingar um þá flokka starfsemi sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar, eftir því sem farið er fram á það.

3. Ef tækniþjónusta telur að framleiðandi uppfylli ekki kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð skal hún tilkynna það til viðurkenningaryfirvalds sem sér um að tilnefna, með það í huga að viðurkenningaryfirvaldið krefjist þess að framleiðandi grípi til viðeigandi ráðstafana til úrbóta og gefi í kjölfarið ekki út gerðarviðurkenningarvottorð, nema gripið hafi verið til viðeigandi ráðstafana til úrbóta þannig að viðurkenningaryfirvald telji viðunandi.

4. Ef tækniþjónusta, sem starfar fyrir hönd viðurkenningaryfirvaldsins sem sér um að tilnefna, kemst að þeirri niðurstöðu, við eftirlit með samræmi framleiðslu í kjölfar útgáfu gerðarviðurkenningarvottorðs, að ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining séu ekki lengur í samræmi við þessa reglugerð, skal hún tilkynna það til viðurkenningaryfirvaldsins sem sér um að tilnefna. Viðurkenningaryfirvaldið skal grípa til viðeigandi ráðstafana eins og kveðið er á um í 33. gr.

71. gr.

Upplýsingaskyldur tækniþjónustu

1. Tækniþjónusta skal tilkynna viðurkenningaryfirvaldinu sem tilnefndi hana um eftirfarandi:

a) allt ósamræmi sem finnst og kann að krefjast synjunar, takmörkunar, tímabundinnar sviptingar eða afturköllunar á gerðarviðurkenningarvottorði,

b) aðstæður sem hafa áhrif á gildissvið tilnefningarinnar og skilyrði fyrir tilnefningu hennar,

c) beiðnir sem þeim hafa borist frá markaðseftirlitsyfirvöldum um upplýsingar varðandi starfsemina,

2. Fari viðurkenningaryfirvaldið sem tilnefndi tækniþjónustuna fram á það skal hún veita upplýsingar um starfsemi innan gildissviðs tilnefningar hennar og um aðra starfsemi sem hún sinnir, þ.m.t. starfsemi sem nær yfir landamæri og undirverktakastarfsemi.

XVII. KAFLI

FRAMKVÆMDARGERÐIR OG FRAMSELDAR GERÐIR

72. gr.

Framkvæmdargerðir

Í þeim tilgangi að ná markmiðum þessarar reglugerðar og til að mæla fyrir um samræmd skilyrði vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar skal framkvæmdastjórnin, í samræmi við rannsóknarmálsmeðferð sem um getur í 2. mgr. 73. gr., samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um eftirfarandi framkvæmdarráðstafanir:

a) sniðmát að yfirlýsingu framleiðanda varðandi endingu kerfa, hluta og búnaðar sem er mikilvægur m.t.t. notkunaröryggis, eins og um getur í 7. mgr. 22. gr.,

b) sniðmát að upplýsingaskjali og að upplýsingamöppu sem um getur í 4. mgr. 27. gr.,

c) númerakerfi ESB-gerðarviðurkenningarvottorðs sem um getur í 4. mgr. 29. gr.,

d) sniðmát að ESB-gerðarviðurkenningarvottorði sem um getur í 2. mgr. 30. gr.,

e) sniðmát að blaðinu með niðurstöðum úr prófunum sem fylgir ESB-gerðarviðurkenningarvottorðinu sem um getur í 3. mgr. 30. gr.,

f) sniðmát að skrá yfir viðeigandi kröfur eða gerðir sem um getur í 6. mgr. 30. gr.,

g) almennar kröfur um form prófunarskýrslunnar sem um getur í 1. mgr. 32. gr.,

h) sniðmát að samræmisvottorði sem um getur í 2. mgr. 38. gr.,

i) sniðmát að ESB-gerðarviðurkenningarmerki sem um getur í 3. mgr. 39. gr.,

j) heimildir til að veita ESB-gerðarviðurkenningar sem veita undanþágur fyrir nýja tækni eða nýja hönnun eins og um getur í 3. mgr. 40. gr.,

k) sniðmát að gerðarviðurkenningarvottorði og samræmisvottorði að því er varðar nýja tækni og nýja hönnun sem um getur í 4. mgr. 40. gr.,

l) heimildir til aðildarríkja til rýmkunar á gildissviði gerðarviðurkenningar sem um getur í 2. mgr. 41. gr.,

m) skrá yfir hluti eða búnað eins og um getur í 2. mgr. 50. gr.,

n) sniðmát að og númerakerfi fyrir vottorðið sem um getur í 3. mgr. 51. gr. sem og allra þátta sem varða málsmeðferð heimildarinnar sem um getur í þeirri grein,

o) sniðmát að vottorði sem sýnir fram á að farið sé að kröfum viðurkenningaryfirvalds eins og um getur í 8. mgr. 57. gr.

73. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar tækninefndar um vélknúin ökutæki sem komið var á fót skv. 40. gr. tilskipunar 2007/46/EB. Sú nefnd er nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

Skili nefndin ekki áliti skal framkvæmdastjórnin ekki samþykkja drögin að framkvæmdargerðinni og þriðja undirgrein 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 skal gilda.

74. gr.

Breytingar á viðaukum

Með fyrirvara um önnur ákvæði þessarar reglugerðar að því er varðar breytingar á viðaukum hennar skal framkvæmdastjórnin einnig hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 75. gr., varðandi breytingar á:

i. B- og C-hluta II. viðauka að því er varðar innleiðingu frekari krafna um notkunaröryggi og smíði ökutækja fyrir þung fjórhjól til aksturs á vegum í undirflokki L7e-A,

ii. II. og V. viðauka til að innleiða tilvísanir í stjórnvaldsfyrirmæli og leiðréttingar,

iii. B-hluta V. viðauka til að breyta viðmiðunareldsneyti sem við á,

iv. C- og D-hluta VI. viðauka til að taka tillit til niðurstaða rannsóknarinnar sem um getur í 4. mgr. 23. gr. og samþykkja reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu.

75. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni eru veittar valdheimildir til að samþykkja framseldar gerðir, sbr. þó skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni eru veittar valdheimildir til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 3. mgr. 18. gr., 2. mgr. 20. gr., 5. mgr. 21. gr., 5. og 6. mgr. 22. gr., 6. og 12. mgr. 23. gr., 3. mgr. 24. gr., 8. mgr. 25. gr., 6. mgr. 32. gr., 6. mgr. 33. gr., 4. mgr. 50. gr., 3. mgr. 54. gr., 12. mgr. 57. gr., 65. gr. og 74. gr. í fimm ár frá 22. mars 2013.

3. Evrópuþingið eða ráðið getur hvenær sem er afturkallað framsal valds sem um getur í 3. mgr. 18. gr., 2. mgr. 20. gr., 5. mgr. 21. gr., 5. og 6. mgr. 22. gr., 6. og 12. mgr. 23. gr., 3. mgr. 24. gr., 8. mgr. 25. gr., 6. mgr. 32. gr., 6. mgr. 33. gr., 4. mgr. 50. gr., 3. mgr. 54. gr., 12. mgr. 57. gr., 65. gr. og 74. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endi á framsal valdsins sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 3. mgr. 18. gr., 2. mgr. 20. gr., 5. mgr. 21. gr., 5. og 6. mgr. 22. gr., 6. og 12. mgr. 23. gr., 3. mgr. 24. gr., 8. mgr. 25. gr., 6. mgr. 32. gr., 6. mgr. 33. gr., 4. mgr. 50. gr., 3. mgr. 54. gr., 12. mgr. 57. gr., 65. gr. og 74. gr. skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

XVIII. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

76. gr.

Viðurlög

1. Aðildarríki skulu kveða á um viðurlög við brotum rekstraraðila á þessari reglugerð og framseldum gerðum eða framkvæmdargerðum sem samþykktar eru samkvæmt þessari reglugerð. Þau skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að viðurlögum sé beitt. Viðurlögin, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi ákvæði eigi síðar en 23. mars 2015 og skulu tilkynna henni án tafar um síðari breytingar sem hafa áhrif á þau.

2. Brot þau, sem viðurlög gilda um, felast m.a. í því að:

a) lagðar eru fram rangar upplýsingar meðan á viðurkenningarferlinu stendur eða í ferli sem leiðir til innköllunar,

b) niðurstöður úr prófun vegna gerðarviðurkenningar eru falsaðar,

c) ekki eru látin af hendi gögn eða tækniforskriftir, sem gætu valdið innköllun, synjun eða afturköllun gerðarviðurkenningar,

d) temprunarbúnaður er notaður,

e) synjað er um aðgang að upplýsingum,

f) rekstraraðilar setja á markað ökutæki, kerfi, íhluti eða aðskildar tæknieiningar sem þarf að viðurkenna án þess að slík viðurkenning sé til staðar eða falsa gögn eða merkingar í þessum tilgangi.

77. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Með fyrirvara um ákvæði þessarar reglugerðar skal þessi reglugerð ekki ógilda ESB-gerðarviðurkenningu sem veitt er ökutækjum eða kerfum, íhlutum eða aðskildum tæknieiningum fyrir 1. janúar 2016.

2. Nema kveðið sé á um annað skulu ESB-gerðarviðurkenningar sem veittar eru ökutækjum, kerfum, íhlutum eða aðskildum tæknieiningum samkvæmt gerðunum sem um getur í 1. mgr. 81. gr. vera í gildi fram að dagsetningunum sem tilgreindar eru í IV. viðauka hvað varðar fyrirliggjandi gerðir ökutækja.

3. Þrátt fyrir ákvæði þessarar reglugerðar skulu nýjar gerðir ökutækja í flokkum L1e, L2e og L6e eða ný kerfi, íhlutir eða aðskildar tæknieiningar ætlaðar í slík ökutæki áfram gerðarviðurkenndar samkvæmt tilskipun 2002/24/EB til 31. desember 2016.

4. Viðurkenningaryfirvald skal áfram veita rýmkun heimilda fyrir ökutæki, kerfi, íhluti eða aðskildar tæknieiningar sem um getur í 1. mgr. í samræmi við tilskipun 2002/24/EB og þær tilskipanir sem taldar eru upp í 1. mgr. 81. gr. Slíkar heimildir skulu þó ekki nýttar í þeim tilgangi að fá gerðarviðurkenningu fyrir fullbúið ökutæki samkvæmt þessari reglugerð.

5. Þrátt fyrir ákvæði tilskipunar 2002/24/EB skal ökutækjum einnig veitt gerðarviðurkenning sem eru í samræmi við þessa reglugerð og framseldar gerðir sem samþykktar eru samkvæmt þessari reglugerð um kröfur um vistvænleika og knúningsafl eins og um getur í A-hluta II. viðauka fyrir 31. desember 2015.

Í slíkum tilfellum skulu landsbundin yfirvöld ekki banna, takmarka eða hindra skráningu ökutækja sem eru í samræmi við viðurkennda gerð eða að þau verði sett á markað eða tekin í notkun.

78. gr.

Skýrsla

1. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um beitingu gerðarviðurkenningaraðferða sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð fyrir 31. desember 2020.

2. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem veittar eru skv. 1. mgr. skal framkvæmdastjórnin gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um beitingu þessarar reglugerðar eigi síðar en 31. desember 2021. Skýrslan skal einkum taka til athugunar hvort, á grundvelli þeirrar reynslu sem fæst með beitingu þessarar reglugerðar, viðeigandi væri að kveða á um ESB-gerðarviðurkenningu lítilla framleiðsluraða í X. kafla. Framkvæmdastjórnin skal leggja fram tillögu þess efnis telji hún þörf á því.

79. gr.

Endurmat á þróuðum hemlakerfum

1. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2019, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið.

2. Í þeirri skýrslu skal skoða skyldubundna uppsetningu læsivarins hemlakerfis og sambyggðs hemlakerfis til viðbótar að vali framleiðanda í bifhjól í undirflokki L3e-A1. Hún skal byggð á mati á því hvort slík krafa er framkvæmanleg í tæknilegu tilliti, kostnaðar- og ábatagreiningu, greiningu á umferðarslysum og samráði við viðkomandi hagsmunaaðila. Hún skal ennfremur taka tillit til fyrirliggjandi tengdra Evrópustaðla og alþjóðlegra staðla.

3. Að því er varðar skýrsluna sem kveðið er á um í 2. mgr. skulu aðildarríki eigi síðar en 31. desember 2017 veita framkvæmdastjórninni tölfræðilegar upplýsingar um umferðarslys bifhjólanna sem um er að ræða fyrir næstliðin fjögur ár, byggðar á ökutækjaflokkuninni sem mælt er fyrir um í I. viðauka og þeirri gerð þróaðs hemlakerfis sem uppsett hefur verið.

4. Á grundvelli niðurstaðna skýrslunnar, skal framkvæmdastjórnin taka til athugunar að leggja fram tillögu að nýrri löggjöf um skyldubundna uppsetningu þróaðra hemlakerfa í þeim undirflokkum ökutækja sem um er að ræða.

80. gr.

Endurmat á viðurkenningu einstakra ökutækja

1. Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið varðandi viðfangsefnin sem um getur í 3. mgr. fyrir 31. desember 2022.

2. Skýrsluna skal byggja á samráði við viðkomandi hagsmunaaðila og skal taka tillit til fyrirliggjandi tengdra Evrópustaðla og alþjóðlegra staðla.

3. Aðildarríkin skulu, eigi síðar en 31. desember 2021, tilkynna framkvæmdastjórninni um:

a) fjölda einstakra viðurkenninga sem veittar hafa verið ökutækjum í flokki L, fyrir skráningu þeirra, á hverju ári af landsbundnum yfirvöldum þess aðildarríkis síðan 1. janúar 2016,

b) landbundna viðmiðun sem slíkar viðurkenningar voru byggðar á að svo miklu leyti sem viðmiðanirnar viku frá þeim kröfum sem skyldubundnar eru vegna ESB-gerðarviðurkenninga.

4. Eftir því sem við á skal tillaga að nýrri löggjöf fylgja skýrslunni og í henni skal kanna hvort einstakar viðurkenningar skuli teknar upp í þessa reglugerð á grundvelli samræmdra krafna.

81. gr.

Niðurfelling

1. Með fyrirvara um 77. gr. þessarar reglugerðar skal tilskipun 2002/24/EB sem og tilskipanir 93/14/EBE, 93/30/EBE, 93/33/EBE. 93/93/EBE, 95/1/EB, 97/24/EB, 2000/7/EB, 2002/51/EB, 2009/62/EB, 2009/67/EB, 2009/78/EB. 2009/79/EB, 2009/80/EB og 2009/139/EB falla úr gildi frá og með 1. janúar 2016.

2. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipanirnar sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar, að því er varðar tilskipun 2002/24/EB, með hliðsjón af samsvörunartöflunni í IX. viðauka.

82. gr.

Gildistaka og beiting

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

2. Henni skal beitt frá og með 1. janúar 2016.

Frá 22. mars 2013 skulu landsbundin yfirvöld ekki synja um veitingu ESB-gerðarviðurkenningar eða landsbundinnar gerðarviðurkenningar fyrir nýja gerð ökutækis eða hindra að það sé skráð, sett á markað eða tekið í notkun ef ökutækið sem um er að ræða er í samræmi við þessa reglugerð og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir sem samþykktar eru samkvæmt þessari reglugerð, fari framleiðandi fram á það.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 15. janúar 2013.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

forseti.

M. SCHULZ

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

L. CREIGHTON

SKRÁ YFIR VIÐAUKA

I. VIÐAUKI — Ökutækjaflokkun

II. VIÐAUKI — Tæmandi skrá yfir kröfur vegna ESB-gerðarviðurkenningar ökutækis

III. VIÐAUKI — Takmarkanir fyrir litlar framleiðsluraðir

IV. VIÐAUKI — Tímaáætlun fyrir beitingu þessarar reglugerðar að því er varðar gerðarviðurkenningu

V. VIÐAUKI A-HLUTI — Umhverfisprófanir og -kröfur

V. VIÐAUKI B-HLUTI — Beiting prófunarkrafna varðandi vistvænleika að því varðar viðurkenningu og rýmkun

VI. VIÐAUKI — Viðmiðunarmörk fyrir losun mengandi efna, viðmiðunarmörk innbyggðra greiningarkerfa og viðmiðunarmörk hljóðstigs að því er varðar gerðarviðurkenningu og samræmi framleiðslu

A) Viðmiðunarmörk losunar í gegnum útblástursrör eftir kaldræsingu

B) Viðmiðunarmörk losunar í innbyggðum greiningarkerfum

C) Viðmiðunarmörk losunar við uppgufun

D) Hljóðstigsmörk — Euro 4 og Euro 5

VII. VIÐAUKI — Ending mengunarvarnarbúnaðar

VIII. VIÐAUKI — Auknar kröfur um notkunaröryggi

IX. VIÐAUKI — Samsvörunartafla

I. VIÐAUKI

Ökutækjaflokkun

Flokkur	Heiti flokks	Sameiginlegar flokkunarviðmiðanir
L1e-L7e	Öll ökutæki í flokki L	1) lengd ≤ 4000 mm eða ≤ 3000 mm fyrir ökutæki í flokki L6e-B eða ≤ 3700 mm fyrir ökutæki í flokki L7e-C og 2) breidd ≤ 2000 mm eða ≤ 1000 mm fyrir ökutæki í flokki L1e eða ≤ 1500 mm fyrir ökutæki í flokki L6e-B eða L7e-C og 3) hæð ≤ 2500 mm og

Flokkur	Heiti flokks	Sameiginlegar flokkunarviðmiðanir
L1e	Létt vélknúið ökutæki á tveimur hjólum	4) tvö hjól og knúið á einhvern þann hátt sem talinn er upp í 3. mgr. 4. gr. og 5) slagrými hreyfils ≤ 50 cm^3 ef brunahreyfill með rafkveikju er hluti knúningsfyrirkomulags ökutækisins og 6) hámarkshönnunarhraði ≤ 45 km/klst. og 7) samfellt hámarksnafnafl eða nettóafl ([1]) ≤ 4000 W og 8) hámarksmassi = tæknilega leyfilegur hámarksmassi sem framleiðandi tilgreinir og
Undirflokkar	Heiti undirflokks	Viðbótarviðmiðanir fyrir undirflokkun
L1e-A	Vélknúið hjól	9) hjól hönnuð til að vera fótstigin búin hjálparknúningsbúnaði sem hefur þann megintilgang að aðstoða við fótstigið og 10) slökkt er á frálagi hjálparknúningsaflsins þegar hraði ökutækis er ≤ 25 km/klst. og 11) samfellt hámarksnafnafl eða nettóafl ([1]) ≤ 1000 W og 12) vélknúið hjól á þremur eða fjórum hjólum sem uppfyllir 9. til 11. viðbótarviðmiðun fyrir undirflokkun flokkast sem tæknilega sambærilegt við ökutæki á tveimur hjólum í flokki L1e-A.
L1e-B	Létt bifhjól á tveimur hjólum	9) annað ökutæki í flokki L1e sem ekki er hægt að flokka skv. 9. til 12. viðmiðun ökutækis í flokki L1e-A.

Flokkur	Heiti flokks	Sameiginlegar flokkunarviðmiðanir
L2e	Létt bifhjól á þremur hjólum	4) þrjú hjól og knúið á einhvern þann hátt sem talinn er upp í 3. mgr. 4. gr. og 5) slagrými hreyfils ≤ 50 cm^3 ef brunahreyfill með rafkveikju, eða slagrými hreyfils ≤ 500 cm^3 ef brunahreyfill með þjöppukveikju er hluti af knúningsfyrirkomulagi ökutækisins og 6) hámarkshönnunarhraði ≤ 45 km/klst. og 7) samfellt hámarksnafnafl eða nettóafl ([1]) ≤ 4000 W og 8) massi ökutækis tilbúins til aksturs ≤ 270 kg og 9) að hámarki búið tveimur sætum, þ.m.t. sæti fyrir ökumann og
Undirflokkar	Heiti undirflokks	Viðbótarviðmiðanir fyrir undirflokkun
L2e-P	Létt bifhjól á þremur hjólum til farþegaflutninga	10) ökutæki í flokki L2e önnur en þau sem samræmast sértæku flokkunarviðmiðunum fyrir ökutæki í flokki L2e-U.
L2e-U	Létt bifhjól á þremur hjólum til sérstakra nota	10) sérstaklega hannað til vöruflutninga með opnum eða lokuðum, svo til sléttum og láréttum vörupalli sem uppfyllir eftirfarandi viðmiðanir: a) $lengd_{vörupalls} \times breidd_{vörupalls} \geq 0{,}3 \times lengd_{ökutækis} \times hámarksbreidd_{ökutækis}$ eða b) sambærilegur vörupallur eins og hann er skilgreindur hér að ofan til uppsetningar véla og/eða búnaðar og c) hannað þannig að rými vörupallsins sé skýrt aðgreint með hörðu skilrúmi frá rýminu sem er ætlað farþegum ökutækisins og d) rými vörupallsins geti að rúmmáli a.m.k. borið sem nemur 600 mm teningi.

Flokkur	Heiti flokks	Sameiginlegar flokkunarviðmiðanir
L3e ([2])	Bifhjól á tveimur hjólum	4) tvö hjól og knúið á einhvern þann hátt sem talinn er upp í 3. mgr. 4. gr. og 5) hámarksmassi = tæknilega leyfilegur hámarksmassi sem framleiðandi tilgreinir og 6) ökutæki á tveimur hjólum sem ekki er hægt að flokka sem L1e.
Undirflokkar	Heiti undirflokks	Viðbótarviðmiðanir fyrir undirflokkun
L3e-A1	Bifhjól með lítið afl	7) slagrými hreyfils $\leq 125\ cm^3$ og 8) samfellt hámarksnafnafl eða nettóafl ([1]) ≤ 11 kW og 9) afl([1])/þyngdarhlutfall $\leq 0{,}1$ kW/kg.
L3e-A2	Bifhjól með miðlungsafl	7) samfellt hámarksnafnafl eða nettóafl ([1]) ≤ 35 kW og 8) afl([1])/þyngdarhlutfall $\leq 0{,}2$ kW/kg 9) ekki fengið úr ökutæki sem búið er hreyfli sem hefur meira en tvöfalt afl ([1]) þess og 10) ökutæki í flokki L3e sem ekki er hægt að flokka undir 7., 8. og 9. viðbótarviðmiðun fyrir undirflokkun ökutækis í flokki L3e-A1.
L3e-A3	Bifhjól með mikið afl	7) annað ökutæki í flokki L3e sem ekki er hægt að flokka samkvæmt viðmiðun fyrir flokkun ökutækis í flokki L3e-A1 eða L3e-A2.

Undirflokkar	Heiti undirflokks	Viðmiðanir fyrir undirflokkun til viðbótar viðmiðunum fyrir undirflokkun ökutækis í flokki L3e-A1, L3e-A2 eða L3e-A3
L3e-AxE (x = 1, 2 eða 3)	Torfæruhjól	a) hæð sætis ≤ 900 mm og b) hæð yfir jörð ≥ 310 mm og c) heildargírhlutfall í hæsta gír (fyrsta gírhlutfall × annað gírhlutfall á hæsta hraða × endanlegt drifhlutfall) ≥ 6,0 og d) massi ökutækis sem er tilbúið til aksturs að viðbættum massa knúningsrafgeymis ef um er að ræða rafknúningsafl eða fjölknúið rafknúningsafl ≤ 140 kg og e) ekkert sæti er fyrir farþega.
L3e-AxT (x = 1, 2 eða 3)	klifurhjól	a) hæð sætis ≤ 700 mm og b) hæð yfir jörð ≥ 280 mm og c) rúmtak eldsneytisgeymis ≤ 4 lítrar og d) heildargírhlutfall í hæsta gír (fyrsta gírhlutfall × annað gírhlutfall á hæsta hraða × endanlegt drifhlutfall) ≥ 7,5 og e) massi ökutækis tilbúins til aksturs ≤ 100 kg og f) ekkert sæti er fyrir farþega.

Flokkur	Heiti flokks	Sameiginlegar flokkunarviðmiðanir
L4e	Bifhjól á tveimur hjólum með hliðarvagni	4) vélknúið grunnökutæki sem uppfyllir viðmiðun fyrir flokkun og undirflokkun ökutækis í flokki L3e og 5) vélknúið grunnökutæki með einum hliðarvagni og 6) með að hámarki fjórar sætisstöður, þ.m.t. fyrir ökumann, á bifhjólinu með hliðarvagni og 7) með að hámarki tvö sæti fyrir farþega í hliðarvagninum og 8) hámarksmassi = tæknilega leyfilegur hámarksmassi sem framleiðandi tilgreinir.

Flokkur	Heiti flokks	Sameiginlegar flokkunarviðmiðanir
L5e	Vélknúið bifhjól með þremur hjólum	4) þrjú hjól og knúið á einhvern þann hátt sem talinn er upp í 3. mgr. 4. gr. og 5) massi ökutækis tilbúins til aksturs ≤ 1000 kg og 6) ökutæki með þremur hjólum sem ekki er hægt að flokka sem ökutæki í flokki L2e og
Undirflokkar	Heiti undirflokks	Viðbótarviðmiðanir fyrir undirflokkun
L5e-A	Bifhjól með þremur hjólum	7) ökutæki í flokki L5e önnur en þau sem samræmast sértæku flokkunarviðmiðunum fyrir ökutæki í flokki L5e-B og 8) að hámarki búið fimm sætum, þ.m.t. sæti fyrir ökumann.
L5e-B	Flutningabifhjól með þremur hjólum	7) hannað sem ökutæki til sérstakra nota og einkennist af lokuðu ökumanns- og farþegarými sem er aðgengilegt frá þremur hliðum að hámarki og 8) að hámarki búið tveimur sætum, þ.m.t. sæti fyrir ökumann og 9) sérstaklega hannað til vöruflutninga með opnum eða lokuðum, svo til sléttum og láréttum vörupalli sem uppfyllir eftirfarandi viðmiðanir: a) $\text{lengd}_{\text{vörupalls}} \times \text{breidd}_{\text{vörupalls}} \geq 0{,}3 \times \text{lengd}_{\text{ökutækis}} \times \text{breidd}_{\text{ökutækis}}$ eða b) sambærilegur vörupallur eins og hann er skilgreindur hér að ofan hannaður til uppsetningar véla og/eða búnaðar og c) hannað þannig að rými vörupallsins sé skýrt aðgreint með hörðu skilrúmi frá rýminu sem er ætlað farþegum ökutækisins og d) rými vörupallsins geti að rúmmáli a.m.k. borið sem nemur 600 mm teningi.

Flokkur	Heiti flokks	Sameiginlegar flokkunarviðmiðanir
L6e	Létt fjórhjól	4) fjögur hjól og knúið á einhvern þann hátt sem talinn er upp í 3. mgr. 4. gr. og 5) hámarkshönnunarhraði ≤ 45 km/klst. og 6) massi ökutækis tilbúins til aksturs ≤ 425 kg og 7) slagrými hreyfils ≤ 50 cm^3 ef brunahreyfill með rafkveikju, eða slagrými hreyfils ≤ 500 cm^3 ef brunahreyfill með þjöppukveikju er hluti knúningsfyrirkomulags ökutækisins og 8) að hámarki búið tveimur sætum, þ.m.t. sæti fyrir ökumann og
Undirflokkar	Heiti undirflokks	Viðbótarviðmiðanir fyrir undirflokkun
L6e-A	Létt fjórhjól til aksturs á vegum	9) ökutæki í flokki L6e sem samræmast ekki sértæku flokkunarviðmiðununum fyrir ökutæki í flokki L6e-B og 10) samfellt hámarksnafnafl eða nettóafl ([1]) ≤ 4000 W.
L6e-B	Létt ökutæki með fjórum hjólum	9) lokað ökumanns- og farþegarými sem er aðgengilegt frá þremur hliðum að hámarki og 10) samfellt hámarksnafnafl eða nettóafl ([1]) ≤ 6000 W og
Undirflokkar	Heiti undirflokks	Viðmiðanir fyrir undirflokkun til viðbótar viðmiðunum fyrir undirflokkun ökutækis í flokki L6e-B
L6e-BP	Létt ökutæki á fjórum hjólum fyrir farþegaflutninga	11) ökutæki í flokki L6e-B sem aðallega er hannað til farþegaflutninga og 12) ökutæki í flokki L6e-B önnur en þau sem samræmast sértæku flokkunarviðmiðununum fyrir ökutæki í flokki L6e-BU.
L6e-BU	Létt ökutæki á fjórum hjólum til sérstakra nota	11) sérstaklega hannað til vöruflutninga með opnum eða lokuðum, svo til sléttum og láréttum vörupalli sem uppfyllir eftirfarandi viðmiðanir: a) $lengd_{vörupalls} \times breidd_{vörupalls} \geq 0{,}3 \times lengd_{ökutækis} \times breidd_{ökutækis}$ eða b) sambærilegur vörupallur eins og hann er skilgreindur hér að ofan til uppsetningar véla og/eða búnaðar og c) hannað þannig að rými vörupallsins sé skýrt aðgreint með hörðu skilrúmi frá rýminu sem er ætlað farþegum ökutækisins og d) rými vörupallsins geti að rúmmáli a.m.k. borið sem nemur 600 mm teningi.

Flokkur	Heiti flokks	Sameiginlegar flokkunarviðmiðanir
L7e	Þungt fjórhjól	4) fjögur hjól og knúið á einhvern þann hátt sem talinn er upp í 3. mgr. 4. gr. og 5) massi ökutækis sem er tilbúið til aksturs: a) ≤ 450 kg fyrir farþegaflutninga, b) ≤ 600 kg fyrir vöruflutninga og 6) ökutæki í flokki L7e sem ekki er hægt að flokka sem ökutæki í flokki L6e og
Undirflokkar	Heiti undirflokks	Viðbótarviðmiðanir fyrir undirflokkun
L7e-A	Þungt fjórhjól til aksturs á vegum	7) ökutæki í flokki L7e sem samræmast ekki sértæku flokkunarviðmiðununum fyrir ökutæki í flokki L7e-B eða L7e-C og 8) ökutæki sem er hannað eingöngu til farþegaflutninga og 9) samfellt hámarksnafnafl eða nettóafl ([1]) ≤ 15 kW og
Undirflokkar	Heiti undirflokks	Viðbótarviðmiðanir fyrir undirflokkun
L7e-A1	A1 þung fjórhjól til aksturs á vegum	10) að hámarki búið tveimur sætisstöðum til að sitja klofvega á, þ.m.t. sæti fyrir ökumann og 11) handfangi til að stýra.
L7e-A2	A2 þung fjórhjól til aksturs á vegum	10) ökutæki í flokki L7e-A sem samræmast ekki sértæku flokkunarviðmiðununum fyrir ökutæki í flokki L7e-A1 og 11) að hámarki búið tveimur sætisstöðum sem ekki er setið klofvega á, þ.m.t. sæti fyrir ökumann.
Undirflokkur	Heiti undirflokks	Viðbótarviðmiðanir fyrir undirflokkun
L7e-B	Þungt fjórhjól til torfæruaksturs	7) ökutæki í flokki L7e sem samræmast ekki sértæku flokkunarviðmiðununum fyrir ökutæki í flokki L7e-C og 8) hæð yfir jörð ≥ 180 mm og
Undirflokkar	Heiti undirflokks	Viðbótarviðmiðanir fyrir undirflokkun
L7e-B1	Fjórhjól til torfæruaksturs	9) að hámarki búið tveimur sætisstöðum til að sitja klofvega á, þ.m.t. sæti fyrir ökumann og 10) búið handfangi til að stýra og 11) hámarkshönnunarhraði ≤ 90 km/klst. og 12) hlutfall hjólhafs og hæðar yfir jörð ≤ 6.
L7e-B2	Fjórhjól fyrir tvo samhliða	9) ökutæki í flokki L7e-B annað en ökutæki í flokki L7e-B1 og 10) að hámarki þrjú sæti sem ekki er setið klofvega á, þar af tvö sem eru samhliða, þ.m.t. sætisstaðan fyrir ökumann og 11) samfellt hámarksnafnafl eða nettóafl ([1]) ≤ 15 kW og 12) hlutfall hjólhafs og hæðar yfir jörð ≤ 8.

Undirflokkur	Heiti undirflokks	Viðbótarviðmiðanir fyrir undirflokkun
L7e-C	Þungt ökutæki með fjórum hjólum	7) ökutæki í flokki L7e sem samræmast ekki sértæku flokkunarviðmiðununum fyrir ökutæki í flokki L7e-B og 8) samfellt hámarksnafnafl eða nettóafl ([1]) ≤ 15 kW og 9) hámarkshönnunarhraði ≤ 90 km/klst. og 10) lokað ökumanns- og farþegarými sem er aðgengilegt frá þremur hliðum að hámarki og
Undirflokkar	Heiti undirflokks	Viðmiðanir fyrir undirflokkun til viðbótar viðmiðunum fyrir undirflokkun ökutækis í flokki L7e-C
L7e-CP	Þungt ökutæki á fjórum hjólum fyrir farþegaflutninga	11) ökutæki í flokki L7e-C sem samræmast ekki sértæku flokkunarviðmiðununum fyrir ökutæki í flokki L7e-CU og 12) að hámarki fjögur sæti sem ekki er setið klofvega á, þ.m.t. sæti fyrir ökumann.
L7e-CU	Þungt ökutæki á fjórum hjólum til sérstakra nota	11) sérstaklega hannað til vöruflutninga með opnum eða lokuðum, svo til sléttum og láréttum vörupalli sem uppfyllir eftirfarandi viðmiðanir: a) $lengd_{vörupalls} \times breidd_{vörupalls} \geq 0{,}3 \times lengd_{ökutækis} \times breidd_{ökutækis}$ eða b) sambærilegur vörupallur eins og hann er skilgreindur hér að ofan hannaður til uppsetningar véla og/eða búnaðar og c) hannað þannig að rými vörupallsins sé skýrt aðgreint með hörðu skilrúmi frá rýminu sem er ætlað farþegum ökutækisins og d) rými vörupallsins geti að rúmmáli a.m.k. borið sem nemur 600 mm teningi og 12) að hámarki tvö sæti sem ekki er setið klofvega á, þ.m.t. sæti fyrir ökumann.

Aths.: sjá lok VIII. viðauka fyrir yfirlit yfir athugasemdir við viðaukana.

II. VIÐAUKI

Tæmandi skrá yfir kröfur vegna ESB-gerðarviðurkenningar ökutækis ([3])

Nr.	Grein	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvalds-fyrirmæli	Ökutækjaflokkar											
				L1e-A	L1e-B	L2e	L3e	L4e	L5e-A	L5e-B	L6e-A	L6e-B	L7e-A	L7e-B	L7e-C
A	KRÖFUR UM VISTVÆNLEIKA OG KNÚNINGSAFL														
1	23 & 24	umhverfisprófunaraðferðir sem tengjast losun með útblæstri, losun við uppgufun, losun gróðurhúsalofttegunda, eldsneytisnotkun og viðmiðunareldsneyti		X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
2		hámarkshönnunarhraði ökutækis, hámarkssnúningsvægi, samfellt heildarhámark knúningsafls hreyfils		X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
3		prófunaraðferðir sem tengjast hljóði		X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X

Nr.	Grein	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvalds-fyrirmæli	Ökutækjaflokkar													
				L1e-A	L1e-B	L2e	L3e	L4e	L5e-A	L5e-B	L6e-A	L6e-B	L7e-A1	L7e-A2	L7e-B1	L7e-B2	L7e-C
B	KRÖFUR UM NOTKUNARÖRYGGI FYRIR ÖKUTÆKI																
1	22	Hljóðmerkjabúnaður			X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
2		Hemlun, þ.m.t. læsivarin og sambyggð hemlakerfi		X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
3		Rafmagnsöryggi		X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
4		Tilkynningarskylda framleiðanda að því er varðar endingarprófun kerfa, íhluta og búnaðar sem er mikilvægur m.t.t. notkunaröryggis		X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
5		Hlífðarvirki að framan og aftan				EF			EF	EF	EF	EF	EF	EF	EF	EF	EF
6		Rúður, framrúðuþurrkur og -sprautur, afísingar- og móðuhreinsunarbúnaður			EF	EF	EF	EF	EF	X	EF	X	EF	EF	EF	EF	X
7		Stjórntæki sem ökumaður stjórnar, þ.m.t. auðkenning stjórntækja, gaumbúnaðar og merkjabúnaðar			X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
8		Uppsetning ljósa- og ljósmerkjabúnaðar, þ.m.t. sjálfvirk kviknun ljósa		X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
9		Útsýn aftur fyrir			X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
10		Veltigrind (ROPS)														X	
11		Öryggisbeltafestingar og öryggisbelti				EF				X	EF	EF	EF	X		X	X
12		Sæti (hnakkar og sæti)		X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
13		Stýrieiginleikar, beygjueiginleikar og snúningseiginleikar		X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
14		Áfesting hjólbarða		X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
15		Plata sem sýnir takmörkun hámarkshraða ökutækis og staðsetning hennar á ökutækinu				EF				EF	EF	EF	EF	EF	X	X	EF
16		Vernd ökumanns og farþega, þ.m.t. innréttingar, höfuðpúðar, sætisbelti og dyr á ökutækjum				EF			EF	EF	EF	EF		EF		EF	EF

Nr.	Grein	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvalds-fyrirmæli	Ökutækjaflokkar													
				L1e-A	L1e-B	L2e	L3e	L4e	L5e-A	L5e-B	L6e-A	L6e-B	L7e-A1	L7e-A2	L7e-B1	L7e-B2	L7e-C
17		Samfellt hámarksnafnafl eða nettóafl og/eða takmörkun hönnunarhraða ökutækis		X	X	X	EF	EF			X	X	X	X	X	X	X
18		Heilleiki burðarvirkis ökutækis		X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X

Nr.	Grein	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvalds-fyrirmæli	Ökutækjaflokkar													
				L1e-A	L1e-B	L2e	L3e	L4e	L5e-A	L5e-B	L6e-A	L6e-B	L7e-A1	L7e-A2	L7e-B1	L7e-B2	L7e-C
C	SMÍÐI ÖKUTÆKIS OG ALMENNAR GERÐARVIÐURKENNINGARKRÖFUR																
1	20	Ráðstafanir gegn óheimilum breytingum		X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
2	25	Fyrirkomulag við gerðarviðurkenningaraðferðir		X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
3	33	Kröfur vegna samræmis framleiðslu		X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
4	18	Tengibúnaður og tengingar		EF	EF	EF	EF	EF	EF	EF	EF	EF	EF	EF	EF	EF	EF
5	18	Búnaður til að koma í veg fyrir notkun án leyfis		X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
6	18	Rafsegulsviðssamhæfi (EMC)		X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
7	18	Útstæðir hlutar		X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
8	18	Eldsneytisgeymsla		EF	EF	EF	EF	EF	EF	EF	EF	EF	EF	EF	EF	EF	EF
9	18	Hleðslupallar				EF				X		EF			EF	EF	EF
10	18	Massar og mál		X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
11	21	Innbyggð greiningarkerfi					X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
12	18	Handföng og fóthvílur fyrir farþega			X	EF	EF	EF	EF	EF	X		EF	EF	EF	EF	
13	18	Flötur fyrir skráningarmerki		X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
14	18	Viðgerðar- og viðhaldsupplýsingar		X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
15	18	Standarar		X	X		X										
C2	KRÖFUR VARÐANDI TÆKNIÞJÓNUSTU																
16	65	Staðlar um frammistöðu sem og mat á tækniþjónustu															

Aths.: sjá lok VIII. viðauka fyrir yfirlit yfir athugasemdir við viðaukana.

III. VIÐAUKI

Takmarkanir fyrir litlar framleiðsluraðir

Flokkur eða undirflokkur ökutækis	Heiti ökutækjaflokks eða undirflokks	Lítil framleiðsluröð (einingar af hverri gerð sem boðnar eru fram á markaði, skráðar og teknar í notkun á ári)
L1e-A	Vélknúið hjól	50
L1e-B	Létt bifhjól á tveimur hjólum	
L2e	Létt bifhjól á þremur hjólum	
L3e	Bifhjól á tveimur hjólum	75
L4e	Bifhjól á tveimur hjólum með hliðarvagni	150
L5e-A	Bifhjól með þremur hjólum	75
L5e-B	Flutningabifhjól með þremur hjólum	150
L6e-A	Létt fjórhjól til aksturs á vegum	30
L6e-B	Létt ökutæki með fjórum hjólum	150
L7e-A	Þungt fjórhjól til aksturs á vegum	30
L7e-B	Þungt fjórhjól til torfæruaksturs	50
L7e-C	Þungt ökutæki með fjórum hjólum	150

IV. VIÐAUKI

Tímaáætlun fyrir beitingu þessarar reglugerðar að því er varðar gerðarviðurkenningu

Liður	Lýsing	Flokkur eða undirflokkur	Nýjar gerðir ökutækja Skyldubundin	Fyrirliggjandi gerðir ökutækja Skyldubundin	Síðasti skráningar-dagur ökutækja sem uppfylla kröfurnar
1.	Beiting framseldrar gerðar um kröfur varðandi vistvænleika og knúningsafl, liðir eins og tilgreint er í A-hluta II. viðauka				
1.1.	Prófun I, prófun á losun gegnum útblástursrör eftir kaldræsingu	—	—	—	—
1.1.1.	Prófunarlota	—	—	—	—
1.1.1.1.	Prófun I, prófunarlota samkvæmt reglugerð efnahagsnefndar fyrir Evrópu 47	L1e, L2e, L6e	1.1.2017	1.1.2018	31.12.2020
1.1.1.2.	Prófun I, reglugerð efnahagsnefndar fyrir Evrópu 40 (með lotu fyrir utanbæjarakstur ef við á)	L5e-B, L7e-B, L7e-C	1.1.2016	1.1.2017	31.12.2020
1.1.1.3.	Prófun I, prófunarlota fyrir bifhjól sem er samræmd á heimsvísu, 2. áfangi	L3e, L4e, L5e-A, L7e-A	1.1.2016	1.1.2017	31.12.2020
1.1.1.4.	Prófun I, prófunarlota samkvæmt endurskoðaðri prófunarlotu fyrir bifhjól sem er samræmd á heimsvísu	L1e-L7e	1.1.2020	1.1.2021	
1.1.2.	Prófun I, viðmiðunarmörk losunar í gegnum útblástursrör		—	—	—
1.1.2.1.	Euro 4: VI. viðauki, hluti A1	L1e, L2e, L6e	1.1.2017	1.1.2018	31.12.2020
1.1.2.2.	Euro 4: VI. viðauki, hluti A1	L3e, L4e, L5e, L7e	1.1.2016	1.1.2017	31.12.2020
1.1.2.3.	Euro 5: VI. viðauki, hluti A2	L1e-L7e	1.1.2020	1.1.2021	
1.2.	Prófun II, prófun á losun í (hraðari) lausagangi/við hröðun				
1.2.1.	Prófun II, prófun á losun í (hraðari) lausagangi/við hröðun	L1e, L2e, L6e	1.1.2017	1.1.2018	
1.2.2.	Prófun II, prófun á losun í (hraðari) lausagangi/við hröðun	L3e, L4e, L5e, L7e	1.1.2016	1.1.2017	
1.3.	Prófun III, núlllosun lofttegunda frá sveifarhúsi				
1.3.1.	Prófun III, núlllosun lofttegunda frá sveifarhúsi	L1e, L2e, L6e	1.1.2017	1.1.2018	
1.3.2.	Prófun III, núlllosun lofttegunda frá sveifarhúsi	L3e, L4e, L5e, L7e	1.1.2016	1.1.2017	
1.4.	Prófun IV, losun við uppgufun		—	—	—
1.4.1.	Groppuprófun á eldsneytisgeymi	L1e, L2e, L6e	1.1.2017	1.1.2017	

Liður	Lýsing	Flokkur eða undirflokkur	Nýjar gerðir ökutækja Skyldubundin	Fyrirliggjandi gerðir ökutækja Skyldubundin	Síðasti skráningar-dagur ökutækja sem uppfylla kröfurnar
1.4.2.	Groppuprófun á eldsneytisgeymi	L3e, L4e, L5e, L7e	1.1.2016	1.1.2016	
1.4.3.	Aðferð við prófun í lokuðu rými til að ákvarða uppgufun	L3e, L4e, L5e-A, L7e-A	1.1.2016	1.1.2017	
1.4.4.	Aðferð við prófun í lokuðu rými til að ákvarða uppgufun	L6e-A	1.1.2017	1.1.2018	
1.4.5.	Prófunarmörk fyrir prófun í lokuðu rými til að ákvarða uppgufun, VI. viðauki (C1)	L3e, L4e, L5e-A, L7e-A	1.1.2016	1.1.2017	31.12.2020
1.4.6.	Prófunarmörk fyrir prófun í lokuðu rými til að ákvarða uppgufun, VI. viðauki (C1)	L6e-A	1.1.2017	1.1.2018	31.12.2020
1.4.7.	Prófun í lokuðu rými til að ákvarða uppgufun eða gegndræpisprófun fyrir eldsneyti, meðan beðið er niðurstaðna úr rannsókninni sem um getur í 4. og 5. mgr. 23. gr.	L1e-A, L1e-B, L2e, L5e-B, L6e-B, L7e-B, L7e-C	1.1.2020	1.1.2021	
1.4.8.	Prófunarmörk fyrir prófun í lokuðu rými til að ákvarða uppgufun, VI. viðauki (C2) meðan beðið er niðurstaðna úr rannsókninni sem um getur í 4. og 5. mgr. 23. gr.	L1e-L7e	1.1.2020	1.1.2021	
1.5.	Prófun V, endingarprófun ([3])				
1.5.1.	Euro 4 kílómetraending, A- og B-hluti VII. viðauka	L1e, L2e, L6e	1.1.2017	1.1.2018	31.12.2020
1.5.2.	Euro 4 kílómetraending, A- og B-hluti VII. viðauka	L3e, L4e, L5e, L7e	1.1.2016	1.1.2017	31.12.2020
1.5.3.	Euro 5 kílómetraending, A- og B-hluti VII. viðauka	L1e-L7e	1.1.2020	1.1.2021	
1.6.	Prófun VI hefur ekki verið ákveðin	—	—	—	—
1.7.	Prófun VII, losun gróðurhúsalofttegunda/ákvörðun eldsneytis- eða orkunotkunar og skýrslugjöf			—	
1.7.1.	Prófun VII, losun gróðurhúsalofttegunda/ákvörðun eldsneytis- eða orkunotkunar og skýrslugjöf	L1e, L2e, L6e	1.1.2017	1.1.2018	
1.7.2.	Prófun VII, losun gróðurhúsalofttegunda/ákvörðun eldsneytis- eða orkunotkunar og skýrslugjöf	L3e, L4e, L5e, L7e	1.1.2016	1.1.2017	
1.8.	Prófun VIII, umhverfisprófun á innbyggðu greiningarkerfi		—	—	
1.8.1.	Virknikröfur innbyggðs greiningarkerfis í I. áfanga	L3e, L4e, L5e-A, L6e-A, L7e-A	1.1.2016, fyrir L6e-A: 1.1.2017	1.1.2017, fyrir L6e-A: 1.1.2018	31.12.2020
	Umhverfisprófunaraðferð fyrir innbyggð greiningarkerfi í I. áfanga (prófun VIII)				
	Viðmiðunarmörk umhverfisprófunar fyrir innbyggð greiningarkerfi, VI. viðauki (B1)				

Liður	Lýsing	Flokkur eða undirflokkur	Nýjar gerðir ökutækja Skyldubundin	Fyrirliggjandi gerðir ökutækja Skyldubundin	Síðasti skráningar-dagur ökutækja sem uppfylla kröfurnar
1.8.2.	Virknikröfur innbyggðs greiningarkerfis í I. áfanga	L3e-L7e	1.1.2020	1.1.2021	
	Umhverfisprófunaraðferð fyrir innbyggð greiningarkerfi í I. áfanga (prófun VIII)				
	Viðmiðunarmörk umhverfisprófunar fyrir innbyggð greiningarkerfi í I. áfanga, VI. viðauki (B2)				
1.8.3.	Virknikröfur innbyggðs greiningarkerfis í II. áfanga, meðan beðið er eftir niðurstöðum skv. 4. og 5. mgr. 23. gr.	L3e, L5e-A, L6e-A, L7e-A	1.1.2020	1.1.2021	
	Umhverfisprófunaraðferðir fyrir innbyggð greiningarkerfi í II. áfanga (prófun VIII), meðan beðið er eftir niðurstöðum skv. 4. og 5. mgr. 23. gr.				
	Viðmiðunarmörk umhverfisprófunar fyrir innbyggð greiningarkerfi í II. áfanga, VI. viðauki (B2), meðan beðið er eftir niðurstöðum skv. 4. og 5. mgr. 23. gr.				
1.9.	Prófun IX, hljóðstig ([3])				
1.9.1.	Prófunaraðferð fyrir hljóðstig og viðmiðunarmörk D-hluti VI. viðauka	L1e, L2e, L6e	1.1.2017	1.1.2018	31.12.2020
1.9.2.	Prófunaraðferð fyrir hljóðstig og viðmiðunarmörk ([3]), D-hluti VI. viðauka	L3e, L4e, L5e, L7e	1.1.2016	1.1.2017	31.12.2020
1.9.3.	Reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 9, 41, 63, 92 og mörk VI. viðauka (D-hluti)	L1e-L7e			
1.9.4.	Reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 9, 41, 63, 92 og tengd ný viðmiðunarmörk sem framkvæmdastjórnin leggur til	L1e-L7e	1.1.2020	1.1.2021	
1.10.	Prófanir á knúningsafli og kröfur varðandi hámarkshönnunarhraða ökutækis, hámarkssnúningsvægi, samfellt hámarksnafnafl eða nettóafl og hámarksafl				
1.10.1.	Knúningsaflprófanir og kröfur	L1e, L2e, L6e	1.1.2017	1.1.2018	
1.10.2.	Knúningsaflprófanir og kröfur	L3e, L4e, L5e, L7e	1.1.2016	1.1.2017	

Liður	Lýsing	Flokkur eða undirflokkur	Nýjar gerðir ökutækja Skyldubundin	Fyrirliggjandi gerðir ökutækja Skyldubundin	Síðasti skráningar-dagur ökutækja sem uppfylla kröfurnar
2.	Beiting framseldrar gerðar um notkunaröryggiskröfur fyrir ökutæki, liðir eins og tilgreint er í B-hluta II. viðauka ([3])				
2.1.	Beiting framseldrar gerðar um notkunaröryggiskröfur fyrir ökutæki, liðir eins og tilgreint er í B-hluta II. viðauka ([3])	L1e, L2e, L6e	1.1.2017	1.1.2018	
2.2.	Beiting framseldrar gerðar um notkunaröryggiskröfur fyrir ökutæki, liðir eins og tilgreint er í B-hluta II. viðauka ([3])	L3e, L4e, L5e, L7e	1.1.2016	1.1.2017	
2.3.	VIII. viðauki, auknir öryggisþættir ([3])		—	—	
2.3.1.	Sjálfvirk kviknun ljósa	L1e-L7e	1.1.2016	1.1.2016	
2.3.2.	Búnaður til að tryggja öryggi í beygjum (mismunadrif eða sambærilegt)	L1e-L7e	1.1.2016	1.1.2017	
2.3.3.	Þróað hemlakerfi, skyldubundin uppsetning	L3e	1.1.2016	1.1.2017	—

Liður	Lýsing	Flokkur eða undirflokkur	Nýjar gerðir ökutækja Skyldubundin	Fyrirliggjandi gerðir ökutækja Skyldubundin	Síðasti skráningar-dagur ökutækja sem uppfylla kröfurnar
3.	Beiting framseldrar gerðar um kröfur varðandi smíði ökutækis, liðir eins og tilgreint er í C-hluta II. viðauka ([3])				
3.1.	Beiting framseldrar gerðar um kröfur varðandi smíði ökutækis, liðir eins og tilgreint er í C-hluta II. viðauka ([3])	L1e, L2e, L6e	1.1.2017	1.1.2018	
3.2.	Beiting framseldrar gerðar um kröfur varðandi smíði ökutækis, liðir eins og tilgreint er í C-hluta II. viðauka ([3])	L3e, L4e, L5e, L7e	1.1.2016	1.1.2017	

Liður	Lýsing	Flokkur eða undirflokkur	Nýjar gerðir ökutækja Skyldubundin	Fyrirliggjandi gerðir ökutækja Skyldubundin	Síðasti skráningar-dagur ökutækja sem uppfylla kröfurnar
4.	Beiting framkvæmdargerðar um stjórnsýslukröfur				
4.1.	Beiting framkvæmdargerðar um stjórnsýslukröfur	L1e, L2e, L6e	1.1.2017	1.1.2018	
4.2.	Beiting framkvæmdargerðar um stjórnsýslukröfur	L3e, L4e, L5e, L7e	1.1.2016	1.1.2017	

Aths.: sjá lok VIII. viðauka fyrir yfirlit yfir athugasemdir við viðaukana.

V. VIÐAUKI

A) Umhverfisprófanir og -kröfur

Ökutæki í flokki L má aðeins gerðarviðurkenna ef þau uppfylla eftirfarandi umhverfiskröfur:

Prófun	Lýsing	Kröfur: viðmiðunarmörk	Undirflokkunarviðmiðun til viðbótar við 2. gr. og I. viðauka	Kröfur: prófunaraðferðir
I	Losun í gegnum útblástursrör eftir kaldræsingu	A-hluti VI. viðauka	Heildartæknireglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 2, kafli 6.3. Ökutæki í flokki L sem eru búin brunahreyfli með slagrými sem er < 50 cm^3 og ferðast með hámarkshraða sem er lægri en < 50 km/klst. skulu teljast vera ökutæki í undirflokki I.	
II	— Brunahreyfill með rafkveikju eða fjölknúið ökutæki ([5]) með rafkveikju: losun í lausagangi og hraðari lausagangi — Þjöppukveikjuhreyfill eða fjölknúið ökutæki með þjöppukveikjuhreyfli: prófun við hröðun	Tilskipun 2009/40/EB ([6])		
III	Losun lofttegunda frá sveifarhúsi	Núlllosun, lokað sveifarhús. Losun frá sveifarhúsi skal ekki fara beint út í andrúmsloftið frá ökutæki á nýtingartíma þess.		
IV	Losun við uppgufun	C-hluti VI. viðauka		
V	Ending mengunarvarnarbúnaðar	VI og VII viðauki		
VI	Prófunaraðferð VI hefur ekki verið ákveðin	Á ekki við		Á ekki við
VII	Losun koltvísýrings, eldsneytisnotkun, raforkunotkun og drægi á rafmagni	Mæling og skýrslugjöf, engin viðmiðunarmörk fyrir gerðarviðurkenningu	Heildartæknireglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 2, kafli 6.3. Ökutæki í flokki L sem eru búin brunahreyfli með slagrými sem er < 50 cm^3 og ferðast með hámarkshraða sem er lægri en < 50 km/klst. skulu teljast vera ökutæki í undirflokki I.	
VIII	Umhverfisprófun fyrir innbyggð greiningarkerfi	B-hluti VI. viðauka	Heildartæknireglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 2, kafli 6.3. Ökutæki í flokki L sem eru búin brunahreyfli með slagrými sem er < 50 cm^3 og ferðast með hámarkshraða sem er lægri en < 50 km/klst. skulu teljast vera ökutæki í undirflokki I.	
IX	Hljóðstig	D-hluti VII. viðauka	Þegar reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 9, 41, 63 eða 92 koma í stað sérkrafna ESB sem settar eru fram í framseldu gerðinni um kröfur um vistvænleika og knúningsafl, skulu flokkunar- og undirflokkunarviðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í þessum reglugerðum efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu (viðauki 6) valdar með vísun til hljóðstigsprófana í prófun IX.	

B) Beiting prófunarkrafna varðandi vistvænleika að því varðar viðurkenningu og rýmkun

	Ökutæki með hreyfil með rafkveikju, þ.m.t. fjölknúin ökutæki									Ökutæki með hreyfil með þjöppukveikju, þ.m.t. fjölknúin ökutæki		Eingöngu rafknúið ökutæki eða ökutæki knúið með þrýstilofti	Vetnisknúið ökutæki með efnarafal
	Ein eldsneytistegund ([20])				Tvær eldsneytistegundir			Fjölblöndueldsneyti		Fjölblöndu-eldsneyti	Ein eldsneytis-tegund		
	Bensín (E5) ([21])	Fljótandi jarðolíugas (LPG)	Jarðgas/ lífmetan	H_2	Bensín (E5)	Bensín (E5)	Bensín (E5)	Bensín (E5)	Jarðgas/ lífmetan	Dísilolía (B5)	Dísilolía (B5)		
					Fljótandi jarðolíugas (LPG)	Jarðgas/ lífmetan	H_2	Etanól (E85)	Vetnis- og jarðgas	Lífdísilolía			
Prófun I ([19])	Já	Já	Já	Já	Já (báðar eldsneytis-tegundir)	Já (báðar eldsneytis-tegundir)	Já (báðar eldsneytis-tegundir)	Já (báðar eldsneytis-tegundir)	Já (báðar eldsneytis-tegundir)	Já (eingöngu B5)	Já	Nei	Nei
Prófun I ([19]) Massi agna (aðeins Euro 5) ([6])	Já	Nei	Nei	Nei	Já (eingöngu bensín)	Já (eingöngu bensín)	Já (eingöngu bensín)	Já (eingöngu bensín)	Nei	Já (eingöngu B5)	Já	Nei/já fyrir þrýstiloft	Nei
Prófun II ([19]) þ.m.t. reykþéttni aðeins fyrir þjöppukveikju	Já	Já	Já	Já	Já (báðar eldsneytis-tegundir)	Já (báðar eldsneytis-tegundir)	Já (eingöngu bensín)	Já (báðar eldsneytis-tegundir)	Já (eingöngu jarðgas/ lífmetan)	Já (eingöngu B5)	Já	Nei	Nei
Prófun III ([19])	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Nei	Nei
Prófun IV ([19])	Já	Nei	Nei	Nei	Já (eingöngu bensín)	Já (eingöngu bensín)	Já (eingöngu bensín)	Já (eingöngu bensín)	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei
Prófun V ([19])	Já	Já	Já	Já	Já (eingöngu bensín)	Já (eingöngu bensín)	Já (eingöngu bensín)	Já (eingöngu bensín)	Já (eingöngu jarðgas/ lífmetan)	Já (eingöngu B5)	Já	Nei	Nei
Prófun VII ([19])	Já	Já	Já	Já	Já (báðar eldsneytis-tegundir)	Já (báðar eldsneytis-tegundir)	Já (báðar eldsneytis-tegundir)	Já (báðar eldsneytis-tegundir)	Já (báðar eldsneytis-tegundir)	Já (báðar eldsneytis-tegundir)	Já	Já (eingöngu orkunotkun)	Já (eingöngu eldsneytis-notkun)

	Ökutæki með hreyfil með rafkveikju, þ.m.t. fjölknúin ökutæki									Ökutæki með hreyfil með þjöppukveikju, þ.m.t. fjölknúin ökutæki		Eingöngu rafknúið ökutæki eða ökutæki knúið með þrýstilofti	Vetnisknúið ökutæki með efnarafal
	Ein eldsneytistegund ([20])				Tvær eldsneytistegundir			Fjölblöndueldsneyti		Fjölblöndu-eldsneyti	Ein eldsneytis-tegund		
	Bensín (E5) ([21])	Fljótandi jarðolíugas (LPG)	Jarðgas/ lífmetan	H_2	Bensín (E5)	Bensín (E5)	Bensín (E5)	Bensín (E5)	Jarðgas/ lífmetan	Dísilolía (B5)	Dísilolía (B5)		
					Fljótandi jarðolíugas (LPG)	Jarðgas/ lífmetan	H_2	Etanól (E85)	Vetnis- og jarðgas	Lífdísilolía			
Prófun VIII ([19])	Já	Já	Já	Já	Já (eingöngu bensín)	Já (eingöngu bensín)	Já (eingöngu bensín)	Já (eingöngu bensín)	Já (eingöngu jarðgas/ lífmetan)	Já (eingöngu B5)	Já	Nei	Nei
Prófun IX ([19])	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Já	Nei Já fyrir þrýstiloft	Nei

Aths.: sjá lok VIII. viðauka fyrir yfirlit yfir athugasemdir við viðaukana.

VI. VIÐAUKI

Viðmiðunarmörk fyrir losun mengandi efna, viðmiðunarmörk innbyggðra greiningarkerfa og viðmiðunarmörk hljóðstigs að því er varðar gerðarviðurkenningu og samræmi framleiðslu

A) Viðmiðunarmörk losunar í gegnum útblástursrör eftir kaldræsingu

A1) Euro 4

Ökutækjaflokkur	Heiti ökutækjaflokks	Knúningsaflsflokkur	Euro-þrep	Massi kolsýrings (CO)	Massi heildarmagns vetniskolefna (THC)	Massi köfnunarefnisoxíða (NO_x)	Massi efnisagna (Massi agna)	Prófunarlota
				L_1 (mg/km)	L_2 (mg/km)	L_3 (mg/km)	L_4 (mg/km)	
L1e-A	Vélknúið hjól	Rafkveikja/þjöppukveikja/ fjölknúið	Euro 4	560	100	70		Reglugerð efnahagsnefndar fyrir Evrópu 47
L1e-B	Létt bifhjól á tveimur hjólum	Rafkveikja/þjöppukveikja/ fjölknúið	Euro 4	1000	630	170	—	Reglugerð efnahagsnefndar fyrir Evrópu 47
L2e	Létt bifhjól á þremur hjólum	Rafkveikja/þjöppukveikja/ fjölknúið	Euro 4	1900	730	170	—	Reglugerð efnahagsnefndar fyrir Evrópu 47
L3e L4e ([7]) L5e-A L7e-A	— Bifhjól á tveimur hjólum með og án hliðarvagns — Bifhjól með þremur hjólum — Þungt fjórhjól til aksturs á vegum	Rafkveikja/fjölknúið með rafkveikju hámarkshraði < 130 km/klst.	Euro 4	1140	380	70	—	Prófunarlota fyrir bifhjól sem er samræmd á heimsvísu, 2. áfangi
		Rafkveikja/fjölknúið með rafkveikju hámarkshraði ≥ 130 km/klst.	Euro 4	1140	170	90	—	Prófunarlota fyrir bifhjól sem er samræmd á heimsvísu, 2. áfangi
		Þjöppukveikja/fjölknúið með þjöppukveikju	Euro 4	1000	100	300	80 ([8])	Prófunarlota fyrir bifhjól sem er samræmd á heimsvísu, 2. áfangi
L5e-B	Flutningabifhjól með þremur hjólum	Rafkveikja/fjölknúið með rafkveikju	Euro 4	2000	550	250	—	Reglugerð efnahagsnefndar fyrir Evrópu 40
		Þjöppukveikja/fjölknúið með þjöppukveikju	Euro 4	1000	100	550	80 ([8])	Reglugerð efnahagsnefndar fyrir Evrópu 40
L6e-A L6e-B	Létt fjórhjól til aksturs á vegum Létt ökutæki með fjórum hjólum	Rafkveikja/fjölknúið með rafkveikju	Euro 4	1900	730	170		Reglugerð efnahagsnefndar fyrir Evrópu 47
		Þjöppukveikja/fjölknúið með þjöppukveikju	Euro 4	1000	100	550	80 ([8])	Reglugerð efnahagsnefndar fyrir Evrópu 47
L7e-B L7e-C	Þungt fjórhjól til torfæruaksturs Þungt ökutæki með fjórum hjólum	Rafkveikja/fjölknúið með rafkveikju	Euro 4	2000	550	250	—	Reglugerð efnahagsnefndar fyrir Evrópu 40
		Þjöppukveikja/fjölknúið með þjöppukveikju	Euro 4	1000	100	550	80 ([8])	Reglugerð efnahagsnefndar fyrir Evrópu 40

A2) Euro 5

Ökutækjaflokkur	Heiti ökutækjaflokks	Knúningsaflsflokkur	Euro-þrep ([4])	Massi kolsýrings (CO)	Massi heildarmagns vetniskolefna (THC)	Massi vetniskolefna, annarra en metans (NMHC)	Massi köfnunarefnisoxíða (NO_x)	Massi efnisagna (Massi agna)	Prófunarlota
				L_1 (mg/km)	L_{2A} (mg/km)	L_{2B} (mg/km)	L_3 (mg/km)	L_4 (mg/km)	
L1e-A	Vélknúið hjól	Rafkveikja/ þjöppukveikja/ fjölknúið	Euro 5	500	100	68	60	4,5 ([9])	Endurskoðuð prófunarlota fyrir bifhjól sem er samræmd á heimsvísu ([10])
L1e-B-L7e	Öll önnur ökutæki í flokki L	Rafkveikja/fjölknúið með rafkveikju	Euro 5	1000	100	68	60	4,5 ([9])	Endurskoðuð prófunarlota fyrir bifhjól sem er samræmd á heimsvísu
		Þjöppukveikja/ fjölknúið með þjöppukveikju		500	100	68	90	4,5	Endurskoðuð prófunarlota fyrir bifhjól sem er samræmd á heimsvísu

B) Viðmiðunarmörk losunar í innbyggðum greiningarkerfum

B1) Innbyggt greiningarkerfi í I. áfanga samkvæmt Euro 4

Ökutækjaflokkur	Heiti ökutækjaflokks	Knúningsaflsflokkur	Euro-þrep	Massi kolsýrings (CO)	Massi heildarmagns vetniskolefna (THC)	Massi köfnunar-efnisoxíða (NO_x)	Prófunarlota
				OT_1 (mg/km)	OT_2 (mg/km)	OT_3 (mg/km)	
L6e-A	— létt fjórhjól til aksturs á vegum	Rafkveikja, þjöppukveikja eða fjölknúið	Euro 4	3610	2690	850	Reglugerð efnahagsnefndar fyrir Evrópu 47
L3e ([5]) L4e ([7]) L5e-A L7e-A	— Bifhjól á tveimur hjólum með og án hliðarvagns — Bifhjól með þremur hjólum — Þungt fjórhjól til aksturs á vegum	Rafkveikja/fjölknúið með rafkveikju hámarkshraði < 130 km/klst.	Euro 4	2170	1400	350	Prófunarlota fyrir bifhjól sem er samræmd á heimsvísu, 2. áfangi
		Rafkveikja/fjölknúið með rafkveikju hámarkshraði ≥ 130 km/klst.		2170	630	450	Prófunarlota fyrir bifhjól sem er samræmd á heimsvísu, 2. áfangi
		Þjöppukveikja/fjölknúið með þjöppukveikju		2170	630	900	Prófunarlota fyrir bifhjól sem er samræmd á heimsvísu, 2. áfangi

B2) Innbyggt greiningarkerfi í I. áfanga og innbyggt greiningarkerfi í II. áfanga samkvæmt Euro 5 ([4])

Ökutækjaflokkur	Heiti ökutækjaflokks	Knúningsaflsflokkur	Euro-þrep	Massi kolsýrings (CO)	Massi vetniskolefna, annarra en metans (NMHC)	Massi köfnunar-efnisoxíða (NO_x)	Massi efnisagna (PM)	Prófunarlota
				OT_1 (mg/km)	OT_2 (mg/km)	OT_3 (mg/km)	OT_4 (mg/km)	
L3e-L7e ([6])	Öll ökutæki í flokki L að undanskildum flokki L1e og L2e	Rafkveikja/fjölknúið með rafkveikju	Euro 5	1900	250	300	50	Endurskoðuð prófunarlota fyrir bifhjól sem er samræmd á heimsvísu
		Þjöppukveikja/fjölknúið með þjöppukveikju	Euro 5	1900	320	540	50	Endurskoðuð prófunarlota fyrir bifhjól sem er samræmd á heimsvísu

C) Viðmiðunarmörk losunar við uppgufun

C1) Euro 4

Ökutækjaflokkur	Heiti ökutækjaflokks	Knúningsaflsflokkur	Euro-þrep	Massi heildarmagns vetniskolefna (mg/prófun)	Prófunarlota
L3e L4e ([7])	Bifhjól á tveimur hjólum ([13]) með og án hliðarvagns	PI ([11])	Euro 4	2000	Ákvörðun uppguf-unar í lokuðu rými
L5e-A	Bifhjól með þremur hjólum	PI ([11])	Euro 4		
L6e-A	Létt fjórhjól til aksturs á vegum	PI ([11])	Euro 4		
L7e-A	Þungt fjórhjól til aksturs á vegum	PI ([11])	Euro 4		

C2) Euro 5

Ökutækjaflokkur ([12])	Heiti ökutækjaflokks	Knúningsaflsflokkur	Euro-þrep	Gegndræpisprófun (mg/m²/dag)		Massi heildarmagns vetniskolefna í prófun í lokuðu rými til að ákvarða uppgufun (mg/prófun)
				Eldsneytisgeymir	Eldsneytisleiðslur	Ökutæki
L1e-A	Vélknúið hjól	Rafkveikja ([11])	Euro 5	1500	15000	1500
L1e-B	Létt bifhjól á tveimur hjólum		Euro 5	1500	15000	1500
L2e	Létt bifhjól á þremur hjólum		Euro 5	1500	15000	1500
L3e L4e ([7])	Bifhjól á tveimur hjólum með og án hliðarvagns		Euro 5			1500
L5e-A	Bifhjól með þremur hjólum		Euro 5			1500
L5e-B	Flutningabifhjól með þremur hjólum		Euro 5	1500	15000	1500
L6e-A	Létt fjórhjól til aksturs á vegum		Euro 5			1500
L6e-B	Létt ökutæki með fjórum hjólum		Euro 5	1500	15000	1500
L7e-A	Þungt fjórhjól til aksturs á vegum		Euro 5			1500
L7e-B	Fjórhjól til torfæruaksturs		Euro 5	1500	15000	1500
L7e-C	Þungt ökutæki með fjórum hjólum		Euro 5	1500	15000	1500

D) Hljóðstigsmörk — Euro 4 og Euro 5

Ökutækjaflokkur	Heiti ökutækjaflokks	Hljóðstig samkvæmt Euro 4 ([14]) (dB(A))	Prófunaraðferð samkvæmt Euro 4 ([16])	Hljóðstig samkvæmt Euro 5 ([15]) (dB(A))	Prófunaraðferð samkvæmt Euro 5
L1e-A	Vélknúið hjól	63 ([14])	Framseld gerð/reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 63		Reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 63
L1e-B	Létt bifhjól á tveimur hjólum hámarkshraði (v_{max}) ≤ 25 km/klst.	66			
	Létt bifhjól á tveimur hjólum hámarkshraði (v_{max}) ≤ 45 km/klst.	71			
L2e	Létt bifhjól á þremur hjólum	76	Framseld gerð/reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 9		Reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 9
L3e	Bifhjól á tveimur hjólum Slagrými hreyfils ≤ 80 cm^3	75	Framseld gerð/reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 41		Reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 41
	Bifhjól á tveimur hjólum 80 cm^3 < slagrými hreyfils ≤ 175 cm^3	77			
	Bifhjól á tveimur hjólum Slagrými hreyfils > 175 cm^3	80			
L4e	Bifhjól á tveimur hjólum með hliðarvagni	80			
L5e-A	Bifhjól með þremur hjólum	80	Framseld gerð/reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 9		Reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 9
L5e-B	Flutningabifhjól með þremur hjólum	80			
L6e-A	Létt fjórhjól til aksturs á vegum	80	Framseld gerð/reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 63		Reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 63
L6e-B	Létt ökutæki með fjórum hjólum	80	Framseld gerð/reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 9		Reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 9
L7e-A	Þungt fjórhjól til aksturs á vegum	80			
L7e-B	Þungt fjórhjól til torfæruaksturs	80			
L7e-C	Þungt ökutæki með fjórum hjólum	80			

Aths.: sjá lok VIII. viðauka fyrir yfirlit yfir athugasemdir við viðaukana.

VII. VIÐAUKI

Ending mengunarvarnarbúnaðar

A) Kílómetraending ökutækja í flokki L

Ökutækjaflokkur	Heiti ökutækjaflokks	Kílómetraending (km) samkvæmt Euro 4 og Euro 5 kílómetraending ([4]) (km)
L1e-A	— Vélknúið hjól	5500
L3e-AxT (x = 1, 2 eða 3)	— Klifurhjól á tveimur hjólum	
L1e-B	— Létt bifhjól á tveimur hjólum	11 000
L2e	— Létt bifhjól á þremur hjólum	
L3e-AxE (x = 1, 2 eða 3)	— Torfæruhjól á tveimur hjólum	
L6e-A	— Létt fjórhjól til aksturs á vegum	
L7e-B	— Þungt fjórhjól til torfæruaksturs	
L3e	— Bifhjól á tveimur hjólum með og án hliðarvagns	20 000
L4e ([7])	(hámarkshraði (v_{max}) < 130 km/klst.)	
L5e	— Bifhjól með þremur hjólum	
L6e-B	— Létt ökutæki með fjórum hjólum	
L7e-C	— Þungt ökutæki með fjórum hjólum	
L3e	Bifhjól á tveimur hjólum með og án hliðarvagns	35 000
L4e ([7])	(hámarkshraði (v_{max}) ≥ 130 km/klst.)	
L7e-A	Þungt fjórhjól til aksturs á vegum	

B) Spillistuðlar

Ökutækjaflokkur	Heiti ökutækjaflokks	Euro 4 Spillistuðull (-) Spillistuðull (-)				Euro 5 Spillistuðull[+]([4]) (-)							
		CO	HC	NO_x	PM	CO	THC		NMHC		NO_x		PM ([17]) ([4])
							PI	CI ([18])	PI	CI	PI	CI	CI
L1e-L7e	Allir	1,3	1,2	1,2	1,1	1,3	1,3	1,1	1,3	1,1	1,3	1,1	1,0

Aths.: sjá lok VIII. viðauka fyrir yfirlit yfir athugasemdir við viðaukana.

VIII. VIÐAUKI

Auknar kröfur um notkunaröryggi

Atriði	Kröfur
Skyldubundin uppsetning þróaðra hemlakerfa	a) ný bifhjól [22] í undirflokki L3e-A1 sem boðin eru fram á markaði, skráð og tekin í notkun, skulu búin með annað hvort læsivörðu eða sambyggðu hemlakerfi eða báðum gerðum af þróuðum hemlakerfum að vali framleiðanda ökutækisins, b) ný bifhjól í undirflokkum L3e-A2 og L3e-A3 sem boðin eru fram á markaði, skráð og tekin í notkun, skulu búin með læsivörðu hemlakerfi. Undanþága: L3e-AxE (x = 1, 2 eða 3, torfæruhjól á tveimur hjólum) og L3e-AxT (x = 1, 2 eða 3, klifurhjól á tveimur hjólum) eru undanþegnir skyldubundinni uppsetningu þróaðra hemlakerfa.
Öryggi í beygjum á vegum með hörðu yfirborði	Ökutæki í flokki L skulu smíðuð þannig að sérhvert hjól geti ávallt snúist á mismunandi hraða til að gera kleift að taka öruggar beygjur á vegum með hörðu yfirborði. Ef ökutæki er búið með læsanlegu mismunadrifi, skal það vera hannað þannig að það sé venjulega ólæst.
Bættur sýnileiki ökutækis og ökumanns með sjálfvirkri kviknun ljósa	Til að bæta sýnileika þeirra skulu ökutæki í flokki L vera búin með eftirfarandi: a) fyrir ökutæki í flokki L1e: ljósum og ljósmerkjabúnaði í samræmi við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 74, 2. endursk., sem gerir kröfu um sjálfvirka kviknun á lýsingarkerfinu, b) fyrir ökutæki í flokki L3e: að vali framleiðanda ökutækisins, annað hvort ljósum og ljósmerkjabúnaði í samræmi við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 53, 2. endursk. og 1. og 2. breytingu á henni, eða sérstökum dagljósabúnaði sem samræmist reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 87, 2. endursk. og 1. og 2. breytingu á henni, c) fyrir alla aðra undirflokka ökutækja í flokki L: lýsingarkerfi sem kviknar á sjálfkrafa eða, að vali framleiðanda, sérstökum dagljósabúnaði sem kviknar á sjálfkrafa ([23]).

Atriði	Kröfur
(3. liður B-hluta II. viðauka) Rafmagnsöryggi	Ökutæki í flokki L, að því er tekur til rafaflrásar þegar þau eru búin með einum eða fleiri dráttarhreyflum sem knúnir eru með raforku og eru ekki fasttengdir við dreifikerfi, auk háspennuíhluta þeirra og -kerfa sem eru galvantengdir við háspennutengibraut rafaflrásarinnar, skulu hönnuð þannig að þau hafi ekki hættu í för með sér fyrir rafmagnsöryggi við notkun viðkomandi krafna í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 100 og ISO-staðli 13063.
(4. liður B-hluta II. viðauka) Kröfur um tilkynningarskyldu framleiðanda að því er varðar endingarprófun kerfa, hluta og búnaðar sem er mikilvægur m.t.t. notkunaröryggis	Ökutækjaframleiðandi skal leggja fram tilkynningu um að ökutæki sem framleidd eru í samræmi við 2. mgr. 22. gr. skuli geta staðist eðlilega notkun eins og fyrirhuguð er í a.m.k. þá eknu vegalengd sem tilgreind er hér á eftir innan fimm ára frá fyrstu skráningu. Vegalengdin skal vera 1,5 sinnum vegalengdin sem tilgreind er í VII. viðauka í beinum tengslum við ökutækjaflokkinn sem um er að ræða og losunaráfangann (þ.e. Euro-þrep) sem gerðarviðurkenna á ökutækið í samræmi við, þó skal vegalengdin sem krafist er ekki vera lengri en 60 000 km fyrir neinn ökutækjaflokk.
(5. liður B-hluta II. viðauka) Kröfur fyrir hlífðarvirki að framan og aftan	Ökutæki í flokki L, að því er tekur til virkja að framan og aftan, skulu hönnuð þannig að komið sé í veg fyrir beitta eða hvassa hluta eða framskot sem beinast út á við og eru líkleg til að kræk jast í eða auka verulega alvarleika meiðsla eða líkur á skurðsárum óvarinna vegfarenda ef til árekstur s kemur. Þetta gildir bæði um virki framan og aftan á ökutækinu.
(10 liður B-hluta II. viðauka) Öryggisbeltafestingar og öryggisbelti	Lögboðnar kröfur fyrir öryggisbeltafestingar og uppsetningu öryggisbelta í ökutækjum í flokkum L2e, L5e, L6e og L7e með yfirbyggingu.
(15. liður B-hluta II. viðauka) Kröfur varðandi vernd ökumanns og farþega í ökutækjum þ.m.t. innréttingar og dyr ökutækja	Ökutæki í flokki L2e, L5e, L6e og L7e sem eru með yfirbyggingu skulu hönnuð þannig að komið sé í veg fyrir beitta eða hvassa hluta eða framskot sem eru líkleg til að auka verulega alvarleika meiðsla ökumanns og farþega. Ökutæki með dyrum skulu hönnuð þannig að tryggt sé að þessar dyr séu smíðaðar með viðeigandi læsingum og lömum.
(17. liður B-hluta II. viðauka) Kröfur um heilleika burðarvirkis ökutækis	Ökutækjaframleiðandi skal leggja fram tilkynningu um að ef til innköllunar kemur vegna alvarlegrar öryggisáhættu, verði sértæk greining á burðarvirki ökutækis, íhluta og/eða hluta með verkfræðilegum útreikningum, sýndarprófunaraðferðum og/eða burðarvirkisprófunum strax gerð tiltæk viðurkenningaryfirvaldinu og framkvæmdastjórninni óski þau eftir því. Gerðarviðurkenning ökutækis skal ekki veitt ef það er ástæða til að ætla að framleiðandi ökutækisins geti ekki veitt slíka greiningu.

Aths.: sjá lok VIII. viðauka fyrir yfirlit yfir athugasemdir við viðaukana.

Skýringar við I. til VIII. viðauka

1) Aflviðmiðunarmörkin í I. viðauka eru byggð á samfelldu hámarksnafnafli fyrir rafknúin ökutæki og hámarksnettóafli fyrir ökutæki knúin með brunahreyfli. Þyngd ökutækis er talin jafngilda massa þess tilbúins til aksturs.

2) Undirflokkun ökutækis í flokki L3e eftir því hvort hönnunarhraði ökutækis er lægri eða jafn og 130 km/klst. eða hærri en 130 km/klst. er óháð undirflokkun þess í knúningsaflsflokka L3e-A1 (þótt ólíklegt sé að það nái 130 km/klst.), L3e-A2 eða L3e-A3.

3) „X“: í þessari reglugerð eru settar lögboðnar kröfur að því er varðar viðfangsefnið og flokkinn sem um er að ræða; mælt er fyrir um ítarlegar kröfur í þeim greinum sem vísað er til og skjölum sem um getur í þessari töflu.

   „EF“: „ef það er til staðar“. Ef kerfið, íhluturinn eða aðskilda tæknieiningin sem um getur í þessari töflu er sett í ökutækið vegna þess að það er aðeins skyldubundið fyrir sum ökutæki í þessum flokki, skal það uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í framseldu gerðunum og framkvæmdargerðunum. Kjósi framleiðandi ökutækis að sama skapi sjálfviljugur að búa ökutækið með kerfinu, íhlutnum eða aðskildu tæknieiningunni skal það uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í framseldu gerðunum og framkvæmdargerðunum.

   Ef reitur í töflunni er auður merkir það að í þessari reglugerð eru ekki settar kröfur að því er varðar viðfangsefnið og flokkinn sem um er að ræða.

4) Sjá 4. og 5. mgr. 23. gr.

c) Handhafar flugmannsskírteina fyrir loftbelgi, sem ekki uppfylla kröfur a-liðar, skulu áður en þeir neyta réttinda sinna:

1) standast hæfnipróf með prófdómara í loftbelg í viðeigandi flokki eða

2) ljúka við fleiri fartíma eða flugtök og lendingar þar sem flogið er með kennara eða í einflugi undir umsjón kennara til að uppfylla kröfurnar í a-lið.

d) Hvað varðar 1. mgr. c-liðar skal handhafi flugmannsskírteinis fyrir loftbelg aðeins starfrækja loftbelg í sama flokki loftbelgja og hæfniprófi er lokið í eða loftbelg í flokki þeirra loftbelgja sem eru með minni belg.“

5) Eftirfarandi liður FCL.315.A Atvinnuflugmannsskírteini — þjálfunarnámskeið bætist við 2. þátt í D-kafla ‚Sértækar kröfur fyrir flugvélar‘:

„FCL.315.A Atvinnuflugmannsskírteini — þjálfunarnámskeið

Fræðileg þekking og flugkennsla til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar skal fela í sér þjálfun í að fyrirbyggja og bregðast við uppnámi.“

6) Í stað a-liðar í FCL.410.A komi eftirfarandi:

‚a) Námskeið. Umsækjandi um fjölstjórnarskírteini skal hafa lokið þjálfunarnámskeiði í bóklegri þekkingu og flugkennslu hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki, í samræmi við 5. viðbæti við þennan hluta. Bókleg kennsla og flugkennsla til útgáfu fjölstjórnarskírteinis skal fela í sér þjálfun í að fyrirbyggja og bregðast við uppnámi.‘

7) Eftirfarandi c-liður bætist við í FCL.725.A:

‚c) Fjölstjórnarflugvélar. Þjálfunarnámskeið til útgáfu tegundaráritunar fyrir fjölstjórnarflugvél skal fela í sér bóklega kennslu og flugkennslu í því skyni að fyrirbyggja og bregðast við uppnámi.‘

8) Í stað b-liðar FCL.740.A komi eftirfarandi:

‚b) Framlenging flokksáritana fyrir eins hreyfils einstjórnarflugvélar.

1) Flokksáritanir fyrir eins hreyfils flugvélar með bulluhreyfli og áritanir fyrir ferðavélsvifflugur. Vegna framlengingar flokksáritana fyrir eins hreyfils einstjórnarflugvélar með bulluhreyfli eða flokksáritana fyrir ferðavélsvifflugur skal umsækjandinn:

i. innan þriggja mánaða áður en áritunin rennur út, standast hæfnipróf í viðeigandi flokki, í samræmi við 9. viðbæti við þennan hluta, með prófdómara eða

ii. innan 12 mánaða áður en áritunin rennur út, ljúka 12 klukkustunda fartíma í viðeigandi flokki, þ.m.t.:

— 6 tímar sem flugstjóri eða

— 12 flugtök og 12 lendingar og

— upprifjunarþjálfun sem er a.m.k. ein klukkustund með flugkennara (FI) eða flokkskennara (CRI). Umsækjendur eru undanþegnir þessari upprifjunarþjálfun ef þeir hafa staðist hæfnipróf til flokks- eða tegundaráritunar, færnipróf eða hæfnismat í öðrum flokki eða tegund flugvélar.

2) Þegar umsækjendur eru handhafar bæði flokksáritunar fyrir eins hreyfils landflugvél með bulluhreyfli og áritunar fyrir ferðavélsvifflugu geta þeir uppfyllt kröfurnar í 1. lið í hvorum flokknum sem er eða sambland af þessu og fengið framlengingu beggja áritana.

3) Eins hreyfils einstjórnarflugvélar með skrúfuþotuhreyflum. Fyrir framlengingu flokksáritana eins hreyfils skrúfuþotu skulu umsækjendur standast hæfnipróf í viðeigandi flokki, í samræmi við 9. viðbæti við þennan hluta, með prófdómara innan þriggja mánaða áður en áritunin rennur út.

4) Þegar umsækjendur eru handhafar bæði flokksáritunar fyrir eins hreyfils landflugvél með bulluhreyfli og eins hreyfils sjóflugvél með bulluhreyfli geta þeir uppfyllt kröfurnar í ii. lið 1. liðar í hvorum flokknum sem er eða sambland af þessu og fengið framlengingu beggja áritana. A.m.k. ein klukkustund sem flugstjóri og 6 af þeim 12 flugtökum og lendingum, sem krafist er, skal lokið í hverjum flokki.‘

9) Í stað 6. liðar g-liðar í FCL.825 komi eftirfarandi:

‚6) Hvað varðar blindflugsáritun í flugleið fyrir fjölhreyfla flugvél verður hæfniprófinu fyrir framlengingu eða endurnýjun og þjálfunarfluginu, sem krafist er í ii. lið 2. liðar í g-lið, að vera lokið á fjölhreyfla flugvél. Ef flugmaðurinn er einnig handhafi blindflugsáritunar í flugleið fyrir eins hreyfils flugvél skal þetta hæfnipróf einnig hafa í för með sér að sú áritun verði framlengd eða endurnýjuð. Þjálfunarflug, sem lokið er á fjölhreyfla flugvél, skal einnig uppfylla kröfur um þjálfunarflug fyrir blindflugsáritun í flugleið vegna eins hreyfils flugvélar.‘

10) Eftirfarandi d-liður bætist við í FCL.915:

„d) Við viðurkenningu á viðbótarréttindum fyrir fleiri tegundir skal taka tillit til viðeigandi þátta eins og skilgreint er í gögnunum um örugga starfrækslu í samræmi við 21. hluta.“

11) Eftirfarandi liður FCL.945 bætist við:

„**FCL.945 Skyldur kennara**

Við lok þjálfunarflugs vegna framlengingar á flokksáritun fyrir eins hreyfils flugvélar með bulluhreyfli eða ferðavélsvifflugu, í samræmi við 1. lið b-liðar FCL.740.A, og einungis ef allar aðrar kröfur 1. liðar b-liðar FCL.740.A eru uppfylltar, skal kennarinn árita skírteini umsækjandans með nýjum gildislokatíma fyrir áritunina eða vottorðið, ef hann hefur sérstakt leyfi þar að lútandi frá lögbæra yfirvaldinu sem ber ábyrgð á skírteini umsækjandans.“

12) FCL.910.TRI er breytt sem hér segir:

a) Í stað b-liðar komi eftirfarandi:

„b) Tegundarkennari á flugvélar og á vænghnitur — TRI(A) og (TRI(PL)). Réttindi tegundarkennara takmarkast við þá tegund flugvélar eða vænghnitu sem þjálfunin og hæfnismatið fór fram á. Nema annað sé ákveðið í gögnunum um örugga starfrækslu, sem kveðið er á um í samræmi við 21. hluta, skal veita viðbótarréttindi fyrir tegundarkennara þannig að þau taki til annarra tegunda þegar tegundakennari hefur:

1) lokið, á 12 næstliðnum mánuðum fyrir umsóknina, a.m.k. 15 flugum, þ.m.t. flugtökum og lendingum á viðeigandi loftfarstegund, þar af má ljúka 7 flugum í flughermi með fullri hreyfingu,

2) lokið við tækniþjálfun og flugkennslu á viðeigandi tegundarkennaranámskeiði,

3) staðist viðkomandi hluta hæfnismatsins, í samræmi við FCL.935, í þeim tilgangi að sýna flugkennaraprófdómara eða tegundarprófdómara, sem hafa réttindi í samræmi við K-kafla, fram á getu sína til að veita flugmanni kennslu á því stigi sem krafist er fyrir útgáfu tegundaráritunar, þar á meðal kennslu í aðgerðum fyrir og eftir flug og kennslu í bóklegri þekkingu.“

b) Í stað 1. liðar c-liðar komi eftirfarandi:

„c) Tegundarkennari á þyrlur — TRI(H).

1) Réttindi tegundarkennara á þyrlur takmarkast við þá tegund þyrlu sem færniprófið var tekið á fyrir útgáfu vottorðs tegundarkennara. Nema annað sé ákveðið í gögnunum um örugga starfrækslu, sem kveðið er á um í samræmi við 21. hluta, skal veita viðbótarréttindi fyrir tegundarkennara þannig að þau taki til annarra tegunda þegar tegundakennari hefur:

i. lokið tæknilega hlutanum af tegundarkennaranámskeiðinu á viðeigandi tegund þyrlu eða í flughermisþjálfa sem líkir eftir þeirri tegund,

ii. veitt flugkennslu í a.m.k. tvo tíma á viðeigandi tegund, undir umsjón tegundarkennara á þyrlur, sem hefur fullnægjandi réttindi, og

iii. staðist viðkomandi hluta hæfnismatsins í samræmi við FCL.935 í þeim tilgangi að sýna flugkennaraprófdómara eða tegundarprófdómara, sem eru með réttindi í samræmi við K-kafla, fram á getu sína til að veita flugmanni kennslu á því stigi sem krafist er fyrir útgáfu tegundaráritunar, þar á meðal kennslu í aðgerðum fyrir og eftir flug og kennslu í bóklegri þekkingu.“

13) Eftirfarandi 3. liður bætist við í a-lið í FCL.905.CRI:

„3) viðbótarréttindi fyrir flugmannsskírteini fyrir léttar flugvélar fyrir annan flokk eða afbrigði flugvélar.“

14) Í stað 1. liðar a-liðar í FCL.1005 komi eftirfarandi:

„1) hjá þeim sem þeir hafa sjálfir veitt meira en 25% af þeirri flugkennslu sem krafist er fyrir það skírteini, áritun eða vottorð, sem færniprófið eða hæfnismatið er þreytt fyrir, eða“

15) Eftirfarandi c-liður bætist við í FCL.1005.CRE:

„c) færnipróf fyrir viðbótarréttindi fyrir flugmannsskírteini fyrir léttar flugvélar fyrir annan flokk eða afbrigði flugvélar.“

16) Ákvæðum A-þáttar 1. viðbætis er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

„A. VIÐURKENNING Á BÓKLEGRI ÞEKKINGU TIL ÚTGÁFU FLUGMANNSSKÍRTEINIS — VIÐBÓTARKENNSLA OG NÁMSEFNI TIL PRÓFS“

b) Í stað liðar 1.2 komi eftirfarandi:

„1.2. Hvað varðar útgáfu flugmannsskírteinis fyrir létt loftför, einkaflugmannsskírteinis, flugmannsskírteinis fyrir loftbelgi eða skírteinis svifflugmanns skal handhafi skírteinis á aðra gerð loftfars fá kennslu í bóklegri þekkingu og standast bóklegt próf á viðunandi hátt í eftirfarandi námsgreinum, sbr. þó liðinn að framan:

— flugfræði,

— verklagsreglur í flugi,

— afkastageta og áætlanagerð,

— almenn þekking á loftförum,

— flugleiðsaga.“

c) Eftirfarandi liður 1.4 bætist við:

„1.4. Til að handhafi skírteinis svifflugmanns fyrir léttar svifflugur með viðbótarréttindum fyrir ferðavélsvifflugu geti fengið útgefið flugmannsskírteini fyrir léttar flugvélar verður hann, þrátt fyrir lið 1.2, að sýna fram á fullnægjandi bóklega þekkingu fyrir flokksáritun fyrir eins hreyfils landflugvél með bulluhreyfli í samræmi við 2. lið a-liðar FCL.135.A.“

17) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á þætti Aa í 6. viðbæti:

a) Í stað 1. liðar komi eftirfarandi:

„1. Markmiðið með hæfnimiðuðu, áfangaskiptu flugþjálfunarnámskeiði er að þjálfa handhafa einkaflugmannsskírteinis eða atvinnuflugmannsskírteinis svo þeir geti fengið blindflugsáritun, að teknu tilliti til fyrri blindflugskennslu og reynslu. Tilgangur námskeiðsins er að veita það hæfnistig sem þarf til að starfrækja flugvélar samkvæmt blindflugsreglum og við blindflugsskilyrði. Námskeiðið skal tekið hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki eða samanstanda af blindflugskennslu á flugvél hjá blindflugskennara eða flugkennara, sem hefur réttindi til að veita þjálfun fyrir útgáfu blindflugsáritunar, og flugkennslu hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki.“

b) Ákvæðum 6. liðar er breytt sem hér segir:

i. Í stað B-liðar í i. lið a-liðar komi eftirfarandi:

„B) fyrri reynsla af blindflugstímum sem flugstjóri flugvélar innan ramma áritunar, sem veitir réttindi til að fljúga samkvæmt blindflugsreglum og við blindflugsskilyrði.“

ii. Í stað B-liðar í i. lið b-liðar komi eftirfarandi:

„B) fyrri reynsla af blindflugstímum sem flugstjóri flugvélar innan ramma áritunar, sem veitir réttindi til að fljúga samkvæmt blindflugsreglum og við blindflugsskilyrði.“

18) Í stað 4. og 5. liðar í A-þætti 9. viðbætis kemur eftirfarandi:

„4. Nema kveðið sé á um annað í gögnunum um örugga starfrækslu, sem kveðið er á um í samræmi við 21. hluta, skal námskráin fyrir flugkennslu, færniprófið og hæfniprófið vera í samræmi við þennan viðbæti. Stytta má námskrána, færniprófið og hæfniprófið og meta fyrri reynslu á svipaða loftfarstegund, eins og kveðið er á um í gögnum um örugga starfrækslu sem kveðið er á um í samræmi við 21. hluta.

5. Nema hvað varðar færnipróf til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks, ef kveðið er á um það í gögnunum um örugga starfrækslu, sem kveðið er á um í samræmi við 21. hluta fyrir tilgreint loftfar, er heimilt að meta sameiginleg prófatriði sem flugmaður hefur tekið á aðrar tegundir eða tegundarafbrigði sem flugmaðurinn hefur réttindi á.“

II. VIÐAUKI

Í stað d-liðar 1. liðar í A-þætti II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 komi eftirfarandi:

‚d) fullnægi kröfunum sem settar eru fram í eftirfarandi töflu:

Þjóðarskírteini	Heildarfjöldi fartíma	Viðbótarkröfur	Nýtt skírteini samkvæmt FCL-hluta og skilyrði *(þar sem við á)*	Til að fá takmarkanir felldar niður í skírteini	
1)	2)	3)	4)	5)	
ATPL(A)	> 1 500 sem flugstjóri á fjölstjórnarflugvélum	Engar	ATPL(A)	Á ekki við	a)
ATPL(A)	> 1 500 á fjölstjórnarflugvélum	Engar	Eins og í 4. dálki, reit c	Eins og í 5. dálki, reit c	b)
ATPL(A)	> 500 á fjölstjórnarflugvélum	Sýna fram á þekkingu sína á gerð flugáætlana og afkastagetu eins og krafist er í FCL.515	ATPL(A) með tegundaráritun sem takmarkast við aðstoðarflugmann	Sýna fram á hæfni til að starfa sem flugstjóri eins og krafist er í 9. viðbæti við FCL-hluta	c)
CPL/IR(A) og staðist bóklegt ATPL-próf, í samræmi við reglur Alþjóðaflugmála-stofnunarinnar, í því aðildarríki þar sem skírteinið er gefið út		i. Sýna fram á þekkingu sína á gerð flugáætlana og afkastagetu eins og krafist er í FCL.310 og b-lið FCL.615 ii. Að uppfylla eftirstandandi kröfur í c-lið FCL.720.A	CPL/IR(A) með metið bóklegt ATPL-próf	Á ekki við	d)
CPL/IR(A)	> 500 á fjölstjórnar-flugvélum eða við starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi á einstjórnarflugvélum í CS-23 mjötluflokki eða jafngildandi, í samræmi við viðeigandi kröfur í CAT-hluta og ORO-hluta fyrir flutningaflug	i. Standast bóklegt próf vegna ATPL(A) í því aðildarríki sem er útgáfuríki skírteinisins (*) ii. Að uppfylla eftir-standandi kröfur í c-lið FCL.720.A	CPL/IR(A) með metið bóklegt ATPL-próf	Á ekki við	e)

Þjóðarskírteini	Heildarfjöldi fartíma	Viðbótarkröfur	Nýtt skírteini samkvæmt FCL-hluta og skilyrði *(þar sem við á)*	Til að fá takmarkanir felldar niður í skírteini	
1)	2)	3)	4)	5)	
CPL/IR(A)	> 500 sem flugstjóri á einstjórnarflugvélum	Engar	CPL/IR(A) með tegundaráritunum og flokksáritunum sem takmarkast við einstjórnarflugvélar	Þarf að fá tegundaráritun á fjölstjórnarflugvél í samræmi við FCL-hluta	f)
CPL/IR(A)	< 500 sem flugstjóri á einstjórnarflugvélum	Að sýna fram á þekkingu í gerð flugáætlana og afkastagetu á viðeigandi stigi fyrir CPL/IR	Eins og í 4. dálki, reit f	Eins og í 5. dálki, reit f	g)
CPL(A)	> 500 sem flugstjóri á einstjórnarflugvélum	Næturflugsáritun, ef við á	CPL(A) með tegundar- eða flokksáritunum sem takmarkast við einstjórnarflugvélar		h)
CPL(A)	< 500 sem flugstjóri á einstjórnarflugvélum	i. Næturflugsáritun, ef við á, ii. Að sýna fram á þekkingu í gerð flugáætlana og afkastagetu eins og krafist er í FCL.310	Eins og í 4. dálki, reit h		i.
Einkaflugmanns-skírteini fyrir flugvélar með blindflugsáritun (PPL/IR(A))	≥ 75 í samræmi við blindflugsreglur		PPL/IR(A) (blindflugsáritun takmörkuð við einkaflugmanns-skírteini)	Að sýna fram á þekkingu í gerð flugáætlana og afkastagetu eins og krafist er í b-lið FCL.615	j)
PPL(A)	≥ 70 á flugvélum	Sýna notkun leiðsöguvirkja	PPL(A)		k)

(*) Handhafar atvinnuflugmannsskírteina, sem þegar hafa tegundaráritun á fjölstjórnarflugvél, þurfa ekki að hafa staðist bóklegt próf vegna ATPL(A) meðan þeir halda áfram að fljúga sömu tegund flugvéla en fá ekki metið bóklegt próf vegna ATPL(A) til að öðlast skírteini samkvæmt FCL-hluta. Þurfi þeir tegundaráritun fyrir annars konar fjölstjórnarflugvél verða þeir að fullnægja skilyrðum í i. lið e-liðar í 3. dálki í töflunni hér að framan.˙

III. VIÐAUKI

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í stað f-liðar 3. liðar í A-þætti, undir fyrirsögninni ‚FULLGILDING SKÍRTEINA', komi eftirfarandi:

f) hvað varðar þyrlur, uppfylla þær kröfur um reynslu sem tilgreindar eru í eftirfarandi töflu:

Skírteini	Heildarfjöldi fartíma	Réttindi	
1)	2)	3)	
ATPL(H) með gilda blindflugsáritun	> 1 000 tímar sem flugstjóri á fjölstjórnarþyrlum	Flutningaflug sem flugstjóri á fjölstjórnarþyrlum í sjón- og blindflugi	a)
ATPL(H) án blindflugsréttinda	> 1 000 tímar sem flugstjóri á fjölstjórnarþyrlum	Flutningaflug sem flugstjóri á fjölstjórnarþyrlum í sjónflugi	b)
ATPL(H) með gilda blindflugsáritun	> 1 000 tímar sem flugmaður á fjölstjórnarþyrlu	Flutningaflug á fjölstjórnarþyrlum sem aðstoðarflugmaður í sjón- og blindflugi	c)
ATPL(H) án blindflugsréttinda	> 1 000 tímar sem flugmaður á fjölstjórnarþyrlu	Flutningaflug á fjölstjórnarþyrlum sem aðstoðarflugmaður í sjónflugi	d)
CPL(H)/IR*	> 1 000 tímar sem flugmaður á fjölstjórnarþyrlu	Flutningaflug sem aðstoðarflugmaður á fjölstjórnarþyrlum	e)
CPL(H)/IR	> 1 000 tímar sem flugstjóri í flutningaflugi eftir öflun blindflugsáritunar	Flugstjóri í flutningaflugi á einstjórnarþyrlum	f)
ATPL(H) með eða án blindflugsréttinda, CPL(H)/IR, CPL(H)	> 700 tímar á þyrlum, öðrum en þeim sem skráðar eru samkvæmt CS-27/29, þ.m.t. 200 tímar í því starfi sem sótt er um fullgildingu fyrir og 50 tímar í því starfi á síðustu 12 mánuðum	Réttinda neytt í þyrlum í öllu flugi nema flutningaflugi	g)

(*) Handhafar atvinnuflugmannsskírteinis með blindflugsáritun (CPL(H)/IR) fyrir fjölstjórnarþyrlur skulu hafa sýnt fram á þekkingu á viðeigandi stigi fyrir atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur, 1. flokks, samkvæmt Alþjóðaflugmálastofnuninni áður en þeir eru samþykktir.'

2) Í stað b-liðar 6. liðar í A-þætti, undir fyrirsögninni ‚FULLGILDING SKÍRTEINA', komi eftirfarandi:

‚b) starfi beint eða óbeint hjá framleiðanda loftfara eða flugmálayfirvöldum.'

3) Eftirfarandi 7. og 8. lið er bætt við í A-þætti ‚FULLGILDING SKÍRTEINA':

‚7. Þrátt fyrir ákvæði liðanna hér að framan er aðildarríkjunum heimilt, að því er varðar keppnisflug eða flugsýningar sem standa tímabundið, að taka gilt skírteini gefið út af þriðja landi sem heimilar handhafa að neyta réttinda einkaflugmannsskírteinis, skírteinis svifflugmanns eða flugmannsskírteinis fyrir loftbelgi að því tilskildu:

a) að skipuleggjandi keppnisflugs eða sýningarflugs veiti lögbæra yfirvaldinu fullnægjandi sönnun fyrir því hvernig viðkomandi muni tryggja að flugmanninum verði kynntar viðeigandi öryggisupplýsingar og hvernig eigi að stjórna áhættu, sem tengist fluginu áður en atburðurinn á sér stað, og

b) að umsækjandi sé handhafi viðeigandi skírteinis, heilbrigðisvottorðs og tengdra áritana eða réttinda sem gefin eru út í samræmi við 1. viðauka Chicago-samningsins.

8. Þrátt fyrir ákvæði liðanna hér að framan er aðildarríkjunum heimilt að taka gilt einkaflugmannsskírteini, skírteini svifflugmanns eða flugmannsskírteini fyrir loftbelgi, sem gefið er út af þriðja landi í samræmi við 1. viðauka Chicago-samningsins, í 28 daga að hámarki á hverju almanaksári vegna sérstakra verkefna, sem ekki eru í ábataskyni, að því tilskildu að umsækjandinn:

   a) sé handhafi viðeigandi skírteinis, heilbrigðisvottorðs og tengdra áritana eða réttinda, sem gefin eru út í samræmi við 1. viðauka Chicago-samningsins, og

   b) hafi lokið a.m.k. einu æfingarflugi með viðurkenndum kennara áður en hin sérstöku tímabundnu verkefni eru framkvæmd.'

IV. VIÐAUKI

Ákvæðum VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi liður ca bætist við í ARA.GEN.305:

„ca) Þrátt fyrir c-lið skal nota eftirlitslotu, sem er að hámarki 48 mánuðir, fyrir fyrirtæki sem annast aðeins flugþjálfun fyrir flugmannsskírteini fyrir létt loftför, einkaflugmannsskírteini, skírteini svifflugmanns eða flugmannsskírteini fyrir loftbelgi og tengdar áritanir og vottorð. Stytta skal eftirlitslotuna ef sönnun er fyrir því að öryggisframmistaða fyrirtækisins hafi versnað.

Eftirlitslotuna má framlengja að hámarki í 72 mánuði ef lögbær yfirvaldið hefur á síðastliðnum 48 mánuðum komist að raun um:

1) að fyrirtækið hafi með skilvirkum hætti borið kennsl á hættur í tengslum við flugöryggi og náð stjórn á tengdum áhættuþáttum, sem niðurstöður árlegrar endurskoðunar í samræmi við c-lið ORA.GEN.200 hafa sýnt fram á,

2) að fyrirtækið hafi stöðugt sýnt fram á að það hafi fulla stjórn á öllum breytingum í samræmi við ORA.GEN.130, sem niðurstöður árlegrar endurskoðunar í samræmi við c-lið ORA.GEN.200 hafa leitt í ljós,

3) að engin fyrsta stigs frávik hafi verið gefin út og

4) að allar aðgerðir til úrbóta hafi verið framkvæmdar innan þess tímabils sem lögbæra yfirvaldið, eins og það er skilgreint í 2. lið d-liðar í ARA.GEN.350, hefur samþykkt eða framlengt.“

2) Eftirfarandi d-liður bætist við í ARA.FCL.200:

„d) Áritun kennara í skírteini. Áður en tilteknum kennurum er veitt sérstök heimild til að framlengja flokksáritun fyrir eins hreyfils flugvél með bulluhreyfli eða ferðavélsvifflugu skal lögbæra yfirvaldið setja viðeigandi verklagsreglur.“

3) Eftirfarandi liður ARA.MED.330 bætist við:

„**ARA.MED.330 Sérstakar læknisfræðilegar aðstæður**

a) Þegar ný læknisfræðileg tækni, meðferð eða aðferð uppgötvast, sem getur réttlætt að umsækjendur séu metnir hæfir, sem að öðru leyti uppfylla ekki kröfur, er heimilt að láta fara fram rannsókn til þess að færa sönnur á að réttinda skírteinis sé neytt með öruggum hætti.

b) Svo unnt sé að láta rannsókn fara fram er lögbæru yfirvaldi heimilt, í samstarfi við a.m.k. eitt lögbært yfirvald til viðbótar, að þróa og meta reglur um mat á læknisfræðilegu heilbrigði sem þessum lögbæru yfirvöldum er heimilt að nota til grundvallar útgáfu á skilgreindum fjölda heilbrigðisvottorða flugmanna með þeim takmörkunum sem við eiga.

c) Fluglæknasetrum og fluglæknum er einungis heimilt að gefa út heilbrigðisvottorð á grundvelli rannsóknarreglna ef lögbæra yfirvaldið gefur fyrirmæli um það.

d) Lögbæru yfirvöldin, sem um er að ræða, skulu samþykkja reglurnar og skulu þær a.m.k. fela í sér:

1) áhættumat,

2) fræðilega samantekt og mat til þess að færa sönnur á að útgáfa heilbrigðisvottorðs á grundvelli rannsóknarreglna myndi ekki tefla í tvísýnu að réttinda skírteinis væri neytt með öruggum hætti,

3) ítarlegar viðmiðanir fyrir val á flugmönnum, sem leyft er að gangast undir reglurnar,

4) takmarkanir þær sem verða áritaðar á heilbrigðisvottorðið,

5) verklag fyrir eftirlit sem hlutaðeigandi lögbær yfirvöld munu hrinda í framkvæmd,

6) ákvörðun endapunkta fyrir uppsögn reglnanna.

e) Reglurnar skulu vera í samræmi við viðeigandi siðareglur.

f) Neyting handhafa skírteina með heilbrigðisvottorð, sem gefin eru út á grundvelli reglnanna, á þeim réttindum sem fylgja þeim

skal takmarkast við flug í loftförum sem skráð eru í aðildarríkjunum sem vinna að rannsóknarreglunum. Þessi takmörkun skal koma fram á heilbrigðisvottorðinu.

g) Lögbæra yfirvaldið sem tekur þátt skal:

1) láta Flugöryggistofnuninni í té:

i. rannsóknarreglurnar áður en þeim er hrint í framkvæmd,

ii. upplýsingar og starfsréttindi tilnefndra tengiliða hvers lögbærs yfirvalds sem er þátttakandi,

iii. skjalfestar skýrslur um reglulegt mat á skilvirkni þeirra,

2) láta fluglæknasetrum og fluglæknum innan lögsögu þeirra í té upplýsingar um reglurnar áður en þeim er hrint í framkvæmd, þeim til upplýsingar.‘

4) Í stað I. viðbætis komi eftirfarandi:

‚*I. VIÐBÆTIR*

FLUGLIÐASKÍRTEINI

Flugliðaskírteini, sem aðildarríki gefur út í samræmi við FCL-hluta, skal vera í samræmi við eftirfarandi forskriftir:

a) Innihald. Það atriðisnúmer sem sýnt er skal alltaf prenta í tengslum við fyrirsögn atriðis. Atriði I til XI eru ‚föst atriði‘ og atriði XII til XIV eru ‚breytileg‘ atriði sem mega koma fram á aðskildum eða aðskiljanlegum hlutum aðaleyðublaðsins. Allir aðskildir eða aðskiljanlegir hlutar skulu vera auðþekkjanlegir sem hluti af skírteininu.

1) Föst atriði:

I. Útgáfuríki skírteinis.

II. Titill skírteinis.

III. Raðnúmer skírteinisins sem hefst með landakóða SÞ fyrir útgáfuríki skírteinisins og þar á eftir kemur ‚FCL‘ og svo talna- og/eða bókstafakóði með arabískum tölum og latnesku letri.

IV. Nafn skírteinishafa (með latnesku letri, þótt letur þjóðtungunnar sé annað).

IVa. Fæðingardagur og -ár.

V. Heimilisfang skírteinishafa.

VI. Ríkisfang skírteinishafa.

VII. Undirskrift skírteinishafa.

VIII. Lögbært yfirvald og, ef nauðsyn krefur, skilyrði fyrir útgáfu skírteinis.

IX. Vottorð um gildi og leyfi fyrir þeim réttindum sem veitt eru.

X. Undirskrift fulltrúans, sem gefur skírteinið út, og útgáfudagur.

XI. Innsigli eða stimpill lögbæra yfirvaldsins.

2) Breytileg atriði

XII. Áritanir og vottorð: flokkur, tegund, kennaravottorð, o.s.frv., ásamt síðasta gildisdegi. Talstöðvaréttindi (R/T) mega koma fram á skírteiniseyðublaðinu eða á sérstöku skírteini.

XIII. Athugasemdir: þ.e. sérstakar áritanir er varða takmarkanir og áritanir er varða réttindi, þ.m.t. skráning tungumálakunnáttu, áritanir fyrir loftför í II. viðauka sem notuð eru í flutningaflugi.

XIV. Aðrar upplýsingar sem lögbæra yfirvaldið gerir kröfu um (t.d. fæðingarstaður/upprunastaður).

b) Efni. Pappírinn eða annað efni sem notað er á að koma í veg fyrir eða sýna auðveldlega allar breytingar eða ef eitthvað hefur verið afmáð. Allt sem fært er inn eða afmáð skal greinilega leyft af lögbæra yfirvaldinu.

c) Tungumál. Skírteini skulu rituð á þjóðtungunni og á ensku og öðrum tungumálum sem lögbæra yfirvaldið telur viðeigandi.

Kápa

Heiti lögbærs yfirvalds og merki (Enska og önnur tungumál sem lögbæra yfirvaldið ákveður) EVRÓPUSAMBANDIÐ (Aðeins enska) FLUGLIÐASKÍRTEINI (Enska og önnur tungumál sem lögbæra yfirvaldið ákveður) Gefið út í samræmi við FCL-hluta Þetta skírteini uppfyllir staðla Alþjóðaflugmála-stofnunarinnar, að undanskildum réttindum vegna flugmannsskírteina fyrir létt loftför og blindflugs-áritana í flugleið (Enska og önnur tungumál sem lögbæra yfirvaldið ákveður) EASA-eyðublað nr. 141, 2. útgáfa		Kröfur „Evrópusambandið“ falli brott fyrir ríki utan ESB Stærð hverrar blaðsíðu skal vera einn áttundi af A4

Bls. 2

I	**Útgáfuríki**		Kröfur
III	**Skírteinisnúmer**		Raðnúmer skírteinis byrjar alltaf á landskóða SÞ fyrir útgáfuríki skírteinisins og þar á eftir kemur „.FCL.“
IV	**Eftirnafn og fornafn skírteinishafa**		
IVa	**Fæðingardagur og -ár** (sjá leiðbeiningar)		Nota skal staðlað snið dagsetninga, dd/mm/áááá að fullu.
XIV	**Fæðingarstaður**		
V	**Heimilisfang skírteinishafa:** Gata, borg, svæði, póstnúmer		
VI	**Ríkisfang**		
VII	**Undirskrift skírteinishafa**		
VIII	**Útgáfuyfirvöld** T.d.: Þetta atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar er gefið út á grundvelli atvinnuflugmannsskírteinis sem gefið er út af ... (þriðja land) ...		
X	**Undirskrift fulltrúans sem gefur skírteinið út og útgáfudagur**		
XI	**Innsigli eða stimpill útgáfuyfirvalda**		

Bls. 3

II	**Titill skírteinis, fyrsti útgáfudagur og landskóði**		Skammstafanir, sem notaðar eru, skulu vera þær sömu og notaðar eru í FCL-hluta (t.d. PPL(H), ATPL(A) o.s.frv.). Nota skal staðlað snið dagsetninga, dd/mm/áááá að fullu.
IX	**Gildistími:** Réttinda skírteinisins skal aðeins neyta ef handhafi hefur gilt heilbrigðisvottorð fyrir viðkomandi réttindi. Persónuskilríki með ljósmynd skulu höfð meðferðis til þess að bera megi kennsl á skírteinishafa.		Þetta er ekki tiltekið skjal en utan útgáfuríkis skírteinis nægir vegabréf.
XII	**Talfjarskiptaréttindi:** Handhafi þessa skírteinis hefur sýnt fram á hæfni til að nota talfjarskiptabúnað um borð í loftfari á ... (tilgreina tungumál).		
XIII	**Athugasemdir:** Tungumálakunnátta: (tungumál/stig/gildisdagur)		Allar viðbótarupplýsingar er varða skírteini og réttindi, sem mælt er fyrir um af Alþjóðaflugmálastofnun eða í tilskipunum/reglugerðum EB eða ESB, skulu skráðar hér. Áritun/áritanir um tungumálakunnáttu, stig og gildisdagur skulu einnig tilgreind. Ef um er að ræða flugmannsskírteini fyrir létt loftför: Flugmannsskírteini fyrir létt loftför sem er ekki gefið út í samræmi við staðal Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

Viðbótarblaðsíður - kröfur

Bls. 1, 2 og 3 í skírteininu skulu vera í samræmi við sniðið sem sett er fram í sýnishorninu í þessum lið. Lögbært yfirvald skal setja inn sérsniðnar blaðsíður með töflum sem skulu a.m.k. fela í sér eftirfarandi upplýsingar:

— Áritanir, vottorð, viðbótarréttindi og réttindi

— Lok gildistíma áritana, sem og réttinda kennara og prófdómara

— Dagsetning færni- eða hæfniprófs

— Athugasemdir og takmarkanir (starfrækslutakmarkanir)

— Reiti fyrir númer vottorðs prófdómara og/eða kennara og undirskrift, eftir því sem við á

— Skammstafanir.

Viðbótarblaðsíðurnar eru ætlaðar til notkunar fyrir lögbært yfirvald eða kennara eða prófdómara með sérstakt leyfi.

Lögbært yfirvald skal færa inn fyrstu útgáfu áritana eða vottorða. Lögbæru yfirvaldi eða kennurum eða prófdómurum með sérstakt leyfi er heimilt að færa inn framlengingu eða endurnýjun áritana eða vottorða.

Starfrækslutakmarkanir skulu færðar inn í ‚Athugasemdir og takmarkanir' hjá viðeigandi takmörkuðum réttindum, t.d. færnipróf vegna blindflugsáritunar, sem tekið er með aðstoðarflugmanni, kennsluréttindi takmörkuð við eina tegund loftfars.

Lögbæru yfirvaldi er heimilt að fjarlægja úr skírteininu áritanir sem ekki eru í gildi.'

5) Í II. viðbæti, sem ber yfirskriftina ‚Staðlað snið EASA-eyðublaðs um staðfestingar öryggis- og þjónustuliða' er 9. atriði leiðbeininganna breytt sem hér segir:

‚Atriði 9: Sé lögbæra yfirvaldið útgáfuaðili skal færa inn heitið ‚lögbært yfirvald' og opinbert innsigli, stimpil eða kennimerki. Lögbæru yfirvaldi er, í þessu tilviki, eingöngu heimilt að ákveða hvort opinbert innsigli þess, stimpill eða kennimerki skuli einnig fært inn undir atriði 8.'

V. VIÐAUKI

Í VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 bætist eftirfarandi c-liður við ORA.GEN.200:

„c) Þrátt fyrir a-lið geta fyrirtæki, sem annast aðeins flugþjálfun fyrir flugmannsskírteini fyrir létt loftför, einkaflugmannsskírteini, skírteini svifflugmanns eða flugmannsskírteini fyrir loftbelgi og tengdar áritanir og vottorð, uppfyllt kröfurnar um stjórnun öryggisáhættu og eftirlit með vöktun, sem skilgreint er í 3. lið a-liðar og 6. lið a-liðar, með skipulagsrýni sem fara skal fram a.m.k. einu sinni á hverju almanaksári. Fyrirtækið skal tilkynna lögbæru yfirvaldi um niðurstöður þessarar úttektar án ástæðulausrar tafar.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1361/2014 **2015/EES/63/23**

frá 18. desember 2014

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlega reikningsskilastaðla, IFRS-staðla 3 og 13, og alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS-staðal 40 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla ([1]), einkum 1. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 ([2]) voru innleiddir tilteknir alþjóðlegir staðlar og túlkanir sem voru fyrir hendi 15. október 2008.

2) Hinn 12. desember 2013 gaf Alþjóðareikningsskilaráðið út árlegar endurbætur á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum tímabilið 2011-2013 („árlegu endurbæturnar“) innan rammans um reglulegt endurbótaferli sitt sem miðar að því að einfalda og skýra staðlana. Markmið árlegu endurbótanna er að taka á nauðsynlegum málefnum, sem eru þó ekki áríðandi, sem Alþjóðareikningsskilaráðið ræddi á verkefnatímabilinu, sem hófst árið 2011, um svið þar sem ósamræmi er á milli alþjóðlegra reikningsskilastaðla eða þar sem þörf er á nánari skýringum á orðalagi. Breytingar á IFRS-staðli 3 og 13 eru skýringar eða leiðréttingar á viðkomandi stöðlum. Breytingar á alþjóðlegum reikningsskilastaðli (IAS-staðli) 40 fela í sér breytingar á gildandi kröfum eða viðbótarleiðbeiningum um framkvæmd á þessum kröfum.

3) Þessar breytingar á gildandi stöðlum innihalda einhverjar tilvísanir í IFRS-staðal 9 sem er ekki hægt að beita sem stendur þar sem Sambandið hefur enn ekki samþykkt IFRS-staðal 9. Því ætti að lesa sérhverja tilvísun í IFRS-staðal 9, eins og mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð, sem tilvísun í IAS-staðal 39, fjármálagerningar: færsla og mat.

4) Með samráði við hóp tæknisérfræðinga Evrópsku ráðgjafarnefndarinnar um reikningsskil er það staðfest að endurbæturnar uppfylli tæknilegu skilyrðin fyrir innleiðingu sem eru sett fram í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002.

5) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1126/2008 til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stýrinefndarinnar um reikningsskil.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1126/2008 er breytt sem hér segir:

a) IFRS-staðli 3, sameining fyrirtækja, er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð,

b) IFRS-staðli 13, gangvirðismat, er breytt í samræmi viðaukann við þessa reglugerð,

c) IAS-staðli 40, fjárfestingareignir, er breytt í samræmi viðaukann við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 365, 19.12.2014, bls. 120. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 171/2015 frá 11. júní 2015 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 frá 3. nóvember 2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 (Stjtíð. ESB L 320, 29.11.2008, bls. 1).

2. Sérhverja tilvísun í IFRS-staðal 9, eins og mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð, ber að lesa sem tilvísun í IAS-staðal 39, fjármálagerningar: færsla og mat.

2. gr.

Félög skulu beita breytingunum, sem vísað er til í 1. mgr. 1. gr., eigi síðar en frá og með upphafsdagsetningu fyrsta fjárhagsárs þeirra sem hefst tiltekinn dag eða síðar [fyrsta dag næsta mánaðar eftir að þessi reglugerð þessi öðlast gildi].

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. desember 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Árlegar endurbætur á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) 2011-2013 ([3])

Breyting á IFRS-staðli 3, sameining fyrirtækja

Ákvæðum 2. liðar er breytt og lið 64J er bætt við.

GILDISSVIÐ

2 Þessi IFRS-staðall á við um viðskipti eða annan atburð sem fellur að skilgreiningu á sameiningu fyrirtækja. Þessi IFRS-staðall gildir ekki um:

a) meðferð í reikningsskilum vegna gerðar sameiginlegs fyrirkomulags að því er varðar sameiginlega fyrirkomulagið sjálft.

b) ...

Gildistökudagur

…

64J Með árlegum endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum 2011-2013, sem voru gefnar út í desember 2013, var gerð breyting á a-lið 2. liðar. Eining skal beita þessari breytingu framvirkt að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. júlí 2014 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Ef eining beitir þeirri breytingu að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

Breyting á IFRS-staðli 13, gangvirðismat

Ákvæðum 52. liðar er breytt og lið C4 er bætt við.

Notkun á fjáreignum og fjárskuldbindingum með stöður sem jafna hver aðra út í markaðsáhættu eða mótaðilaáhættu

…

52 Undanþágan í 48. lið gildir aðeins um fjáreignir, fjárskuldbindingar og aðra samninga innan gildissviðs IAS-staðals 39, fjármálagerningar: færsla og mat, eða IFRS-staðals 9, fjármálagerningar. Færsla og mat, eða IFRS-staðals 9, fjármálagerningar. Leggja ætti þann skilning í tilvísanir til fjáreigna og fjárskuldbindinga í 48.-51. lið og 53.-56. lið að þær eigi við um alla samninga innan gildissviðs IAS-staðals 39 eða IFRS-staðals 9 og eru færðir í samræmi við þá án tillits til þess hvort þeir samræmast skilgreiningum á fjáreignum eða fjárskuldbindingum í IAS-staðli 32, fjármálagerningar: framsetning. Framsetning.

…

Viðbætir C

Gildistökudagur og bráðabirgðaákvæði

…

C4 Með árlegum endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum 2011-2013, sem voru gefnar út í desember 2013, var 52. lið breytt. Eining skal beita þessari breytingu að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. júlí 2014 eða síðar. Eining skal beita þessari breytingu framvirkt frá upphafi árlega tímabilsins þegar IFRS-staðli 13 var fyrst beitt. Fyrri beiting er heimil. Ef eining beitir þeirri breytingu að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

Breyting á IAS-staðli 40, fjárfestingareignir

Fyrirsögn er bætt við á undan 6. lið. Lið 14A er bætt við. Á eftir 84. lið er nýrri fyrirsögn og lið 84A og 85D bætt við.

Flokkun eignar sem fjárfestingareignar eða fasteignar sem eigandi nýtir

6 Flokka má og færa hlutdeild í eign, sem leigutaki hefur á fjármögnunarleigu, sem fjárfestingareign þá og því aðeins að eignin falli að öðru leyti að skilgreiningu á fjárfestingareign og leigutaki noti gangvirðislíkanið, sem sett er fram í 33.-55. lið, á eignina sem er færð. Þessi flokkunarvalmöguleiki er tiltækur miðað við hverja eign fyrir sig. Þegar þessi

([3]) „Afritun er heimil á Evrópska efnahagssvæðinu. Allur gildandi réttur utan EES er áskilinn, að frátöldum rétti til afritunar til einkanota eða annarra nota sem sanngjörn mega teljast. Nánari upplýsingar fást hjá Alþjóðareikningsskilaráðinu (IASB) á www.iasb.org“

flokkunarvalmöguleiki er valinn fyrir eina slíka eignarhlutdeild sem er á fjármögnunarleigu skal þó færa allar eignir, sem flokkaðar eru sem fjárfestingareignir, með því að nota gangvirðislíkanið. Þegar þessi flokkunarvalmöguleiki er valinn er öll hlutdeild, sem flokkuð er með þeim hætti, tekin með í upplýsingunum sem gerð er krafa um í 74.-78. lið.

…

14 Það fer eftir mati, sem byggist á dómgreind, hvort eign uppfyllir skilyrði sem fjárfestingareign. Hjá einingu eru þróaðar viðmiðanir svo að hún geti beitt mati á samræmdan hátt í samræmi við skilgreiningu á fjárfestingareign og með tilheyrandi leiðbeiningum í 7. til 13. lið. Í ákvæðum c-liðar 75. liðar er gerð sú krafa að eining greini frá þessum viðmiðunum þegar flokkunin er vandasöm.

14A Einnig er þörf á mati, sem byggist á dómgreind, til að ákvarða hvort kaup á fjárfestingareign eru kaup á eign eða flokki eigna eða sameining fyrirtækja í skilningi IFRS--staðals 3, sameining fyrirtækja. Vísa ætti til IFRS-staðals 3 til að ákvarða hvort um sameiningu fyrirtækja sé að ræða. Umfjöllunin í 7.-14. lið í þessum staðli tengist því hvort eign er eign sem eigandi nýtir eða fjárfestingareign eða ekki en tengist því ekki að ákvarða hvort kaup á eign er sameining fyrirtækja samkvæmt skilgreiningu í IFRS-staðli 3 eða ekki. Til að komast að niðurstöðu um hvort tiltekin viðskipti samræmast skilgreiningunni á sameiningu fyrirtækja, samkvæmt skilgreiningu í IFRS-staðli 3 og feli í sér fjárfestingareign, samkvæmt skilgreiningu í þessum staðli er nauðsynlegt að beita báðum stöðlum hvorum í sínu lagi.

…

Umbreytingarákvæði

…

Kostnaðarverðslíkan

…

Sameining fyrirtækja

84A Með *árlegum endurbótum 2011-2013*, sem gefnar voru út í desember 2013, var lið 14A bætt við og fyrirsögn á undan lið 6. Eining skal beita þessari breytingu framvirkt, að því er varðar kaup á fjárfestingareignum, frá upphafi fyrsta tímabilsins sem það samþykkir umrædda breytingu fyrir. Af því leiðir að ekki skal aðlaga reikningsskilameðferð vegna kaupa á fjárfestingareignum á fyrri tímabilum. Hins vegar er einingu heimilt að velja að beita breytingunni gagnvart einstökum kaupum á fjárfestingareignum, sem áttu sér stað fyrir upphaf fyrsta árlega tímabilsins, sem var við eða eftir gildistökudaginn, þá og því aðeins að upplýsingar sem þarf til að beita breytingunni gagnvart þessum fyrri viðskiptum séu tiltækar fyrir eininguna.

GILDISTÖKUDAGUR

…

85D Með árlegum endurbótum 2011-2013, sem gefnar voru út í desember 2013, var bætt við fyrirsögnum á undan lið 6 og á eftir lið 84 og liðum 14A og 84A var bætt við. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. júlí 2014 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Beiti eining þessum breytingum fyrir fyrra tímabil skal hún greina frá því.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/28 **2015/EES/63/24**

frá 17. desember 2014

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlega reikningsskilastaðla, IFRS-staðla 2, 3 og 8, og alþjóðlega reikningsskilastaðla, IAS-staðla 16, 24 og 38 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla ([1]), einkum 1. mgr. 3. gr,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 ([2]) voru innleiddir tilteknir alþjóðlegir staðlar og túlkanir sem voru fyrir hendi 15. október 2008.

2) Hinn 12. desember 2013 gaf Alþjóðareikningsskilaráðið út Árlegar endurbætur á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum fyrir tímabilið 2010-2012 („árlegu endurbæturnar“), innan rammans um reglulegt endurbótaferli sitt sem miðar að því að einfalda og skýra staðlana. Markmið árlegu endurbótanna er að taka á nauðsynlegum málefnum, sem eru þó ekki áríðandi, sem Alþjóðareikningsskilaráðið ræddi á verkefnatímabilinu, sem hófst árið 2010, um svið þar sem ósamræmi er í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum eða þar sem þörf er á nánari skýringum á orðalagi. Breytingar á alþjóðlegum reikningsskilastaðli (IFRS) 8 og alþjóðlegum reikningsskilastaðli (IAS) 16, 24 og 38 eru til skýringar eða leiðréttingar á viðkomandi staðli. Breytingar á IFRS-staðli 2 og IFRS-staðli 3 fela í sér breytingar á gildandi kröfum eða viðbótarleiðbeiningum um framkvæmd á þessum kröfum.

3) Breytingar á IFRS-staðli 3 fela þess vegna í sér breytingar á IAS-staðli 37 og IAS-staðli 39 til að tryggja að samræmi sé á milli alþjóðlegra reikningsskilastaðla.

4) Þessar breytingar á gildandi stöðlum innihalda einhverjar tilvísanir í IFRS-staðal 9, sem er ekki hægt að beita sem stendur, þar sem Sambandið hefur enn ekki samþykkt IFRS-staðal 9. Því ætti að lesa sérhverja tilvísun í IFRS-staðal 9, eins og mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð, sem tilvísun í IAS-staðal 39, fjármálagerninga: færsla og mat.

5) Með samráði við hóp tæknisérfræðinga Evrópsku ráðgjafarnefndarinnar um reikningsskil er það staðfest að endurbæturnar uppfylli tæknilegu skilyrðin fyrir innleiðingu sem eru sett fram í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002.

6) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1126/2008 til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stýrinefndarinnar um reikningsskil.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 5, 9.1.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 171/2015 frá 11. júní 2015 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 frá 3. nóvember 2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 (Stjtíð. ESB L 320, 29.11.2008, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1126/2008 er breytt sem hér segir:

a) IFRS-staðli 2, *eignarhlutatengd greiðsla*, er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð,

b) IFRS-staðli 3, *sameining fyrirtækja*, er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð,

c) IFRS-staðli 8, *starfsþættir*, er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð,

d) IAS-staðli 16, *varanlegir rekstrarfjármunir*, er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð,

e) IAS-staðli 24, *upplýsingar um tengda aðila*, er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð,

f) IAS-staðli 38, *óefnislegar eignir*, er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð,

g) IAS-staðli 37, *reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir og* IAS-staðli 39*, fjármálagerningar: færsla og mat,* er breytt í samræmi við breytingarnar á IFRS-staðli 3 eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. Sérhverja tilvísun í IFRS-staðal 9, eins og mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð, ber að lesa sem tilvísun í IAS-staðal 39, *fjármálagerningar: færsla og mat*.

2. gr.

Félög skulu beita breytingunum, sem vísað er til í 1. mgr. 1. gr., eigi síðar en frá og með upphafsdegi fyrsta fjárhagsárs þeirra sem hefst 1. febrúar 2015 eða síðar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. desember 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Árlegar endurbætur á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) 2010-2012 ([3])

Breyting á IFRS-staðli 2, *eignarhlutatengd greiðsla*

Ákvæðum 15. og 19. liðar er breytt og lið 63B er bætt við.

Viðskipti þar sem þjónusta er móttekin

…

15 Ef veittir eiginfjárgerningar ávinnast ekki fyrr en mótaðilinn lýkur ákveðnu starfstímabili skal einingin líta svo á að þjónustan sem mótaðilinn skal inna af hendi sem endurgjald fyrir þessa eiginfjárgerninga verði móttekin síðar á ávinnslutímabilinu. Einingin skal færa þessa þjónustu er mótaðilinn innir hana af hendi á ávinnslutímabilinu með tilsvarandi aukningu eigin fjár. Til dæmis:

a) …

b) ef starfsmanni er veittur eignarhlutavalréttur sem er háður því að starfsmaður uppfylli skilyrði um frammistöðu og hann haldi áfram störfum í einingunni þar til hann hefur uppfyllt skilyrðið um frammistöðu og lengd ávinnslutímabilsins er misjafnlega löng, og lengd þess er háð því hvenær skilyrðið um frammistöðu er uppfyllt, skal einingin líta svo á að þjónustan, sem starfsmaðurinn skal inna af hendi sem endurgjald fyrir valréttinn, verði móttekin síðar á ávinnslutímabilinu. …

Meðferð ávinnsluskilyrða

19 Veiting eiginfjárgerninga getur verið háð því að ákveðin ávinnsluskilyrði séu uppfyllt. Veiting hlutabréfa eða eignarhlutavalréttar til starfsmanns er t.d. yfirleitt háð því skilyrði að starfsmaðurinn haldi áfram störfum fyrir einingunа í ákveðinn tíma. Verið getur að uppfylla þurfi skilyrði um frammistöðu, t.d. að einingin þurfi að ná ákveðinni hagnaðaraukningu eða ákveðinni hækkun á verði á hlutabréfum einingarinnar. Ekki skal taka mið af ávinnsluskilyrðum, öðrum en markaðstengdum skilyrðum, við mat á gangvirði hlutabréfanna eða eignarhlutavalrétti á matsdegi. Þess í stað skal taka tillit til ávinnsluskilyrða með því að leiðrétta fjölda eiginfjárgerninga sem tekinn er með í mati á fjárhæð viðskiptanna, svo að upphæðin sem að lokum er færð fyrir vörur og þjónustu, og er móttekin sem endurgjald fyrir veitta eiginfjárgerninga, byggist á fjölda eiginfjárgerninga sem í reynd ávinnst. Þar af leiðandi er engin fjárhæð færð á grundvelli uppsöfnunar fyrir mótteknar vörur eða þjónustu ef veittir eiginfjárgerningar ávinnast ekki vegna þess að ávinnsluskilyrði eru ekki uppfyllt, t.d. ef mótaðilinn lýkur ekki ákveðnu starfstímabili eða ef skilyrði um frammistöðu er ekki uppfyllt, í samræmi við kröfurnar í 21. lið.

…

GILDISTÖKUDAGUR

…

63B Með *Árlegum endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) 2010-2012*, sem voru gefnar út í desember 2013, var gerð breyting á 15. og 19. lið. Í viðbæti A var skilgreiningum á ‚ávinnsluskilyrðum' og ‚markaðsskilyrðum' breytt og skilgreiningum á ‚frammistöðuskilyrðum' og ‚þjónustuskilyrðum' bætt við. Eining skal beita þessari breytingu framvirkt gagnvart eignarhlutatengdum greiðslum sem eru með samningsdag 1. júlí 2014 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Ef eining beitir þeirri breytingu að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

Í viðbæti A er skilgreiningum á ‚markaðsskilyrði' og ‚ávinnsluskilyrði' breytt og skilgreiningum á ‚frammistöðuskilyrði' og ‚þjónustuskilyrði' bætt við.

([3]) ‚Afritun er heimil á Evrópska efnahagssvæðinu. Allur gildandi réttur utan EES er áskilinn, að frátöldum rétti til afritunar til einkanota eða annarra nota sem sanngjörn mega teljast. Nánari upplýsingar fást hjá Alþjóðareikningsskilaráðinu (IASB) á www.iasb.org'

Viðbætir A

Skilgreiningar á hugtökum

Þessi viðbætir er óaðskiljanlegur hluti IFRS-staðalsins.

…

markaðsskilyrði — **Frammistöðuskilyrði** sem nýtingarverð, ávinnsla eða nýtingargeta eiginfjárgernings er háð og tengist markaðsverði (eða virði) **eiginfjárgerninga** einingar (eða eiginfjárgerninga annarrar einingar í sömu samstæðu), s.s.:

a) að ná tilgreindu gengi hlutabréfa eða tilgreindri fjárhæð **innra virðis hlutabréfavalréttar** eða

b) að ná tilgreindu marki, sem er byggt á markaðsverði (eða virði) **eiginfjárgerning** einingarinnar (eða eiginfjárgerninga annarrar einingar í sömu samstæðu) sem tengist vísitölu markaðsverðs **eiginfjárgerninga** annarra eininga.

Markaðsskilyrði gerir kröfu um að mótaðili ljúki tilgreindu þjónustutímabili (þ.e. **þjónustuskilyrði**), þjónustukrafan getur verið ótvíræð eða undirskilin.

…

frammistöðuskilyrði — **Ávinnsluskilyrði** sem gerir kröfu um:

a) að mótaðilinn ljúki tilgreindu þjónustutímabili (þ.e. **þjónustuskilyrði**), þjónustukrafan getur verið ótvíræð eða undirskilin og

b) að uppfylla skuli tilgreint/tilgreind frammistöðumarkmið meðan að mótaðilinn veitir þjónustuna sem gerð er krafa um í a-lið.

Tímabilið til að ná frammistöðumarkmiðinu/-unum:

a) skal ekki vera lengra en sem nemur lokum þjónustutímabilsins og

b) getur hafist áður en þjónustutímabilið hefst með því skilyrði að upphafsdagsetning frammistöðumarkmiðsins sé ekki umtalsvert fyrr en upphaf þjónustutímabilsins.

Frammistöðumarkmið er skilgreint með vísun í:

a) eigin rekstur (eða starfsemi) einingarinnar eða rekstur eða starfsemi annarrar einingar í sömu samstæðu (þ.e. ómarkaðstengt skilyrði) eða

b) verð (eða virði) **eiginfjárgerninga** einingarinnar eða eiginfjárgerninga annarrar einingar í sömu samstæðu (þ.m.t. hlutabréf og **hlutabréfavalréttur**) (þ.e. **markaðsskilyrði**).

Frammistöðumarkmið getur tengst annaðhvort frammistöðu einingarinnar sem heildar eða einhverjum hluta einingarinnar (eða hluta samstæðunnar) s.s. deild eða einstökum starfsmanni.

…

þjónustuskilyrði — **Ávinnsluskilyrði** sem gerir kröfu um að mótaðilinn ljúki tilgreindu þjónustutímabili en meðan á því stendur er þjónusta veitt einingunni. Ef mótaðilinn hætti að veita þjónustu meðan á **ávinnslutímabilinu** stendur, hver sem ástæða þess er, mistekst honum að uppfylla skilyrðið. Þjónustuskilyrði útheimtir ekki að frammistöðumarkmiði sé náð.

…

ávinnsluskilyrði — Skilyrði sem ákvarðar hvort einingin tekur við þjónustu, sem veitir mótaðila rétt til að fá handbært fé, aðrar eignir eða **eiginfjárgerninga** einingarinnar samkvæmt **eignarhlutatengdu greiðslufyrirkomulagi**. Ávinnsluskilyrði er annaðhvort **þjónustuskilyrði** eða **frammistöðuskilyrði**.

Breyting á IFRS-staðli 3, *sameining fyrirtækja*

Breyting er gerð á 40. og 58. lið og lið 64I og 67A og viðeigandi fyrirsögn er bætt við.

Óvissar greiðslur

…

40 Kaupandinn skal flokka skuldbindingu um að greiða óvissa greiðslu, sem uppfyllir skilgreininguna á fjármálagerningi, sem fjárskuldbindingu eða sem eigið fé á grundvelli skilgreininga á eiginfjárgerningi og fjárskuldbindingu í 11. lið IAS-staðli 32, *fjármálagerningar: framsetning. Framsetning.* Yfirtökuaðili skal flokka réttinn til að skila áður yfirfærðu endurgjaldi sem eign ef tiltekin skilyrði eru uppfyllt. Ákvæði 58. liðar veita leiðbeiningar um síðari reikningsskil vegna óvissra greiðslna.

…

Óvissar greiðslur

58 Sumar breytingar á gangvirði óvissrar greiðslu, sem yfirtökuaðili færir eftir yfirtökudag, kunna að vera afleiðingar viðbótar-upplýsinga sem yfirtökuaðili fær eftir þann dag varðandi staðreyndir og aðstæður sem voru á yfirtökudegi. Slíkar breytingar eru leiðréttingar á matstímabili í samræmi við 45.-49. lið. Þó eru breytingar sem verða vegna atburða eftir yfirtökudag, s.s. að uppfylla markmið um tekjur, ná tilteknu hlutabréfaverði eða ná markmiðum rannsóknar- og þróunarverkefnis, ekki leiðréttingar á matstímabili. Yfirtökuaðili skal færa breytingar á gangvirði óvissrar greiðslu sem ekki eru leiðréttingar á matstímabilinu sem hér segir:

a) …

b) Önnur óviss greiðsla sem:

i. er innan gildissviðs IFRS-staðals 9 skal metin á gangvirði á sérhverjum reikningsskiladegi og færa skal breytingar á gangvirði í rekstrarreikning í samræmi við IFRS-staðal 9.

ii. er ekki innan gildissviðs IFRS-staðals 9 skal metin á gangvirði á sérhverjum reikningsskiladegi og færa skal breytingar á gangvirði í rekstrarreikning.

…

Gildistökudagur

…

64I Með Árlegum endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) 2010-2012, sem voru gefnar út í desember 2013, voru gerðar breytingar á 40. og 58. lið og lið 67A bætt við og viðeigandi fyrirsögn. Eining skal beita þessari breytingu í framtíðinni gagnvart sameiningu fyrirtækja sem eru með yfirtökudagsetningu 1. júlí 2014 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Eining getur beitt breytingunni fyrr að því tilskildu að IFRS-staðli 9 og IAS-staðli 37 (eins og báðum var breytt með Árlegum endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) 2010-2012 hafi einnig verið beitt. Ef eining beitir þeirri breytingu fyrr skal hún greina frá því.

…

TILVÍSANIR Í IFRS-STAÐAL 9

67A Beiti eining þessum IFRS-staðli þótt hún beiti ekki enn IFRS-staðli 9 ætti að lesa tilvísanirnar í IFRS-staðal 9 sem tilvísanir í IAS-staðal 39.

Breytingar á öðrum stöðlum sem leiða af breytingunum á IAS-staðli 3

Breyting á IFRS-staðli 9, fjármálagerningar (gefinn út í nóvember 2009)

Lið 5.4.4. er breytt og lið 8.1.4 er bætt við.

Fjárfesting í eiginfjárgerningum

5.4.4. Við upphafsfærslu getur eining valið með óafturkræfum hætti að setja fram í annarri heildarafkomu síðari breytingar á gangvirði fjárfestingar í eiginfjárgerningi innan gildissviðs þessa IFRS-staðals, sem ekki er í veltuviðskiptum og er heldur ekki óviss greiðsla kaupanda í sameiningu fyrirtækja sem IFRS-staðall 3, *sameining fyrirtækja*, á við um.

…

8.1 GILDISTÖKUDAGUR

…

8.1.4. Með Árlegum endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) 2010-2012, sem gefnar voru út í desember 2013, voru gerðar breytingar á lið 5.4.4, sem leiða af breytingunni á IFRS-staðli 3. Eining skal beita þessari breytingu framvirkt gagnvart sameiningu fyrirtækja sem breytingin á IFRS-staðli 3 á við um.

Breyting á IFRS-staðli 9, fjármálagerningar (gefinn út í október 2010)

Lið 4.2.1 og 5.7.5 er breytt og lið 7.1.4 er bætt við.

4.2 Flokkun fjárskuldbindinga

4.2.1. Eining skal flokka allar fjárskuldbindingar sem mældar síðar á afskrifuðu kostnaðarverði með því að nota *aðferð virkra vaxta*, nema eftirfarandi:

a) ...

e) óvissa greiðslu kaupanda í sameiningu fyrirtækja sem IFRS-staðall 3, *sameining fyrirtækja*, á við um. Mæla skal slíka óvissa greiðslu í kjölfarið á gangvirði.

...

Fjárfesting í eiginfjárgerningum

5.7.5. Við upphafsfærslu getur eining valið með óafturkræfum hætti að setja fram í annarri heildarafkomu síðari breytingar á gangvirði fjárfestingar í eiginfjárgerningi innan gildissviðs þessa IFRS-staðals, sem ekki er í *veltuviðskiptum* og er heldur ekki óviss greiðsla kaupanda í sameiningu fyrirtækja sem IFRS-staðall 3 á við um.

…

7.1 GILDISTÖKUDAGUR

…

7.1.4. Í *Árlegum endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) 2010-2012*, gefnum út í desember 2013, var gerð breyting á lið 4.2.1 og 5.7.5, sem er breyting sem leiðir af breytingunni á IFRS-staðli 3. Eining skal beita þessari breytingu framvirkt gagnvart sameiningu fyrirtækja sem breytingin á IFRS-staðli 3 á við um.

Breyting á IAS-staðli 37, reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir

Ákvæðum 5. liðar er breytt og 99. lið er bætt við.

GILDISSVIÐ

…

5 Þegar annar staðall nær til sérstakrar tegundar reiknaðrar skuldbindingar, óvissrar skuldar eða óvissrar eignar, beitir eining þeim staðli í stað þessa staðals. Einnig er t.d. fjallað um nokkrar tegundir reiknaðra skuldbindinga í stöðlum er varða:

a) …

d) starfskjör (sjá IAS-staðal 19, starfskjör),

e) vátryggingasamningar (sjá IFRS-staðal 4, *vátryggingasamningar*). Þessi staðall gildir þó um reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir vátryggjanda aðrar en þær sem verða til vegna samningsbundinna skyldna og réttinda hans samkvæmt vátryggingasamningum innan gildissviðs IFRS-staðals 4 og

f) óvissar greiðslur yfirtökuaðila vegna sameiningar fyrirtækja (sjá IFRS-staðal 3, *sameining fyrirtækja*).

…

GILDISTÖKUDAGUR

…

99 Í *Árlegum endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) 2010-2012*, gefnum út í desember 2013, var breytt lið 5, sem er breyting sem leiðir af breytingunni á IFRS-staðli 3. Eining skal beita þessari breytingu framvirkt gagnvart sameiningu fyrirtækja sem breytingin á IFRS-staðli 3 á við um.

Breyting á IAS-staðli 39, fjármálagerningar: færsla og mat ([4])

Ákvæðum 9. liðar er breytt og lið 108F er bætt við.

Skilgreiningar

...

9 Í þessum staðli er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

…

Skilgreiningar á fjórum flokkum fjármálagerninga

***Fjáreign eða fjárskuld á gangvirði í gegnum rekstrarreikning* er fjáreign eða fjárskuld sem uppfyllir eitthvert eftirfarandi skilyrða.**

a) …

aa) Það er óviss greiðsla kaupanda í sameiningu fyrirtækja sem IFRS-staðall 3, *sameining fyrirtækja*, á við um.

b) …

GILDISTÖKUDAGUR OG BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

…

108F Í *Árlegum endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) 2010-2012*, gefnar út í desember 2013, var breytt lið 9, sem er breyting sem leiðir af breytingunni á IFRS-staðli 3. Eining skal beita þessari breytingu framvirkt gagnvart sameiningu fyrirtækja sem breytingin á IFRS-staðli 3 á við um.

Breyting á IFRS-staðli 8, starfsþættir

Ákvæðum 22. liðar og 28. liðar er breytt og lið 36C er bætt við.

Almennar upplýsingar

22 Eining skal veita eftirfarandi almennar upplýsingar um:

a) þætti sem eru notaðir til að skilgreina frásagnarskylda starfsþætti, þ.m.t. grundvöllur skipulags (t.d. hvort stjórnendur hafa kosið að skipuleggja eininguna m.t.t. mismunandi vöru og þjónustu, landsvæða, lagaumhverfis eða samsetningar þátta og þess hvort starfsþættir hafa verið sameinaðir),

aa) álit stjórnar við beitingu viðmiðana um samsöfnun í 12. lið. Þar á meðal er stutt lýsing á starfsþáttum, sem hafa verið lagðir saman með þessum hætti og hagvísum, sem metnir hafa verið við ákvörðun á því að samanlagðir starfsþættir hafa sambærileg efnahagsleg einkenni og

b) tegundir vöru og þjónustu sem hver frásagnarskyldur starfsþáttur hefur tekjur sínar af.

…

([4]) Með IFRS-staðli 9, fjármálagerningar (útgefinn í október 2010) og IAS-staðli 39, fjármálagerningar: (áhættuvarnarreikningsskil og breytingar á IFRS-staðli 9, IFRS-staðall 7 og IAS-staðli 39) (útgefinn í nóvember 2013) var eytt „Skilgreiningum á fjórum flokkum fjármálagerninga“ í 9. lið í IAS-staðli 39.

Afstemmingar

28 Eining skal stemma af allt eftirfarandi:

a) ...

c) heildarfjárhæð eigna frásagnarskyldra starfsþátta við eignir einingarinnar ef eignir starfsþátta eru tilgreindar í samræmi við 23. lið.

d) ...

AÐLÖGUN OG GILDISTÖKUDAGUR

…

36C Með *Árlegum endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) 2010-2012*, sem voru gefnar út í desember 2013, var 22. og 28. lið breytt. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. júlí 2014 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Eining skal greina frá því ef hún beitir þessum breytingum fyrir fyrra tímabil.

Breyting á IAS-staðli 16, varanlegir rekstrarfjármunir

Ákvæðum 35. liðar er breytt og lið 80A og 81H er bætt við.

Endurmatslíkan

…

35 Við endurmat á varanlegum rekstrarfjármunalið er bókfært verð þeirrar eignar lagfært að endurmetnu fjárhæðinni. Við dagsetningu endurmatsins er farið með eignina á einn af eftirfarandi háttum:

a) vergt bókfært verð er lagfært þannig að það sé í samræmi við endurmat á bókfærðu verði eignarinnar. Sem dæmi er hægt að endurákvarða vergt bókfært verð með hliðsjón af mælanlegum markaðsgögnum eða hægt er að endurákvarða það í hlutfalli við breytingar á bókfærðu verði. Uppsafnaðar afskriftir á endurmatsdegi eru aðlagaðar þannig að þær samsvari mismuninum á heildarbókfærðu verði og bókfærðu verði eignarinnar þegar tekið hefur verið tillit til uppsafnaðs virðisrýrnunartaps eða

b) uppsöfnuðum afskriftum er eytt á móti vergu bókfærðu verði eignarinnar.

Fjárhæð leiðréttingarinnar, sem verður til við endurgerð eða niðurfellingu uppsafnaðra afskrifta, myndar hluta hækkunar eða lækkunar á bókfærðu verði sem er fært í samræmi við 39. og 40. lið.

…

UMBREYTINGARÁKVÆÐI

…

80A Breyting var gerð á 35. lið með *Árlegum endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) 2010-2012*. Eining skal beita þessari breytingu við allt endurmat sem fært er á árleg tímabil sem hefjast á degi upphafsbeitingar þessarar breytingar eða eftir hann og á það árlega tímabil sem var undanfarandi. Eining getur einnig sett fram aðlagaðar samanburðarupplýsingar fyrir tímabil sem sett eru fram en ekki er gerð krafa um að hún geri það. Leggi eining fram óleiðréttar samanburðarupplýsingar fyrir fyrri tímabil skal hún auðkenna óleiðréttu upplýsingarnar með skýrum hætti, tilgreina að þær hafi verið lagðar fram á öðrum grundvelli og gera grein fyrir þeim grundvelli.

GILDISTÖKUDAGUR

…

81H Með *Árlegum endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) 2010-2012*, sem voru gefnar út í desember 2013, var 35. lið breytt og lið 80A bætt við. Eining skal beita þessari breytingu að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. júlí 2014 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Ef eining beitir þeirri breytingu að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

Breytingar á IAS-staðli 24, upplýsingar um tengda aðila

Ákvæðum 9. liðar er breytt og lið 17 A18A og 28C er bætt við.

SKILGREININGAR

9 Í þessum staðli er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

***Tengdur aðili* er aðili eða eining sem er tengd einingunni sem gerir reikningsskil sín (í þessum staðli nefnd „eining sem reikningsskil taka til“).**

a) …

b) Eining er tengd einingu, sem reikningsskilin taka til, ef eitthvert eftirfarandi skilyrða á við:

i. …

viii. Einingin eða sérhver aðili að samstæðu sem hún er hluti af innir af hendi störf lykilstjórnenda fyrir eininguna, sem reikningsskil taka til, eða móðurfélag einingarinnar, sem reikningsskil taka til.

…

Allar einingar

…

17A Ef störf lykilstjórnenda eru innt af hendi fyrir einingu af annarri einingu (‚stjórnunareiningin´) er ekki gerð krafa um að einingin beiti kröfunum í 17. lið gagnvart greiðslunni sem stjórnunareiningin greiðir eða skal greiða starfsmönnum eða stjórnendum stjórnunareiningarinnar.

18 …

18A Upplýsa skal um fjárhæðir sem eining leggur út fyrir að inna af hendi störf lykilstjórnenda, sem koma frá aðskilinni stjórnunareiningu.

…

GILDISTÖKUDAGUR OG BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

…

28C Með *Árlegum endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) 2010-2012*, sem voru gefnar út í desember 2013, var 9. lið breytt og lið 17A og 18 A bætt við. Eining skal beita þessari breytingu að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. júlí 2014 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Ef eining beitir þeirri breytingu að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

Breyting á IAS-staðli 38, óefnislegar eignir

Ákvæðum 80. liðar er breytt og lið 130H–130I er bætt við.

Endurmatslíkan

…

80 Við endurmat á óefnislegri eign er bókfært verð þeirrar eignar lagfært að endurmetnu fjárhæðinni. Við dagsetningu endurmatsins er farið með eignina á einn af eftirfarandi háttum:

a) vergt bókfært verð er lagfært þannig að það sé í samræmi við endurmat á bókfærðu verði eignarinnar. Sem dæmi er hægt að endurákvarða vergt bókfært verð með hliðsjón af mælanlegum markaðsgögnum eða hægt er að endurákvarða það í hlutfalli við breytingar á bókfærðu verði. Uppsafnaðar afskriftir á endurmatsdegi eru aðlagaðar þannig að þær samsvari mismuninum á vergu bókfærðu verði og bókfærðu verði eignarinnar þegar tekið hefur verið tillit til uppsafnaðs virðisrýrnunartaps eða

b) uppsöfnuðum afskriftum er eytt á móti vergu bókfærðu verði eignarinnar.

Fjárhæð leiðréttingarinnar á uppsöfnuðum afskriftum myndar hluta hækkunar eða lækkunar á bókfærðu verði sem er fært í samræmi við 85. og 86. lið.

…

BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI OG GILDISTÖKUDAGUR

…

130H Með *Árlegum endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) 2010-2012*, sem voru gefnar út í desember 2013, var 80. lið breytt. Eining skal beita þessari breytingu að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. júlí 2014 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Ef eining beitir þeirri breytingu að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

130I Eining skal beita breytingunni, sem gerð er með *Árlegum endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) 2010-2012,* við allt endurmat sem fært er á árleg tímabil sem hefjast á degi upphafsbeitingar þessarar breytingar eða eftir hann og á það næstliðið árlegt tímabil. Eining getur einnig sett fram aðlagaðar samanburðarupplýsingar fyrir tímabil sem sett eru fram en ekki er gerð krafa um að hún geri það. Leggi eining fram óleiðréttar samanburðarupplýsingar fyrir fyrri tímabil skal hún auðkenna óleiðréttu upplýsingarnar með skýrum hætti, tilgreina að þær hafi verið lagðar fram á öðrum grundvelli og gera grein fyrir þeim grundvelli.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/29 2015/EES/63/25

frá 17. desember 2014

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS-staðal 19

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla ([1]), einkum 1. mgr. 3. gr,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 ([2]) voru samþykktir tilteknir alþjóðlegir staðlar og túlkanir sem voru fyrir hendi 15. október 2008.

2) Hinn 21. nóvember 2013 birti Alþjóðareikningsskilaráðið breytingar á alþjóðlegum reikningsskilastaðli, IAS-staðli 19, starfskjör, sem nefnist réttindatengd kerfi: iðgjöld starfsmanna. Iðgjöld starfsmanna. Breytingarnar miða að því einfalda og skýra reikningsskilameðferð iðgjalda frá starfsmönnum eða þriðju aðilum sem tengist réttindatengdum kerfum.

3) Með samráði við sérfræðingahóp Evrópsku ráðgjafarnefndarinnar um reikningsskil er staðfest að breytingar á IAS-staðli 19 uppfylli tæknilegu skilyrðin fyrir innleiðingu sem eru sett fram í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002.

4) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1126/2008 til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stýrinefndarinnar um reikningsskil.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1126/2008 er alþjóðlegum reikningsskilastaðli, IAS-staðli 19, starfskjör, breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Félög skulu beita breytingunum, sem vísað er til í 1. gr., eigi síðar en frá og með upphafsdagsetningu fyrsta fjárhagsárs þeirra sem hefst 1. febrúar 2015 eða síðar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. desember 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 5, 9.1.2015, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 171/2015 frá 11. júní 2015 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 frá 3. nóvember 2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 (Stjtíð. ESB L 320, 29.11.2008, bls. 1).

VIÐAUKI

Réttindatengd kerfi: Iðgjöld starfsmanna Iðgjöld starfsmanna ([3])

(Breytingar á IAS-staðli 19)

Ákvæðum 93.-94. liðar er breytt og 175. lið er bætt við. Liður 92 er einungis hafður með til hliðsjónar.

Tryggingafræðilegar forsendur: laun, kjör og lækniskostnaður

…

92 Sum réttindatengd kerfi gera kröfu um framlög af hálfu starfsmanna eða þriðju aðila til að taka þátt í kostnaði vegna kerfisins. Iðgjöld starfsmanna lækka kostnað einingarinnar vegna framlaganna. Eining skal taka til athugunar hvort iðgjöld þriðju aðila lækki kostnað einingarinnar vegna framlaganna eða hvort þau séu endurgreiðsluréttindi eins og lýst er í 116. lið. Framlög af hálfu starfsmanna eða þriðju aðila eru annaðhvort sett fram í formlegum skilmálum kerfisins (eða leiða af ætlaðri skuldbindingu sem gildir umfram þá skilmála) eða eru að eigin ákvörðun. Framlög starfsmanna eða þriðju aðila, sem eru að eigin ákvörðun, lækka kostnað vegna áunninna réttinda við greiðslu þessara framlaga til kerfisins.

93 Framlög frá starfsmönnum eða þriðju aðilum, sem sett eru fram í formlegum skilmálum kerfisins, lækka annaðhvort kostnað vegna áunninna réttinda (ef þau tengjast vinnuframlagi) eða hafa áhrif á endurmat á hreinni réttindatengdri skuldbindingu (eign) (ef þau tengjast ekki vinnuframlagi). Dæmi um iðgjöld sem ekki tengjast vinnuframlagi er þegar (gerð er krafa um að framlög dragi úr tapi sem myndast vegna taps af eignum til greiðslu lífeyris eða vegna tryggingafræðilegs taps). Ef framlög frá starfsmönnum eða þriðju aðilum tengjast vinnuframlagi lækka umrædd framlög kostnað vegna áunninna réttinda sem hér segir:

a) ef fjárhæð framlaganna er háð fjölda starfsára skal eining jafna framlögunum niður á fjölda ára til starfsaldurs með sömu skiptingaraðferð og gerð er krafa um í 70. lið vegna vergra greiðslna (þ.e. annað hvort með því að nota reiknilíkan kerfisins fyrir framlög eða línulega) eða

b) ef fjárhæð framlaga er óháð fjölda ára til starfsaldurs er einingunni heimilt að færa umrædd framlög sem lækkun á kostnaði vegna réttindaávinnslu á tímabilinu sem viðkomandi vinnuframlag er veitt. Meðal dæma um framlög sem eru óháð fjölda ára til starfsaldurs er þegar um er að ræða fast hlutfall af launum starfsmanns, fasta fjárhæð allt vinnuframlagstímabilið eða fjárhæðin ræðst af aldri starfsmannsins.

Ákvæði liðar A1 veita leiðbeiningar um viðeigandi beitingu.

94 Að því er varðar framlög frá starfsmönnum eða þriðju aðilum, sem er jafnað niður á vinnuframlagstímabil í samræmi við a-lið 93. liðar, valda breytingar á framlögum eftirfarandi:

a) kostnaði vegna réttindaávinnslu yfirstandandi og fyrri tímabils og fyrri tímabila (ef þessar breytingar eru ekki settar fram í formlegum skilmálum kerfis og eru ekki afleiðing af ætlaðri skuldbindingu), eða

b) tryggingafræðilegum hagnaði og tapi (ef þessar breytingar eru settar fram í formlegum skilmálum kerfis, eða eru afleiðing af ætlaðri skuldbindingu).

…

AÐLÖGUN OG GILDISTÖKUDAGUR

…

175 *Réttindatengd kerfi:* Réttindatengd kerfi: iðgjöld starfsmanna (breytingar á IAS-staðli 19), sem gefinn var út í nóvember 2008, fól í sér breytingar á 93.-94. lið. Eining skal beita þessum breytingum afturvirkt að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. júlí 2014 eða síðar, í samræmi við IAS-staðal 8, reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur. Fyrri beiting er heimil. Eining skal greina frá því ef hún beitir þessum breytingum fyrir fyrra tímabil.

Breyting á viðbætum við IAS-staðal 19, starfskjör

Viðbæti A er bætt við.


([3]) **„Afritun er heimil á Evrópska efnahagssvæðinu. Allur gildandi réttur utan EES er áskilinn, að frátöldum rétti til afritunar til einkanota eða annarra nota sem sanngjörn mega teljast. Nánari upplýsingar fást hjá Alþjóðareikningsskilaráðinu (IASB) á www.iasb.org“**

Viðbætir A

Leiðbeiningar um beitingu

Þessi viðbætir er óaðskiljanlegur hluti IFRS-staðalsins. Hann lýsir beitingu 92.-93. liðar og hefur sama gildi og aðrir hlutar IFRS-staðalsins.

A1 Reikningsskilakröfur vegna framlaga frá starfsmönnum eða þriðju aðilum eru sýndar í neðangreindri skýringarmynd.



([1]) Þessi ör með punktalínu þýðir að einingu er heimilt að velja aðra hvora reikningsskilaaðferðina.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/543 **2015/EES/63/26**

frá 1. apríl 2015

um samþykki fyrir virka efninu COS-OGA, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 22. gr. í tengslum við 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 barst Belgíu umsókn frá FytoFend SA 28. júní 2012 um samþykki fyrir virka efninu COS-OGA. Í samræmi við 3. mgr. 9 .gr. þeirrar reglugerðar, tilkynnti Belgía, sem skýrslugjafaraðildarríki, framkvæmdastjórninni um lögmæti umsóknarinnar 5. desember 2012.

2) Hinn 19. desember 2013 lagði skýrslugjafaraðildarríkið drög að matsskýrslu fyrir framkvæmdastjórnina ásamt afriti fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu, hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin, þar sem metið er hvort búast megi við því að virka efnið uppfylli viðmiðanirnar fyrir samþykki sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

3) Matvælaöryggisstofnunin uppfyllti ákvæði 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Í samræmi við 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 fór hún fram á að umsækjandinn legði fram viðbótarupplýsingar til aðildarríkjanna, framkvæmdastjórnarinnar og Matvælaöryggisstofnunarinnar. Mat skýrslugjafaraðildarríkisins á viðbótarupplýsingunum var lagt fyrir Matvælaöryggisstofnunina sem uppfærð drög að matsskýrslu í september 2014.

4) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar, að því er varðar hvort búast megi við að virka efnið COS-OGA uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ([2]), fyrir umsækjandann, aðildarríkin og framkvæmdastjórnina 1. október 2014. Matvælaöryggisstofnunin gerði niðurstöður sínar aðgengilegar almenningi.

5) Umsækjandanum var gefinn kostur á því að leggja fram athugasemdir við endurskoðunarskýrsluna.

6) Hinn 11. desember 2014 lagði framkvæmdastjórnin fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður endurskoðunarskýrslu fyrir COS-OGA og drög að reglugerð þar sem kveðið er á um samþykki fyrir COS-OGA.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 90, 2.4.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 183/2015 frá 10. júlí 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014; 12(10), 3868.

7) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið, og einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslunni, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar. Því teljast þessar viðmiðanir fyrir samþykki uppfylltar. Því er rétt að samþykkja COS-OGA.

8) Framkvæmdastjórnin telur enn fremur að COS-OGA sé áhættulítið virkt efni skv. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. COS-OGA er ekki efni sem gefur tilefni til áhyggna og uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í 5. lið II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009. COS-OGA samanstendur af efnasamböndum sem koma fyrir frá náttúrunnar hendi í plöntum og sumum örverum og eru útbreidd í umhverfinu. Búist er við að aukin váhrif á fólk, dýr og umhverfið vegna notkunarinnar sem hlotið hefur samþykki samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 verði óveruleg í samanburði við váhrif sem gera má ráð fyrir við raunhæfar náttúrulegar aðstæður.

9) Því er rétt að samþykkja COS-OGA sem áhættulítið efni. Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([3]) til samræmis við það.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir virku efni

Virka efnið COS-OGA, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er samþykkt með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. apríl 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
COS-OGA CAS-nr. ekki úthlutað CIPAC-nr.: 979	Ógreinótt samfjölliða af α-1,4-D-galaktópýranósýlúrónsýrum og metýlestruðum galaktópýranósýlúrónsýrum (9 til 20 efnaleifar) með β-1,4-tengdri, ógreinóttri samfjölliðu af 2-amínó-2-deoxý-D-glúkópýranósa og 2-asetamíð-2-deoxý-D-glúkópýranósa (5 til 10 efnaleifar).	≥ 915 g/kg – Hlutfall OGA/COS er á bilinu 1 til 1,6 – Stig fjölliðunar COS er á bilinu 5 til 10 – Stig fjölliðunar OGA er á bilinu 9 til 20 – Metýlunarstig OGA er < 10% – Asetýlunarstig COS er yfir < 50%	22. apríl 2015	22. apríl 2030	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um COS-OGA, einkum í I. og II. viðbæti við hana.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Í D-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 bætist eftirfarandi færsla við:

Númer	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
“2	COS-OGA CAS-nr. ekki úthlutað CIPAC-nr.: 979	Ógreinótt samfjölliða af α-1,4-D-galaktópýranósýlúrónsýrum og metýlestruðum galaktópýranósýlúrónsýrum (9 til 20 efnaleifar) með β-1,4-tengdri, ógreinóttri samfjölliðu af 2-amínó-2-deoxý-D-glúkópýranósa og 2-asetamíð-2-deoxý-D-glúkópýranósa (5 til 10 efnaleifar).	≥ 915 g/kg – Hlutfall OGA/COS er á bilinu 1 til 1,6 – Stig fjölliðunar COS er á bilinu 5 til 10 – Stig fjölliðunar OGA er á bilinu 9 til 20 – Metýlunarstig OGA er < 10% – Asetýlunarstig COS er yfir < 50%	22. apríl 2015	22. apríl 2030	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um COS-OGA, einkum í I. og II. viðbæti við hana.”
([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.						

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 849/2010 **2015/EES/63/27**

frá 27. september 2010

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2150/2002 frá 25. nóvember 2002 um hagskýrslur um úrgang (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2150/2002 frá 25. nóvember 2002 um hagskýrslur um úrgang ([1]), einkum 2. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Mat á tveimur fyrstu afhendingum gagna árin 2006 og 2008 leiddi í ljós þörf á að endurskoða ákveðna hugtakagalla í viðaukunum við reglugerð (EB) nr. 2150/2002.

2) Framkvæmdastjórnin hefur tilkynnt Evrópuþinginu og ráðinu um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 2150/2002 ([2]) og hefur lagt til nokkrar breytingar.

3) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 2150/2002 til samræmis við það.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 223/2009 11. mars 2009 um evrópskar hagskýrslur ([3]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað I., II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2150/2002 komi textinn í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. september 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 253, 28.9.2010, bls. 2. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 75/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á IV. viðauka (Orka) og XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 44.

([1]) Stjtíð. ESB L 332, 9.12. 2002, bls. 1.

([2]) COM(2008) 355, lokagerð.

([3]) Stjtíð. EB L 87, 31.3.2009, bls. 164.

VIÐAUKI

„I. VIÐAUKI

MYNDUN ÚRGANGS

1. ÞÁTTUR

Umfang

1. Taka skal hagskýrslurnar saman fyrir alla starfsemi sem er flokkuð í bálkum A til U í atvinnugreinaflokkuninni (NACE, 2. endursk.). Bálkarnir taka til allrar atvinnustarfsemi.

Til þessa viðauka telst einnig:

a) úrgangur frá heimilum,

b) úrgangur frá endurnýtingar- og/eða förgunaraðgerðum.

2. Úrgangur sem er endurunninn þar sem hann varð til fellur ekki undir þennan viðauka.

2. ÞÁTTUR

Flokkar úrgangs

Taka skal saman hagskýrslur yfir eftirtalda flokka úrgangs:

Skrá yfir efni			
	Evrópska úrgangsskráin (EWC) — hagtölur/4. útgáfa		
Liður nr.		Lýsing	Hættulegur/hættulaus úrgangur
1	01.1	Notaðir leysar	Hættulegur
2	01.2	Súr, basískur eða saltur úrgangur	Hættulaus
3	01.2	Súr, basískur eða saltur úrgangur	Hættulegur
4	01.3	Notaðar olíur	Hættulegur
5	01.4, 02, 03.1	Efnaúrgangur	Hættulaus
6	01.4, 02, 03.1	Efnaúrgangur	Hættulegur
7	03.2	Eðja frá iðnaðarfrárennsli	Hættulaus
8	03.2	Eðja frá iðnaðarfrárennsli	Hættulegur
9	03.3	Eðja og fljótandi úrgangur frá meðhöndlun úrgangs	Hættulaus
10	03.3	Eðja og fljótandi úrgangur frá meðhöndlun úrgangs	Hættulegur
11	05	Úrgangur frá heilbrigðisstofnunum og lífrænn úrgangur	Hættulaus
12	05	Úrgangur frá heilbrigðisstofnunum og lífrænn úrgangur	Hættulegur
13	06.1	Málmúrgangur, járnríkur	Hættulaus
14	06.2	Málmúrgangur, ekki járnríkur	Hættulaus

Skrá yfir efni			
	Evrópska úrgangsskráin (EWC) — hagtölur/4. útgáfa		
Liður nr.		Lýsing	Hættulegur/hættulaus úrgangur
15	06.3	Málmúrgangur, blanda af járnríkum og járnlausum málmum	Hættulaus
16	07.1	Glerúrgangur	Hættulaus
17	07.1	Glerúrgangur	Hættulegur
18	07.2	Pappírs- og pappaúrgangur	Hættulaus
19	07.3	Gúmmíúrgangur	Hættulaus
20	07.4	Plastúrgangur	Hættulaus
21	07.5	Viðarúrgangur	Hættulaus
22	07.5	Viðarúrgangur	Hættulegur
23	07.6	Textílúrgangur	Hættulaus
24	07.7	Úrgangur sem inniheldur PCB	Hættulegur
25	08 (nema 8.1, 08.41)	Aflagður búnaður (að undanskildum aflögðum ökutækjum og úrgangi frá rafhlöðum og rafgeymum)	Hættulaus
26	08 (nema 8.1, 08.41)	Aflagður búnaður (að undanskildum aflögðum ökutækjum og úrgangi frá rafhlöðum og rafgeymum)	Hættulegur
27	08.1	Aflögð ökutæki	Hættulaus
28	08.1	Aflögð ökutæki	Hættulegur
29	08.41	Rafhlöður og rafgeymar, úrgangur	Hættulaus
30	08.41	Rafhlöður og rafgeymar, úrgangur	Hættulegur
31	09.1	Matarúrgangur frá dýrum og blandaður matarúrgangur	Hættulaus
32	09.2	Úrgangur frá jurtum	Hættulaus
33	09.3	Dýrasaur, hland og mykja	Hættulaus
34	10.1	Heimilisúrgangur og svipaður úrgangur	Hættulaus
35	10.2	Blönduð efni og óflokkuð efni	Hættulaus
36	10.2	Blönduð efni og óflokkuð efni	Hættulegur
37	10.3	Flokkunarleifar	Hættulaus
38	10.3	Flokkunarleifar	Hættulegur
39	11	Venjuleg eðja	Hættulaus
40	12.1	Jarðefnaúrgangur frá bygginga- og niðurrifsstarfsemi	Hættulaus
41	12.1	Jarðefnaúrgangur frá bygginga- og niðurrifsstarfsemi	Hættulegur

Skrá yfir efni			
	Evrópska úrgangsskráin (EWC) — hagtölur/4. útgáfa		
Liður nr.		Lýsing	Hættulegur/hættulaus úrgangur
42	12.2, 12.3, 12.5	Annar jarðefnaúrgangur	Hættulaus
43	12.2, 12.3, 12.5	Annar jarðefnaúrgangur	Hættulegur
44	12.4	Úrgangur frá brennslu	Hættulaus
45	12.4	Úrgangur frá brennslu	Hættulegur
46	12.6	Jarðvegur	Hættulaus
47	12.6	Jarðvegur	Hættulegur
48	12.7	Dýpkunarefni	Hættulaus
49	12.7	Dýpkunarefni	Hættulegur
50	12.8, 13	Jarðefnaúrgangur frá meðhöndlun úrgangs og stöðgaðs úrgangs	Hættulaus
51	12.8, 13	Jarðefnaúrgangur frá meðhöndlun úrgangs og stöðgaðs úrgangs	Hættulegur

3. ÞÁTTUR

Skráningaratriði

Taka skal saman tölfræðileg gögn um eftirfarandi skráningaratriði og sundurliðanir:

1. Magn úrgangs sem fellur til í hverjum úrgangsflokki sem skráður er í 1. lið 2. þáttar og fyrir hverja starfsemi þar sem úrgangur myndast og skráð er í 1. lið 8. þáttar.

2. Þýði sem nýtir söfnunarkerfi fyrir blandaðan heimilisúrgang og svipaðan úrgang.

4. ÞÁTTUR

Skýrslugjafareining

1. Skýrslugjafareiningin sem notuð verður fyrir alla úrgangsflokkana er 1 tonn af (venjulegum) blautum úrgangi, að undirskildum úrgangsflokkunum „eðja frá iðnaðarfrárennsli“, „venjuleg eðja“, „eðja og fljótandi úrgangur frá meðhöndlun úrgangs“ og „dýpkunarefni“ þar sem skýrslugjafareiningin er 1 tonn af þurru efni.

2. Skýrslugjafareiningin fyrir skráningaratriði, sem um getur í 2. lið 3. þáttar, er hlutfallið af þýðinu sem nýta þau.

5. ÞÁTTUR

Fyrsta viðmiðunarár og tíðni

1. Fyrsta viðmiðunarár er annað almanaksárið frá gildistöku þessarar reglugerðar.

2. Árið 2010 er fyrsta viðmiðunarárið fyrir hagtölur um úrgang sem byggðar eru á þessari endurskoðun.

3. Að loknu fyrsta viðmiðunarári skulu aðildarríkin láta í té gögn fyrir annað hvert ár.

6. ÞÁTTUR

Sending niðurstaðna til Hagstofu Evrópusambandsins

Senda skal niðurstöðurnar innan 18 mánaða frá lokum viðmiðunarársins.

7. ÞÁTTUR

Skýrsla um umfang og gæði hagtalna

1. Aðildarríkin skulu tilgreina, fyrir hvern skráðan lið í 8. þætti (starfsemi og heimili), hve hátt hlutfall samanteknar hagtölur eru af heildarúrgangi undir viðkomandi lið. Framkvæmdastjórnin skal skilgreina lágmarkskröfur varðandi umfang. Þær ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 7. gr.

2. Aðildarríkin skulu leggja fram gæðaskýrslu þar sem tilgreind er nákvæmni þeirra gagna sem er safnað. Sett skal fram lýsing á mati, samantekt eða útilokun og á áhrifum þessara aðferða á það hvernig skipt er í úrgangsflokka, sbr. 1. lið 2. þáttar, eftir atvinnustarfsemi og heimilum, eins og um getur í 8. þætti.

3. Framkvæmdastjórnin skal fella skýrslur um umfang og gæði inn í skýrsluna sem kveðið er á um í 8. gr. þessarar reglugerðar.

8. ÞÁTTUR

Frágangur niðurstaðna

1. Niðurstöður skráningaratriða, sem eru skráð í 1. lið 3. þáttar, eru teknar saman fyrir:

1.1. eftirfarandi atriði, eins og þeim er lýst m.t.t. atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins, 2. endursk.:

Liður nr.		Lýsing
1	A-þáttur	Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar
2	B-þáttur	Námugröftur og vinnsla hráefna úr jörðu
3	Deild 10	Matvælaframleiðsla
	Deild 11	Framleiðsla á drykkjarvörum
	Deild 12	Framleiðsla á tóbaksvörum
4	Deild 13	Framleiðsla á textílvörum
	Deild 14	Fatagerð
	Deild 15	Framleiðsla á leðri og leðurvörum
5	Deild 16	Framleiðsla á viði, viðarvörum og korki, önnur en húsgagnagerð; framleiðsla á vörum úr hálmi og fléttuefnum
6	Deild 17	Framleiðsla á pappír og pappírsvöru
	Deild 18	Prentun og fjölföldun upptekins efnis
7	Deild 19	Framleiðsla á koksi og hreinsuðum olíuvörum
8	Deild 20	Framleiðsla á efnum og efnavörum
	Deild 21	Framleiðsla á lyfjum og efnum til lyfjagerðar
	Deild 22	Framleiðsla á gúmmí- og plastvörum
9	Deild 23	Framleiðsla á jarðefnum, öðrum en málmum
10	Deild 24	Framleiðsla hrámálma
	Deild 25	Framleiðsla á málmvörum, að undanskildum vélum og búnaði

Liður nr.		Lýsing
11	Deild 26	Framleiðsla á tölvu- og rafeindavörum og optískum vörum
	Deild 27	Framleiðsla á rafbúnaði og heimilistækjum
	Deild 28	Framleiðsla á vélum og tækjum, ót.a.
	Deild 29	Framleiðsla á vélknúnum ökutækjum og tengivögnum
	Deild 30	Framleiðsla annarra flutningatækja
12	Deild 31	Framleiðsla á húsgögnum og innréttingum
	Deild 32	Önnur framleiðsla
	Deild 33	Viðgerðir og uppsetning vélbúnaðar og tækja
13	Bálkur D	Rafmagns-, gas- og gufuveitur og loftræstikerfi
14	Deild 36	Vatnsöflun, meðferð vatns og vatnsveita
	Deild 37	Fráveita
	Deild 39	Afmengun og önnur þjónusta við meðhöndlun úrgangs
15	Deild 38	Sorphirða, meðhöndlun og förgun sorps; endurnýting efnis
16	Bálkur F	Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð
17		Þjónustustarfsemi
	Bálkur G, að undanskildum flokki 46.77	Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum og bifhjólum
	Bálkur H	Flutningar og geymsla
	I. þáttur	Starfsemi tengd gistiaðstöðu og veitingarekstri
	Bálkur J	Upplýsingar og fjarskipti
	Bálkur K	Fjármála- og vátryggingastarfsemi
	Bálkur L	Fasteignaviðskipti
	Bálkur M	Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi
	Bálkur N	Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta
	Bálkur O	Opinber stjórnsýsla og varnarmál; almannatryggingar
	Bálkur P	Fræðslustarfsemi
	Bálkur Q	Heilbrigðis- og félagsþjónusta
	Bálkur R	Menningar-, íþrótta- og tómstundastarfsemi
	Bálkur S	Önnur þjónustustarfsemi
	Bálkur T	Atvinnurekstur innan heimilis, þjónustustarfsemi og framleiðsla á ýmis konar vöru á heimilum til eigin nota
	Bálkur U	Starfsemi stofnana og samtaka með úrlendisrétt
18	Flokkur 46.77	Heildverslun með úrgangsefni og brotajárn

1.2. heimili

Liður nr.		Lýsing
19		Úrgangur frá heimilum

2. Hagskýrslueiningar skiptast, fyrir atvinnustarfsemi samkvæmt hagskýrslukerfi hvers aðildarríkis um sig, í starfsstöðvar eða rekstrareiningar eins og skilgreint er í reglugerð (EBE) nr. 696/93 ([1]).

Í gæðaskýrslunni, sem gera á skv. 7. þætti, skal koma fram lýsing á því hvernig hagskýrslueiningin hefur áhrif á flokkun í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins (NACE), 2. endursk.

([1]) Stjtíð. ESB L 76, 30.3.1993, bls. 2.

II. VIÐAUKI

ENDURNÝTING OG FÖRGUN ÚRGANGS

1. ÞÁTTUR

Umfang

1. Taka skal saman hagtölur yfir allar endurnýtingar- og förgunarstöðvar þar sem rekin er einhver sú starfsemi sem um getur í 2. lið 8. þáttar og sem tilheyra eða eru hluti af atvinnustarfsemi samkvæmt flokkun atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalagsins (NACE), 2. endursk. sem um getur í lið 1.1 í 8. þætti I. viðauka.

2. Starfsstöðvar, þar sem starfsemi til meðferðar á úrgangi takmarkast við endurvinnslu úrgangs á þeim stað þar sem úrgangurinn myndast, falla ekki undir þennan viðauka.

2. ÞÁTTUR

Flokkar úrgangs

Skráin yfir úrgangsflokka, sem hagtölurnar eru teknar saman um samkvæmt endurnýtingar- og förgunaraðgerðum sem um getur í 2. lið 8. þáttar, eru flokkarnir sem um getur í 1. lið 2. þáttar I. viðauka.

3. ÞÁTTUR

Skráningaratriði

Taka skal saman tölfræðileg gögn um eftirfarandi skráningaratriði og sundurliðanir:

Eining	Lýsing	Á svæðisvísu
1	Magn úrgangs sem meðhöndlað er fyrir hvern úrgangsflokk, sem skráður er í 2. þætti og fyrir hvern lið endurnýtingar- og förgunaraðgerða, sem skráð er í 2. lið 8. þáttar, að undanskilinni endurnýtingu úrgangs á staðnum þar sem úrgangurinn myndaðist.	Á landsvísu
2	Fjöldi og umfang stöðva fyrir 4. lið í 2. lið 8. þáttar, þar sem sundurliðað er eftir: a) hættulegum úrgangi, b) hættulausum úrgangi og c) óvirkum úrgangi	Á landsvísu
3	Fjöldi stöðva fyrir 4. lið í 2. lið 8. þáttar sem hafa hætt starfsemi (engin frekari mótttaka úrgangs) frá síðasta viðmiðunarári þar sem sundurliðað er eftir: a) hættulegum úrgangi, b) hættulausum úrgangi og c) óvirkum úrgangi	Á landsvísu

Eining	Lýsing	Á svæðisvísu
4	Fjöldi stöðva fyrir endurnýtingar- og förgunaraðgerðir sem skráðar eru í 2. lið 8. þáttar, að undanskildum 5. lið.	Flokkun hagskýrslusvæða 2
5	Umfang stöðva fyrir endurnýtingar- og förgunaraðgerðir sem skráðar eru í 2. lið 8. þáttar, að undanskildum 3. og 5. lið.	Flokkun hagskýrslusvæða 2

4. ÞÁTTUR

Skýrslugjafareining

Skýrslugjafareiningin, sem notuð verður fyrir alla úrgangsflokkana, er 1 tonn af (venjulegum) blautum úrgangi, að undanskildum úrgangsflokkunum „eðja frá iðnaðarfrárennsli“, „venjuleg eðja“, „eðja og fljótandi úrgangur frá meðhöndlun úrgangs“ og „dýpkunarefni“ þar sem skýrslugjafareiningin er 1 tonn af þurru efni.

5. ÞÁTTUR

Fyrsta viðmiðunarár og tíðni

1. Fyrsta viðmiðunarár er annað almanaksárið frá gildistöku þessarar reglugerðar.

2. Árið 2010 er fyrsta viðmiðunarárið fyrir hagtölur um úrgang sem byggðar eru á þessari endurskoðun.

3. Að loknu fyrsta viðmiðunarári skulu aðildarríkin láta í té gögn fyrir annað hvert ár fyrir þær starfsstöðvar sem um getur í 2. lið 8. þáttar.

6. ÞÁTTUR

Sending niðurstaðna til Hagstofu Evrópusambandsins

Senda skal niðurstöðurnar innan 18 mánaða frá lokum viðmiðunarársins.

7. ÞÁTTUR

Skýrsla um umfang og gæði hagtalna

1. Aðildarríkin skulu tilgreina, fyrir skráningaratriðin í 3. þætti og fyrir hvern lið undir tegund atvinnustarfsemi í 2. lið 8. þáttar, hversu hátt hlutfall samanteknar hagtölur eru af heildarúrgangi undir viðkomandi lið. Framkvæmdastjórnin skal skilgreina lágmarkskröfur varðandi umfang. Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 7. gr.

2. Aðildarríkin skulu, að því er varðar skráningaratriðin sem eru skráð í 3. þætti, leggja fram skýrslu um gæði þar sem tilgreint er nákvæmni þeirra gagna sem er safnað.

3. Framkvæmdastjórnin skal fella skýrslur um umfang og gæði inn í skýrsluna sem kveðið er á um í 8. gr. þessarar reglugerðar.

8. ÞÁTTUR

Endurnýtingar- og förgunaraðgerðir hvað varðar úrgang

1. Taka skal saman niðurstöður fyrir hvern lið atvinnustarfsemi í 2. lið 8. þáttar eftir skráningaratriðum sem um getur í 3. þætti.

2. Skrá yfir endurnýtingar- og förgunaraðgerðir; kóðarnir vísa til kóða í I. og II. viðauka við tilskipun 2008/98/EB ([4]):

Liður nr.		Tegundir endurnýtingar- og förgunaraðgerða
Brennsla		
1	R1	Notkun aðallega sem eldsneyti eða á annan hátt til orkuframleiðslu
2	D10	Brennsla á landi

([4]) Stjtíð. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3.

Liður nr.		Tegundir endurnýtingar- og förgunaraðgerða
		Endurnýting (að undanskilinni endurnýtingu orku)
3a	R2 +	Endurheimt eða endurmyndun leysa
	R3 +	Endurvinnsla eða endurheimt lífrænna efna sem eru ekki notuð sem leysiefni (m.a. mylting og aðrar líffræðilegar ummyndunaraðferðir)
	R4 +	Endurvinnsla eða endurheimt málma og málmsambanda
	R5 +	Endurvinnsla eða endurheimt annarra ólífrænna efna
	R6 +	Endurmyndun sýrna eða basa
	R7 +	Endurnýting efnisþátta sem eru notaðir til að draga úr mengun
	R8 +	Endurnýting efnisþátta úr hvötum
	R9 +	Olíuhreinsun eða önnur endurnotkun olíu
	R10 +	Meðhöndlun í jarðvegi til hagsbóta fyrir landbúnað eða vistkerfi
	R11	Notkun úrgangs sem fæst með einhverri þeirri aðgerð sem fellur undir R1 til R10
3b		Endurfylling
		Förgunaraðgerðir
4	D1 +	Losun ofan jarðar sem neðan (t.d. urðun)
	D5 +	Losun á sérhönnuðum urðunarstöðum (t.d. í vatnsþétt, þakin holrými sem eru aðskilin hvert frá öðru og umhverfinu)
	D12	Varanleg geymsla (t.d. á gámum í námum)
5	D2 +	Meðhöndlun í jarðvegi (t.d. lífniðurbrot fljótandi úrgangs eða eðju í jarðvegi)
	D3 +	Dæling djúpt niður í jarðlög (t.d. dæling fljótandi úrgangsefna í borholur, saltstöpla eða náttúrlegar jarðsprungur)
	D4 +	Losun í yfirborðsvatn (t.d. losun fljótandi úrgangs eða eðju í pytti, tjarnir eða lón)
	D6 +	Losun í vatn, þó ekki í sjó
	D7	Losun í sjó, þ.m.t. niðurgröftur á hafsbotni

III. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

sem um getur í 5. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 2150/2002, milli Evrópsku úrgangsskrárinnar (EWC) — hagtölur, 3. útgáfa (efnismiðað hagtöluflokkakerfi fyrir úrgang) og evrópska skráin yfir úrgang (LoW) sem komið var fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB ([5])

01 Úrgangur efnasambanda

01.1 Notaðir leysar

01.11 Óhalógenaðir notaðir leysar

1 Hættulegur

07 01 03*	lífrænir, halógenaðir leysar, þvottalausnir og móðurvökvar
07 02 03*	lífrænir, halógenaðir leysar, þvottalausnir og móðurvökvar
07 03 03*	lífrænir, halógenaðir leysar, þvottalausnir og móðurvökvar
07 04 03*	lífrænir, halógenaðir leysar, þvottalausnir og móðurvökvar
07 05 03*	lífrænir, halógenaðir leysar, þvottalausnir og móðurvökvar
07 06 03*	lífrænir, halógenaðir leysar, þvottalausnir og móðurvökvar
07 07 03*	lífrænir, halógenaðir leysar, þvottalausnir og móðurvökvar
14 06 01*	klórflúorkolefni, vetnisklórflúorkolefni (HCFC), vetnisflúorkolefni (HFC)
14 06 02*	aðrir halógenaðir leysar og leysiblöndur
14 06 04*	eðja eða fastur úrgangur sem inniheldur halógenaða leysa

01.12 Óhalógenaðir notaðir leysar

1 Hættulegur

07 01 04*	aðrir lífrænir leysar, þvottalausnir og móðurvökvar
07 02 04*	aðrir lífrænir leysar, þvottalausnir og móðurvökvar
07 03 04*	aðrir lífrænir leysar, þvottalausnir og móðurvökvar
07 04 04*	aðrir lífrænir leysar, þvottalausnir og móðurvökvar
07 05 04*	aðrir lífrænir leysar, þvottalausnir og móðurvökvar
07 06 04*	aðrir lífrænir leysar, þvottalausnir og móðurvökvar
07 07 04*	aðrir lífrænir leysar, þvottalausnir og móðurvökvar
14 06 03*	aðrir leysar og leysiblöndur
14 06 05*	eðja eða fastur úrgangur sem inniheldur aðra leysa
20 01 13*	leysar

01.2 Súr, basískur eða saltur úrgangur

01.21 Súr úrgangur

1 Hættulegur

06 01 01*	brennisteinssýra og brennisteinstvísýrlingur
06 01 02*	saltsýra
06 01 03*	flússýra
06 01 04*	fosfórsýra og fosfórsýrlingur

([5]) Stjtíð. EB L 226, 6.9.2000, bls. 3.

06 01 05*	saltpéturssýra og saltpéturssýrlingur
06 01 06*	aðrar sýrur
06 07 04*	lausnir og sýrur, t.d. brennisteinssýra framleidd með hvötum (e. *contact acid*)
08 03 16*	úrgangur ætingarlausna
09 01 04*	festivökvar
09 01 05*	lausnir og festiefnalausnir til bleikingar
10 01 09*	brennisteinssýra
11 01 05*	sýrur úr sýruböðum
11 01 06*	sýrur sem eru ekki tilgreindar með öðrum hætti
16 06 06*	raflausnir sem er safnað sérstaklega úr rafhlöðum og rafgeymum
20 01 14*	sýrur

01.22 Basískur úrgangur

0 Hættulaus

03 03 09	kalkeðjuúrgangur
11 01 14	úrgangur frá fituhreinsun, annar en tilgreindur er í 11 01 13

1 Hættulegur

05 01 11*	úrgangur frá eldsneytishreinsun með bösum
06 02 01*	kalsíumhýdroxíð
06 02 03*	ammóníumhýdroxíð
06 02 04*	natríum- og kalíumhýdroxíð
06 02 05*	aðrir basar
09 01 01*	vatnsblandaðir framköllunarvökvar og -hvatar
09 01 02*	vatnsblandaðir framköllunarvökvar fyrir offsetprentplötur
09 01 03*	leysiblandaðir framköllunarvökvar
11 01 07*	basar úr basaböðum
11 01 13*	úrgangur frá fituhreinsun sem inniheldur hættuleg efni
11 03 01*	úrgangur sem inniheldur sýaníð
19 11 04*	úrgangur frá hreinsun eldsneytis með bösum
20 01 15*	basísk efni

01.24 Annar saltur úrgangur

0 Hættulaus

05 01 16	úrgangur sem inniheldur brennistein og fellur til við hreinsun brennisteins úr jarðolíu
05 07 02	úrgangur sem inniheldur brennistein
06 03 14	föst sölt og saltlausnir, annað en tilgreint er í 06 03 11 og 06 03 13
06 03 16	málmoxíð, önnur en tilgreind eru í 06 03 15
06 06 03	úrgangur sem inniheldur súlfíð, annar en tilgreindur er í 06 06 02
11 02 06	úrgangur frá vinnslu kopars úr vatnslausn, annar en tilgreindur er í 11 02 05

1 Hættulegur

06 03 11*	föst sölt og saltlausnir sem innihalda sýaníð
06 03 13*	föst sölt og saltlausnir sem innihalda þungmálma
06 03 15*	málmoxíð sem innihalda þungmálma
06 04 03*	úrgangur sem inniheldur arsen
06 04 04*	úrgangur sem inniheldur kvikasilfur
06 04 05*	úrgangur sem inniheldur aðra þungmálma
06 06 02*	úrgangur sem inniheldur hættuleg súlfíð
10 03 08*	saltgjall úr annarri bræðslu
10 04 03*	kalsíumarsenat
11 01 08*	eðja frá fosfatmeðferð
11 02 05*	úrgangur frá vinnslu kopars úr vatnslausn sem inniheldur hættuleg efni
11 03 02*	annar úrgangur
11 05 04*	notað flúx
16 09 01*	permanganöt, t.d. kalíumpermanganat
16 09 02*	krómöt, t.d. kalíumkrómat eða kalíum- eða natríumdíkrómat

01.3 Notaðar olíur

01.31 Notaðar vélarolíur

1 Hættulegur

13 02 04*	klóraðar vélar-, gír- og smurolíur úr jarðolíu
13 02 05*	óklóraðar vélar-, gír- og smurolíur úr jarðolíu
13 02 06*	tilbúnar vélar-, gír- og smurolíur
13 02 07*	auðlífbrjótanlegar vélar-, gír- og smurolíur
13 02 08*	aðrar vélar-, gír- og smurolíur

01.32 Aðrar notaðar olíur

1 Hættulegur

05 01 02*	eðja frá afseltumeðferð
05 01 03*	eðja úr botni tanka
05 01 04*	súr alkýleðja
05 01 12*	olía sem inniheldur sýrur
08 03 19*	ýrð olía
08 04 17*	rósínolía
20 02 02	jarðvegur og grjót

1 Hættulegur

05 01 05*	olía sem lekið hefur út
17 05 03*	jarðvegur og grjót sem í eru hættuleg efni

12.7 Dýpkunarefni

12.71 Dýpkunarefni

0 Hættulaus

17 05 06	dýpkunarefni, annað en tilgreint er í 17 05 05

1 Hættulegur

17 05 05*	dýpkunarefni sem í eru hættuleg efni

12.8 Úrgangur frá meðhöndlun úrgangs

12.81 Úrgangur frá meðhöndlun úrgangs

0 Hættulaus

19 01 12	botnaska og gjall, annað en tilgreint er í 19 01 11
19 01 14	svifaska, önnur en tilgreind er í 19 01 13
19 01 16	ketilryk, annað en tilgreint er í 19 01 15
19 01 18	úrgangur frá hitasundrun, annar en tilgreindur er í 19 01 17
19 01 19	sandur frá svifbeði
19 12 09	jarðefni (t.d. sandur, grjót)

1 Hættulegur

19 01 05*	síukaka frá hreinsun reyks
19 01 06*	vatnskenndur, fljótandi úrgangur frá hreinsun reyks og annar vatnskenndur, fljótandi úrgangur
19 01 07*	fastur úrgangur frá hreinsun reyks
19 01 11*	botnaska og gjall sem inniheldur hættuleg efni
19 01 13*	svifaska sem inniheldur hættuleg efni
19 01 15*	ketilryk sem inniheldur hættuleg efni
19 01 17*	úrgangur frá hitasundrun sem inniheldur hættuleg efni
19 04 02*	svifaska og annar úrgangur frá hreinsun reyks
19 11 07*	úrgangur frá hreinsun reyks

13 Úrgangur sem hefur verið breytt í fast efni, stöðgaður úrgangur eða úrgangur ummyndaður í gler

13.1 Úrgangur sem hefur verið breytt í fast efni eða stöðgaður úrgangur

13.11 Úrgangur sem hefur verið breytt í fast efni eða stöðgaður úrgangur

0 Hættulaus

19 03 05	stöðgaður úrgangur, annar en tilgreindur er í 19 03 04
19 03 07	úrgangur sem hefur verið breytt í fast efni, annar en tilgreindur er í 19 03 06

1 Hættulegur

19 03 04*	hættumerktur úrgangur, að hluta stöðgaður
19 03 06*	hættumerktur úrgangur, sem hefur verið breytt í fast efni

13.2 Úrgangur ummyndaður í gler

13.21 Úrgangur ummyndaður í gler

0 Hættulaus

19 04 01	úrgangur ummyndaður í gler‘

_____

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2014/68/ESB **2015/EES/63/28**

frá 15. maí 2014

um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða þrýstibúnað fram á markaði

(endurútgefin) (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/23/EB ([3]) hefur verið breytt í veigamiklum atriðum ([4]). Þar sem um frekari breytingar verður að ræða er rétt að endurútgefa þá tilskipun til glöggvunar.

2) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 ([5]) er mælt fyrir um reglur varðandi faggildingu vegna samræmismatsstofa, um ramma fyrir markaðseftirlit með vörum og fyrir eftirlit með vörum frá þriðju löndum og þar er einnig mælt fyrir um almennar meginreglur varðandi CE-merki.

3) Í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 768/2008/EB ([6]) er mælt fyrir um sameiginlegar meginreglur og viðmiðunarákvæði sem á að beita í löggjöf sem bundin er við tiltekna geira til að fá samræmdan grunn að endurskoðun eða endurútgáfu þeirrar löggjafar. Því ætti að aðlaga tilskipun 97/23/EB að þeirri ákvörðun.

4) Þessi tilskipun gildir um þrýstibúnað og samsetningar sem eru nýjar á markaði Sambandsins þegar þær eru settar á markað, þ.e.a.s. þær eru annað hvort nýr þrýstibúnaður eða samsetningar framleiddar af framleiðanda með staðfestu í Sambandinu eða þrýstibúnaður eða samsetningar, hvort sem þær eru nýjar eða notaðar, innfluttar frá þriðja landi.

5) Tilskipun þessi gildir um hvers kyns afhendingu, þ.m.t. fjarsölu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 189, 27.6.2014, bls. 164. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2015 frá 30. apríl 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 67, 6.3.2014, bls. 101.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 15. apríl 2014 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 13. maí 2014.

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/23/EB um samræmingu á lögum aðildarríkjanna varðandi þrýstibúnað (Stjtíð. EB L 181, 9.7.1997, bls. 1).

([4]) Sjá A-hluta í V. viðauka.

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 frá 9. júlí 2008 um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum og um niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 339/93 (Stjtíð. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 30).

([6]) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 768/2008/EB frá 9. júlí 2008 um sameiginlegan ramma um markaðssetningu á vörum og niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 93/465/EBE (Stjtíð. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 82).

6) Tilskipun þessi ætti að gilda um þrýstibúnað sem hefur leyfilegan hámarksþrýsting (PS) sem er yfir 0,5 börum. Þrýstibúnaður sem er með þrýsting sem er 0,5 bör eða minna skapar ekki verulega hættu vegna þrýstings. Því ættu ekki að vera takmarkanir á frjálsum flutningi hans innan Sambandsins.

7) Þessi tilskipun ætti einnig að gilda um samsetningar sem samanstanda af nokkrum einingum þrýstibúnaðar sem eru settar saman til að mynda samþætta og nothæfa heild. Þessar samsetningar geta verið allt frá einföldum samsetningum eins og hraðsuðupottum til flókinna samsetninga eins og vatnsrörakatla. Ef framleiðandi samsetningar hyggst setja hana á markað og taka hana í notkun sem samsetningu — og ekki sem ósamsettar einingar — ætti sú samsetning að vera í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar. Þessi tilskipun ætti þó ekki að gilda um samsetningu þrýstibúnaðar á staðnum og á ábyrgð notanda sem er ekki framleiðandi, s.s. ef um er að ræða iðjuver.

8) Með þessari tilskipun ætti að samræma landsákvæði um hættur af völdum þrýstings. Aðrar hættur sem geta stafað af þessum búnaði kunna að falla innan gildissviðs annarra tilskipana sem fjalla um þær hættur.

9) Tiltekinn þrýstibúnaður fellur þó undir aðrar tilskipanir sem byggja á 114. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Ákvæðin sem mælt er fyrir um í sumum þessara tilskipana fjalla einnig um hættu vegna þrýstings. Þessar tilskipanir teljast fullnægjandi til að veita viðeigandi vernd þar sem hættan vegna þrýstings sem fylgir slíkum búnaði er lítil. Slíkur búnaður ætti því að vera undanskilinn gildissviði þessarar tilskipunar.

10) Hvað varðar tiltekinn þrýstibúnað sem fellur undir alþjóðasamninga þegar kemur að flutningi hans milli ríkja, er fjallað um landsbundna flutninga og áhættu og hættu vegna þrýstings í tilskipunum Sambandsins sem byggðar eru á slíkum samningum. Með þeim tilskipunum nær beiting þessara samninga til landsbundinna flutninga til að tryggja frjálsan flutning á hættulegum farmi en auka jafnframt öryggi í flutningum. Búnaður sem fellur undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB ([7]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/35/ESB ([8]) ætti því að vera undanþeginn gildissviði þessarar tilskipunar.

11) Sumum gerðum þrýstibúnaðar fylgir ekki veruleg hætta af völdum þrýstings þótt leyfilegur hámarksþrýstingur (PS) á þeim sé yfir 0,5 börum, og því ætti ekki að hindra frjálsan flutning slíks búnaðar innan Sambandsins ef hann hefur verið löglega framleiddur eða settur á markað í aðildarríki. Ekki er nauðsynlegt að fella slíkan búnað undir gildissvið þessarar tilskipunar til þess að tryggja frjálsan flutning á honum. Því skal skýrt tekið fram að hann sé undanskilinn gildissviði hennar.

12) Annar þrýstibúnaður sem háður er reglum um leyfilegan hámarksþrýsting yfir 0,5 börum og sem veruleg hætta af völdum þrýstings stafar af en frjáls flutningur hans og viðeigandi öryggi er tryggt, er undanþeginn gildissviði þessarar tilskipunar. Þó er ástæða til að endurskoða slíkar undanþágur reglulega í því skyni að ganga úr skugga um hvort þörf sé aðgerða á vettvangi Sambandsins.

13) Gildissvið tilskipunar þessarar verður að miða við almenna skilgreiningu á hugtakinu „þrýstibúnaður“ til þess að svigrúm gefist fyrir tæknilega þróun á vörum.

14) Nauðsynlegt er að fara að grunnkröfum um öryggi til að tryggja að þrýstibúnaður sé öruggur. Þessum kröfum ætti að skipta niður í almennar kröfur og sértækar kröfur sem þrýstibúnaður verður að fullnægja. Með sértæku kröfunum skal einkum tekið mið af sérstökum gerðum þrýstibúnaðar. Tilteknar gerðir þrýstibúnaðar í III. og IV. flokki skulu standast lokamat sem felur í sér lokaskoðun og sannprófanir.

([7]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB frá 24. september 2008 um flutning á hættulegum farmi á landi og skipgengum vatnaleiðum (Stjtíð. ESB L 260, 30.9.2008, bls. 13).

([8]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/35/ESB frá 16. júní 2010 um færanlegan þrýstibúnað og niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 76/767/EBE, 84/525/EBE, 84/526/EBE, 84/527/EBE og 1999/36/EB (Stjtíð. ESB L 165, 30.6.2010, bls. 1).

15) Aðildarríkjunum skal gert kleift að heimila að á kaupstefnum sé sýndur þrýstibúnaður sem samræmist ekki enn ákvæðum þessarar tilskipunar. Við kynningar skal gera viðeigandi öryggisráðstafanir í samræmi við almennar öryggisreglur hlutaðeigandi aðildarríkis til að tryggja öryggi fólks.

16) Í tilskipun 97/23/EB er kveðið á um flokkun þrýstibúnaðar í flokka eftir stigvaxandi hættu. Þetta tekur einnig til flokkunar á því hvort straumefnið í þrýstibúnaðinum er hættulegt eða ekki, samkvæmt tilskipun ráðsins 67/548/EBE ([9]). Þann 1. júní 2015 fellur tilskipun 67/548/EBE úr gildi og í stað hennar kemur reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([10]), sem hrindir í framkvæmd innan Sambandsins hnattsamræmda kerfinu til flokkunar og merkingar á íðefnum sem hefur verið samþykkt á alþjóðavísu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Í reglugerð (EB) nr. 1272/2008 eru teknir upp nýir hættuflokkar og -undirflokkar sem eru ekki í fullu samræmi við þá sem kveðið er á um í tilskipun 67/548/EBE. Tilskipun 97/23/EB ætti því að samræma reglugerð (EB) nr. 1272/2008 á sama tíma og núgildandi verndarstigi sem kveðið er á um í þeirri tilskipun er viðhaldið.

17) Rekstraraðilar ættu að bera ábyrgð á því að þrýstibúnaður og samsetningar uppfylli kröfur þessarar tilskipunar, í samræmi við það hlutverk sem hver þeirra gegnir í aðfangakeðjunni, til að tryggja öfluga vernd sem varðar hagsmuni almennings, s.s. heilbrigði og öryggi manna og vernd húsdýra og eigna og tryggja sanngjarna samkeppni á markaði Sambandsins.

18) Allir rekstraraðilar, sem koma að aðfangakeðjunni og dreifingarferlinu, ættu að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að þeir bjóði aðeins fram þrýstibúnað og samsetningar á markaðinum sem samræmast þessari tilskipun. Nauðsynlegt er að kveða á um skýra og hóflega dreifingu skuldbindinga sem samsvara hlutverki hvers rekstraraðila í aðfangakeðjunni og dreifingarferlinu.

19) Þar eð framleiðandinn býr yfir ítarlegri þekkingu á hönnunar- og framleiðsluferlinu er hann sá aðili sem hæfastur er til að framkvæma samræmismatsaðferðina. Samræmismatið skal því áfram vera skylda framleiðandans eingöngu.

20) Til að auðvelda samskipti milli rekstraraðila, markaðseftirlitsyfirvalda og neytenda ættu aðildarríkin að hvetja rekstraraðila til þess að setja upplýsingar um veffang til viðbótar við póstfang.

21) Nauðsynlegt er að tryggja að þrýstibúnaður og samsetningar frá þriðju löndum, sem koma inn á markað Sambandsins, séu í samræmi við kröfur þessarar tilskipunar og einkum að framleiðendur hafi framkvæmt samræmismat á þessum þrýstibúnaði eða þessum samsetningum með viðeigandi matsaðferð. Því ætti að setja ákvæði um að innflytjendur eigi að ganga úr skugga um að þrýstibúnaður eða samsetning, sem þeir setja á markað, sé í samræmi við kröfur þessarar tilskipunar og að þeir setji ekki þrýstibúnað eða samsetningar á markað sem uppfylla ekki slíkar kröfur eða hafa áhættu í för með sér. Einnig ætti að setja ákvæði um að innflytjendur eigi að ganga úr skugga um að samræmismat hafi verið framkvæmt og að merkingar á þrýstibúnaði eða samsetningum og gögn, sem tekin eru saman af hálfu framleiðenda, séu aðgengileg lögbærum landsyfirvöldum til skoðunar.

22) Þegar innflytjendur setja þrýstibúnað eða samsetningar á markað, ættu þeir að tilgreina á þrýstibúnaðinum nafn sitt, skráð viðskiptaheiti eða skráð vörumerki og heimilisfang þar sem hafa má samband við þá. Heimilt er að veita undanþágur ef stærð eða eðli þrýstibúnaðarins eða samsetningarinnar gerir ekki kleift að tilgreina nafn og heimilisfang. Þetta á einnig við um tilvik þar sem innflytjandinn yrði að opna umbúðirnar til að setja nafn sitt og heimilisfang á þrýstibúnaðinn eða samsetninguna.

([9]) Tilskipun ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna (Stjtíð. EB 196, 16.8.1967, bls. 1).

([10]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. EB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

23) Dreifingaraðilinn býður þrýstibúnað eða samsetningar fram á markaði eftir að framleiðandi eða innflytjandi setur þær á markað og hann ætti að gæta þess vandlega að tryggja að meðhöndlun hans á þrýstibúnaðinum eða samsetningunni hafi ekki neikvæð áhrif á að þrýstibúnaðurinn eða samsetningin uppfylli kröfur þessarar tilskipunar.

24) Rekstraraðili, sem annaðhvort setur þrýstibúnað eða samsetningar á markað undir eigin nafni eða vörumerki eða gerir breytingar á þrýstibúnaði eða samsetningum þannig að breytingarnar kunni að hafa áhrif á það hvort varan uppfylli kröfur þessarar tilskipunar, ætti að teljast framleiðandinn og takast á hendur skyldur framleiðanda.

25) Þar sem dreifingaraðilar og innflytjendur eru nátengdir markaðinum ættu þeir að taka þátt í verkefnum er lúta að markaðseftirliti, sem lögbær landsyfirvöld annast, og ættu þeir að vera reiðubúnir til að taka virkan þátt í því að veita þessum yfirvöldum allar nauðsynlegar upplýsingar varðandi viðkomandi þrýstibúnað eða samsetningar.

26) Ef rekjanleiki þrýstibúnaðar og samsetninga er tryggður í allri aðfangakeðjunni stuðlar það að einfaldara og skilvirkara markaðseftirliti. Skilvirkt rekjanleikakerfi auðveldar markaðseftirlitsyfirvöldum það verkefni að rekja rekstraraðila sem bjóða fram þrýstibúnað eða samsetningar á markaði sem ekki uppfylla kröfurnar.

27) Þegar rekstraraðilar geyma þær upplýsingar sem krafist er samkvæmt þessari tilskipun til að tilgreina aðra rekstraraðila ættu þeir ekki að þurfa að uppfæra slíkar upplýsingar, að því er varðar aðra rekstraraðila, sem hafa annaðhvort afhent þeim þrýstibúnað eða samsetningu eða sem þeir hafa afhent þrýstibúnað eða samsetningu.

28) Þessi tilskipun ætti að takmarkast við að setja fram grunnkröfur um öryggi. Til að auðvelda mat á samræmi við þær kröfur er nauðsynlegt að kveða á um fyrirframætlað samræmi þrýstibúnaðar eða samsetninga sem eru í samræmi við samhæfða staðla sem eru samþykktir í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 um evrópska stöðlun ([11]) í því skyni að setja fram ítarlegar tækniforskriftir fyrir þessar kröfur, einkum hvað varðar hönnun, framleiðslu og prófun þrýstibúnaðar eða samsetninga.

29) Í reglugerð (ESB) nr. 1025/2012 er kveðið á um reglur um andmæli við samhæfðum stöðlum sem fullnægja ekki að öllu leyti kröfum þessarar tilskipunar.

30) Framleiðsla þrýstibúnaðar krefst þess að notuð séu örugg efni. Þar sem ekki eru til samhæfðir staðlar skal skilgreina eiginleika þeirra efna sem eru margnota. Þessir eiginleikar skulu skilgreindir í evrópskum samþykkjum efna en slík samþykki eru gefin út af einni þeirra tilkynntu stofa sem sérstaklega eru tilnefndar til þess verks. Gera skal ráð fyrir því að efnin sem samræmast evrópskum samþykkjum standist grunnkröfur um öryggi í þessari tilskipun.

31) Með hliðsjón af þeirri áhættu sem er samfara notkun þrýstibúnaðar og samsetninga er nauðsynlegt að kveða á um samræmismatsaðferðir til að gera rekstraraðilum kleift að sýna fram á, og lögbærum yfirvöldum kleift að tryggja, að þrýstibúnaður eða samsetningar, sem boðnar eru fram á markaði, samræmist grunnkröfum um öryggi, Þessar aðferðir skulu taka mið af því hversu mikla hættu þrýstibúnaðurinn eða samsetningin hafa í för með sér. Því ætti, fyrir hvern flokk þrýstibúnaðar að vera

([11]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 um evrópska stöðlun og breytingu á tilskipunum ráðsins 89/686/EBE og 93/15/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB, 94/25/EB, 95/16/EB, 97/23/EB, 98/34/EB, 2004/22/EB, 2007/23/EB, 2009/23/EB og 2009/105/EB og niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 87/95/EBE og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1673/2006/EB (Stjtíð. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12).

viðeigandi aðferð eða val á milli ólíkra aðferða þar sem gerðar eru jafnstrangar kröfur. Í ákvörðun nr. 768/2008/EB er kveðið á um aðferðareiningar fyrir samræmismatsaðferðir, sem fela í sér mismunandi strangar aðferðir í samræmi við þá áhættu sem um er að ræða og það öryggisstig sem nauðsynlegt er. Til þess að tryggja samræmi milli einstakra geira og forðast að upp komi frávik við tilteknar aðstæður ætti að velja samræmismatsaðferðirnar úr þessum aðferðareiningum. Þau atriði sem bætast við þessar aðferðir eru háð því hvers konar sannprófun er nauðsynleg vegna þrýstibúnaðar.

32) Aðildarríkin ættu að eiga þess kost að heimila notendaeftirliti að framkvæma tiltekna þætti samræmismatsins innan ramma þessarar tilskipunar. Í þeim tilgangi ætti að setja fram viðmiðanir í þessari tilskipun sem aðildarríkjunum ber að fara eftir þegar þau heimila notendaeftirlit.

33) Samkvæmt tilteknum aðferðum við samræmismat ætti að vera mögulegt að tilkynnt stofa eða notendaeftirlit skoði og prófi hvern hlut sem hluta af lokamati á þrýstibúnaði eða samsetningu. Í öðrum tilvikum er rétt að gera ráðstafanir til þess að tryggja að tilkynnt stofa geti haft eftirlit með lokamati með fyrirvaralausum heimsóknum.

34) Framleiðendur ættu að útbúa ESB-samræmisyfirlýsingu til að veita upplýsingarnar sem krafist er samkvæmt þessari tilskipun um að þrýstibúnaður eða samsetning séu í samræmi við kröfur þessarar tilskipunar og aðra viðeigandi samhæfingarlöggjöf Sambandsins.

35) Til að tryggja greiðan aðgang að upplýsingum vegna markaðseftirlits í tilvikum þar sem þrýstibúnaður eða samsetning falla undir margvíslega samhæfingarlöggjöf Sambandsins ættu allar upplýsingarnar, sem nauðsynlegar eru til að tilgreina allar gildandi gerðir Sambandsins, að vera tiltækar í einni ESB-samræmisyfirlýsingu. Til þess að draga úr stjórnsýslubyrði rekstraraðila má þessi eina ESB-samræmisyfirlýsing vera í formi málsskjala sem samanstanda af viðeigandi einstökum samræmisyfirlýsingum.

36) Nauðsynlegt er að hafa eftirlit með því að farið sé að grunnkröfum um öryggi til að sjá til þess að neytendur, aðrir notendur og þriðju aðilar fái áhrifaríka vernd.

37) Þrýstibúnaður og samsetningar ættu að öllu jöfnu að bera CE-merki. CE-merkið, sem sýnir samræmi þrýstibúnaðar eða samsetninga, er sýnileg niðurstaða af heilu samræmismatsferli í víðri merkingu. Almennar meginreglur um fyrirkomulag CE-merkisins og tengsla þess við aðrar merkingar eru settar fram í reglugerð (EB) nr. 765/2008. Í þessari tilskipun ætti að mæla fyrir um reglur sem gilda um áfestingu CE-merkisins.

38) Sé um að ræða þrýstibúnað sem er skilgreindur í þessari tilskipun og aðeins stafar óveruleg hætta vegna þrýstings af, og því ekki hægt að réttlæta vottunaraðferð, ætti ekki að festa CE-merkið á hann.

39) Tilteknar samræmismatsaðferðir, sem settar eru fram í þessari tilskipun, krefjast afskipta samræmismatsstofu, sem aðildarríkin hafa tilkynnt til framkvæmdastjórnarinnar.

40) Reynslan hefur sýnt að þær viðmiðanir sem settar eru fram í tilskipun 97/23/EB, sem samræmismatsstofur verða að uppfylla áður en þær eru tilkynntar til framkvæmdastjórnarinnar, nægja ekki til að tryggja einsleitan og góðan árangur þessara stofa í gervöllu Sambandinu. Þó er afar mikilvægt að allar samræmismatsstofur sinni hlutverki sínu á sama stigi og við sanngjörn samkeppnisskilyrði. Því er nauðsynlegt að setja skyldubundnar kröfur sem gilda um samræmismatsstofur sem vilja vera tilkynntar svo þær geti veitt samræmismatsþjónustu.

41) Ef samræmismatsstofa sýnir fram á að hún uppfylli viðmiðanirnar, sem mælt er fyrir um í samhæfðu stöðlunum, ætti hún að teljast uppfylla samsvarandi kröfur sem settar eru fram í þessari tilskipun.

42) Til þess að tryggja samræmt gæðastig við samræmismat er einnig nauðsynlegt að setja kröfur, sem tilkynningaryfirvöld og aðrar stofur, sem eiga hlutdeild í mati, tilkynningu og vöktun með samræmismatsstofum, eiga að uppfylla.

43) Faggildingarkerfið sem sett er fram í reglugerð (EB) nr. 765/2008 ætti að vera viðbót við kerfið sem kveðið er á um í þessari tilskipun. Þar eð faggilding er nauðsynleg aðferð til að sannprófa hæfni samræmismatsstofa skal einnig nota hana að því er varðar tilkynningu.

44) Opinber yfirvöld í aðildarríkjum í gervöllu Sambandinu líta svo á að gagnsæ faggilding, eins og kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 765/2008, sem tryggir nægilegt traust á samræmisvottorðum, sé æskilegasta aðferðin til að sýna fram á tæknilega færni samræmismatsstofa. Yfirvöld í aðildarríkjunum geta þó litið svo á að þau búi yfir viðeigandi aðferðum til þess að framkvæma þetta mat sjálf. Í slíkum tilvikum ættu þau, til að tryggja viðeigandi trúverðugleika á mati sem yfirvöld í öðrum aðildarríkjum hafa framkvæmt, að láta framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum í té nauðsynleg skrifleg sönnunargögn sem sýna að samræmismatsstofurnar, sem voru metnar með tilliti til viðkomandi reglna, hafi farið að kröfum.

45) Samræmismatsstofur fá oft undirverktaka til að annast hluta starfsemi sinnar er tengist samræmismati eða nýta sér dótturfyrirtæki. Til að tryggja nauðsynlegt verndarstig fyrir þrýstibúnað eða samsetningu, sem á að setja á markað Sambandsins, er nauðsynlegt að undirverktakar og dótturfyrirtæki, sem annast samræmismat, uppfylli sömu kröfur og tilkynntar stofur með tilliti til framkvæmdar samræmismatsverkefna. Því er mikilvægt að mat á hæfni og frammistöðu hjá þeim stofum sem á að tilkynna og vöktun með þeim stofum sem þegar hafa verið tilkynntar taki einnig til starfsemi undirverktaka og dótturfyrirtækja.

46) Nauðsynlegt er að auka skilvirkni og gagnsæi málsmeðferðar um tilkynningar og einkum að laga hana að nýrri tækni svo tilkynning geti farið fram rafrænt.

47) Þar eð samræmismatsstofur geta boðið þjónustu sína í gervöllu Sambandinu er rétt að önnur aðildarríki og framkvæmdastjórnin eigi þess kost að hreyfa andmælum gegn tilkynntri stofu. Því er mikilvægt að kveða á um tímabil þar sem leysa má úr öllum vafaatriðum eða áhyggjuefnum um hæfni samræmismatsstofa áður en þær hefja starfsemi sem tilkynntar stofur.

48) Af samkeppnisástæðum er brýnt að samræmismatsstofur beiti samræmismatsaðferðunum án þess að skapa rekstraraðilum óþarfa byrði. Af sömu ástæðum og til að tryggja jafna meðferð á rekstraraðilum verður að tryggja samræmi í tæknilegri beitingu samræmismatsaðferðanna. Því verður best náð fram með viðeigandi samræmingu og samstarfi milli samræmismatsstofa.

49) Aðildarríki ættu að gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að þrýstibúnað og samsetningar megi aðeins setja á markað ef þau stofna ekki heilbrigði og öryggi fólks í hættu þegar þau eru geymd á réttan hátt og þau notuð í fyrirhuguðum tilgangi eða við sæmilega fyrirsjáanleg notkunarskilyrði. Líta ætti svo á að þrýstibúnaður eða samsetningar samræmist ekki grunnkröfunum um öryggi, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, eingöngu ef þau eru notuð við sæmilega fyrirsjáanleg skilyrði, þ.e.a.s. við notkun sem kann að leiða af löglegu og mannlegu atferli sem auðveldlega mátti sjá fyrir.

50) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar tilskipunar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ([12]).

([12]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

51) Beita ætti ráðgjafarnefndarmeðferðinni við samþykkt framkvæmdargerða þar sem óskað er eftir að tilkynningaraðildarríki geri nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta að því er varðar tilkynntar stofur sem uppfylla ekki eða uppfylla ekki lengur kröfurnar viðvíkjandi tilkynningu þeirra.

52) Beita ætti rannsóknarmálsmeðferðinni fyrir samþykkt framkvæmdargerða að því er tekur til evrópskra samþykkja efna sem annmarkar eru á og sem búið er að birta tilvísanir fyrir í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, þar sem slíkar ákvarðanir geta haft áhrif á fyrirframætlað samræmi við viðeigandi grunnkröfur.

53) Í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum, þegar brýna nauðsyn ber til, ætti framkvæmdastjórnin að samþykkja framkvæmdargerðir, sem öðlast gildi tafarlaust, að því er varðar þrýstibúnað eða samsetningar, sem uppfylla kröfur en skapa áhættu fyrir heilbrigði eða öryggi manna, húsdýra eða fyrir eignir.

54) Í samræmi við viðteknar venjur getur nefndin, sem skipuð er samkvæmt þessari tilskipun, haft gagnlegu hlutverki að gegna við rannsókn mála er varða beitingu þessarar tilskipunar, sem annaðhvort formaður hennar leggur fram eða fulltrúi aðildarríkis, í samræmi við málsmeðferðarreglur nefndarinnar.

55) Þegar mál, sem varða þessa tilskipun, önnur en mál, sem varða framkvæmd hennar eða brot á henni, eru til umræðu, þ.e. hjá sérfræðingahópi framkvæmdastjórnarinnar, ætti Evrópuþingið, miðað við núverandi venjur, að fá allar upplýsingar og skjöl og, eftir því sem við á, boð um að sitja slíka fundi.

56) Framkvæmdastjórnin ætti að ákvarða með framkvæmdargerðum og, vegna sérstaks eðlis þeirra, án þess að beita reglugerð (ESB) nr. 182/2011, hvort þær ráðstafanir sem aðildarríkin gera að því er varðar þrýstibúnað eða samsetningar sem uppfylla ekki kröfurnar, séu réttlætanlegar eða ekki.

57) Til þess að taka tillit til nýrra, afar brýnna öryggisástæðna, ætti að framselja vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins til framkvæmdastjórnarinnar að því er varðar breytingar á flokkun þrýstibúnaðar eða samsetninga. Endurflokkunin ætti að vera byggð á viðeigandi sönnunargögnum og rökstuðningi í hverju tilviki. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga.

58) Við undirbúning og samningu framseldra gerða ætti framkvæmdastjórnin að tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.

59) Í tilskipun 97/23/EB er kveðið á um umbreytingarfyrirkomulag sem gerir kleift að taka þrýstibúnað og samsetningar í notkun sem fara að landsbundnum reglugerðum sem í gildi eru daginn þegar tilskipun 97/23/EB kemur til framkvæmda. Með skírskotun til réttarvissu er nauðsynlegt að það umbreytingarfyrirkomulag sé einnig hluti af þessari tilskipun.

60) Nauðsynlegt er að kveða á um viðeigandi umbreytingarfyrirkomulag sem gerir kleift að þrýstibúnaður og samsetningar sem hafa þegar verið sett á markað í samræmi við tilskipun 97/23/EB fyrir gildistökudag landsráðstafana til lögleiðingar á þessari tilskipun, verði boðin fram á markaði og/eða tekin í notkun án þess að þurfa að uppfylla frekari vörukröfur. Dreifingaraðilar ættu því að geta afhent þrýstibúnað og samsetningar, sem hafa verið sett á markað, nánar tiltekið birgðir sem eru þegar í dreifingarkeðjunni, fyrir gildistökudag landsráðstafana til lögleiðingar á þessari tilskipun.

61) Aðildarríkin ættu að mæla fyrir um reglur um viðurlög við brotum gegn ákvæðum landslaga, sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun, og tryggja að þeim sé framfylgt. Viðurlögin, sem kveðið er á um, ættu að vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.

62) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að tryggja að þrýstibúnaður og samsetningar á markaði uppfylli kröfur, sem vernda heilbrigði og öryggi manna og húsdýra eða eigna með öflugum hætti um leið og starfsemi innri markaðarins er tryggð, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs og áhrifa hennar, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná því markmiði.

63) Skyldan til að taka þessa tilskipun upp í landslög ætti að takmarkast við þau ákvæði þar sem gerð er efnisleg breyting í samanburði við fyrri tilskipun. Skyldan til að taka óbreyttu ákvæðin upp leiðir af fyrri tilskipuninni.

64) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar frest þeirra til að lögleiða tilskipunina, sem tilgreind er í B-hluta V. viðauka, í landslög og dagsetninguna sem hún kemur til framkvæmda,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Gildissvið

1. Þessi tilskipun gildir um hönnun, framleiðslu og samræmismat þrýstibúnaðar og samsetninga með leyfilegan hámarksþrýsting (PS) sem er yfir 0,5 börum.

2. Tilskipun þessi gildir ekki um:

a) lagnir, einnig lagnir eða lagnakerfi sem er ætlað til að flytja straumefni eða annað efni til eða frá stöð (á láði eða legi) að meðtöldum einangrunarbúnaði inn og út úr stöðinni, einnig allur aukabúnaður sem er sérstaklega ætlaður fyrir lagnir; staðlaður þrýstibúnaður í afþrýstings- eða þjöppunarstöðvum er þó ekki undanþeginn gildissviði þessarar tilskipunar,

b) netkerfi fyrir öflun, dreifingu og losun vatns og tengdan tækjabúnað og aðrennslisrásir, t.d. þrýstivatnspípur, þrýstiþolin aðfallsrör, þrýstiþolnir lóðréttir stokkar í vatnsaflsvirkjanir og búnaður sem tengist þeim,

c) einföld þrýstihylki sem falla undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/29/ESB ([13]),

d) úðabrúsa sem falla undir tilskipun 75/324/EBE ([14]),

e) búnað sem er ætlaður til að reka ökutæki og er skilgreindur í eftirfarandi réttargerðum:

i. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB ([15]),

([13]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/29/ESB frá 26. febrúar 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða einföld þrýstihylki fram á markaði (Stjtíð. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 45).

([14]) Tilskipun ráðsins 75/324/EBE frá 20. maí 1975 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi úðabrúsa (Stjtíð. EB L 147, 9.6.1975, bls. 40).

([15]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun) (Stjtíð. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1).

ii. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 167/2013 ([16]),

iii. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 168/2013 ([17]),

f) búnað sem er ekki flokkaður ofar I. flokki skv. 13. gr. þessarar tilskipunar og fellur undir eina eftirfarandi tilskipana:

i. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/42/EB ([18]),

ii. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/33/ESB ([19]),

iii. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/35/ESB ([20]),

iv. Tilskipun ráðsins 93/42/EBE ([21]),

v. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/142/EB ([22]),

vi. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/34/ESB ([23]),

g) búnað sem fellur undir b-lið 1. mgr. 346. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins,

h) hluti sem eru sérhannaðir til notkunar á sviði kjarnorkuvinnslu þar sem bilun gæti valdið geislamengun,

i) eftirlitsbúnað í borholum sem er notaður við jarðolíu-, gas- eða jarðhitaleit og -vinnslu og við geymslu neðanjarðar til að halda niðri og/eða stjórna þrýstingi í borholum. Þar á meðal er efsti hluti borholu (borholulokagrind), þrýstingslásar (BOP), lagnagreinar og allur uppstreymisbúnaður,

j) tækjabúnað sem felur í sér hlífar eða vélverk þar sem stærðir, efnisval og framleiðslureglur fara fyrst og fremst eftir kröfum um nægan styrk, stinnleika og stöðugleika til að standast stöðu- og hreyfiaflfræðilegt álag við notkun eða aðra starfræna eiginleika sem koma fram við notkun og þar sem hönnun miðast að litlu leyti við þrýsting. Meðal slíks búnaðar má telja:

i. hreyfla búna hverflum og brunahreyfla,

ii. gufuhreyfla, gas/vatnsgufuhverfla, hverfirafala, þjöppur, dælur og ræsibúnað,

([16]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 167/2013 frá 5. febrúar 2013 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með ökutækjum fyrir landbúnað eða skógrækt (Stjtíð. ESB L 60, 2.3.2013, bls. 1).

([17]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 168/2013 frá 15. janúar 2013 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum og fjórhjólum (Stjtíð. ESB L 60, 2.3.2013, bls. 52).

([18]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/42/EB frá 17. maí 2006 um vélarbúnað og um breytingu á tilskipun 95/16/EB (Stjtíð. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 24)

([19]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/33/ESB frá 26. febrúar 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um lyftur og öryggisíhluti fyrir lyftur (Stjtíð. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 251).

([20]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/35/ESB frá 26. febrúar 2014 um samhæfingu laga aðildarríkjanna um að bjóða fram á markaði rafföng sem notuð eru innan ákveðinna spennumarka (Stjtíð. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 357).

([21]) Tilskipun ráðsins 93/42/EBE frá 14. júní 1993 um lækningatæki (Stjtíð. EB L 169, 12.7.1993, bls. 1).

([22]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/142/EB frá 30. nóvember 2009 varðandi tæki sem brenna gasi (Stjtíð. ESB L 330, 16.12.2009, bls. 10).

([23]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/34/ESB frá 26. febrúar 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi búnað og verndarkerfi sem eru ætluð til notkunar í hugsanlega sprengifimu lofti (Stjtíð. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 309).

k) háofna að meðtöldum kælibúnaði, heitblástursvarmaskipta, rykhreinsibúnað og útblásturshreinsibúnað við háofna og kúplalok, þar á meðal kælibúnað, hvarfakúta og potta til að bræða, endurbræða, gashreinsa og steypa stál, járn og járnlausa málma,

l) umlykjur fyrir háspennurafbúnað s.s. rofbúnað, stýribúnað, spennubreyta og vélar sem snúast,

m) þrýstilagnir fyrir flutningskerfi, til dæmis raflínur og símastrengi,

n) skip, eldflaugar, loftför og færanlegar einingar á sjó, einnig búnað sem er sérstaklega ætlaður til nota um borð eða til knúnings,

o) þrýstibúnað í mynd sveigjanlegra hulstra, til dæmis hjólbarða, loftpúða, bolta til leikja, uppblásin farartæki og annan áþekkan þrýstibúnað,

p) útblásturs- og inntakshljóðdeyfa,

q) flöskur eða dósir undir kolsýrða drykki til lokaneyslu,

r) hylki til flutninga og dreifingar á drykkjum þar sem margfeldi PS og V fer ekki yfir 500 bör á lítrann og leyfilegur hámarksþrýstingur er 7 bör eða minna,

s) búnað sem fellur undir tilskipun 2008/68/EB og tilskipun 2010/35/ESB og búnað sem fellur undir alþjóðlega kóðann um siglingu með hættulegan varning og samþykktina um alþjóðaflugmál,

t) ofna og lagnir fyrir upphitunarkerfi með heitu vatni,

u) hylki undir vökva þar sem gasþrýstingur er 0,5 bör eða minna yfir vökvanum.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „þrýstibúnaður“: hylki, lagnir, öryggisaukabúnaður og þrýstifylgihlutir, þ.m.t., eftir atvikum, hlutir sem eru festir við þá hluta sem eru undir þrýstingi, t.d. flansar, stútar, tengistykki, undirstöður, höldur,

2) „hylki“: hulstur sem er hannað og framleitt til að geyma straumefni undir þrýstingi, ásamt búnaði sem festur er beint á það upp að tengingu þess við annan búnað. Í hylki geta verið fleiri en eitt hólf,

3) „lagnir“: lagnaíhlutir sem er ætlað að flytja straumefni þegar þeir eru tengdir saman og mynda heild í þrýstikerfi. Lagnir geta verið meðal annars leiðslur eða lagnakerfi, rör, tengihlutir, þenslusamskeyti, barkar eða aðrir þrýstiþolnir íhlutir eftir því sem við á. Varmaskiptar í formi leiðslna til að kæla eða hita loft skulu teljast til lagna,

4) „öryggisaukabúnaður“: búnaður til að koma í veg fyrir að þrýstingur í þrýstibúnaði sé yfir leyfilegum mörkum, þ.m.t. búnaður fyrir beina þrýstitakmörkun, svo sem öryggislokar, öryggisbúnaður með sprengidiski, teinar sem bogna, stýrð þrýstingsminnkunarkerfi, og búnaður sem annaðhvort gangsetur leiðréttingarbúnað og slekkur á honum eða setur búnaðinn í stöðvunarlás, svo sem þrýstiliðar eða hitaliðar eða vökvaliðar (vatnshæðarstjórnunarbúnaður) og stillingar- og mælitæki sem varða öryggi,

5) „þrýstifylgihlutir“ búnaður sem hefur áhrif á virkni og er í þrýstiþolnu hulstri,

6) „samsetningar“: nokkrir hlutar þrýstibúnaðar sem framleiðandi setur saman í eina starfræna heild,

7) „þrýstingur“: þrýstingur miðaður við loftþrýsting, þ.e. mæliþrýstingur. Af þessum sökum er lofttæmi táknað með neikvæðu gildi,

8) „leyfilegur hámarksþrýstingur (PS)“: sá hámarksþrýstingur sem tækjabúnaðinum er ætlað að þola og framleiðandi tilgreinir og er skilgreindur á stað sem hann tilgreinir; sá staður skal vera við tengingu varnar- og/eða takmarkandi búnaðar eða efst á búnaðinum eða, ef slíkt á ekki við, á öðrum tilteknum stað,

9) „leyfilegt hámarks-/lágmarkshitastig (TS)“: hámarks- og lágmarkshitastig sem tækjabúnaðurinn er hannaður fyrir og framleiðandi tilgreinir,

10) „rúmmál (V)“: innra rúmmál hólfs, að meðtöldu rúmmáli stúta að fyrstu samskeytum eða málmsuðu og að frátöldu rúmmáli fastra innbyggðra hluta,

11) „nafnstærð (DN)“: tala sem táknar stærð og er sameiginleg öllum íhlutum í lagnakerfi að frátöldum íhlutum sem eru táknaðir með ytra þverməli eða stærð skrúfgangs. Um er að ræða heppilega rúnnaða tölu sem notuð er sem tilvísun og tengist aðeins lauslega framleiðslustærð. Nafnstærð er táknuð með DN ásamt tölu,

12) „straumefni“: lofttegundir, vökvar og gufur, bæði hrein efni og blönduð. Í straumefni geta verið föst efni í sviflausn,

13) „varanleg samskeyti“: samskeyti sem ekki er hægt að taka í sundur án þess að skemma þau,

14) „evrópskt samþykki efna“: tækniskjal þar sem skilgreindir eru eiginleikar efna sem nota má aftur og aftur við framleiðslu á þrýstibúnaði og engir samhæfðir staðlar gilda um,

15) „að bjóða fram á markaði“ öll afhending þrýstibúnaðar eða samsetninga til dreifingar eða til notkunar á markaði Sambandsins á meðan á viðskiptastarfsemi stendur, hvort sem það er gegn greiðslu eða án endurgjalds,

16) „setning á markað“: það að þrýstibúnaður eða samsetningar eru boðin fram í fyrsta sinn á markaði Sambandsins,

17) „að taka í notkun“: fyrsta skipti sem þrýstibúnaður eða samsetning eru notuð af notanda,

18) „framleiðandi“: einstaklingur eða lögaðili, sem framleiðir þrýstibúnað eða samsetningu, eða lætur hanna eða framleiða slíkan búnað eða samsetningu og markaðssetur þrýstibúnaðinn eða samsetninguna undir eigin nafni eða vörumerki eða notar í eigin tilgangi,

19) „viðurkenndur fulltrúi“: einstaklingur eða lögaðili með staðfestu í Sambandinu sem hefur skriflegt umboð frá framleiðandanum til að koma fram fyrir hans hönd í tengslum við tilgreind verkefni,

20) „innflytjandi“: einstaklingur eða lögaðili með staðfestu í Sambandinu sem setur þrýstibúnað eða samsetningar sem koma frá þriðja landi á markað Sambandsins,

21) „dreifingaraðili“: einstaklingur eða lögaðili í aðfangakeðjunni, annar en framleiðandi eða innflytjandi, sem býður þrýstibúnað eða samsetningar fram á markaði,

22) „rekstraraðilar“: framleiðandi, viðurkenndur fulltrúi, innflytjandi og dreifingaraðili,

23) „tækniforskrift“: skjal þar sem mælt er fyrir um tæknikröfur sem þrýstibúnaður eða samsetningar þurfa að uppfylla,

24) „samhæfður staðall“: samhæfður staðall eins og hann er skilgreindur í c-lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1025/2012,

25) „faggilding“: faggilding eins og hún er skilgreind í 10. lið 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008,

26) „faggildingarstofa í aðildarríki“: faggildingarstofa í aðildarríki eins og hún er skilgreind í 11. lið 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008,

27) „samræmismat“: ferli sem sýnir fram á hvort grunnkröfur þessarar tilskipunar um öryggi í tengslum við þrýstibúnað eða samsetningar hafi verið uppfylltar,

28) „samræmismatsstofa“: stofa sem annast samræmismat, þ.m.t. kvörðun, prófun, vottun og eftirlit,

29) „innköllun“: hvers konar ráðstöfun sem miðar að því að þrýstibúnaði eða samsetningum, sem þegar eru aðgengileg neytendum eða öðrum notendum, sé skilað til baka,

30) „vara tekin af markaði“: hvers konar ráðstöfun sem miðar að því að koma í veg fyrir að þrýstibúnaður eða samsetningar í aðfangakeðjunni séu boðnin fram á markaði,

31) „CE-merkið“: merki þar sem framleiðandinn tilgreinir að þrýstibúnaðurinn eða samsetningin séu í samræmi við gildandi kröfur, sem settar eru fram í samhæfingarlöggjöf Sambandsins, þar sem kveðið er á um áfestingu merkisins,

32) „samhæfingarlöggjöf Sambandsins“: öll löggjöf Sambandsins þar sem skilyrði fyrir markaðssetningu á vörum eru samræmd.

3. gr.

Að bjóða fram á markaði og taka í notkun

1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þrýstibúnaður og samsetningar verði því aðeins settar á markað og teknar í notkun að þær uppfylli kröfur þessarar tilskipunar þegar þær eru settar upp og haldið við á réttan hátt og notaðar í þeim tilgangi sem ráð er fyrir gert.

2. Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á rétt aðildarríkjanna til að mæla fyrir um allar kröfur sem þau telja nauðsynlegar til að menn og einkum starfsmenn séu varðir þegar þeir nota umræddan þrýstibúnað eða samsetningu, að því tilskildu að það hafi ekki í för með sér að búnaðinum eða samsetningunni verði breytt á nokkurn hátt sem ekki er tilgreindur í þessari tilskipun.

3. Aðildarríkin skulu ekki koma í veg fyrir sýningu þrýstibúnaðar eða samsetninga, sem samræmast ekki ákvæðum þessarar tilskipunar, á kaupstefnum, vörusýningum, kynningum eða sambærilegum viðburðum svo fremi að vel sýnilegt merki gefi greinilega til kynna að þrýstibúnaðurinn eða samsetningarnar séu ekki í samræmi við ákvæðin og ekki megi setja þær á markað og/eða taka þær í notkun fyrr en þær hafa verið færðar til samræmis. Meðan á slíkum sýningum stendur skal gera viðeigandi öryggisráðstafanir í samræmi við allar kröfur sem gerðar eru af lögbæru yfirvaldi í hlutaðeigandi aðildarríki til að tryggja öryggi fólks.

4. gr.

Tæknilegar kröfur

1. Eftirfarandi þrýstibúnaður skal uppfylla grunnkröfurnar um öryggi sem settar eru fram í I. viðauka:

a) Hylki, önnur en þau sem um getur í b-lið, undir:

i. lofttegundir, fljótandi lofttegundir, lofttegundir sem eru uppleystar undir þrýstingi, gufur og þá vökva sem við leyfilegan hámarkshita ná gufuþrýstingi sem er meira en 0,5 bör yfir venjulegum loftþrýstingi (1013 mbör) innan eftirtalinna marka:

— fyrir straumefni úr flokki 1, hylki sem eru meira en 1 lítri að rúmmáli og með margfeldi PS og V hærra en 25 bör á lítrann eða við þrýsting (PS) sem er yfir 200 bör (sjá töflu 1 í II. viðauka),

— fyrir straumefni úr flokki 2, hylki sem eru meira en 1 lítri að rúmmáli og með margfeldi PS og V hærra en 50 bör á lítrann eða við þrýsting (PS) sem er yfir 1000 bör og öll handslökkvitæki og hylki fyrir öndunarbúnað (sjá töflu 2 í II. viðauka),

ii. vökva með gufuþrýstingi sem við leyfilegt hámarkshitastig er 0,5 bör eða minna yfir venjulegum loftþrýstingi (1013 mbör) innan eftirtalinna marka:

— fyrir straumefni úr flokki 1, hylki sem eru meira en 1 lítri að rúmmáli og með margfeldi PS og V hærra en 200 bör á lítrann eða við þrýsting (PS) sem er yfir 500 bör (sjá töflu 3 í II. viðauka),

— fyrir straumefni úr flokki 2, við þrýsting sem er yfir 10 bör og með margfeldi PS og V hærra en 10 000 bör á lítrann eða við þrýsting (PS) sem er yfir 1000 bör (sjá töflu 4 í II. viðauka),

b) Þrýstibúnaður, kyntur eða hitaður á annan hátt, sem getur ofhitnað, til framleiðslu gufu eða háhitavatns sem er yfir 110 °C og með rúmmál yfir 2 lítrum, og allir hraðsuðupottar (sjá töflu 5, í II. viðauka),

c) Lagnir ætlaðar fyrir:

i. lofttegundir, fljótandi lofttegundir, lofttegundir sem eru uppleystar undir þrýstingi, gufur og þá vökva sem við leyfilegan hámarkshita ná gufuþrýstingi yfir 0,5 börum yfir venjulegum loftþrýstingi (1013 mbör) innan eftirtalinna marka:

— fyrir straumefni úr flokki 1, með DN-gildi hærra en 25 (sjá töflu 6 í II. viðauka),

— fyrir straumefni úr flokki 2, með DN-gildi hærra en 32 og með margfeldi PS og DN sem er hærra en 1000 bör (sjá töflu 7 í II. viðauka),

ii. vökva með gufuþrýstingi sem við leyfilegt hámarkshitastig er 0,5 bör eða minna yfir venjulegum loftþrýstingi (1013 mbör) innan eftirtalinna marka:

— fyrir straumefni úr flokki 1, með DN-gildi hærra en 25 og með margfeldi PS og DN sem er hærra en 2000 bör (sjá töflu 8 í II. viðauka),

— fyrir straumefni úr flokki 2, með þrýsting (PS) yfir 10 börum, DN-gildi hærra en 200 og með margfeldi PS og DN sem er hærra en 5000 bör (sjá töflu 9 í II. viðauka),

d) Öryggis- og þrýstifylgihlutir ætlaðir til nota með búnaði sem fellur undir a-, b- og c-lið, einnig þegar slíkur búnaður er hluti samsetningar.

2. Eftirfarandi samsetningar sem fela í sér a.m.k. einn þeirra íhluta þrýstibúnaðar sem falla undir 1. mgr. skulu uppfylla grunnkröfurnar um öryggi sem settar eru fram í I. viðauka:

a) samsetningar sem er ætlað að framleiða gufu eða yfirhitað vatn yfir 110 °C og sem í er a.m.k. einn íhlutur þrýstibúnaðar sem er kyntur eða hitaður á annan hátt og sem hætta er á að ofhitni,

b) samsetningar aðrar en þær sem um getur í a-lið, ef það er ætlun framleiðanda að þær séu boðnar fram á markaði og teknar í notkun sem samsetningar.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein skulu samsetningar, sem ætlaðar eru til að hita vatn upp að 110 °C og eru mataðar handvirkt á eldsneyti í föstu formi, með margfeldi PS og V sem er hærra en 50 bör á lítra, samræmast grunnkröfunum um öryggi sem um getur í liðum 2.10, 2.11, og 3.4, og í a- og d- lið 5. liðar í I. viðauka.

3. Þrýstibúnað og samsetningar undir eða við mörkin sem mælt er fyrir um í a-, b- og c-lið 1. mgr. og í 2. mgr., eftir því sem við á, skal hanna og framleiða í samræmi við góðar starfsvenjur í verkfræði í hlutaðeigandi aðildarríki til að tryggja örugga notkun. Þrýstibúnaði og samsetningum skulu fylgja viðeigandi notkunarleiðbeiningar.

Án þess að hafa áhrif á aðra gildandi samhæfingarlöggjöf Sambandsins sem kveður á um áfestingu þess, skal slíkur búnaður eða samsetningar ekki vera með CE-merkið sem um getur í 18. gr.

5. gr.

Frjáls flutningur

1. Aðildarríkjunum er óheimilt að banna, takmarka eða hindra að þrýstibúnaður eða samsetningar séu boðin fram á markaði eða tekin í notkun við þau skilyrði sem framleiðandi þrýstibúnaðar eða samsetninga tilgreinir, vegna hættu samfara þrýstingi, ef slíkur búnaður er í samræmi við þessa tilskipun.

Aðildarríkjum er óheimilt að banna, takmarka eða hindra að þrýstibúnaður eða samsetningar, sem eru í samræmi við 3. mgr. 4. gr., séu boðin fram á markaði eða tekin í notkun vegna hættu samfara þrýstingi.

2. Þegar aðildarríki hefur tilnefnt notendaeftirlit í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 25. grein, er því óheimilt að banna, takmarka eða hindra að þrýstibúnaður eða samsetningar séu boðin fram á markaði eða tekin í notkun við þau skilyrði sem kveðið er á um í 16. gr., vegna hættu samfara þrýstingi, ef notendaeftirlit, sem annað aðildarríki tilnefnir í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 25. gr., hefur vottað samræmi þeirra.

3. Aðildarríkin geta, að því marki sem slíkt er nauðsynlegt til þess að tryggja örugga og rétta notkun þrýstibúnaðar og samsetninga, krafist upplýsinganna, sem um getur í liðum 3.3 og 3.4 í I. viðauka, á opinberu tungumáli eða tungumálum Sambandsins sem því aðildarríki, þar sem búnaðurinn eða samsetningin eru boðin fram á markaði, er heimilt að ákvarða.

2. KAFLI

SKYLDUR REKSTRARAÐILA

6. gr.

Skyldur framleiðenda

1. Þegar framleiðendur setja þrýstibúnað eða samsetningar sem um getur í 1. og 2. mgr. 4. gr. á markað eða nota í eigin þágu skulu þeir sjá til þess að þau hafi verið hönnuð og framleidd í samræmi við grunnkröfurnar um öryggi sem settar eru fram í I. viðauka.

Þegar framleiðendur setja þrýstibúnað eða samsetningar sem um getur í 3. mgr. 4. gr. á markað eða nota í eigin þágu skulu þeir sjá til þess að þau hafi verið hönnuð og framleidd í samræmi við góðar starfsvenjur í verkfræði í aðildarríki.

2. Fyrir þrýstibúnað eða samsetningar sem talin eru upp í 1. og 2. mgr. 4. gr. skulu framleiðendur útbúa tæknigögnin sem um getur í III. viðauka og framkvæma viðeigandi samræmismatsaðferð sem um getur í 14. gr. eða láta framkvæma hana.

Ef sýnt hefur verið fram á að þrýstibúnaðurinn eða samsetningarnar uppfylli öryggismarkmiðin, sem um getur í 1. og 2. mgr. 4. gr., með samræmismatsaðferðinni sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar skulu framleiðendur gera ESB-samræmisyfirlýsingu og festa CE-merkið á.

3. Framleiðendur skulu varðveita tæknigögnin og ESB-samræmisyfirlýsinguna í tíu ár eftir að þrýstibúnaður eða samsetningar hafa verið sett á markað.

4. Framleiðendur skulu tryggja að aðferðir séu til staðar til að raðframleiðsla haldist í samræmi við þessa tilskipun. Taka skal fullnægjandi tillit til breytinga á hönnun eða eiginleikum þrýstibúnaðar eða samsetninga og breytinga á samhæfðum stöðlum eða öðrum tækniforskriftum sem lýst er yfir að samræmi þrýstibúnaðar eða samsetninga við tilskildar kröfur miðist við.

Ef það telst viðeigandi með tilliti til áhættu, sem stafar af þrýstibúnaði eða samsetningum, skulu framleiðendur, í því skyni að vernda heilbrigði og öryggi neytenda og annarra notenda, framkvæma úrtaksprófun á þrýstibúnaði eða samsetningum, sem eru boðin fram á markaði, rannsaka og, ef nauðsyn krefur, halda skrá yfir kvartanir, yfir þrýstibúnað og samsetningar sem uppfylla ekki kröfur og yfir innköllun slíks búnaðar og veita dreifingaraðilum upplýsingar um alla slíka vöktun.

5. Framleiðendur skulu tryggja að á þrýstibúnaði eða samsetningum þeirra séu gerðar-, framleiðslu-einingar- eða raðnúmer eða annað, sem gerir kleift að bera kennsl á þau, eða, ef það er ekki hægt vegna stærðar eða eðlis búnaðarins eða samsetningarinnar, að tilskildar upplýsingar séu veittar á umbúðunum eða í skjali sem fylgir búnaðinum.

6. Framleiðendur skulu skrá á þrýstibúnaðinn eða samsetninguna nafn sitt, skráð viðskiptaheiti eða skráð vörumerki og heimilisfang þar sem hafa má samband við þá eða, ef það er ekki mögulegt, á umbúðirnar eða í skjal sem fylgir búnaðinum eða samsetningunni. Heimilisfangið skal tilgreina einn stað þar sem hægt er að hafa samband við framleiðandann. Samskiptaupplýsingarnar skulu vera á tungumáli sem er auðskiljanlegt fyrir neytendur, aðra notendur og markaðseftirlitsyfirvöld.

7. Framleiðendur skulu tryggja að þrýstibúnaðinum eða samsetningunum sem um getur í 1. og 2. mgr. 4. gr. fylgi leiðbeiningar og upplýsingar um öryggismál í samræmi við lið 3.3 og 3.4 í I. viðauka á tungumáli sem er auðskiljanlegt fyrir neytendur og aðra notendur, eins og hlutaðeigandi aðildarríki hefur ákvarðað. Slíkar leiðbeiningar og upplýsingar um öryggismál skulu vera skýrar, skiljanlegar og greinilegar.

Framleiðendur skulu tryggja að þrýstibúnaðinum eða samsetningunum sem um getur í 3. mgr. 4. gr. fylgi leiðbeiningar og upplýsingar um öryggismál í samræmi við 3. mgr. 4. gr. á tungumáli sem er auðskiljanlegt fyrir neytendur og aðra notendur, eins og hlutaðeigandi aðildarríki hefur ákvarðað. Slíkar leiðbeiningar og upplýsingar um öryggismál skulu vera skýrar, skiljanlegar og greinilegar.

8. Framleiðendur sem telja eða hafa ástæðu til að ætla að þrýstibúnaður eða samsetningar sem þeir hafa sett á markað samrýmist ekki þessari tilskipun skulu tafarlaust gera þær ráðstafanir til úrbóta sem eru nauðsynlegar til að þrýstibúnaðurinn eða samsetningarnar samrýmist kröfum, til að taka þau af markaði eða innkalla, ef við á. Ef áhætta stafar af þrýstibúnaði eða samsetningum skulu framleiðendur enn fremur tafarlaust upplýsa lögbær landsyfirvöld aðildarríkjanna þar sem þrýstibúnaðurinn eða samsetningarnar voru boðin fram á markaði þar um, einkum um tilvik þar sem ekki er farið að ákvæðum og um allar ráðstafanir sem gerðar eru til úrbóta.

9. Framleiðendur skulu, á grundvelli rökstuddrar beiðni frá lögbæru landsyfirvaldi, afhenda yfirvaldinu allar upplýsingar og skjöl, sem nauðsynleg eru til að sýna fram á að þrýstibúnaður eða samsetningar samrýmist þessari tilskipun, á tungumáli sem það yfirvald hefur á valdi sínu. Þessar upplýsingar og skjöl má veita á pappír eða á rafrænu formi. Þeir skulu hafa samvinnu við þetta yfirvald, að beiðni þess, að því er varðar allar aðgerðir sem gripið er til í því skyni að útiloka áhættu sem þrýstibúnaðurinn eða samsetningin, sem þeir hafa sett á markað, hafa í för með sér.

7. gr.

Viðurkenndir fulltrúar

1. Framleiðanda er heimilt að tilnefna viðurkenndan fulltrúa með skriflegu umboði.

Skyldurnar, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 6. gr., og sú skylda að útbúa tæknigögn sem um getur í 2. mgr. 6. gr. skulu ekki vera hluti af umboði viðurkennda fulltrúans.

2. Viðurkenndur fulltrúi skal inna af hendi þau verkefni sem tilgreind eru í umboðinu frá framleiðandanum. Umboðið skal a.m.k. gefa viðurkennda fulltrúanum heimild til:

a) að varðveita ESB-samræmisyfirlýsinguna og tæknigögnin svo þau séu tiltæk fyrir landsbundin markaðseftirlitsyfirvöld í tíu ár eftir að þrýstibúnaðurinn eða samsetningin hafa verið sett á markað,

b) að afhenda, á grundvelli rökstuddrar beiðni frá lögbæru landsyfirvaldi, því yfirvaldi allar upplýsingar og skjöl sem nauðsynleg eru til að sýna fram á samræmi þrýstibúnaðarins eða samsetningarinnar,

c) að hafa samvinnu við lögbær landsyfirvöld, að beiðni þeirra, að því er varðar allar aðgerðir sem beitt er til að útiloka áhættu sem stafar af þrýstibúnaðinum eða samsetningunni sem falla undir umboð viðurkennda fulltrúans.

8. gr.

Skyldur innflytjenda

1. Innflytjendur skulu aðeins setja þrýstibúnað eða samsetningar sem uppfylla kröfur á markað.

2. Áður en þrýstibúnaður eða samsetningar sem talin eru upp í 1. og 2. mgr. 4. gr. eru sett á markað skulu innflytjendur tryggja að framleiðandi hafi unnið samræmismat með viðeigandi aðferð í samræmi við í 14. gr. Þeir skulu tryggja að framleiðandinn hafi útbúið tæknigögn, að þrýstibúnaðurinn eða samsetningarnar beri CE-merki og að þeim fylgi leiðbeiningar og upplýsingar um öryggismál í samræmi við lið 3.3 og 3.4 í I. viðauka og að framleiðandinn hafi uppfyllt kröfurnar sem settar eru fram í 5. og 6. mgr. 6. gr.

Áður en þrýstibúnaður eða samsetningar sem talin eru upp í 3. mgr. 4. gr. eru sett á markað skulu innflytjendur tryggja að framleiðandi hafi útbúið tæknigögn og að þrýstibúnaði eða samsetningum fylgi fullnægjandi notkunarleiðbeiningar og að framleiðandinn hafi uppfyllt kröfurnar í sem settar eru fram í 5. og 6. mgr. 6. gr.

Ef innflytjandi telur eða hefur ástæðu til að ætla að þrýstibúnaðurinn eða samsetningarnar séu ekki í samræmi við grunnkröfurnar um öryggi, sem settar eru fram í I. viðauka, skal hann ekki setja þrýstibúnaðinn eða samsetninguna á markað fyrr en þau hafa verið færð til samræmis við kröfur. Ef áhætta stafar af þrýstibúnaðinum eða samsetningunni skal innflytjandi enn fremur upplýsa framleiðandann og markaðseftirlitsyfirvöld þar um.

3. Innflytjendur skulu tilgreina nafn sitt, skráð viðskiptaheiti eða skráð vörumerki og heimilisfang, þar sem hafa má samband við þá, á þrýstibúnaðinum eða samsetningunni eða, ef það er ekki mögulegt, á umbúðunum eða í skjali sem fylgir búnaðinum eða samsetningunni. Samskiptaupplýsingarnar skulu vera á tungumáli sem er auðskiljanlegt fyrir neytendur, aðra notendur og markaðseftirlitsyfirvöld.

4. Innflytjendur skulu tryggja að þrýstibúnaðinum eða samsetningunum sem um getur í 1. og 2. mgr. 4. gr. fylgi leiðbeiningar og upplýsingar um öryggismál í samræmi við lið 3.3 og 3.4 í I. viðauka á tungumáli sem er auðskiljanlegt fyrir neytendur og aðra notendur, eins og hlutaðeigandi aðildarríki hefur ákvarðað.

Innflytjendur skulu tryggja að þrýstibúnaðinum eða samsetningunni sem um getur í 3. mgr. 4. gr. fylgi leiðbeiningar og upplýsingar um öryggismál á tungumáli sem er auðskiljanlegt fyrir neytendur og aðra notendur, eins og hlutaðeigandi aðildarríki hefur ákvarðað.

5. Innflytjendur skulu sjá til þess að á meðan þrýstibúnaður eða samsetningar sem um getur í 1. og 2. mgr. 4. gr. eru á þeirra ábyrgð tefli geymslu- eða flutningsskilyrði ekki í tvísýnu samræmi þeirra við grunnkröfurnar um öryggi, sem settar eru fram í I. viðauka.

6. Ef það telst viðeigandi, með tilliti til áhættu sem stafar af þrýstibúnaði eða samsetningum, skulu innflytjendur, í því skyni að vernda heilbrigði og öryggi neytenda og annarra notenda, framkvæma úrtaksprófun á þrýstibúnaði eða samsetningum á markaði, rannsaka og, ef nauðsyn krefur, halda skrá yfir kvartanir, yfir þrýstibúnað eða samsetningar sem uppfylla ekki kröfur og yfir innköllun slíks búnaðar og veita dreifingaraðilum upplýsingar um alla slíka vöktun.

7. Innflytjendur, sem telja eða hafa ástæðu til að ætla að þrýstibúnaður eða samsetningar, sem þeir hafa sett á markað, samrýmist ekki þessari tilskipun, skulu tafarlaust gera þær ráðstafanir til úrbóta, sem eru nauðsynlegar til að þrýstibúnaðurinn eða samsetningin samrýmist kröfum, til að taka þau af markaði eða innkalla, ef við á. Ef áhætta stafar af þrýstibúnaði eða samsetningu skulu innflytjendur enn fremur tafarlaust upplýsa lögbær landsyfirvöld aðildarríkjanna þar sem þrýstibúnaðurinn eða samsetningin voru boðin fram á markaði þar um, einkum um tilvik þar sem ekki er farið að ákvæðum og um allar ráðstafanir sem gerðar eru til úrbóta.

8. Innflytjendur skulu varðveita afrit af ESB-samræmisyfirlýsingunni í tíu ár eftir að þrýstibúnaðurinn eða samsetningin hafa verið sett á markað, hafa það tiltækt fyrir markaðseftirlitsyfirvöld og tryggja að þessi yfirvöld geti haft aðgang að tæknigögnunum, sé þess óskað.

9. Innflytjendur skulu, á grundvelli rökstuddrar beiðni frá lögbæru landsyfirvaldi, afhenda yfirvaldinu allar upplýsingar og skjöl, sem nauðsynleg eru til að sýna fram á að þrýstibúnaður eða samsetning séu í samræmi við tilskildar kröfur, á tungumáli sem það yfirvald hefur á valdi sínu. Þessar upplýsingar og skjöl má veita á pappír eða á rafrænu formi. Þeir skulu hafa samvinnu við þetta yfirvald, að beiðni þess, að því er varðar allar aðgerðir sem gripið er til í því skyni að útiloka áhættu sem stafar af þrýstibúnaði eða samsetningu sem þeir hafa sett á markað.

9. gr.

Skyldur dreifingaraðila

1. Þegar dreifingaraðilar bjóða þrýstibúnað eða samsetningar fram á markaði skulu þeir gæta þess vandlega að það sé í samræmi við kröfur þessarar tilskipunar.

2. Áður en dreifingaraðilar bjóða þrýstibúnað eða samsetningar sem um getur í 1. og 2. mgr. 4. gr. fram á markaði skulu þeir staðfesta að þrýstibúnaðurinn eða samsetningin beri CE-merkið, að þeim fylgi þau skjöl sem krafist er og einnig leiðbeiningar og upplýsingar um öryggismál sem um getur í lið 3.3 og 3.4 í I. viðauka á tungumáli sem er auðskiljanlegt fyrir neytendur og aðra notendur í aðildarríkinu þar sem bjóða á þrýstibúnaðinn eða samsetninguna fram á markaði og að framleiðandinn og innflytjandinn hafi uppfyllt kröfurnar sem settar eru fram í 5. og 6. mgr. 6. gr. annars vegar og 3. mgr. 8. gr. hins vegar.

Ef dreifingaraðili telur eða hefur ástæðu til að ætla að þrýstibúnaður eða samsetningar séu ekki í samræmi við grunnkröfurnar um öryggi, sem settar eru fram í I. viðauka, skal hann ekki bjóða þrýstibúnaðinn eða samsetninguna fram á markaði fyrr en þau hafa verið færð til samræmis við kröfur. Ef áhætta stafar af þrýstibúnaði eða samsetningu skal dreifingaraðilinn enn fremur upplýsa framleiðandann eða innflytjandann, ásamt markaðseftirlitsyfirvöldum, þar um.

Áður en dreifingaraðilar bjóða þrýstibúnað eða samsetningu sem um getur í 3. mgr. 4. gr. fram á markaði skulu þeir staðfesta að þrýstibúnaðinum eða samsetningunni fylgi fullnægjandi notkunarleiðbeiningar á tungumáli sem er auðskiljanlegt fyrir neytendur og aðra notendur í aðildarríkinu þar sem bjóða á þrýstibúnaðinn eða samsetninguna fram á markaði og að framleiðandinn og innflytjandinn hafi uppfyllt kröfurnar sem settar eru fram í 5. og 6. mgr. 6. gr. annars vegar og 3. mgr. 8. gr. hins vegar.

3. Dreifingaraðilar skulu sjá til þess að á meðan þrýstibúnaður eða samsetningar sem um getur í 1. og 2. mgr. 4. gr. eru á þeirra ábyrgð tefli geymslu- eða flutningsskilyrði ekki í tvísýnu samræmi þeirra við grunnkröfurnar um öryggi, sem settar eru fram í I. viðauka.

4. Dreifingaraðilar, sem telja eða hafa ástæðu til að ætla að þrýstibúnaður eða samsetningar, sem þeir hafa boðið fram á markaði, séu ekki í samræmi við þessa tilskipun, skulu ganga úr skugga um að gerðar séu þær ráðstafanir til úrbóta, sem nauðsynlegar eru, til að færa búnaðinn eða samsetninguna til samræmis, til að taka þau af markaði eða innkalla, ef við á. Ef áhætta stafar af þrýstibúnaðinum eða samsetningunni skulu dreifingaraðilar enn fremur tafarlaust upplýsa lögbær landsyfirvöld aðildarríkjanna, þar sem búnaðurinn eða samsetningin voru boðin fram á markaði, þar um, einkum um tilvik þar sem ekki er farið að ákvæðum og um allar ráðstafanir sem gerðar eru til úrbóta.

5. Dreifingaraðilar skulu, á grundvelli rökstuddrar beiðni frá lögbæru landsyfirvaldi, afhenda yfirvaldinu allar upplýsingar og skjöl sem nauðsynleg eru til að sýna fram á samræmi þrýstibúnaðar eða samsetninga. Þessar upplýsingar og skjöl má veita á pappír eða á rafrænu formi. Þeir skulu hafa samvinnu við þetta yfirvald, að beiðni þess, að því er varðar allar aðgerðir sem gripið er til í því skyni að útiloka áhættu sem þrýstibúnaðurinn eða samsetningarnar, sem þeir hafa boðið fram á markaði, hafa í för með sér.

10. gr.

Tilvik þar sem skyldur framleiðenda gilda um innflytjendur og dreifingaraðila

Í skilningi þessarar tilskipunar telst innflytjandi eða dreifingaraðili vera framleiðandi og skal hann gegna sömu skyldum og framleiðandi, skv. 6. gr., þegar hann setur þrýstibúnað eða samsetningu á markað undir eigin nafni eða eigin vörumerki eða gerir breytingar á þrýstibúnaði eða samsetningu, sem þegar hafa verið sett á markað, þannig að breytingarnar kunni að hafa áhrif á það hvort þau uppfylli kröfur þessarar tilskipunar.

11. gr.

Rekstraraðilar tilgreindir

Rekstraraðilar skulu, samkvæmt beiðni, greina markaðseftirlitsyfirvöldum frá eftirfarandi aðilum:

a) öllum rekstraraðilum sem hafa afhent þeim þrýstibúnað eða samsetningu,

b) öllum rekstraraðilum sem þeir hafa afhent þrýstibúnað eða samsetningu.

Rekstraraðilar skulu geta lagt fram upplýsingarnar sem um getur í fyrstu málsgrein í tíu ár eftir að þeim hefur verið afhentur þrýstibúnaður eða samsetning og í tíu ár eftir að þeir hafa afhent þrýstibúnað eða samsetningu.

3. KAFLI

SAMRÆMI OG FLOKKUN ÞRÝSTIBÚNAÐAR OG SAMSETNINGA

12. gr.

Fyrirframætlað samræmi

1. Ætla skal fyrirfram að þrýstibúnaður eða samsetningar, sem um getur í 1. og 2. mgr. 4. gr., og eru í samræmi við samhæfða staðla eða hluta þeirra og tilvísunarnúmer í þá hefur verið birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, samræmist grunnkröfum um öryggi sem falla undir þessa staðla eða hluta þeirra sem um getur í I. viðauka.

2. Ætla skal fyrirfram að efnin, sem eru notuð við framleiðslu þrýstibúnaðar eða samsetninga og eru í samræmi við evrópskt samþykki efna sem vísað hefur verið til í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins í samræmi við 4. mgr. 15. gr., samræmist viðeigandi grunnkröfum um öryggi sem um getur í I. viðauka.

13. gr.

Flokkun þrýstibúnaðar

1. Þrýstibúnaðurinn, sem um getur í 1. mgr. 4. gr., skal flokkaður í samræmi við II. viðauka, samkvæmt stigvaxandi hættu sem stafar af honum.

Að því er varðar slíka flokkun, skal straumefnum skipt í eftirfarandi tvo flokka:

a) í flokki 1 eru efni og blöndur, eins og þær eru skilgreindar í liðum 7 og 8 í 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 sem eru flokkaðar sem hættulegar í samræmi við eftirfarandi flokka yfir eðlisræna hættu eða heilbrigðishættu sem mælt er fyrir um í 2. og 3. hluta I. viðauka við þá reglugerð:

   i. óstöðug, sprengifim efni eða sprengiefni í deiliflokkum 1.1, 1.2, 1.3, 1.4, og 1.5,

   ii. eldfimar lofttegundir í 1. og 2. undirflokki,

   iii. oxandi lofttegundir í 1. undirflokki,

   iv. eldfimir vökvar í 1. og 2. undirflokki,

   v. eldfimir vökvar í 3. undirflokki þar sem leyfilegt hámarkshitastig er hærra en blossamark,

   vi. eldfim föst efni í 1. og 2. undirflokki,

   vii. sjálfhvarfgjörn efni og blöndur, gerðir A til F,

   viii. loftkveikjandi vökvar í 1. undirflokki,

   ix. loftkveikjandi föst efni í 1. undirflokki,

   x. efni og blöndur sem við snertingu við vatn gefa frá sér eldfimar lofttegundir, í 1., 2. og 3. undirflokki,

   xi. oxandi vökvar í 1., 2. og 3. undirflokki,

   xii. oxandi föst efni í 1., 2. og 3. undirflokki,

   xiii. lífræn peroxíð, gerðir A til F,

   xiv. efni sem hefur bráð eiturhrif um munn, í 1. og 2. undirflokki,

   xv. efni sem hefur bráð eiturhrif á húð, í 1. og 2. undirflokki,

   xvi. efni sem hefur bráð eiturhrif við innöndun, í 1., 2. og 3. undirflokki,

   xvii. sértæk eiturhrif á marklíffæri — váhrif í eitt skipti, 1. undirflokkur.

Í flokki 1 eru einnig efni og blöndur sem eru í þrýstibúnaði með leyfilegt hámarkshitastig sem er yfir blossamarki straumefnisins,

b) Í flokki 2 eru öll efni og blöndur sem ekki er getið í a-lið.

2. Sé hylki samsett úr mörgum hólfum miðast flokkun þess við hæsta flokkinn sem gildir um einstök hólf. Innihaldi hólf mörg straumefni skal flokkunin miðast við það straumefni sem fellur undir hæsta flokkinn.

14. gr.

Samræmismatsaðferðir

1. Samræmismatsaðferðirnar sem beita skal á þrýstibúnað skulu ákvarðast af þeim flokki, eins og sett er fram í 13. gr., sem búnaðurinn tilheyrir.

2. Samræmismatsaðferðirnar sem beita skal eftir flokkum eru eftirfarandi:

a) I. flokkur:

— aðferðareining A

b) II. flokkur:

— aðferðareining A2

— aðferðareining D1

— aðferðareining E1

c) III. flokkur:

— aðferðareiningar B (hönnunargerð) + D

— aðferðareiningar B (hönnunargerð) + F

— aðferðareiningar B (framleiðslugerð) + E

— aðferðareiningar B (framleiðslugerð) + C2

— aðferðareining H

d) IV. flokkur:

— aðferðareiningar B (framleiðslugerð) + D

— aðferðareiningar B (framleiðslugerð) + F

— aðferðareining G

— aðferðareining H1

Samræmismatsaðferðirnar eru settar fram í III. viðauka.

3. Þrýstibúnað skal meta með samræmismatsaðferð sem framleiðandi getur valið um af þeim sem mælt er fyrir um í þeim flokki sem búnaðurinn telst til. Framleiðandi getur einnig kosið að beita aðferð sem á við hærri flokk ef hún er fyrir hendi.

4. Tilkynnt stofa sem fer í heimsóknir fyrirvaralaust skal, innan ramma aðferða við gæðatryggingu fyrir búnað í III. og IV. flokki sem um getur í i. lið a-liðar í 1. mgr. 4. gr., fyrsta undirlið ii. liðar í a-lið 1. mgr. 4. gr. og b-lið 1. mgr. 4. gr., taka sýnishorn af búnaði af framleiðslu- eða geymslustað til þess að framkvæma, eða láta framkvæma, lokamatið sem um getur í lið 3.2 í I. viðauka. Í þessu skyni skal framleiðandi upplýsa tilkynntu stofuna um fyrirhugaða framleiðsluáætlun sína. Tilkynnta stofan skal fara í a.m.k. tvær heimsóknir á fyrsta framleiðsluárinu. Tilkynnta stofan skal ákveða tíðni frekari heimsókna á grundvelli viðmiðananna sem mælt er fyrir um í lið 4.4 í aðferðareiningum D, E og H og lið 5.4 í aðferðareiningu H1.

5. Ef um er að ræða framleiðslu á stökum hylkjum og þrýstibúnaði í III. flokki sem um getur í b-lið 1. mgr. 4. gr. samkvæmt aðferðinni í aðferðareiningu H, skal tilkynnta stofan framkvæma eða láta framkvæma lokamatið eins og um getur í lið 3.2 í I. viðauka fyrir hverja einingu. Í þessu skyni skal framleiðandi tilkynna fyrirhugaða framleiðsluáætlun sína til tilkynntu stofunnar.

6. Heildarsamræmismat skal fara fram á samsetningum sem um getur í 2. mgr. 4. gr. og fela í sér mat á eftirfarandi:

a) mat á hverri einingu þrýstibúnaðar í samsetningunni sem um getur í 1. mgr. 4. gr. og hefur ekki áður verið metin með samræmismatsaðferð eða fengið sérstakt CE-merki. Matsaðferðin ræðst af flokki hvers hluta búnaðarins,

b) mat á samþættingu íhlutanna sem samsetningin stendur saman af eins og um getur í liðum 2.3, 2.8 og 2.9 í I. viðauka og ræðst það af hæst flokkaða búnaðinum að viðkomandi öryggisaukabúnaði frátöldum,

c) mat á því hvernig samsetning er varin fyrir því að við notkun sé farið fram úr þeim leyfilegu mörkum, sem um getur í liðum 2.10 og 3.2.3 í I. viðauka, sem skal framkvæma með hliðsjón af hæsta flokknum sem á við um búnaðareiningar sem verja á.

7. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar geta lögbær yfirvöld þegar ástæða þykir til leyft að boðin séu fram á markaði og tekin í notkun á yfirráðasvæði viðkomandi aðildarríkis stök eintök þrýstibúnaðar og samsetninga sem um getur í 2. mgr., þar sem ekki hefur verið beitt aðferðunum sem um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar og þegar notkun þeirra telst vera í tilraunaskyni.

8. Skýrslur og bréfaskipti sem varða samræmismataðferðir skulu unnin á opinberu tungumáli aðildarríkisins þar sem tilkynnta stofan sem framkvæmir samræmismatið hefur staðfestu eða á tungumáli sem sú stofa samþykkir.

15. gr.

Evrópskt samþykki efna

1. Evrópskt samþykki efna skal gefið út að beiðni eins eða fleiri framleiðenda efna eða búnaðar af einni þeirra tilkynntu stofa sem um getur í 20. gr. og er sérstaklega tilnefnd til þess verks. Tilkynnta stofan skal ákveða og framkvæma, eða láta framkvæma, viðeigandi skoðanir og prófanir til að votta gerðarsamræmi efna við samsvarandi kröfur þessarar tilskipunar. Ef um er að ræða efni sem viðurkennt er að séu örugg í notkun fyrir 29. nóvember 1999 skal tilkynnta stofan taka tillit til fyrirliggjandi gagna þegar hún vottar slíkt samræmi.

2. Áður en evrópskt samþykki efna er gefið út skal tilkynnta stofan tilkynna það aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni og senda þeim viðeigandi upplýsingar. Aðildarríki eða framkvæmdastjórnin getur lagt fram athugasemdir innan þriggja mánaða með rökstuðningi sínum. Tilkynnta stofan gefur út evrópskt samþykki efna að teknu tilliti til þeirra athugasemda sem gerðar hafa verið.

3. Senda ber aðildarríkjunum, tilkynntu stofunum og framkvæmdastjórninni eintak af evrópsku samþykki efna.

4. Þegar evrópskt samþykki efna uppfyllir þær kröfur sem það tekur til og settar eru fram í I. viðauka, skal framkvæmdastjórnin birta tilvísanir í samþykkið. Framkvæmdastjórnin skal halda uppfærða skrá yfir slík samþykki sem birt er í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

5. Tilkynnta stofan sem gaf út evrópskt samþykki efna skal afturkalla það samþykki ef hún kemst að því að samþykkið hefði ekki átt að gefa út eða ef sú gerð efnis fellur undir samhæfðan staðal. Hún skal tilkynna hinum aðildarríkjunum, tilkynntu stofunum og framkvæmdastjórninni þegar í stað um afturköllun samþykkis.

6. Ef aðildarríki eða framkvæmdastjórnin telur að evrópskt samþykki efna sem tilvísun hefur verið birt fyrir í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins uppfylli ekki að öllu leyti grunnkröfurnar um öryggi sem það tekur til og sem eru settar fram í I. viðauka, skal framkvæmdastjórnin ákveða með framkvæmdargerðum hvort draga skuli til baka tilvísanirnar í viðkomandi evrópskt samþykki efna úr Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Framkvæmdargerðirnar sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 44. gr.

16. gr.

Notendaeftirlit

1. Þrátt fyrir ákvæðin um verkefnin sem tilkynntar stofur inna af hendi geta aðildarríkin heimilað að þrýstibúnaður eða samsetningar séu settar á markað og teknar í notkun af notendum ef samræmi slíks búnaðar við grunnkröfurnar um öryggi hefur verið metið af notendaeftirliti sem tilnefnt er í samræmi við 7. mgr.

2. Þrýstibúnaður og samsetningar sem notendaeftirlit hefur ekki metið skulu ekki vera með CE-merkið.

3. Þrýstibúnað eða samsetningar sem um getur í 1. mgr. má aðeins nota í fyrirtækjum sem rekin eru af þeim hópi sem notendaeftirlitið tilheyrir. Hópurinn skal beita sameiginlegri öryggisstefnu að því er varðar tækniforskriftir um hönnun, framleiðslu, eftirlit, viðhald og notkun þrýstibúnaðar og samsetninga.

4. Notendaeftirlitin skulu aðeins starfa fyrir hópinn sem þau tilheyra.

5. Samræmismatsaðferðirnar sem notendaeftirlitin beita skulu vera aðferðareiningar A2, C2, F og G sem settar eru fram í III. viðauka.

6. Aðildarríkin skulu tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um notendaeftirlit sem þau hafa veitt heimild fyrir, verkefnin sem þau hafa verið tilnefnd til að inna af hendi, og fyrir hvert eftirlit, skrá yfir fyrirtækin sem fullnægja ákvæðum 3. mgr.

7. Við tilnefningu notendaeftirlits skulu aðildarríkin beita kröfunum sem settar eru fram í 25. gr. og tryggja að hópurinn sem eftirlitið tilheyrir beiti viðmiðununum sem um getur í öðrum málslið 3. mgr. þessarar greinar.

17. gr.

ESB-samræmisyfirlýsing

1. ESB-samræmisyfirlýsingin skal vera yfirlýsing um að sýnt hafi verið fram á að grunnkröfurnar um öryggi, sem settar eru fram í I. viðauka, hafi verið uppfylltar.

2. ESB-samræmisyfirlýsingin skal byggð upp eins og fyrirmyndin, sem sett er fram í IV. viðauka, og innihalda þá þætti sem tilgreindir eru í viðeigandi samræmismatsaðferðum í III. viðauka og skal stöðugt uppfærð. Hún skal vera þýdd á það eða þau tungumál sem aðildarríkið, þar sem þrýstibúnaðurinn eða samsetningin er sett á markað eða boðin fram á markaði, gerir kröfu um.

3. Þegar þrýstibúnaður eða samsetning fellur undir fleiri en eina gerð Sambandsins þar sem krafist er ESB-samræmisyfirlýsingar, skal gera eina ESB-samræmisyfirlýsingu að því er varðar allar slíkar gerðir Sambandsins. Í þeirri yfirlýsingu skal tilgreina viðkomandi gerðir Sambandsins, þ.m.t. tilvísanir í birtingu þeirra.

4. Með samningu ESB-samræmisyfirlýsingar skal framleiðandinn taka á sig ábyrgð á að þrýstibúnaður eða samsetning samrýmist kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

18. gr.

Almennar meginreglur um CE-merkið

Um CE-merkið skulu gilda almennu meginreglurnar sem settar eru fram í 30. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008.

19. gr.

Reglur og skilyrði fyrir áfestingu CE-merkisins

1. CE-merkið skal fest á sýnilegan, læsilegan og óafmáanlegan hátt á eitthvað af eftirfarandi:

a) hverja einingu þrýstibúnaðar sem um getur í 1. mgr. 4. gr. eða á merkiplötu hans,

b) hverja samsetningu sem um getur í 2. mgr. 4. gr. eða á merkiplötu hennar.

Ef áfestingu CE-merkisins verður ekki við komið eða hún er ástæðulaus vegna eðlis búnaðarins eða samsetningarinnar, skal festa merkið á umbúðir og á fylgiskjöl.

Einingin eða samsetningin sem um getur í a- og b-lið fyrstu undirgreinar skal vera fullbúin eða í því ástandi að unnt sé að framkvæma lokamatið eins og lýst er í lið 3.2 í I. viðauka.

2. Ekki er nauðsynlegt að festa CE-merkið á hverja einingu þrýstibúnaðar sem myndar samsetningu. Einstakar einingar þrýstibúnaðar sem þegar eru með CE-merkið þegar þær eru settar saman skulu bera merkið áfram.

3. CE-merkið skal fest á áður en eining þrýstibúnaðar eða samsetningin er sett á markað.

4. Á eftir CE-merkinu skal setja kenninúmer tilkynntu stofunnar, ef hún tekur þátt í eftirlitsþætti framleiðslunnar.

Tilkynnta stofan skal sjálf sjá um að festa kenninúmer sitt á, að öðrum kosti skal framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans sjá um það samkvæmt fyrirmælum stofunnar.

5. Á eftir CE-merkinu og, eftir atvikum, kenninúmerinu sem um getur í 4. mgr. getur fylgt önnur merking sem gefur til kynna sérstaka áhættu eða notkun.

6. Aðildarríkin skulu byggja á fyrirliggjandi kerfum til að tryggja að reglunum um notkun CE-merkisins sé rétt framfylgt og grípa til viðeigandi ráðstafana ef um óviðeigandi notkun á merkinu er að ræða.

4. KAFLI

TILKYNNING UM SAMRÆMISMATSSTOFUR

20. gr.

Tilkynning

Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um tilkynntar stofur og notendaeftirlit sem hafa leyfi til að leysa af hendi samræmismatsverkefni í samræmi við 14., 15. eða 16. gr., og stofnanir þriðju aðila sem þau hafa viðurkennt að því er varðar verkefnin sem um getur í liðum 3.1.2 og 3.1.3 í I. viðauka.

21. gr.

Tilkynningaryfirvöld

1. Aðildarríki skulu tilnefna tilkynningaryfirvald, sem ber ábyrgð á því að koma á fót og framfylgja nauðsynlegum aðferðum til að meta og tilkynna um samræmismatsstofur og vakta tilkynntar stofur, viðurkenndar stofnanir þriðju aðila og notendaeftirlit, þ.m.t. hvort farið sé að ákvæðum 27. gr.

2. Aðildarríki geta ákveðið að faggildingarstofa í aðildarríki, í skilningi og í samræmi við reglugerð (EB) nr. 765/2008, annist matið og vöktunina sem um getur í 1. mgr.

3. Ef tilkynningaryfirvaldið úthlutar mati, tilkynningu eða vöktun, sem um getur í 1. mgr., til stofu sem er ekki stjórnvald eða felur það slíkri stofu með öðrum hætti skal þessi stofa vera lögaðili og skal að breyttu breytanda fara að kröfunum sem mælt er fyrir um í 22. gr. Að auki skal hún gera ráðstafanir til að standa straum af bótaábyrgð sem skapast getur af starfsemi hennar.

4. Tilkynningaryfirvaldið skal bera fulla ábyrgð á þeim verkefnum sem stofan, sem um getur í 3. mgr., framkvæmir.

22. gr.

Kröfur sem gerðar eru til tilkynningaryfirvalda

1. Tilkynningaryfirvaldi skal komið á fót með þeim hætti að engir hagsmunaárekstrar við samræmismatsstofur eigi sér stað.

2. Tilkynningaryfirvald skal skipulagt og starfrækt þannig að hlutlægni og óhlutdrægni starfseminnar sé tryggð.

3. Tilkynningaryfirvald skal skipulagt með þeim hætti að allar ákvarðanir sem tengjast tilkynningu um samræmismatsstofu séu teknar af þar til bærum aðilum, öðrum en þeim sem unnu matið.

4. Tilkynningaryfirvald skal ekki bjóða eða sinna neinni starfsemi sem samræmismatsstofur annast, eða sinna ráðgjafarþjónustu á viðskipta- eða samkeppnisgrundvelli.

5. Tilkynningaryfirvald skal tryggja að upplýsingar sem það fær séu meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

6. Tilkynningaryfirvald skal hafa yfir að ráða nægilegum fjölda af hæfu starfsfólki til að sinna verkefnum sínum á viðeigandi hátt.

23. gr.

Upplýsingaskylda tilkynningaryfirvalda

Aðildarríki skulu upplýsa framkvæmdastjórnina um þær aðferðir sem þau beita til að meta og tilkynna um samræmismatsstofur, vakta tilkynntar stofur, viðurkenndar stofnanir þriðju aðila og notendaeftirlit og um allar breytingar þar á.

Framkvæmdastjórnin skal gera þessar upplýsingar aðgengilegar öllum.

24. gr.

Kröfur sem gerðar eru til tilkynntra stofa og viðurkenndra stofnana þriðju aðila

1. Hvað varðar tilkynningar skal tilkynnt stofa eða viðurkennd stofnun þriðja aðila uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. til 11. mgr.

2. Samræmismatsstofu skal komið á fót samkvæmt landslögum aðildarríkis og skal hún hafa réttarstöðu lögaðila.

3. Samræmismatsstofa skal vera þriðji aðili sem er óháður fyrirtækinu eða þrýstibúnaðinum eða samsetningunni sem verið er að meta.

Stofa, sem tilheyrir viðskiptasamtökum eða fagfélögum, sem koma fram fyrir hönd fyrirtækja, sem fást við hönnun, framleiðslu, öflun, samsetningu, notkun eða viðhald þrýstibúnaðar eða samsetninga, sem henni er falið að meta, getur talist slík stofa með því skilyrði að sýnt sé fram á að hún sé óháð og laus við hagsmunaárekstra.

4. Samræmismatsstofa, æðstu stjórnendur hennar og starfsfólk, sem ber ábyrgð á framkvæmd samræmismatsverkefna, skulu hvorki vera hönnuðir, framleiðendur, birgjar, uppsetningaraðilar, innkaupsaðilar, eigendur, notendur eða viðhaldsaðilar þrýstibúnaðar eða samsetningar, sem þeir meta, né vera fulltrúar neins þessara aðila. Þetta skal þó ekki útiloka notkun á þrýstibúnaði eða samsetningum, sem hafa verið metnar, sem eru nauðsynlegar fyrir starfsemi samræmismatsstofunnar eða persónulega notkun slíks búnaðar.

Samræmismatsstofa, æðstu stjórnendur hennar og starfsfólk, sem ber ábyrgð á framkvæmd samræmismatsverkefna skulu hvorki taka með beinum hætti þátt í hönnun, framleiðslu eða smíði, markaðssetningu, uppsetningu, notkun eða viðhaldi þessa þrýstibúnaðar eða samsetningar, né vera fulltrúar þeirra aðila sem fást við slíka starfsemi. Þau mega ekki taka þátt í neinni starfsemi sem gæti haft áhrif á sjálfstætt mat þeirra og heilindi að því er varðar þá samræmismatsstarfsemi sem þau eru tilnefnd til. Þetta gildir einkum um ráðgjafarþjónustu.

Samræmismatsstofur skulu tryggja að starfsemi dótturfyrirtækja þeirra eða undirverktaka hafi ekki áhrif á trúnað, hlutlægni eða óhlutdrægni í samræmismatsstarfsemi þeirra.

5. Samræmismatsstofur og starfsfólk þeirra skulu annast starfsemi á sviði samræmismats af faglegri ráðvendni á hæsta stigi og með nauðsynlegri tæknikunnáttu á viðkomandi sviði og vera laus við allan þrýsting og hvatningu, einkum fjárhagslega, sem kynni að hafa áhrif á mat þeirra eða niðurstöður samræmismatsstarfsemi þeirra, einkum frá einstaklingum eða hópum einstaklinga sem eiga hagsmuna að gæta varðandi niðurstöður þessarar starfsemi.

6. Samræmismatsstofa skal vera fær um að framkvæma þau samræmismatsverkefni sem henni hafa verið falin skv. 14. eða 15. gr. eða liðum 3.1.2 og 3.1.3 í I. viðauka og sem hún er tilkynnt stofa fyrir, hvort sem samræmismatsstofan framkvæmir verkefnin sjálf eða þau eru framkvæmd fyrir hönd hennar og á ábyrgð hennar.

Samræmismatsstofa skal ávallt og fyrir hverja samræmismatsaðferð og hverja tegund eða flokk þrýstibúnaðar, sem hún er tilkynnt stofa fyrir, hafa eftirfarandi til umráða:

a) nauðsynlegt starfsfólk sem býr yfir tækniþekkingu og nægilegri og viðeigandi reynslu til að framkvæma samræmismatsverkefnin,

b) lýsingar á aðferðunum, sem beitt er við samræmismat, sem tryggja gagnsæi og getu til að endurtaka þessar aðferðir. Samræmismatsstofa skal hafa í gildi viðeigandi stefnur og aðferðir til að gera greinarmun á verkefnum, sem hún framkvæmir sem tilkynnt stofa, og annarri starfsemi,

c) nauðsynlegar aðferðir til að sinna starfsemi þar sem tekið er tilhlýðilegt tillit til stærðar fyrirtækis, geirans, sem það starfar í, skipulags þess, hversu flókna framleiðslutækni er um að ræða og hvort um fjölda- eða raðframleiðslu er að ræða.

Samræmismatsstofa skal hafa yfir að ráða öllum þeim úrræðum sem nauðsynleg eru til að geta framkvæmt á réttan hátt þau tæknilegu og stjórnsýslulegu störf sem tengjast samræmismatsstarfsemi og hafa aðgang að öllum nauðsynlegum búnaði eða aðstöðu.

7. Það starfsfólk sem ber ábyrgð á framkvæmd samræmismatsverkefna skal búa yfir eftirfarandi:

a) traustri tækni- og starfsþjálfun sem nær til allrar samræmismatsstarfsemi sem samræmismatsstofan er tilkynnt stofa fyrir,

b) fullnægjandi þekkingu á kröfum varðandi matið sem það annast og fullnægjandi heimild til að annast slíkt mat,

c) viðeigandi þekkingu og skilningi á grunnkröfum um öryggi, sem settar eru fram í I. viðauka, á viðeigandi samhæfðum stöðlum og á viðkomandi ákvæðum samhæfingarlöggjafar Sambandsins og landslöggjafar,

d) getu til þess að útbúa vottorð, skrár og skýrslur sem sýna að mat hafi verið unnið.

8. Hlutleysi samræmismatsstofa, æðstu stjórnenda þeirra og starfsfólks, sem ber ábyrgð á framkvæmd samræmismatsverkefna, verður að vera tryggt.

Laun æðstu stjórnenda og starfsfólks, sem ber ábyrgð á framkvæmd samræmismatsverkefna samræmismatsstofu, skulu hvorki vera háð fjölda matsgerða sem unnar eru né niðurstöðum úr þessum matsgerðum.

9. Samræmismatstofur skulu hafa ábyrgðartryggingu nema ríkið sé bótaskylt samkvæmt landslögum eða aðildarríkið sjálft beri beina ábyrgð á samræmismatinu.

10. Starfsfólk samræmismatsstofu skal bundið þagnarskyldu um allar upplýsingar, sem það aflar sér við framkvæmd verkefna sinna skv. 14. gr., 15. gr. eða liðum 3.1.2 og 3.1.3 í I. viðauka, eða hverju því ákvæði landslaga sem sett er greinunum til framfylgdar, nema gagnvart lögbærum yfirvöldum þess aðildarríkis þar sem starfsemin fer fram. Einkaleyfisréttur skal varinn.

11. Samræmismatsstofur skulu taka þátt í eða tryggja að það starfsfólk, sem ber ábyrgð á framkvæmd samræmismatsverkefna, sé upplýst um viðeigandi vinnu við gerð staðla og starfsemi innan samræmingarhóps tilkynntu stofunnar, sem komið er á fót samkvæmt viðeigandi samhæfingarlöggjöf Sambandsins, og að stjórnsýsluákvarðanir og skjöl, sem eru afrakstur af vinnu þessa hóps, séu notuð sem almennar leiðbeiningar.

25. gr.

Kröfur sem gerðar eru til notendaeftirlits

1. Hvað varðar tilkynningar skal notendaeftirlit uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. til 11. mgr.

2. Notendaeftirliti skal komið á fót samkvæmt landslögum aðildarríkis og skal það hafa réttarstöðu lögaðila.

3. Notendaeftirlit skal auðgreinanlegt eftir því fyrirtæki eða stofnun sem þau tilheyra og búa yfir aðferðum við skýrslugjöf, eftir þeim hópi sem það tilheyrir sem tryggja og sýna óhlutdrægni þess.

4. Notendaeftirlit, æðstu stjórnendur þess og starfsfólk sem ber ábyrgð á framkvæmd samræmismatsverkefna skulu hvorki vera hönnuðir, framleiðendur, birgjar, uppsetningaraðilar, innkaupsaðilar, eigendur, notendur eða viðhaldsaðilar þrýstibúnaðarins eða samsetningarinnar sem þeir meta né vera viðurkenndir fulltrúar neins þessara aðila. Þetta skal þó ekki útiloka þá notkun á þrýstibúnaði eða samsetningum, sem verið er að meta, sem er nauðsynleg fyrir starfsemi notendaeftirlitsins eða persónulega notkun á slíkum búnaði.

Notendaeftirlit, æðstu stjórnendur þess og starfsfólk, sem ber ábyrgð á framkvæmd samræmismatsverkefna skulu hvorki taka með beinum hætti þátt í hönnun, framleiðslu eða smíði, markaðssetningu, uppsetningu, notkun eða viðhaldi þessa þrýstibúnaðar eða samsetningar, né vera fulltrúar þeirra aðila sem fást við slíka starfsemi. Þau mega ekki taka þátt í neinni starfsemi sem gæti haft áhrif á sjálfstætt mat þeirra og heilindi að því er varðar þá samræmismatsstarfsemi sem þau eru tilnefnd til. Þetta gildir einkum um ráðgjafarþjónustu.

5. Notendaeftirlit og starfsfólk þess skulu annast starfsemi á sviði samræmismats af faglegri ráðvendni á hæsta stigi og með nauðsynlegri tæknikunnáttu á viðkomandi sviði og vera laus við allan þrýsting og hvatningu, einkum fjárhagslega, sem kynni að hafa áhrif á mat þeirra eða niðurstöður samræmismatsstarfsemi þeirra, einkum frá einstaklingum eða hópum einstaklinga sem eiga hagsmuna að gæta varðandi niðurstöður þessarar starfsemi.

6. Notendaeftirlit skal vera fært um að framkvæma þau samræmismatsverkefni sem því hafa verið falin, skv. 16. gr. og sem það er tilkynnt fyrir, hvort sem notendaeftirlitið framkvæmir verkefnin sjálft eða þau eru framkvæmd fyrir hönd þess og á ábyrgð þess.

Notendaeftirlit skal ávallt og fyrir hverja samræmismatsaðferð og hverja tegund eða flokk þrýstibúnaðar, sem það er tilkynnt fyrir, hafa eftirfarandi til umráða:

a) nauðsynlegt starfsfólk sem býr yfir tækniþekkingu og nægilegri og viðeigandi reynslu til að framkvæma samræmismatsverkefnin,

b) lýsingar á aðferðunum, sem beitt er við samræmismat, sem tryggja gagnsæi og getu til að endurtaka þessar aðferðir. Notendaeftirlit skal hafa í gildi viðeigandi stefnur og aðferðir til að gera greinarmun á verkefnum, sem það framkvæmir sem notendaeftirlit, og annarri starfsemi,

c) nauðsynlegar aðferðir til að sinna starfsemi þar sem tekið er tilhlýðilegt tillit til stærðar fyrirtækis, geirans, sem það starfar í, skipulags þess, hversu flókna framleiðslutækni er um að ræða og hvort um fjölda- eða raðframleiðslu er að ræða.

Notendaeftirlit skal hafa yfir að ráða öllum þeim úrræðum sem nauðsynleg eru til að geta framkvæmt á réttan hátt þau tæknilegu og stjórnsýslulegu störf sem tengjast samræmismatsstarfsemi og hafa aðgang að öllum nauðsynlegum búnaði eða aðstöðu.

7. Það starfsfólk sem ber ábyrgð á framkvæmd samræmismatsverkefna skal búa yfir eftirfarandi:

a) traustri tækni- og starfsþjálfun sem nær til allrar samræmismatsstarfsemi sem samræmismatsstofan er tilkynnt stofa fyrir,

b) fullnægjandi þekkingu á kröfum varðandi matið sem það annast og fullnægjandi heimild til að annast slíkt mat,

c) viðeigandi þekkingu og skilningi á grunnkröfum um öryggi, sem settar eru fram í I. viðauka, á viðeigandi samhæfðum stöðlum og á viðkomandi ákvæðum samhæfingarlöggjafar Sambandsins og landslöggjafar,

d) getu til þess að útbúa vottorð, skrár og skýrslur sem sýna að mat hafi verið unnið.

8. Óhlutdrægni notendaeftirlits, æðstu stjórnenda þeirra og starfsfólks, sem ber ábyrgð á framkvæmd samræmismatsverkefna, skal tryggð. Notendaeftirlit og starfsfólk þess skulu ekki hafa með höndum neina þá starfsemi sem gæti haft áhrif á sjálfstætt mat þeirra og heilindi varðandi störf þeirra.

Laun æðstu stjórnenda og starfsfólks, sem ber ábyrgð á framkvæmd samræmismatsverkefna notendaeftirlits, mega hvorki vera háð fjölda matsgerða, sem unnar eru, né niðurstöðum úr þessum matsgerðum.

9. Notendaeftirlit skal hafa ábyrgðartryggingu nema hópurinn sem það tilheyrir taki á sig ábyrgð.

10. Starfsfólk notendaeftirlits skal bundið þagnarskyldu um allar upplýsingar, sem það aflar sér við framkvæmd verkefna sinna skv. 16. gr., eða hverju því ákvæði landslaga sem sett er greinunum til framfylgdar, nema gagnvart lögbærum yfirvöldum þess aðildarríkis þar sem starfsemin fer fram. Einkaleyfisréttur skal varinn.

11. Notendaeftirlit skal taka þátt í eða tryggja að það starfsfólk, sem ber ábyrgð á framkvæmd samræmismatsverkefna, sé upplýst um viðeigandi vinnu við gerð staðla og starfsemi innan samræmingarhóps tilkynntu stofunnar, sem komið er á fót samkvæmt viðeigandi samhæfingarlöggjöf Sambandsins, og að stjórnsýsluákvarðanir og skjöl, sem eru afrakstur af vinnu þessa hóps, séu notuð sem almennar leiðbeiningar.

26. gr.

Fyrirframætlað samræmi samræmismatsstofa

Ætla skal fyrir fram að samræmismatsstofa uppfylli þær kröfur sem settar eru fram í 24. eða 25. gr., að svo miklu leyti sem gildandi samhæfðir staðlar ná yfir þær kröfur, ef hún sýnir fram á að hún uppfylli viðmiðanirnar, sem mælt er fyrir um í viðeigandi samhæfðum stöðlum eða hlutum þeirra, og tilvísun í þá hefur verið birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

27. gr.

Dótturfyrirtæki og undirverktakastarfsemi samræmismatsstofa

1. Ef tilkynnt stofa, notendaeftirlit eða viðurkennd stofnun þriðja aðila felur undirverktaka sérstök verkefni í tengslum við samræmismat eða nýtir sér dótturfyrirtæki skal hún tryggja að undirverktakinn eða dótturfyrirtækið uppfylli kröfurnar, sem settar eru fram í 24. eða 25. gr., og upplýsa tilkynningaryfirvald þar um.

2. Tilkynntar stofur, notendaeftirlit og viðurkenndar stofnanir þriðju aðila skulu bera fulla ábyrgð á þeim verkefnum sem undirverktakar eða dótturfyrirtæki framkvæma, án tillits til staðsetningar.

3. Starfsemi má aðeins fela undirverktaka eða dótturfyrirtæki með samþykki viðskiptavinarins.

4. Tilkynntar stofur, notendaeftirlit og viðurkenndar stofnanir þriðju aðila skulu hafa tiltæk fyrir tilkynningaryfirvaldið öll skjöl sem skipta máli varðandi mat á réttindum og hæfi undirverktakans eða dótturfyrirtækisins og þau störf sem unnin eru skv. 14. gr., 15. gr., 16. gr. eða liðum 3.1.2 og 3.1.3 í I. viðauka.

28. gr.

Umsókn um tilkynningu

1. Samræmismatsstofa skal leggja umsókn um tilkynningu fyrir tilkynningaryfirvald aðildarríkisins þar sem hún hefur staðfestu.

2. Með umsókninni um tilkynningu skal fylgja lýsing á samræmismatsstarfsemi, aðferðareiningu eða -einingum samræmismats og þeim þrýstibúnaði sem stofan fullyrðir að hæfi hennar nái til, ásamt faggildingarvottorði, ef það er fyrirliggjandi, sem gefið er út af faggildingarstofnun í aðildarríki, þar sem staðfest er að samræmismatsstofan uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 24. eða 25. gr.

3. Ef hlutaðeigandi samræmismatsstofa getur ekki lagt fram faggildingarvottorð skal hún láta tilkynningaryfirvaldinu í té öll skrifleg sönnunargögn, sem nauðsynleg eru fyrir sannprófun, viðurkenningu og reglulega vöktun á því að hún fari að kröfunum, sem mælt er fyrir um í 24. eða 25. gr.

29. gr.

Málsmeðferð við tilkynningu

1. Tilkynningaryfirvöld mega einungis tilkynna þær samræmismatsstofur sem hafa uppfyllt kröfurnar sem mælt er fyrir um í 24. eða 25. gr.

2. Þau skulu tilkynna þær til framkvæmdastjórnarinnar og hinna aðildarríkjanna með því að nota rafræna tilkynningartækið sem framkvæmdastjórnin hefur þróað og haft umsjón með.

3. Í tilkynningunni skulu vera ítarlegar upplýsingar um samræmismatsstarfsemina, aðferðareiningu eða -einingar samræmismats, þann þrýstibúnað sem um er að ræða og viðeigandi staðfesting á hæfi.

4. Ef tilkynning byggist ekki á faggildingarvottorði, eins og um getur í 2. mgr. 28. gr., skal tilkynningaryfirvaldið láta framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum í té skrifleg sönnunargögn sem staðfesta hæfi samræmismatsstofunnar og það fyrirkomulag sem er til staðar til að tryggja að reglulegt eftirlit sé haft með stofunni og að hún haldi áfram að uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 24. eða 25. gr.

5. Hlutaðeigandi stofu er aðeins heimilt að annast starfsemi tilkynntrar stofu, viðurkenndrar stofnunar þriðja aðila eða notendaeftirlits hreyfi framkvæmdastjórnin eða hin aðildarríkin ekki andmælum innan tveggja vikna frá tilkynningu, sem byggist á faggildingarvottorði, eða innan tveggja mánaða ef ekki er stuðst við faggildingarvottorð.

Aðeins slík stofa skal teljast tilkynnt stofa, viðurkennd stofnun þriðja aðila eða notendaeftirlit að því er þessa tilskipun varðar.

6. Tilkynningaryfirvaldið skal tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um allar síðari breytingar á tilkynningunni sem máli skipta.

30. gr.

Kenninúmer og skrár yfir tilkynntar stofur

1. Framkvæmdastjórnin skal úthluta tilkynntri stofu kenninúmeri.

Hún skal aðeins úthluta einu slíku númeri þó svo að stofan sé tilkynnt samkvæmt mörgum gerðum Sambandsins.

2. Framkvæmdastjórnin skal gera skrána yfir stofurnar, sem tilkynntar eru samkvæmt þessari tilskipun, aðgengilegar öllum, þ.m.t. kenninúmerin sem þeim hefur verið úthlutað og starfsemin sem þeim hefur verið falin.

Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að skráin sé uppfærð.

31. gr.

Skrár yfir viðurkenndar stofnanir þriðju aðila og notendaeftirlit

Framkvæmdastjórnin skal gera skrána yfir viðurkenndar stofnanir þriðju aðila og notendaeftirlit samkvæmt þessari tilskipun aðgengilega öllum og verkefnin sem þau hafa verið viðurkennd til að framkvæma.

Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að skráin sé uppfærð.

32. gr.

Breytingar á tilkynningum

1. Ef tilkynningaryfirvald hefur komist að raun um eða hefur verið upplýst um að tilkynnt stofa eða viðurkennd stofnun þriðja aðila uppfylli ekki lengur kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 24. gr., eða ræki ekki skyldur sínar skal tilkynningaryfirvaldið takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla tilkynningu, eins og við á, háð því hversu alvarlegur misbrestur er á því að þessar kröfur eða skyldur séu uppfylltar. Það skal tafarlaust tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um það.

Ef tilkynningaryfirvald hefur komist að raun um eða hefur verið upplýst um að notendaeftirlit uppfylli ekki lengur kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 25. gr., eða ræki ekki skyldur sínar skal tilkynningaryfirvaldið takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla tilkynningu, eins og við á, háð því hversu alvarlegur misbrestur er á því að þessar kröfur eða skyldur séu uppfylltar. Það skal tafarlaust tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um það.

2. Ef tilkynning er takmörkuð, felld tímabundið úr gildi eða afturkölluð, eða ef tilkynnta stofan, viðurkennd stofnun þriðja aðila eða notendaeftirlitið hefur lagt niður starfsemi skal tilkynningaraðildarríkið gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að annaðhvort vinni önnur tilkynnt stofa, viðurkennd stofnun þriðja aðila eða notendaeftirlit úr skjölum þeirrar stofu eða að skjölin séu höfð tiltæk þar til bærum tilkynningaryfirvöldum og markaðseftirlitsyfirvöldum, sé þess óskað.

33. gr.

Hæfi tilkynntra stofa, viðurkenndra stofnana þriðju aðila og notendaeftirlits vefengt

1. Framkvæmdastjórnin skal rannsaka öll tilvik þar sem hún hefur efasemdir um hæfi tilkynntrar stofu, viðurkenndrar stofnunar þriðja aðila eða notendaeftirlits eða um að tilkynnt stofa, viðurkennd stofnun þriðja aðila eða notendaeftirlit uppfylli áfram þær kröfur og skyldur sem á henni hvíla, og öll tilvik þar sem athygli hennar er vakin á slíkum efasemdum.

2. Tilkynningaraðildarríkið skal, sé þess óskað, veita framkvæmdastjórninni allar upplýsingar sem varða ástæður fyrir tilkynningunni eða áframhaldandi hæfi hlutaðeigandi samræmismatsstofu.

3. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að farið sé með allar viðkvæmar upplýsingar, sem fást úr rannsóknum hennar, sem trúnaðarmál.

4. Ef framkvæmdastjórnin kemst að raun um að tilkynnt stofa, viðurkennd stofnun þriðja aðila eða notendaeftirlit uppfylli ekki, eða uppfylli ekki lengur, kröfurnar viðvíkjandi tilkynningu þess, skal hún samþykkja framkvæmdargerð þar sem óskað er eftir því að tilkynningaraðildarríkið geri nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta, þ.m.t. að afturkalla tilkynningu, ef nauðsyn krefur.

Sú framkvæmdargerð skal samþykkt í samræmi við ráðgjafarnefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 44. gr.

34. gr.

Skyldur er varðar starfsemi tilkynntra stofa, notendaeftirlits og viðurkenndra stofnana þriðju aðila

1. Tilkynntar stofur, notendaeftirlit og viðurkenndar stofnanir þriðju aðila skulu framkvæma samræmismat í samræmi við samræmismatsverkefnin sem kveðið er á um í 14. gr, 15. gr., 16. gr. eða í liðum 3.1.2 og 3.1.3 í I. viðauka.

2. Við framkvæmd samræmismats skal gæta meðalhófs til að forðast að leggja óþarfa byrðar á rekstraraðila.

Samræmismatsstofur skulu í starfsemi sinni taka tilhlýðilegt tillit til stærðar fyrirtækis, geirans sem það starfar í, skipulags þess, hversu flókna framleiðslutækni þrýstibúnaðar eða samsetningar er um að ræða og hvort um fjölda- eða raðframleiðslu er að ræða.

Við það skulu þær samt sem áður virða það hversu strangar kröfur eru gerðar og það verndarstig sem krafist er til þess að þrýstibúnaðurinn uppfylli ákvæði þessarar tilskipunar.

3. Ef samræmismatsstofa kemst að þeirri niðurstöðu að framleiðandi hafi ekki uppfyllt grunnkröfurnar um öryggi, sem settar eru fram í I. viðauka eða samsvarandi samhæfðum stöðlum eða öðrum tækniforskriftum, skal hún krefjast þess að framleiðandinn geri viðeigandi ráðstafanir til úrbóta og skal ekki gefa út samræmisvottorð.

4. Ef samræmismatsstofa kemst að þeirri niðurstöðu, við vöktun á því að samræmis sé gætt í kjölfar útgáfu á vottorði, að þrýstibúnaður uppfylli ekki lengur ákvæði skal hún krefjast þess að framleiðandinn geri viðeigandi ráðstafanir til úrbóta og skal fella vottorðið tímabundið úr gildi eða afturkalla það ef nauðsyn krefur.

5. Ef ekki eru gerðar ráðstafanir til úrbóta eða þær hafa ekki tilskilin áhrif skal samræmismatsstofan takmarka vottorðin, fella þau tímabundið úr gildi eða afturkalla þau, eins og við á.

35. gr.

Áfrýjun ákvarðana sem tilkynntar stofur, viðurkenndar stofnanir þriðju aðila og notendaeftirlit hafa tekið

Aðildarríkin skulu tryggja að fyrir hendi sé málsmeðferð við áfrýjun ákvarðana sem tilkynntar stofur, viðurkenndar stofnanir þriðju aðila og notendaeftirlit hafa tekið.

36. gr.

Upplýsingaskylda tilkynntra stofa, viðurkenndra stofnana þriðju aðila og notendaeftirlits

1. Tilkynntar stofur, viðurkenndar stofnanir þriðju aðila og notendaeftirlit skulu upplýsa tilkynningaryfirvald um eftirfarandi:

a) tilvik þar sem synjað er um vottorð, það takmarkað, fellt tímabundið úr gildi eða afturkallað,

b) aðstæður sem hafa áhrif á gildissvið tilkynningar eða skilyrði fyrir henni,

c) beiðnir sem þeim hafa borist frá markaðseftirlitsyfirvöldum um upplýsingar varðandi samræmismatsstarfsemi,

d) sé þess óskað, samræmismatsstarfsemi sem hefur farið fram innan gildissviðs tilkynningar þeirra og alla aðra starfsemi sem hefur farið fram, þ.m.t. starfsemi sem nær yfir landamæri og undirverktakastarfsemi.

2. Tilkynntar stofur, viðurkenndar stofnanir þriðju aðila og notendaeftirlit skulu veita öðrum stofum, sem eru tilkynntar samkvæmt þessari tilskipun og annast sambærilega samræmismatsstarfsemi á sama þrýstibúnaði, viðeigandi upplýsingar um mál er varða neikvæðar og, sé þess óskað, jákvæðar niðurstöður samræmismats.

37. gr.

Miðlun reynslu

Framkvæmdastjórnin skal sjá fyrir skipulagningu á miðlun reynslu milli landsyfirvalda aðildarríkjanna sem bera ábyrgð á viðmiðunarreglum varðandi tilkynningar.

38. gr.

Samræming tilkynntra stofa, viðurkenndra stofnana þriðju aðila og notendaeftirlits

Framkvæmdastjórnin skal tryggja að komið sé á viðeigandi samræmingu og samstarfi á milli samræmismatsstofa, sem tilkynntar eru samkvæmt þessari tilskipun, og að þessi samræming og þetta samstarf fari fram með fullnægjandi hætti innan sérsviðshópa samræmismatsstofa.

Aðildarríkin skulu tryggja að samræmismatsstofur sem þau tilkynna taki þátt í vinnu þessa hóps eða hópa, annaðhvort með beinum hætti eða í gegnum tilnefnda fulltrúa.

5. KAFLI

MARKAÐSEFTIRLIT EVRÓPUSAMBANDSINS, EFTIRLIT MEÐ ÞRÝSTIBÚNAÐI OG SAMSETNINGUM SEM KOMA INN Á MARKAÐ SAMBANDSINS OG VERNDARRÁÐSTAFANAMEÐFERÐ SAMBANDSINS

39. gr.

Markaðseftirlit Evrópusambandsins og eftirlit með þrýstibúnaði og samsetningum sem koma inn á markað Sambandsins

Ákvæði 3. mgr. 15. gr. og 16. til 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008 gilda um þrýstibúnað og samsetningar sem falla undir 1. gr. þessarar tilskipunar.

40. gr.

Málsmeðferð sem á við um þrýstibúnað eða samsetningar sem hætta stafar af á landsvísu

1. Ef markaðseftirlitsyfirvöld í einu aðildarríki hafa nægilegar ástæður til að ætla að þrýstibúnaður eða samsetningar, sem falla undir þessa tilskipun, hafi í för með sér alvarlega áhættu fyrir heilbrigði eða öryggi fólks eða húsdýra, eða eignir, skulu þau framkvæma mat á viðkomandi þrýstibúnaði eða samsetningu sem tekur til allra krafna sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Viðkomandi rekstraraðilar skulu í þessum tilgangi hafa samvinnu við markaðseftirlitsyfirvöld eins og nauðsyn krefur.

Ef markaðseftirlitsyfirvöld komast að þeirri niðurstöðu á meðan matið, sem um getur í fyrstu undirgrein, fer fram að búnaðurinn eða samsetningin uppfylli ekki kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun skulu þau án tafar krefjast þess að viðkomandi rekstraraðili grípi til allra viðeigandi aðgerða til úrbóta til að þrýstibúnaðurinn eða samsetningin uppfylli þessar kröfur, taki búnaðinn eða samsetninguna af markaði eða innkalli hana innan hæfilegs frests, sem yfirvöld mæla fyrir um miðað við eðli áhættunnar.

Markaðseftirlitsyfirvöld skulu upplýsa viðkomandi tilkynnta stofu um það.

Ákvæði 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008 skulu gilda að því er varðar þær ráðstafanir sem um getur í annarri undirgrein þessarar málsgreinar.

2. Ef markaðseftirlitsyfirvöld telja að þau tilvik þar sem ekki er farið að ákvæðum einskorðist ekki við þeirra yfirráðasvæði skulu þau upplýsa framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin um niðurstöður matsins og um aðgerðirnar sem þau hafa krafist að rekstraraðilinn grípi til.

3. Rekstraraðilinn skal tryggja að gripið sé til allra viðeigandi aðgerða til úrbóta að því er varðar allan viðkomandi þrýstibúnað eða samsetningar sem hann hefur boðið fram á markaði í gervöllu Sambandinu.

4. Ef viðkomandi rekstraraðili grípur ekki til fullnægjandi aðgerða til úrbóta innan þess frests sem um getur í annarri undirgrein 1. liðar skulu markaðseftirlitsyfirvöld gera allar viðeigandi bráðabirgðaráðstafanir til að banna eða takmarka að búnaðurinn eða samsetningin séu boðin fram á markaði í heimalandi þeirra, taka búnaðinn eða samsetninguna af þeim markaði eða innkalla þau.

Markaðseftirlitsyfirvöld skulu án tafar tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um þessar ráðstafanir.

5. Í upplýsingunum, sem um getur í annarri undirgrein 4. mgr., skulu koma fram allar tiltækar upplýsingar, einkum gögn sem eru nauðsynleg til að sanngreina búnaðinn eða samsetninguna sem ekki uppfyllir kröfurnar, uppruna búnaðarins eða samsetningarinnar, eðli meintra tilvika þar sem ekki var farið að ákvæðum og áhættunnar sem því fylgir, eðli og gildistíma landsbundinna ráðstafana sem gerðar hafa verið, ásamt rökstuðningi viðkomandi rekstraraðila. Markaðseftirlitsyfirvöldin skulu einkum tilgreina hvort ósamræmið stafi af því að:

a) búnaðurinn eða samsetningin uppfylla ekki kröfur varðandi heilbrigði eða öryggi manna eða verndun húsdýra eða eigna eða

b) sökum annmarka á samhæfðu stöðlunum sem um getur í 12. gr. og sem eru grundvöllur fyrir fyrirframætluðu samræmi.

6. Aðildarríki, önnur en það aðildarríki sem hefur frumkvæði að málsmeðferðinni samkvæmt þessari grein, skulu án tafar upplýsa framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin um allar samþykktar ráðstafanir og allar viðbótarupplýsingar sem þau hafa yfir að ráða að því er varðar viðkomandi búnað eða samsetningu sem ekki uppfyllir kröfur og, komi upp ágreiningur um samþykkta ráðstöfun aðildarríkis, um andmæli sín.

7. Ef aðildarríki eða framkvæmdastjórnin hafa ekki hreyft andmælum innan þriggja mánaða frá viðtöku upplýsinganna sem um getur í annarri undirgrein 4. mgr., að því er varðar bráðabirgðaráðstöfun sem aðildarríki hefur gert, skal sú ráðstöfun teljast réttlætanleg.

8. Aðildarríki skulu tryggja að viðeigandi takmarkandi ráðstafanir að því er varðar viðkomandi búnað eða samsetningu, t.d. að taka búnaðinn eða samsetninguna af markaði, séu gerðar án tafar.

41. gr.

Verndarráðstafanameðferð Sambandsins

1. Ef við lok málsmeðferðarinnar, sem sett er fram í 3. og 4. mgr. 40. gr., andmælum er hreyft við ráðstöfun, sem aðildarríki gerir, eða ef framkvæmdastjórnin telur að ráðstöfun aðildarríkis stríði gegn löggjöf Sambandsins skal framkvæmdastjórnin án tafar hefja viðræður við aðildarríkin og viðkomandi rekstraraðila og leggja mat á ráðstöfun aðildarríkis. Á grundvelli niðurstaðna þessa mats skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerð til að ákveða hvort ráðstöfun aðildarríkisins sé réttlætanleg eða ekki.

Framkvæmdastjórnin skal beina ákvörðun sinni til allra aðildarríkja og skal þegar í stað veita þeim og viðkomandi rekstraraðila eða rekstraraðilum upplýsingar þar um.

2. Teljist ráðstöfun aðildarríkis réttlætanleg skulu öll aðildarríki gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að búnaður eða samsetning, sem ekki uppfyllir kröfurnar, sé tekin af markaði þeirra og tilkynna framkvæmdastjórninni um það. Teljist ráðstöfun aðildarríkis ekki réttlætanleg skal hlutaðeigandi aðildarríki afturkalla ráðstöfunina.

3. Ef ráðstöfun aðildarríkis telst réttlætanleg og búnaðurinn eða samsetningin telst ekki uppfylla kröfur sökum annmarka í samhæfðu stöðlunum, sem um getur í b-lið 5. mgr. 40. gr. þessarar tilskipunar, skal framkvæmdastjórnin beita málsmeðferðinni sem kveðið er á um í 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1025/2012.

42. gr.

Þrýstibúnaður eða samsetningar sem uppfylla kröfur en áhætta stafar af

1. Ef aðildarríki kemst að þeirri niðurstöðu, að loknu mati skv. 1. mgr. 40. gr., að enda þótt þrýstibúnaður eða samsetning sé í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar hafi það áhættu í för með sér fyrir heilbrigði eða öryggi manna, húsdýr eða eignir skal aðildarríkið krefjast þess að viðkomandi rekstraraðili grípi til allra viðeigandi ráðstafana til að tryggja að þessi áhætta stafi ekki lengur af viðkomandi búnaði eða samsetningu þegar þau eru sett á markað, taki búnaðinn eða samsetninguna af markaði eða innkalli innan hæfilegs frests sem aðildarríkið mælir fyrir um miðað við eðli áhættunnar.

2. Rekstraraðilinn skal tryggja að gripið sé til aðgerða til úrbóta að því er varðar allan viðkomandi búnað eða samsetningar sem hann hefur boðið fram á markaði í gervöllu Sambandinu.

3. Aðildarríkið skal tafarlaust tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um það. Í þessum upplýsingum skulu koma fram öll tiltæk smáatriði, einkum gögn sem nauðsynleg eru til að sanngreina viðkomandi búnað eða samsetningu, uppruna og aðfangakeðju búnaðarins eða samsetningarinnar, eðli áhættunnar sem þeim fylgir og eðli og gildistíma ráðstafana sem gerðar hafa verið í aðildarríki.

4. Framkvæmdastjórnin skal án tafar hefja viðræður við aðildarríkin og viðkomandi rekstraraðila og leggja mat á ráðstafanir aðildarríkis sem gerðar hafa verið. Á grundvelli niðurstaðna þessa mats skal framkvæmdastjórnin ákveða með framkvæmdargerðum hvort ráðstöfun aðildarríkis er réttlætanleg eða ekki og, ef nauðsyn krefur, leggja til viðeigandi ráðstafanir.

Framkvæmdargerðirnar sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 44. gr.

Þegar brýna nauðsyn ber til í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum varðandi verndun heilsu og öryggis einstaklinga, eða húsdýra eða eigna skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir, sem öðlast strax gildi, í samræmi við málsmeðferðina sem vísað er til í 4. mgr. 44. gr.

5. Framkvæmdastjórnin skal beina ákvörðun sinni til allra aðildarríkja og skal þegar í stað veita þeim og viðkomandi rekstraraðila eða rekstraraðilum upplýsingar þar um.

43. gr.

Kröfur formlega ekki uppfylltar

1. Með fyrirvara um 40. gr. skal aðildarríki, komist það að einni af eftirfarandi niðurstöðum, krefjast þess að viðkomandi rekstraraðili ráði bót á eftirfarandi ósamræmi við kröfur:

a) að CE-merki hafi verið fest á með þeim hætti að það brjóti gegn ákvæði 30. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008 eða 19. gr. þessarar tilskipunar,

b) að CE-merki hafi ekki verið fest á,

c) að kenninúmer tilkynntu stofunnar, sem tekur þátt í eftirlitsþætti framleiðslunnar, hafi verið fest á þannig að það brjóti gegn ákvæði 19. gr. eða hafi ekki verið fest á,

d) að merkingar og merkimiðar sem um getur í lið 3.3 í I. viðauka hafi ekki verið festir á eða verið festir á þannig að það brjóti gegn ákvæði 19. gr. eða lið 3.3 í I. viðauka,

e) að ESB-samræmisyfirlýsing hafi ekki verið útbúin,

f) að ESB-samræmisyfirlýsing hafi ekki verið útbúin með réttum hætti,

g) að tæknigögnin séu annaðhvort ekki tiltæk eða ekki tæmandi.

h) að upplýsingarnar, sem um getur í 6. mgr. 6. gr. eða 3. mgr. 8. gr., vanti, séu rangar eða ófullnægjandi,

i) að aðrar stjórnsýslukröfur, sem kveðið er á um í 6. eða 8. gr., séu ekki uppfylltar.

2. Sé enn um að ræða tilvik, sem um getur í 1. mgr., þar sem ekki er farið að ákvæðum skal hlutaðeigandi aðildarríki gera allar viðeigandi ráðstafanir til að takmarka eða banna að búnaðurinn eða samsetningin séu boðin fram á markaði eða tryggja að þau séu afturkölluð eða tekin af markaði.

6. KAFLI

NEFNDARMEÐFERÐ OG FRAMSELDAR GERÐIR

44. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar um þrýstibúnað. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gildir 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gildir 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

4. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011, í tengslum við 5. gr. þeirrar reglugerðar.

5. Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við nefndina um málefni, sem krefjast samráðs við sérfræðinga á viðkomandi sviði, samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1025/2012 eða samkvæmt annarri löggjöf Sambandsins.

Nefndin getur enn fremur rannsakað öll önnur mál sem varða beitingu þessarar tilskipunar, sem annaðhvort formaður hennar vekur athygli á eða fulltrúi aðildarríkis, í samræmi við starfsreglur nefndarinnar.

45. gr.

Framselt vald

1. Til að taka tillit til mjög brýnna aðsteðjandi öryggisástæðna skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 46. gr. sem endurflokka þrýstibúnað eða samsetningar til þess að:

a) þrýstibúnaður eða flokkur þrýstibúnaðar, sem um getur í 3. mgr. 4. gr., falli undir kröfur 1. mgr. 4. gr.,

b) samsetning eða flokkur samsetninga, sem um getur í 3. mgr. 4. gr., falli undir kröfur 2. mgr. 4. gr.,

c) flokka þrýstibúnað eða flokk þrýstibúnaðar, þrátt fyrir kröfur II. viðauka, í annan flokk.

2. Hafi aðildarríki áhyggjur af öryggi þrýstibúnaðar eða samsetninga skal það tafarlaust tilkynna framkvæmdastjórninni um áhyggjur sínar og gefa ástæður því til stuðnings.

3. Framkvæmdastjórnin skal framkvæma ítarlegt mat á þeirri áhættu sem gerir endurflokkun nauðsynlega áður en hún samþykkir framselda gerð.

46. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldu gerðirnar, sem um getur í 45. gr., á fimm ára tímabili sem hefst 1. júní 2015. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu, að því er varðar framsal valds, eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framsal valds skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er, hvenær sem er, heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 45. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endi á framsal valdsins sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 45. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

7. KAFLI

UMBREYTINGAR- OG LOKAÁKVÆÐI

47. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu mæla fyrir um reglur um viðurlög við brotum rekstraraðila gegn ákvæðum landslaga sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé framfylgt. Slíkar reglur geta falið í sér refsiviðurlög vegna alvarlegra brota.

Viðurlögin, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa letjandi áhrif.

48. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Aðildarríki skulu ekki hindra að þrýstibúnaður og samsetningar séu tekin í notkun séu þau í samræmi við ákvæði reglugerða sem voru í gildi á yfirráðasvæði þeirra daginn sem tilskipun 97/23/EB kom til framkvæmda og voru settar á markað til 29. maí 2002.

2. Aðildarríkin skulu ekki hindra að þrýstibúnaður eða samsetningar, sem falla undir tilskipun 97/23/EB og sem eru í samræmi við þá tilskipun og sem voru settar á markað og/eða teknar í notkun fyrir 1. júní 2015, séu boðnar fram á markaði.

3. Vottorð og ákvarðanir sem gefnar eru út af samræmismatsstofum samkvæmt tilskipun 97/23/EB gilda samkvæmt þessari tilskipun.

49. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að 13. gr. eigi síðar en 28. febrúar 2015. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ráðstafana.

Þau skulu beita þessum ráðstöfunum frá 1. júní 2015.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Í þeim skal einnig vera yfirlýsing um að líta beri á tilvísanir í gildandi lögum og stjórnsýslufyrirmælum í 9. gr. tilskipunar 97/23/EB sem tilvísanir í 13. gr. þessarar tilskipunar. Aðildarríki skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun og hvernig yfirlýsingin skuli sett fram.

2. Aðildarríki skulu samþykkja og birta, fyrir 18. júlí 2016, lög og stjórnsýslufyrirmæli sem nauðsynleg eru til að fara að 15. til 32. mgr. 2. gr., 6. til 12. gr., 14., 17. og 18. gr., 3. til 5. mgr. 19. gr., 20. til 43. gr., 47. og 48. gr. og I., II., III. og IV. viðauka. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ráðstafana.

Þau skulu beita þessum ráðstöfunum frá 19. júlí 2016.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Í þeim skal einnig vera yfirlýsing um að líta beri á tilvísanir í gildandi lögum og stjórnsýslufyrirmælum í tilskipunina, sem er felld niður með þessari tilskipun, sem tilvísanir í þessa tilskipun. Aðildarríki skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun og hvernig yfirlýsingin skuli sett fram.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

50. gr.

Niðurfelling

Ákvæði 9. gr. tilskipunar 97/23/EB falla brott frá og með 1. júní 2015 með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna varðandi frest til að leiða í landslög og gildistökudagsetningu þeirrar greinar sem sett er fram í B-hluta V. viðauka.

Tilskipun 97/23/EB, eins og henni var breytt með gerðinni sem tilgreind er í A-hluta V. viðauka, er felld úr gildi frá og með 19. júlí 2016, með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar þá fresti til lögleiðingar og gildistökudagsetningu tilskipunarinnar, sem eru tilgreindir í B-hluta V. viðauka.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í VI. viðauka.

51. gr.

Gildistaka og beiting

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 1. gr., liða 1 til 14 í 2. gr. 3., 4., 5., 14., 15. og 16. gr., 1. og 2. mgr. 19. gr. og 44., 45. og 46. gr. gilda frá 19. júlí 2016.

52. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 15. maí 2014.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
M. SCHULZ	D. KOURKOULAS
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

GRUNNKRÖFUR UM ÖRYGGI

FORMÁLSORÐ

1. Skuldbindingarnar sem leiða af grunnkröfunum um öryggi í þessum viðauka vegna þrýstibúnaðar gilda einnig um samsetningar þegar samsvarandi hætta er fyrir hendi.

2. Grunnkröfurnar um öryggi, sem mælt er fyrir um í tilskipun þessari, eru lögboðnar. Skuldbindingarnar sem fylgja þessum grunnkröfum um öryggi gilda aðeins ef samsvarandi hætta er fyrir hendi hvað varðar hlutaðeigandi þrýstibúnað þegar hann er notaður við skilyrði sem eru sæmilega fyrirsjáanleg fyrir framleiðandann.

3. Framleiðanda ber að greina hættu og áhættu svo að hann geti skilgreint þá hættu af völdum þrýstings sem fylgir búnaði hans; hann skal síðan hanna og smíða búnaðinn með tilliti til greiningar sinnar.

4. Grunnkröfurnar um öryggi ber að túlka og beita þannig að tekið sé tillit til nýjustu tækni og viðtekinna starfsvenja þegar hönnun og framleiðsla fer fram, enn fremur til þeirra tæknilegu og efnahagslegu þátta sem samrýmast góðri heilsu- og öryggisvernd.

1. ALMENNT

1.1. Þrýstibúnað ber að hanna, framleiða og athuga, og ef við á, ganga frá honum og setja upp þannig að tryggt sé að hann sé öruggur þegar hann er tekinn í notkun í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda eða við sæmilega fyrirsjáanlegar aðstæður.

1.2. Þegar velja á hentugustu lausnirnar skal framleiðandi beita eftirtöldum meginreglum í þeirri röð sem þær eru settar fram hér:

— eyða eða draga úr hættu eins og hægt er með góðu móti,

— beita viðeigandi verndarráðstöfunum gagnvart áhættu sem ekki er hægt að eyða,

— koma á framfæri við notendur, þar sem við á, upplýsingum um þá áhættu sem ekki verður komist hjá og gefið til kynna hvort sérstakar ráðstafanir séu nauðsynlegar til þess að draga úr áhættu við uppsetningu og/eða notkun.

1.3. Ef vitað er um hugsanlega misnotkun eða ef möguleikar á henni þykja augljósir skal þrýstibúnaður hannaður með það fyrir augum að koma í veg fyrir hættu á misnotkun eða, sé það ekki unnt, með viðeigandi viðvörun um að þrýstibúnaðinn beri ekki að nota með þeim hætti.

2. HÖNNUN

2.1. **Almennt**

Hönnun þrýstibúnaðarins skal miðast við alla þá þætti sem taka ber til greina til þess að tryggja að búnaðurinn sé öruggur út endingartíma hans.

Við hönnun skal taka mið af viðeigandi öryggisstuðlum og beita heildrænum aðferðum sem vitað er að eru miðaðar með samræmdum hætti við fullnægjandi öryggismörk gagnvart hvers kyns bilun sem á við í þessu sambandi.

2.2. **Styrkleikahönnun**

2.2.1. Hönnun þrýstibúnaðarins skal miðast við það álag sem fyrirhuguð notkun hefur í för með sér og önnur sæmilega fyrirsjáanleg notkunarskilyrði. Einkum skal taka tillit til eftirfarandi þátta:

— innri/ytri þrýstings,

— umhverfishitastigs og hitastigs við notkun,

— stöðuþrýstings og massa innihalds við notkunar- og prófunarskilyrði,

— álags af völdum umferðar, vinda, jarðskjálfta,

— gagntaks og kraftvægis af völdum undirstaða, festinga, leiðsla, o.s.frv.,

— tæringar og veðrunar, málmþreytu, o.s.frv.,

— niðurbrots óstöðugra straumefna.

Taka ber tillit til ólíkra álagsþátta sem verka samtímis og líkindi þess að ólíkir álagsþættir verki samtímis.

2.2.2. Styrkleikahönnun skal byggja á öðru hvoru eftirfarandi:

— almennt við reikniaðferð sem er lýst í lið 2.2.3 og ef nauðsyn krefur má einnig styðjast við tilraunahönnunaraðferð sem er lýst í lið 2.2.4,

— tilraunahönnunaraðferð án útreiknings, sem er lýst í lið 2.2.4, þegar margfeldi leyfilegs hámarksþrýstings PS og rúmmálsins V er minna en 6000 bör á lítrann eða margfeldi PS og DN er minna en 3000 bör.

2.2.3. *Reikniaðferð*

a) Innilokun þrýstings og aðrir álagsþættir

Leyfileg spennumörk fyrir þrýstibúnað verður að setja með tilliti til bilana við notkunarskilyrði sem hægt er að sjá fyrir með góðu móti. Í þessu skyni skal beita öryggisstuðlum til þess að útiloka alla óvissu sem kann að tengjast framleiðslu, raunverulegum notkunarskilyrðum, spennu, reiknilíkönum og eiginleikum og hegðun efnisins.

Þessar reikniaðferðir skulu fela í sér fullnægjandi öryggismörk sem samræmast, eftir því sem við á, kröfunum í 7. lið.

Kröfunum sem settar eru fram hér að framan má fullnægja með því að beita einni eftirfarandi aðferða eftir því sem við á, ef nauðsyn krefur til viðbótar eða ásamt annarri aðferð:

— hönnun samkvæmt formúlu,

— hönnun samkvæmt greiningu,

— hönnun samkvæmt brotaflfræði.

b) Þol

Nota skal viðeigandi hönnunarútreikning til þess að meta þol viðkomandi þrýstibúnaðar.

Einkum ber að gæta að eftirfarandi:

— reiknaður þrýstingur skal ekki vera minni en leyfilegur hámarksþrýstingur og taka tillit til stöðuþrýstings og hreyfiþrýstings straumefna og niðurbrots óstöðugra straumefna. Sé hylki skipt upp í einstök þrýstihólf skal hanna skilrúmið á grundvelli hæsta mögulega þrýstings í hólfi á móti lægsta mögulega þrýstingi í aðliggjandi hólfi,

— hitastig sem miðað er við í útreikningi skal fela í sér viðeigandi öryggismörk,

— við hönnun skal taka viðeigandi tillit til alls hugsanlegs samspils hitastigs og þrýstings við sæmilega fyrirsjáanleg notkunarskilyrði búnaðarins,

— hámarksspennu og spennutoppum ber að halda innan öruggra marka,

— við útreikning á innilokun þrýstings skal nota gildin sem eiga við um eiginleika efnisins, á grundvelli skráðra gagna, með hliðsjón af ákvæðunum sem sett eru fram í 4. lið ásamt viðeigandi öryggisþáttum. Meðal efniseiginleika sem taka ber tillit til eftir atvikum eru:

  — flotstyrkur, 0,2% eða 1,0% prófunarstyrkur eftir því sem við á, við viðeigandi hitastig sem miðað er við í útreikningi,

  — togþol,

  — tímaháður styrkur, þ.e. skriðþol,

  — gögn um málmþreytu,

  — Young-stuðull (fjaðurstuðull),

  — viðeigandi spenna í flotástandi,

  — beygjubrotorka,

  — brotstyrkur.

— nota skal viðeigandi tengingarstuðla gagnvart efniseiginleikunum, t.d. eftir því hvaða prófanir án eyðileggingar eru fyrirhugaðar, hvaða efni eru skeytt saman og hver fyrirhuguð notkunarskilyrði eru,

— hönnunin skal taka tilhlýðilegt tillit til allra sæmilega fyrirsjáanlegra niðurbrotsferla (þ.e. tæringar, skriðs, málmþreytu) í tengslum við fyrirhugaða notkun búnaðarins. Í leiðbeiningunum, sem um getur í lið 3.4, skal vekja athygli á sérstökum hönnunarþáttum sem skipta máli fyrir endingu búnaðarins, t.d.:

  — varðandi skrið: hönnunarlegan notkunartíma við tiltekið hitastig,

  — varðandi málmþreytu: hönnunarlegan fjölda notkunarskipta við tiltekið spennustig,

  — varðandi tæringu: hönnunarleg tæringarfrávik.

c) Stöðugleikaþættir

Þegar reiknuð þykkt gerir ekki kleift að ná fullnægjandi stöðugleika skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til lagfæringar á ástandinu að teknu tilliti til áhættu vegna flutninga og meðhöndlunar.

2.2.4. *Tilraunahönnunaraðferð*

Hönnun búnaðarins má fullgilda í heild eða að hluta til með viðeigandi prófunaráætlun sem framkvæmd er á úrtaki sem er dæmigert fyrir búnaðinn eða flokk búnaðarins.

Prófunaráætlunina skal skilgreina nákvæmlega áður en prófun hefst og skal tilkynnta stofan sem ábyrgist aðferðareininguna fyrir hönnunarsamræmismatið samþykkja hana ef við á.

Í áætluninni skulu prófunarskilyrði skilgreind og viðmiðanir um samþykki eða synjun. Raungildi helstu mála og eiginleika efnanna sem búnaðurinn er gerður úr skulu fengin með mælingum fyrir prófunina.

Eftir því sem við á skal vera unnt, meðan á prófun stendur, að fylgjast með álagssvæðum í þrýstibúnaðinum með viðeigandi mælitækjum sem skrá álag og spennu með nægilegri nákvæmni.

Prófunaráætlunin skal fela í sér:

a) þrýstingsprófun þar sem markmiðið er að ganga úr skugga um að búnaðurinn leki ekki eða aflagist umfram skilgreind mörk við þrýsting með skilgreindum öryggismörkum sem miðast við leyfilegan hámarksþrýsting.

   Prófunarþrýstingur skal ákvarðaður á grundvelli mismunar á gildum rúmfræðilegra og efnislegra eiginleika sem mæld eru við prófunarskilyrði og þeim gildum sem gert var ráð fyrir við hönnunina. Taka skal tillit til mismunar á prófunarhitastigi og hönnunarhita,

b) sé hætta á skriði eða málmþreytu fyrir hendi, viðeigandi prófanir sem ákvarðaðar eru á grundvelli þjónustuaðstæðnanna sem mælt er fyrir um fyrir búnaðinn, t.d. notkunartíma við tiltekið hitastig, fjölda notkunarskipta við tiltekna spennu,

c) ef nauðsyn krefur skal gera viðbótarprófanir varðandi aðra þætti sem um getur í lið 2.2.1, s.s. tæringu, skemmdir á ytra byrði.

2.3. **Ákvæði um örugga meðferð og notkun**

Notkunarleiðbeiningar sem tilgreindar eru fyrir þrýstibúnað skulu vera þannig að komið sé í veg fyrir sæmilega fyrirsjáanlega áhættu samfara notkun búnaðarins. Einkum skal gæta að eftirfarandi, eftir því sem við á:

— lokum og opum,

— hættulegri losun á útblæstri úr öryggislokum,

— búnaði sem kemur í veg fyrir aðgang meðan þrýstingur eða lofttæmi er fyrir hendi,

— yfirborðshitastigi miðað við fyrirhugaða notkun,

— niðurbrots óstöðugra straumefna.

Einkum skal þrýstibúnaður með aðgengisdyrum búinn sjálfvirkum eða handvirkum búnaði sem gerir notandanum kleift að ganga úr skugga um að opnuninni fylgi engin hætta. Sé hægt að opna búnaðinn hratt skal þrýstibúnaðurinn búinn tæki sem kemur í veg fyrir að hægt sé að opna hann ef hætta fylgir þrýstingi eða hitastigi straumefnisins.

2.4. **Aðferðir við skoðun**

a) Þrýstibúnaður skal hannaður og smíðaður með þeim hætti að hægt sé að skoða hann með tilliti til öryggis.

b) Unnt skal vera að ganga úr skugga um innra ástand búnaðarins þar sem slíkt er nauðsynlegt til þess að tryggja áframhaldandi öryggi búnaðarins, t.d. með aðgangsopum sem gera kleift að komast inn í þrýstibúnaðinn svo unnt sé að skoða hann í samræmi við öryggiskröfur og vinnuvistfræðilegar kröfur.

c) Beita má öðrum aðferðum við að ganga úr skugga um að þrýstibúnaður sé öruggur við eftirfarandi aðstæður:

   — ef hann er minni en svo að manngengt sé inn í hann,

— ef það hefði slæm áhrif á þrýstibúnaðinn að innan að opna hann,

— ef sýnt þykir að innihaldsefnið skaði ekki efnið sem þrýstibúnaðurinn er smíðaður úr eða ef önnur innri niðurbrotsferli eru ekki sæmilega fyrirsjáanleg.

2.5. **Aðferðir við losun og loftræstingu**

Fullnægjandi aðferðir skulu vera fyrir hendi til að losa og loftræsta þrýstibúnað þegar það er nauðsynlegt:

— til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif af völdum vatnságangs, samfalls við lofttæmi, tæringar og stjórnlausra efnahvarfa. Taka ber tillit til allra notkunar- og prófunarstiga, einkum prófunar á þrýstingi,

— til að unnt sé að annast hreinsun, skoðun og viðhald á öruggan hátt.

2.6. **Tæring eða önnur efnaáreiti**

Gera skal ráð fyrir frávikum eða vörn gegn tæringu eða öðru efnaáreiti ef nauðsyn krefur, að teknu viðeigandi tilliti til fyrirhugaðrar notkunar eða sæmilega fyrirsjáanlegrar notkunar.

2.7. **Slit**

Þegar gera má ráð fyrir mikilli veðrun eða sliti skal gera viðeigandi ráðstafanir til þess að:

— draga sem mest úr þeim áhrifum með viðeigandi hönnun, t.d. aukinni efnisþykkt eða með því að nota fóður eða klæðningu,

— heimila að skipt verði um þá hluti sem verða fyrir mestum áhrifum,

— vekja athygli, í leiðbeiningunum sem um getur í lið 3.4, á aðgerðum sem nauðsynlegar eru til þess að tryggja áframhaldandi örugga notkun.

2.8. **Samsetningar**

Samsetningar skulu hannaðar með þeim hætti að:

— íhlutirnir sem setja á saman henti vel og séu traustir í notkun,

— allir íhlutirnir myndi rétta heild og séu settir saman á réttan hátt.

2.9. **Ákvæði um áfyllingu og losun**

Eftir því sem við á skal þrýstibúnaður hannaður með þeim hætti og búinn fylgihlutum, eða gert ráð fyrir þeim, að áfylling og losun sé örugg, einkum með tilliti til áhættuþátta á borð við:

a) við áfyllingu:

— yfirfyllingar eða yfirþrýstings, einkum með hliðsjón af fyllingarhlutfalli og gufuþrýstingi við viðmiðunarhitastig,

— óstöðugleika þrýstibúnaðar,

b) við losun: stjórnlausa losun straumefnis undir þrýstingi,

c) við áfyllingu eða losun: ótryggar tengingar og aftengingar.

2.10. **Vörn gegn því að farið sé fram yfir leyfileg mörk sem gilda um þrýstibúnað**

Sé hugsanlegt að fara yfir leyfileg mörk við sæmilega fyrirsjáanlegar aðstæður skal setja á þrýstibúnaðinn, eða gera ráð fyrir að settur sé á hann, viðeigandi varnarbúnað, nema gert sé ráð fyrir öðrum varnarbúnaði í samsetningu.

Viðeigandi tæki eða samsetning slíkra tækja skal valin á grundvelli sérstakra eiginleika búnaðarins eða samsetningarinnar.

Viðeigandi varnarbúnaður og samsetningar hans samanstanda af:

a) öryggisaukabúnaði, eins og hann er skilgreindur í 4. lið 2. gr.

b) eftir því sem við á hentugum vöktunarbúnaði á borð við vísa og/eða viðvörunarbúnað sem gerir kleift að gera viðeigandi aðgerðir, annaðhvort sjálfvirkt eða handvirkt, til þess að halda þrýstibúnaðinum innan leyfilegra marka.

2.11. **Öryggisaukabúnaður**

2.11.1. Öryggisaukabúnaður skal:

— vera hannaður og smíðaður með þeim hætti að hann sé traustur og hentugur til fyrirhugaðra nota og taka tillit til viðhalds- og prófunarkrafna búnaðarins, eftir atvikum,

— vera óháður öðrum þáttum nema slíkir þættir hafi ekki áhrif á öryggi þeirra,

— fara að viðeigandi meginreglum um hönnun svo að viðeigandi og áreiðanlegum vörnum sé náð. Meðal slíkra meginreglna eru einkum virkt öryggisástand, umfremd, fjölbreytni og sjálfsgreining.

2.11.2. *Búnaður til að takmarka þrýsting*

Slíkur búnaður skal hannaður þannig að þrýstingur fari ekki að staðaldri yfir leyfilegan hámarksþrýsting (PS), þó eru þrýstingstoppar sem vara skamma stund í samræmi við forskriftirnar sem mælt er fyrir um í lið 7.3 leyfilegir, eftir því sem við á.

2.11.3. *Búnaður til hitastigsvöktunar*

Slíkur búnaður skal hafa hæfilegan svörunartíma af öryggisástæðum, í samræmi við mælihlutverkið.

2.12. **Utanaðkomandi eldur**

Ef nauðsyn krefur skal þrýstibúnaður vera hannaður og, ef við á, búinn viðeigandi fylgihlutum, eða gert ráð fyrir að þeir séu settir á, svo að hann standist kröfur um varnir gegn skemmdum ef utanaðkomandi eldur verður laus, einkum með hliðsjón af fyrirhugaðri notkun.

3. FRAMLEIÐSLA

3.1. **Framleiðsluaðferðir**

Framleiðandi skal tryggja skilvirka framkvæmd ákvæðanna sem sett eru fram á hönnunarstigi með því að beita hentugri tækni og viðeigandi aðferðum, einkum að því er varðar þættina sem um getur hér á eftir.

3.1.1. *Undirbúningur einstakra hluta búnaðarins*

Undirbúningur einstakra hluta búnaðarins (t.d. mótun og snið) skal ekki valda göllum eða sprungum eða breytingum á aflfræðilegum eiginleikum sem geta haft neikvæð áhrif á öryggi þrýstibúnaðarins.

3.1.2. *Varanleg samskeyting*

Varanleg samskeyti og aðliggjandi svæði skulu vera laus við yfirborðsgalla eða innri galla sem geta haft neikvæð áhrif á öryggi búnaðarins.

Eiginleikar varanlega samskeyta skulu uppfylla sömu lágmarkskröfur og tilgreindar eru fyrir efnin sem á að skeyta saman, nema tekið sé sérstaklega tillit til annarra viðeigandi gilda við hönnunarútreikninga.

Að því er varðar þrýstibúnað skal varanleg samskeyting íhluta sem hafa áhrif á þrýstiþol búnaðar og íhluta sem eru tengdir beint við þá, framkvæmd af starfsfólki sem hefur réttindi og hæfi til þess og samkvæmt viðeigandi verklagsreglum.

Að því er varðar þrýstibúnað í II., III. og IV. flokki skulu verklagsreglur og starfsfólk hljóta samþykki frá þar til bærum þriðja aðila sem, að vali framleiðanda, getur verið:

— tilkynnt stofa,

— stofnun þriðja aðila sem aðildarríki viðurkennir eins og kveðið er á um í 20. gr.

Til að veita slík samþykki skal þriðji aðilinn framkvæma athuganir og prófanir sem settar eru fram í viðeigandi samhæfðum stöðlum eða jafngildar athuganir og prófanir, eða láta framkvæma þær.

3.1.3. *Prófanir án eyðileggingar*

Að því er varðar þrýstibúnað skulu prófanir án eyðileggingar á varanlegum samskeytum framkvæmdar af starfsfólki sem hefur réttindi og hæfi til þess. Að því er varðar þrýstibúnað í III. og IV. flokki skal starfsfólk hljóta samþykki stofnunar þriðja aðila sem aðildarríki hefur viðurkennt í samræmi við 20. gr.

3.1.4. *Hitameðferð*

Sé talin hætta á því að framleiðsluferlið breyti svo efnislegum eiginleikum að það hafi neikvæð áhrif á öryggi þrýstibúnaðarins skal beita hentugri hitameðferð á viðeigandi framleiðslustigi.

3.1.5. *Rekjanleiki*

Koma ber á fót og viðhalda hentugu ferli til þess að auðkenna með viðeigandi hætti efni þeirra íhluta búnaðarins sem hafa áhrif á þrýstiþol allt frá móttöku, í framleiðsluferlinu og að lokaprófunum á framleiddum þrýstibúnaði.

3.2. **Lokamat**

Lokamat skal fara fram á þrýstibúnaði eins og lýst er hér á eftir.

3.2.1. *Lokaskoðun*

Þrýstibúnaður skal gangast undir lokaskoðun sem felst í sjónrænu mati eða skoðun á samræmi fylgiskjala við kröfur þessarar tilskipunar. Taka má prófanir sem gerðar eru í framleiðslu til greina. Eftir því sem við á af öryggisástæðum skal við lokaskoðun athuga sérhvern hluta búnaðarins innan og utan frá, þar sem við á meðan á framleiðslu stendur (þ.e. þegar ekki er unnt að framkvæma skoðun á þeim við lokaskoðun).

3.2.2. *Sannprófun*

Í lokamati á þrýstibúnaði skal felast prófun á þrýstingsinnilokun hans, sem felst yfirleitt í vatnsþrýstiprófun við þrýsting sem er jafn eða meiri, eftir því sem við á, en gildið sem mælt er fyrir um í lið 7.4.

Að því er varðar raðframleiddan þrýstibúnað í I. flokki má framkvæma þessa prófun á tölfræðilegum grundvelli.

Sé vatnsþrýstiprófun skaðleg eða óhentug, má framkvæma aðrar viðurkenndar prófanir. Hvað varðar prófanir aðrar en vatnsþrýstiprófun skal beita viðbótarráðstöfunum, eins og t.d. prófunum án eyðileggingar eða öðrum jafngildum aðferðum, áður en slíkar prófanir eru gerðar.

3.2.3. *Skoðun öryggisbúnaðar*

Að því er varðar samsetningar skal í lokamati einnig felast athugun á öryggisbúnaðinum til að ganga úr skugga um hvort farið sé að kröfunum sem um getur í lið 2.10 að fullu.

3.3. **Merking og miðar**

Auk CE-merkisins, sem um getur í 18. og 19. gr. og upplýsinganna sem veita skal í samræmi við 6. mgr. 6. gr. og 3. mgr. 8. gr., skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

a) að því er varðar allan þrýstibúnað:

— framleiðsluár,

— auðkenni þrýstibúnaðarins í samræmi við eðli hans, t.d. gerð, röð eða auðkenni framleiðslulotu og raðnúmer,

— helstu leyfilegu hámarks-/lágmarksmörk,

b) eftir gerð þrýstibúnaðar, frekari upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að tryggja örugga uppsetningu, starfrækslu eða notkun og, þar sem við á, viðhald og reglubundna skoðun þar á meðal:

— rúmmál (V) þrýstibúnaðar í lítrum (L),

— nafnstærð (DN) fyrir lagnir,

— prófunarþrýstingur (PT) í börum ásamt dagsetningu,

— valinn þrýstingur öryggisbúnaðar í börum,

— frálag þrýstibúnaðar í kW,

— fæðispenna í voltum (V),

— fyrirhuguð notkun,

— fyllingarhlutfall kg/L,

— hámarksfyllimassi í kg,

— massi töru í kg,

— straumefnisflokkur.

c) ef nauðsyn krefur, viðvaranir sem festar eru á þrýstibúnaðinn til að vekja athygli á rangnotkun sem reynslan hefur sýnt að sé hugsanleg.

Upplýsingarnar sem um getur í a-, b- og c-lið skulu vera á þrýstibúnaðinum eða á merkiplötu sem er tryggilega fest á hann, með eftirtöldum undantekningum:

— eftir atvikum má nota viðeigandi upplýsingaskjöl til þess að forðast endurtekin merki á einstökum hlutum eins og lagnaíhlutum sem ætlaðir eru í sömu samsetningu,

— sé þrýstibúnaðurinn of lítill, t.d. fylgihlutir, mega upplýsingarnar koma fram á miða sem festur er við þrýstibúnaðinn,

— nota má miða eða aðrar viðeigandi aðferðir til að gefa til kynna fyllimassann og koma á framfæri viðvörununum sem um getur í c-lið, svo fremi að slíkt haldist læsilegt í nægilega langa tíma.

3.4. **Notkunarleiðbeiningar**

a) Þegar þrýstibúnaður er markaðssettur skulu fylgja honum, eftir því sem við á, leiðbeiningar til notenda með öllum nauðsynlegum öryggisupplýsingum sem varða:

— uppsetningu, þ.m.t. samsetning ólíkra eininga þrýstibúnaðar,

— það að taka búnaðinn í notkun,

— notkun,

— viðhald að meðtöldum athugunum notandans.

b) Í leiðbeiningunum skulu koma fram upplýsingar sem festar eru á þrýstibúnaðinn í samræmi við lið 3.3, að undanskildum raðnúmerum, og þeim skulu fylgja, eftir því sem við á, tækniskjöl, teikningar og skýringarmyndar sem nauðsynlegar eru til að skilja leiðbeiningarnar til fulls.

c) Ef við á skulu leiðbeiningarnar einnig vísa til hættu sem fylgir rangri notkun í samræmi við lið 1.3 og sérstakra hönnunareiginleika í samræmi við lið 2.2.3.

4. EFNI

Efni sem notuð eru við framleiðslu þrýstibúnaðar skulu henta til slíkrar notkunar allan áætlaðan endingartíma nema gert sé ráð fyrir endurnýjun.

Suðufylliefni og önnur efni til samskeytingar þurfa aðeins að uppfylla viðeigandi kröfur í lið 4.1, a-lið liðar 4.2 og fyrstu málsgrein liðar 4.3 eftir því sem við á, bæði ein og sér og í samsettum hlutum.

4.1. Efni í hluti undir þrýstingi:

a) skulu hafa eiginleika sem henta við öll notkunarskilyrði sem eru sæmilega fyrirsjáanleg og við öll prófunarskilyrði, einkum skulu þau vera nægilega sveigjanleg og seig. Eftir því sem við á skulu eiginleikar efnanna vera í samræmi við kröfurnar sem um getur í lið 7.5. Að auki ber að velja efni af sérstakri kostgæfni til þess að koma í veg fyrir að þau brotni í stökku broti ef nauðsyn krefur; þegar nota þarf stökkt efni af sérstökum ástæðum skal gera viðeigandi ráðstafanir,

b) skulu hafa nægilega efnafræðilega mótstöðu gagnvart straumefninu í þrýstibúnaðinum; þeir efnafræðilegu og eðlisfræðilegu eiginleikar sem nauðsynlegir eru til að tryggja notkunaröryggi skulu ekki breytast verulega á áætluðum endingartíma búnaðarins,

c) vera öldrunarþolin,

d) skulu henta fyrirhuguðum vinnsluferlum,

e) skulu valin með hliðsjón af því að komist verði hjá óæskilegum áhrifum þegar ólík efni eru sett saman.

4.2. Framleiðandi þrýstibúnaðar skal:

a) skilgreina með viðeigandi hætti þau gildi sem nauðsynleg eru vegna hönnunarútreikninganna sem um getur í lið 2.2.3 og helstu eiginleika efnanna og meðhöndlun þeirra sem um getur í lið 4.1,

b) láta í té í tæknigögnum sínum upplýsingar um við hvaða þátt eftirfarandi er miðað þegar farið er að forskriftum þessarar tilskipunar um efni:

— með notkun efna sem fara að samhæfðum stöðlum,

— með notkun efna sem falla undir evrópskt samþykki efna í þrýstibúnað í samræmi við 15. gr.,

— með sérstöku efnismati,

c) að því er varðar þrýstibúnað í III. og IV. flokki skal tilkynnt stofa sem annast samræmismatsaðferðir fyrir þrýstibúnaðinn láta framkvæma sérstakt efnismat.

4.3. Framleiðandi búnaðarins skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að efnið sem er notað sé í samræmi við tilskilda forskrift. Einkum skal afla skjala fyrir öll efni sem framleiðandi efnisins tekur saman og staðfestir samræmi við forskrift.

Að því er varðar helstu hluta búnaðar sem eru undir þrýstingi og tilheyra II., III. og IV. flokki skal krafist vottorðs um sértækt vörueftirlit.

Hafi framleiðandi efnis viðeigandi gæðatryggingarkerfi, sem er vottað af þar til bærum aðila með staðfestu í Sambandinu og sérstakt efnamat hefur farið fram á því, skal gera ráð fyrir að vottorð sem framleiðandi gefur út votti um samræmi við viðeigandi kröfur þessa liðar.

SÉRTÆKAR KRÖFUR VARÐANDI ÞRÝSTIBÚNAÐ

Auk viðeigandi krafna í 1. til 4. lið skulu eftirfarandi kröfur gilda um þann þrýstibúnað sem fellur undir 5. og 6. lið.

5. KYNTUR EÐA UPPHITAÐUR ÞRÝSTIBÚNAÐUR SEM GETUR OFHITNAÐ OG UM GETUR Í 1. MGR. 4. GR.

Til slíks þrýstibúnaðar teljast:

— gufu- og heitavatnsgjafar eins og um getur í b-lið 1. mgr. 4. gr., t.d. kyntir gufu- og heitavatnskatlar, ofurhitarar og upphitarar, hitarar fyrir frárennslisvatn, sorpbrennslukatlar, rafskauta- eða ídýfingarhitarar, hraðsuðupottar ásamt aukabúnaði og, ef við á, kerfi til meðferðar á inntaksvatni og til eldsneytisgjafar,

— hitunarbúnaður til annars en gufu- og heitavatnsframleiðslu sem fellur undir a-lið 1. mgr. 4. gr., t.d. hitarar fyrir efnaferli eða önnur áþekk ferli og búnaður til matvælavinnslu sem er undir þrýstingi.

Slíkan þrýstibúnað skal reikna út, hanna og smíða með þeim hætti að sem mest verði dregið úr hættu á að innihald losni úr honum við ofhitnun. Einkum skal tryggja, eftir því sem við á, að:

a) gert sé ráð fyrir viðeigandi verndarráðstöfunum til þess að setja takmarkanir á rekstrarbreytur eins og hitainntak, hitaúttak og, þar sem við á, stöðu straumefnis til þess að koma í veg fyrir hættu á staðbundinni eða almennri ofhitnun,

b) gert sé ráð fyrir sýnatökustöðum, ef nauðsyn krefur, svo að unnt sé að meta eiginleika straumefnisins og komast hjá hættum sem tengjast útfellingu og/eða tæringu,

c) sett séu viðeigandi ákvæði til að útiloka hættu sem stafar af útfellingu,

d) gert sé ráð fyrir öruggum aðferðum til þess að lækka viðvarandi hita eftir að slökkt hefur verið á búnaðinum,

e) gerðar séu ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir hættulega uppsöfnun eldfimra blandna brennanlegra efna og lofts, eða að eldur blossi upp að nýju.

6. LAGNIR SEM UM GETUR Í C-LIÐ 1. MGR. 4. GR.

Með hönnun og smíði skal tryggja:

a) að dregið sé með viðunandi hætti úr hættunni á of mikilli spennu af völdum of mikillar hreyfingar eða of mikilla krafta, sem verka t.d. á flansa, tengingar, belgi eða slöngur, með undirstöðum, þvingum, festingum, stöðu og forspennu,

b) að gert sé ráð fyrir aðferðum til þess að ræsa neðsta hluta lagna eða losa útfellingu þaðan sem hætta er á þéttingu í lögnum undir gaskennd straumefni, til að koma í veg fyrir tjón af völdum vatnságangs eða tæringar,

c) að eðlilegt tillit sé tekið til hugsanlegs tjóns af völdum loftsveipa og iðumyndunar; viðeigandi hlutar liðar 2.7 skulu gilda,

d) að tilhlýðilegt tillit sé tekið til hættunnar á málmþreytu af völdum titrings í lögnum,

e) að þegar straumefni í flokki 1 eru geymd í búnaðinum sé gert ráð fyrir viðeigandi ráðstöfunum til þess að einangra losunarlagnir sem eru svo stórar að umtalsverð hætta stafar af þeim,

f) að sem mest sé dregið úr hættu á ótímabærri tæmingu; losunarstaðir skulu vera skýrt merktir á föstu hliðinni og þar skal koma fram hvert straumefnið er,

g) að staðsetning og lega neðanjarðarlagna sé a.m.k. skráð í tæknigögnunum til að auðvelda viðhald, eftirlit eða viðgerðir.

7. SÉRTÆKAR MEGINDLEGAR KRÖFUR FYRIR TILTEKINN ÞRÝSTIBÚNAÐ

Eftirfarandi ákvæði gilda sem almenn regla. Þó skal framleiðandi sýna fram á að viðeigandi ráðstafanir hafi verið gerðar til þess að ná jafngildu almennu öryggisstigi ef þessum ákvæðum er ekki beitt, einnig ef ekki er sérstaklega vísað til efna og samhæfðum stöðlum er ekki beitt.

Ákvæðin sem mælt er fyrir um í þessum þætti koma til viðbótar við grunnkröfurnar um öryggi í 1. til 6. lið að því er varðar þrýstibúnaðinn sem þau eiga við um.

7.1. **Leyfileg spenna**

7.1.1. *Tákn*

$R_{e/t}$, flotmörk, gefur til kynna gildi hitastigs við útreikning á:

— efri flotmörkum efnis sem hefur efri og neðri flotmörk,

— 1,0% prófunarstyrk ryðfrís ásteníts og óblandaðs áls,

— 0,2% prófunarstyrk í öðrum tilvikum.

$R_{m/20}$ gefur til kynna lágmarksgildi mesta togþols við 20 °C.

$R_{m/t}$ vísar til mesta togþols við útreikningshitastig.

7.1.2. Leyfileg almenn hámarksspenna á himnu fyrir kyrrstöðuhleðslu að mestu leyti og við hitastig utan þess sviðs þar sem skrið er verulegt skal ekki vera hærri en það lægsta eftirfarandi gilda, eftir því hvaða efni er notað:

— ef um er að ræða ferrítstál að meðtöldu unnu (unnu völsuðu) stáli og að undanskildu fínkornastáli og sérstaklega hitameðhöndluðu stáli, $^{2}/_{3}$ af $R_{e/t}$ og $^{5}/_{12}$ af $R_{m/20}$,

— ef um er að ræða ryðfrítt ástenít:

  — ef brotlenging er meiri en 30%, $^{2}/_{3}$ af $R_{e/t}$,

  — ef brotlenging er hins vegar meiri en 35%, $^{5}/_{6}$ af $R_{e/t}$ og $^{1}/_{3}$ af $R_{m/t}$,

— sé um að ræða óblandað eða lítt blandað steypustál, $^{10}/_{19}$ af $R_{e/t}$ og $^{1}/_{3}$ af $R_{m/20}$,

— ef um er að ræða ál, $^{2}/_{3}$ af $R_{e/t}$,

— sé um að ræða álblendi að undanskildu blendi sem harðnar við útfellingu, $^{2}/_{3}$ af $R_{e/t}$ og $^{5}/_{12}$ af $R_{m/20}$.

7.2. **Samskeytastuðlar**

Sé um að ræða soðin samskeyti skal samskeytastuðullinn ekki vera hærri en eftirfarandi gildi:

— vegna búnaðar sem gerðar eru á eyðileggingarprófanir og prófanir án eyðileggingar til að ganga úr skugga um að öll samskeyti séu laus við verulega galla: 1,

— vegna búnaðar sem gerðar eru á prófanir án eyðileggingar af handahófi: 0,85,

— vegna búnaðar sem ekki eru gerðar prófanir án eyðileggingar á að undanskilinni sjónrænni skoðun: 0,7.

Ef nauðsyn krefur skal einnig taka tillit til þess um hvers kyns spennu er að ræða og vélrænna og tæknilegra eiginleika samskeytisins.

7.3. **Búnaður sem takmarkar þrýsting, einkum í þrýstihylkjum**

Skammvinnur yfirþrýstingur sem um getur í lið 2.11.2 má ekki fara yfir 10% leyfilegs hámarksþrýstings.

7.4. **Þrýstingur í vatnsþrýstingsprófun**

Sé um að ræða þrýstihylki skal þrýstingur í vatnsþrýstingsprófun sem um getur í lið 3.2.2 ekki vera minni en:

— vatnsþrýstingur sem svarar til þess hámarksálags sem þrýstibúnaðurinn þarf að geta þolað við notkun, að teknu tilliti til leyfilegs hámarksþrýstings hans og leyfilegs hámarkshitastigs hans, margfaldað með stuðlinum 1,25,

— leyfilegur hámarksþrýstingur margfaldaður með stuðlinum 1,43, hvort sem hærra er.

7.5. **Efniseiginleikar**

Ef ekki er krafist annarra gilda í samræmi við aðrar viðmiðanir sem taka ber tillit til telst stál nógu seigt til þess að fullnægja kröfunum í a-lið liðar 4.1, ef brotlenging þess við togþolsprófun með staðlaðri aðferð er ekki undir 14% og beygjukraftur þess mældur á ISO V prófunarhlut er ekki minni en 27 J, við hitastig sem er ekki yfir 20 °C en þó ekki hærra en lægsta hitastig sem mælt er fyrir um við notkun.

———

II. VIÐAUKI

SAMRÆMISMATSTÖFLUR

1. Tilvísanirnar í töflunum til flokka aðferðareininga eru sem hér segir:

I	=	aðferðareining A
II	=	aðferðareiningar A2, D1, E1
III	=	aðferðareiningar B (hönnunargerð) + D, B (hönnunargerð) + F, B (framleiðslugerð) + E, B (framleiðslugerð) + C2, H
IV	=	aðferðareiningar B (framleiðslugerð) + D, B (framleiðslugerð) + F, G, H1

2. Öryggisaukabúnaður, sem skilgreindur er í 4. lið 2. gr. og sem um getur í d-lið 1. mgr. 4. gr., tilheyrir IV. flokki. Þó má í undantekningartilvikum flokka öryggisaukabúnað, sem er framleiddur fyrir sérstakan búnað, í sama flokk og búnaðinn sem hann fylgir.

3. Þrýstifylgihlutir, sem skilgreindir eru í 5. lið 2. gr. og sem um getur í d-lið 1. mgr. 4. gr., eru flokkaðir á grundvelli:

— leyfilegs hámarksþrýsting (PS),


— rúmmáls þeirra (V) eða nafnstærðar (DN), eftir því sem við á,

— þess flokks straumefna sem þeir eru ætlaðir fyrir.

Nota ber viðeigandi töflu fyrir hylki eða lagnir til að ákvarða samræmismatsflokkinn.

Þegar bæði rúmmál og nafnstærð eru talin viðeigandi hvað varðar annan undirlið fyrsta undirliðar, skal flokka þrýstifylgihlutinn í hæsta flokkinn.


4. Markalínurnar í eftirfarandi samræmismatstöflum sýna efri mörkin í hverjum flokki.



Tafla 1

Hylki sem um getur í fyrsta undirlið í i. lið a-liðar 1. mgr. 4. gr.


Í sérstökum undantekningartilvikum skulu hylki, sem nota á undir óstöðuga lofttegund og tilheyra I. eða II. flokki á grundvelli töflu 1, sett í III. flokk.



Tafla 2


Hylki sem um getur í öðrum undirlið í i. lið a-liðar 1. mgr. 4. gr.

Í sérstökum undantekningartilvikum skulu handslökkvitæki og hylki fyrir öndunarbúnað sett í III. flokk eða hærri flokk.



Tafla 3


Hylki sem um getur í fyrsta undirlið í ii. lið a-liðar 1. mgr. 4. gr.



Tafla 4

Hylki sem um getur í öðrum undirlið í ii. lið a-liðar 1. mgr. 4. gr.


Í sérstökum undantekningartilvikum skulu samsetningar sem ætlaðar eru til að hita vatn eins og um getur í öðrum undirlið 2. mgr. 4. gr. annað hvort standast ESB-gerðarprófun (aðferðareining B — hönnunargerð) að því er varðar samræmi þeirra við grunnkröfurnar sem um getur í liðum 2.10, 2.11, 3.4, a- og d-lið 5. liðar í I. viðauka eða fulla gæðatryggingu (aðferðareining H).



Tafla 5

Þrýstibúnaður sem um getur í b-lið 1. mgr. 4. gr.


Í sérstökum undantekningartilvikum skal hönnun hraðsuðupotta háð samræmismatsaðferð sem jafngildir a.m.k. einni aðferðareiningu í III. flokki.



Tafla 6

Lagnir sem um getur í fyrsta undirlið í i. lið c-liðar 1. mgr. 4. gr.


Í sérstökum undantekningartilvikum skulu lagnir, sem nota á undir óstöðugar lofttegundir og tilheyra I. eða II. flokki á grundvelli töflu 6, settar í III. flokk.



Tafla 7


Lagnir sem um getur í öðrum undirlið í i. lið c-liðar 1. mgr. 4. gr.

Í sérstökum undantekningartilvikum skulu lagnir undir straumefni við hitastig sem er yfir 350 °C og tilheyra II. flokki á grundvelli töflu 7 settar í III. flokk.



Tafla 8

Lagnir sem um getur í fyrsta undirlið í ii. lið c-liðar 1. mgr. 4. gr.



Tafla 9

Lagnir sem um getur í öðrum undirlið í ii. lið c-liðar 1. mgr. 4. gr.

III. VIÐAUKI

SAMRÆMISMATSAÐFERÐIR

Þær skyldur sem ákvæði um þrýstibúnað í þessum viðauka hafa í för með sér gilda einnig um samsetningar.

1. AÐFERÐAREINING A: (INNRA FRAMLEIÐSLUEFTIRLIT)

1. Innra framleiðslueftirlit er samræmismatsaðferðin þar sem framleiðandi uppfyllir skyldurnar sem mælt er fyrir um í 2., 3. og 4. lið og tryggir og lýsir því yfir á eigin ábyrgð að þrýstibúnaðurinn, sem um er að ræða, uppfylli kröfurnar í þessari tilskipun sem gilda um hann.

2. **Tæknigögn**

Framleiðandi skal útbúa tæknigögnin.

Tæknigögnin skulu vera með þeim hætti að unnt sé að meta hvort þrýstibúnaðurinn samræmist viðkomandi kröfum og þau skulu innihalda fullnægjandi greiningu og mat á áhættu. Í tæknigögnunum skal tilgreina viðeigandi kröfur og þau skulu, að svo miklu leyti sem skiptir máli fyrir matið, fjalla um hönnun, framleiðslu og notkun þrýstibúnaðarins. Tæknigögnin skulu, þegar við á, innihalda a.m.k. eftirfarandi atriði:

— almenna lýsingu á þrýstibúnaðinum,

— frumdrög að hönnun, framleiðsluteikningar og skýringarmyndir af íhlutum, undireiningum, straumrásum o.s.frv.,

— lýsingar og útskýringar sem eru nauðsynlegar til að skilja umræddar teikningar og skýringarmyndir og átta sig á því hvernig þrýstibúnaðurinn vinnur,

— skrá yfir samhæfðu staðlana sem beitt hefur verið í heild eða að hluta til og tilvísun í þá hefur verið birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, auk lýsingar á þeim lausnum sem hafa verið valdar til að uppfylla grunnkröfurnar um öryggi í þessari tilskipun þegar þessum samhæfðu stöðlum hefur ekki verið beitt. Þegar samhæfðum stöðlum hefur verið beitt að hluta til skal í tæknigögnunum tilgreina þá hluta þeirra sem beitt hefur verið,

— niðurstöður hönnunarútreikninga sem gerðir eru, athugana sem farið hafa fram, o.s.frv.,

— prófunarskýrslur.

3. **Framleiðsla**

Framleiðandi skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir svo að framleiðsluferlið og vöktun þess tryggi að framleiddur þrýstibúnaður sé í samræmi við tæknigögnin sem um getur í 2. lið og við kröfurnar í þessari tilskipun.

4. **CE-merki og ESB-samræmisyfirlýsing**

4.1. Framleiðandi skal festa CE-merki á allan þrýstibúnað sem uppfyllir viðeigandi kröfur í þessari tilskipun.

4.2. Framleiðandi skal gera skriflega ESB-samræmisyfirlýsingu fyrir hverja tegund þrýstibúnaðar og varðveita hana ásamt tæknigögnunum þannig að þau séu tiltæk fyrir landsyfirvöld í 10 ár eftir að þrýstibúnaðurinn er settur á markað. Í ESB-samræmisyfirlýsingunni skal tilgreina fyrir hvaða tegund þrýstibúnaðar hún var samin.

Afrit af ESB-samræmisyfirlýsingunni skal vera aðgengilegt viðkomandi yfirvöldum samkvæmt beiðni.

5. **Viðurkenndur fulltrúi**

Viðurkenndur fulltrúi framleiðanda má uppfylla skyldur hans sem settar eru fram í 4. lið, fyrir hans hönd og á hans ábyrgð, að því tilskildu að þær séu tilgreindar í umboðinu.

2. AÐFERÐAREINING A2: INNRA FRAMLEIÐSLUEFTIRLIT ÁSAMT ATHUGUNUM Á ÞRÝSTIBÚNAÐI UNDIR EFTIRLITI MEÐ ÓREGLULEGU MILLIBILI

1. Innra framleiðslueftirlit ásamt athugunum á þrýstibúnaði undir eftirliti með óreglulegu millibili er samræmismatsaðferðin þar sem framleiðandinn uppfyllir skyldurnar sem mælt er fyrir um í 2., 3., 4. og 5. lið og tryggir og lýsir því yfir á eigin ábyrgð að þrýstibúnaðurinn, sem um er að ræða, uppfylli kröfurnar í þessari tilskipun sem gilda um hann.

2. **Tæknigögn**

Framleiðandi skal útbúa tæknigögnin. Gögnin skulu vera með þeim hætti að unnt sé að meta hvort þrýstibúnaðurinn samræmist viðkomandi kröfum og þau skulu innihalda fullnægjandi greiningu og mat á áhættu. Í tæknigögnunum skal tilgreina viðeigandi kröfur og þau skulu, að svo miklu leyti sem skiptir máli fyrir matið, fjalla um hönnun, framleiðslu og notkun þrýstibúnaðarins. Tæknigögnin skulu, þegar við á, innihalda a.m.k. eftirfarandi atriði:

— almenna lýsingu á þrýstibúnaðinum,

— frumdrög að hönnun, framleiðsluteikningar og skýringarmyndir af íhlutum, undireiningum, straumrásum o.s.frv.,

— lýsingar og útskýringar sem eru nauðsynlegar til að skilja umræddar teikningar og skýringarmyndir og átta sig á því hvernig þrýstibúnaðurinn vinnur,

— skrá yfir samhæfða staðla sem beitt hefur verið í heild eða að hluta til og tilvísun í þá hefur verið birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, auk lýsinga á þeim lausnum sem hafa verið valdar til að uppfylla grunnkröfurnar um öryggi í þessari tilskipun þegar þessum samhæfðu stöðlum hefur ekki verið beitt. Þegar samhæfðum stöðlum hefur verið beitt að hluta til skal í tæknigögnunum tilgreina þá hluta þeirra sem beitt hefur verið,

— niðurstöður hönnunarútreikninga, athugana, sem hafa verið gerðar, o.s.frv. og

— prófunarskýrslur.

3. **Framleiðsla**

Framleiðandi skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir svo að framleiðsluferlið og vöktun þess tryggi að framleiddur þrýstibúnaður sé í samræmi við tæknigögnin sem um getur í 2. lið og við kröfurnar í þessari tilskipun sem gilda um hann.

4. **Lokamat og athuganir á þrýstibúnaði**

Framleiðandi skal framkvæma lokamat á þrýstibúnaði, og skal tilkynnt stofa sem framleiðandinn velur hafa eftirlit með því með fyrirvaralausum heimsóknum.

Tilkynnta stofan skal gera eða láta gera framleiðsluathuganir með óreglulegu millibili, sem stofan ákvarðar, til að sannprófa gæði innri athugana á þrýstibúnaðinum, m.a. að teknu tilliti til þess hversu tæknilega flókinn þrýstibúnaðurinn er og umfangs framleiðslunnar.

Meðan á fyrirvaralausu heimsóknunum stendur skal tilkynnta stofan:

— ganga úr skugga um að framleiðandi annist í raun lokamat í samræmi við lið 3.2. í I. viðauka.

— taka úrtak af þrýstibúnaði á framleiðslu- eða geymslustað til þess að gera á honum prófanir. Tilkynnta stofan metur hvað nauðsynlegt er að taka mörg eintök af búnaði í úrtaki og hvort nauðsynlegt sé að framkvæma eða láta framkvæma lokamatið allt eða að hluta á úrtaki þrýstibúnaðar.

Aðferðinni, sem beita skal til að meta nothæfi úrtaks, er ætlað að ákvarða hvort framleiðsluferli þrýstibúnaðarins sé innan ásættanlegra marka í því skyni að tryggja samræmi þrýstibúnaðarins við tilskildar kröfur.

Sé ein eða fleiri einingar úr þrýstibúnaði ekki í samræmi við kröfurnar skal tilkynnta stofan gera viðeigandi ráðstafanir.

Framleiðandi skal, á ábyrgð tilkynntu stofunnar, festa kenninúmer tilkynntu stofunnar á þrýstibúnaðinn í framleiðsluferlinu.

5. **CE-merki og ESB-samræmisyfirlýsing**

5.1. Framleiðandi skal festa CE-merki á allan þrýstibúnað sem uppfyllir viðeigandi kröfur í þessari tilskipun.

5.2. Framleiðandi skal gera skriflega ESB-samræmisyfirlýsingu fyrir hverja tegund þrýstibúnaðar og varðveita hana ásamt tæknigögnunum þannig að þau séu tiltæk fyrir landsyfirvöld í 10 ár eftir að þrýstibúnaðurinn er settur á markað. Í ESB-samræmisyfirlýsingunni skal tilgreina fyrir hvaða tegund þrýstibúnaðar hún var samin.

Afrit af ESB-samræmisyfirlýsingunni skal vera aðgengilegt viðkomandi yfirvöldum samkvæmt beiðni.

6. **Viðurkenndur fulltrúi**

Viðurkenndur fulltrúi framleiðanda má uppfylla skyldur hans sem settar eru fram í 5. lið, fyrir hans hönd og á hans ábyrgð, að því tilskildu að þær séu tilgreindar í umboðinu.

3. AÐFERÐAREINING B: ESB-GERÐARPRÓFUN

3.1. **ESB-gerðarprófun — framleiðslugerð**

1. ESB-gerðarprófun — framleiðslugerð er hluti samræmismatsaðferðar þar sem tilkynnt stofa rannsakar tæknilega hönnun þrýstibúnaðar og sannprófar og staðfestir að tæknileg hönnun þrýstibúnaðarins uppfylli kröfurnar í þessari tilskipun.

2. ESB-gerðarprófun — framleiðslugerð skal framkvæmd sem mat á því hvort tæknileg hönnun þrýstibúnaðarins sé fullnægjandi með athugun á tæknigögnunum og sönnunargögnunum, sem notuð eru til stuðnings og um getur í 3. lið, ásamt athugun á sýnishorni af fullbúnum þrýstibúnaði sem er dæmigert fyrir fyrirhugaða framleiðslu.

3. Framleiðandinn skal leggja fram umsókn um ESB-gerðarprófun hjá einni tilkynntri stofu að eigin vali.

Með umsókninni verða að fylgja:

— nafn og heimilisfang framleiðandans og, ef viðurkenndur fulltrúi leggur fram umsóknina, einnig nafn hans og heimilisfang,

— skrifleg yfirlýsing þess efnis að sama umsókn hafi ekki verið lögð fram hjá öðrum tilkynntum aðila,

— tæknigögnin. Gögnin skulu vera með þeim hætti að unnt sé að meta hvort þrýstibúnaðurinn samræmist viðkomandi kröfum þessarar tilskipunar og þau skulu innihalda fullnægjandi greiningu og mat á áhættu. Í tæknigögnunum skal tilgreina viðeigandi kröfur og þau skulu, að svo miklu leyti sem skiptir máli fyrir matið, fjalla um hönnun, framleiðslu og notkun þrýstibúnaðarins. Tæknigögnin skulu, þegar við á, innihalda a.m.k. eftirfarandi atriði:

— almenna lýsingu á þrýstibúnaðinum,

— frumdrög að hönnun, framleiðsluteikningar og skýringarmyndir af íhlutum, undireiningum, straumrásum o.s.frv.,

— lýsingar og útskýringar sem eru nauðsynlegar til að skilja umræddar teikningar og skýringarmyndir og átta sig á því hvernig þrýstibúnaðurinn vinnur,

— skrá yfir samhæfða staðla sem beitt hefur verið í heild eða að hluta til og tilvísun í þá hefur verið birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, auk lýsinga á þeim lausnum sem hafa verið valdar til að uppfylla grunnkröfurnar um öryggi í þessari tilskipun þegar þessum samhæfðu stöðlum hefur ekki verið beitt. Þegar samhæfðum stöðlum hefur verið beitt að hluta til skal í tæknigögnunum tilgreina þá hluta þeirra sem beitt hefur verið,

— niðurstöður hönnunarútreikninga sem gerðir eru, athugana sem farið hafa fram, o.s.frv.,

— prófunarskýrslur,

— upplýsingar varðandi prófanirnar sem kveðið er á um í framleiðslu,

— upplýsingar um hæfi eða viðurkenningar sem krafist er samkvæmt liðum 3.1.2 og 3.1.3 í I. viðauka,

— sýnishorn sem eru dæmigerð fyrir fyrirhugaða framleiðslu.

Sýnishorn getur tekið til margra útfærslna þrýstibúnaðarins að því tilskildu að munurinn á ólíkum útfærslum hafi ekki áhrif á öryggi þeirra.

Tilkynnta stofan getur farið fram á að fá fleiri sýnishorn sé þess þörf til að gera fyrirhugaðar prófanir,

— sönnunargögn sem sýna að tæknihönnun sé fullnægjandi. í þessum sönnunargögnum skulu tilgreind öll gögn sem notuð hafa verið, einkum þar sem viðeigandi samhæfðum stöðlum hefur ekki verið beitt í heild, Ef nauðsyn krefur skulu í sönnunargögnunum einnig koma fram niðurstöður prófana sem framkvæmdar hafa verið á viðeigandi rannsóknarstofu framleiðandans þar sem beitt er öðrum viðkomandi tækniforskriftum eða á annarri prófunarstofu fyrir hans hönd og á hans ábyrgð.

4. Tilkynnta stofan skal:

4.1. skoða tæknigögnin og sönnunargögnin til að meta hvort tæknihönnun þrýstibúnaðarins og framleiðsluaðferðir séu fullnægjandi.

Tilkynnta stofan skal einkum:

— meta efnin sem eru notuð ef þau eru ekki í samræmi við viðeigandi samræmda staðla eða evrópskt samþykki efna í þrýstibúnað og athuga vottorðið sem framleiðandi efnis gefur út í samræmi við lið 4.3. í I. viðauka,

— samþykkja aðferðirnar að því er varðar varanlega samskeytingu þrýstibúnaðaríhluta eða ganga úr skugga um að þær hafi áður verið samþykktar í samræmi við lið 3.1.2 í I. viðauka,

— staðfesta að starfsfólkið sem vinnur við varanlega samskeytingu þrýstibúnaðaríhluta og prófanir án eyðileggingar hafi til þess réttindi og hæfi eða hafi verið viðurkennt í samræmi við liði 3.1.2 eða 3.1.3 í I. viðauka.

4.2. Sannprófa að sýnishornið eða sýnishornin hafi verið framleidd í samræmi við tæknigögnin og auðkenna þá þætti sem hafa verið hannaðir í samræmi við gildandi ákvæði viðeigandi samhæfðra staðla og þá þætti sem hafa verið hannaðir með notkun annarra viðeigandi tækniforskrifta án þess að beita viðkomandi ákvæðum þeirra staðla.

4.3. Framkvæma viðeigandi athuganir og nauðsynlegar prófanir til að ganga úr skugga um hvort lausnum í viðeigandi samhæfðum stöðlum hafi verið beitt rétt þegar framleiðandinn hefur valið að beita þeim.

4.4. Framkvæma viðeigandi athuganir og nauðsynlegar prófanir til að ganga úr skugga um hvort að lausnir sem framleiðandi beitir og felast í öðrum viðeigandi tækniforskriftum uppfylli samsvarandi grunnkröfur um öryggi í þessari tilskipun, þar sem lausnum í viðeigandi samhæfðum stöðlum hefur ekki verið beitt.

4.5. Semja við framleiðandann um hvar athuganir og prófanir skuli fara fram.

5. Tilkynnta stofan skal gera matsskýrslu þar sem skráð er sú starfsemi sem framkvæmd er í samræmi við lið 4 og niðurstaða hennar. Tilkynnta stofan skal, með fyrirvara um skyldur hennar gagnvart tilkynningaryfirvaldi, einungis birta efni þeirrar skýrslu, að hluta til eða í heild, með samþykki framleiðandans.

6. Ef gerðin uppfyllir kröfur þessarar tilskipunar skal tilkynnta stofan gefa út ESB-gerðarprófunarvottorð — framleiðslugerð handa framleiðandanum. Án þess að hafa áhrif á 7. lið, skal vottorðið gilda í 10 ár og vera endurnýjanlegt og skal innihalda nafn og heimilisfang framleiðandans, niðurstöður athugunarinnar, skilyrði fyrir því að vottorðið sé gilt (ef einhver eru) og nauðsynlegar upplýsingar til að auðkenna samþykkta gerðareintakið.

Skrá yfir þá hluta tækniskjalanna sem við eiga skal vera viðauki við vottorðið og afrit geymt hjá tilkynntu stofunni.

Vottorðið og viðaukar þess skulu innihalda allar upplýsingar sem skipta máli til að gera það kleift að meta samræmi framleidds þrýstibúnaðar við gerðareintakið sem er til skoðunar og framkvæma eftirlit meðan á notkun stendur.

Þegar gerðareintakið uppfyllir ekki viðeigandi kröfur þessarar tilskipunar skal tilkynnta stofan synja um útgáfu ESB-gerðarprófunarvottorðs — framleiðslugerð og tilkynna umsækjanda um það og gefa ítarlegan rökstuðning fyrir synjuninni. Kveða skal á um málsmeðferð við áfrýjun.

7. Tilkynnta stofan skal fylgjast með öllum breytingum sem kunna að verða á almennt viðurkenndri tækni sem benda til þess að samþykkta gerðareintakið uppfylli ekki lengur viðeigandi kröfur þessarar tilskipunar og hún skal ákvarða hvort slíkar breytingar þurfi að rannsaka frekar. Ef sú er raunin skal tilkynnta stofan upplýsa framleiðandann um það.

Framleiðandinn skal upplýsa tilkynntu stofuna, sem geymir tæknigögnin er varða ESB-gerðarprófunarvottorð — framleiðslugerð, um allar breytingar á samþykktu gerðareintaki sem geta haft áhrif á hvort þrýstibúnaðurinn uppfylli grunnkröfur um öryggi í þessari tilskipun eða skilyrði fyrir gildi vottorðsins. Fyrir slíkar breytingar skal krefjast viðbótarsamþykkis í formi viðbótar við upphaflegt ESB-gerðarprófunarvottorð — framleiðslugerð.

8. Hver tilkynnt stofa skal upplýsa tilkynningaryfirvöld sín um þau ESB-gerðarprófunarvottorð — framleiðslugerð og/eða viðbætur við þau sem hún hefur gefið út eða afturkallað og skal einnig, reglulega eða samkvæmt beiðni, veita tilkynningaryfirvöldum sínum aðgang að skránni yfir vottorð og/eða viðbætur við þau sem hefur verið synjað um, hafa verið felld tímabundið úr gildi eða takmörkuð á annan hátt.

Hver tilkynnt stofa skal upplýsa aðrar tilkynntar stofur um þau ESB-gerðarprófunarvottorð — framleiðslugerð og/eða viðbætur við þau sem hún hefur synjað um samþykki, afturkallað, fellt tímabundið úr gildi eða takmarkað á annan hátt og einnig, samkvæmt beiðni, um þau vottorð og/eða viðbætur við þau sem hún hefur gefið út.

Framkvæmdastjórnin, aðildarríkin og aðrar tilkynntar stofur geta fengið afrit af ESB-gerðarprófunarvottorðum — framleiðslugerð og/eða viðbótum við þau samkvæmt beiðni. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin geta fengið afrit af tæknigögnunum og niðurstöðum athugana sem tilkynnta stofan framkvæmir samkvæmt beiðni. Tilkynnta stofan skal varðveita afrit af ESB-gerðarprófunarvottorði — framleiðslugerð, viðaukum og viðbótum við það ásamt tæknimöppunni, þ.m.t. gögnin sem framleiðandinn leggur fram, þar til gildistími vottorðsins rennur út.

9. Framleiðandinn skal varðveita afrit af ESB-gerðarprófunarvottorði — framleiðslugerð, viðaukum og viðbótum við það ásamt tæknigögnunum þannig að þau séu tiltæk fyrir landsyfirvöld í tíu ár eftir að þrýstibúnaðurinn er settur á markað.

10. Viðurkenndur fulltrúi framleiðandans getur lagt fram umsókn eins og um getur í lið 3 og uppfyllt skyldurnar sem settar eru fram í liðum 7 og 9, að því tilskildu að þær séu tilgreindar í umboðinu.

3.2. **ESB-gerðarprófun — hönnunargerð**

1. ESB-gerðarprófun — hönnunargerð er hluti samræmismatsaðferðar þar sem tilkynnt stofa rannsakar tæknilega hönnun þrýstibúnaðar og sannprófar og staðfestir að tæknileg hönnun þrýstibúnaðarins uppfylli kröfurnar í þessari tilskipun sem gilda um hana.

2. ESB-gerðarprófun — hönnunargerð skal framkvæmd sem mat á því hvort tæknileg hönnun þrýstibúnaðar sé fullnægjandi með athugun á tæknigögnunum og sönnunargögnunum sem um getur í 3. lið, án þess að athuga sýnishorn.

Tilraunahönnunaraðferðin sem kveðið er á um í lið 2.2.4 í I. viðauka skal ekki notuð í tengslum við þessa aðferðareiningu.

3. Framleiðandinn skal leggja fram umsókn um ESB-gerðarprófun — hönnunargerð hjá einni tilkynntri stofu að eigin vali.

Með umsókninni verða að fylgja:

— nafn og heimilisfang framleiðandans og, ef viðurkenndur fulltrúi leggur fram umsóknina, einnig nafn hans og heimilisfang,

— skrifleg yfirlýsing um að sama umsókn hafi ekki verið lögð fram hjá annarri tilkynntri stofu,

— tæknigögnin. Tæknigögnin skulu vera með þeim hætti að unnt sé að meta hvort þrýstibúnaðurinn samræmist gildandi kröfum þessarar tilskipunar og þau skulu innihalda fullnægjandi greiningu og mat á áhættu. Í tæknigögnunum skal tilgreina viðeigandi kröfur og þau skulu, að svo miklu leyti sem skiptir máli fyrir matið, fjalla um hönnun, framleiðslu og notkun þrýstibúnaðarins. Tæknigögnin skulu, þegar við á, innihalda a.m.k. eftirfarandi atriði:

  — almenna lýsingu á þrýstibúnaðinum,

  — frumdrög að hönnun, framleiðsluteikningar og skýringarmyndir af íhlutum, undireiningum, straumrásum o.s.frv.,

  — lýsingar og útskýringar sem eru nauðsynlegar til að skilja umræddar teikningar og skýringarmyndir og átta sig á því hvernig þrýstibúnaðurinn vinnur,

— skrá yfir samhæfða staðla sem beitt hefur verið í heild eða að hluta til og tilvísun í þá hefur verið birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, auk lýsinga á þeim lausnum sem hafa verið valdar til að uppfylla grunnkröfurnar um öryggi í þessari tilskipun þegar þessum samhæfðu stöðlum hefur ekki verið beitt. Þegar samhæfðum stöðlum hefur verið beitt að hluta til skal í tæknigögnunum tilgreina þá hluta þeirra sem beitt hefur verið,

— niðurstöður hönnunarútreikninga sem gerðir eru, athugana sem farið hafa fram, o.s.frv.,

— upplýsingar um hæfi eða viðurkenningar sem krafist er samkvæmt liðum 3.1.2 og 3.1.3 í I. viðauka,

— sönnunargögn sem sýna að tæknihönnun sé fullnægjandi. í þessum sönnunargögnum skulu tilgreind öll gögn sem notuð hafa verið, einkum þar sem viðeigandi samhæfðum stöðlum hefur ekki verið beitt í heild, Ef nauðsyn krefur skulu í þessum sönnunargögnunum einnig koma fram niðurstöður prófana sem framkvæmdar hafa verið á viðeigandi rannsóknarstofu framleiðandans eða á annarri prófunarstofu fyrir hans hönd og á hans ábyrgð.

Umsóknin getur tekið til margra útfærslna þrýstibúnaðarins að því tilskildu að munurinn á ólíkum útfærslum hafi ekki áhrif á öryggi þeirra.

4. Tilkynnta stofan skal:

4.1. athuga tæknigögnin og sönnunargögnin til að meta hvort tæknihönnun vörunnar sé fullnægjandi.

Tilkynnta stofan skal einkum:

— meta efnin þegar þau eru ekki í samræmi við viðeigandi samhæfða staðla eða evrópskt samþykki efna í þrýstibúnað,

— samþykkja aðferðirnar að því er varðar varanlega samskeytingu þrýstibúnaðaríhluta eða ganga úr skugga um að þær hafi áður veriðsamþykktar í samræmi við lið 3.1.2 í I. viðauka,

4.2. framkvæma viðeigandi athuganir til að ganga úr skugga um hvort lausnum í viðeigandi samhæfðum stöðlum hafi verið beitt rétt þegar framleiðandinn hefur valið að beita þeim,

4.3. framkvæma viðeigandi athuganir til að ganga úr skugga um hvort að lausnir sem framleiðandi beitir, uppfylli samsvarandi grunnkröfur um öryggi í þessari tilskipun, þar sem lausnum í viðeigandi samhæfðum stöðlum hefur ekki verið beitt.

5. Tilkynnta stofan skal gera matsskýrslu þar sem skráð er sú starfsemi sem framkvæmd er í samræmi við lið 4 og niðurstaða hennar. Tilkynnta stofan skal, með fyrirvara um skyldur sínar gagnvart tilkynningaryfirvöldum, einungis birta efni þeirrar skýrslu, að hluta til eða í heild, með samþykki framleiðandans.

6. Ef hönnunin uppfyllir kröfur þessarar tilskipunar skal tilkynnta stofan gefa út ESB-gerðarprófunarvottorð — hönnunargerð handa framleiðandanum. Án þess að hafa áhrif á 7. lið, skal vottorðið gilda í 10 ár og vera endurnýjanlegt og skal innihalda nafn og heimilisfang framleiðandans, niðurstöður athugunarinnar, skilyrði fyrir því að vottorðið sé gilt (ef einhver eru) og nauðsynlegar upplýsingar til að auðkenna samþykktu hönnunina.

Skrá yfir þá hluta tækniskjalanna sem við eiga skal vera viðauki við vottorðið og afrit geymt hjá tilkynntu stofunni.

Vottorðið og viðaukar þess skulu innihalda allar upplýsingar sem skipta máli til að gera það kleift að meta samræmi framleidds þrýstibúnaðar við hönnunina sem er til skoðunar og framkvæma eftirlit meðan á notkun stendur.

Þegar hönnunin uppfyllir ekki viðeigandi kröfur þessarar tilskipunar skal tilkynnta stofan synja um útgáfu ESB-gerðarprófunarvottorðs — hönnunargerð og tilkynna umsækjanda um það og gefa ítarlegan rökstuðning fyrir synjuninni.

7. Tilkynnta stofan skal fylgjast með öllum breytingum sem kunna að verða á almennt viðurkenndri tækni sem benda til þess að samþykkta hönnunin uppfylli ekki lengur viðeigandi kröfur þessarar tilskipunar og hún skal ákvarða hvort slíkar breytingar þurfi að rannsaka frekar. Ef sú er raunin skal tilkynnta stofan upplýsa framleiðandann um það.

Framleiðandinn skal upplýsa tilkynntu stofuna, sem geymir tæknigögnin er varða ESB-gerðarprófunarvottorð — hönnunargerð, um allar breytingar á samþykktri hönnun sem geta haft áhrif á hvort þrýstibúnaðurinn uppfylli grunnkröfurnar um öryggi í þessari tilskipun eða skilyrði fyrir gildi vottorðsins. Fyrir slíkar breytingar skal krefjast viðbótarsamþykkis í formi viðbótar við upphaflegt ESB-gerðarprófunarvottorð — hönnunargerð.

8. Hver tilkynnt stofa skal upplýsa tilkynningaryfirvöld sín um þau ESB-gerðarprófunarvottorð — hönnunargerð og/eða viðbætur við þau sem hún hefur gefið út eða afturkallað og skal einnig, reglulega eða samkvæmt beiðni, veita tilkynningaryfirvöldum sínum aðgang að skránni yfir vottorð og/eða viðbætur við þau sem hefur verið synjað um, hafa verið felld tímabundið úr gildi eða takmörkuð á annan hátt.

Hver tilkynnt stofa skal upplýsa aðrar tilkynntar stofur um þau ESB-gerðarprófunarvottorð — hönnunargerð og/eða viðbætur við þau sem hún hefur synjað um samþykki, afturkallað, fellt tímabundið úr gildi eða takmarkað á annan hátt og einnig, samkvæmt beiðni, um þau vottorð og/eða viðbætur við þau sem hún hefur gefið út.

Framkvæmdastjórnin, aðildarríkin og aðrar tilkynntar stofur geta fengið afrit af ESB-gerðarprófunarvottorðum — hönnunargerð og/eða viðbótum við þau samkvæmt beiðni. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin geta fengið afrit af tæknigögnunum og niðurstöðum athugana sem tilkynnta stofan framkvæmir samkvæmt beiðni. Tilkynnta stofan skal varðveita afrit af ESB-gerðarprófunarvottorði – hönnunargerð, viðaukum og viðbótum við það ásamt tæknimöppunni, þ.m.t. gögnin sem framleiðandinn leggur fram, þar til gildistími vottorðsins rennur út.

9. Framleiðandinn skal varðveita afrit af ESB-gerðarprófunarvottorði — hönnunargerð, viðaukum og viðbótum við það ásamt tæknigögnunum þannig að þau séu tiltæk fyrir landsyfirvöld í tíu ár eftir að þrýstibúnaðurinn er settur á markað.

10. Viðurkenndur fulltrúi framleiðandans getur lagt fram umsókn eins og um getur í lið 3 og uppfyllt skyldurnar sem settar eru fram í liðum 7 og 9, að því tilskildu að þær séu tilgreindar í umboðinu.

4. AÐFERÐAREINING C2: GERÐARSAMRÆMI BYGGT Á INNRA FRAMLEIÐSLUEFTIRLITI ÁSAMT ATHUGUNUM Á ÞRÝSTIBÚNAÐI UNDIR EFTIRLITI MEÐ ÓREGLULEGU MILLIBILI

1. Gerðarsamræmi byggt á innra framleiðslueftirliti ásamt athugunum á þrýstibúnaði undir eftirliti með óreglulegu millibili, er sá hluti samræmismatsaðferðar þar sem framleiðandinn uppfyllir skyldurnar, sem mælt er fyrir um í 2., 3. og 4. lið, og tryggir og lýsir því yfir á eigin ábyrgð að þrýstibúnaðurinn, sem um er að ræða, sé í samræmi við gerðina sem lýst er í ESB-gerðarprófunarvottorðinu og uppfylli kröfurnar í þessari tilskipun sem gilda um hann.

2. **Framleiðsla**

Framleiðandinn skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að framleiðsluferlið og vöktun þess tryggi að framleiddur þrýstibúnaður sé í samræmi við gerðina sem lýst er í ESB-gerðarprófunarvottorðinu og uppfylli kröfur þessarar tilskipunar sem gilda um hann.

3. **Lokamat og athuganir á þrýstibúnaði**

Tilkynnt stofa, sem framleiðandi velur, skal gera eða láta gera framleiðsluathuganir með óreglulegu millibili, sem stofan ákvarðar, til að sannprófa gæði lokamats á þrýstibúnaðinum, m.a. að teknu tilliti til þess hversu tæknilega flókinn þrýstibúnaðurinn er og umfangs framleiðslunnar.

Tilkynnta stofan skal ganga úr skugga um að framleiðandi annist í raun lokamat í samræmi við lið 3.2. í I. viðauka.

Fullnægjandi úrtak af fullbúnum þrýstibúnaði, sem tilkynnta stofan tekur á staðnum fyrir setningu á markað, skal athugað og viðeigandi prófanir, eins og lýst er í viðkomandi hlutum samhæfðu staðlanna, og/eða jafngildar prófanir sem settar eru fram í öðrum tækniforskriftum, skulu framkvæmdar til að ganga úr skugga um samræmi þrýstibúnaðarins við viðeigandi kröfur þessarar tilskipunar.

Tilkynnta stofan skal meta hvað nauðsynlegt er að taka mörg eintök af búnaði í úrtaki og hvort nauðsynlegt sé að framkvæma eða láta framkvæma lokamatið allt eða að hluta á úrtaki þrýstibúnaðar.

Í þeim tilvikum sem úrtakið uppfyllir ekki samþykkt gæðastig skal stofan gera viðeigandi ráðstafanir.

Aðferðinni, sem beita skal til að meta nothæfi úrtaks, er ætlað að ákvarða hvort framleiðsluferli þrýstibúnaðarins sé innan ásættanlegra marka í því skyni að tryggja samræmi þrýstibúnaðarins við tilskildar kröfur.

Þegar tilkynnta stofan framkvæmir prófanirnar skal framleiðandi, á ábyrgð tilkynntu stofunnar, festa kenninúmer tilkynntu stofunnar á í framleiðsluferlinu.

4. **CE-merki og ESB-samræmisyfirlýsing**

4.1. Framleiðandi skal festa CE-merki á sérhvert eintak þrýstibúnaðar sem samræmist gerðareintakinu sem er lýst í ESB-gerðarprófunarvottorðinu og uppfyllir viðeigandi kröfur í þessari tilskipun.

4.2. Framleiðandinn skal gera skriflega ESB-samræmisyfirlýsingu fyrir hverja tegund þrýstibúnaðar og varðveita hana þannig að hún sé tiltæk fyrir landsyfirvöld í 10 ár eftir að þrýstibúnaðurinn er settur á markað. Í ESB-samræmisyfirlýsingunni skal tilgreina fyrir hvaða tegund þrýstibúnaðar hún var samin.

Afrit af ESB-samræmisyfirlýsingunni skal vera aðgengilegt viðkomandi yfirvöldum samkvæmt beiðni.

5. **Viðurkenndur fulltrúi**

Viðurkenndur fulltrúi framleiðanda má uppfylla skyldur hans sem settar eru fram í 4. lið, fyrir hans hönd og á hans ábyrgð, að því tilskildu að þær séu tilgreindar í umboðinu.

5. AÐFERÐAREINING D: GERÐARSAMRÆMI BYGGT Á GÆÐATRYGGINGU FRAMLEIÐSLUFERLISINS

1. Gerðarsamræmi byggt á gæðatryggingu framleiðsluferlisins er hluti samræmismatsaðferðar þar sem framleiðandinn uppfyllir skyldurnar sem mælt er fyrir um í 2. og 5. lið og tryggir og lýsir því yfir á eigin ábyrgð að þrýstibúnaðurinn, sem um er að ræða, sé í samræmi við gerðareintakið sem lýst er í ESB-gerðarprófunarvottorðinu og uppfylli kröfurnar í þessari tilskipun sem gilda um hann.

2. **Framleiðsla**

Framleiðandinn skal starfrækja samþykkt gæðakerfi fyrir framleiðslu, lokavörueftirlit og prófun á þrýstibúnaðinum, sem um er að ræða, eins og tilgreint er í 3. lið, og sæta eftirliti eins og tilgreint er í 4. lið.

3. **Gæðakerfi**

3.1. Framleiðandi skal leggja fram umsókn um mat á gæðakerfi sínu fyrir viðkomandi þrýstibúnað hjá tilkynntri stofu að eigin vali.

Með umsókninni verða að fylgja:

— nafn og heimilisfang framleiðandans og, ef viðurkenndur fulltrúi leggur fram umsóknina, einnig nafn hans og heimilisfang,

— skrifleg yfirlýsing um að sama umsókn hafi ekki verið lögð fram hjá annarri tilkynntri stofu,

— allar upplýsingar sem skipta máli fyrir þá gerð þrýstibúnaðar sem um er að ræða,

— gögn um gæðakerfið,

— tæknigögn um samþykktu gerðina og afrit af ESB-gerðarprófunarvottorðinu.

3.2. Með gæðakerfinu skal tryggja að þrýstibúnaðurinn sé í samræmi við gerðareintakið sem lýst er í ESB-gerðarprófunarvottorðinu og uppfylli kröfurnar í þessari tilskipun sem gilda um hann.

Alla þá þætti, kröfur og ákvæði sem framleiðandinn hefur samþykkt skal skjalfesta á kerfisbundinn og skipulegan hátt sem skriflegar reglur, verklagsreglur og leiðbeiningar. Þessi gögn um gæðakerfið skulu vera með þeim hætti að áætlanir, skipulag, handbækur og skýrslur, er varða gæði, séu alltaf túlkuð á sama hátt.

Gögnin skulu einkum innihalda fullnægjandi lýsingu á:

— gæðamarkmiðum og skipulagi, ábyrgð og valdi stjórnenda með tilliti til gæða þrýstibúnaðarins,

— samsvarandi aðferðum, ferlum og kerfisbundnum aðgerðum sem nota á við framleiðslu, gæðastýringu og gæðatryggingu, einkum með tilliti til aðferða sem notaðar eru til varanlegrar samskeytingar íhluta sem viðurkenndar eru í samræmi við lið 3.1.2 í I. viðauka,

— þeim athugunum og prófunum sem gerðar verða fyrir, við og eftir framleiðslu og hversu oft þær verða gerðar,

— gæðaskýrslum, svo sem skoðunarskýrslum og prófunargögnum, kvörðunargögnum, skýrslum varðandi menntun og hæfi eða viðurkenningu hlutaðeigandi starfsfólks, einkum þess sem hefur á hendi varanlega samskeytingu íhluta og prófanir án eyðileggingar í samræmi við lið 3.1.2 og 3.1.3 í I. viðauka, o.s.frv. og

— aðferðum til að fylgjast með því að tilskildum gæðum sé náð og að gæðakerfið sé skilvirkt.

3.3. Tilkynnta stofan skal meta gæðakerfið til þess að ákvarða hvort það uppfylli kröfurnar sem um getur í lið 3.2.

Stofan skal ætla fyrir fram að samræmis sé gætt við þessar kröfur að því er varðar þætti gæðakerfisins sem uppfylla samsvarandi forskriftir viðeigandi samhæfðra staðla.

Úttektarhópurinn skal búa yfir reynslu af gæðastjórnunarkerfum og þar að auki skal vera í honum a.m.k. einn aðili sem hefur reynslu af mati á þrýstibúnaði af viðkomandi sviði og á tækni þrýstibúnaðarins sem um er að ræða og býr yfir þekkingu á viðeigandi kröfum þessarar tilskipunar. Hluti af úttektinni skal vera skoðunarheimsókn á athafnasvæði framleiðanda.

Úttektarhópurinn skal endurskoða tæknigögnin sem um getur í fimmta undirlið liðar 3.1 til að sannreyna getu framleiðandans til að greina viðkomandi kröfur í þessari tilskipun og framkvæma nauðsynlegar athuganir í því skyni að tryggja að varan uppfylli þessar kröfur.

Ákvörðunin skal tilkynnt framleiðandanum. Tilkynningin skal innihalda niðurstöður úttektarinnar og rökstudda ákvörðun um matið.

3.4. Framleiðandinn skal skuldbinda sig til að rækja þær skyldur sem gæðakerfið, í þeirri mynd sem það hefur verið samþykkt, leggur honum á herðar og að viðhalda því svo það sé fullnægjandi og skilvirkt.

3.5. Framleiðandi skal upplýsa tilkynntu stofuna, sem samþykkti gæðakerfið, um allar fyrirhugaðar breytingar á því.

Tilkynnta stofan skal meta þær breytingar sem lagðar eru til og ákveða hvort breytta gæðakerfið muni áfram fullnægja kröfunum sem um getur í lið 3.2 eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram.

Stofan skal tilkynna framleiðandanum ákvörðun sína. Tilkynningin skal innihalda niðurstöður athugunarinnar og rökstudda ákvörðun um matið.

4. **Eftirlit á ábyrgð tilkynntu stofunnar**

4.1. Tilgangur eftirlitsins er að tryggja að framleiðandinn ræki þær skyldur sem samþykkta gæðakerfið leggur honum á herðar.

4.2. Framleiðandinn skal veita tilkynntu stofunni aðgang til að meta framleiðslu-, skoðunar-, prófunar- og geymslustaði og láta henni í té allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:

— gögn um gæðakerfið,

— skýrslur um gæði, s.s. skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi hlutaðeigandi starfsmanna o.s.frv.

4.3. Tilkynnta stofan skal með jöfnu millibili gera úttekt á því hvort framleiðandi viðhaldi gæðakerfinu og noti það og gefa framleiðanda skýrslu um úttektina. Tíðni reglubundnu úttektanna skal vera þannig að heildarendurmat fari fram á þriggja ára fresti.

4.4. Að auki getur tilkynnta stofan komið óvænt í heimsókn til framleiðandans. Þörfin á þessum viðbótarheimsóknum og tíðni þeirra verður ákvörðuð á grundvelli eftirlitskerfis með heimsóknum sem tilkynnta stofan hefur umsjón með. Í eftirlitskerfinu með heimsóknum skal einkum taka eftirfarandi þætti til athugunar:

— flokk þrýstibúnaðarins,

— niðurstöður fyrri eftirlitsheimsókna,

— þörfina á eftirfylgni við aðgerðir til úrbóta,

— sérstök skilyrði varðandi samþykki kerfisins, ef við á,

— verulegar breytingar á framleiðslufyrirkomulagi, -stefnu eða -tækni.

Í slíkum heimsóknum er tilkynntu stofunni heimilt að gera, eða láta gera, prófanir á vörum til að færa sönnur á að gæðakerfið vinni rétt, ef með þarf. Tilkynnta stofan skal gefa framleiðandanum skýrslu um heimsóknina og, hafi prófanir farið fram, prófunarskýrslu.

5. **CE-merki og ESB-samræmisyfirlýsing**

5.1. Framleiðandi skal festa CE-merki og einnig, á ábyrgð tilkynntu stofunnar sem um getur í lið 3.1, kenninúmer hins síðarnefnda á sérhvert eintak þrýstibúnaðar sem samræmist gerðinni sem lýst er í ESB-gerðarprófunarvottorðinu og fullnægir viðeigandi kröfum í þessari tilskipun.

5.2. Framleiðandinn skal gera skriflega ESB-samræmisyfirlýsingu fyrir hverja tegund þrýstibúnaðar og varðveita hana þannig að hún sé tiltæk fyrir landsyfirvöld í 10 ár eftir að þrýstibúnaðurinn er settur á markað. Í ESB-samræmisyfirlýsingunni skal tilgreina fyrir hvaða tegund þrýstibúnaðar hún var samin.

Afrit af ESB-samræmisyfirlýsingunni skal vera aðgengilegt viðkomandi yfirvöldum samkvæmt beiðni.

6. Framleiðandinn skal hafa eftirfarandi tiltækt fyrir landsyfirvöld í tíu ár eftir að þrýstibúnaðurinn er settur á markað:

— gögnin sem um getur í lið 3.1,

— breytingarnar sem um getur í lið 3.5 í þeirri mynd sem þær hafa verið samþykktar,

— þær ákvarðanir og skýrslur frá tilkynntu stofunni sem um getur í liðum 3.3, 3.5, 4.3 og 4.4.

7. Hver tilkynnt stofa skal upplýsa tilkynningaryfirvöld sín um samþykki fyrir gæðakerfum sem hafa verið gefin út eða afturkölluð og skal, reglulega eða samkvæmt beiðni, veita tilkynningaryfirvöldum sínum aðgang að skránni yfir gæðakerfi sem synjað hefur verið um samþykki, samþykki hefur verið fellt tímabundið úr gildi fyrir eða takmarkað á annan hátt.

Hver tilkynnt stofa skal upplýsa aðrar tilkynntar stofur um gæðakerfi sem hún hefur synjað um samþykki, fellt samþykki fyrir tímabundið úr gildi, afturkallað eða takmarkað á annan hátt og einnig, samkvæmt beiðni, um samþykki fyrir gæðakerfum sem hún hefur gefið út.

8. **Viðurkenndur fulltrúi**

Viðurkenndur fulltrúi framleiðanda má uppfylla skyldur hans, sem settar eru fram í liðum 3.1 og 3.5 og 5. og 6. lið, fyrir hans hönd og á hans ábyrgð, að því tilskildu að þær séu tilgreindar í umboðinu.

6. AÐFERÐAREINING D1: GÆÐATRYGGING FRAMLEIÐSLUFERLISINS

1. Gæðatrygging framleiðsluferlisins er samræmismatsaðferðin þar sem framleiðandinn uppfyllir skyldurnar sem mælt er fyrir um í 2., 4. og 7. lið og tryggir og lýsir því yfir á eigin ábyrgð að þrýstibúnaðurinn, sem um er að ræða, uppfylli kröfurnar í þessari tilskipun sem gilda um hann.

2. **Tæknigögn**

Framleiðandi skal útbúa tæknigögnin. Gögnin skulu vera með þeim hætti að unnt sé að meta hvort þrýstibúnaðurinn samræmist viðkomandi kröfum og þau skulu innihalda fullnægjandi greiningu og mat á áhættu. Í tæknigögnunum skal tilgreina viðeigandi kröfur og þau skulu, að svo miklu leyti sem skiptir máli fyrir matið, fjalla um hönnun, framleiðslu og notkun vörunnar. Tæknigögnin skulu, þegar við á, innihalda a.m.k. eftirfarandi atriði:

— almenna lýsingu á þrýstibúnaðinum,

— frumdrög að hönnun, framleiðsluteikningar og skýringarmyndir af íhlutum, undireiningum, straumrásum o.s.frv.,

— lýsingar og útskýringar sem eru nauðsynlegar til að skilja umræddar teikningar og skýringarmyndir og átta sig á því hvernig þrýstibúnaðurinn vinnur,

— skrá yfir samhæfða staðla sem beitt hefur verið í heild eða að hluta til og tilvísun í þá hefur verið birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, auk lýsinga á þeim lausnum sem hafa verið valdar til að uppfylla grunnkröfurnar um öryggi í þessari tilskipun þegar þessum samhæfðu stöðlum hefur ekki verið beitt. Þegar samhæfðum stöðlum hefur verið beitt að hluta til skal í tæknigögnunum tilgreina þá hluta þeirra sem beitt hefur verið,

— niðurstöður hönnunarútreikninga, athugana, sem hafa verið gerðar, o.s.frv. og

— prófunarskýrslur.

3. Framleiðandinn skal varðveita tæknigögnin þannig að þau séu tiltæk fyrir viðkomandi landsyfirvöld í 10 ár eftir að þrýstibúnaðurinn er settur á markað.

4. **Framleiðsla**

Framleiðandinn skal nota samþykkt gæðakerfi fyrir framleiðslu, lokavörueftirlit og prófanir á þrýstibúnaðinum, sem um er að ræða, eins og tilgreint er í 5. lið, og sæta eftirliti, eins og um getur í 6. lið.

5. **Gæðakerfi**

5.1. Framleiðandi skal leggja fram umsókn um mat á gæðakerfi sínu fyrir viðkomandi þrýstibúnað hjá tilkynntri stofu að eigin vali.

Með umsókninni verða að fylgja:

— nafn og heimilisfang framleiðandans og, ef viðurkenndur fulltrúi leggur fram umsóknina, einnig nafn hans og heimilisfang,

— skrifleg yfirlýsing um að sama umsókn hafi ekki verið lögð fram hjá annarri tilkynntri stofu,

— allar upplýsingar sem skipta máli fyrir þá gerð þrýstibúnaðar sem um er að ræða,

— gögn um gæðakerfið,

— tæknigögnin sem um getur í 2. lið.

5.2. Gæðakerfið skal tryggja að þrýstibúnaðurinn uppfylli kröfur þessarar tilskipunar sem gilda um hann.

Alla þá þætti, kröfur og ákvæði sem framleiðandinn hefur samþykkt skal skjalfesta á kerfisbundinn og skipulegan hátt sem skriflegar reglur, verklagsreglur og leiðbeiningar. Þessi gögn um gæðakerfið skulu vera með þeim hætti að áætlanir, skipulag, handbækur og skýrslur, er varða gæði, séu alltaf túlkuð á sama hátt.

Gögnin skulu einkum innihalda fullnægjandi lýsingu á:

— gæðamarkmiðum og skipulagi, ábyrgð og valdi stjórnenda með tilliti til gæða þrýstibúnaðarins,

— samsvarandi aðferðum, ferlum og kerfisbundnum aðgerðum sem nota á við framleiðslu, gæðastýringu og gæðatryggingu, einkum með tilliti til aðferða sem notaðar eru til varanlegrar samskeytingar íhluta sem viðurkenndar eru í samræmi við lið 3.1.2 í I. viðauka,

— þeim athugunum og prófunum sem gerðar verða fyrir, við og eftir framleiðslu og hversu oft þær verða gerðar,

— gæðaskýrslum, s.s. skoðunarskýrslum og prófunargögnum, kvörðunargögnum, skýrslum varðandi menntun og hæfi eða viðurkenningu hlutaðeigandi starfsfólks, einkum þess sem hefur á hendi varanlega samskeytingu íhluta í samræmi við lið 3.1.2 í I. viðauka, o.s.frv.,

— aðferðum til að fylgjast með því að tilskildum gæðum sé náð og að gæðakerfið sé skilvirkt.

5.3. Tilkynnta stofan skal meta gæðakerfið til þess að ákvarða hvort það uppfylli kröfurnar sem um getur í lið 5.2. Gengið skal út frá því að þeir þættir gæðakerfisins, sem eru í samræmi við viðeigandi samhæfðan staðal, séu í samræmi við samsvarandi kröfur sem um getur í lið 5.2.

Úttektarhópurinn skal búa yfir reynslu af gæðastjórnunarkerfum og þar að auki skal vera í honum a.m.k. einn aðili sem hefur reynslu af mati á tækni þrýstibúnaðarins sem um er að ræða og býr yfir þekkingu á viðeigandi kröfum þessarar tilskipunar. Hluti af úttektinni skal vera matsheimsókn á athafnasvæði framleiðanda.

Úttektarhópurinn skal endurskoða tæknigögnin sem um getur í 2. lið til að sannreyna getu framleiðandans til að greina viðeigandi kröfur í þessari tilskipun og framkvæma nauðsynlegar athuganir í því skyni að tryggja að þrýstibúnaðurinn uppfylli þessar kröfur.

Ákvörðunin skal tilkynnt framleiðandanum. Tilkynningin skal innihalda niðurstöður úttektarinnar og rökstudda ákvörðun um matið.

5.4. Framleiðandinn skal skuldbinda sig til að rækja þær skyldur sem gæðakerfið, í þeirri mynd sem það hefur verið samþykkt, leggur honum á herðar og að viðhalda því svo það sé fullnægjandi og skilvirkt.

5.5. Framleiðandi skal upplýsa tilkynntu stofuna, sem samþykkti gæðakerfið, um allar fyrirhugaðar breytingar á því.

Tilkynnta stofan skal meta þær breytingar sem lagðar eru til og ákveða hvort breytta gæðakerfið muni áfram fullnægja kröfunum sem um getur í lið 5.2 eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram.

Stofan skal tilkynna framleiðandanum ákvörðun sína. Tilkynningin skal innihalda niðurstöður athugunarinnar og rökstudda ákvörðun um matið.

6. **Eftirlit á ábyrgð tilkynntu stofunnar**

6.1. Tilgangur eftirlitsins er að tryggja að framleiðandinn ræki þær skyldur sem samþykkta gæðakerfið leggur honum á herðar.

6.2. Framleiðandinn skal veita tilkynntu stofunni aðgang til að meta framleiðslu-, skoðunar-, prófunar- og geymslustaði og láta henni í té allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:

— gögn um gæðakerfið,

— tæknigögnin sem um getur í lið 2,

— skýrslur um gæði, s.s. skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi hlutaðeigandi starfsmanna o.s.frv.

6.3. Tilkynnta stofan skal með jöfnu millibili gera úttekt á því hvort framleiðandi viðhaldi gæðakerfinu og noti það og gefa framleiðanda skýrslu um úttektina. Tíðni reglubundnu úttektanna skal vera þannig að heildarendurmat fari fram á þriggja ára fresti.

6.4. Að auki getur tilkynnta stofan komið óvænt í heimsókn til framleiðandans. Þörfin á þessum viðbótarheimsóknum og tíðni þeirra verður ákvörðuð á grundvelli eftirlitskerfis með heimsóknum sem tilkynnta stofan hefur umsjón með. Í eftirlitskerfinu með heimsóknum skal einkum taka eftirfarandi þætti til athugunar:

— flokk þrýstibúnaðarins,

— niðurstöður fyrri eftirlitsheimsókna,

— þörfina á eftirfylgni við aðgerðir til úrbóta,

— sérstök skilyrði varðandi samþykki kerfisins, ef við á,

— verulegar breytingar á framleiðslufyrirkomulagi, -stefnu eða -tækni.

Í slíkum heimsóknum er tilkynntu stofunni heimilt að gera, eða láta gera, prófanir á vörum til að færa sönnur á að gæðakerfið vinni rétt, ef með þarf. Tilkynnta stofan skal gefa framleiðandanum skýrslu um heimsóknina og, hafi prófanir farið fram, prófunarskýrslu.

7. **CE-merki og ESB-samræmisyfirlýsing**

7.1. Framleiðandi skal festa CE-merki, og á ábyrgð tilkynntu stofunnar sem um getur í lið 5.1, kenninúmer hins síðarnefnda á sérhvert eintak þrýstibúnaðar sem fullnægir viðeigandi kröfum í þessari tilskipun.

7.2. Framleiðandinn skal gera skriflega ESB-samræmisyfirlýsingu fyrir hverja tegund þrýstibúnaðar og varðveita hana þannig að hún sé tiltæk fyrir landsyfirvöld í 10 ár eftir að þrýstibúnaðurinn er settur á markað. Í ESB-samræmisyfirlýsingunni skal tilgreina þá tegund vöru sem hún á við.

Afrit af ESB-samræmisyfirlýsingunni skal vera aðgengilegt viðkomandi yfirvöldum samkvæmt beiðni.

8. Framleiðandinn skal hafa eftirfarandi tiltækt fyrir landsyfirvöld í tíu ár eftir að þrýstibúnaðurinn er settur á markað:

— gögnin sem um getur í lið 5.1,

— gögnin sem um getur í lið 5.5,

— þær ákvarðanir og skýrslur frá tilkynntu stofunni sem um getur í liðum 5.5, 6.3 og 6.4.

9. Hver tilkynnt stofa skal upplýsa tilkynningaryfirvöld sín um samþykki fyrir gæðakerfum sem hafa verið gefin út eða afturkölluð og skal, reglulega eða samkvæmt beiðni, veita tilkynningaryfirvöldum sínum aðgang að skránni yfir gæðakerfi sem synjað hefur verið um samþykki, samþykki hefur verið fellt tímabundið úr gildi fyrir eða takmarkað á annan hátt.

Hver tilkynnt stofa skal upplýsa aðrar tilkynntar stofur um ákvarðanir um samþykki fyrir gæðakerfum, sem hún hefur synjað, fellt tímabundið úr gildi eða afturkallað og, samkvæmt beiðni, um ákvarðanir um samþykki fyrir gæðakerfum sem hún hefur gefið út.

10. **Viðurkenndur fulltrúi**

Viðurkenndur fulltrúi framleiðanda má uppfylla skyldur hans, sem settar eru fram í liðum 3, 5.1, 5.5, 7 og 8, fyrir hans hönd og á hans ábyrgð, að því tilskildu að þær séu tilgreindar í umboðinu.

7. AÐFERÐAREINING E: GERÐARSAMRÆMI BYGGT Á GÆÐATRYGGINGU ÞRÝSTIBÚNAÐAR

1. Gerðarsamræmi byggt á gæðatryggingu þrýstibúnaðar er sá hluti samræmismatsaðferðar þar sem framleiðandinn uppfyllir skyldurnar sem mælt er fyrir um í 2. og 5. lið og tryggir og lýsir því yfir á eigin ábyrgð að þrýstibúnaðurinn, sem um er að ræða, sé í samræmi við gerðina sem lýst er í ESB-gerðarprófunarvottorðinu og uppfylli kröfurnar í þessari tilskipun sem gilda um hann.

2. **Framleiðsla**

Framleiðandinn skal starfrækja samþykkt gæðakerfi fyrir lokavörueftirlit og prófun á þrýstibúnaðinum, sem um er að ræða, eins og tilgreint er í 3. lið, og sæta eftirliti eins og tilgreint er í 4. lið.

3. **Gæðakerfi**

3.1. Framleiðandi skal leggja fram umsókn um mat á gæðakerfi sínu fyrir viðkomandi þrýstibúnað hjá tilkynntri stofu að eigin vali.

Með umsókninni verða að fylgja:

— nafn og heimilisfang framleiðandans og, ef viðurkenndur fulltrúi leggur fram umsóknina, einnig nafn hans og heimilisfang,

— skrifleg yfirlýsing um að sama umsókn hafi ekki verið lögð fram hjá annarri tilkynntri stofu,

— allar upplýsingar sem skipta máli fyrir þá gerð þrýstibúnaðar sem um er að ræða,

— gögn um gæðakerfið,

— tæknigögn um samþykktu gerðina og afrit af ESB-gerðarprófunarvottorðinu.

3.2. Gæðakerfið á að tryggja að vörurnar séu í samræmi við gerðareintakið sem lýst er í ESB-gerðarprófunarvottorðinu og viðeigandi kröfur í þessari tilskipun.

Alla þá þætti, kröfur og ákvæði sem framleiðandinn hefur samþykkt skal skjalfesta á kerfisbundinn og skipulegan hátt sem skriflegar reglur, verklagsreglur og leiðbeiningar. Þessi gögn um gæðakerfið skulu vera með þeim hætti að áætlanir, skipulag, handbækur og skýrslur, er varða gæði, séu alltaf túlkuð á sama hátt.

Gögnin skulu einkum innihalda fullnægjandi lýsingu á:

— gæðamarkmiðum og stjórnskipulagi, ábyrgð og valdi stjórnenda með tilliti til gæða vörunnar,

— þeim athugunum og prófunum sem verða gerðar að framleiðslu lokinni,

— gæðaskýrslum, svo sem skoðunarskýrslum og prófunargögnum, kvörðunargögnum, skýrslum varðandi menntun og hæfi eða viðurkenningu hlutaðeigandi starfsfólks, einkum þess sem hefur á hendi varanlega samskeytingu íhluta og prófanir án eyðileggingar í samræmi við lið 3.1.2 og 3.1.3 í I. viðauka,

— aðferðum við vöktun á því að gæðakerfið sé skilvirkt.

3.3. Tilkynnta stofan skal meta gæðakerfið til þess að ákvarða hvort það uppfylli kröfurnar sem um getur í lið 3.2. Stofan skal ætla fyrir fram að samræmis sé gætt við þessar kröfur að því er varðar þætti gæðakerfisins sem uppfylla samsvarandi forskriftir viðeigandi samhæfðra staðla.

Úttektarhópurinn skal búa yfir reynslu af gæðastjórnunarkerfum og þar að auki skal vera í honum a.m.k. einn aðili sem hefur reynslu af mati á þrýstibúnaði af viðkomandi sviði og á tækni þrýstibúnaðarins sem um er að ræða og býr yfir þekkingu á viðeigandi kröfum þessarar tilskipunar. Hluti af úttektinni skal vera matsheimsókn á athafnasvæði framleiðanda.

Úttektarhópurinn skal endurskoða tæknigögnin sem um getur í fimmta undirlið liðar 3.1 til að sannreyna getu framleiðandans til að greina viðkomandi kröfur í þessari tilskipun og framkvæma nauðsynlegar athuganir í því skyni að tryggja að þrýstibúnaðurinn uppfylli þessar kröfur.

Ákvörðunin skal tilkynnt framleiðandanum. Tilkynningin skal innihalda niðurstöður úttektarinnar og rökstudda ákvörðun um matið.

3.4. Framleiðandinn skal skuldbinda sig til að rækja þær skyldur sem gæðakerfið, í þeirri mynd sem það hefur verið samþykkt, leggur honum á herðar og að viðhalda því svo það sé fullnægjandi og skilvirkt.

3.5. Framleiðandi skal upplýsa tilkynntu stofuna, sem samþykkti gæðakerfið, um allar fyrirhugaðar breytingar á því.

Tilkynnta stofan skal meta þær breytingar sem lagðar eru til og ákveða hvort breytta gæðakerfið muni áfram fullnægja kröfunum sem um getur í lið 3.2 eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram.

Stofan skal tilkynna framleiðandanum ákvörðun sína. Tilkynningin skal innihalda niðurstöður athugunarinnar og rökstudda ákvörðun um matið.

4. **Eftirlit á ábyrgð tilkynntu stofunnar**

4.1. Tilgangur eftirlitsins er að tryggja að framleiðandinn ræki þær skyldur sem samþykkta gæðakerfið leggur honum á herðar.

4.2. Framleiðandinn skal veita tilkynntu stofunni aðgang til að meta framleiðslu-, skoðunar-, prófunar- og geymslustaði og láta henni í té allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:

— gögn um gæðakerfið,

— tækniskjöl,

— gæðaskýrslur, s.s. skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi hlutaðeigandi starfsfólks o.s.frv.

4.3. Tilkynnta stofan skal með jöfnu millibili gera úttekt á því hvort framleiðandi viðhaldi gæðakerfinu og noti það og gefa framleiðanda skýrslu um úttektina. Tíðni reglubundnu úttektanna skal vera þannig að heildarendurmat fari fram á þriggja ára fresti.

4.4. Að auki getur tilkynnta stofan komið óvænt í heimsókn til framleiðandans.

Þörfin á þessum viðbótarheimsóknum og tíðni þeirra verður ákvörðuð á grundvelli eftirlitskerfis með heimsóknum sem tilkynnta stofan hefur umsjón með. Í eftirlitskerfinu með heimsóknum skal einkum taka eftirfarandi þætti til athugunar:

— flokk þrýstibúnaðarins,

— niðurstöður fyrri eftirlitsheimsókna,

— þörfina á eftirfylgni við aðgerðir til úrbóta,

— sérstök skilyrði varðandi samþykki kerfisins, ef við á,

— verulegar breytingar á framleiðslufyrirkomulagi, -stefnu eða -tækni.

Í slíkum heimsóknum er tilkynntu stofunni heimilt að gera, eða láta gera, prófanir á vörum til að færa sönnur á að gæðakerfið vinni rétt, ef með þarf. Tilkynnta stofan skal gefa framleiðandanum skýrslu um heimsóknina og, hafi prófanir farið fram, prófunarskýrslu.

5. **CE-merki og ESB-samræmisyfirlýsing**

5.1. Framleiðandi skal festa CE-merki og einnig, á ábyrgð tilkynntu stofunnar sem um getur í lið 3.1, kenninúmer hins síðarnefnda á sérhvert eintak þrýstibúnaðar sem samræmist gerðinni sem lýst er í ESB-gerðarprófunarvottorðinu og fullnægir viðeigandi kröfum í þessari tilskipun.

5.2. Framleiðandinn skal gera skriflega ESB-samræmisyfirlýsingu fyrir hverja tegund þrýstibúnaðar og varðveita hana þannig að hún sé tiltæk fyrir landsyfirvöld í 10 ár eftir að þrýstibúnaðurinn er settur á markað. Í ESB-samræmisyfirlýsingunni skal tilgreina þá tegund vöru sem hún á við.

Afrit af ESB-samræmisyfirlýsingunni skal vera aðgengilegt viðkomandi yfirvöldum samkvæmt beiðni.

6. Framleiðandinn skal hafa eftirfarandi tiltækt fyrir landsyfirvöld í tíu ár eftir að þrýstibúnaðurinn er settur á markað:

— gögnin sem um getur í lið 3.1,

— breytingarnar sem um getur í lið 3.5 í þeirri mynd sem þær hafa verið samþykktar,

— þær ákvarðanir og skýrslur frá tilkynntu stofunni sem um getur í liðum 3.3, 3.5, 4.3 og 4.4.

7. Hver tilkynnt stofa skal upplýsa tilkynningaryfirvöld sín um samþykki fyrir gæðakerfum sem hafa verið gefin út eða afturkölluð og skal, reglulega eða samkvæmt beiðni, veita tilkynningaryfirvöldum sínum aðgang að skránni yfir gæðakerfi sem synjað hefur verið um samþykki, samþykki hefur verið fellt tímabundið úr gildi fyrir eða takmarkað á annan hátt.

Hver tilkynnt stofa skal upplýsa aðrar tilkynntar stofur um ákvarðanir um samþykki fyrir gæðakerfum, sem hún hefur synjað, fellt tímabundið úr gildi eða afturkallað og, samkvæmt beiðni, um ákvarðanir um samþykki fyrir gæðakerfum sem hún hefur gefið út.

8. **Viðurkenndur fulltrúi**

Viðurkenndur fulltrúi framleiðanda má uppfylla skyldur hans, sem settar eru fram í liðum 3.1 og 3.5 og 5. og 6. lið, fyrir hans hönd og á hans ábyrgð, að því tilskildu að þær séu tilgreindar í umboðinu.

8. AÐFERÐAREINING E1: GÆÐATRYGGING VÖRUEFTIRLITS MEÐ FULLBÚNUM ÞRÝSTIBÚNAÐI OG PRÓFANIR

1. Gæðatrygging vörueftirlits með fullbúnum þrýstibúnaði og prófanir er samræmismatsaðferðin þar sem framleiðandinn uppfyllir skyldurnar sem mælt er fyrir um í 2., 4. og 7. lið og tryggir og lýsir því yfir á eigin ábyrgð að þrýstibúnaðurinn, sem um er að ræða, uppfylli kröfurnar í þessari tilskipun sem gilda um hann.

2. **Tæknigögn**

Framleiðandi skal útbúa tæknigögnin. Tæknigögnin skulu vera með þeim hætti að unnt sé að meta hvort þrýstibúnaðurinn samræmist viðkomandi kröfum og þau skulu innihalda fullnægjandi greiningu og mat á áhættu. Í tæknigögnunum skal tilgreina viðeigandi kröfur og þau skulu, að svo miklu leyti sem skiptir máli fyrir matið, fjalla um hönnun, framleiðslu og notkun þrýstibúnaðarins. Tæknigögnin skulu, þegar við á, innihalda a.m.k. eftirfarandi atriði:

— almenna lýsingu á þrýstibúnaðinum,

— frumdrög að hönnun, framleiðsluteikningar og skýringarmyndir af íhlutum, undireiningum, straumrásum o.s.frv.,

— lýsingar og útskýringar sem eru nauðsynlegar til að skilja umræddar teikningar og skýringarmyndir og átta sig á því hvernig þrýstibúnaðurinn vinnur,

— skrá yfir samhæfða staðla sem beitt hefur verið í heild eða að hluta til og tilvísun í þá hefur verið birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, auk lýsinga á þeim lausnum sem hafa verið valdar til að uppfylla grunnkröfurnar um öryggi í þessari tilskipun þegar þessum samhæfðu stöðlum hefur ekki verið beitt. Þegar samhæfðum stöðlum hefur verið beitt að hluta til skal í tæknigögnunum tilgreina þá hluta þeirra sem beitt hefur verið,

— niðurstöður hönnunarútreikninga, athugana, sem hafa verið gerðar, o.s.frv. og

— prófunarskýrslur.

3. Framleiðandinn skal varðveita tæknigögnin þannig að þau séu tiltæk fyrir viðkomandi landsyfirvöld í 10 ár eftir að þrýstibúnaðurinn er settur á markað.

4. **Framleiðsla**

Framleiðandinn skal starfrækja samþykkt gæðakerfi fyrir framleiðslu, lokavörueftirlit og prófanir á þrýstibúnaðinum, eins og tilgreint er í 5. lið, og vera háður eftirliti, eins og um getur í 6. lið.

5. **Gæðakerfi**

5.1. Framleiðandi skal leggja fram umsókn um mat á gæðakerfi sínu fyrir viðkomandi þrýstibúnað hjá tilkynntri stofu að eigin vali.

Með umsókninni verða að fylgja:

— nafn og heimilisfang framleiðandans og, ef viðurkenndur fulltrúi leggur fram umsóknina, einnig nafn hans og heimilisfang,

— skrifleg yfirlýsing um að sama umsókn hafi ekki verið lögð fram hjá annarri tilkynntri stofu,

— allar upplýsingar sem skipta máli fyrir þá gerð þrýstibúnaðar sem um er að ræða,

— gögn um gæðakerfið og

— tæknigögnin sem um getur í 2. lið.

5.2. Gæðakerfið skal tryggja að þrýstibúnaðurinn uppfylli kröfur þessarar tilskipunar sem gilda um hann.

Samkvæmt gæðakerfinu er hvert eintak þrýstibúnaðar rannsakað og gerðar á því viðeigandi prófanir, eins og tilgreint er í viðeigandi staðli eða stöðlum sem um getur í 12. gr., eða jafngildar prófanir, og einkum lokamat eins og um getur í lið 3.2 í I. viðauka, til að tryggja að það samræmist þeim kröfum tilskipunarinnar sem við eiga.

Alla þá þætti, kröfur og ákvæði sem framleiðandinn hefur samþykkt skal skjalfesta á kerfisbundinn og skipulegan hátt sem skriflegar reglur, verklagsreglur og leiðbeiningar. Þessi gögn um gæðakerfið skulu vera með þeim hætti að áætlanir, skipulag, handbækur og skýrslur, er varða gæði, séu alltaf túlkuð á sama hátt.

Gögnin skulu einkum innihalda fullnægjandi lýsingu á:

— gæðamarkmiðum og skipulagi, ábyrgð og valdi stjórnenda með tilliti til gæða þrýstibúnaðarins,

— þeim aðferðum sem notaðar eru til varanlegrar samskeytingar íhluta sem viðurkenndar eru í samræmi við lið 3.1.2 í I. viðauka,

— þeim athugunum og prófunum sem verða gerðar að framleiðslu lokinni,

— gæðaskýrslum, s.s. skoðunarskýrslum og prófunargögnum, kvörðunargögnum, skýrslum varðandi menntun og hæfi eða viðurkenningu hlutaðeigandi starfsfólks, einkum þess sem hefur á hendi varanlega samskeytingu íhluta í samræmi við lið 3.1.2 í I. viðauka,

— aðferðum við vöktun á því að gæðakerfið sé skilvirkt.

5.3. Tilkynnta stofan skal meta gæðakerfið til þess að ákvarða hvort það uppfylli kröfurnar sem um getur í lið 5.2.

Stofan skal ætla fyrir fram að samræmis sé gætt við þessar kröfur að því er varðar þætti gæðakerfisins sem uppfylla samsvarandi forskriftir viðeigandi samhæfðra staðla.

Úttektarhópurinn skal búa yfir reynslu af gæðastjórnunarkerfum og þar að auki skal vera í honum a.m.k. einn aðili sem hefur reynslu af mati á þrýstibúnaði af viðkomandi sviði og á tækni þrýstibúnaðarins sem um er að ræða og býr yfir þekkingu á viðeigandi kröfum þessarar tilskipunar. Hluti af úttektinni skal vera matsheimsókn á athafnasvæði framleiðanda.

Úttektarhópurinn skal endurskoða tæknigögnin sem um getur í 2. lið til að sannreyna getu framleiðandans til að greina viðeigandi kröfur í þessari tilskipun og framkvæma nauðsynlegar athuganir í því skyni að tryggja að þrýstibúnaðurinn uppfylli þessar kröfur.

Ákvörðunin skal tilkynnt framleiðandanum. Tilkynningin skal innihalda niðurstöður úttektarinnar og rökstudda ákvörðun um matið.

5.4. Framleiðandinn skal skuldbinda sig til að rækja þær skyldur sem gæðakerfið, í þeirri mynd sem það hefur verið samþykkt, leggur honum á herðar og að viðhalda því svo það sé fullnægjandi og skilvirkt.

5.5. Framleiðandi skal upplýsa tilkynntu stofuna, sem samþykkti gæðakerfið, um allar fyrirhugaðar breytingar á því.

Tilkynnta stofan skal meta þær breytingar sem lagðar eru til og ákveða hvort breytta gæðakerfið muni enn fullnægja kröfunum sem um getur í lið 5.2 eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram.

Stofan skal tilkynna framleiðandanum ákvörðun sína. Tilkynningin skal innihalda niðurstöður athugunarinnar og rökstudda ákvörðun um matið.

6. **Eftirlit á ábyrgð tilkynntu stofunnar**

6.1. Tilgangur eftirlitsins er að tryggja að framleiðandinn ræki þær skyldur sem samþykkta gæðakerfið leggur honum á herðar.

6.2. Framleiðandinn skal veita tilkynntu stofunni aðgang til að meta framleiðslu-, skoðunar-, prófunar- og geymslustaði og láta henni í té allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:

— gögn um gæðakerfið,

— tæknigögnin sem um getur í lið 2,

— gæðaskýrslur, s.s. skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi hlutaðeigandi starfsfólks o.s.frv.

6.3. Tilkynnta stofan skal með jöfnu millibili gera úttekt á því hvort framleiðandi viðhaldi gæðakerfinu og noti það og gefa framleiðanda skýrslu um úttektina. Tíðni reglubundnu úttektanna skal vera þannig að heildarendurmat fari fram á þriggja ára fresti.

6.4. Að auki getur tilkynnta stofan komið óvænt í heimsókn til framleiðandans. Þörfin á þessum viðbótarheimsóknum og tíðni þeirra verður ákvörðuð á grundvelli eftirlitskerfis með heimsóknum sem tilkynnta stofan hefur umsjón með. Í eftirlitskerfinu með heimsóknum skal einkum taka eftirfarandi þætti til athugunar:

— flokk búnaðarins,

— niðurstöður fyrri eftirlitsheimsókna,

— þörfina á eftirfylgni við aðgerðir til úrbóta,

— sérstök skilyrði varðandi samþykki kerfisins, ef við á,

— verulegar breytingar á framleiðslufyrirkomulagi, -stefnu eða -tækni.

Í slíkum heimsóknum er tilkynntu stofunni heimilt að gera, eða láta gera, prófanir á vörum til að færa sönnur á að gæðakerfið vinni rétt, ef með þarf. Tilkynnta stofan skal gefa framleiðandanum skýrslu um heimsóknina og, hafi prófanir farið fram, prófunarskýrslu.

7. **CE-merki og ESB-samræmisyfirlýsing**

7.1. Framleiðandi skal festa CE-merki, og á ábyrgð tilkynntu stofunnar sem um getur í lið 5.1, kenninúmer hins síðarnefnda á sérhvert eintak þrýstibúnaðar sem fullnægir viðeigandi kröfum í þessari tilskipun.

7.2. Framleiðandinn skal gera skriflega ESB-samræmisyfirlýsingu fyrir hverja tegund þrýstibúnaðar og varðveita hana þannig að hún sé tiltæk fyrir landsyfirvöld í 10 ár eftir að þrýstibúnaðurinn er settur á markað. Í ESB-samræmisyfirlýsingunni skal tilgreina fyrir hvaða tegund þrýstibúnaðar hún var samin.

Afrit af ESB-samræmisyfirlýsingunni skal vera aðgengilegt viðkomandi yfirvöldum samkvæmt beiðni.

8. Framleiðandinn skal hafa eftirfarandi tiltækt fyrir landsyfirvöld í tíu ár eftir að þrýstibúnaðurinn er settur á markað:

— gögnin sem um getur í lið 5.1,

— breytingarnar sem um getur í lið 5.5 í þeirri mynd sem þær hafa verið samþykktar,

— þær ákvarðanir og skýrslur frá tilkynntu stofunni sem um getur í liðum 5.3, 5.5, 6.3 og 6.4.

9. Hver tilkynnt stofa skal upplýsa tilkynningaryfirvöld sín um samþykki fyrir gæðakerfum sem hafa verið gefin út eða afturkölluð og skal, reglulega eða samkvæmt beiðni, veita tilkynningaryfirvöldum sínum aðgang að skránni yfir gæðakerfi sem synjað hefur verið um samþykki, samþykki hefur verið fellt tímabundið úr gildi fyrir eða takmarkað á annan hátt.

Hver tilkynnt stofa skal upplýsa aðrar tilkynntar stofur um ákvarðanir um samþykki fyrir gæðakerfum, sem hún hefur synjað, fellt tímabundið úr gildi eða afturkallað og, samkvæmt beiðni, um ákvarðanir um samþykki fyrir gæðakerfum sem hún hefur gefið út.

10. **Viðurkenndur fulltrúi**

Viðurkenndur fulltrúi framleiðanda má uppfylla skyldur hans, sem settar eru fram í liðum 3, 5.1, 5.5, 7 og 8, fyrir hans hönd og á hans ábyrgð, að því tilskildu að þær séu tilgreindar í umboðinu.

9. AÐFERÐAREINING F: GERÐARSAMRÆMI BYGGT Á SANNPRÓFUN ÞRÝSTIBÚNAÐAR

1. Gerðarsamræmi byggt á sannprófun þrýstibúnaðar er sá hluti samræmismatsaðferðar þar sem framleiðandinn uppfyllir skyldurnar sem mælt er fyrir um í 2. og 5. lið og tryggir og lýsir því yfir á eigin ábyrgð að þrýstibúnaðurinn, sem um er að ræða, og hefur verið sannprófaður í samræmi við ákvæði 3. liðar, sé í samræmi við þá gerð sem lýst er í ESB-gerðarprófunarvottorðinu og fullnægi kröfunum í þessari tilskipun sem gilda um hann.

2. **Framleiðsla**

Framleiðandinn skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að framleiðsluferlið og vöktun þess tryggi að framleiddar vörur séu í samræmi við samþykktu gerðina sem lýst er í ESB-gerðarprófunarvottorðinu og uppfylli kröfur þessarar tilskipunar sem gilda um þær.

3. **Sannprófun**

Tilkynnt stofa, sem framleiðandi velur, skal framkvæma viðeigandi athuganir og prófanir til að ganga úr skugga um samræmi þrýstibúnaðarins við þá samþykktu gerð sem lýst er í ESB-gerðarprófunarvottorðinu og viðeigandi kröfur í þessari tilskipun.

Athuganir og prófanir til að athuga samræmi þrýstibúnaðarins við viðeigandi kröfur skulu fara fram með því að athuga og prófa hverja vöru eins og tilgreint er í 4. lið.

4. **Sannprófun á samræmi með athugun og prófun á hverju eintaki þrýstibúnaðar**

4.1. Allur þrýstibúnaður skal sérstaklega athugaður og gerðar skulu viðeigandi prófanir, eins og mælt er fyrir um í viðkomandi samhæfðum staðli eða stöðlum og/eða jafngildar prófanir til að sannreyna að þær séu í samræmi við þá samþykktu gerð sem lýst er í ESB-gerðarprófunarvottorðinu og við viðkomandi kröfur í þessari tilskipun. Ef slíkur samhæfður staðall er ekki fyrir hendi skal hlutaðeigandi tilkynnt stofa ákveða hvaða prófanir er viðeigandi að framkvæma.

Tilkynnta stofan skal einkum:

— staðfesta að starfsfólkið sem hefur á hendi varanlega samskeytingu íhluta og prófanir án eyðileggingar hafi menntun og hæfi eða viðurkenningu í samræmi við liði 3.1.2 og 3.1.3 í I. viðauka,

— sannreyna vottorðið sem framleiðandi efna gefur út í samræmi við lið. 4.3 í I. viðauka,

— framkvæma eða láta framkvæma lokaskoðunina og sannprófunina sem um getur í lið 3.2 í I. viðauka og athuga öryggisbúnað, ef við á.

4.2. Tilkynnta stofan skal gefa út samræmisvottorð, að því er varðar athuganir og prófanir sem framkvæmdar eru, og skal setja kenninúmer sitt á sérhvert samþykkt eintak þrýstibúnaðar eða láta gera það á eigin ábyrgð.

Framleiðandinn skal varðveita samræmisvottorðin þannig að þau séu tiltæk fyrir viðkomandi landsyfirvöld til skoðunar í tíu ár eftir að þrýstibúnaðurinn er settur á markað.

5. **CE-merki og ESB-samræmisyfirlýsing**

5.1. Framleiðandi skal festa CE-merki og einnig, á ábyrgð tilkynntu stofunnar sem um getur í 3. lið, kenninúmer hins síðarnefnda á sérhvert eintak þrýstibúnaðar sem samræmist samþykktu gerðinni, sem lýst er í ESB-gerðarprófunarvottorðinu, og fullnægir viðeigandi kröfum í þessari tilskipun.

5.2. Framleiðandinn skal gera skriflega ESB-samræmisyfirlýsingu fyrir hverja tegund þrýstibúnaðar og varðveita hana þannig að hún sé tiltæk fyrir landsyfirvöld í 10 ár eftir að þrýstibúnaðurinn er settur á markað. Í ESB-samræmisyfirlýsingunni skal tilgreina fyrir hvaða tegund þrýstibúnaðar hún var samin.

Afrit af ESB-samræmisyfirlýsingunni skal vera aðgengilegt viðkomandi yfirvöldum samkvæmt beiðni.

Framleiðandinn má einnig festa kenninúmer tilkynntu stofunnar á þrýstibúnaðinn á ábyrgð þeirrar síðarnefndu, ef tilkynnta stofan, sem um getur í 3. lið, samþykkir það.

6. Ef tilkynnta stofan samþykkir það má framleiðandinn, á ábyrgð tilkynntu stofunnar, festa kenninúmer tilkynntu stofunnar á þrýstibúnaðinn í framleiðsluferlinu.

7. **Viðurkenndur fulltrúi**

Viðurkenndur fulltrúi framleiðanda má uppfylla skyldur hans, fyrir hans hönd og á hans ábyrgð, að því tilskildu að þær séu tilgreindar í umboðinu. Viðurkenndur fulltrúi framleiðanda má ekki uppfylla þær skyldur hans sem settar eru fram í 2. lið.

10. AÐFERÐAREINING G: SAMRÆMI BYGGT Á EININGASANNPRÓFUN

1. Samræmi byggt á einingarsannprófun er samræmismatsaðferðin þar sem framleiðandinn uppfyllir skyldurnar sem mælt er fyrir um í 2., 3. og 5. lið og tryggir og lýsir því yfir á eigin ábyrgð að þrýstibúnaðurinn, sem um er að ræða, og hefur verið sannprófaður í samræmi við ákvæði 4. liðar, sé í samræmi við kröfurnar í þessari tilskipun sem gilda um hann.

2. **Tæknigögn**

Framleiðandi skal útbúa tækniskjölin og gera þau aðgengileg tilkynntu stofunni sem um getur í 4. lið.

Gögnin skulu vera með þeim hætti að unnt sé að meta hvort þrýstibúnaðurinn samræmist viðkomandi kröfum og þau skulu innihalda fullnægjandi greiningu og mat á áhættu. Í tæknigögnunum skal tilgreina viðeigandi kröfur og þau skulu, að svo miklu leyti sem skiptir máli fyrir matið, fjalla um hönnun, framleiðslu og notkun þrýstibúnaðarins.

Tæknigögnin skulu, þegar við á, innihalda a.m.k. eftirfarandi atriði:

— almenna lýsingu á þrýstibúnaðinum,

— frumdrög að hönnun, framleiðsluteikningar og skýringarmyndir af íhlutum, undireiningum, straumrásum o.s.frv.,

— lýsingar og útskýringar sem eru nauðsynlegar til að skilja umræddar teikningar og skýringarmyndir og átta sig á því hvernig þrýstibúnaðurinn vinnur,

— skrá yfir samhæfða staðla sem beitt hefur verið í heild eða að hluta til og tilvísun í þá hefur verið birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, auk lýsinga á þeim lausnum sem hafa verið valdar til að uppfylla grunnkröfurnar um öryggi í þessari tilskipun þegar þessum samhæfðu stöðlum hefur ekki verið beitt. Þegar samhæfðum stöðlum hefur verið beitt að hluta til skal í tæknigögnunum tilgreina þá hluta þeirra sem beitt hefur verið,

— niðurstöður hönnunarútreikninga sem gerðir eru, athugana sem farið hafa fram, o.s.frv.,

— prófunarskýrslur,

— viðeigandi upplýsingar um samþykki framleiðslu- og prófunaraðferða og um menntun og hæfi eða viðurkenningu viðkomandi starfsfólks í samræmi við liði 3.1.2 og 3.1.3 í I. viðauka.

Framleiðandinn skal varðveita tæknigögnin þannig að þau séu tiltæk fyrir viðkomandi landsyfirvöld í 10 ár eftir að þrýstibúnaðurinn er settur á markað.

3. **Framleiðsla**

Framleiðandinn skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að framleiðsluferlið og vöktun þess tryggi að framleiddur þrýstibúnaður sé í samræmi við viðeigandi kröfur í þessari tilskipun.

4. **Sannprófun**

Tilkynnt stofa, sem framleiðandi velur, skal framkvæma eða láta framkvæma viðeigandi athuganir og prófanir sem settar eru fram í viðeigandi samhæfðum stöðlum og/eða jafngildar prófanir, til að ganga úr skugga um samræmi þrýstibúnaðarins við viðeigandi kröfur í þessari tilskipun. Ef slíkur samhæfður staðall er ekki fyrir hendi skal hlutaðeigandi tilkynnt stofa ákveða hvaða prófanir er viðeigandi að framkvæma með beitingu annarra tækniforskrifta.

Tilkynnta stofan skal einkum:

— athuga tæknigögnin að því er tekur til hönnunar og framleiðsluaðferða,

— meta efnin ef þau eru ekki í samræmi við viðeigandi samhæfða staðla eða evrópskt samþykki efna í þrýstibúnað, og athuga vottorðið sem framleiðandi efnanna gefur út í samræmi við lið 4.3 í I. viðauka,

— samþykkja aðferðirnar að því er varðar varanlega samskeytingu íhluta eða ganga úr skugga um að þær hafi áður verið samþykktar í samræmi við lið 3.1.2 í I. viðauka,

— sannreyna menntun og hæfi eða viðurkenningar sem krafist er samkvæmt liðum 3.1.2 og 3.1.3 í I. viðauka,

— framkvæma lokaskoðun sem um getur í lið 3.2.1 í I.viðauka, framkvæma eða láta framkvæma sannprófunina sem um getur í lið 3.2.2 í I. viðauka og athuga öryggisbúnað, ef við á.

Tilkynnta stofan skal gefa út samræmisvottorð að því er varðar athuganir og prófanir sem framkvæmdar eru og skal festa kenninúmer sitt á samþykktan þrýstibúnað eða láta gera það á eigin ábyrgð. Framleiðandinn skal varðveita samræmisvottorðin þannig að þau séu tiltæk fyrir viðkomandi landsyfirvöld í 10 ár eftir að þrýstibúnaðurinn er settur á markað.

5. **CE-merki og ESB-samræmisyfirlýsing**

5.1. Framleiðandi skal festa CE-merki, og á ábyrgð tilkynntu stofunnar sem um getur í 4. lið, kenninúmer hins síðarnefnda á sérhvert eintak þrýstibúnaðar sem fullnægir viðeigandi kröfum í þessari tilskipun.

5.2. Framleiðandinn skal gera skriflega ESB-samræmisyfirlýsingu og varðveita hana þannig að hún sé tiltæk fyrir landsyfirvöld í 10 ár eftir að þrýstibúnaðurinn er settur á markað. Í ESB-samræmisyfirlýsingunni skal tilgreina fyrir hvaða tegund þrýstibúnaðar hún var samin.

Afrit af ESB-samræmisyfirlýsingunni skal vera aðgengilegt viðkomandi yfirvöldum samkvæmt beiðni.

6. **Viðurkenndur fulltrúi**

Viðurkenndur fulltrúi framleiðanda má uppfylla skyldur hans, sem settar eru fram í 2. og 5. lið, fyrir hans hönd og á hans ábyrgð, að því tilskildu að þær séu tilgreindar í umboðinu.

11. AÐFERÐAREINING H: SAMRÆMI BYGGT Á FULLRI GÆÐATRYGGINGU

1. Samræmi byggt á fullri gæðatryggingu er samræmismatsaðferðin þar sem framleiðandinn uppfyllir skyldurnar sem mælt er fyrir um í 2. og 5. lið og tryggir og lýsir því yfir á eigin ábyrgð að þrýstibúnaðurinn, sem um er að ræða, uppfylli kröfurnar í þessari tilskipun sem gilda um hann.

2. **Framleiðsla**

Framleiðandinn skal nota samþykkt gæðakerfi fyrir hönnun, framleiðslu, lokavörueftirlit og prófanir á þrýstibúnaðinum, eins og tilgreint er í 3. lið, og vera háður eftirliti, eins og um getur í 4. lið.

3. **Gæðakerfi**

3.1. Framleiðandi skal leggja fram umsókn um mat á gæðakerfi sínu fyrir viðkomandi þrýstibúnað hjá tilkynntri stofu að eigin vali.

Með umsókninni verða að fylgja:

— nafn og heimilisfang framleiðandans og, ef viðurkenndur fulltrúi leggur fram umsóknina, einnig nafn hans og heimilisfang,

— tæknigögn fyrir eina tegund af hverri gerð þrýstibúnaðar sem fyrirhugað er að framleiða. Tæknigögnin skulu, þegar við á, innihalda a.m.k. eftirfarandi atriði:

  — almenna lýsingu á þrýstibúnaðinum,

  — frumdrög að hönnun, framleiðsluteikningar og skýringarmyndir af íhlutum, undireiningum, straumrásum o.s.frv.,

  — lýsingar og útskýringar sem eru nauðsynlegar til að skilja umræddar teikningar og skýringarmyndir og átta sig á því hvernig þrýstibúnaðurinn vinnur,

  — skrá yfir samhæfða staðla sem beitt hefur verið í heild eða að hluta til og tilvísun í þá hefur verið birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, auk lýsinga á þeim lausnum sem hafa verið valdar til að uppfylla grunnkröfurnar um öryggi í þessari tilskipun þegar þessum samhæfðu stöðlum hefur ekki verið beitt. Þegar samhæfðum stöðlum hefur verið beitt að hluta til skal í tæknigögnunum tilgreina þá hluta þeirra sem beitt hefur verið,

  — niðurstöður hönnunarútreikninga sem gerðir eru, athugana sem farið hafa fram, o.s.frv.,

  — prófunarskýrslur,

— gögn um gæðakerfið og

— skriflega yfirlýsingu þess efnis að sama umsókn hafi ekki verið lögð fram hjá annarri tilkynntri stofu.

3.2. Gæðakerfið skal tryggja að þrýstibúnaðurinn uppfylli kröfur þessarar tilskipunar sem gilda um hann.

Alla þá þætti, kröfur og ákvæði sem framleiðandinn hefur samþykkt skal skjalfesta á kerfisbundinn og skipulegan hátt sem skriflegar reglur, verklagsreglur og leiðbeiningar. Þessi gögn um gæðakerfið skulu vera með þeim hætti að áætlanir, skipulag, handbækur og skýrslur, er varða gæði, séu alltaf túlkuð á sama hátt.

Gögnin skulu einkum innihalda fullnægjandi lýsingu á:

— gæðamarkmiðum og stjórnskipulagi, ábyrgð og valdi stjórnenda með tilliti til hönnunar- og vörugæða,

— tæknilegum hönnunarforskriftum, þ.m.t. stöðlum, sem verður beitt og, þegar viðkomandi samhæfðum stöðlum er ekki beitt að fullu, þeim leiðum sem verða farnar til að tryggja að grunnkröfurnar í þessari tilskipun sem gilda um þrýstibúnaðinn verði uppfylltar,

— þeirri tækni til stýringar og sannprófunar á hönnun og þeim ferlum og kerfisbundnu aðgerðum sem beitt verður við hönnun þrýstibúnaðarins í þeim vöruflokki sem um ræðir, einkum að því er varðar efni í samræmi við 4. lið í I. viðauka,

— samsvarandi aðferðum, ferlum og kerfisbundnum aðgerðum sem nota á við framleiðslu, gæðastýringu og gæðatryggingu, einkum með tilliti til aðferða til varanlegrar samskeytingar íhluta sem viðurkenndar eru í samræmi við lið 3.1.2 í I. viðauka,

— þeim athugunum og prófunum sem gerðar verða fyrir, við og eftir framleiðslu og hversu oft þær verða gerðar,

— gæðaskýrslum, svo sem skoðunarskýrslum og prófunargögnum, kvörðunargögnum, skýrslum varðandi menntun og hæfi eða viðurkenningu hlutaðeigandi starfsfólks, einkum þess sem hefur á hendi varanlega samskeytingu íhluta og prófanir án eyðileggingar í samræmi við lið 3.1.2 og 3.1.3 í I. viðauka, o.s.frv.,

— aðferðum til að fylgjast með því að tilskilin hönnunar- og vörugæði þrýstibúnaðar hafi náðst og að gæðakerfið sé skilvirkt.

3.3. Tilkynnta stofan skal meta gæðakerfið til þess að ákvarða hvort það uppfylli kröfurnar sem um getur í lið 3.2. Stofan skal ætla fyrir fram að samræmis sé gætt við þessar kröfur að því er varðar þætti gæðakerfisins sem uppfylla samsvarandi forskriftir viðeigandi samhæfðra staðla.

Úttektarhópurinn skal búa yfir reynslu af gæðastjórnunarkerfum og þar að auki skal vera í honum a.m.k. einn aðili sem hefur reynslu sem matsmaður tækni þrýstibúnaðarins sem um er að ræða og býr yfir þekkingu á viðeigandi kröfum í þessari tilskipun. Hluti af úttektinni skal vera matsheimsókn á athafnasvæði framleiðanda.

Úttektarhópurinn skal endurskoða tæknigögnin sem um getur í öðrum undirlið liðar 3.1 til að sannreyna getu framleiðandans til að greina gildandi kröfur í þessari tilskipun og framkvæma nauðsynlegar athuganir í því skyni að tryggja að þrýstibúnaðurinn uppfylli þessar kröfur.

Tilkynna skal framleiðandanum eða viðurkenndum fulltrúa hans um ákvörðunina. Tilkynningin skal innihalda niðurstöður úttektarinnar og rökstudda ákvörðun um matið.

3.4. Framleiðandinn skal skuldbinda sig til að rækja þær skyldur sem gæðakerfið, í þeirri mynd sem það hefur verið samþykkt, leggur honum á herðar og að viðhalda því svo það sé fullnægjandi og skilvirkt.

3.5. Framleiðandi skal upplýsa tilkynntu stofuna, sem samþykkti gæðakerfið, um allar fyrirhugaðar breytingar á því.

Tilkynnta stofan skal meta þær breytingar sem lagðar eru til og ákveða hvort breytta gæðakerfið muni áfram fullnægja kröfunum sem um getur í lið 3.2 eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram.

Stofan skal tilkynna framleiðandanum ákvörðun sína. Tilkynningin skal innihalda niðurstöður athugunarinnar og rökstudda ákvörðun um matið.

4. **Eftirlit á ábyrgð tilkynntu stofunnar**

4.1. Tilgangur eftirlitsins er að tryggja að framleiðandinn ræki þær skyldur sem samþykkta gæðakerfið leggur honum á herðar.

4.2. Framleiðandinn skal veita tilkynntu stofunni aðgang til að meta hönnunar-, framleiðslu-, skoðunar-, prófunar- og geymslustaði og láta henni í té allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:

— gögn um gæðakerfið,

— gæðaskýrslur sem kveðið er á um í hönnunarhluta gæðakerfisins, s.s. niðurstöður greininga, útreikninga, prófana o.s.frv.,

— gæðaskýrslur sem kveðið er á um í framleiðsluhluta gæðakerfisins, s.s. skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi hlutaðeigandi starfsfólks o.s.frv.

4.3. Tilkynnta stofan skal með jöfnu millibili gera úttekt á því hvort framleiðandi viðhaldi gæðakerfinu og noti það og gefa framleiðanda skýrslu um úttektina. Tíðni reglubundnu úttektanna skal vera þannig að heildarendurmat fari fram á þriggja ára fresti.

4.4. Að auki getur tilkynnta stofan komið óvænt í heimsókn til framleiðandans.

Þörfin á þessum viðbótarheimsóknum og tíðni þeirra verður ákvörðuð á grundvelli eftirlitskerfis með heimsóknum sem tilkynnta stofan hefur umsjón með. Í eftirlitskerfinu með heimsóknum skal einkum taka eftirfarandi þætti til athugunar:

— flokk búnaðarins,

— niðurstöður fyrri eftirlitsheimsókna,

— þörfina á eftirfylgni við aðgerðir til úrbóta,

— sérstök skilyrði varðandi samþykki kerfisins, ef við á,

— verulegar breytingar á framleiðslufyrirkomulagi, -stefnu eða -tækni.

Í slíkum heimsóknum er tilkynntu stofunni heimilt, ef með þarf, að framkvæma eða láta framkvæma vöruprófanir til að ganga úr skugga um að gæðakerfið starfi rétt. Tilkynnta stofan skal gefa framleiðandanum skýrslu um heimsóknina og prófunarskýrslu, hafi prófanir farið fram.

5. **CE-merki og ESB-samræmisyfirlýsing**

5.1. Framleiðandi skal festa CE-merki, og á ábyrgð tilkynntu stofunnar sem um getur í lið 3.1, kenninúmer hins síðarnefnda á sérhvert eintak þrýstibúnaðar sem fullnægir viðeigandi kröfum í þessari tilskipun.

5.2. Framleiðandinn skal gera skriflega ESB-samræmisyfirlýsingu fyrir hverja tegund þrýstibúnaðar og varðveita hana þannig að hún sé tiltæk fyrir landsyfirvöld í 10 ár eftir að þrýstibúnaðurinn er settur á markað. Í ESB-samræmisyfirlýsingunni skal tilgreina fyrir hvaða tegund þrýstibúnaðar hún var samin.

Afrit af ESB-samræmisyfirlýsingunni skal vera aðgengilegt viðkomandi yfirvöldum samkvæmt beiðni.

6. Framleiðandinn skal hafa eftirfarandi tiltækt fyrir landsyfirvöld í tíu ár eftir að þrýstibúnaðurinn er settur á markað:

— tæknigögnin sem um getur í lið 3.1,

— gögnin um gæðakerfið sem um getur í lið 3.1,

— breytingarnar sem um getur í lið 3.4 í þeirri mynd sem þær hafa verið samþykktar,

— þær ákvarðanir og skýrslur frá tilkynntu stofunni sem um getur í liðum 3.3, 3.4, 4.3 og 4.4.

7. Hver tilkynnt stofa skal upplýsa tilkynningaryfirvöld sín um samþykki fyrir gæðakerfum sem hafa verið gefin út eða afturkölluð og skal, reglulega eða samkvæmt beiðni, veita tilkynningaryfirvöldum sínum aðgang að skránni yfir gæðakerfi sem synjað hefur verið um samþykki, samþykki hefur verið fellt tímabundið úr gildi fyrir eða takmarkað á annan hátt.

Hver tilkynnt stofa skal upplýsa aðrar tilkynntar stofur um ákvarðanir um samþykki fyrir gæðakerfum, sem hún hefur synjað, fellt tímabundið úr gildi eða afturkallað og, samkvæmt beiðni, um ákvarðanir um samþykki fyrir gæðakerfum sem hún hefur gefið út.

8. **Viðurkenndur fulltrúi**

Viðurkenndur fulltrúi framleiðanda má uppfylla skyldur hans, sem settar eru fram í liðum 3.1 og 3.5 og 5. og 6. lið, fyrir hans hönd og á hans ábyrgð, að því tilskildu að þær séu tilgreindar í umboðinu.

12. AÐFERÐAREINING H1: SAMRÆMI BYGGT Á FULLRI GÆÐATRYGGINGU ÁSAMT HÖNNUNARPRÓFUN

1. Samræmi byggt á fullri gæðatryggingu ásamt hönnunarprófun og sérstöku eftirliti með lokamati er samræmismatsaðferðin þar sem framleiðandinn uppfyllir skyldurnar sem mælt er fyrir um í 2. og 6. lið og tryggir og lýsir því yfir á eigin ábyrgð að þrýstibúnaðurinn, sem um er að ræða, uppfylli kröfurnar í þessari tilskipun sem gilda um hann.

2. **Framleiðsla**

Framleiðandinn skal starfrækja samþykkt gæðakerfi fyrir hönnun, framleiðslu og vörueftirlit með fullunnum vörum og prófun á vörunum, sem um er að ræða, eins og tilgreint er í 3. lið og skal háður eftirliti eins og tilgreint er í 5. lið. Athugun á því hvort tæknihönnun þrýstibúnaðar sé fullnægjandi skal hafa farið fram í samræmi við 4. lið.

3. **Gæðakerfi**

3.1. Framleiðandi skal leggja fram umsókn um mat á gæðakerfi sínu fyrir viðkomandi þrýstibúnað hjá tilkynntri stofu að eigin vali.

Með umsókninni verða að fylgja:

— nafn og heimilisfang framleiðandans og, ef viðurkenndur fulltrúi leggur fram umsóknina, einnig nafn hans og heimilisfang,

— tæknigögn fyrir eina tegund af hverri gerð þrýstibúnaðar sem fyrirhugað er að framleiða. Tæknigögnin skulu, þegar við á, innihalda a.m.k. eftirfarandi atriði:

  — almenna lýsingu á þrýstibúnaðinum,

  — frumdrög að hönnun, framleiðsluteikningar og skýringarmyndir af íhlutum, undireiningum, straumrásum o.s.frv.,

  — lýsingar og útskýringar sem eru nauðsynlegar til að skilja umræddar teikningar og skýringarmyndir og átta sig á því hvernig þrýstibúnaðurinn vinnur,

  — skrá yfir samhæfða staðla sem beitt hefur verið í heild eða að hluta til og tilvísun í þá hefur verið birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, auk lýsinga á þeim lausnum sem hafa verið valdar til að uppfylla grunnkröfurnar um öryggi í þessari tilskipun þegar þessum samhæfðu stöðlum hefur ekki verið beitt. Þegar samhæfðum stöðlum hefur verið beitt að hluta til skal í tæknigögnunum tilgreina þá hluta þeirra sem beitt hefur verið,

  — niðurstöður hönnunarútreikninga sem gerðir eru, athugana sem farið hafa fram, o.s.frv.,

  — prófunarskýrslur,

— gögn um gæðakerfið,

— skriflega yfirlýsingu þess efnis að sama umsókn hafi ekki verið lögð fram hjá annarri tilkynntri stofu.

3.2. Gæðakerfið skal tryggja að þrýstibúnaðurinn uppfylli kröfur þessarar tilskipunar sem gilda um hann.

Alla þá þætti, kröfur og ákvæði sem framleiðandinn hefur samþykkt skal skjalfesta á kerfisbundinn og skipulegan hátt sem skriflegar reglur, verklagsreglur og leiðbeiningar. Þessi gögn um gæðakerfið skulu vera með þeim hætti að áætlanir, skipulag, handbækur og skýrslur, er varða gæði, séu alltaf túlkuð á sama hátt.

Gögnin skulu einkum innihalda fullnægjandi lýsingu á:

— gæðamarkmiðum og stjórnskipulagi, ábyrgð og valdi stjórnenda með tilliti til hönnunar- og vörugæða,

— tæknilegum hönnunarforskriftum, þ.m.t. stöðlum, sem verður beitt og, þegar viðkomandi samhæfðum stöðlum er ekki beitt að fullu, þeim leiðum sem verða farnar til að tryggja að grunnkröfur um öryggi í þessari tilskipun sem gilda um þrýstibúnaðinn verði uppfylltar,

— þeirri tækni til stýringar og sannprófunar á hönnun og þeim ferlum og kerfisbundnu aðgerðum sem beitt verður við hönnun þrýstibúnaðarins og eiga við um þá gerð þrýstibúnaðar sem um ræðir, einkum að því er varðar efni í samræmi við 4. lið í I. viðauka,

— samsvarandi aðferðum, ferlum og kerfisbundnum aðgerðum sem nota á við framleiðslu, gæðastýringu og gæðatryggingu, einkum með tilliti til aðferða til varanlegrar samskeytingar íhluta sem viðurkenndar eru í samræmi við lið 3.1.2 í I. viðauka,

— þeim athugunum og prófunum sem gerðar verða fyrir, við og eftir framleiðslu og hversu oft þær verða gerðar,

— gæðaskýrslum, svo sem skoðunarskýrslum og prófunargögnum, kvörðunargögnum, skýrslum varðandi menntun og hæfi eða viðurkenningu hlutaðeigandi starfsfólks, einkum þess sem hefur á hendi varanlega samskeytingu íhluta og prófanir án eyðileggingar í samræmi við lið 3.1.2 og 3.1.3 í I. viðauka, o.s.frv.,

— aðferðum til að fylgjast með því að tilskilin hönnunar- og vörugæði þrýstibúnaðar hafi náðst og að gæðakerfið sé skilvirkt.

3.3. Tilkynnta stofan skal meta gæðakerfið til þess að ákvarða hvort það uppfylli kröfurnar sem um getur í lið 3.2.

Stofan skal ætla fyrir fram að samræmis sé gætt við þessar kröfur að því er varðar þætti gæðakerfisins sem uppfylla samsvarandi forskriftir viðeigandi samhæfðra staðla. Úttektarhópurinn skal búa yfir reynslu af gæðastjórnunarkerfum og þar að auki skal vera í honum a.m.k. einn aðili sem hefur reynslu sem matsmaður þrýstibúnaðar af viðkomandi sviði og á tækni þrýstibúnaðarins sem um er að ræða og býr yfir þekkingu á viðeigandi kröfum þessarar tilskipunar. Hluti af úttektinni skal vera matsheimsókn á athafnasvæði framleiðanda.

Úttektarhópurinn skal endurskoða tæknigögnin sem um getur í öðrum undirlið liðar 3.1 til að sannreyna getu framleiðandans til að greina gildandi kröfur í þessari tilskipun og framkvæma nauðsynlegar athuganir í því skyni að tryggja að þrýstibúnaðurinn uppfylli þessar kröfur.

Tilkynna skal framleiðandanum eða viðurkenndum fulltrúa hans um ákvörðunina.

Tilkynningin skal innihalda niðurstöður úttektarinnar og rökstudda ákvörðun um matið.

3.4. Framleiðandinn skal skuldbinda sig til að rækja þær skyldur sem gæðakerfið, í þeirri mynd sem það hefur verið samþykkt, leggur honum á herðar og að viðhalda því svo það sé fullnægjandi og skilvirkt.

3.5. Framleiðandi skal upplýsa tilkynntu stofuna, sem samþykkti gæðakerfið, um allar fyrirhugaðar breytingar á því.

Tilkynnta stofan skal meta þær breytingar sem lagðar eru til og ákveða hvort breytta gæðakerfið muni áfram fullnægja kröfunum, sem um getur í lið 3.2, eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram.

Stofan skal tilkynna framleiðandanum ákvörðun sína. Tilkynningin skal innihalda niðurstöður athugunarinnar og rökstudda ákvörðun um matið.

3.6. Hver tilkynnt stofa skal upplýsa tilkynningaryfirvöld sín um samþykki fyrir gæðakerfum sem hafa verið gefin út eða afturkölluð og skal, reglulega eða samkvæmt beiðni, veita tilkynningaryfirvöldum sínum aðgang að skránni yfir gæðakerfi sem synjað hefur verið um samþykki, samþykki hefur verið fellt tímabundið úr gildi fyrir eða takmarkað á annan hátt.

Hver tilkynnt stofa skal upplýsa aðrar tilkynntar stofur um ákvarðanir um samþykki fyrir gæðakerfum, sem hún hefur synjað, fellt tímabundið úr gildi eða afturkallað og, samkvæmt beiðni, um ákvarðanir um samþykki fyrir gæðakerfum sem hún hefur gefið út.

4. **Hönnunarprófun**

4.1. Framleiðandi skal leggja fram umsókn um prófun á hönnun sérhvers eintaks þrýstibúnaðar sem ekki fellur undir fyrri hönnunarprófun hjá tilkynntu stofunni sem um getur í lið 3.1.

4.2. Umsókn skal vera með þeim hætti að unnt að sé skilja hönnun, framleiðslu og notkun þrýstibúnaðarins og meta hvort hann samræmist kröfum í þessari tilskipun sem gilda um hann. Hún skal innihalda:

— nafn og heimilisfang framleiðanda,

— skriflega yfirlýsingu um að sama umsókn hafi ekki verið lögð fram hjá annarri tilkynntri stofu,

— tæknigögnin. Gögnin skulu vera með þeim hætti að unnt sé að meta hvort þrýstibúnaðurinn samræmist viðkomandi kröfum og þau skulu innihalda fullnægjandi greiningu og mat á áhættu. Í tæknigögnunum skal tilgreina viðeigandi kröfur og þau skulu, að svo miklu leyti sem skiptir máli fyrir matið, fjalla um hönnun og notkun þrýstibúnaðarins. Tæknigögnin skulu, þegar við á, innihalda a.m.k. eftirfarandi atriði:

  — almenna lýsingu á þrýstibúnaðinum,

  — frumdrög að hönnun, framleiðsluteikningar og skýringarmyndir af íhlutum, undireiningum, straumrásum o.s.frv.,

  — lýsingar og útskýringar sem eru nauðsynlegar til að skilja umræddar teikningar og skýringarmyndir og átta sig á því hvernig þrýstibúnaðurinn vinnur,

  — skrá yfir samhæfða staðla sem beitt hefur verið í heild eða að hluta til og tilvísun í þá hefur verið birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, auk lýsingar á þeim lausnum sem hafa verið valdar til að uppfylla grunnkröfurnar um öryggi í þessari tilskipun þegar þessum samhæfðu stöðlum hefur ekki verið beitt. Þegar samhæfðum stöðlum hefur verið beitt að hluta til skal í tæknigögnunum tilgreina þá hluta þeirra sem beitt hefur verið,

  — niðurstöður hönnunarútreikninga, athugana, sem hafa verið gerðar, o.s.frv. og

  — prófunarskýrslur,

— sönnunargögn fyrir því að tæknihönnun sé fullnægjandi. Í þessum sönnunargögnum skulu tilgreind öll gögn sem notuð hafa verið, einkum þar sem viðeigandi samhæfðum stöðlum hefur ekki verið beitt í heild, og þegar nauðsyn krefur skulu þau innihalda niðurstöður prófana sem viðeigandi rannsóknarstofa framleiðandans eða önnur prófunarstofa hefur framkvæmt fyrir hans hönd og á hans ábyrgð.

4.3. Tilkynnt stofa skal fara yfir umsóknina og gefa út ESB-hönnunarprófunarvottorð til handa framleiðanda ef hönnunin uppfyllir kröfur þessarar tilskipunar sem eiga við um þrýstibúnaðinn. Á vottorðinu skal tilgreina nafn og heimilisfang framleiðandans, niðurstöður athugunarinnar, skilyrði fyrir því að vottorðið sé gilt (ef einhver eru) og nauðsynlegar upplýsingar til að auðkenna samþykktu hönnunina. Vottorðinu mega fylgja einn eða fleiri viðaukar.

Vottorðið og viðaukar þess skulu innihalda allar upplýsingar sem skipta máli til að gera það kleift að meta samræmi framleiddra vara við hönnunina sem er til skoðunar og framkvæma eftirlit meðan á notkun stendur, þar sem við á.

Þegar hönnunin uppfyllir ekki viðeigandi kröfur þessarar tilskipunar skal tilkynnta stofan synja um útgáfu hönnunarprófunarvottorðs og tilkynna umsækjanda um það og gefa ítarlegan rökstuðning fyrir synjuninni.

4.4. Tilkynnta stofan skal fylgjast með öllum breytingum sem kunna að verða á almennt viðurkenndri tækni sem benda til þess að samþykkta hönnunin uppfylli ekki lengur viðeigandi kröfur þessarar tilskipunar og hún skal ákvarða hvort slíkar breytingar þurfi að rannsaka frekar. Ef sú er raunin skal tilkynnta stofan upplýsa framleiðandann um það.

Framleiðandinn skal upplýsa tilkynntu stofuna, sem gefur út ESB-hönnunarprófunarvottorðið, um allar breytingar á samþykktri hönnun sem geta haft áhrif á hvort grunnkröfurnar um öryggi í þessari tilskipun eða skilyrði fyrir gildi vottorðsins séu uppfyllt. Nauðsynlegt er að leita viðbótarsamþykkis fyrir slíkum breytingum — hjá tilkynntu stofunni sem gaf út ESB-hönnunarprófunarvottorðið — í formi viðbótar við upphaflega ESB-hönnunarprófunarvottorðið.

4.5. Hver tilkynnt stofa skal upplýsa tilkynningaryfirvöld sín um ESB-hönnunarprófunarvottorð og/eða viðbætur við þau sem hún hefur gefið út eða afturkallað og skal, reglulega eða samkvæmt beiðni, veita tilkynningaryfirvöldunum aðgang að skránni yfir vottorð og/eða viðbætur við þau sem hefur verið synjað um, sem hafa verið felld tímabundið úr gildi eða takmörkuð á annan hátt.

Hver tilkynnt stofa skal upplýsa aðrar tilkynntar stofur um þau ESB-hönnunarprófunarvottorð og/eða viðbætur við þau sem hún hefur synjað um, afturkallað, fellt tímabundið úr gildi eða takmarkað á annan hátt og, samkvæmt beiðni, um þau vottorð og/eða viðbætur við þau sem hún hefur gefið út.

Framkvæmdastjórnin, aðildarríkin og aðrar tilkynntar stofur geta fengið afrit af ESB-hönnunarprófunarvottorðunum og/eða viðbótum við þau samkvæmt beiðni. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin geta fengið afrit af tæknigögnunum og niðurstöðum athugana, sem tilkynnta stofan hefur framkvæmt, samkvæmt beiðni.

Tilkynnta stofan skal varðveita afrit af ESB-hönnunarprófunarvottorðinu, viðaukum og viðbótum við það ásamt tæknimöppunni, þ.m.t. gögnin sem framleiðandinn leggur fram, þar til gildistími vottorðsins rennur út.

4.6. Framleiðandinn skal varðveita afrit af ESB-hönnunarprófunarvottorðinu, viðaukum og viðbótum við það ásamt tæknigögnunum þannig að þau séu tiltæk fyrir landsyfirvöld í 10 ár eftir að þrýstibúnaðurinn er settur á markað.

5. **Eftirlit á ábyrgð tilkynntu stofunnar**

5.1. Tilgangur eftirlitsins er að tryggja að framleiðandinn ræki þær skyldur sem samþykkta gæðakerfið leggur honum á herðar.

5.2. Framleiðandinn skal veita tilkynntu stofunni aðgang til að meta hönnunar-, framleiðslu-, skoðunar-, prófunar- og geymslustaði og láta henni í té allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:

— gögn um gæðakerfið,

— gæðaskýrslur sem kveðið er á um í hönnunarhluta gæðakerfisins, s.s. niðurstöður greininga, útreikninga, prófana o.s.frv.,

— gæðaskýrslur sem kveðið er á um í framleiðsluhluta gæðakerfisins, s.s. skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi hlutaðeigandi starfsfólks o.s.frv.

5.3. Tilkynnta stofan skal með jöfnu millibili gera úttekt á því hvort framleiðandi viðhaldi gæðakerfinu og noti það og gefa framleiðanda skýrslu um úttektina. Tíðni reglubundnu úttektanna skal vera þannig að heildarendurmat fari fram á þriggja ára fresti.

5.4. Að auki getur tilkynnta stofan komið óvænt í heimsókn til framleiðandans.

Þörfin á þessum viðbótarheimsóknum og tíðni þeirra verður ákvörðuð á grundvelli eftirlitskerfis með heimsóknum sem tilkynnta stofan hefur umsjón með. Í eftirlitskerfinu með heimsóknum skal einkum taka eftirfarandi þætti til athugunar:

— flokk búnaðarins,

— niðurstöður fyrri eftirlitsheimsókna,

— þörfina á eftirfylgni við aðgerðir til úrbóta,

— sérstök skilyrði varðandi samþykki kerfisins, ef við á,

— verulegar breytingar á framleiðslufyrirkomulagi, -stefnu eða -tækni.

Í slíkum heimsóknum er tilkynntu stofunni heimilt, ef með þarf, að framkvæma eða láta framkvæma vöruprófanir til að ganga úr skugga um að gæðakerfið starfi rétt. Tilkynnta stofan skal gefa framleiðandanum skýrslu um heimsóknina og prófunarskýrslu, hafi prófanir farið fram.

5.5. Sérstakt eftirlit með lokamati

Lokamat eins og um getur í lið 3.2 í I. viðauka er háð sérstöku eftirliti í formi fyrirvaralausra heimsókna tilkynntu stofunnar. Tilkynnta stofan skal í slíkum heimsóknum framkvæma athuganir á þrýstibúnaðinum.

Tilkynnta stofan skal gefa framleiðandanum skýrslu um heimsóknina og prófunarskýrslu, hafi prófanir farið fram.

6. **CE-merki og ESB-samræmisyfirlýsing**

6.1. Framleiðandi skal festa CE-merki, og á ábyrgð tilkynntu stofunnar sem um getur í lið 3.1, kenninúmer hins síðarnefnda á sérhvert eintak þrýstibúnaðar sem fullnægir viðeigandi kröfum í þessari tilskipun.

6.2. Framleiðandinn skal gera skriflega ESB-samræmisyfirlýsingu fyrir hverja tegund þrýstibúnaðar og varðveita hana þannig að hún sé tiltæk fyrir landsyfirvöld í 10 ár eftir að þrýstibúnaðurinn er settur á markað. Í ESB-samræmisyfirlýsingunni skal tilgreina fyrir hvaða tegund þrýstibúnaðar hún var samin og gefa upp númer hönnunarprófunarvottorðsins.

Afrit af ESB-samræmisyfirlýsingunni skal vera aðgengilegt viðkomandi yfirvöldum samkvæmt beiðni.

7. Framleiðandinn skal hafa eftirfarandi tiltækt fyrir landsyfirvöld í tíu ár eftir að þrýstibúnaðurinn er settur á markað:

— gögnin um gæðakerfið sem um getur í lið 3.1,

— breytingarnar sem um getur í lið 3.5 í þeirri mynd sem þær hafa verið samþykktar,

— þær ákvarðanir og skýrslur frá tilkynntu stofunni sem um getur í liðum 3.5, 5.3 og 5.4.

8. **Viðurkenndur fulltrúi**

Viðurkenndur fulltrúi framleiðandans getur lagt fram umsókn eins og um getur í liðum 4.1 og 4.2 og uppfyllt skyldurnar sem settar eru fram í liðum 3.1, 3.5, 4.4., 4.6 og 6. og 7. lið, fyrir hans hönd og á hans ábyrgð, að því tilskildu að þær séu tilgreindar í umboðinu.

———

IV. VIÐAUKI

ESB-SAMRÆMISYFIRLÝSING (NR. XXXX) ([24])

1. Þrýstibúnaður eða samsetning (framleiðslu-, gerðar-, lotu- eða raðnúmer):

2. Nafn og heimilisfang framleiðanda og, ef við á, viðurkennds fulltrúa hans:

3. Útgáfa þessarar samræmisyfirlýsingar er einungis á ábyrgð framleiðandans.

4. Hluturinn sem yfirlýsingin á við (auðkenning þrýstibúnaðar eða samsetningar sem gerir rekjanleika mögulegan, ef nauðsyn krefur vegna auðkenningar þrýstibúnaðarins eða samsetningarinnar getur mynd þurft að fylgja):

   — lýsing á þrýstibúnaðinum eða samsetningunni,

   — samræmismatsaðferð sem fylgt var,

   — ef um er að ræða samsetningar, lýsingu á þrýstibúnaðinum sem samsetningin er gerð úr og hvaða samræmismatsaðferð var beitt,

5. Hluturinn, sem yfirlýsingin á við um og sem lýst er hér á undan, er í samræmi við viðkomandi samhæfingarlöggjöf Sambandsins:

6. Tilvísanir í viðkomandi samhæfða staðla, sem eru notaðir, eða tilvísanir í aðrar tækniforskriftir sem samræmisyfirlýsing miðast við:

7. Eftir því sem við á nafn, heimilisfang og númer tilkynntu stofunnar sem annaðist samræmismatið og númer vottorðsins sem gefið er út, og tilvísun í ESB-gerðarprófunarvottorð — framleiðslugerð, ESB-gerðarprófunarvottorð — hönnunargerð, ESB-hönnunarprófunarvottorð eða samræmisvottorð.

8. Viðbótarupplýsingar:

   Undirritað fyrir og fyrir hönd:

   (útgáfustaður og dagsetning):

   (nafn, stöðuheiti) (undirritun):

   (eftir því sem við á upplýsingar um þann sem hefur heimild til að undirrita lagalega yfirlýsingu fyrir hönd framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans).

———

([24]) Það er valfrjálst hvort að framleiðandinn úthlutar samræmisyfirlýsingunni númeri.

V. VIÐAUKI

A-HLUTI

Niðurfelld tilskipun með skrá yfir síðari breytingar hennar

(sem um getur í 50. gr.)

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/23/EB

(Stjtíð. EB L 181, 9.7.1997, bls. 1).

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).	Aðeins 13. liður I. viðauka.
Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 (Stjtíð. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12).	Aðeins f-liður 1. mgr. 26. gr.

B-HLUTI

Frestur til að leiða í landslög og gildistökudagsetning

(sem um getur í 49. gr.)

Tilskipun	Frestur til lögleiðingar	Gildistökudagur
97/23/EB	29. maí 1999	29. nóvember 1999 ([1])

([1]) Í samræmi við 3. mgr. 20. gr. tilskipunar 97/23/EB skulu aðildarríkin leyfa að taka í notkun þrýstibúnað og samsetningar sem eru í samræmi við ákvæði reglugerða sem gilda á yfirráðasvæði þeirra frá og með þeim degi sem tilskipunin kemur til framkvæmda.

VI. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Tilskipun 97/23/EB	Þessi tilskipun
1. mgr. 1. gr.	1. mgr. 1. gr.
2. mgr. 1. gr.	1. til 14. mgr. 2. gr.
3. mgr. 1. gr.	2. mgr. 1. gr.
—	15. til 32. mgr. 2. gr.
2. gr.	3. gr.
3. gr.	4. gr.
1. mgr. 4. gr.	1. mgr. 5. gr.
2. mgr. 4. gr.	3. mgr. 5. gr.
—	6. gr.
—	7. gr.
—	8. gr.
—	9. gr.
—	10. gr.
—	11. gr.
5. gr.	—
6. gr.	—
—	1. mgr. 12. gr.
1. mgr. 7. gr.	45. gr.
2. mgr. 7. gr.	1. mgr. 44. gr.
3. mgr. 7. gr.	—
4. mgr. 7. gr.	Önnur undirgrein 5. mgr. 44. gr.
8. gr.	—
1. mgr. 9. gr.	Inngangsmálsliður 1. mgr. 13. gr.
Liður 1 í 2. mgr. 9. gr.	—
—	a-liður 1. mgr. 13. gr.
Liður 2 í 2. mgr. 9. gr.	b-liður 1. mgr. 13. gr.
3. mgr. 9. gr.	2. mgr. 13. gr.
10. gr.	14. gr.

Tilskipun 97/23/EB	Þessi tilskipun
1. mgr. 11. gr.	1. mgr. 15. gr.
2. mgr. 11. gr.	2. mgr. 15. gr.
3. mgr. 11. gr.	3. mgr. 15. gr.
4. mgr. 11. gr.	2. mgr. 12. gr.
—	4. mgr. 15. gr.
5. mgr. 11. gr.	5. mgr. 15. gr.
—	6. mgr. 15. gr.
12. gr.	—
13. gr.	—
1. mgr. 14. gr.	1. mgr. 16. gr.
2. mgr. 14. gr.	2. mgr. 5. gr.
3. til 8. mgr. 14. gr.	2. til 7. mgr. 16. gr.
9. og 10. mgr. 14. gr.	—
—	17. gr.
—	18. gr.
1. mgr. 15. gr.	—
2. mgr. 15. gr.	1. mgr. 19. gr.
3. mgr. 15. gr.	2. mgr. 19. gr.
4. og 5. mgr. 15. gr.	—
—	3. til 6. mgr. 19. gr.
—	20. gr.
—	21. gr.
—	22. gr.
—	23. gr.
—	24. gr.
—	25. gr.
—	26. gr.
—	27. gr.
—	28. gr.
—	29. gr.

Tilskipun 97/23/EB	Þessi tilskipun
—	30. gr.
—	31. gr.
—	32. gr.
—	33. gr.
—	34. gr.
—	35. gr.
—	36. gr.
—	37. gr.
—	38. gr.
16. gr.	—
17. gr.	—
18. gr.	—
—	39. gr.
—	40. gr.
—	41. gr.
—	42. gr.
—	43. gr.
—	2. til 4. mgr. 44. gr.
—	Fyrsta undirgrein 5. mgr. 44. gr.
—	46. gr.
—	47. gr.
19. gr.	—
1. til 2. mgr. 20. gr.	—
3. mgr. 20. gr.	1. mgr. 48. gr.
—	2. og 3. mgr. 48. gr.
—	49. gr.
—	50. gr.
—	51. gr.
21. gr.	52. gr.
I. viðauki	I. viðauki

Tilskipun 97/23/EB	Þessi tilskipun
II. viðauki	II. viðauki
Inngangsorð III. viðauka	Inngangsorð III. viðauka
Aðferðareining A í III. viðauka	Liður 1 í aðferðareiningu A í III. viðauka
Aðferðareining A1 í III. viðauka	Liður 2 í aðferðareiningu A2 í III. viðauka
Aðferðareining B í III. viðauka	Liður 3.1 í aðferðareiningu B í III. viðauka, ESB-gerðarprófun — framleiðslugerð
Aðferðareining B1 í III. viðauka	Liður 3.2 í aðferðareiningu B í III. viðauka, ESB-gerðarprófun — hönnunargerð
Aðferðareining C1 í III. viðauka	Liður 4 í aðferðareiningu C2 í III. viðauka
Aðferðareining D í III. viðauka	Liður 5 í aðferðareiningu D í III. viðauka
Aðferðareining D1 í III. viðauka	Liður 6 í aðferðareiningu D1 í III. viðauka
Aðferðareining E í III. viðauka	Liður 7 í aðferðareiningu E í III. viðauka
Aðferðareining E1 í III. viðauka	Liður 8 í aðferðareiningu E1 í III. viðauka
Aðferðareining F í III. viðauka	Liður 9 í aðferðareiningu F í III. viðauka
Aðferðareining G í III. viðauka	Liður 10 í aðferðareiningu G í III. viðauka
Aðferðareining H í III. viðauka	Liður 11 í aðferðareiningu H í III. viðauka
Aðferðareining H1 í III. viðauka	Liður 12 í aðferðareiningu H1 í III. viðauka
IV. viðauki	—
V. viðauki	—
VI. viðauki	—
VII. viðauki	IV. viðauki
—	V. viðauki
—	VI. viðauki

YFIRLÝSING EVRÓPUÞINGSINS

Evrópuþingið telur að einungis þegar og svo framarlega sem framkvæmdargerðir, í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011, eru ræddar á fundum nefnda, megi líta svo á að þessar nefndir séu „framkvæmdanefndir“ í skilningi I. viðauka við rammasamninginn um samskipti á milli Evrópuþingsins og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Fundir nefnda falla því innan gildissviðs 15. liðs rammasamningsins þegar og svo framarlega sem önnur mál eru rædd.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2014/29/ESB 2015/EES/63/29

frá 26. febrúar 2014

um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða einföld þrýstihylki fram á markaði

(endurútgefin) (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/105/EB frá 16. september 2009 varðandi einföld þrýstihylki ([3]) hefur verið breytt í veigamiklum atriðum ([4]). Þar sem um frekari breytingar verður að ræða ætti að endurútgefa þá tilskipun til glöggvunar.

2) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 frá 9. júlí 2008 um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum ([5]) er mælt fyrir um reglur varðandi faggildingu vegna samræmismatsstofa, um ramma fyrir markaðseftirlit með vörum og fyrir eftirlit með vörum frá þriðju löndum og þar er einnig mælt fyrir um almennar meginreglur varðandi CE-merki.

3) Í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 768/2008/EB frá 9. júlí 2008 um sameiginlegan ramma um markaðssetningu á vörum ([6]) er mælt fyrir um sameiginlegar meginreglur og viðmiðunarákvæði sem á að beita í löggjöf sem bundin er við tiltekna geira til að fá samræmdan grunn að endurskoðun eða endurútgáfu þeirrar löggjafar. Aðlaga ætti tilskipun 2009/105/EB að þeirri ákvörðun.

4) Þessi tilskipun gildir um einföld þrýstihylki sem eru ný á markaði Sambandsins þegar þau eru sett á markað, þ.e.a.s. þau eru annað hvort ný einföld þrýstihylki framleidd af framleiðanda með staðfestu í Sambandinu eða einföld þrýstihylki, hvort sem þau eru ný eða notuð, innflutt frá þriðja landi.

5) Tilskipun þessi gildir um hvers kyns afhendingu, þ.m.t. fjarsölu.

6) Aðildarríki skulu tryggja á yfirráðasvæði sínu heilbrigði og öryggi manna og verndun húsdýra og að eignir séu ekki í hættu ef einföld þrýstihylki leka eða springa.

7) Rekstraraðilar ættu að bera ábyrgð á því að einföld þrýstihylki uppfylli kröfur þessarar tilskipunar, í samræmi við það hlutverk sem hver þeirra gegnir í aðfangakeðjunni, til að tryggja öfluga vernd sem varðar hagsmuni almennings, s.s. heilbrigði og öryggi manna og vernd húsdýra og eigna og tryggja sanngjarna samkeppni á markaði Sambandsins.

8) Allir rekstraraðilar sem koma að aðfangakeðjunni og dreifingarferlinu ættu að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að þeir bjóði aðeins fram einföld þrýstihylki á markaðinum sem samræmast þessari tilskipun. Nauðsynlegt er að kveða á um skýra og hóflega dreifingu skuldbindinga sem samsvara hlutverki hvers rekstraraðila í aðfangakeðjunni og dreifingarferlinu.

9) Til að auðvelda samskipti milli rekstraraðila, markaðseftirlitsyfirvalda og endanlegra notenda ættu aðildarríkin að hvetja rekstraraðila til þess að veita upplýsingar um veffang til viðbótar við póstfang.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 96, 29.3.2014, bls. 45. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2015 frá 30. apríl 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 27, 3.2.2009, bls. 41.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 5. febrúar 2014 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 20. febrúar 2014.

([3]) Stjtíð. ESB L 264, 8.10.2009, bls. 12. Tilskipun 2009/105/EB er kerfisbinding á tilskipun ráðsins 87/404/EBE frá 25. júlí 2987 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi einföld þrýstihylki (Stjtíð. EB L 220, 8.8.1987, bls. 48).

([4]) Sjá A-hluta í V. viðauka.

([5]) Stjtíð. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 30.

([6]) Stjtíð. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 82.

10) Þar eð framleiðandinn býr yfir ítarlegri þekkingu á hönnunar- og framleiðsluferlinu er hann sá aðili sem hæfastur er til að framkvæma samræmismatsaðferðina fyrir einföld þrýstihylki. Samræmismatið ætti því áfram að vera skylda framleiðandans eingöngu.

11) Nauðsynlegt er að tryggja að einföld þrýstihylki frá þriðju löndum, sem koma inn á markað Sambandsins, séu í samræmi við þessa tilskipun og einkum að framleiðendur hafi framkvæmt samræmismat á þessum einföldu þrýstihylkjum með viðeigandi matsaðferð. Því ætti að setja ákvæði um að innflytjendur eigi að ganga úr skugga um að einföld þrýstihylki sem þeir setja á markað séu í samræmi við kröfur þessarar tilskipunar og að þeir setji ekki einföld þrýstihylki á markað sem uppfylla ekki slíkar kröfur eða hafa áhættu í för með sér. Einnig ætti að setja ákvæði um að innflytjendur eigi að ganga úr skugga um að samræmismat hafi verið framkvæmt og að vörumerkingar og gögn sem tekin eru saman af hálfu framleiðenda séu aðgengileg lögbærum landsyfirvöldum til skoðunar.

12) Þegar innflytjendur setja einfalt þrýstihylki á markað ættu þeir að tilgreina á einfalda þrýstihylkinu nafn sitt, skráð viðskiptaheiti eða skráð vörumerki og heimilisfang þar sem hafa má samband við þá. Heimilt er að veita undanþágur ef stærð eða eðli einfalda þrýstihylkisins gerir ekki kleift að tilgreina nafn og heimilisfang.

13) Dreifingaraðilinn býður einfalt þrýstihylki fram á markaði eftir að framleiðandi eða innflytjandi setur það á markað og hann ætti að gæta þess vandlega að tryggja að meðhöndlun hans á einfalda þrýstihylkinu hafi ekki neikvæð áhrif á að einfalda þrýstihylkið uppfylli gildandi kröfur.

14) Rekstraraðili, sem annaðhvort setur einfalt þrýstihylki á markað undir eigin nafni eða vörumerki eða gerir breytingar á einföldu þrýstihylki þannig að breytingarnar kunni að hafa áhrif á það hvort einfalda þrýstihylkið uppfylli kröfur þessarar tilskipunar, ætti að teljast framleiðandinn og takast á hendur skyldur framleiðanda.

15) Þar sem dreifingaraðilar og innflytjendur eru nátengdir markaðinum ættu þeir að taka þátt í verkefnum er lúta að markaðseftirliti sem lögbær landsyfirvöld annast og ættu þeir að vera reiðubúnir til að taka virkan þátt og láta þessum yfirvöldum í té allar nauðsynlegar upplýsingar varðandi það einfalda þrýstihylki sem um er að ræða.

16) Ef rekjanleiki einfalds þrýstihylkis er tryggður í allri aðfangakeðjunni stuðlar það að einfaldara og skilvirkara markaðseftirliti. Skilvirkt rekjanleikakerfi auðveldar markaðseftirlitsyfirvöldum það verkefni að rekja rekstraraðila sem bjóða fram einföld þrýstihylki á markaði sem ekki uppfylla kröfurnar. Þegar rekstraraðilar geyma þær upplýsingar sem krafist er samkvæmt þessari tilskipun til að tilgreina aðra rekstraraðila ættu þeir ekki að þurfa að uppfæra slíkar upplýsingar, að því er varðar aðra rekstraraðila, sem hafa annaðhvort afhent þeim einfalt þrýstihylki eða sem þeir hafa afhent einfalt þrýstihylki.

17) Þessi tilskipun ætti að takmarkast við að setja fram grunnkröfur um öryggi. Til að auðvelda mat á samræmi við þessar kröfur er nauðsynlegt að kveða á um fyrirframætlað samþykki hvað varðar einföld þrýstihylki, sem eru í samræmi við samhæfða staðla, sem eru samþykkt í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 um evrópska stöðlun ([7]) í því skyni að setja fram ítarlegar tækniforskriftir fyrir þessar kröfur.

18) Í reglugerð (ESB) nr. 1025/2012 er kveðið á um reglur um andmæli við samhæfðum stöðlum sem fullnægja ekki að öllu leyti kröfum þessarar tilskipunar.

19) Nauðsynlegt er að kveða á um samræmismatsaðferðir til að gera rekstraraðilum kleift að sýna fram á og lögbærum yfirvöldum kleift að tryggja að einföld þrýstihylki, sem boðin eru fram á markaði, samræmist grunnkröfum um öryggi. Í ákvörðun nr. 768/2008/EB er kveðið á um aðferðareiningar fyrir samræmismatsaðferðir, sem fela í sér mismunandi strangar aðferðir í samræmi við þá áhættu sem um er að ræða og það öryggisstig sem nauðsynlegt er. Til þess að tryggja samræmi milli einstakra geira og forðast að upp komi frávik við tilteknar aðstæður ætti að velja samræmismatsaðferðirnar úr þessum aðferðareiningum.

20) Framleiðendur ættu að útbúa ESB-samræmisyfirlýsingu til að veita upplýsingarnar sem krafist er samkvæmt þessari tilskipun um að einfalt þrýstihylki samrýmist þessari tilskipun og annarri viðeigandi samhæfingarlöggjöf Sambandsins.

21) Til að tryggja greiðan aðgang að upplýsingum vegna markaðseftirlits ættu allar upplýsingarnar, sem nauðsynlegar eru til að tilgreina allar gildandi gerðir Sambandsins, að vera tiltækar í einni ESB-samræmisyfirlýsingu. Til þess að draga úr stjórnsýslubyrði rekstraraðila má þessi eina ESB-samræmisyfirlýsing vera í formi málsskjala sem samanstanda af viðeigandi einstökum samræmisyfirlýsingum.

22) CE-merkið, sem sýnir samræmi einfalds þrýstihylkis, er sýnileg niðurstaða af heilu samræmismatsferli í víðri merkingu. Almennar meginreglur um fyrirkomulag CE-

([7]) Stjtíð. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12.

merkisins og tengsla þess við aðrar merkingar eru settar fram í reglugerð (EB) nr. 765/2008. Í þessari tilskipun ætti að mæla fyrir um reglur sem gilda um áfestingu CE-merkisins.

23) Nauðsynlegt er að hafa eftirlit með því að farið sé að viðeigandi grunnkröfum um öryggi til að sjá til þess að endanlegir notendur og þriðju aðilar fái áhrifaríka vernd.

24) Samræmismatsaðferðirnar, sem settar eru fram í þessari tilskipun, krefjast afskipta samræmismatsstofu, sem aðildarríkin hafa tilkynnt til framkvæmdastjórnarinnar.

25) Reynslan hefur sýnt að þær viðmiðanir sem settar eru fram í tilskipun 2009/105/EB, sem samræmismatsstofur verða að uppfylla áður en þær eru tilkynntar til framkvæmdastjórnarinnar, nægja ekki til að tryggja einsleitan og góðan árangur tilkynntra stofa í gervöllu Sambandinu. Þó er afar mikilvægt að allar tilkynntar stofur sinni hlutverki sínu á sama stigi og við sanngjörn samkeppnisskilyrði. Því er nauðsynlegt að setja skyldubundnar kröfur sem gilda um samræmismatsstofur sem vilja vera tilkynntar svo þær geti veitt samræmismatsþjónustu.

26) Ef samræmismatsstofa sýnir fram á að hún uppfylli viðmiðanirnar, sem mælt er fyrir um í samhæfðu stöðlunum, ætti hún að teljast uppfylla samsvarandi kröfur sem settar eru fram í þessari tilskipun.

27) Til þess að tryggja samræmt gæðastig við samræmismat er einnig nauðsynlegt að setja kröfur fyrir tilkynningaryfirvöld og aðrar stofur sem eiga hlutdeild í mati, tilkynningu og vöktun með tilkynntum stofum.

28) Faggildingarkerfið sem sett er fram í reglugerð (EB) nr. 765/2008 ætti að vera viðbót við kerfið sem kveðið er á um í þessari tilskipun. Þar eð faggilding er nauðsynleg aðferð til að sannprófa hæfni samræmismatsstofa skal einnig nota hana að því er varðar tilkynningu.

29) Opinber yfirvöld í aðildarríkjum í gervöllu Sambandinu líta svo á að gagnsæ faggilding, eins og kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 765/2008, sem tryggir nægilegt traust á samræmisvottorðum, sé æskilegasta aðferðin til að sýna fram á tæknilega færni samræmismatsstofa. Yfirvöld í aðildarríkjunum geta þó litið svo á að þau búi yfir viðeigandi aðferðum til þess að framkvæma þetta mat sjálf. Í slíkum tilvikum ættu þau, til að tryggja viðeigandi trúverðugleika á mati sem yfirvöld í öðrum aðildarríkjum hafa framkvæmt, að láta framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum í té nauðsynleg skrifleg sönnunargögn sem sýna að samræmismatsstofurnar, sem voru metnar með tilliti til viðkomandi reglna, hafi farið að kröfum.

30) Samræmismatsstofur fá oft undirverktaka til að annast hluta starfsemi sinnar er tengist samræmismati eða nýta sér dótturfyrirtæki. Til að tryggja nauðsynlegt verndarstig fyrir einföld þrýstihylki sem á að setja á markað Sambandsins er nauðsynlegt að undirverktakar og dótturfyrirtæki, sem annast samræmismat, uppfylli sömu kröfur og tilkynntar stofur með tilliti til framkvæmdar samræmismatsverkefna. Því er mikilvægt að mat á hæfni og frammistöðu hjá þeim stofum sem á að tilkynna og vöktun með þeim stofum sem þegar hafa verið tilkynntar taki einnig til starfsemi undirverktaka og dótturfyrirtækja.

31) Nauðsynlegt er að auka skilvirkni og gagnsæi málsmeðferðar um tilkynningar og einkum að laga hana að nýrri tækni svo tilkynning geti farið fram rafrænt.

32) Þar eð tilkynntar stofur geta boðið þjónustu sína í gervöllu Sambandinu er rétt að önnur aðildarríki og framkvæmdastjórnin eigi þess kost að hreyfa andmælum gegn tilkynntri stofu. Því er mikilvægt að kveða á um tímabil þar sem leysa má úr öllum vafaatriðum eða áhyggjuefnum um hæfni samræmismatsstofa áður en þær hefja starfsemi sem tilkynntar stofur.

33) Af samkeppnisástæðum er brýnt að tilkynntar stofur beiti samræmismatsaðferðunum án þess að skapa rekstraraðilum óþarfa byrði. Af sömu ástæðum og til að tryggja jafna meðferð á rekstraraðilum verður að tryggja samræmi í tæknilegri beitingu samræmismatsaðferðanna. Því verður best náð fram með viðeigandi samræmingu og samstarfi milli tilkynntra stofa.

34) Til þess að tryggja réttarvissu er nauðsynlegt að skýra að reglurnar um markaðseftirlit Sambandsins og eftirlit með vörum sem koma inn á markað Sambandsins, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 765/2008, gilda um einföld þrýstihylki. Þessi tilskipun ætti ekki að koma í veg fyrir að aðildarríkin velji hvaða lögbæru yfirvöld eigi að framkvæma þessi verkefni.

35) Aðildarríki ættu að gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að einföld þrýstihylki megi aðeins setja á markað ef þau stofna ekki heilbrigði og öryggi fólks í hættu þegar þau eru geymd á réttan hátt og þau notuð í fyrirhuguðum tilgangi eða við sæmilega fyrirsjáanleg notkunarskilyrði. Líta ætti svo á að einföld þrýstihylki samræmist ekki grunnkröfunum um öryggi, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, eingöngu ef þau eru notuð við sæmilega fyrirsjáanleg skilyrði, þ.e.a.s. við notkun sem kann að leiða af löglegu og mannlegu atferli sem auðveldlega mátti sjá fyrir.

36) Í tilskipun 2009/105/EB er þegar kveðið á um verndarráðstafanameðferð sem gerir framkvæmdastjórninni kleift að rannsaka hvort ráðstöfun aðildarríkis gegn einföldum þrýstihylkjum, sem það telur ekki uppfylla kröfur, sé réttmæt. Til að auka gagnsæi og stytta vinnslutíma er nauðsynlegt að bæta verndarráðstafanameðferðina sem nú er til staðar í því skyni að gera hana skilvirkari og nýta þá sérþekkingu sem er að finna í aðildarríkjunum.

37) Bæta ætti við núverandi kerfi með málsmeðferð þar sem hagsmunaaðilar eru upplýstir um fyrirhugaðar ráðstafanir að því er varðar einföld þrýstihylki sem skapa áhættu fyrir heilbrigði eða öryggi manna eða húsdýra eða eigna. Einnig ætti það að gera markaðseftirlitsyfirvöldum kleift, í samstarfi við viðkomandi rekstraraðila, að bregðast fyrr við að því er varðar slík einföld þrýstihylki.

38) Þegar aðildarríki og framkvæmdastjórnin eru sammála um að ráðstöfun af hálfu aðildarríkis sé réttmæt, ætti frekari hlutdeild framkvæmdastjórnarinnar ekki að vera nauðsynleg, nema unnt sé að rekja vanefndir til ágalla á samhæfðum staðli.

39) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar tilskipunar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu ([8]).

40) Beita ætti ráðgjafarnefndarmeðferðinni við samþykkt framkvæmdargerða þar sem óskað er eftir að tilkynningaraðildarríki geri nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta að því er varðar tilkynntar stofur sem uppfylla ekki eða uppfylla ekki lengur kröfurnar viðvíkjandi tilkynningu þeirra.

41) Beita ætti rannsóknarmálsmeðferðinni fyrir samþykkt framkvæmdargerða að því er tekur til einfaldra þrýstihylkja, sem uppfylla kröfur en skapa áhættu fyrir heilbrigði eða öryggi manna, eða fyrir aðra þætti sem varða verndun almannahagsmuna.

42) Í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum, þegar brýna nauðsyn ber til, ætti framkvæmdastjórnin að samþykkja framkvæmdargerðir, sem öðlast gildi tafarlaust, að því er tekur til einfaldra þrýstihylkja, sem uppfylla kröfur en skapa áhættu fyrir heilbrigði eða öryggi manna, húsdýra eða eigna.

43) Í samræmi við viðteknar venjur getur nefndin, sem skipuð er samkvæmt þessari tilskipun, haft gagnlegu hlutverki að gegna við rannsókn mála er varða beitingu þessarar tilskipunar, sem annaðhvort formaður hennar leggur fram eða fulltrúi aðildarríkis, í samræmi við málsmeðferðarreglur nefndarinnar.

44) Þegar mál, sem varða þessa tilskipun, önnur en mál, sem varða framkvæmd hennar eða brot á henni, eru til umræðu, þ.e. hjá sérfræðingahópi framkvæmdastjórnarinnar, ætti Evrópuþingið, miðað við núverandi venjur, að fá allar upplýsingar og skjöl og, eftir því sem við á, boð um að sitja slíka fundi.

45) Framkvæmdastjórnin ætti að ákvarða, með framkvæmdargerðum og, vegna sérstaks eðlis þeirra, án þess að beita reglugerð (ESB) nr. 182/2011, hvort þær ráðstafanir sem aðildarríkin gera að því er varðar einföld þrýstihylki, sem uppfylla ekki kröfurnar, séu réttlætanlegar eða ekki.

46) Aðildarríkin ættu að mæla fyrir um reglur um viðurlög við brotum gegn ákvæðum landslaga, sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun, og tryggja að þeim sé framfylgt. Viðurlögin, sem kveðið er á um, ættu að vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.

47) Nauðsynlegt er að kveða á um viðeigandi umbreytingarfyrirkomulag sem gerir kleift að einföld þrýstihylki, sem þegar hafa verið sett á markað í samræmi við tilskipun 2009/105/EB fyrir gildistökudag landsráðstafana til lögleiðingar á þessari tilskipun, verði boðin fram á markaði án þess að þurfa að uppfylla frekari vörukröfur. Dreifingaraðilar ættu því að geta afhent einföld þrýstihylki sem hafa verið sett á markað, nánar tiltekið birgðir sem eru þegar í dreifingarferlinu, fyrir gildistökudag landsráðstafana til lögleiðingar á þessari tilskipun.

48) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að tryggja að einföld þrýstihylki á markaði uppfylli kröfur, sem vernda heilbrigði og öryggi og aðra almannahagsmuni með öflugum hætti um leið og starfsemi innri markaðarins er tryggð, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs og áhrifa hennar, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná því markmiði.

49) Skyldan til að taka þessa tilskipun upp í landslög ætti að takmarkast við þau ákvæði þar sem gerð er efnisleg breyting í samanburði við fyrri tilskipun. Skyldan til að taka óbreyttu ákvæðin upp leiðir af fyrri tilskipuninni.

([8]) Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13.

50) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti þeirra til að lögleiða tilskipanirnar, sem tilgreindar eru í B-hluta V. viðauka, í landslög og dagsetningarnar til að beita þeim,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Gildissvið

1. Tilskipun þessi gildir um einföld, raðframleidd þrýstihylki („hylki“) með eftirfarandi eiginleika:

a) hylkin eru soðin, þola innri mæliþrýsting sem er meiri en 0,5 bör, eru ætluð undir loft eða köfnunarefni en ekki er ætlast til að séu hituð með beinum loga,

b) þeir hlutar og samsetningar sem stuðla að styrk þrýstihylkisins skulu annaðhvort gerðir úr óblendnu gæðastáli, óblendnu áli eða álblendi sem ekki er hægt að herða með öldrunarherðingu,

c) hylkið er búið til úr annaðhvort:

i. sívölum hluta með hringlaga þversniði, sem er lokað með kúptum og/eða flötum endum sem hverfast um sama ás og sívalningshlutinn,

ii. tveimur kúptum endum sem hverfast um sama ás,

d) hámarksvinnuþrýstingur hylkisins skal ekki fara yfir 30 bör og margfeldi þess þrýstings og rúmtaks hylkisins (PS x V) má ekki fara yfir 10 000 bör á lítra,

e) lágmarksvinnuhitastig má ekki vera undir –50 °C og hámarksvinnuhitastig ekki vera hærra en 300 °C fyrir stál og 100 °C fyrir hylki úr áli eða álblendi.

2. Tilskipun þessi gildir ekki um:

a) hylki sem eru sérhönnuð til notkunar á sviði kjarnorkuvinnslu þar sem bilun gæti valdið geislamengun,

b) hylki sem eru sérstaklega ætluð til uppsetningar í skipum og loftförum eða til að knýja þau áfram,

c) slökkvitæki.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „að bjóða fram á markaði“ öll afhending hylkis til dreifingar eða til notkunar á markaði Sambandsins á meðan á viðskiptastarfsemi stendur, hvort sem það er gegn greiðslu eða án endurgjalds,

2) „setning á markað“: það að hylki er boðið fram í fyrsta sinn á markaði Sambandsins,

3) „framleiðandi“: einstaklingur eða lögaðili sem framleiðir hylki eða lætur framleiða eða hanna hylki og markaðssetur þetta hylki undir sínu nafni eða vörumerki,

4) „viðurkenndur fulltrúi“: einstaklingur eða lögaðili með staðfestu í Sambandinu sem hefur skriflegt umboð frá framleiðandanum til að koma fram fyrir hans hönd í tengslum við tilgreind verkefni,

5) „innflytjandi“: einstaklingur eða lögaðili með staðfestu innan Sambandsins sem setur hylki frá þriðja landi á markað Sambandsins,

6) „dreifingaraðili“: einstaklingur eða lögaðili í aðfangakeðjunni, annar en framleiðandi eða innflytjandi, sem býður hylki fram á markaði,

7) „rekstraraðilar“: framleiðandi, viðurkenndur fulltrúi, innflytjandi og dreifingaraðili,

8) „tækniforskrift“: skjal þar sem mælt er fyrir um tæknikröfur sem hylki þarf að uppfylla,

9) „samhæfður staðall“: samhæfður staðall eins og hann er skilgreindur í c-lið 1. liðar 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1025/2012,

10) „faggilding“: faggilding eins og hún er skilgreind í 10. lið 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008,

11) „faggildingarstofa í aðildarríki“: faggildingarstofa í aðildarríki eins og hún er skilgreind í 11. lið 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008,

12) „samræmismat“: ferli sem sýnir fram á hvort grunnkröfur þessarar tilskipunar um öryggi í tengslum við hylki hafi verið uppfylltar,

13) „samræmismatsstofa“: stofa sem annast samræmismat, þ.m.t. kvörðun, prófun, vottun og eftirlit,

14) „innköllun“: hvers konar ráðstöfun sem miðar að því að hylki, sem þegar er aðgengilegt endanlegum notanda, sé skilað til baka,

15) „vara tekin af markaði“: hvers konar ráðstöfun sem miðar að því að koma í veg fyrir að hylki í aðfangakeðjunni sé boðið fram á markaði,

16) „samhæfingarlöggjöf Sambandsins“: öll löggjöf Sambandsins þar sem skilyrði fyrir markaðssetningu á vörum eru samræmd,

17) „CE-merkið“: merki þar sem framleiðandinn tilgreinir að hylkið sé í samræmi við gildandi kröfur sem settar eru fram í samhæfingarlöggjöf Sambandsins, þar sem kveðið er á um áfestingu merkisins.

3. gr.

Að bjóða fram á markaði og taka í notkun

1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að hylkin verði því aðeins sett á markað og tekin í notkun að þau uppfylli kröfur þessarar tilskipunar þegar þau eru sett upp og haldið við á réttan hátt og notuð í þeim tilgangi sem ráð er fyrir gert.

2. Ákvæði þessarar tilskipunar skulu ekki hafa ekki áhrif á rétt aðildarríkja til að setja fram kröfur sem þau telja nauðsynlegar til að tryggja öryggi starfsmanna við notkun hylkjanna, að því tilskildu að þar sé ekki krafist breytinga á hylkjunum sem ekki er gert ráð fyrir í þessari tilskipun.

4. gr.

Grunnkröfur

1. Hylki þar sem margfeldið PS x V fer yfir 50 bör á lítra skulu uppfylla þær grunnkröfur um öryggi sem eru settar fram í I. viðauka.

2. Hylki þar sem margfeldið PS x V er 50 bör á lítra eða minna skulu hönnuð og framleidd í samræmi við góðar starfsvenjur í verkfræði í einhverju aðildarríkjanna.

5. gr.

Frjáls flutningur

Aðildarríkin skulu ekki koma í veg fyrir að hylki sem standast kröfur þessarar tilskipunar séu boðin fram á markaði og tekin í notkun á yfirráðasvæði þeirra.

2. KAFLI

SKYLDUR REKSTRARAÐILA

6. gr.

Skyldur framleiðenda

1. Þegar framleiðendur setja hylki á markað þar sem margfeldi PS × V fer yfir 50 bör á lítra, skulu þeir sjá til þess að þau hafi verið hönnuð og framleidd í samræmi við grunnkröfurnar um öryggi sem settar eru fram í I. viðauka.

Þegar framleiðendur setja hylki á markað þar sem margfeldi PS × V er 50 bör á lítra eða minna, skulu þeir sjá til þess að þau hafi verið hönnuð og framleidd í samræmi við góðar starfsvenjur í verkfræði í einhverju aðildarríkjanna.

2. Að því er varðar hylki þar sem margfeldi PS × V fer yfir 50 bör á lítra, skulu framleiðendur útbúa tæknigögnin sem um getur í II. viðauka og framkvæma viðeigandi samræmismatsaðferð sem um getur í 13. gr. eða láta framkvæma hana.

Ef sýnt hefur verið fram á að hylki þar sem margfeldi PS × V fer yfir 50 bör á lítra uppfylli viðeigandi kröfur með þessari aðferð skulu framleiðendur gera ESB-samræmisyfirlýsingu og festa á CE-merkið og áletranirnar sem kveðið er á um í 1. lið III. viðauka.

Framleiðendur skulu tryggja að hylki þar sem margfeldi PS × V er 50 bör á lítra eða minna beri áletranirnar sem mælt er fyrir um í 1. lið III. viðauka.

3. Framleiðendur skulu varðveita tæknigögnin og ESB-samræmisyfirlýsinguna í tíu ár eftir að hylki hefur verið sett á markað.

4. Framleiðendur skulu tryggja að aðferðir séu til staðar til að raðframleiðsla haldist í samræmi við þessa tilskipun. Taka skal fullnægjandi tillit til breytinga á hönnun eða eiginleikum hylkis og breytinga á samhæfðum stöðlum eða tækniforskriftum sem lýst er yfir að samræmi hylkis miðist við.

Ef það telst viðeigandi með tilliti til áhættu sem stafar af hylki skulu framleiðendur, í því skyni að vernda heilbrigði og öryggi endanlegra notenda, framkvæma úrtaksprófun á hylkjum sem eru boðin fram á markaði, rannsaka og, ef nauðsyn krefur, halda skrá yfir kvartanir, hylki sem uppfylla ekki kröfur og innköllun hylkja og veita dreifingaraðilum upplýsingar um alla slíka vöktun.

5. Framleiðendur skulu tryggja að á hylkjum sem þeir hafa sett á markað sé gerðar-, rað- eða lotuauðkenni sem gerir kleift að bera kennsl á þau.

6. Framleiðendur skulu tilgreina nafn sitt, skráð viðskiptaheiti eða skráð vörumerki og heimilisfang þar sem hægt er að hafa samband við þá á hylkinu. Heimilisfangið skal tilgreina einn stað þar sem hægt er að hafa samband við framleiðandann. Samskiptaupplýsingarnar skulu vera á tungumáli sem er auðskiljanlegt fyrir endanlega notendur og markaðseftirlitsyfirvöld.

7. Framleiðendur skulu tryggja að hylki fylgi leiðbeiningar og upplýsingar um öryggismál, sem um getur í 2. lið III. viðauka, á tungumáli sem er auðskiljanlegt fyrir endanlega notendur, eins og hlutaðeigandi aðildarríki hefur ákvarðað. Slíkar leiðbeiningar og upplýsingar um öryggismál, sem og hvers kyns merkingar, skulu vera skýrar, skiljanlegar og greinilegar.

8. Framleiðendur sem telja eða hafa ástæðu til að ætla að hylki sem þeir hafa sett á markað samrýmist ekki þessari tilskipun skulu tafarlaust gera þær ráðstafanir til úrbóta sem eru nauðsynlegar til að hylkið samrýmist kröfum, til að taka það af markaði eða innkalla það, ef við á. Ef áhætta stafar af hylkinu skulu framleiðendur enn fremur tafarlaust upplýsa lögbær landsyfirvöld aðildarríkjanna þar sem hylkið var boðið fram á markaði þar um, einkum um tilvik þar sem ekki er farið að ákvæðum og um allar ráðstafanir sem gerðar eru til úrbóta.

9. Framleiðendur skulu, á grundvelli rökstuddrar beiðni frá lögbæru landsyfirvaldi, afhenda yfirvaldinu allar upplýsingar og skjöl, á pappír eða rafrænu formi, sem nauðsynleg eru til að sýna fram á að hylkið samrýmist þessari tilskipun, á tungumáli sem það yfirvald hefur á valdi sínu. Þeir skulu hafa samvinnu við þetta yfirvald, að beiðni þess, að því er varðar allar aðgerðir sem beitt er til að útiloka áhættu sem stafar af hylkjum sem þeir hafa sett á markað.

7. gr.

Viðurkenndir fulltrúar

1. Framleiðanda er heimilt að tilnefna viðurkenndan fulltrúa með skriflegu umboði.

Skyldurnar, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 6. gr., og sú skylda að útbúa tæknigögn sem um getur í 2. mgr. 6. gr. skulu ekki vera hluti af umboði viðurkennda fulltrúans.

2. Viðurkenndur fulltrúi skal inna af hendi þau verkefni sem tilgreind eru í umboðinu frá framleiðandanum. Umboðið skal a.m.k. gefa viðurkennda fulltrúanum heimild til:

a) að varðveita ESB-samræmisyfirlýsinguna og tæknigögnin svo þau séu tiltæk fyrir landsbundin markaðseftirlitsyfirvöld í tíu ár eftir að hylkið hefur verið sett á markað,

b) að afhenda, á grundvelli rökstuddrar beiðni frá lögbæru landsyfirvaldi, því yfirvaldi allar upplýsingar og skjöl sem nauðsynleg eru til að sýna fram á samræmi hylkis,

c) að hafa samvinnu við lögbær landsyfirvöld, að beiðni þeirra, að því er varðar allar aðgerðir sem beitt er til að útiloka áhættu sem stafar af hylki sem fellur undir umboð viðurkennda fulltrúans.

8. gr.

Skyldur innflytjenda

1. Innflytjendur skulu aðeins setja hylki sem uppfylla kröfur á markað.

2. Áður en hylki er sett á markað þar sem margfeldi PS × V fer yfir 50 bör á lítra skulu innflytjendur tryggja að framleiðandi hafi unnið samræmismat með viðeigandi aðferð, sem um getur í 13. gr. Þeir skulu tryggja að framleiðandinn hafi útbúið tæknigögn, að hylkið beri CE-merki og þær áletranir sem kveðið er á um í 1. lið III. viðauka og að því fylgi þau skjöl sem krafist er og að framleiðandinn hafi uppfyllt kröfurnar sem settar eru fram í 5. og 6. mgr. 6. gr.

Ef innflytjandi telur eða hefur ástæðu til að ætla að hylki þar sem margfeldi PS × V fer yfir 50 bör á lítra sé ekki í samræmi við grunnkröfurnar um öryggi, sem settar eru fram í I. viðauka, skal hann ekki setja hylkið á markað fyrr en það hefur verið fært til samræmis við kröfur. Ef áhætta stafar af hylkinu skal innflytjandi enn fremur upplýsa framleiðandann og markaðseftirlitsyfirvöld þar um.

Áður en innflytjendur setja á markað hylki þar sem margfeldi PS × V er 50 bör á lítra eða minna skulu þeir tryggja að það hafi verið hannað og framleitt í samræmi við góðar starfsvenjur í verkfræði í einhverju aðildarríkjanna, beri áletranirnar sem kveðið er á um í lið 1.2 í III. viðauka og að framleiðandinn hafi uppfyllt kröfurnar í 5. og 6. mgr. 6. gr.

3. Innflytjendur skulu tilgreina á hylkinu nafn sitt, skráð viðskiptaheiti eða skráð vörumerki og heimilisfang þar sem hafa má samband við þá eða, ef það er ekki mögulegt, á umbúðirnar eða í skjal sem fylgir hylkinu. Samskiptaupplýsingarnar skulu vera á tungumáli sem er auðskiljanlegt fyrir endanlega notendur og markaðseftirlitsyfirvöld.

4. Innflytjendur skulu tryggja að hylkinu fylgi leiðbeiningar og upplýsingar um öryggismál sem um getur í 2. lið III. viðbætis á tungumáli sem er auðskiljanlegt fyrir endanlega notendur, eins og hlutaðeigandi aðildarríki hefur ákvarðað.

5. Innflytjendur skulu sjá til þess að á meðan tiltekið hylki þar sem margfeldi PS × V fer yfir 50 bör á lítra er á þeirra ábyrgð tefli geymslu- eða flutningsskilyrði ekki í tvísýnu samræmi þess við grunnkröfurnar um öryggi, sem settar eru fram í I. viðauka.

6. Ef það telst viðeigandi með tilliti til áhættu sem stafar af hylki skulu innflytjendur, í því skyni að vernda heilbrigði og öryggi endanlegra notenda, framkvæma úrtaksprófun á hylkjum á markaði, rannsaka og, ef nauðsyn krefur, halda skrá yfir kvartanir, hylki sem uppfylla ekki kröfur og innköllun hylkja og veita dreifingaraðilum upplýsingar um slíka vöktun.

7. Innflytjendur, sem telja eða hafa ástæðu til að ætla að hylki sem þeir hafa sett á markað samrýmist ekki þessari tilskipun, skulu tafarlaust gera þær ráðstafanir til úrbóta sem eru nauðsynlegar til að hylkið samrýmist kröfum, til að taka það af markaði eða innkalla það, ef við á. Ef áhætta stafar af hylkinu skulu innflytjendur enn fremur tafarlaust upplýsa lögbær landsyfirvöld aðildarríkjanna þar sem hylkið var boðið fram á markaði þar um, einkum um tilvik þar sem ekki er farið að ákvæðum og um allar ráðstafanir sem gerðar eru til úrbóta.

8. Innflytjendur skulu varðveita afrit af ESB-samræmisyfirlýsingunni í tíu ár eftir að hylki þar sem margfeldi PS × V fer yfir 50 bör á lítra hefur verið sett á markað og hafa tiltæka fyrir markaðseftirlitsyfirvöld og tryggja að þessi yfirvöld geti haft aðgang að tæknigögnunum, sé þess óskað.

9. Innflytjendur skulu, á grundvelli rökstuddrar beiðni frá lögbæru landsyfirvaldi, afhenda yfirvaldinu allar upplýsingar og skjöl, á pappír eða á rafrænu formi, sem nauðsynleg eru til að sýna fram á að hylkið uppfylli kröfur, á tungumáli sem það yfirvald hefur á valdi sínu. Þeir skulu hafa samvinnu við þetta yfirvald, að beiðni þess, að því er varðar allar aðgerðir sem beitt er til að útiloka áhættu sem stafar af hylkjum sem þeir hafa sett á markað.

9. gr.

Skyldur dreifingaraðila

1. Þegar dreifingaraðilar bjóða hylki fram á markaði skulu þeir gæta þess vandlega að það sé í samræmi við kröfur þessarar tilskipunar.

2. Áður en dreifingaraðilar bjóða hylki þar sem margfeldi PS × V fer yfir 50 bör á lítra fram á markaði skulu þeir staðfesta að hylkið beri CE-merkið og þær áletranir sem kveðið er á um í 1. lið III. viðauka, að því fylgi þau skjöl sem krafist er og einnig leiðbeiningar og upplýsingar um öryggismál á tungumáli sem er auðskiljanlegt fyrir endanlega notendur í aðildarríkinu þar sem bjóða á hylkið fram á markaði og að framleiðandinn og innflytjandinn hafi uppfyllt kröfurnar sem settar eru fram í 5. og 6. mgr. 6. gr. annars vegar og 3. mgr. 8. gr. hins vegar.

Ef dreifingaraðili telur eða hefur ástæðu til að ætla að hylki þar sem margfeldi PS × V fer yfir 50 bör á lítra sé ekki í samræmi við grunnkröfur um öryggi, sem settar eru fram í I. viðauka, skal hann ekki bjóða hylkið fram á markaði fyrr en það hefur verið fært til samræmis við kröfur. Ef áhætta stafar af hylkinu skal dreifingaraðilinn enn fremur upplýsa framleiðandann eða innflytjandann, ásamt markaðseftirlitsyfirvöldum, þar um.

Áður en dreifingaraðilar bjóða hylki þar sem margfeldi PS × V er 50 bör á lítra eða minna fram á markaði skulu þeir staðfesta að hylkið beri þær áletranir sem kveðið er á um í lið 1.2. í III. viðauka, að því fylgi þau skjöl sem krafist er og einnig leiðbeiningar og upplýsingar um öryggismál á tungumáli sem er auðskiljanlegt fyrir endanlega notendur í aðildarríkinu þar sem bjóða á hylkið fram á markaði og að framleiðandinn og innflytjandinn hafi uppfyllt kröfurnar sem settar eru fram í 5. og 6. mgr. 6. gr. annars vegar og 3. mgr. 8. gr. hins vegar.

3. Dreifingaraðilar skulu sjá til þess að á meðan hylki þar sem margfeldi PS × V fer yfir 50 bör á lítra er á þeirra ábyrgð tefli geymslu- eða flutningsskilyrði ekki í tvísýnu samræmi þess við grunnkröfurnar um öryggi sem settar eru fram í I. viðauka.

4. Dreifingaraðilar sem telja eða hafa ástæðu til að ætla að hylki sem þeir hafa boðið fram á markaði sé ekki í samræmi við þessa tilskipun skulu ganga úr skugga um að gerðar séu þær ráðstafanir til úrbóta sem nauðsynlegar eru til að færa hylkið til samræmis, til að taka það af markaði eða innkalla, ef við á. Ef áhætta stafar af hylkinu skulu dreifingaraðilar enn fremur tafarlaust upplýsa lögbær landsyfirvöld aðildarríkjanna þar sem hylkið var boðið fram á markaði þar um, einkum um tilvik þar sem ekki er farið að ákvæðum og um allar ráðstafanir sem gerðar eru til úrbóta.

5. Dreifingaraðilar skulu, á grundvelli rökstuddrar beiðni frá lögbæru landsyfirvaldi, afhenda yfirvaldinu allar upplýsingar og skjöl, á pappír eða á rafrænu formi, sem nauðsynleg eru til að sýna fram á samræmi hylkis. Þeir skulu hafa samvinnu við þetta yfirvald, að beiðni þess, að því er varðar allar aðgerðir sem beitt er til að útiloka áhættu sem stafar af hylki sem þeir hafa boðið fram á markaði.

10. gr.

Tilvik þar sem skyldur framleiðenda gilda um innflytjendur og dreifingaraðila

Í skilningi þessarar tilskipunar telst innflytjandi eða dreifingaraðili vera framleiðandi og skal hann gegna sömu skyldum og framleiðandi skv. 6. gr. þegar hann setur hylki á markað undir eigin nafni eða eigin vörumerki eða gerir breytingar á hylki, sem þegar hefur verið sett á markað, þannig að breytingarnar kunni að hafa áhrif á það hvort hylkið uppfylli kröfur þessarar tilskipunar.

11. gr.

Rekstraraðilar tilgreindir

Rekstraraðilar skulu, samkvæmt beiðni, greina markaðseftirlitsyfirvöldum frá eftirfarandi aðilum:

a) öllum rekstraraðilum sem hafa afhent þeim hylki,

b) öllum rekstraraðilum sem þeir hafa afhent hylki.

Rekstraraðilar skulu geta lagt fram upplýsingarnar sem um getur í fyrstu málsgrein í tíu ár eftir að þeim hefur verið afhent hylki og í tíu ár eftir að þeir hafa afhent hylki.

3. KAFLI

SAMRÆMI HYLKJA ÞAR SEM MARGFELDI PS × V FER YFIR 50 BÖR Á LÍTRA

12. gr.

FYRIRFRAMÆTLAÐ SAMRÆMI HYLKJA ÞAR SEM MARGFELDI PS × V FER YFIR 50 BÖR Á LÍTRA

Ætla skal fyrirfram að hylki þar sem margfeldi PS × V fer yfir 50 bör á lítra, og sem eru í samræmi við samhæfða staðla eða hluta þeirra og tilvísunarnúmer í þá hefur verið birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, samræmist grunnkröfum um öryggi sem settar eru fram í II. viðauka og sem falla undir þessa staðla eða hluta þeirra.

13. gr.

Samræmismatsaðferðir

1. Áður en þau fara í framleiðslu skulu hylki þar sem margfeldi PS × V fer yfir 50 bör á lítra gangast undir ESB-gerðarprófun (aðferðareining B) sem sett er fram í 1. lið II. viðauka sem hér segir:

a) að því er varðar hylki sem framleidd eru í samræmi við samhæfðu staðlana sem um getur í 12. gr., að vali framleiðanda annað hvort:

   i. með mati á því hvort tæknihönnun hylkisins sé fullnægjandi með athugun á tæknigögnunum og sönnunargögnum, án þess að athuga sýnishorn (aðferðareining B – hönnunargerð),

   ii. með mati á því hvort tæknihönnun hylkisins sé fullnægjandi með athugun á tæknigögnunum og sönnunargögnum, ásamt athugun á frumgerð af fullgerðu hylki, sem er dæmigerð fyrir fyrirhugaða framleiðslu (aðferðareining B – framleiðslugerð).

b) að því er varðar hylki sem ekki eru framleidd, eða aðeins framleidd að hluta, í samræmi við samhæfðu staðlana sem um getur í 12. gr., skal framleiðandi leggja fram til athugunar frumgerð af fullgerðu hylki sem er dæmigerð fyrir fyrirhugaða framleiðslu og tæknigögnin og sönnunargögnin fyrir athugun og mat á því hvort tæknihönnun hylkisins sé fullnægjandi (aðferðareining B – framleiðslugerð).

2. Áður en hylki eru sett á markað skulu þau sæta eftirfarandi meðferð:

a) ef margfeldi PS × V fer yfir 3000 bör á lítra, gerðarsamræmi byggt á innra framleiðslueftirliti ásamt prófun á hylki undir eftirliti (aðferðareining C1) sem sett er fram í 2. lið II. viðauka,

b) ef margfeldi PS × V fer ekki yfir 3000 bör á lítra, en fer yfir 200 bör á lítra, að vali framleiðanda annað hvort:

   i. gerðarsamræmi byggt á innra framleiðslueftirliti ásamt prófun á hylki undir eftirliti (aðferðareining C1) sem sett er fram í 2. lið II. viðauka,

   ii. gerðarsamræmi byggt á innra framleiðslueftirliti ásamt athugunum á hylki undir eftirliti með óreglulegu millibili (aðferðareining C2) sem sett er fram í 3. lið II. viðauka,

c) ef margfeldi PS × V fer ekki yfir 200 bör á lítra, en fer yfir 50 bör á lítra, að vali framleiðanda annað hvort:

   i. gerðarsamræmi byggt á innra framleiðslueftirliti ásamt prófun á hylki undir eftirliti (aðferðareining C1) sem sett er fram í 2. lið II. viðauka,

   ii. gerðarsamræmi byggt á innra framleiðslueftirliti ásamt prófun á hylki undir eftirliti (aðferðareining C1) sem sett er fram í 4. lið II. viðauka,

3. Skýrslur og bréfaskipti varðandi samræmismatsaðferðirnar, sem um getur í 1. og 2. mgr., skulu vera á opinberu tungumáli aðildarríkisins þar sem tilkynnta stofan hefur staðfestu eða á tungumáli sem þessi stofa hefur samþykkt.

14. gr.

ESB-samræmisyfirlýsing

1. ESB-samræmisyfirlýsingin skal vera yfirlýsing um að sýnt hafi verið fram á að grunnkröfurnar um öryggi, sem settar eru fram í I. viðauka, hafi verið uppfylltar.

2. ESB-samræmisyfirlýsingin skal byggð upp eins og fyrirmyndin, sem sett er fram í IV. viðauka, og innihalda þá þætti sem tilgreindir eru í viðeigandi aðferðareiningum í II. viðauka og skal stöðugt uppfærð. Hún skal vera þýdd á það eða þau tungumál sem aðildarríkið, þar sem hylkið er sett á markað eða boðið fram á markaði, gerir kröfu um.

3. Þegar hylki fellur undir fleiri en eina gerð Sambandsins þar sem krafist er ESB-samræmisyfirlýsingar, skal gera eina ESB-samræmisyfirlýsingu að því er varðar allar slíkar gerðir Sambandsins. Í þeirri yfirlýsingu skal tilgreina viðkomandi gerðir Sambandsins, þ.m.t. tilvísanir í birtingu þeirra.

4. Með samningu ESB-samræmisyfirlýsingar skal framleiðandinn taka á sig ábyrgð á að hylkið samrýmist kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

15. gr.

Almennar meginreglur um CE-merkið

Um CE-merkið skulu gilda almennu meginreglurnar sem settar eru fram í 30. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008.

16. gr.

Reglur og skilyrði fyrir áfestingu CE-merkisins og áletrana

1. Festa skal CE-merkið og áletranirnar, sem um getur í 1. lið III. viðauka, á hylkið eða á merkiplötu, sem er fest við hylkið á þann hátt að ekki sé hægt að taka hana af, þannig að þau séu sýnileg, læsileg og óafmáanleg.

2. CE-merkið skal fest á áður en hylkið er sett á markað.

3. Á eftir CE-merkinu skal fylgja kenninúmer tilkynntu stofunnar sem tekur þátt í eftirlitsþætti framleiðslunnar.

Tilkynnta stofan skal sjálf sjá um að festa kenninúmer sitt á, að öðrum kosti skal framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans sjá um það samkvæmt fyrirmælum stofunnar.

4. Á eftir CE-merkinu og kenninúmeri tilkynntu stofunnar getur fylgt önnur merking sem gefur til kynna sérstaka áhættu eða notkun.

5. Aðildarríkin skulu byggja á fyrirliggjandi kerfum til að tryggja að reglunum um notkun CE-merkisins sé rétt framfylgt og grípa til viðeigandi ráðstafana ef um óviðeigandi notkun á merkinu er að ræða.

4. KAFLI

TILKYNNING UM SAMRÆMISMATSSTOFUR

17. gr.

Tilkynning

Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um stofur sem hafa leyfi til að leysa af hendi samræmismatsverkefni þriðja aðila í samræmi við þessa tilskipun.

18. gr.

Tilkynningaryfirvöld

1. Aðildarríki skulu tilnefna tilkynningaryfirvald sem ber ábyrgð á því að koma á fót og framfylgja nauðsynlegum aðferðum til að meta og tilkynna um samræmismatsstofur og vakta tilkynntar stofur, þ.m.t. hvort farið sé að ákvæðum 23. gr.

2. Aðildarríki geta ákveðið að faggildingarstofa í aðildarríki, í skilningi og í samræmi við reglugerð (EB) nr. 765/2008, annist matið og vöktunina sem um getur í 1. mgr.

3. Ef tilkynningaryfirvaldið úthlutar mati, tilkynningu eða vöktun, sem um getur í 1. mgr., til stofu sem er ekki stjórnvald eða felur það slíkri stofu með öðrum hætti skal þessi stofa vera lögaðili og skal að breyttu breytanda fara að kröfunum sem mælt er fyrir um í 19. gr. Að auki skal hún gera ráðstafanir til að standa straum af bótaábyrgð sem skapast getur af starfsemi hennar.

4. Tilkynningaryfirvaldið skal bera fulla ábyrgð á þeim verkefnum sem stofan, sem um getur í 3. mgr., framkvæmir.

19. gr.

Kröfur til tilkynningaryfirvalda

1. Tilkynningaryfirvaldi skal komið á fót með þeim hætti að engir hagsmunaárekstrar við samræmismatsstofur eigi sér stað.

2. Tilkynningaryfirvald skal skipulagt og starfrækt þannig að hlutlægni og óhlutdrægni starfseminnar sé tryggð.

3. Tilkynningaryfirvald skal skipulagt með þeim hætti að allar ákvarðanir sem tengjast tilkynningu um samræmismatsstofu séu teknar af þar til bærum aðilum, öðrum en þeim sem unnu matið.

4. Tilkynningaryfirvald skal ekki bjóða eða sinna neinni starfsemi sem samræmismatsstofur annast, eða sinna ráðgjafarþjónustu á viðskipta- eða samkeppnisgrundvelli.

5. Tilkynningaryfirvald skal tryggja að upplýsingar, sem það fær, séu meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

6. Tilkynningaryfirvald skal hafa yfir að ráða nægilegum fjölda af hæfu starfsfólki til að sinna verkefnum sínum á viðeigandi hátt.

20. gr.

Upplýsingaskylda tilkynningaryfirvalda

Aðildarríki skulu upplýsa framkvæmdastjórnina um þær aðferðir sem þau beita til að meta og tilkynna um samræmismatsstofur, vakta tilkynntar stofur og um allar breytingar þar á.

Framkvæmdastjórnin skal gera þessar upplýsingar aðgengilegar öllum.

21. gr.

Kröfur til tilkynntra stofa

1. Hvað varðar tilkynningar skal samræmismatsstofa uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2.–11. mgr.

2. Samræmismatsstofu skal komið á fót samkvæmt landslögum aðildarríkis og skal hún hafa réttarstöðu lögaðila.

3. Samræmismatsstofan skal vera þriðji aðili sem er óháður fyrirtækinu eða hylkinu sem verið er að meta.

Stofa, sem tilheyrir viðskiptasamtökum eða fagfélögum, sem koma fram fyrir hönd fyrirtækja, sem fást við hönnun, framleiðslu, öflun, samsetningu, notkun eða viðhald hylkja, sem henni er falið að meta, getur talist slík stofa með því skilyrði að sýnt sé fram á að hún sé óháð og laus við hagsmunaárekstra.

4. Samræmismatsstofa, æðstu stjórnendur hennar og starfsfólk sem ber ábyrgð á framkvæmd samræmismatsverkefna skulu hvorki vera hönnuðir, framleiðendur, birgjar, uppsetningaraðilar, innkaupsaðilar, eigendur, notendur eða viðhaldsaðilar hylkjanna sem þeir meta né vera fulltrúar neins þessara aðila. Þetta skal þó ekki útiloka þá notkun á hylkjum, sem hafa verið metin, sem eru nauðsynleg fyrir starfsemi samræmismatsstofunnar eða persónulega notkun á slíkum hylkjum.

Samræmismatsstofa, æðstu stjórnendur hennar og starfsfólk, sem ber ábyrgð á framkvæmd samræmismatsverkefna skulu hvorki taka með beinum hætti þátt í hönnun, framleiðslu eða smíði, markaðssetningu, uppsetningu, notkun eða viðhaldi þessara hylkja né vera fulltrúar þeirra aðila sem fást við slíka starfsemi. Þau skulu ekki taka þátt í neinni starfsemi sem gæti haft áhrif á sjálfstætt mat þeirra og heilindi að því er varðar þá samræmismatsstarfsemi sem þau eru tilnefnd til. Þetta gildir einkum að því er varðar ráðgjafarþjónustu.

Samræmismatsstofur skulu tryggja að starfsemi dótturfyrirtækja þeirra eða undirverktaka hafi ekki áhrif á trúnað, hlutlægni eða óhlutdrægni í samræmismatsstarfsemi þeirra.

5. Samræmismatsstofur og starfsfólk þeirra skulu annast starfsemi á sviði samræmismats af faglegri ráðvendni á hæsta stigi og með nauðsynlegri tæknikunnáttu á viðkomandi sviði og vera laus við allan þrýsting og hvatningu, einkum fjárhagslega, sem kynni að hafa áhrif á mat þeirra eða niðurstöður samræmismatsstarfsemi þeirra, einkum frá einstaklingum eða hópum einstaklinga sem eiga hagsmuna að gæta varðandi niðurstöður þessarar starfsemi.

6. Samræmismatsstofa skal vera fær um að framkvæma þau samræmismatsverkefni sem henni hafa verið falin samkvæmt lið 3.2 í I. viðauka og II. viðauka og sem hún er tilkynnt stofa fyrir, hvort sem samræmismatsstofan framkvæmir verkefnin sjálf eða þau eru framkvæmd fyrir hönd hennar og á ábyrgð hennar.

Samræmismatsstofa skal ávallt og fyrir hverja samræmismatsaðferð og hverja tegund hylkis, sem hún er tilkynnt stofa fyrir, hafa eftirfarandi til umráða:

a) nauðsynlegt starfsfólk sem býr yfir tækniþekkingu og nægilegri og viðeigandi reynslu til að framkvæma samræmismatsverkefnin,

b) lýsingar á aðferðunum, sem beitt er við samræmismat, sem tryggja gagnsæi og getu til að endurtaka þessar aðferðir. Samræmismatsstofa skal hafa í gildi viðeigandi stefnur og aðferðir til að gera greinarmun á verkefnum, sem hún framkvæmir sem tilkynnt stofa, og annarri starfsemi,

c) nauðsynlegar aðferðir til að sinna starfsemi þar sem tekið er tilhlýðilegt tillit til stærðar fyrirtækis, geirans sem það starfar í, skipulags þess, hversu flókna framleiðslutækni er um að ræða og hvort um fjölda- eða raðframleiðslu er að ræða.

Samræmismatsstofa skal hafa yfir að ráða öllum þeim úrræðum sem nauðsynleg eru til að geta framkvæmt á réttan hátt þau tæknilegu og stjórnsýslulegu störf sem tengjast samræmismatsstarfsemi og hafa aðgang að öllum nauðsynlegum búnaði eða aðstöðu.

7. Það starfsfólk sem ber ábyrgð á framkvæmd samræmismatsverkefna skal búa yfir eftirfarandi:

a) traustri tækni- og starfsþjálfun sem nær til allrar samræmismatsstarfsemi sem samræmismatsstofan er tilkynnt stofa fyrir,

b) fullnægjandi þekkingu á kröfum varðandi matið sem það annast og fullnægjandi heimild til að annast slíkt mat,

c) viðeigandi þekkingu og skilningi á grunnkröfum um öryggi, sem settar eru fram í I. viðauka, á viðeigandi samhæfðum stöðlum og á viðkomandi ákvæðum samhæfingarlöggjafar Sambandsins og landslöggjafar,

d) getu til þess að útbúa vottorð, skrár og skýrslur sem sýna að mat hafi verið unnið.

8. Hlutleysi samræmismatsstofa, æðstu stjórnenda þeirra og starfsfólks, sem ber ábyrgð á framkvæmd samræmismatsverkefna, verður að vera tryggt.

Laun æðstu stjórnenda og starfsfólks, sem ber ábyrgð á framkvæmd samræmismatsverkefna samræmismatsstofu, skulu hvorki vera háð fjölda matsgerða sem unnar eru né niðurstöðum úr þessum matsgerðum.

9. Samræmismatstofur skulu hafa ábyrgðartryggingu nema ríkið sé bótaskylt samkvæmt landslögum eða aðildarríkið sjálft beri beina ábyrgð á samræmismatinu.

10. Starfsfólk samræmismatsstofu skal gæta þagnarskyldu að því er varðar allar upplýsingar, sem það aflar sér við framkvæmd verkefna sinna samkvæmt lið 3.2 í I. viðauka og skv. II. viðauka eða hverju því ákvæði landslaga sem sett er þeim til framfylgdar, nema gagnvart lögbærum yfirvöldum þess aðildarríkis þar sem starfsemin fer fram. Einkaleyfisréttur skal varinn.

11. Samræmismatsstofur skulu taka þátt í eða tryggja að það starfsfólk, sem ber ábyrgð á framkvæmd samræmismatsverkefna, sé upplýst um viðeigandi vinnu við gerð staðla og starfsemi innan samræmingarhóps tilkynntu stofunnar, sem komið er á fót samkvæmt viðeigandi samhæfingarlöggjöf Sambandsins, og að stjórnsýsluákvarðanir og skjöl, sem eru afrakstur af vinnu þessa hóps, séu notuð sem almennar leiðbeiningar.

22. gr.

Fyrirframætlað samræmi tilkynntra stofa

Ætla skal fyrirfram að samræmismatsstofa uppfylli þær kröfur sem settar eru fram í 21. gr., að svo miklu leyti sem gildandi samhæfðir staðlar ná yfir þær kröfur, ef hún sýnir fram á að hún uppfylli viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í viðeigandi samhæfðum stöðlum eða hlutum þeirra og tilvísun í þá hefur verið birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

23. gr.

Dótturfyrirtæki og undirverktakastarfsemi tilkynntra stofa

1. Ef tilkynnt stofa felur undirverktaka sérstök verkefni í tengslum við samræmismat eða nýtir sér dótturfyrirtæki, skal hún tryggja að undirverktakinn eða dótturfyrirtækið uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í 21. gr. og upplýsa tilkynningaryfirvald þar um.

2. Tilkynntar stofur skulu bera fulla ábyrgð á þeim verkefnum sem undirverktakar eða dótturfyrirtæki framkvæma, án tillits til staðsetningar.

3. Starfsemi má aðeins fela undirverktaka eða dótturfyrirtæki með samþykki viðskiptavinarins.

4. Tilkynntar stofur skulu hafa tiltæk fyrir tilkynningaryfirvaldið öll skjöl sem skipta máli varðandi mat á réttindum og hæfi undirverktakans eða dótturfyrirtækisins og þau verkefni sem þær framkvæma samkvæmt lið 3.2. í I. viðauka og II. viðauka.

24. gr.

Umsókn um tilkynningu

1. Samræmismatsstofa skal leggja fram umsókn um tilkynningu til tilkynningaryfirvalds aðildarríkisins þar sem hún hefur staðfestu.

2. Með umsókninni um tilkynningu skal fylgja lýsing á samræmismatsstarfsemi, aðferðareiningu eða -einingum samræmismats og því hylki eða þeim hylkjum sem stofan fullyrðir að hæfi hennar nái til, ásamt faggildingarvottorði, ef það er fyrirliggjandi, sem gefið er út af faggildingarstofu í aðildarríki, þar sem staðfest er að samræmismatsstofan uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 21. gr.

3. Ef hlutaðeigandi samræmismatsstofa getur ekki lagt fram faggildingarvottorð skal hún láta tilkynningaryfirvaldinu í té öll skrifleg sönnunargögn sem nauðsynleg eru fyrir sannprófun, viðurkenningu og reglulega vöktun á því að hún fari að kröfunum sem mælt er fyrir um í 21. gr.

25. gr.

Málsmeðferð við tilkynningu

1. Tilkynningaryfirvöld mega einungis tilkynna þær samræmismatsstofur sem hafa uppfyllt kröfurnar sem mælt er fyrir um í 21. gr.

2. Þau skulu tilkynna þær til framkvæmdastjórnarinnar og hinna aðildarríkjanna með því að nota rafræna tilkynningartækið sem framkvæmdastjórnin hefur þróað og haft umsjón með.

3. Í tilkynningunni skulu vera ítarlegar upplýsingar um samræmismatsstarfsemina, aðferðareiningu eða -einingar samræmismats, það eða þau hylki sem um er að ræða og viðeigandi staðfesting á hæfi.

4. Ef tilkynning byggist ekki á faggildingarvottorði, eins og um getur í 2. mgr. 24. gr., skal tilkynningaryfirvaldið láta framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum í té skrifleg sönnunargögn sem staðfesta hæfi samræmismatsstofunnar og það fyrirkomulag sem er til staðar til að tryggja að reglulegt eftirlit sé haft með stofunni og að hún haldi áfram að uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 21. gr.

5. Hlutaðeigandi stofu er aðeins heimilt að annast starfsemi tilkynntrar stofu hreyfi framkvæmdastjórnin eða hin aðildarríkin ekki andmælum innan tveggja vikna frá tilkynningu ef stuðst er við faggildingarvottorð eða innan tveggja mánaða ef ekki er stuðst við faggildingarvottorð.

Aðeins slík stofa skal teljast tilkynnt stofa að því er þessa tilskipun varðar.

6. Tilkynningaryfirvaldið skal tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um allar síðari breytingar á tilkynningunni sem máli skipta.

26. gr.

Kenninúmer og skrár yfir tilkynntar stofur

1. Framkvæmdastjórnin skal úthluta tilkynntri stofu kenninúmeri.

Hún skal aðeins úthluta einu slíku númeri þó svo að stofan sé tilkynnt samkvæmt mörgum gerðum Sambandsins.

2. Framkvæmdastjórnin skal gera skrána yfir stofurnar, sem tilkynntar eru samkvæmt þessari tilskipun, aðgengilega öllum, þ.m.t. kenninúmerin sem þeim hefur verið úthlutað og starfsemin sem þeim hefur verið falin.

Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að skráin sé uppfærð.

27. gr.

Breytingar á tilkynningum

1. Ef tilkynningaryfirvald hefur komist að raun um eða hefur verið upplýst um að tilkynnt stofa uppfylli ekki lengur kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 21. gr., eða ræki ekki skyldur sínar skal tilkynningaryfirvaldið takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla tilkynningu, eins og við á, háð því hversu alvarlegur misbrestur er á því að þessar kröfur eða skyldur séu uppfylltar. Það skal tafarlaust tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um það.

2. Ef tilkynning er takmörkuð, felld tímabundið úr gildi eða afturkölluð, eða ef tilkynnta stofan hefur lagt niður starfsemi skal tilkynningaraðildarríkið gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að annaðhvort vinni önnur tilkynnt stofa úr skjölum þeirrar stofu eða að skjölin séu höfð tiltæk þar til bærum tilkynningaryfirvöldum og markaðseftirlitsyfirvöldum, sé þess óskað.

28. gr.

Hæfi tilkynntra stofa vefengt

1. Framkvæmdastjórnin skal rannsaka öll tilvik þar sem hún hefur efasemdir um hæfi tilkynntrar stofu eða um að tilkynnt stofa uppfylli áfram þær kröfur og skyldur sem á henni hvíla, og öll tilvik þar sem athygli hennar er vakin á slíkum efasemdum.

2. Tilkynningaraðildarríkið skal, sé þess óskað, veita framkvæmdastjórninni allar upplýsingar sem varða ástæður fyrir tilkynningunni eða áframhaldandi hæfi hlutaðeigandi tilkynntrar stofu.

3. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að farið sé með allar viðkvæmar upplýsingar, sem fást úr rannsóknum hennar, sem trúnaðarmál.

4. Ef framkvæmdastjórnin kemst að raun um að tilkynnt stofa uppfylli ekki, eða uppfylli ekki lengur, kröfurnar viðvíkjandi tilkynningu hennar, skal hún samþykkja framkvæmdargerð og óska eftir því að tilkynningaraðildarríkið geri nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta, þ.m.t. að afturkalla tilkynningu, ef nauðsyn krefur.

Sú framkvæmdargerð skal samþykkt í samræmi við ráðgjafarnefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 39. gr.

29. gr.

Skyldur er varða starfsemi tilkynntra stofa

1. Tilkynntar stofur skulu vinna samræmismat í samræmi við samræmismatsaðferðirnar sem kveðið er á um í II. viðauka.

2. Við framkvæmd samræmismats skal gæta meðalhófs til að forðast að leggja óþarfa byrðar á rekstraraðila.

Samræmismatsstofur skulu í starfsemi sinni taka tilhlýðilegt tillit til stærðar fyrirtækis, geirans sem það starfar í, skipulags þess, hversu flókna framleiðslutækni er um að ræða og hvort um fjölda- eða raðframleiðslu er að ræða.

Við það skulu þeir samt sem áður virða það hversu strangar kröfur eru gerðar og það verndarstig sem krafist er til þess að hylkið uppfylli ákvæði þessarar tilskipunar.

3. Ef tilkynnt stofa kemst að þeirri niðurstöðu að framleiðandi hafi ekki uppfyllt grunnkröfurnar um öryggi, sem settar eru fram í I. viðauka eða samsvarandi samhæfðum stöðlum eða öðrum tækniforskriftum, skal hún krefjast þess að framleiðandinn geri viðeigandi ráðstafanir til úrbóta og skal ekki gefa út samræmisvottorð.

4. Ef tilkynnt stofa kemst að þeirri niðurstöðu, við vöktun á því að samræmis sé gætt í kjölfar útgáfu á vottorði, að hylki uppfylli ekki lengur ákvæði skal hún krefjast þess að framleiðandinn geri viðeigandi ráðstafanir til úrbóta og skal fella vottorðið tímabundið úr gildi eða afturkalla það ef nauðsyn krefur.

5. Ef ekki eru gerðar ráðstafanir til úrbóta eða þær hafa ekki tilskilin áhrif skal tilkynnta stofan takmarka vottorðin, fella þau tímabundið úr gildi eða afturkalla þau, eins og við á.

30. gr.

Áfrýjun ákvarðana sem tilkynntar stofur hafa tekið

Aðildarríkin skulu tryggja að fyrir hendi sé málsmeðferð við áfrýjun ákvarðana sem tilkynntar stofur hafa tekið.

31. gr.

Upplýsingaskylda tilkynntra stofa

1. Tilkynntar stofur skulu upplýsa tilkynningaryfirvaldið um:

a) tilvik þar sem synjað er um vottorð, það takmarkað, fellt tímabundið úr gildi eða afturkallað,

b) aðstæður sem hafa áhrif á gildissvið tilkynningar eða skilyrði fyrir henni,

c) beiðnir sem þeim hafa borist frá markaðseftirlitsyfirvöldum um upplýsingar varðandi samræmismatsstarfsemi,

d) sé þess óskað, samræmismatsstarfsemi sem hefur farið fram innan gildissviðs tilkynningar þeirra og alla aðra starfsemi sem hefur farið fram, þ.m.t. starfsemi sem nær yfir landamæri og undirverktakastarfsemi.

2. Tilkynntar stofur skulu veita öðrum stofum, sem eru tilkynntar samkvæmt þessari tilskipun og annast sambærilega samræmismatsstarfsemi á sömu hylkjum, viðeigandi upplýsingar um mál er varða neikvæðar og, sé þess óskað, jákvæðar niðurstöður samræmismats.

32. gr.

Miðlun reynslu

Framkvæmdastjórnin skal sjá fyrir skipulagningu á miðlun reynslu milli landsyfirvalda aðildarríkjanna sem bera ábyrgð á viðmiðunarreglum varðandi tilkynningar.

33. gr.

Samræming tilkynntra stofa

Framkvæmdastjórnin skal tryggja að komið sé á viðeigandi samræmingu og samstarfi á milli stofa, sem tilkynntar eru samkvæmt þessari tilskipun, og að þessi samræming og þetta samstarf fari fram með fullnægjandi hætti innan sérsviðshópa tilkynntra stofa.

Aðildarríkin skulu tryggja að aðilarnir sem þau tilkynna taki þátt í vinnu þessa hóps eða hópa, annaðhvort með beinum hætti eða í gegnum tilnefnda fulltrúa.

5. KAFLI

MARKAÐSEFTIRLIT EVRÓPUSAMBANDSINS, EFTIRLIT MEÐ HYLKJUM SEM ERU FLUTT INN Á MARKAÐ SAMBANDSINS OG VERNDARRÁÐSTAFANAMEÐFERÐ SAMBANDSINS

34. gr.

Markaðseftirlit Evrópusambandsins og eftirlit með hylkjum sem flutt eru inn á markað Sambandsins

Ákvæði 3. mgr. 15. gr. og 16. til 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008 skulu gilda um hylki sem falla undir 1. gr. þessarar tilskipunar.

35. gr.

Málsmeðferð sem á við um hylki sem hætta stafar af á landsvísu

1. Ef markaðseftirlitsyfirvöld í einu aðildarríki hafa nægilegar ástæður til að ætla að hylki hafi í för með sér alvarlega áhættu fyrir heilbrigði eða öryggi fólks eða eignir eða umhverfi, skulu þau framkvæma mat á viðkomandi hylki sem tekur til allra krafna sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Viðkomandi rekstraraðilar skulu í þessum tilgangi hafa samvinnu við markaðseftirlitsyfirvöld eins og nauðsyn krefur.

Ef markaðseftirlitsyfirvöld komast að þeirri niðurstöðu á meðan matið, sem um getur í fyrstu undirgrein, fer fram að hylkið uppfyllir ekki kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun skulu þau án tafar krefjast þess að viðkomandi rekstraraðili grípi til allra viðeigandi aðgerða til úrbóta til að hylkið uppfylli þessar kröfur, taki hylkið af markaði eða innkalli það innan hæfilegs frests, sem yfirvöld mæla fyrir um miðað við eðli áhættunnar.

Markaðseftirlitsyfirvöld skulu upplýsa viðkomandi tilkynnta stofu um það.

Ákvæði 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008 skulu gilda að því er varðar þær ráðstafanir sem um getur í annarri undirgrein þessarar málsgreinar.

2. Ef markaðseftirlitsyfirvöld telja að þau tilvik þar sem ekki er farið að ákvæðum einskorðist ekki við þeirra yfirráðasvæði skulu þau upplýsa framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin um niðurstöður matsins og um aðgerðirnar sem þau hafa krafist að rekstraraðilinn grípi til.

3. Rekstraraðilinn skal tryggja að gripið sé til allra viðeigandi aðgerða til úrbóta að því er varðar öll viðkomandi hylki sem hann hefur boðið fram á markaði í gervöllu Sambandinu.

4. Ef viðkomandi rekstraraðili grípur ekki til fullnægjandi aðgerða til úrbóta innan þess frests sem um getur í annarri undirgrein 1. liðar skulu markaðseftirlitsyfirvöld gera allar viðeigandi bráðabirgðaráðstafanir til að banna eða takmarka að hylkið sé boðið fram á markaði í heimalandi þeirra, taka hylkið af þeim markaði eða innkalla það.

Markaðseftirlitsyfirvöld skulu án tafar tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um þessar ráðstafanir.

5. Í upplýsingunum, sem um getur í annarri undirgrein 4. mgr., skulu koma fram allar tiltækar upplýsingar, einkum gögn sem eru nauðsynleg til að sanngreina hylkið sem ekki uppfyllir kröfurnar, uppruna hylkisins, eðli meintra tilvika þar sem ekki var farið að ákvæðum og áhættunnar sem því fylgir, eðli og gildistíma landsbundinna ráðstafana sem gerðar hafa verið, ásamt rökstuðningi viðkomandi rekstraraðila. Einkum skulu markaðseftirlitsyfirvöld geta þess hvort ekki sé farið að ákvæðum:

a) sökum þess að hylki uppfyllir ekki kröfur varðandi heilbrigði eða öryggi manna eða verndun eigna eða umhverfis eða

b) sökum annmarka á samhæfðu stöðlunum sem um getur í 12. gr. og sem eru grundvöllur fyrir fyrirframætluðu samræmi.

6. Aðildarríki, önnur en það aðildarríki sem hefur frumkvæði að málsmeðferðinni samkvæmt þessari grein, skulu án tafar upplýsa framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin um allar samþykktar ráðstafanir og allar viðbótarupplýsingar sem þau hafa yfir að ráða að því er varðar viðkomandi hylki sem ekki uppfyllir kröfur og, komi upp ágreiningur um samþykkta ráðstöfun aðildarríkis, um andmæli sín.

7. Ef aðildarríki eða framkvæmdastjórnin hafa ekki hreyft andmælum innan þriggja mánaða frá viðtöku upplýsinganna sem um getur í annarri undirgrein 4. mgr., að því er varðar bráðabirgðaráðstöfun sem aðildarríki hefur gert, skal sú ráðstöfun teljast réttlætanleg.

8. Aðildarríki skulu tryggja að viðeigandi takmarkandi ráðstafanir að því er varðar viðkomandi hylki, t.d. að taka hylkið af markaði, séu gerðar án tafar.

36. gr.

Verndarráðstafanameðferð Sambandsins

1. Ef, við lok málsmeðferðarinnar sem sett er fram í 3. og 4. mgr. 35. gr., andmælum er hreyft við ráðstöfun sem aðildarríki gerir, eða ef framkvæmdastjórnin telur að ráðstöfun aðildarríkis stríði gegn löggjöf Sambandsins skal framkvæmdastjórnin án tafar hefja viðræður við aðildarríkin og viðkomandi rekstraraðila og leggja mat á ráðstöfun aðildarríkis. Á grundvelli niðurstaðna þessa mats skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerð til að ákveða hvort ráðstöfun aðildarríkisins sé réttlætanleg eða ekki.

Framkvæmdastjórnin skal beina ákvörðun sinni til allra aðildarríkja og skal þegar í stað veita þeim og viðkomandi rekstraraðila eða rekstraraðilum upplýsingar þar um.

2. Teljist ráðstöfun aðildarríkis réttlætanleg skulu öll aðildarríki gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að hylki, sem ekki uppfyllir kröfurnar, sé tekið af markaði þeirra og tilkynna framkvæmdastjórninni um það. Teljist ráðstöfun aðildarríkis ekki réttlætanleg skal hlutaðeigandi aðildarríki afturkalla ráðstöfunina.

3. Ef ráðstöfun aðildarríkis telst réttlætanleg og hylkið telst ekki uppfylla kröfur sökum annmarka í samhæfðu stöðlunum, sem um getur í b-lið 5. mgr. 35. gr. þessarar tilskipunar, skal framkvæmdastjórnin beita málsmeðferðinni sem kveðið er á um í 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1025/2012.

37. gr.

Hylki sem uppfylla kröfur en áhætta stafar af

1. Ef aðildarríki kemst að þeirri niðurstöðu, að loknu mati skv. 1. mgr. 35. gr., að enda þótt hylki sé í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar hafi það áhættu í för með sér fyrir heilbrigði eða öryggi manna, húsdýr eða eignir skal aðildarríkið krefjast þess að viðkomandi rekstraraðili grípi til allra viðeigandi ráðstafana til að tryggja að þessi áhætta stafi ekki lengur af viðkomandi hylki þegar það er sett á markað, taki hylkið af markaði eða innkalli það innan hæfilegs frests, sem aðildarríkið mælir fyrir um miðað við eðli áhættunnar.

2. Rekstraraðilinn skal tryggja að gripið sé til aðgerða til úrbóta að því er varðar öll viðkomandi hylki sem hann hefur boðið fram á markaði í gervöllu Sambandinu.

3. Aðildarríkið skal tafarlaust tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um það. Í þessum upplýsingum skulu koma fram öll tiltæk smáatriði, einkum gögn sem nauðsynleg eru til að sanngreina viðkomandi hylki, uppruna og aðfangakeðju hylkisins, eðli áhættunnar sem því fylgir og eðli og gildistíma landsbundinna ráðstafana sem gerðar hafa verið.

4. Framkvæmdastjórnin skal án tafar hefja viðræður við aðildarríkin og viðkomandi rekstraraðila og leggja mat á ráðstafanir aðildarríkis sem gerðar hafa verið. Á grundvelli niðurstaðna þessa mats skal framkvæmdastjórnin ákveða með framkvæmdargerðum hvort ráðstöfun aðildarríkis er réttlætanleg eða ekki og, ef nauðsyn krefur, leggja til viðeigandi ráðstafanir.

Framkvæmdargerðirnar sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 39. gr.

Þegar brýna nauðsyn ber til í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum varðandi verndun heilbrigðis og öryggis einstaklinga eða húsdýra eða verndun eigna, skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir, sem öðlist strax gildi, í samræmi við málsmeðferðina sem vísað er til í 4. mgr. 39. gr.

5. Framkvæmdastjórnin skal beina ákvörðun sinni til allra aðildarríkja og skal þegar í stað veita þeim og viðkomandi rekstraraðila eða rekstraraðilum upplýsingar þar um.

38. gr.

Kröfur formlega ekki uppfylltar

1. Með fyrirvara um 35. gr. skal aðildarríki, komist það að einni af eftirfarandi niðurstöðum, krefjast þess að viðkomandi rekstraraðili ráði bót á eftirfarandi ósamræmi við kröfur:

a) að CE-merki hafi verið fest á þannig að það brjóti gegn ákvæði 30. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008 eða 16. gr. þessarar tilskipunar,

b) að CE-merki hafi ekki verið fest á,

c) að kenninúmer tilkynntu stofunnar, sem tekur þátt í eftirlitsþætti framleiðslunnar, hafi verið fest á þannig að það brjóti gegn ákvæði 16. gr. eða hafi ekki verið fest á,

d) að áletranirnar sem um getur í 1. lið III. viðauka hafi ekki verið festar á eða festar á þannig að það brjóti gegn ákvæðum 16. gr. eða 1. liðar III. viðauka,

e) að ESB-samræmisyfirlýsing hafi ekki verið útbúin,

f) að ESB-samræmisyfirlýsing hafi ekki verið útbúin með réttum hætti,

g) að tæknigögnin séu annaðhvort ekki tiltæk eða ekki tæmandi.

h) að upplýsingarnar, sem um getur í 6. mgr. 6. gr. eða 3. mgr. 8. gr., vanti, séu rangar eða ófullnægjandi,

i) að aðrar stjórnsýslukröfur, sem kveðið er á um í 6. eða 8. gr., séu ekki uppfylltar.

2. Sé enn um að ræða tilvik, sem um getur í 1. mgr., þar sem ekki er farið að ákvæðum skal hlutaðeigandi aðildarríki gera allar viðeigandi ráðstafanir til að takmarka eða banna að hylkið sé boðið fram á markaði eða tryggja að það sé afturkallað eða tekið af markaði.

6. KAFLI

NEFND, UMBREYTINGAR- OG LOKAÁKVÆÐI

39. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar um einföld þrýstihylki. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

4. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011, í tengslum við 5. gr. þeirrar reglugerðar.

5. Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við nefndina um málefni sem krefjast samráðs við sérfræðinga á viðkomandi sviði samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1025/2012 eða samkvæmt annarri löggjöf Sambandsins.

Nefndin getur enn fremur rannsakað öll önnur mál sem varða beitingu þessarar tilskipunar, sem annaðhvort formaður hennar vekur athygli á eða fulltrúi aðildarríkis, í samræmi við starfsreglur nefndarinnar.

40. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu mæla fyrir um reglur um viðurlög við brotum rekstraraðila gegn ákvæðum landslaga sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé framfylgt. Slíkar reglur geta falið í sér refsiviðurlög vegna alvarlegra brota.

Viðurlögin, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa letjandi áhrif.

41. gr.

Umbreytingarákvæði

Aðildarríkin skulu ekki hindra að hylki, sem falla undir tilskipun 2009/105/EB og sem eru í samræmi við þá tilskipun og sem voru sett á markað og/eða tekin í notkun fyrir 20. apríl 2016, séu boðin fram á markaði.

Vottorð sem gefin eru út af viðurkenndum skoðunaraðilum samkvæmt tilskipun 2009/105/EB gilda samkvæmt þessari tilskipun.

42. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að 2. gr., 6. til 41. gr., II. viðauka og IV. viðauka eigi síðar en 19. apríl 2016. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ráðstafana.

Þau skulu beita þessum ráðstöfunum frá 20. apríl 2016.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Í þeim skal einnig vera yfirlýsing um að líta beri á tilvísanir í gildandi lögum og stjórnsýslufyrirmælum í tilskipunina, sem er felld niður með þessari tilskipun, sem tilvísanir í þessa tilskipun. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun og hvernig yfirlýsingin skal sett fram.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

43. gr.

Niðurfelling

Tilskipun 2009/105/EB, eins og henni var breytt með reglugerðinni sem tilgreind er í A-hluta V. viðauka, er felld úr gildi frá og með 20. apríl 2016, með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar þá fresti til lögleiðingar og gildistökudagsetningar tilskipananna, sem eru tilgreindir í B-hluta V. viðauka.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í VI. viðauka.

44. gr.

Gildistaka og beiting

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 1., 3., 4. og 5. gr. og I. og III. viðauka gilda frá og með 20. apríl 2016.

45. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 26. febrúar 2014.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
M. SCHULZ	D. KOURKOULAS
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

GRUNNKRÖFUR UM ÖRYGGI

1. **Efni**

Efni skal velja með tilliti til fyrirhugaðrar notkunar hylkjanna og í samræmi við lið 1.1 til 1.4.

1.1. *Hlutar undir þrýstingi*

Efnin sem notuð eru í framleiðslu á þeim hlutum hylkisins sem eru undir þrýstingi skulu:

a) henta til suðu,

b) vera sveigjanleg og seig þannig að brot við lágmarksvinnuhitastig valdi því ekki að þau sundrist eða brotni í stökku broti,

c) vera öldrunarþolin.

Að auki skulu efni í stálhylki uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í lið 1.1.1 og efni í hylki úr áli eða álblendi uppfylla kröfurnar í lið 1.1.2.

Þessum efnum skal fylgja skoðunarskjal frá framleiðanda efnisins eins og lýst er í i. lið liðar 3.1 í III. viðauka.

1.1.1. Stálhylki

Óblendið gæðastál skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) það skal vera róað og afhent að lokinni normalglóðun eða í tilsvarandi ástandi,

b) kolefnisinnihald efnisins skal vera innan við 0,25% og brennisteins- og fosfórmagn innan við 0,05% af hvoru um sig,

c) aflfræðilegir eiginleikar efnisins skulu vera sem hér segir:

i. hámarkstogþol $R_{m,\,max}$ skal vera innan við 580 N/mm^2,

ii. lenging við brot skal vera:

ef prófunarhlutarnir eru teknir samsíða völsunarstefnu efnisins:

Þykkt ≥ 3 mm	A	≥ 22%,
Þykkt ≥ 3 mm	$A_{80\ mm}$	≥ 17%,

ef prófunarhlutarnir eru teknir hornrétt á völsunarstefnu efnisins:

Þykkt ≥ 3 mm	A	≥ 20%,
Þykkt ≥ 3 mm	$A_{80\ mm}$	≥ 15%,

iii. meðalgildi beygjubrotorku KCV þriggja prófunarhluta sem teknir eru samsíða völsunarstefnu efnisins skulu ekki vera undir 35 J/cm^2 við lágmarksvinnuhitastig. Aðeins eitt gildi af þessum þremur má vera minna en 35 J/cm^2 og undir engum kringumstæðum minna en 25 J/cm^2. Þessir eiginleikar skulu kannaðir þegar um er að ræða stál sem ætlað er til notkunar við framleiðslu á hylkjum sem eru ætluð fyrir lægra vinnuhitastig en –10 °C og eru með meira en 5 mm veggjarþykkt.

1.1.2. Álhylki

Óblendið ál skal hafa a.m.k. 99,5% álinnihald og álblendið, sem um getur í b-lið 1. mgr. 1. gr., skal hafa nægilegt þol gegn kornamarkatæringu við hámarksvinnuhitastig.

Þessi efni skulu enn fremur uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) þau skulu afhent í glóðuðu ástandi,

b) þau skulu hafa eftirfarandi aflfræðilega eiginleika:

– hámarkstogþol $R_{m, max}$ má ekki vera meira en 350 N/mm^2,

– lenging við brot skal vera:

– $A \geq 16\%$ ef prófunarhlutinn er tekinn samsíða völsunarstefnu efnisins,

– $A \geq 14\%$ ef prófunarhlutinn er tekinn hornrétt á völsunarstefnu efnisins,

1.2. *Suðuefni*

Efnin sem notuð eru við suðu hylkja, eða til að sjóða á þau, skulu vera af réttri gerð og hafa eiginleika sambærilega við efnin sem á að sjóða saman.

1.3. *Fylgihlutir sem stuðla að styrk hylkis*

Þessir fylgihlutir (t.d. boltar og rær) skulu gerðir úr efni sem er tilgreint í lið 1.1 eða öðrum tegundum stáls, áls eða álblendis, sem er af réttri gerð og sambærilegt við efnin sem notuð eru til framleiðslu á þeim hlutum hylkisins sem eru undir þrýstingi.

Síðarnefndu efnin skulu vera hæfilega seig og hafa hæfilega lengingu við brot og beygjubrotorku við lágmarksvinnuhitastig.

1.4. *Hlutar sem eru ekki undir þrýstingi*

Allir hlutar hylkis sem eru ekki undir þrýstingi skulu gerðir úr efnum sem hafa eiginleika sambærilega við efnin sem þeir eru soðnir við.

2. **Hönnun hylkis**

a) Við hönnun hylkis skal framleiðandinn ákveða notkun þess með því að velja:

i. lágmarksvinnuhitastig T_{min},

ii. hámarksvinnuhitastig T_{max},

iii. hámarksvinnuþrýsting PS.

Ef valið er lágmarksvinnuhitastig, sem er yfir –10 °C, skulu eiginleikar efnanna, sem krafa er gerð um, koma fram við –10 °C.

b) Framleiðandinn skal enn fremur taka tillit til eftirfarandi:

i. hægt á að vera að skoða hylkin að innanverðu,

ii. hægt á að vera að tæma hylkin,

iii. aflfræðilegir eiginleikar hylkjanna skulu haldast óbreyttir í þann tíma sem hylkið er í notkun eins og til er ætlast,

iv. hylkin skulu hafa fullnægjandi vörn gegn tæringu með tilliti til fyrirhugaðrar notkunar.

c) Framleiðandinn skal taka tillit til þess við fyrirhuguð notkunarskilyrði:

i. að hylkin verði ekki fyrir álagi sem getur dregið úr öryggi við notkun þeirra,

ii. að innri þrýstingur sé ekki að jafnaði yfir hámarksvinnuþrýstingi PS. Hann má þó vera hærri í stuttan tíma eða 10% mest.

d) Hringferilssuður og langsuður skulu soðnar með fullri gegnumsuðu eða öðrum suðuaðferðum sem hafa sömu virkni. Kúptir endar aðrir en hálfkúluendar skulu vera með kanti hringinn í kring.

2.1. *Þykkt hylkisveggja*

Ef margfeldi PS × V er minna en eða jafnt og 3000 bör á lítra, skal framleiðandinn velja eina af aðferðunum sem lýst er í liðum 2.1.1 og 2.1.2 til að ákvarða þykkt hylkisveggjanna, eða ef margfeldi PS × V er meira en 3000 bör á lítra eða ef hámarksvinnuhitastig er yfir 100 °C skal reikna þessa þykkt samkvæmt aðferðinni sem er lýst í lið 2.1.1.

Þykkt veggja og enda hylkis má þó ekki vera minni en 2 mm í stálhylkjum og ekki minni en 3 mm í hylkjum úr áli eða álblendi.

2.1.1. Reikniaðferð

Lágmarksþykkt þeirra hluta hylkisins sem eru undir þrýstingi skal reikna með tilliti til álagsþátta og eftirfarandi ákvæða:

a) þrýstingurinn sem er lagður til grundvallar í útreikningum skal vera meiri en eða jafn hámarksvinnuþrýstingnum sem hefur verið valinn,

b) leyfilegt álag á hylkisskelina skal vera minna en eða jafnt því sem hefur lægra gildi, 0,6 R_{eT} eða 0,3 R_m. Við ákvörðun leyfilegs álags skal framleiðandinn nota lægstu gildi sem framleiðandi efnisins ábyrgist fyrir R_{eT} og R_m.

Þegar ein eða fleiri samskeyti eru soðin eftir endilöngum sívalningshluta hylkisins með öðrum suðuaðferðum en sjálfvirkum skal þykktin, sem er reiknuð eins og um getur í fyrsta undirlið, þó margfölduð með stuðlinum 1,15.

2.1.2. Tilraunaaðferð

Þykkt hylkisveggjanna skal ákveðin með tilliti til þess að hylkið geti við stofuhita staðist þrýsting sem er a.m.k. fimmfaldur hámarksvinnuþrýstingur, með stuðulinn 1% eða þar undir fyrir varanlega aflögun á hringferli.

3. **Framleiðsluferli**

Framleiðsla og eftirlit með framleiðslu hylkja skal vera í samræmi við 2., 3. eða 4. lið II. viðauka.

3.1. *Undirbúningur einstakra hluta hylkisins*

Undirbúningur einstakra hluta hylkisins (t.d. mótun og snið) skal ekki hafa í för með sér skemmdir á yfirborði, sprungur eða breytingu á aflfræðilegum eiginleikum, sem geta dregið úr öryggi hylkjanna.

3.2. *Suða á hlutum undir þrýstingi*

Eiginleikar suðunnar og aðliggjandi svæða skulu vera hliðstæðir því efni sem soðið er og ekki mega vera í þeim neinir yfirborðsgallar eða innri gallar sem geta dregið úr öryggi hylkjanna.

Suða skal framkvæmd í samræmi við viðurkenndar suðuaðferðir af suðumönnum með réttindi og hæfi eða fagmönnum með tilskilda hæfni. Tilkynntar stofur skulu sjá um slíka viðurkenningu og hæfnispróf.

Framleiðandinn skal einnig tryggja jöfn gæði suðunnar með því að framkvæma viðeigandi prófanir með réttum aðferðum meðan á framleiðslunni stendur. Gefa skal skýrslu um þessar prófanir.

4. **Hylkin tekin í notkun**

Hverju hylki skulu fylgja notkunarleiðbeiningar frá framleiðanda eins og um getur í 2. lið II. viðauka.

II. VIÐAUKI

SAMRÆMISMATSAÐFERÐIR

1. **ESB-gerðarprófun (aðferðareining B)**

1.1. ESB-gerðarprófun er hluti samræmismatsaðferðar þar sem tilkynnt stofa rannsakar tæknilega hönnun hylkis og sannprófar og staðfestir að tæknileg hönnun hylkisins uppfylli kröfurnar í þessari tilskipun sem gilda um hana.

1.2. ESB-gerðarprófun skal fara fram á annan hvorn eftirfarandi hátt í samræmi við 13. gr.:

– með mati á því hvort tæknileg hönnun hylkisins sé fullnægjandi með athugun á tæknigögnunum og sönnunargögnum sem um getur í lið 1.3, ásamt athugun á frumgerð af fullgerðu hylki, sem er dæmigerð fyrir fyrirhugaða framleiðslu (framleiðslugerð),

– með mati á því hvort tæknihönnun hylkisins sé fullnægjandi með athugun á tæknigögnunum og sönnunargögnunum sem um getur í lið 1.3, án þess að athuga frumgerð hylkis (hönnunargerð).

1.3. Framleiðandinn skal leggja fram umsókn um ESB-gerðarprófun hjá einni tilkynntri stofu að eigin vali.

Með umsókninni verða að fylgja:

a) nafn og heimilisfang framleiðandans og, ef viðurkenndur fulltrúi leggur fram umsóknina, einnig nafn hans og heimilisfang,

b) skrifleg yfirlýsing þess efnis að sama umsókn hafi ekki verið lögð inn hjá annarri tilkynntri stofu,

c) tæknigögnin. Tæknigögnin skulu vera með þeim hætti að unnt sé að meta hvort hylkið samræmist viðeigandi kröfum þessarar tilskipunar og þau skulu innihalda fullnægjandi greiningu og mat á áhættu.

Í tæknigögnunum skal tilgreina viðeigandi kröfur og þau skulu, að svo miklu leyti sem skiptir máli fyrir matið, fjalla um hönnun, framleiðslu og notkun hylkisins. Í tæknigögnunum skulu a.m.k. eftirfarandi atriði koma fram, þar sem það á við:

i. almenn lýsing á hylkinu,

ii. frumdrög að hönnun og framleiðsluteikningar og skýringarmyndir af íhlutum, o.s.frv.,

iii. lýsingar og skýringar sem eru nauðsynlegar til að skilja umræddar teikningar og myndir og átta sig á notkun hylkisins,

iv. skrá yfir samhæfðu staðlana sem beitt er að öllu eða einhverju leyti og hafa verið birtir í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og hafi þessum samhæfðu stöðlum ekki verið beitt, þá lýsing á þeim lausnum sem eru valdar í því skyni að uppfylla grunnkröfur um öryggi í þessari tilskipun, þ.m.t. skrá yfir viðeigandi tækniforskriftir sem var beitt. Þegar samhæfðum stöðlum hefur verið beitt að hluta til skal í tæknigögnunum tilgreina þá hluta þeirra sem beitt hefur verið,

v. niðurstöður hönnunarútreikninga sem gerðir eru, athugana sem farið hafa fram, o.s.frv.,

vi. prófunarskýrslur,

vii. í starfsleyfum skal tilgreina upplýsingarnar sem um getur í 2. lið III. viðauka,

viii. skjal með lýsingu á:

– efnunum sem eru notuð,

– suðuaðferðinni sem er beitt,

– eftirlitinu sem er viðhaft,

– öllu því sem máli skiptir varðandi hönnun hylkisins.

d) eftir atvikum, frumgerðir hylkja sem eru dæmigerðar fyrir fyrirhugaða framleiðslu. Tilkynnta stofan getur farið fram á að fá fleiri frumgerðir hylkja sé þess þörf til að gera fyrirhugaðar prófanir,

e) sönnunargögn sem sýna að tæknihönnun sé fullnægjandi. Í þessum sönnunargögnum skulu tilgreind öll gögn sem notuð hafa verið, einkum þar sem viðeigandi samhæfðum stöðlum hefur ekki verið beitt í heild. Ef nauðsyn krefur skulu í sönnunargögnunum einnig koma fram niðurstöður prófana sem framkvæmdar hafa verið í samræmi við viðeigandi tækniforskriftir, á viðeigandi rannsóknarstofu framleiðandans eða á annarri prófunarstofu fyrir hans hönd og á hans ábyrgð.

Þegar frumgerð hylkis er rannsökuð, skulu tæknigögnin einnig innihalda:

– vottorð um að viðeigandi suðuaðferð sé beitt og um réttindi og hæfi suðumanna eða annarra fagmanna,

– skoðunarskjalið fyrir efnin sem notuð eru til framleiðslu á hlutum og íhlutum sem stuðla að því að styrkja hylkið,

– skýrslu um rannsóknir og prófanir sem hafa verið gerðar eða lýsingar á fyrirhuguðu eftirliti.

1.4. Tilkynnta stofan skal:

Að því er varðar hylkið:

1.4.1. athuga tæknigögnin og sönnunargögnin til að meta hvort tæknihönnun hylkisins sé fullnægjandi.

Að því er varðar frumgerð hylkis eða frumgerðir hylkja:

1.4.2. sannprófa að frumgerð hylkisins eða frumgerðir hylkja hafi verið framleiddar í samræmi við tæknigögnin, að hættulaust sé að nota þau við þau vinnuskilyrði sem ráð er fyrir gert, og auðkenna þá þætti sem hafa verið hannaðir í samræmi við gildandi ákvæði viðeigandi samhæfðra staðla og þá þætti sem hafa verið hannaðir í samræmi við aðrar viðeigandi tækniforskriftir,

1.4.3. framkvæma eða láta framkvæma viðeigandi athuganir og prófanir til að ganga úr skugga um hvort lausnum í viðeigandi samhæfðum stöðlum hafi verið beitt rétt þegar framleiðandinn hefur valið að beita þeim,

1.4.4. framkvæma eða láta framkvæma viðeigandi athuganir og prófanir til að ganga úr skugga um hvort að lausnir sem framleiðandi beitir og felast í öðrum viðeigandi tækniforskriftum uppfylli samsvarandi grunnkröfur um öryggi í þessari tilskipun, þar sem lausnum í viðeigandi samhæfðum stöðlum hefur ekki verið beitt,

1.4.5. komast að samkomulagi við framleiðandann um hvar athuganir og prófanir skuli fara fram.

1.5. Tilkynnta stofan skal gera matsskýrslu þar sem skráð er sú starfsemi sem framkvæmd er í samræmi við lið 1.4 og niðurstaða hennar. Tilkynnta stofan skal, með fyrirvara um skyldur sínar gagnvart tilkynningaryfirvöldum, einungis birta efni þeirrar skýrslu, að hluta til eða í heild, með samþykki framleiðandans.

1.6. Ef gerðareintakið uppfyllir kröfur þessarar tilskipunar skal tilkynnta stofan gefa út ESB-gerðarprófunarvottorð handa framleiðandanum. Vottorðið skal innihalda nafn og heimilisfang framleiðandans, niðurstöður athugunarinnar, skilyrði fyrir því að vottorðið sé gilt (ef einhver eru) og nauðsynlegar upplýsingar til að auðkenna samþykkta gerðareintakið. ESB-gerðarprófunarvottorðinu getur fylgt einn viðauki eða fleiri.

ESB-gerðarprófunarvottorðið og viðaukar þess skulu innihalda allar upplýsingar sem skipta máli til að gera það kleift að meta samræmi framleiddra hylkja við gerðareintakið sem er til athugunar og framkvæma eftirlit meðan á notkun stendur. Á því skulu einnig koma fram skilyrði fyrir útgáfu þess, ef einhver eru, og lýsingar og teikningar sem nauðsynlegar eru til að bera kennsl á samþykkta gerðareintakið.

Þegar gerðareintakið uppfyllir ekki viðeigandi kröfur þessarar tilskipunar skal tilkynnta stofan synja um útgáfu ESB-gerðarprófunarvottorðsins og tilkynna umsækjanda um það og gefa ítarlegan rökstuðning fyrir synjuninni.

1.7. Tilkynnta stofan skal fylgjast með öllum breytingum sem kunna að verða á almennt viðurkenndri tækni sem benda til þess að samþykkta gerðareintakið uppfylli ekki lengur viðeigandi kröfur þessarar tilskipunar og hún skal ákvarða hvort slíkar breytingar þurfi að rannsaka frekar. Ef sú er raunin skal tilkynnta stofan upplýsa framleiðandann um það.

Framleiðandinn skal upplýsa tilkynntu stofuna, sem geymir tæknigögnin er varða ESB-gerðarprófunarvottorðið, um allar breytingar á samþykktu gerðareintaki sem geta haft áhrif á hvort hylkið uppfylli grunnkröfur um öryggi í þessari tilskipun eða skilyrði fyrir gildi vottorðsins. Fyrir slíkar breytingar skal krefjast viðbótarsamþykkis í formi viðbótar við upphaflega ESB-gerðarprófunarvottorðið.

1.8. Hver tilkynnt stofa skal upplýsa tilkynningaryfirvöld sín um þau ESB-gerðarprófunarvottorð og/eða viðbætur við þau sem hún hefur gefið út eða afturkallað og skal einnig, reglulega eða samkvæmt beiðni, veita tilkynningaryfirvöldum sínum aðgang að skránni yfir vottorð og/eða viðbætur við þau sem hefur verið synjað um, hafa verið felld tímabundið úr gildi eða takmörkuð á annan hátt.

Hver tilkynnt stofa skal upplýsa aðrar tilkynntar stofur um þau ESB-gerðarprófunarvottorð og/eða viðbætur við þau sem hún hefur synjað um samþykki, afturkallað, fellt tímabundið úr gildi eða takmarkað á annan hátt og einnig, samkvæmt beiðni, um þau vottorð og/eða viðbætur við þau sem hún hefur gefið út.

Framkvæmdastjórnin, aðildarríkin og aðrar tilkynntar stofur geta fengið afrit af ESB-gerðarprófunarvottorðunum og/eða viðbótum við þau samkvæmt beiðni. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin geta fengið afrit af tæknigögnunum og niðurstöðum athugana sem tilkynnta stofan framkvæmir samkvæmt beiðni. Tilkynnta stofan skal varðveita afrit af ESB-gerðarprófunarvottorðinu, viðaukum og viðbótum við það ásamt tæknimöppunni, þ.m.t. gögnin sem framleiðandinn leggur fram, þar til gildistími vottorðsins rennur út.

1.9. Framleiðandinn skal varðveita afrit af ESB-gerðarprófunarvottorðinu, viðaukum og viðbótum við það ásamt tæknigögnunum þannig að þau séu tiltæk fyrir landsyfirvöld í 10 ár eftir að hylkið er sett á markað.

1.10. Viðurkenndur fulltrúi framleiðandans getur lagt fram umsókn eins og um getur í lið 1.3 og uppfyllt skyldurnar sem settar eru fram í liðum 1.7 og 1.9, að því tilskildu að þær séu tilgreindar í umboðinu.

2. **Gerðarsamræmi byggt á innra framleiðslueftirliti ásamt prófun á hylkjum undir eftirliti (aðferðareining C1)**

2.1. Gerðarsamræmi byggt á innra framleiðslueftirliti ásamt prófun á hylkjum undir eftirliti með óreglulegu millibili er hluti samræmismatsaðferðar þar sem framleiðandinn uppfyllir skyldurnar sem mælt er fyrir um í liðum 2.2, 2.3 og 2.4 og tryggir og lýsir því yfir á eigin ábyrgð að hylkin, sem um er að ræða, séu í samræmi við gerðareintakið sem lýst er í ESB-gerðarprófunarvottorðinu og uppfylli kröfurnar í þessari tilskipun sem gilda um þau.

2.2. *Framleiðsla*

Framleiðandinn skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að framleiðsluferlið og vöktun þess tryggi að framleidd hylki séu í samræmi við gerðina sem lýst er í ESB-gerðarprófunarvottorðinu og uppfylli kröfur þessarar tilskipunar sem gilda um þau.

Framleiðandi skal, áður en hann hefur framleiðslu, veita tilkynntri stofu að eigin vali allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:

a) tæknigögnin, sem skulu einnig innihalda:

– vottorð um að viðeigandi suðuaðferð sé beitt og um réttindi og hæfi suðumanna eða annarra fagmanna,

– skoðunarskjalið fyrir efnin sem notuð eru til framleiðslu á hlutum og íhlutum sem stuðla að því að styrkja hylkið,

– skýrslu um rannsóknir og prófanir sem hafa verið framkvæmdar.

b) skoðunarskjal þar sem lýst er viðeigandi rannsóknum og prófunum sem ber að framkvæma meðan á framleiðslunni stendur svo og hvernig og hve oft þær skulu framkvæmdar,

c) ESB-gerðarprófunarvottorð.

2.3. *Athuganir á hylkjum*

2.3.1. Tilkynnt stofa skal framkvæma viðeigandi rannsóknir og prófanir á sérhverju framleiddu hylki til að ganga úr skugga um samræmi hylkisins við gerðareintakið sem lýst er í ESB-gerðarprófunarvottorðinu og samsvarandi kröfur í þessari tilskipun í samræmi við eftirfarandi atriði:

a) Framleiðandinn skal afhenda hylki sín í einsleitum framleiðslulotum og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að hver lota í framleiðsluferlinu sé einsleit.

b) Þegar framleiðslulota er rannsökuð skal tilkynnta stofan ganga úr skugga um að hylkin hafi verið framleidd og prófuð í samræmi við tæknigögnin og til að prófa styrkleika þeirra skal hún framkvæma vatnsþrýstingsprófun eða jafngilda loftþrýstingsprófun á öllum hylkjum í lotunni við þrýsting þar sem Ph er jafnt og 1,5 sinnum reiknaður hönnunarþrýstingur. Loftþrýstingsprófunin er háð því að aðildarríkið, þar sem hún er framkvæmd, samþykki öryggisreglurnar sem farið er eftir við prófunina.

c) Enn fremur skal tilkynnta stofan prófa gæði málmsuðu á prófunarhlutum sem að vali framleiðanda eru teknir úr sýni sem er dæmigert fyrir framleiðsluna eða úr hylki. Prófunin skal gerð á langsuðu. Þar sem notaðar eru mismunandi aðferðir við að sjóða langsuður og hringferilssuður skal þó endurtaka prófunina á hringferilssuðum.

d) Hylkin sem falla undir tilraunaaðferðina sem um getur í lið 2.1.2 í I. viðauka skulu prófuð með vatnsþrýstingsprófun, í stað prófunar á prófunarhlutum, og er hún framkvæmd á fimm hylkjum sem eru tekin af handahófi úr hverri framleiðslulotu til að ganga úr skugga um að þau séu í samræmi við grunnkröfurnar um öryggi sem settar eru fram í lið 2.1.2 í I. viðauka.

e) Tilkynnt stofa festir eða lætur festa kenninúmer sitt á sérhvert hylki í samþykktum framleiðslulotum og gefur út skriflegt samræmisvottorð um prófanir sem fram hafa farið. Öll hylkin í framleiðslulotunni má setja á markað að undanskildum þeim sem ekki hafa staðist vatnsþrýstingsprófun eða loftþrýstingsprófun.

f) Ef framleiðslulotu er hafnað skal tilkynnt stofa gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að sú framleiðslulota verði sett á markað. Ef framleiðslulotum er oft hafnað getur tilkynnt stofa frestað tölfræðilegri sannprófun.

g) Framleiðandi skal geta lagt fram þau samræmisvottorð tilkynntrar stofu sem um getur í e-lið, sé þess óskað af viðkomandi yfirvöldum.

2.3.2. Tilkynnt stofa skal láta aðildarríkinu sem tilkynnti hana í té afrit af skoðunarskýrslunni, sem samkvæmt beiðni er einnig send til hinna tilkynntu stofanna, hinna aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar.

2.3.3. Framleiðandi skal, á ábyrgð tilkynntu stofunnar, festa kenninúmer tilkynntu stofunnar á hylkið á meðan á framleiðslu stendur.

2.4. *CE-merki og ESB-samræmisyfirlýsing*

2.4.1. Framleiðandi skal festa CE-merki á sérhvert hylki sem samræmist gerðareintakinu sem er lýst í ESB-gerðarprófunarvottorðinu og uppfyllir viðeigandi kröfur í þessari tilskipun.

2.4.2. Framleiðandinn skal gera skriflega ESB-samræmisyfirlýsingu fyrir hverja gerð hylkis og varðveita hana þannig að hún sé tiltæk fyrir landsyfirvöld í 10 ár eftir að hylkið er sett á markað. Í ESB-samræmisyfirlýsingunni skal tilgreina fyrir hvaða gerð hylkis hún var samin.

2.4.3. Afrit af ESB-samræmisyfirlýsingunni skal vera aðgengilegt viðkomandi yfirvöldum samkvæmt beiðni.

2.5. *Viðurkenndur fulltrúi*

Viðurkenndur fulltrúi framleiðanda má uppfylla skyldur hans sem settar eru fram í lið 2.4, fyrir hans hönd og á hans ábyrgð, að því tilskildu að þær séu tilgreindar í umboðinu.

3. **Gerðarsamræmi byggt á innra framleiðslueftirliti ásamt athugunum undir eftirliti á hylkjum með óreglulegu millibili (aðferðareining C2)**

3.1. Gerðarsamræmi byggt á innra framleiðslueftirliti ásamt athugunum undir eftirliti á hylkjum með óreglulegu millibili er hluti samræmismatsaðferðar þar sem framleiðandinn uppfyllir skyldurnar sem mælt er fyrir um í liðum 3.2, 3.3 og 3.4 og tryggir og lýsir því yfir á eigin ábyrgð að hylkin, sem um er að ræða, séu í samræmi við gerðina sem lýst er í ESB-gerðarprófunarvottorðinu og uppfylli kröfurnar í þessari tilskipun sem gilda um þau.

3.2. *Framleiðsla*

3.2.1. Framleiðandinn skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að framleiðsluferlið og vöktun þess tryggi að framleidd hylki séu í samræmi við gerðina sem lýst er í ESB-gerðarprófunarvottorðinu og uppfylli kröfur þessarar tilskipunar sem gilda um þau.

3.2.2. Framleiðandi skal, áður en hann hefur framleiðslu, veita tilkynntri stofu að eigin vali allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:

a) tæknigögnin, sem skulu einnig innihalda:

– vottorð um að viðeigandi suðuaðferð sé beitt og um réttindi og hæfi suðumanna eða annarra fagmanna,

– skoðunarskjalið fyrir efnin sem notuð eru til framleiðslu á hlutum og íhlutum sem stuðla að því að styrkja hylkið,

– skýrslu um rannsóknir og prófanir sem hafa verið framkvæmdar.

b) ESB-gerðarprófunarvottorð,

c) skjal þar sem lýst er framleiðsluferlunum og öllum kerfisbundnum ráðstöfunum sem gerðar hafa verið fyrirfram til að tryggja að hylkin séu í samræmi við gerðareintakið sem lýst er í ESB-gerðarprófunarvottorðinu.

Tilkynnta stofan skal áður en framleiðslan hefst athuga skjölin til að votta að þau samrýmist ESB-gerðarprófunarvottorðinu.

3.2.3. Skjalið sem um getur í c-lið liðar 3.2.2 skal innihalda:

a) lýsingu á viðeigandi framleiðslu- og prófunaraðferðum í samræmi við smíði hylkjanna,

b) skoðunarskjal þar sem lýst er viðeigandi rannsóknum og prófunum sem ber að framkvæma meðan á framleiðslunni stendur svo og hvernig og hve oft þær skulu framkvæmdar,

c) skuldbindingu um að framkvæma rannsóknirnar og prófanirnar í samræmi við skoðunarskjalið, svo og vatnsþrýstingsprófun, eða, með samþykki aðildarríkisins, loftþrýstingsprófun við prófunarþrýsting sem er 1,5 sinnum reiknaður hönnunarþrýstingur, á öllum framleiddum hylkjum; sérmenntað starfsfólk, sem er óháð starfsfólki sem vinnur við framleiðsluna, skal vera ábyrgt fyrir þessum rannsóknum og prófunum og skal taka þær saman í skýrslu,

d) heimilisföng á framleiðslu- og geymslustöðum og dagsetninguna þegar framleiðsla á að hefjast.

3.3. *Athuganir á hylkjum*

Tilkynnt stofa skal gera eða láta gera athuganir á hylkjum með óreglulegu millibili, sem stofan ákvarðar, til að sannprófa gæði innri athugana á hylkjunum, m.a. að teknu tilliti til þess hversu tæknilega flókin hylkin eru og umfangs framleiðslunnar. Fullnægjandi sýni af fullunnum hylkjum, sem tilkynnta stofan tekur á staðnum fyrir setningu á markað, skal athugað og viðeigandi prófanir, eins og lýst er í viðkomandi hlutum samhæfðu staðlanna og/eða í jafngildum prófunum, sem settar eru fram í öðrum viðeigandi tækniforskriftum, skulu framkvæmdar til að ganga úr skugga um samræmi hylkisins við gerðareintakið sem lýst er í ESB-gerðarprófunarvottorðinu og hvort það uppfylli viðeigandi kröfur í þessari tilskipun.

Tilkynnta stofan skal einnig ganga úr skugga um að framleiðandinn hafi eftirlit með raðframleiddum hylkjum í samræmi við c-lið liðar 3.2.3.

Í þeim tilvikum sem sýni uppfyllir ekki samþykkt gæðastig skal tilkynnta stofan gera viðeigandi ráðstafanir.

Aðferðinni sem beita skal til að meta nothæfi sýna er ætlað að ákvarða hvort framleiðsluferli hylkisins sé innan ásættanlegra marka í því skyni að tryggja samræmi hylkisins við tilskildar kröfur.

Tilkynnt stofa skal láta aðildarríkinu sem tilkynnti hana í té afrit af skoðunarskýrslunni, sem samkvæmt beiðni er einnig send til hinna tilkynntu stofanna, hinna aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar.

Framleiðandi skal, á ábyrgð tilkynntu stofunnar, festa kenninúmer tilkynntu stofunnar á hylkið á meðan á framleiðslu stendur.

3.4. *CE-merki og ESB-samræmisyfirlýsing*

3.4.1. Framleiðandi skal festa CE-merki á sérhvert hylki sem samræmist gerðareintakinu sem er lýst í ESB-gerðarprófunarvottorðinu og uppfyllir viðeigandi kröfur í þessari tilskipun.

3.4.2. Framleiðandinn skal gera skriflega ESB-samræmisyfirlýsingu fyrir hverja gerð hylkis og varðveita hana þannig að hún sé tiltæk fyrir landsyfirvöld í 10 ár eftir að hylkið er sett á markað. Í ESB-samræmisyfirlýsingunni skal tilgreina fyrir hvaða gerð hylkis hún var samin.

3.4.3. Afrit af ESB-samræmisyfirlýsingunni skal vera aðgengilegt viðkomandi yfirvöldum samkvæmt beiðni.

3.5. *Viðurkenndur fulltrúi*

Viðurkenndur fulltrúi framleiðanda má uppfylla skyldur hans sem settar eru fram í lið 3.4, fyrir hans hönd og á hans ábyrgð, að því tilskildu að þær séu tilgreindar í umboðinu.

4. **Gerðarsamræmi byggt á innra framleiðslueftirliti (aðferðareining C)**

4.1. Gerðarsamræmi byggt á innra framleiðslueftirliti er hluti samræmismatsaðferðar þar sem framleiðandinn uppfyllir skyldurnar sem mælt er fyrir um í liðum 4.2 og 4.3 og tryggir og lýsir því yfir að hylkin, sem um er að ræða, séu í samræmi við þá gerð sem lýst er í ESB-gerðarprófunarvottorðinu og uppfylli kröfurnar í þessari tilskipun sem gilda um þær.

4.2. *Framleiðsla*

Framleiðandinn skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að framleiðsluferlið og vöktun þess tryggi að framleidd hylki séu í samræmi við samþykktu gerðina sem lýst er í ESB-gerðarprófunarvottorðinu og uppfylli kröfur þessarar tilskipunar sem gilda um þau.

Framleiðandi skal, áður en hann hefur framleiðslu, veita tilkynntu stofunni sem gaf út ESB-gerðarprófunarvottorðið allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:

a) vottorð um að viðeigandi suðuaðferð sé beitt og um réttindi og hæfi suðumanna eða annarra fagmanna,

b) skoðunarskjalið fyrir efnin sem notuð eru til framleiðslu á hlutum og íhlutum sem stuðla að því að styrkja hylkið,

c) skýrslu um rannsóknir og prófanir sem hafa verið framkvæmdar.

d) skjal þar sem lýst er framleiðsluferlunum og öllum kerfisbundnum ráðstöfunum sem gerðar hafa verið fyrirfram til að tryggja að hylkin séu í samræmi við gerðareintakið sem lýst er í ESB-gerðarprófunarvottorðinu.

Skjalið skal innihalda:

i. lýsingu á viðeigandi framleiðslu- og prófunaraðferðum í samræmi við smíði hylkjanna,

ii. skoðunarskjal þar sem lýst er viðeigandi rannsóknum og prófunum sem ber að framkvæma meðan á framleiðslunni stendur svo og hvernig og hve oft þær skulu framkvæmdar,

iii. skuldbindingu um að framkvæma rannsóknirnar og prófanirnar í samræmi við skoðunarskjalið, svo og vatnsþrýstingsprófun, eða, með samþykki aðildarríkisins, loftþrýstingsprófun við prófunarþrýsting sem er 1,5 sinnum reiknaður hönnunarþrýstingur, á öllum framleiddum hylkjum; sérmenntað starfsfólk, sem er óháð starfsfólki sem vinnur við framleiðsluna, skal vera ábyrgt fyrir þessum rannsóknum og prófunum og skal taka þær saman í skýrslu,

iv. heimilisföng á framleiðslu- og geymslustöðum og dagsetninguna þegar framleiðsla á að hefjast.

Tilkynnta stofan skal áður en framleiðslan hefst athuga skjölin til að votta að þau samrýmist ESB-gerðarprófunarvottorðinu.

4.3. *CE-merki og ESB-samræmisyfirlýsing*

4.3.1. Framleiðandi skal festa CE-merki á sérhvert hylki sem samræmist gerðareintakinu sem er lýst í ESB-gerðarprófunarvottorðinu og uppfyllir viðeigandi kröfur í þessari tilskipun.

4.3.2. Framleiðandinn skal gera skriflega ESB-samræmisyfirlýsingu fyrir hverja gerð hylkis og varðveita hana þannig að hún sé tiltæk fyrir landsyfirvöld í 10 ár eftir að hylkið er sett á markað. Í ESB-samræmisyfirlýsingunni skal tilgreina fyrir hvaða gerð hylkis hún var samin.

4.3.3. Afrit af ESB-samræmisyfirlýsingunni skal vera aðgengilegt viðkomandi yfirvöldum samkvæmt beiðni.

4.4. *Viðurkenndur fulltrúi*

Viðurkenndur fulltrúi framleiðanda má uppfylla skyldur hans sem settar eru fram í lið 4.3, fyrir hans hönd og á hans ábyrgð, að því tilskildu að þær séu tilgreindar í umboðinu.

———

III. VIÐAUKI

ÁLETRANIR, LEIÐBEININGAR, SKILGREININGAR OG TÁKN

1. **CE-merki og áletranir**

1.1. Hylki þar sem margfeldi PS × V fer yfir 50 bör á lítra skulu bera CE-merkið sem kveðið er á um í II. viðauka reglugerðar (EB) nr. 765/2008 og tvo síðustu stafina í ártalinu fyrir árið þegar CE-merkið var fest á.

1.2. Á hylkjunum eða merkiplötum þeirra skulu a.m.k. koma fram eftirfarandi upplýsingar:

a) hámarksvinnuþrýstingur (PS í börum),

b) hámarksvinnuhitastig (T_{max} í °C),

c) lágmarksvinnuhitastig (T_{min} í °C),

d) rúmtak hylkisins (V í lítrum),

e) nafn, skráð viðskiptaheiti eða skráð vörumerki og heimilisfang framleiðandans,

f) gerð og rað- eða lotunúmer hylkis.

1.3. Ef merkiplata er notuð skal hún vera þannig gerð að ekki sé hægt að nota hana oftar en einu sinni og á henni skal vera autt svæði fyrir aðrar upplýsingar.

2. **Leiðbeiningar og öryggisupplýsingar**

Í leiðbeiningum skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

a) upplýsingarnar í lið 1.2, að frátöldu rað- eða lotunúmeri hylkisins,

b) fyrirhuguð notkun hylkisins,

c) upplýsingar um viðhald og uppsetningu sem eru nauðsynlegar fyrir örugga notkun hylkisins.

3. **Skilgreiningar og tákn**

3.1. *Skilgreiningar*

a) Hönnunarþrýstingur „P“ er mæliþrýstingur sem framleiðandinn velur og notaður er til að ákvarða þykkt þeirra hluta hylkisins sem eru undir þrýstingi.

b) Hámarksvinnuþrýstingur „PS“ er mesti mæliþrýstingur sem er leyfður við venjuleg notkunarskilyrði.

c) Lágmarksvinnuhitastig T_{min} er lægsta stöðuga hitastig sem má vera í veggjum hylkisins í notkun við venjuleg notkunarskilyrði.

d) Hámarksvinnuhitastig T_{max} er hæsta stöðuga hitastig sem má vera í veggjum hylkisins við venjuleg notkunarskilyrði.

e) Flotstyrkur „R_{eT}“ er eitthvert eftirfarandi gilda við hámarksvinnuhitastig:

i. efri flotmörk R_{eH} þegar um er að ræða efni með bæði efri og neðri flotmörk,

ii. 0,2% prófunarstyrkur $R_{p0,2}$,

iii. 1,0% prófunarstyrkur $R_{p1,0}$ þegar um er að ræða óblendið ál.

f) Flokkar hylkja:

Hylki teljast tilheyra sama flokki ef eingöngu þvermál þeirra er frábrugðið frumgerðinni, að því tilskildu að leyfileg mörk sem um getur í liðum 2.1.1 og 2.1.2 í I. viðauka séu virt, og/eða lengd sívalningshluta þeirra er innan eftirfarandi marka:

i. þegar frumgerðin hefur einn eða fleiri hringi til viðbótar við endana skal a.m.k. einn hringur vera á öðrum afbrigðum,

ii. þegar frumgerðin hefur aðeins tvo kúpta enda skulu engir hringir vera á sívalningshluta annarra afbrigða.

Breytingar á lengd sem verða til þess að staðsetning opa og/eða gata breytist skulu tilgreindar á teikningum fyrir hvert afbrigði.

g) Í hverri framleiðslulotu skulu vera í mesta lagi 3000 hylki af sömu gerð.

h) Í skilningi þessarar tilskipunar er um raðframleiðslu að ræða ef fleiri en eitt hylki af sömu gerð er framleitt á tilteknu tímabili í samfelldu framleiðsluferli eftir sömu hönnun og með sömu framleiðsluaðferðum.

i) Skoðunarskjal: skjal þar sem framleiðandi efnanna vottar að vörurnar, sem hann hefur afhent, uppfylli skilmála pöntunarinnar og gerir grein fyrir niðurstöðum, einkum hvað varðar efnasamsetningu og aflfræðilega eiginleika vörunnar, úr venjubundnum eftirlitsprófunum í verksmiðjunni sem gerðar eru á vöru sem er framleidd með sömu aðferð og varan sem afhent er, en ekki nauðsynlega á henni sjálfri.

3.2. *Tákn*

A	lenging við brot ($L_o = 5{,}65\sqrt{S_o}$)	%
$A_{80\ mm}$	lenging við brot (L_o = 80 mm)	%
KCV	beygjubrotorka	J/cm^2
P	hönnunarþrýstingur	bör
PS	hámarksvinnuþrýstingur	bör
P_h	prófunarþrýstingur í vökva eða lofti	bör
$R_{p0,2}$	0,2% prófunarstyrkur	N/mm^2
R_{eT}	flotstyrkur við hámarksvinnuhitastig	N/mm^2
R_{eH}	efri flotmörk	N/mm^2
R_m	togþol	N/mm^2
$R_{m,\ max}$	mesta togþol	N/mm^2
$R_{p1,0}$	1,0% prófunarstyrkur	N/mm^2
T_{max}	hámarksvinnuhitastig	°C
T_{min}	lágmarksvinnuhitastig	°C
V	rúmtak hylkisins	L

IV. VIÐAUKI

ESB-SAMRÆMISYFIRLÝSING (NR. XXXX) ([1])

1. Hylki/gerð hylkis (framleiðslu-, gerðar-, lotu- eða raðnúmer):

2. Nafn og heimilisfang framleiðanda og, ef við á, viðurkennds fulltrúa hans,

3. Útgáfa þessarar samræmisyfirlýsingar er einungis á ábyrgð framleiðandans.

4. Hluturinn sem yfirlýsingin á við (auðkenning hylkis sem gerir rekjanleika mögulegan, ef nauðsyn krefur vegna auðkenningar hylkis getur mynd þurft að fylgja):

5. Hluturinn, sem yfirlýsingin á við um og sem lýst er hér á undan, er í samræmi við viðkomandi samhæfingarlöggjöf Sambandsins:

6. Tilvísanir í viðkomandi samhæfða staðla sem eru notaðir eða tilvísanir í aðrar tækniforskriftir sem samræmisyfirlýsing miðast við:

7. Tilkynnt stofa ... (nafn, númer) ... framkvæmdi ... (lýsing á afskiptum) ... og gaf út vottorðið:

8. Viðbótarupplýsingar:

   Undirritað fyrir og fyrir hönd:

   (útgáfustaður og dagsetning):

   (nafn, stöðuheiti)(undirritun):

———

([1]) Það er valfrjálst hvort að framleiðandinn úthlutar samræmisyfirlýsingunni númeri.

V. VIÐAUKI

A-HLUTI

Niðurfelld tilskipun með breytingum

(sem um getur í 43. gr.)

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/105/EB Stjtíð. ESB L 264, 8.10.2009, bls. 12.	
Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 Stjtíð. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12.	Aðeins j-liður 1. mgr. 26. gr.

B-HLUTI

Frestur til að leiða í landslög og gildistökudagsetningar tilskipananna sem tilgreindar eru í B-hluta IV. viðauka við tilskipun 2009/105/EB

(sem um getur í 43. gr.)

Tilskipun	Frestir til lögleiðingar	Gildistökudagur
87/404/EBE	31. desember 1989	1. júlí 1990 ([1])
90/488/EBE	1. júlí 1991	—
93/68/EBE	30. júní 1994	1. janúar 1995 ([2])

([1]) Á tímabilinu fram til 1. júlí 1992 skulu aðildarríkin, í samræmi við þriðju undirgrein 2. mgr. 18. gr. tilskipunar 87/404/EBE, heimila að hylki, sem eru í samræmi við reglur sem gilda á yfirráðasvæði þeirra fyrir 1. júlí 1990, séu sett á markað og/eða tekin í notkun.

([2]) Fram til 1. janúar 1997 skulu aðildarríkin, í samræmi við 2. mgr. 14. gr. tilskipunar 93/68/EBE, heimila að vörur, sem eru í samræmi við reglur um merkingu sem voru í gildi fyrir 1. janúar 1995, séu settar á markað og teknar í notkun.

VI. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Tilskipun 2009/105/EB	Þessi tilskipun
1. mgr. 1. gr.	Inngangsorð 1. mgr. 1. gr.
2. mgr. 1. gr.	2. mgr. 2. gr.
a-liður 3. mgr. 1. gr.	a- til e-liður 1. mgr. 1. gr.
b-liður 3. mgr. 1. gr.	—
2. gr.	3. gr.
—	2. gr.
3. gr.	4. gr.
4. gr.	5. gr.
—	6. gr.
—	7. gr.
—	8. gr.
—	9. gr.
—	10. gr.
—	11. gr.
—	12. gr.
5. gr.	—
6. gr.	—
7. gr.	—
8. gr.	—
—	13. gr.
9. gr.	—
10. gr.	—
1. og 2. mgr. 11. gr.	—
3. mgr. 11. gr.	Liður 2.3 í II. viðauka
12. gr.	—
1. mgr. 13. gr.	Liður 3.2.1 í II. viðauka
2. mgr. 13. gr.	Liður 3.2.2 í II. viðauka
3. mgr. 13. gr.	—
14. gr.	—
—	14. gr.
—	15. gr.
—	16. gr.
—	17. gr.
—	18. gr.
—	19. gr.
—	20. gr.

Tilskipun 2009/105/EB	Þessi tilskipun
—	21. gr.
—	22. gr.
—	23. gr.
—	24. gr.
—	25. gr.
—	26. gr.
—	27. gr.
—	28. gr.
—	29. gr.
—	30. gr.
—	31. gr.
—	32. gr.
—	33. gr.
15. gr.	—
16. gr.	—
17. gr.	—
—	34. gr.
—	35. gr.
—	36. gr.
—	37. gr.
—	38. gr.
—	39. gr.
—	40. gr.
—	41. gr.
18. gr.	2. mgr. 42. gr.
—	1. mgr. 42. gr.
19. gr.	43. gr.
20. gr.	44. gr.
21. gr.	45. gr.
I. viðauki	I. viðauki
—	II. viðauki
1., 2. og 4. liður II. viðauka	III. viðauki
3. liður í II. viðauka	c-liður liðar 1.3, liður 2.2, 3.2.2 og a-, b- og c-liður liðar 4.2
III. viðauki	—
—	IV. viðauki
IV. viðauki	V. viðauki
V. viðauki	VI. viðauki

YFIRLÝSING EVRÓPUÞINGSINS

Evrópuþingið telur að aðeins þegar og að því marki sem framkvæmdargerðir í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 eru ræddar á fundum nefnda, megi líta svo á að þessar nefndir séu „framkvæmdanefndir“ í skilningi I. viðauka við rammasamninginn um samskipti á milli Evrópuþingsins og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Fundir nefnda falla því innan gildissviðs 15. liðs rammasamningsins þegar og svo framarlega sem önnur mál eru rædd.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 540/2014 **2015/EES/63/30**

frá 16. apríl 2014

um hljóðstig vélknúinna ökutækja og hljóðdeyfikerfa til endurnýjunar og breytingu á tilskipun 2007/46/EB og um niðurfellingu tilskipunar 70/157/EBE (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 2. mgr. 26. gr. í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins myndar innri markaðurinn svæði án innri landamæra þar sem frjálsir vöruflutningar, frjáls för fólks, frjáls þjónustustarfsemi og frjálsir fjármagnsflutningar eru tryggð. Í þeim tilgangi er heildargerðarviðurkenningarkerfi Evrópusambandsins fyrir vélknúin ökutæki til staðar. Samræma ætti tæknilegar kröfur um ESB-gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja að því er varðar leyfilegt hljóðstig til að koma í veg fyrir mismunandi kröfur frá einu aðildarríki til annars og til að tryggja eðlilega starfsemi innri markaðarins en um leið öfluga umhverfisvernd og almannaöryggi, bætt lífsgæði og heilbrigði og með tilliti til ökutækja sem verulegra hávaðavalda í flutningageiranum.

2) Kröfur um ESB-gerðarviðurkenningu gilda nú þegar í tengslum við lög Sambandsins um ýmsa þætti afkasta vélknúinna ökutækja, svo sem losun koltvísýrings frá bílum og léttum atvinnuökutækjum, losun mengandi efna og öryggisstaðla. Tæknilegar kröfur sem gilda samkvæmt þessari reglugerð ættu að vera þróaðar með þeim hætti sem tryggir samræmda nálgun í lögum Sambandsins, með tilliti til allra viðeigandi hávaðaþátta.

3) Umferðarhávaði er skaðlegur heilsu á fjölmargan hátt. Langvarandi streita af völdum hávaða getur dregið verulega úr líkamlegri orku fólks, truflað eðlilega starfsemi líffæra og þar með dregið úr virkni þeirra. Umferðarhávaði er mögulegur áhættuþáttur við þróun heilsufarsástands og tilfella á borð við háan blóðþrýsting og hjartaáföll. Áhrif umferðarhávaða ætti að rannsaka frekar með sama hætti og kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/49/EB ([3]).

4) Í tilskipun ráðsins 70/157/EBE ([4]) eru samræmdar mismunandi tæknilegar kröfur aðildarríkjanna varðandi leyfilegt hljóðstig vélknúinna ökutækja og útblásturskerfa þeirra að því er varðar stofnun og starfsemi innri markaðarins. Að því er varðar eðlilega starfsemi innri markaðarins og til að tryggja samræmda og skilvirka beitingu í öllu Sambandinu þykir rétt að þessi reglugerð komi í stað þeirrar tilskipunar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 158, 27.5.2014, bls. 131. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 140/2015 frá 11. júní 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 191, 29.6.2012, bls. 76.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 6. febrúar 2013 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og afstaða ráðsins eftir fyrstu umræðu frá 20. febrúar 2014 (hefur ekki enn verið birt í Stjórnartíðindunum). Afstaða Evrópuþingsins frá 2. apríl 2014 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/49/EB frá 25. júní 2002 um mat og stjórn á hávaða í umhverfinu (Stjtíð. EB L 189, 18.7.2002, bls. 12).

([4]) Tilskipun ráðsins 70/157/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um leyfilegt hljóðstig og útblásturskerfi vélknúinna ökutækja (Stjtíð. EB L 42, 23.2.1970, bls. 16).

5) Þessi reglugerð telst vera aðskilin reglugerð með tilliti til gerðarviðurkenningaraðferðarinnar samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB ([5]). Því ber að breyta IV., VI. og XI. viðauka við þá tilskipun til samræmis við það.

6) Í tilskipun 70/157/EBE er vísað til reglugerðar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 51 um hávaðamengun ([6]), þar sem tilgreindar eru prófunaraðferðir fyrir hávaðamengun og til reglugerðar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 59 um samræmd ákvæði varðandi viðurkenningu á hljóðdeyfikerfum til endurnýjunar ([7]). Sambandið hefur tekið ákvörðun um að beita þessum reglugerðum þar sem það er samningsaðili að samningi efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu frá 20. mars 1958 um samþykkt samræmdra tækniforskrifta fyrir ökutæki á hjólum, búnað og hluti sem heimilt er að festa og/eða nota í ökutæki á hjólum og gekk að skilyrðunum fyrir gagnkvæmri viðurkenningu viðurkenninga sem eru veittar á grundvelli þessara forskrifta ([8]).

7) Eftir að hún var samþykkt hefur tilskipun 70/157/EBE nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum. Nýjasta lækkun á hljóðstigsmörkum fyrir vélknúin ökutæki sem kynnt var árið 1995 hafði ekki tilætluð áhrif. Rannsóknir sýndu að prófunaraðferðin sem notuð var samkvæmt þeirri tilskipun endurspeglaði ekki lengur raunverulegt aksturslag í umferð í þéttbýli. Eins og fram kom í grænbókinni um framtíðarstefnu að því er varðar hávaða frá 4. nóvember 1996 var einkum hávaði frá hjólbörðum í snúningi í heildarhávaðamengun vanáætlaður í prófunaraðferðinni.

8) Því ætti að innleiða prófunaraðferð með þessari reglugerð sem er frábrugðin þeirri sem mælt er fyrir um í tilskipun 70/157/EBE. Nýja aðferðin ætti að vera byggð á prófunaraðferðinni sem starfshópur efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu um hávaða birti árið 2007 sem fól í sér 2007-útgáfu af ISO-staðli 362. Framkvæmdastjórninni voru afhentar niðurstöður vöktunar á bæði gömlu og nýju prófunaraðferðinni.

9) Nýja prófunaraðferðin telst dæmigerð fyrir hljóðstig við venjuleg umferðarskilyrði en er minna dæmigerð fyrir hljóðstig við verstu hugsanlegu aðstæður. Því er nauðsynlegt að í þessari reglugerð sé mælt fyrir um viðbótarákvæði um hljóðmengun. Þessi ákvæði ættu að koma á fyrirbyggjandi kröfum sem ætlað er að ná yfir akstursskilyrði ökutækis í raunverulegri umferð utan akturslotu fyrir gerðarviðurkenningu og eiga að koma í veg fyrir að farið sé með sviksamlegum hætti gegnum prófunarlotur. Þessi akturskilyrði hafa umhverfislega þýðingu og nauðsynlegt er að tryggja að hljóðmengun ökutækis við akturskilyrði á vegi víki ekki verulega frá því sem búast má við út frá niðurstöðum vegna gerðarviðurkenningarprófunar fyrir það tiltekna ökutæki.

10) Ákvæði þessarar reglugerðar ættu einnig að lækka enn frekar hljóðstigsmörk. Hún ætti að taka til greina nýjar og strangari hávaðakröfur fyrir hjólbarða vélknúinna ökutækja sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 ([9]). Einnig ber að taka tillit til rannsókna sem undirstrika óþægindi og skaðleg áhrif á heilbrigði af völdum umferðarhávaða á vegum sem og tengdan kostnað og ábata.

11) Lækka ætti heildarviðmiðunarmörk að því er varðar alla hávaðavalda í vélknúnum ökutækjum, þ.m.t. loftinntak yfir aflrás og útblástursrör, með tilliti til hlutar hjólbarða í því að draga úr hávaða, eins og um getur í reglugerð (ESB) nr. 661/2009.

12) Ákvæði III. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 ([10]) sem aðildarríki skulu fara eftir þegar þau framkvæma markaðseftirlit og eftirlit með vörum sem koma inn á markað Sambandsins, gilda um vörur sem falla undir þessa reglugerð.

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun) (Stjtíð. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1).

([6]) Reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 51 — Samræmd ákvæði varðandi viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum sem hafa a.m.k. fjögur hjól að því er varðar hávaðamengun (Stjtíð ESB L 137, 30.5.2007, bls. 68).

([7]) Reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 59 — Samræmd ákvæði varðandi viðurkenningu á hljóðdeyfikerfum til endurnýjunar (Stjtíð ESB L 326, 24.11.2006, bls. 43).

([8]) Ákvörðun ráðsins 97/836/EB frá 27. nóvember 1997 með hliðsjón af aðild Evrópubandalagsins að samningi efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu um samþykkt samræmdra tækniforskrifta fyrir ökutæki á hjólum, búnað og hluti sem heimilt er að festa og/eða nota í ökutæki á hjólum og því að ganga að skilyrðunum fyrir gagnkvæmri viðurkenningu viðurkenninga sem eru veittar á grundvelli þessara forskrifta („endurskoðaður samningur frá 1958“) (Stjtíð. EB L 346, 17.12.1997, bls. 78.)

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 frá 13. júlí 2009 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra og kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem ætlaðar eru í slík ökutæki, með tilliti til almenns öryggis (Stjtíð. ESB L 200, 31.7.2009, bls. 1).

([10]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 frá 9. júlí 2008 um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum og um niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 339/93 (Stjtíð. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 30).

13) Hávaði er margháttað málefni með fjölbreytileg upptök og þætti sem hafa áhrif á hljóðið sem fólk heyrir og þær afleiðingar sem hljóðið hefur á það. Hljóðstig ökutækja er að hluta til háð umhverfinu sem ökutækin eru notuð í, einkum gæðum vegagrunnvirkja og því er þörf á betur samþættri stefnu. Í tilskipun 2002/49/EB er gerð krafa um að reglulega verði gerð stefnumarkandi hávaðakort, m.a. fyrir aðalvegi. Upplýsingarnar sem koma fram á þessum kortum geta verið grunnur að framtíðarrannsóknavinnu varðandi umhverfishávaða almennt, og einkum hávaða á vegyfirborði, sem og fyrir leiðbeiningar um bestu starfsvenjur um tæknilega þróun á gæðum vega og flokkun á gerðum vegyfirborða, ef við á.

14) Í sjöttu aðgerðaáætlun Bandalagsins á sviði umhverfismála ([11]) er sett fram rammaáætlun fyrir gerð umhverfisstefnu í Sambandinu fyrir tímabilið 2002-2012. Áætlunin kallar eftir aðgerðum á sviði hávaðamengunar til að draga verulega úr fjölda fólks sem reglulega verður fyrir áhrifum af langvarandi meðaltalshávaða, einkum frá umferð.

15) Tæknilegar ráðstafanir til að draga úr hljóðstigi frá vélknúnum ökutækjum þurfa að vera í samræmi við fjölda ólíkra krafna, svo sem krafna til að draga úr hávaðamengun og losun mengandi efna og til að bæta öryggi á meðan kostnaði við ökutækið, sem um er að ræða, er haldið í lágmarki og ökutækið gert eins skilvirkt og frekast er kostur. Í viðleitni sinni til að uppfylla allar þessar kröfur jafnt og koma á jafnvægi á milli þeirra rekst ökutækjaiðnaðurinn allt of oft á mörk þess sem núna er tæknilega mögulegt. Hönnuðum ökutækja hefur ítrekað tekist að hrófla við þessum mörkum með því að nota nýstárleg efni og aðferðir. Lög Sambandsins ættu að setja skýran ramma fyrir nýsköpun sem hægt er að ná fram innan raunhæfs tímaramma. Í þessari reglugerð er slíkum ramma komið á og þannig kveðið á um tafarlausan hvata fyrir nýsköpun samkvæmt þörfum samfélagsins, án þess að skerða það efnahagslega frelsi sem er iðnaðinum nauðsynlegt.

16) Hávaðamengun er fyrst og fremst staðbundið vandamál en þó vandamál sem kallar eftir lausn í gervöllu Sambandinu. Fyrsta þrep í sjálfbærri stefnu um hávaðamengun ætti að vera að gera ráðstafanir til að lækka hljóðstig við upptök. Þar sem markmið þessarar reglugerðar er hávaðavaldurinn sem vélknúin ökutæki eru og að því gefnu að sá hávaðavaldur sé samkvæmt skilgreiningu færanlegur eru landsráðstafanir ekki fullnægjandi.

17) Tilhögun upplýsingamiðlunar til neytenda og opinberra yfirvalda um hljóðmengun getur mögulega haft áhrif á ákvarðanir um kaup og gert það að verkum að skiptin yfir í hljóðlátari ökutækjaflota verði skjótari. Til samræmis við það ættu framleiðendur að veita upplýsingar um hljóðstig ökutækja á sölustað og í tæknilegu kynningarefni. Á merkimiða sem er sambærilegur þeim merkimiðum sem notaðir eru til að veita upplýsingar um koltvísýringslosun, eldsneytisnotkun og hávaða frá hjólbörðum ættu að vera upplýsingar til neytenda um hljóðstig ökutækis. Framkvæmdastjórnin ætti að framkvæma mat á áhrifum skilyrða varðandi merkingar sem gilda um loft- og hávaðamengunarstig og neytendaupplýsinga. Í áhrifamatinu ætti að taka tillit til ólíkra gerða ökutækja sem falla undir þessa reglugerð (þ.m.t. ökutæki sem eingöngu eru rafknúin) sem og til þeirra áhrifa sem slíkar merkingar gætu haft á ökutækjaiðnaðinn.

18) Til að draga úr umferðarhávaða ættu opinber yfirvöld að geta komið á ráðstöfunum og hvötum til að örva notkun á hljóðlátari ökutækjum.

19) Umhverfislegur ávinningur frá blendingsrafökutækjum og ökutækjum sem eru eingöngu rafknúin hefur leitt til þess að verulega hefur dregið úr hávaðamengun frá slíkum ökutækjum. Með því að draga úr henni hafa mikilvæg upptök hljóðmerkja verið fjarlægð sem gangandi vegfarendur og hjólreiðamenn sem eru blindir eða hafa skerta sjón treysta á, ásamt öðrum vegfarendum, til að vera meðvitaðir um að þessi ökutæki nálgist, séu nálæg eða fjarlægist. Af þessum sökum er iðnaðurinn að þróa hljóðviðvörunarkerfi í ökutæki (e. *Acoustic Vehicle Alerting System (AVAS)*) til að bæta upp fyrir þau hljóðmerki sem ekki eru til staðar í blendingsrafökutækjum eða ökutækjum sem eingöngu eru rafknúin. Samræma ætti frammistöðu slíkra hljóðviðvörunarkerfa sem sett eru upp í ökutækjum. Við þróun á þessum hljóðviðvörunarkerfum í ökutæki ætti að taka tillit til heildaráhrifa á hávaða í samfélögum.

20) Framkvæmdastjórnin ætti að skoða möguleika virkra öryggiskerfa í hljóðlátari ökutækjum svo sem blendingsrafökutækjum og ökutækjum sem eingöngu eru rafknúin til að stuðla frekar að því markmiði að bæta öryggi óvarinna vegfarenda í þéttbýli, svo sem gangandi vegfarenda sem eru blindir eða hafa skerta sjón eða heyrn og hjólreiðamanna og barna.

21) Hljóðstig ökutækja hefur bein áhrif á lífsgæði borgara Sambandsins, einkum í þéttbýli þar sem eru litlar eða engar almenningssamgöngur sem eru knúnar rafmagni eða ganga neðanjarðar eða grunnvirki fyrir göngu eða hjólreiðar. Einnig ætti að taka tillit til þess markmiðs að tvöfalda fjölda notenda almenningssamgangna sem Evrópuþingið setti

([11]) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1600/2002/EB frá 22. júlí 2002 um sjöttu aðgerðaáætlun Bandalagsins á sviði umhverfismála (Stjtíð. EB L 242, 10.9.2002, bls. 1).

í samþykkt sinni frá 15. desember 2011 um vegvísi að einu samevrópsku flutningasvæði – í átt að samkeppnishæfu og auðlindanýtnu flutningakerfi ([12]). Í samræmi við nálægðarregluna ættu framkvæmdastjórnin og aðildarríkin að stuðla að almenningssamgöngum, göngu og hjólreiðum, með það fyrir augum að draga úr hávaðamengun í þéttbýli.

22) Hljóðstig ökutækis er að hluta til háð því hvernig það er notað og hversu vel því er viðhaldið eftir að það er keypt. Því ætti að grípa til ráðstafana til að auka almenningsvitund í Sambandinu um mikilvægi þess að taka upp mjúkan akstursmáta og að halda sig innan hraðatakmarkana sem í gildi eru í hverju aðildarríki.

23) Til að einfalda löggjöf um gerðarviðurkenningu í Sambandinu í samræmi við tilmælin í CARS 21-skýrslunni frá 2007 þykir rétt að byggja þessa reglugerð á reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 51, að því er varðar prófunaraðferðina, og nr. 59, að því er varðar hljóðdeyfikerfi til endurnýjunar.

24) Til að gera framkvæmdastjórninni kleift að aðlaga tilteknar kröfur í I., IV., VIII. og X. viðauka við þessa reglugerð að tækniframförum, ætti framkvæmastjórninni að vera falið vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, að því er varðar breytingar á ákvæðum í þessum viðauka sem varða prófunaraðferðirnar og hljóðstigin. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð á meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu framseldra gerða ætti framkvæmdastjórnin að tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.

25) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að mæla fyrir um stjórnsýslulegar og tæknilegar kröfur fyrir ESB-gerðarviðurkenningu fyrir öll ný ökutæki að því er varðar hljóðstig þeirra og fyrir hljóðdeyfikerfi til endurnýjunar og íhluti þeirra sem eru gerðarviðurkennd sem aðskildar tæknieiningar og eru hugsuð fyrir slík ökutæki, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs og áhrifa hennar, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og sett er fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná megi því markmiði.

26) Vegna beitingar nýja eftirlitskerfisins sem mælt er fyrir um samkvæmt þessari reglugerð ætti að fella niður tilskipun 70/157/EBE,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í reglugerð þessari er komið á stjórnsýslulegum og tæknilegum kröfum fyrir ESB-gerðarviðurkenningu allra nýrra ökutækja í þeim flokkum sem um getur í 2. gr. að því er varðar hljóðstig þeirra sem og hljóðdeyfikerfa til endurnýjunar og íhluta þeirra sem gerðarviðurkennd eru sem aðskildar tæknieiningar og hönnuð og smíðuð fyrir ökutæki í flokkum M_1 og N_1, með það fyrir augum að greiða fyrir skráningu þeirra, sölu og að þau verði tekin í notkun innan Sambandsins.

2. gr.

Gildissvið

Reglugerð þessi gildir um ökutæki í flokkum M_1, M_2, M_3, N_1, N_2 og N_3, eins og skilgreint er í II. viðauka við tilskipun 2007/46/EB, og um hljóðdeyfikerfi til endurnýjunar og íhluti þeirra sem gerðarviðurkennd eru sem aðskildar tæknieiningar og hönnuð og smíðuð fyrir ökutæki í flokkum M_1 og N_1.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð gilda skilgreiningarnar sem mælt er fyrir um í 3. gr. tilskipunar 2007/46/EB.

Að auki er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „gerðarviðurkenning ökutækis“: aðferðin sem um getur í 3. gr. tilskipunar 2007/46/EB að því er varðar hljóðstig,

([12]) Stjtíð. ESB C 168 E, 14.6.2013, bls. 72.

2) „gerð ökutækis“: flokkur vélknúinna ökutækja sem eru eins að því er varðar grunnatriði eins og:

   a) fyrir ökutæki í flokkum M_1, $M_2 \leq 3500$ kg, N_1 sem prófuð eru í samræmi við lið 4.1.2.1 í II. viðauka:

      i. lögun eða efni yfirbyggingar (einkum vélarrými og hljóðeinangrun þess),

      ii. gerð hreyfils (t.d. raf- eða þjöppukveikja, tví- eða fjórgengishreyfill, stimpilhreyfill eða hverfistimpilhreyfill) fjöldi og sprengirými strokka, fjöldi eða gerð blöndunga eða innsprautunarkerfis, fyrirkomulag loka eða gerð rafhreyfils,

      iii. hámarksnettónafnafl og samsvarandi snúningshraða, ef hámarksnafnafl og samsvarandi snúningshraði eru einungis frábrugðin vegna ólíkra kenniferla hreyfla má þó líta svo á að þessi ökutæki séu af sömu gerð,

      iv. hljóðdeyfikerfi,

   b) fyrir ökutæki í flokkum M2 > 3500 kg, M_3, N_2, N_3 sem prófuð eru í samræmi við lið 4.1.2.2 í II. viðauka:

      i. lögun eða efni yfirbyggingar (einkum vélarrými og hljóðeinangrun þess),

      ii. gerð hreyfils (t.d. raf- eða þjöppukveikja, tví- eða fjórgengishreyfill, stimpilhreyfill eða hverfistimpilhreyfill) fjöldi og sprengirými strokka, gerð innsprautunarkerfis, fyrirkomulag loka, nafnsnúningshraði hreyfils (S) eða gerð rafhreyfils,

      iii. líta má svo á að ökutæki sem hafa sömu gerð hreyfils og/eða ólíkt heildargírhlutfall séu af sömu gerð.

      Ef mismunurinn í b-lið kveður á um ólík markskilyrði, eins og lýst er í lið 4.1.2.2. í II. viðauka skal þó líta svo á að þessi mismunur teljist breyting á gerð,

3) „tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu (M)“: leyfilegur hámarksmassi ökutækis, með tilliti til byggingareiginleika þess og hönnunarnothæfis, tæknilega leyfilegur massi eftirvagns með hleðslu eða festivagns sem felur í sér stöðumassa sem er yfirfærður á dráttarbifreiðina við tengingu,

4) „hámarksnettónafnafl (Pn)“: hreyfilafl gefið upp í kW og mælt með aðferð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu samkvæmt reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 85 ([13]).

   Ef hámarksnettónafnafl næst á ólíkum snúningshröðum skal notast við hæsta snúningshraða,

5) „staðalbúnaður“: grunnsamskipan ökutækis með öllum þáttum sem uppsettir eru á ökutækið án þess að ástæða sé til frekari forskrifta um samskipan eða búnað sem þó er búið öllum þáttum sem gerð er krafa um samkvæmt stjórnvaldsfyrirmælunum sem um getur í IV. eða XI. viðauka við tilskipun 2007/46/EB,

6) „massi ökumanns“: nafnmassi, sem nemur 75 kg, staðsettur á viðmiðunarpunkti ökumannssætis,

7) „massi ökutækis sem er tilbúið til aksturs (m_{ro})“:

   a) ef um er að ræða vélknúið ökutæki:

      massi ökutækis með eldsneytisgeymi, sem er fylltur að a.m.k. 90% af rúmtaki sínu, þ.m.t. massi ökumanns, eldsneytis og vökva, sem útbúið hefur verið staðalbúnaði, í samræmi við forskriftir framleiðanda, og massi yfirbyggingar, stýrishúss, tengibúnaðar og varahjóls eða varahjóla og áhalda, þegar ökutækið er búið þeim búnaði,

   b) þegar um er að ræða eftirvagn:

      massi ökutækis, þ.m.t. eldsneyti og vökvar, sem er búið staðalbúnaði, í samræmi við forskriftir framleiðanda, og massi yfirbyggingar, viðbótartengibúnaðar, varahjóls eða varahjóla og áhalda, þegar ökutækið er búið þeim búnaði,

([13]) Reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 85 — Samræmd ákvæði um samþykki sprengihreyfla eða rafaflrása sem ætlaðar eru til þess að knýja vélknúin ökutæki í flokkum M og N að því er varðar mælingar nettóafls og hámarksafls rafaflrása á 30 mínútum (Stjtíð ESB L 326, 24.11.2006, bls. 55).

8) „nafnsnúningshraði (S)“: yfirlýstur snúningshraði í mín^{-1} (snún./mín.) þar sem hreyfill nær hámarksnettónafnafli samkvæmt reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 85 eða ef hámarksnettónafnafl næst á ólíkum snúningshröðum þá mesti hraðinn,

9) „hlutfall hreyfiafls og massa (PMR)“: talnastærð sem reiknuð er út í samræmi við formúluna sem sett er fram í lið 4.1.2.1.1 í II. viðauka,

10) „viðmiðunarpunktur“: annar hvor eftirfarandi liða:

   a) ef um er að ræða ökutæki í flokkum M_1 og N_1:

      i. fyrir ökutæki með hreyfil að framan, fremri hluti ökutækisins,

      ii. fyrir ökutæki með hreyfil fyrir miðju, miðhluti ökutækisins,

      iii. fyrir ökutæki með hreyfil að aftan, afturhluti ökutækisins.

   b) ef um er að ræða ökutæki í flokkum M_2, M_3, N_2 og N_3, sú brún hreyfilsins sem er næst framhlið ökutækisins.

11) „markhröðun“: hröðun, með eldsneytisgjöf opna að hluta til í umferð í þéttbýli, fengin með tölfræðilegum rannsóknum,

12) „hreyfill“: aflgjafi án aukabúnaðar sem hægt er að losa,

13) „viðmiðunarhröðun“: sú hröðun sem gerð er krafa um í prófun við hröðun á prófunarbraut,

14) „vægisstuðull gírhlutfalls (k)“: víddarlaus talnastærð sem notuð er til að sameina niðurstöður úr prófun með tveimur gírhlutföllum fyrir prófun við hröðun og prófun við stöðugan hraða,

15) „hlutaaflstuðull (k_P)“: víddarlaus talnastærð sem notuð er við vegna samsetningu niðurstaðna úr prófun við hröðun og prófun við stöðugan hraða fyrir ökutæki,

16) „forhröðun“: beiting hröðunarstýribúnaðar áður en að AA’ kemur í þeim tilgangi að ná stöðugri hröðun á milli AA’ og BB’ eins og um getur í mynd 1 í viðbætinum við II. viðauka,

17) „læst gírhlutfall“: stýring gírskiptingar þannig að ekki sé hægt að breyta gírstöðu á meðan á prófun stendur,

18) „hljóðdeyfikerfi“: heildstætt safn íhluta sem nauðsynlegir eru til að takmarka hávaða sem verður af völdum hreyfils og útblásturs hans,

19) „hljóðdeyfikerfi af ólíkum gerðum“: hljóðdeyfikerfi sem eru umtalsvert frábrugðin að því er varðar a.m.k. einn eftirfarandi þátta:

   a) viðskiptaheiti eða vörumerki íhluta þeirra,

   b) einkenni efna sem íhlutir þeirra eru úr, nema hvað varðar húðun þessara íhluta,

   c) lögun eða stærð íhluta þeirra,

   d) vinnsluhátt a.m.k. eins af íhlutum þeirra,

   e) samsetningu íhluta þeirra,

   f) fjölda útblásturshljóðdeyfikerfa eða íhluta,

20) „hönnunarhópur hljóðdeyfikerfa eða íhluta hljóðdeyfikerfa“: hópur hljóðdeyfikerfa eða íhluta þeirra þar sem öll eftirfarandi einkenni eru eins:

   a) nettógasstreymi útblástursloftsins í gegnum gleypna trefjaefnið þegar það er í snertingu við það efni,

   b) gerð trefja,

   c) forskriftir bindiefna, eftir atvikum,

   d) meðalmál trefja,

   e) lágmarksrúmþyngd efnis í lausri vigt, í kg/m^3,

   f) hámarkssnertiflötur á milli gasstreymis og gleypna efnisins,

21) „hljóðdeyfikerfi til endurnýjunar“: allir hlutar hljóðdeyfikerfis eða íhlutir þess sem ætlaðir eru til nota á ökutæki, aðrir en hlutar þeirrar gerðar sem festir eru á ökutækið þegar það er lagt fram til ESB-gerðarviðurkenningar samkvæmt þessari reglugerð,

22) „hljóðviðvörunarkerfi í ökutæki“: kerfi fyrir blendingsrafökutæki og ökutæki sem eingöngu eru rafknúin sem gefur frá sér hljóð til að gefa gangandi vegfarendum og öðrum vegfarendum nærveru ökutækisins til kynna,

23) „sölustaður“: staður þar sem ökutæki eru geymd og boðin neytendum til sölu,

24) „tæknilegt kynningarefni“: tæknilegar handbækur, bæklingar, dreifibréf og vöruskrár, hvort sem er á prenti, rafrænu formi eða á Netinu, ásamt vefsetrum, sem ætlað er til kynningar á ökutækjum fyrir almenning.

4. gr.

Almennar skyldur aðildarríkjanna

1. Með fyrirvara um dagsetningarnar fyrir beitingu áfanganna sem settir eru fram í III. viðauka við þessa reglugerð og án þess að hafa áhrif á 23. gr. tilskipunar 2007/46/EB, skulu aðildarríki, af ástæðum er varða leyfilegt hljóðstig, neita að veita ESB-gerðarviðurkenningu að því er varðar gerð vélknúins ökutækis sem uppfyllir ekki kröfur þessarar reglugerðar.

2. Frá 1. júlí 2016 skulu aðildarríki, af ástæðum er varða leyfilegt hljóðstig, neita að veita ESB-gerðarviðurkenningu að því er varðar gerð hljóðdeyfikerfis til endurnýjunar, eða íhluti þess, sem aðskilin tæknieining ef búnaðurinn uppfyllir ekki kröfur þessarar reglugerðar.

Samkvæmt skilmálum tilskipunar 70/157/EBE skulu aðildarríki áfram veita ESB-gerðarviðurkenningu fyrir hljóðdeyfikerfi til endurnýjunar, eða íhluti þess, sem aðskilin tæknieining, sem ætlað er fyrir ökutæki sem hlotið hafa gerðarviðurkenningu fyrir dagsetningarnar fyrir beitingu áfanganna sem settir eru fram í III. viðauka við þessa reglugerð.

3. Með fyrirvara um dagsetningarnar fyrir beitingu áfanganna sem settir eru fram í III. viðauka við þessa reglugerð skulu aðildarríki, af ástæðum er varða leyfilegt hljóðstig, ekki lengur telja samræmisvottorð fyrir ný ökutæki gild að því er varðar 26. gr. tilskipunar 2007/46/EB og skulu banna skráningu og sölu slíkra ökutækja og að þau verði tekin í notkun ef þau uppfylla ekki kröfur þessarar reglugerðar.

4. Af ástæðum er varða leyfilegt hljóðstig skulu aðildarríki heimila sölu hljóðdeyfikerfis til endurnýjunar og íhluta þess sem aðskilinnar tæknieiningar og að það verði tekið í notkun ef það er í samræmi við gerð að því er varðar ESB-gerðarviðurkenningu sem veitt hefur verið í samræmi við þessa reglugerð.

Aðildarríki skulu heimila sölu á hljóðdeyfikerfum til endurnýjunar og íhlutum þeirra sem hafa ESB-gerðarviðurkenningu sem aðskilin tæknieining samkvæmt skilmálum tilskipunar 70/157/EBE, og að þau verði tekin í notkun, ef þau eru ætluð fyrir ökutæki sem hlotið hafa gerðarviðurkenningu fyrir dagsetningarnar fyrir beitingu áfanganna sem settir eru fram í III. viðauka við þessa reglugerð.

5. gr.

Almennar skyldur framleiðanda

1. Framleiðendur skulu tryggja að ökutæki, hreyflar þeirra og hljóðdeyfikerfi, séu hönnuð, smíðuð og sett saman þannig að slík ökutæki geti uppfyllt kröfur þessarar reglugerðar, við hefðbundna notkun, þrátt fyrir titring sem slík ökutæki verða eðli samkvæmt fyrir.

2. Framleiðendur skulu tryggja að hljóðdeyfikerfi séu hönnuð, smíðuð og sett þannig saman að þau geti með viðunandi hætti staðist þá tæringu sem þau verða fyrir með hliðsjón af notkunarskilyrðum ökutækja, þ.m.t. svæðisbundin loftslagsskilyrði.

3. Framleiðandinn skal vera ábyrgur fyrir öllum þáttum viðurkenningarferlisins gagnvart viðurkenningaryfirvaldinu, svo og fyrir samræmi framleiðslunnar, óháð því hvort framleiðandinn tengist með beinum hætti öllum þrepum í smíði ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar.

6. gr.

Viðbótarákvæði um hljóðmengun (e. *Additional sound emission provisions (ASEP)*)

1. Grein þessi gildir um ökutæki í flokkum M_1 og N_1 sem hafa brunahreyfil með hljóðdeyfikerfi frá framleiðanda upprunalegs búnaðar sem og hljóðdeyfikerfi til endurnýjunar sem ætluð eru fyrir ökutæki í þessum flokkum í samræmi við IX. viðauka.

2. Ökutæki og hljóðdeyfikerfi til endurnýjunar skulu uppfylla kröfurnar í VII. viðauka.

3. Ökutæki og hljóðdeyfikerfi til endurnýjunar skulu teljast uppfylla kröfurnar í VII. viðauka, án frekari prófana, ef framleiðandinn sýnir viðurkenningaryfirvöldum tækniskjöl sem sýna fram á að munurinn á milli hámarks- og lágmarkssnúningshraða ökutækis við BB', eins og sýnt er á 1. mynd í viðbætinum við II. viðauka, við öll prófunarskilyrði innan stjórnsviðs viðbótarákvæða fyrir hljóðmengun sem skilgreind eru í lið 2.3 í VII. viðauka, að því er varðar skilyrðin sem sett eru fram í II. viðauka, sé ekki meiri en 0,15 x S.

4. Hljóðmengun ökutækis eða hljóðdeyfikerfis til endurnýjunar við dæmigerð akstursskilyrði á vegi, sem eru frábrugðin þeim sem gerðarviðurkenningarprófunin sem sett er fram í II. og VII. viðauka var gerð við, skal ekki víkja frá prófunarniðurstöðunum með verulegum hætti.

5. Framleiðandi skal ekki vísivitandi breyta, stilla eða taka í notkun neinn vélrænan, rafrænan eða varmafræðilegan búnað eða aðferð sem er óvirk við hefðbundin akstursskilyrði á vegi, eingöngu í þeim tilgangi að uppfylla kröfurnar um hljóðmengun samkvæmt þessari reglugerð.

6. Í umsókn um gerðarviðurkenningu skal framleiðandi leggja fram yfirlýsingu, í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í viðbætinum við VII. viðauka, um að gerð ökutækisins eða hljóðdeyfikerfis til endurnýjunar sem viðurkenna skal uppfylli kröfurnar í þessari grein.

7. Ákvæði 1. til 6. mgr. gilda ekki um ökutæki í flokki N_1 ef eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

a) slagrými hreyfils er ekki yfir 660 cm^3 og hlutfall afls og massa sem reiknað er út með tæknilega leyfilegum hámarksmassa með hleðslu er ekki yfir 35,

b) farmþungi er a.m.k. 850 kg og hlutfall afls og massa sem reiknað er út með tæknilega leyfilegum hámarksmassa með hleðslu er ekki yfir 40.

7. gr.

Neytendaupplýsingar og merkingar

Framleiðendur og dreifingaraðilar skulu leitast við að tryggja að hljóðstig sérhvers ökutækis í desíbelum (dB(a)) sem mælt er í samræmi við þessa reglugerð sé sýnt á áberandi stað á sölustað og í tæknilegu kynningarefni.

Í ljósi þeirrar reynslu sem fæst með beitingu þessarar reglugerðar skal framkvæmdastjórnin framkvæma fyrir 1. júlí 2018 ítarlegt mat á áhrifum skilyrða varðandi merkingar sem gilda um loft- og hávaðamengunarstig og neytendaupplýsinga. Framkvæmdastjórnin skal kynna niðurstöðurnar úr þessu mati fyrir Evrópuþinginu og ráðinu og leggja fram tillögu að nýrri löggjöf ef við á.

8. gr.

Hljóðviðvörunarkerfi í ökutæki

Fyrir 1. júlí 2019 skulu framleiðendur setja upp hljóðviðvörunarkerfi í ökutæki, sem uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í VIII. viðauka, í nýjum gerðum blendingsrafökutækja og ökutækja sem eingöngu eru rafknúin. Framleiðendur skulu setja upp hljóðviðvörunarkerfi í öllum nýjum fjölknúnum ökutækjum og ökutækjum sem eingöngu eru rafknúin fyrir 1. júlí 2021. Ef framleiðendur velja að setja upp hljóðviðvörunarkerfi í ökutækjum fyrir þessar dagsetningar skulu þeir tryggja að þessi hljóðviðvörunarkerfi uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í VIII. viðauka.

Fyrir 1. júlí 2017 skal framkvæmdastjórninni falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 10. gr. til að endurskoða VIII. viðauka og til að setja þar ítarlegri kröfur um frammistöðu hljóðviðvörunarkerfa í ökutæki eða virkra öryggiskerfa, með tilliti til vinnu efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu að því málefni.

9. gr.

Breytingar á viðaukum

Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 10. gr. í því skyni að breyta I., IV., VIII. og X. viðauka til að laga þá að tækniframförum.

10. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sbr. þó skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 2. mgr. 8. gr. og í 9. gr. í fimm ár á tímabili sem hefst 16. júní 2014.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er, hvenær sem er, heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 2. mgr. 8. gr. og í 9. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á framsal þess valds sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 2. mgr. 8. gr. eða skv. 9. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

11. gr.

Endurskoðunarákvæði

Framkvæmdastjórnin skal framkvæma og birta ítarlega rannsókn á hljóðstigsmörkum fyrir 1. júlí 2021. Rannsóknin skal byggð á ökutækjum sem uppfylla nýjustu kröfur samkvæmt reglum. Á grundvelli niðurstaðna úr þeirri rannsókn skal framkvæmdastjórnin leggja fram tillögu að nýrri löggjöf, eftir því sem við á.

12. gr.

Breytingar á tilskipun 2007/46/EB

Ákvæðum IV., VI. og XI. viðauka við tilskipun 2007/46/EB skal breytt í samræmi við XI. viðauka við þessa reglugerð.

13. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Til að athuga hvort prófunarbraut uppfylli kröfur eins og lýst er í lið 3.1.1 í II. viðauka má beita ISO-staðli 10844:1994 í stað ISO-staðals 10844:2011 þar til 30. júní 2019.

2. Ökutæki með raðtengda blendingsaflrás sem hafa brunahreyfil sem hefur ekki vélræn tengsli inn á aflrásina skulu undanþegin frá kröfum 6. gr. þar til 30. júní 2019.

14. gr.

Niðurfelling

1. Tilskipun 70/157/EBE fellur úr gildi frá og með 1. júlí 2027 með fyrirvara um aðra undirgrein 2. mgr. 4. gr. og aðra undigrein 4. mgr. 4. gr.

2. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í XII. viðauka við þessa reglugerð.

15. gr.

Gildistaka

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

2. Hún gildir frá og með 1. júlí 2016.

3. Liður 3.1.1 í II. viðauka gildir frá og með 1. júlí 2019.

4. B-hluti XI. viðauka gildir frá og með 1. júlí 2027.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 16. apríl 2014.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins*
M. SCHULZ	D. KOURKOULAS
forseti.	*forseti.*

SKRÁ YFIR VIÐAUKA

I. viðauki	ESB-gerðarviðurkenning að því er varðar hljóðstig gerðar ökutækis	
	1. viðbætir:	Upplýsingaskjal
	2. viðbætir:	Fyrirmynd að ESB-gerðarviðurkenningarvottorði
II. viðauki	Aðferðir og tæki til mælinga á hávaða frá vélknúnum ökutækjum	
	Viðbætir:	Myndir
III. viðauki	Viðmiðunarmörk	
IV. viðauki	Hljóðdeyfikerfi sem innihalda hljóðgleypin trefjaefni	
	Viðbætir:	Mynd 1 — Prófunartæki fyrir sveifluprófun
V. viðauki	Hávaði af þrýstilofti	
	Viðbætir:	Mynd 1 — Staðsetning hljóðnema fyrir mælingar á hávaða af þrýstilofti
VI. viðauki	Eftirlit með framleiðslusamræmi ökutækja	
VII. viðauki	Mæliaðferð til að meta hvort farið sé að viðbótarákvæðum um hljóðmengun	
	Viðbætir:	Fyrirmynd að yfirlýsingu um að farið sé að viðbótarákvæðum um hljóðmengun
VIII. viðauki	Mælingar varðandi hljóðviðvörunarkerfi í ökutæki	
IX. viðauki	ESB-gerðarviðurkenning að því er varðar hljóðstig hljóðdeyfikerfa sem aðskilinna tæknieininga (hljóðdeyfikerfi til endurnýjunar)	
	1. viðbætir:	Upplýsingaskjal
	2. viðbætir:	Fyrirmynd að ESB-gerðarviðurkenningarvottorði
	3. viðbætir:	Fyrirmynd að ESB-gerðarviðurkenningarmerki
	4. viðbætir:	Prófunartæki
	5. viðbætir:	Mælipunktar — bakþrýstingur
X. viðauki	Athuganir á framleiðslusamræmi hljóðdeyfikerfis til endurnýjunar sem aðskilinnar tæknieiningar	
XI. viðauki	Breytingar á tilskipun 2007/46/EB	
XII. viðauki	Samsvörunartafla	

I. VIÐAUKI

ESB-GERÐARVIÐURKENNING AÐ ÞVÍ ER VARÐAR HLJÓÐSTIG GERÐAR ÖKUTÆKIS

1. UMSÓKN UM ESB-GERÐARVIÐURKENNINGU FYRIR GERÐ ÖKUTÆKIS

1.1. Framleiðandi ökutækis skal leggja fram umsókn um ESB-gerðarviðurkenningu fyrir gerð vélknúins ökutækis vegna hljóðstigs í samræmi við 1. og 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 2007/46/EB.

1.2. Fyrirmynd að upplýsingaskjalinu er að finna í 1. viðbæti.

1.3. Framleiðandi ökutækis skal láta tækniþjónustunni, sem annast prófanirnar, í té ökutæki sem er dæmigert fyrir gerðina sem sótt er um gerðarviðurkenningu fyrir. Við val á ökutæki sem er dæmigert fyrir viðkomandi gerð skal tækniþjónustan sem ber ábyrgð á prófununum ganga úr skugga um að viðurkenningaryfirvaldið telji valið fullnægjandi. Nota má sýndarprófunaraðferðir til að aðstoða við ákvarðanatöku meðan á valferlinu stendur.

1.4. Að beiðni tækniþjónustunnar skal einnig láta í té sýnishorn af hljóðdeyfikerfinu og hreyfil sem hefur a.m.k. sama sprengirými og hámarksnafnafl og hreyfillinn sem ökutækið, sem sótt er um gerðarviðurkenningu fyrir, er búið.

2. MERKINGAR

2.1. Íhlutir útblásturs- og inntakskerfis, að undanskildum tengibúnaði og rörum, skulu bera eftirfarandi merkingar:

2.1.1. vörumerki eða heiti framleiðanda kerfanna og íhluta þeirra,

2.1.2. verslunarheiti framleiðanda.

2.2. Merkingarnar sem um getur í liðum 2.1.1 og 2.1.2 skulu vera óafmáanlegar og vel læsilegar jafnvel þó að kerfið sé áfast ökutækinu.

3. VEITING ESB-GERÐARVIÐURKENNINGAR FYRIR GERÐ ÖKUTÆKIS

3.1. ESB-gerðarviðurkenning skal veitt skv. 3. mgr. 9. gr. og, ef við á, 4. mgr. 10. gr. tilskipunar 2007/46/EB, ef viðeigandi kröfum er fullnægt.

3.2. Fyrirmynd að ESB-gerðarviðurkenningarvottorðinu er að finna í 2. viðbæti.

3.3. Allar viðurkenndar gerðir vélknúins ökutækis skulu fá viðurkenningarnúmer í samræmi við ákvæði VII. viðauka við tilskipun 2007/46/EB. Sama aðildarríki er óheimilt að úthluta annarri gerð vélknúins ökutækis sama númeri.

3.3.1. Ef gerð ökutækis uppfyllir viðmiðunarmörk 1. áfanga í III. viðauka skal rittáknið „A“ koma á eftir 3. hluta gerðarviðurkenningarnúmers. Ef gerð ökutækis uppfyllir viðmiðunarmörk 2. áfanga í III. viðauka skal rittáknið „B“ koma á eftir 3. hluta gerðarviðurkenningarnúmers. Ef gerð ökutækis uppfyllir viðmiðunarmörk 3. áfanga í III. viðauka skal rittáknið „C“ koma á eftir 3. hluta gerðarviðurkenningarnúmers.

4. BREYTINGAR Á ESB-GERÐARVIÐURKENNINGUM

Ákvæði 13., 14., 15. og 16. gr. og 4. mgr. 17. gr. tilskipunar 2007/46/EB gilda ef breyta á gerð sem viðurkennd er samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar.

5. FYRIRKOMULAG VEGNA FRAMLEIÐSLUSAMRÆMIS

5.1. Gera ber ráðstafanir til að tryggja að fyrirkomulagi vegna framleiðslusamræmis sé komið á í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 12. gr. tilskipunar 2007/46/EB.

5.2. Sérákvæði:

5.2.1. Prófanirnar, sem mælt er fyrir um í VI. viðauka við þessa reglugerð, skulu samsvara þeim sem um getur í lið 2.3.5 í X. viðauka við tilskipun 2007/46/EB.

5.2.2. Það eftirlit sem vísað er til í 3. lið í X. viðauka við tilskipun 2007/46/EB skal venjulega fara fram annað hvert ár.

1. viðbætir

Upplýsingaskjal nr. ... skv. I. viðauka við tilskipun 2007/46/EB varðandi ESB-gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki að því er varðar leyfilegt hljóðstig

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þríriti og með efnisyfirliti ef við á. Teikningar, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar, í stærðinni A4 eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

Ef kerfi, íhlutir eða aðskildar tæknieiningar eru búnar rafeindastýringu skulu fylgja upplýsingar um hvernig hún vinnur.

0. ALMENN ÁKVÆÐI

0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda): .....

0.2. Gerð: .....

0.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu ([b]): .....

0.3.1. Staðsetning auðkennisins: .....

0.4. Ökutækjaflokkur ([c]): .....

0.5. Heiti fyrirtækis og heimilisfang framleiðanda: .....

0.8. Heiti og heimilisfang eða heimilisföng samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja: .....

0.9. Nafn og heimilisfang fulltrúa framleiðandans (ef einhver): .....

1. ALMENNIR SMÍÐAEIGINLEIKAR ÖKUTÆKISINS

1.1. Ljósmyndir og/eða teikningar af dæmigerðu ökutæki: .....

1.3. Fjöldi ása og hjóla ([4]): .....

1.3.3. Aflásar (fjöldi, staðsetning, samtenging): .....

1.6. Staðsetning og fyrirkomulag hreyfils: .....

2. MASSAR OG MÁL ([f]) ([g]) ([7]) (Í KG OG MM) (SJÁ TEIKNINGU ÞAR SEM VIÐ Á)

2.4. Stærðarmörk ökutækis (heildarmál): .....

2.4.1. Fyrir undirvagn án yfirbyggingar: .....

2.4.1.1. Lengd ([g5]): .....

2.4.1.2. Breidd ([g7]): .....

2.4.2. Fyrir undirvagn með yfirbyggingu: .....

2.4.2.1. Lengd ([g5]): .....

2.4.2.2. Breidd ([g7]): .....

2.6. Massi ökutækis sem er tilbúið til aksturs ([h]) .....

a) lágmark og hámark fyrir hvert afbrigði: .....

b) massi hverrar útfærslu (tafla skal fylgja): .....

2.8. Tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu sem framleiðandi gefur upp ([i]) ([3]): .....

3. FULLBÚINN HREYFILL ([o])

3.1. Framleiðandi hreyfils: .....

3.1.1. Hreyfilkóði framleiðanda (eins og hann er settur á hreyfilinn eða annars konar auðkenni): .....

3.2. Brunahreyfill

3.2.1.1. Vinnsluháttur: rafkveikja/þjöppukveikja, fjórgengis-/tvígengis-/hverfihreyfill ([1])

3.2.1.2. Fjöldi og fyrirkomulag strokka: .....

3.2.1.2.3. Kveikiröð: .....

3.2.1.3. Slagrými hreyfils ([m]): … cm^3

3.2.1.8. Hámarksnettóafl ([n]): … kW við … $mín^{-1}$ (uppgefið gildi framleiðanda)

3.2.4. Eldsneytisgjöf

3.2.4.2. Með eldsneytisinnsprautun (einungis fyrir ökutæki með þjöppukveikju): já/nei ([1])

3.2.4.2.2. Vinnsluháttur: Bein innsprautun/forhólf/iðuhólf ([1])

3.2.4.2.4. Gangráður

3.2.4.2.4.1. Gerð: .....

3.2.4.2.4.2.1. Sá hraði þegar lokun hefst við álag: … $mín^{-1}$

3.2.4.3. Með eldsneytisinnsprautun (einungis fyrir ökutæki með rafkveikju): já/nei ([1])

3.2.4.3.1. Vinnsluháttur: Soggrein (eins-/margpunkta ([1])) /bein innsprautun/annað (tilgreinið) ([1])

3.2.8. Inntakskerfi

3.2.8.1. Forþjappa: já/nei ([1])

3.2.8.4.2. Loftsía, teikningar, ... eða

3.2.8.4.2.1. Tegund(-ir): .....

3.2.8.4.2.2. Gerð(-ir): .....

3.2.8.4.3. Inntakshljóðdeyfir, teikningar: ..... eða

3.2.8.4.3.1. Tegund(-ir): .....

3.2.8.4.3.2. Gerð(-ir): .....

3.2.9. Hljóðdeyfikerfi

3.2.9.2. Lýsing og/eða teikning af hljóðdeyfikerfi: .....

3.2.9.4. Útblásturshljóðdeyfir eða -deyfar: .....

Gerð, merking á útblásturshljóðdeyfi/-deyfum: .....

Ef máli skiptir fyrir hávaða frá ökutækinu: ráðstafanir í vélarrými og hreyfli til að draga úr hávaða: .....

3.2.9.5. Staðsetning úttaks útblástursrörs: .....

3.2.9.6. Útblásturshljóðdeyfir með trefjaefnum: .....

3.2.12.2.1. Hvarfakútur: já/nei ([1]) .....

3.2.12.2.1.1. Fjöldi hvarfakúta og eininga (veita skal upplýsingarnar að neðan fyrir hverja aðskilda einingu): .....

3.2.12.2.6. Agnasía: já/nei ([1])

3.3. Rafmagnshreyfill

3.3.1. Gerð (vindingar, mögnun): .....

3.3.1.1. Hámarksafköst á klukkustund: … kW

3.3.1.2. Vinnsluspenna: …… V

3.4. Hreyflar eða hreyflasamsetningar

3.4.1. Blendingsrafökutæki: já/nei ([1])

3.4.2. Flokkur blendingsrafökutækis: hleðsla utan ökutækis/hleðsla ekki utan ökutækis ([1])

3.4.3. Valrofi fyrir notkunarham: með/án ([1])

3.4.3.1. Notkunarhamir í boði

3.4.3.1.1. Eingöngu rafknúið: já/nei ([1])

3.4.3.1.2. Eingöngu eldsneytisknúið: já/nei ([1])

3.4.3.1.3. Blendingshamur: já/nei ([1]) (ef já, stutt lýsing): .....

3.4.5. Rafmagnshreyflar (lýsa skal hverri gerð sérstaklega)

3.4.5.1. Tegund: .....

3.4.5.2. Gerð: .....

3.4.5.4. Hámarksafl: … kW

4. GÍRSKIPTING ([p])

4.2. Gerð (beinskipting, vökvaskipting, rafskipting o.s.frv.): .....

4.6. Gírhlutföll

Gír	Gírhlutföll (hlutföll hreyfils, miðað við snúning úttaksskafts gírkassans)	Endanlegt drifhlutfall eða -föll (hlutföll úttaksskafts gírkassans miðað við snúning hjóls í akstri)	Heildargírhlutföll
Hámark fyrir stiglausa skiptingu ([1])			
1			
2			
3			
…			
Lágmark fyrir stiglausa skiptingu ([2])			
Bakkgír			

([1]) Stiglaus skipting

4.7. Hámarkshönnunarhraði ökutækis (í km/klst.) ([q]): .....

6. FJÖÐRUN

6.6. Hjólbarðar og hjól

6.6.1. Hjólbarða-/hjólasamsetning(-ar)

a) fyrir hjólbarða skal sýna stærðarmerkingu, burðarstuðul og tákn fyrir hraðaflokk,

b) fyrir hjól skal sýna stærð felgu eða felgna og afstæði.

6.6.2. Efri og neðri mörk snúningsradíusa

6.6.2.1. Ás 1: .....

6.6.2.2. Ás 2: .....

6.6.2.3. Ás 3: .....

6.6.2.4. Ás 4: .....

o.s.frv.

9.	YFIRBYGGING
9.1.	Gerð yfirbyggingar með kóðunum sem skilgreindir eru í C-hluta II. viðauka við tilskipun 2007/46/EB: ..
9.2.	Efni og smíðaaðferðir: .....
12.	ÝMISLEGT
12.5.	Upplýsingar um búnað, óháðan hreyfli, sem hannaður er til að draga úr hávaða (falli hann ekki undir aðra liði): .....

Dagsetning:

Undirskrift:

Staða innan fyrirtækis:

_____

2. viðbætir

Fyrirmynd að ESB-gerðarviðurkenningarvottorði

(hámarksstærð: A4 (210 × 297 mm))

Stimpill gerðarviðurkenningaryfirvalds

Tilkynning um:

gerðarviðurkenningu ([1])

rýmkun gerðarviðurkenningar ([1])

synjun gerðarviðurkenningar ([1])

afturköllun gerðarviðurkenningar ([1])

vegna gerðar ökutækis að því er varðar hljóðstig (reglugerð (ESB) nr. 540/2014).

Gerðarviðurkenningarnúmer: .....

Ástæða fyrir rýmkun: .....

I. ÞÁTTUR

0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda): .....

0.2. Gerð: .....

0.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu ([2]): .....

0.3.1. Staðsetning auðkennisins: .....

0.4. Ökutækjaflokkur ([3]): .....

0.5. Heiti fyrirtækis og heimilisfang framleiðanda: .....

0.8. Heiti og heimilisfang eða heimilisföng samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja: .....

0.9. Nafn og heimilisfang fulltrúa framleiðandans (ef einhver): .....

II. ÞÁTTUR

1. Frekari upplýsingar (ef við á): Sjá viðbót

2. Tækniþjónusta sem annast prófanirnar: .....

3. Dagsetning prófunarskýrslu: .....

4. Númer prófunarskýrslu: .....

5. Athugasemdir (ef einhverjar eru): Sjá viðbót

6. Staður: .....

7. Dagsetning: .....

8. Undirskrift:

Fylgiskjöl: Upplýsingasafn

Prófunarskýrsla (fyrir kerfi)/Niðurstöður úr prófun (fyrir fullbúin ökutæki)

([1]) Strika skal yfir það sem ekki á við.

([2]) Ef í gerðarauðkenni eru rittákn sem varða ekki lýsingu á gerð ökutækis sem þetta gerðarviðurkenningarvottorð nær til skal í stað rittáknanna í upplýsingaskjölum setja táknið: „?“ (t.d. ABC??123??).

([3]) Eins og hann er skilgreindur í II. viðauka A við tilskipun 2007/46/EB.

Viðbót

við ESB-gerðarviðurkenningarvottorð nr. ...

1. Viðbótarupplýsingar

1.1. Fullbúinn hreyfill

1.1.1. Framleiðandi hreyfils:.....

1.1.2. Hreyfilkóði framleiðanda:.....

1.1.3. Hámarksnettóafl (g): … kW við … mín^{-1} eða samfellt hámarksnafnafl (rafmagnshreyfils) … kW ([1])

1.1.4. Forþjappa eða -þjöppur, tegund og gerð:.....

1.1.5. Loftsía, tegund og gerð:.....

1.1.6. Inntakshljóðdeyfir eða -deyfar, tegund og gerð:.....

1.1.7. Útblásturshljóðdeyfir eða -deyfar, tegund og gerð: .....

1.1.8. Hvati eða hvatar, tegund og gerð:.....

1.1.9. Agnasía eða -síur, tegund og gerð: .....

1.2. Gírkassi

1.2.1. Gerð (beinskipting, vökvaskipting, rafskipting o.s.frv.):

1.3. Búnaður sem er óháður hreyfli og hannaður til að draga úr hávaða:

2. Niðurstaða prófunar

2.1. Hljóðstig ökutækis á ferð: … dB(A)

2.2. Hljóðstig kyrrstæðs ökutækis: ... dB(A), við ... mín^{-1}

2.2.1. Hljóðstig þrýstilofts, akstursheimill: … dB(A)

2.2.1. Hljóðstig þrýstilofts, stöðuheimill: … dB(A)

2.2.1. Hljóðstig þrýstilofts, á meðan þrýstistillir er virkur: … dB(A)

2.3. Gögn til að greiða fyrir samræmisprófun blendingsrafökutækja í notkun, þar sem brunahreyfill getur ekki starfað á meðan ökutækið er í kyrrstöðu

2.3.1. Gír (i) eða gírstangarstaðan sem valin er fyrir prófunina:.....

2.3.2. Staða valrofa fyrir vinnsluhátt á meðan á mælingu $L_{wot,(i)}$ stendur (ef rofinn er til staðar) .....

2.3.3. Lengd forhröðunar l_{PA} … m

2.3.4. Hraði ökutækis við upphaf hröðunar … km/klst.

2.3.5. Hljóðþrýstingsstig $L_{wot,(i)}$ … dB(A)

3. Athugasemdir: .....

([1]) Strika skal yfir það sem ekki á við.

II. VIÐAUKI

AÐFERÐIR OG TÆKI TIL MÆLINGA Á HÁVAÐA FRÁ VÉLKNÚNUM ÖKUTÆKJUM

1. MÆLIAÐFERÐIR

1.1. Hávaðinn sem verður af völdum gerðar ökutækis sem lagt er fram til ESB-gerðarviðurkenningar skal mældur með tveimur aðferðum sem lýst er í þessum viðauka fyrir ökutæki á hreyfingu og fyrir ökutæki í kyrrstöðu. Ef um er að ræða blendingsrafökutæki þar sem brunahreyfill getur ekki starfað á meðan ökutækið er í kyrrstöðu skal hávaðamengun aðeins mæld á hreyfingu.

Ökutæki sem hafa tæknilega leyfilegan hámarksmassa með hleðslu sem er meiri en 2800 kg skulu gangast undir viðbótarmælingu á hávaða frá þrýstilofti þegar ökutækið er í kyrrstöðu, í samræmi við forskriftirnar í V. viðauka, ef samsvarandi hemlabúnaður er hluti af ökutækinu.

1.2. Gildin sem mæld eru í samræmi við prófanirnar sem settar eru fram í lið 1.1 í þessum viðauka skulu færð inn í prófunarskýrsluna og á eyðublað sem samsvarar fyrirmyndinni í 2. viðbæti við I. viðauka.

2. MÆLITÆKI

2.1. Hljóðeðlisfræðilegar mælingar

Búnaðurinn sem er notaður við mælingar á hljóðstigi skal vera nákvæmur hljóðstigsmælir eða jafngildur mælibúnaður sem uppfyllir kröfurnar fyrir mælitæki í 1. flokki (að meðtalinni vindhlífinni sem mælt er með, ef hún er notuð). Þessum kröfum er lýst í „IEC 61672-1:2002: Nákvæmir hljóðstigsmælar“, frá Alþjóðaraftækninefndinni, annarri útgáfu.

Mælingar skulu gerðar með „hraðri“ svörun frá hljóðmælibúnaðinum og með „A“ vægisferlinu sem einnig er lýst í „IEC 61672-1:2002“. Þegar notað er kerfi sem felur í sér reglubundna vöktun A-vegins hljóðþrýstingsstigs, skal mæling gerð með reglulegu millibili sem ekki er lengra en 30 ms.

Mælitækjum skal viðhaldið og þau kvörðuð í samræmi við leiðbeiningar frá framleiðanda þeirra.

2.2. Samræmi við kröfur

Staðfesta skal að hljóðmælibúnaður uppfylli kröfur með gildu samræmisskírteini. Samræmisskírteini skal teljast í gildi ef samræmi við staðla var vottað á síðustu 12 mánuðum fyrir hljóðkvörðunarbúnaðinn og á síðustu 24 mánuðum fyrir mælitækjakerfið. Öll samræmisprófun skal gerð af rannsóknarstofu sem hefur leyfi til að framkvæma kvarðanir sem rekja má til viðeigandi staðla.

2.3. Kvörðun hljóðmælikerfis í heild fyrir mælilotu

Við upphaf og lok hverrar mælilotu skal hljóðmælikerfið í heild athugað með hljóðkvörðunartæki sem er í samræmi við kröfur nákvæmniflokks 1 fyrir slík tæki eins og sett er fram í IEC 60942: 2003. Án nokkurra frekari stillinga skal mismunurinn á milli athugana vera minni eða jafn og 0,5 dB. Ef farið er yfir þetta gildi skal ekki nota niðurstöðurnar sem fengust úr mælingum eftir að síðasta fullnægjandi athugun fór fram.

2.4. Mælitæki fyrir hraðamælingar

Snúningshraði skal mældur með mælitæki sem hefur nákvæmni upp á ± 2% eða minna við þann snúningshraða sem krafist er fyrir þær mælingar sem gerðar eru.

Hraði ökutækis á vegi skal mældur með mælitæki sem hefur nákvæmni upp á a.m.k. ± 0,5 km/klst., þegar notast er við búnað til samfelldrar mælingar.

Ef notast er við óháðar hraðamælingar við prófun skal mælitækið uppfylla viðmiðunarmörk upp á a.m.k. ± 0,2 km/klst.

2.5. Tæki til veðurathugana

Tæki til veðurathugana sem notað er til að vakta umhverfisaðstæður á meðan á prófun stendur skal hafa að geyma eftirfarandi búnað, sem uppfyllir a.m.k. þær kröfur um nákvæmni sem skráðar eru hér á eftir:

— hitamælibúnað, ± 1 °C,

— mælibúnað fyrir vindhraða, ± 1,0 m/s,

— mælibúnað fyrir loftþrýsting, ± 5 hPa,

— mælibúnað fyrir rakastig, ± 5%.

3. SKILYRÐI VIÐ MÆLINGU

3.1. Prófunarstaður og umhverfisskilyrði

3.1.1. Yfirborð prófunarbrautarinnar og mál prófunarstaðarins skulu vera í samræmi við ISO-staðal 10844:2011. Yfirborð prófunarstaðar skal vera laust við lausamjöll, hátt gras, lausan jarðveg eða ösku. Ekki skulu vera nokkrar hindranir sem gætu haft áhrif á hljóðsviðið í grennd við hljóðnemann og hljóðgjafann. Eftirlitsfulltrúinn sem gerir mælingarnar skal staðsetja sig þannig að hann hafi ekki áhrif á niðurstöður frá mælitækinu.

3.1.2. Mælingar skulu ekki gerðar við óhagstæð veðurskilyrði. Tryggja skal að vindhviður hafi ekki áhrif á niðurstöður.

Tæki til veðurathugana skulu staðsett þannig að þau liggi að prófunarsvæði í hæðinni 1,2 m ± 0,02 m. Mælingar skulu gerðar þegar lofthiti er á milli + 5 °C og + 40 °C.

Prófanir skulu ekki gerðar þegar vindhraði, þ.m.t. hviður, í sömu hæð og hljóðneminn er meiri en 5 m/s, á meðan á hávaðamælingarlotu stendur.

Gildi fyrir hitastig, vindhraða og -átt, rakastig og loftþrýsting skal skráð á meðan á hávaðamælingarlotu stendur.

Ekki skal taka með hávaðatoppa í mælingum sem virðast ótengdir hljóðstigi ökutækisins almennt.

Bakgrunnssuð skal mælt í 10 sekúndur rétt fyrir og strax eftir röð ökutækjaprófana. Mælingar skulu gerðar með sömu hljóðnemum og notaðir eru við prófunina og skulu þeir staðsettir eins. A-vegið hámarkshávaðaþrýstingsstig skal skráð.

Bakgrunnssuð (þ.m.t. allt vindgnauð) skal a.m.k. vera 10 dB undir A-vegnu hávaðaþrýstingstigi sem ökutækið sem verið er að prófa framkallar. Ef munurinn á milli umhverfishávaða og mælds hávaða er á milli 10 og 15 dB(A) skal draga viðeigandi leiðréttingarstuðul frá niðurstöðum úr hávaðamælinum til að reikna út prófunarniðurstöðurnar, eins og í eftirfarandi töflu:

Mismunur á milli umhverfishávaða og mælds hávaða dB(A)	10	11	12	13	14	15
Leiðréttingarstuðull dB(A)	0,5	0,4	0,3	0,2	0,1	0,0

3.2. Ökutæki

3.2.1. Ökutækið sem prófað er skal vera dæmigert fyrir ökutæki sem á að setja á markað og framleiðandi skal velja það í samráði við tækniþjónustuna, þannig að kröfur þessarar reglugerðar séu uppfylltar. Mælingar skulu gerðar án eftirvagns, nema ef um er að ræða ökutæki sem ekki er hægt að aðskilja. Að beiðni framleiðanda má gera mælingar á ökutækjum með lyftiás eða -ásа þegar þeir eru í upphækkaðri stöðu.

Mælingar skulu gerðar á ökutækjum með prófunarmassa m_t sem tilgreindur er í samræmi við eftirfarandi töflu:

Ökutækja-flokkur	Prófunarmassi ökutækis (m_t)
M_1	$m_t = m_{ro}$
N_1	$m_t = m_{ro}$
N_2, N_3	m_t = 50 kg á hvert kW af málafli hreyfils Aukahleðsla til að ná prófunarmassa ökutækis skal staðsett ofan við drifás eða drifása að aftan. Aukahleðsla er takmörkuð við 75% af tæknilega leyfilegum hámarksmassa með hleðslu sem er leyfilegur fyrir afturásinn. Prófunarmassa skal náð með vikmörkum upp á ± 5%. Ef ekki er hægt að staðsetja þyngdarmiðju aukahleðslu yfir miðju afturáss skal prófunarmassi ökutækis ekki fara yfir samtölu framáss og afturáss án hleðslu að viðbættri aukahleðslunni. Prófunarmassi fyrir ökutæki með fleiri en tvo ása skal vera sá sami og fyrir ökutæki með tvo ása.
M_2, M_3	$m_t = m_{ro}$ — massi ökumanns (ef við á) eða, ef prófanir eru framkvæmdar á ófullbúnu ökutæki sem ekki hefur yfirbyggingu, m_t = 50 kg á hvert kW af málafli hreyfils, eftir því sem við á, í samræmi við skilyrðin að ofan (sjá flokk N_2, N_3).

3.2.2. Að beiðni umsækjanda skulu ökutæki í flokkum M_2, M_3, N_2 eða N_3 teljast dæmigerð fyrir fullbúna gerð ef allar prófanir eru framkvæmdar á ófullbúnu ökutæki sem ekki hefur yfirbyggingu. Við prófun á ófullbúnu ökutæki skal setja upp öll viðeigandi hljóðeinangrandi efni, þiljur og íhluti og kerfi sem draga úr hávaða á ökutæki eins og þau eru hönnuð af framleiðanda fyrir utan þann hluta yfirbyggingar sem smíðaður er síðar.

Ekki skal krafist nýrrar prófunar vegna uppsetningar á viðbótareldsneytisgeymi eða tilfærslu á upphaflegum eldsneytisgeymi, ef engar breytingar hafa verið gerðar á öðrum hlutum eða burðarvirkjum ökutækisins sem virðast hafa áhrif á hljóðmengun.

3.2.3. Mælt er fyrir um hávaðamengun frá hjólbörðum í snúningi í reglugerð (EB) nr. 661/2009. Hjólbarðar sem notaðir eru við prófun skulu vera dæmigerðir fyrir ökutækið og skulu valdir af framleiðanda ökutækisins og skráðir í viðbót við 2. viðbæti við I. viðauka við þessa reglugerð. Þeir skulu vera samsvara einni af þeim hjólbarðastærðum sem tilgreindar eru sem upprunalegur búnaður fyrir ökutækið. Hjólbarðinn skal fást eða verða fáanlegur á almennum markaði á sama tíma og ökutækið ([18]). Loftþrýstingur hjólbarðanna skal vera eins og framleiðandi ökutækisins mælir með fyrir prófunarmassa ökutækisins. Hjólbarðar skulu a.m.k. hafa 1,6 mm mynsturdýpt.

3.2.4. Áður en mælingar hefjast skal hreyfillinn látinn ná venjulegum vinnsluskilyrðum.

3.2.5. Ef ökutæki eru meira en tvíhjóladrifin skulu þau prófuð í því drifi sem ætlar er fyrir venjulega notkun á vegi.

3.2.6. Ef ökutæki hefur eina eða fleiri viftur sem hafa sjálfvirkan virkjunarbúnað skal ekki eiga við þessi kerfi á meðan á mælingum stendur.

3.2.7. Ef ökutæki er búið hljóðdeyfikerfi sem inniheldur trefjaefni skal búa útblásturskerfið undir prófunina í samræmi við IV. viðauka.

([18]) Þar sem hjólbarðar valda umtalsverðum hluta af heildarhljóðmengun skal taka tillit til gildandi ákvæða í reglum varðandi hljóðmengun frá hjólbörðum á vegi. Hjólbarðar með sérstöku veggripi, snjóhjólbarðar og hjólbarðar til sérstakra nota, eins og þeir eru skilgreindir í 2. mgr. reglugerðar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 117, skulu undanþegnir við mælingar vegna gerðarviðurkenningar og framleiðslusamræmis að beiðni framleiðanda í samræmi við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 117 (Stjtíð. ESB L 307, 23.11.2011, bls. 3).

4. PRÓFUNARAÐFERÐIR

4.1. Mælingar á hávaða frá ökutækjum á hreyfingu

4.1.1. Almenn prófunarskilyrði

Merkja skal tvær línur á prófunarbrautina, AA' og BB', samsíða línu PP', 10 m fyrir framan og 10 m fyrir aftan hana.

Gera skal mælingar a.m.k. fjórum sinnum, báðum megin við ökutækið, og fyrir hvern gír. Heimilt er að gera undirbúningsmælingar til að stilla tækin en þær mælingar teljast ekki marktækar.

Hljóðneminn skal vera í 7,5 m ± 0,05 m fjarlægð frá viðmiðunarlínunni CC' á brautinni og 1,2 m ± 0,02 m frá jörðu.

Viðmiðunarás fyrir skilyrði sem jafnast á við opið svæði (sjá IEC 61672-1:2002) skal vera láréttur og snúa hornrétt að stefnu línu ökutækisins CC'.

4.1.2. Sértæk prófunarskilyrði fyrir ökutæki

4.1.2.1. Ökutæki í flokkum M_1, $M_2 \leq 3500$ kg, N_1

Stefna miðlínu ökutækisins skal fylgja línu CC' eins nákvæmlega og mögulegt er í gegnum alla prófunina, frá því að komið er að línu AA' þar til afturhluti ökutækis fer yfir línu BB'. Ef ökutæki eru meira en tvíhjóladrifin skulu þau prófuð í því drifi sem ætlað er fyrir venjulega notkun á vegi.

Ef ökutæki er útbúið með aukahandskiptingu eða fjölgíra ás skal notast við þá stöðu sem notuð er við akstur í þéttbýli. Í öllum tilfellum skal undanskilja gírhlutföll sem notuð eru fyrir hægferð, þegar ökutækinu er lagt eða við hemlun.

Prófunarmassi ökutækis skal vera sá sem settur er fram í töflunni í lið 3.2.1.

Prófunarhraðinn v_{test} er 50 km/klst. ± 1 km/klst. Prófunarhraða skal náð þegar viðmiðunarpunkturinn er á línu PP'.

4.1.2.1.1. Hlutfall hreyfiafls og massa (PMR)

Hlutfall hreyfiafls og massa er reiknað með eftirfarandi formúlu:

$PMR = (P_n/m_t) \times 1000$ þar sem P_n er mælt í kW og m_t er mælt í kg í samræmi við lið 3.2.1 í þessu viðauka.

Hlutfall hreyfiafls og massa er notað víddarlaust við útreikning á hröðun.

4.1.2.1.2. Útreikningur á hröðun

Útreikningar á hröðun eiga aðeins við fyrir flokka M_1, N_1 and $M_2 \leq 3500$ kg.

Öll hröðun er reiknuð út frá mismunandi hraða ökutækis á prófunarbraut. Formúlur sem gefnar eru upp eru notaðar við útreikning á $a_{wot\ i}$, $a_{wot\ i+1}$ og $a_{wot\ test}$. Hraði annað hvort við AA' eða PP' er skilgreindur sem hraði ökutækis þegar viðmiðunarpunktur fer yfir AA' ($v_{AA'}$) eða PP' ($v_{PP'}$). Hraði við BB' er skilgreindur þegar afturhluti ökutækis fer yfir BB' ($v_{BB'}$). Gera skal grein fyrir aðferðinni sem notuð er við útreikning á hröðun í prófunarskýrslunni.

Vegna skilgreiningar á viðmiðunarpunkti fyrir ökutæki telst lengd ökutækis (l_{veh}) mismunandi í formúlunni hér á eftir. Ef viðmiðunarpunktur er framan til í ökutækinu, þá er $l = l_{veh}$, fyrir miðju: $l = 1/2\ l_{veh}$ og að aftan: $l = 0$.

4.1.2.1.2.1. Reikningsaðferð fyrir ökutæki með handskiptingu, sjálfskiptingu, aðlögunarhæfa skiptingu og stiglausa skiptingu sem prófuð eru með læstu gírhlutfalli er eins og hér segir:

$$a_{wot\ test} = ((v_{BB'}/3,6)^2 - (v_{AA'}/3,6)^2)/(2*(20+l))$$

$a_{wot\ test}$ sem notað er við ákvörðun á vali á gír skal vera meðaltal af fjórum $a_{wot\ test,\ i}$ í sérhverjum gildum mæliakstri.

Nota má forhröðun. Í prófunarskýrslunni skal skrá punktinn þar sem eldsneytisgjöfinni er þrýst niður á undan línu AA'.

4.1.2.1.2.2. Reikningsaðferð fyrir ökutæki með sjálfskiptingu, aðlögunarhæfa skiptingu og stiglausa skiptingu sem prófuð eru með ólæstu gírhlutfalli er eins og hér segir:

$a_{wot\ test}$ sem notað er við ákvörðun á vali á gír skal vera meðaltal af fjórum $a_{wot\ test,\ i}$ í sérhverjum gildum mæliakstri.

Ef hægt er að nota búnað eða ráðstafanir sem lýst er í lið 4.1.2.1.4.2 til að stjórna gírskiptingum í þeim tilgangi að uppfylla prófunarkröfur skal reikna $a_{wot\ test}$ út með eftirfarandi formúlu:

$$a_{wot\ test} = ((v_{BB'}/3{,}6)^2 - (v_{AA'}/3{,}6)^2)/(2*(20+l))$$

Nota má forhröðun:

ef búnaður eða ráðstafanir sem lýst er í lið 4.1.2.1.4.2 eru ekki notaðar skal reikna $a_{wot\ test}$ út með eftirfarandi formúlu:

$$a_{wot\_testPP\text{-}BB} = ((v_{BB'}/3{,}6)^2 - (v_{PP'}/3{,}6)^2)/(2*(10+l))$$

$a_{wot\_test\ PP\text{-}BB}$: hröðun á milli punkta PP og BB

Ekki skal nota forhröðun.

Staðurinn þar sem þrýst er á eldsneytisgjöfina skal vera þar sem viðmiðunarpunktur ökutækisins fer yfir línu AA'.

4.1.2.1.2.3. Markhröðun

Markhröðunin a_{urban} skilgreinir hefðbundna hröðun í umferð í þéttbýli og fæst úr tölfræðilegum rannsóknum. Hún er fall fengið með hliðsjón af hlutfalli hreyfiafls og massa í ökutæki.

Markhröðunin a_{urban} skal reiknuð út með eftirfarandi formúlu:

$$a_{urban} = 0{,}63 * \log_{10}(PMR) - 0{,}09$$

4.1.2.1.2.4. Viðmiðunarhröðun

Viðmiðunarhröðunin $a_{wot\ ref}$ skilgreinir þá hröðun sem gerð er krafa um í prófun við hröðun á prófunarbraut. Hún er fall fengið með hliðsjón af hlutfalli hreyfiafls og massa í ökutæki. Fallið er mismunandi fyrir tilgreinda ökutækjaflokka.

Viðmiðunarhröðunin $a_{wot\ ref}$ skal reiknuð út með eftirfarandi formúlu:

$$a_{wot\ ref} = 1{,}59 * \log_{10}(PMR) - 1{,}41 \text{ fyrir } PMR \geq 25$$

$$a_{wot\ ref} = a_{urban} = 0{,}63 * \log_{10}(PMR) - 0{,}09 \text{ fyrir } PMR < 25$$

4.1.2.1.3. Hlutaaflstuðull k_P

Hlutaaflstuðullinn k_P (sjá lið 4.1.3.1) er notaður fyrir vegna samsetningu niðurstaðna úr prófun við hröðun og prófun við stöðugan hraða fyrir ökutæki í flokki M_1 and N_1.

Í öðrum tilfellum en prófun í einum gír skal nota $_{wot\ ref}$ í stað $_{wot\ test}$ (sjá lið 4.1.3.1).

4.1.2.1.4. Val á gírhlutfalli

Val á gírhlutföllum fyrir prófun er háð tilgreindum hröðunarmætti þeirra a_{wot} þegar fullri eldsneytisgjöf er beitt, í samræmi við viðmiðunarhröðunina $a_{wot\ ref}$ sem gerð er krafa um fyrir prófun við hröðun með fullri eldsneytisgjöf.

Sum ökutæki kunna að hafa mismunandi hugbúnaðarforrit eða hami fyrir gírskiptingu (t.d. sportstillingu, vetrarstillingu, aðlögunarhæfa skiptingu). Ef ökutæki hafa mismunandi hami sem leiða til gildrar hröðunar skal framleiðandi ökutækis sýna fram á, þannig að tækniþjónusta telji fullnægjandi, að ökutækið sé prófað í ham sem nær hröðun sem er næst $a_{wot\ ref}$.

4.1.2.1.4.1. Ökutæki með handskiptingu, sjálfskiptingu, aðlögunarhæfa skiptingu eða stiglausa skiptingu sem prófuð eru með læstu gírhlutfalli

Eftirfarandi skilyrði fyrir val á gírhlutfalli eru möguleg:

a) ef eitt tiltekið gírhlutfall gefur hröðun innan vikmarka upp á ± 5% af viðmiðunarhröðuninni $a_{wot\ ref}$, sem ekki fer yfir 2,0 m/s^2, skal nota það gírhlutfall við prófun.

b) ef ekkert gírhlutfallanna gefur þá hröðun sem gerð er krafa um skal velja gírhlutfall i, með hröðun sem er meiri, og gírhlutfall i + 1, með hröðun sem er minni, en viðmiðunarhröðunin. Ef hröðunargildi gírhlutfalls i fer ekki yfir 2,0 m/s^2, skal nota bæði gírhlutföll við prófunina. Vægishlutfall í tengslum við viðmiðunarhröðunina $a_{wot\ ref}$ er reiknað út með:

$$k = (a_{wot\ ref} - a_{wot\ (i+1)})/(a_{wot\ (i)} - a_{wot\ (i+1)})$$

c) ef hröðunargildi gírhlutfalls i er meira en 2,0 m/s^2, skal nota fyrsta gírhlutfall sem gefur hröðun undir 2,0 m/s^2, nema gírhlutfall i + 1 gefi hröðun sem er minni en a_{urban}. Í þessu tilfelli skal nota tvo gíra, i og i + 1, þ.m.t. gír i með hröðun sem er meiri en 2,0 m/s^2. . Í öðrum tilfellum skal ekki nota neinn annan gír. Hröðunin $a_{wot\ test}$ sem næst við prófun skal notuð við útreikning á hlutaaflstuðli k_P, í stað $a_{wot\ ref}$.

d) ef ökutækið hefur gírskiptingu þar sem aðeins er eitt val fyrir gírhlutfall skal prófun við hröðun gerð með þessu vali á gír ökutækisins. Hröðunin sem næst er svo notuð við útreikning á hlutaaflstuðli k_P, í stað $a_{wot\ ref}$.

e) ef farið er yfir nafnsnúningshraða í gírhlutfalli áður en ökutæki fer yfir BB' skal nota næsta gír fyrir ofan.

4.1.2.1.4.2. Ökutæki með sjálfskiptingu, aðlögunarhæfa skiptingu og stiglausa skiptingu sem prófuð eru með ólæstu gírhlutfalli

Nota skal gírstangarstöðu fyrir alsjálfvirka starfrækslu.

Hröðunargildið $a_{wot\ test}$ skal reiknað út eins og skilgreint er í lið 4.1.2.1.2.2.

Prófunin getur síðan falið í sér skiptingu niður í lægri gír og meiri hröðun. Skipting upp í hærri gír og minni hröðun er ekki leyfileg. Forðast skal að skipta yfir í gírhlutfall sem ekki er notað í umferð í þéttbýli.

Því skal leyfilegt að taka upp og nota rafrænan eða vélrænan búnað, þ.m.t. aðra gírstangarstöðu, til að koma í veg fyrir að skipt sé niður í gírhlutfall sem almennt er ekki notað við tiltekin prófunarskilyrði í umferð í þéttbýli.

Hröðunin $a_{wot\ test}$ sem næst skal vera meiri en eða jöfn a_{urban}.

Ef mögulegt er skal framleiðandi grípa til ráðstafana til að forðast hröðunargildi $a_{wot\ test}$ sem er meira en 2,0 m/s^2.

Hröðunin $a_{wot\ test}$ sem næst skal svo notuð við útreikning á hlutaaflstuðli k_P, (sjá lið 4.1.2.1.3) í stað $a_{wot\ ref}$.

4.1.2.1.5. Prófun við hröðun

Framleiðandinn skal skilgreina stöðu viðmiðunarpunkts framan við línu AA', þar sem fullri eldsneytisgjöf skal beitt. Fullri eldsneytisgjöf skal beitt (eins hratt og unnt er) þegar viðmiðunarpunktur ökutækis nær skilgreinda punktinum. Eldsneytisgjöf skal höfð í botni þar til afturhluti ökutækisins nær línu BB'. Þá skal eldsneytisgjöfinni sleppt eins hratt og unnt er. Í prófunarskýrslunni skal skrá punktinn þar sem eldsneytisgjöfinni er beitt að fullu. Tækniþjónustan skal hafa möguleika á því að forprófa.

Ef um er að ræða liðskipt ökutæki sem samanstanda af tveimur óaðskiljanlegum einingum sem teljast eitt ökutæki skal ekki taka tillit til festivagns við ákvörðun á því hvenær farið er yfir línu BB'.

4.1.2.1.6. Prófun við stöðugan hraða

Prófun við stöðugan hraða skal framkvæmd í sama gír eða gírum og tilgreindir eru fyrir prófun við hröðun og við stöðugan hraða sem nemur 50 km/klst. með vikmörk upp á ± 1 km/klst. á milli AA' og BB'. Við prófun við stöðugan hraða skal hröðunarstýring stillt þannig að hún viðhaldi þeim stöðuga hraða sem tilgreindur er á milli AA' og BB'. Ef gír er læstur fyrir prófun við hröðun skal sami gír læstur fyrir prófun við stöðugan hraða.

Ekki er gerð krafa um prófun við stöðugan hraða fyrir ökutæki með hlutfall hreyfiafls og massa < 25.

4.1.2.2. Ökutæki í flokkum M_2 > 3500 kg, M_3, N_2, N_3

Stefna miðlínu ökutækisins skal fylgja línu CC' eins nákvæmlega og mögulegt er í gegnum alla prófunina, frá því að komið er að línu AA' þar til afturhluti ökutækis fer yfir línu BB'. Prófunin skal gerð án eftirvagns eða festivagns. Ef ekki er auðvelt að losa eftirvagn frá dráttarbifreið skal ekki taka tillit til eftirvagns þegar metið er hvenær farið er yfir línu BB'. Ef ökutækið er með búnað á borð við steypuhrærivél, loftpressu, o.s.frv. skal búnaðurinn ekki vera virkur á meðan á prófuninni stendur. Prófunarmassi ökutækis skal vera sá sem settur er fram í töflunni í lið 3.2.1.

Markskilyrði í flokkum M_2 > 3500 kg, N_2

Þegar viðmiðunarpunktur fer yfir línu BB', skal snúningshraði $n_{BB'}$ vera á milli 70% og 74% af hraða S, þar sem hreyfill nær hámarksnafnafli og hraði ökutækisins skal vera 35 km/klst ± 5 km/klst. Tryggja skal stöðug hröðunarskilyrði á milli línu AA' og línu BB'.

Markskilyrði í flokkum M_3, N_3:

Þegar viðmiðunarpunktur fer yfir línu BB', skal snúningshraði $n_{BB'}$ vera á milli 85% og 89% af hraða S, þar sem hreyfill nær hámarksnafnafli og hraði ökutækisins skal vera 35 km/klst ± 5 km/klst. Tryggja skal stöðug hröðunarskilyrði á milli línu AA' og línu BB'.

4.1.2.2.1. Val á gírhlutfalli

4.1.2.2.1.1. Ökutæki með handskiptingar

Tryggja skal stöðug hröðunarskilyrði. Val á gír skal ráðast af markskilyrðunum. Ef mismunur á hraða fer yfir tilgreind vikmörk skal prófa tvo gíra, einn fyrir ofan og einn fyrir neðan markhraða.

Ef fleiri en einn gír uppfyllir markskilyrði skal nota gírinn sem er næst 35 km/klst. Ef enginn gír uppfyllir markskilyrðin fyrir v_{test}, skal prófa tvo gíra, einn fyrir ofan og einn fyrir neðan v_{test}. Marksnúningshraði skal nást við öll skilyrði.

Tryggja skal stöðug hröðunarskilyrði. Ef ekki er hægt að tryggja stöðuga hröðun í ákveðnum gír skal ekki nota þann gír.

4.1.2.2.1.2. Ökutæki með sjálfskiptingu, aðlögunarhæfa skiptingu og stiglausa skiptingu

Nota skal gírstangarstöðu fyrir alsjálfvirka starfrækslu. Prófunin getur síðan falið í sér skiptingu niður í lægri gír og meiri hröðun. Skipting upp í hærri gír og minni hröðun skal ekki leyfileg. Forðast skal að skipta yfir í gírhlutfall sem ekki er notað í umferð í þéttbýli við tilgreind prófunarskilyrði. Því skal leyfilegt að taka upp og nota rafrænan eða vélrænan búnað til að koma í veg fyrir að skipt sé niður í gírhlutfall sem almennt er ekki notað við tiltekin prófunarskilyrði í umferð í þéttbýli.

Ef ökutæki hefur gírskiptingu sem er þannig hönnuð að aðeins sé hægt að velja einn gír (drif) sem takmarkar snúningshraða á meðan á prófun stendur, skal ökutækið aðeins prófað á markhraða ökutækis. Ef ökutækið notast við samsetningu hreyfils og gírskiptingar sem ekki uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í lið 4.1.2.2.1.1 skal ökutækið aðeins prófað á markhraða ökutækisins. Markhraði ökutækis ($v_{BB'}$) fyrir prófun er = 35 km/klst. ± 5km/klst. Skipting upp í hærri gír og minni hröðun er leyfileg eftir að viðmiðunarpunktur ökutækis fyrir yfir línu PP'. Framkvæma skal tvær prófanir, eina með lokahraða v_{test} = $v_{BB'}$ + 5 km/klst., og eina með lokahraða v_{test} = $v_{BB'}$ – 5 km/klst. Skráð hljóðstig skal vera niðurstaða prófunar með hæsta snúningshraða sem næst meðan á prófuninni stendur frá AA' til BB'.

4.1.2.2.2. Prófun við hröðun

Þegar viðmiðunarpunktur ökutækis nær línu AA' skal beita fullri eldsneytisgjöf (án þess að sjálfvirkt sé skipt niður í lægri gír en almennt er notaður við akstur í þéttbýli) og skal fullri eldsneytisgjöf haldið þar til afturhluti ökutækisins fer yfir BB', en viðmiðunarpunkturinn skal vera a.m.k. 5 m aftan við BB'. Þá skal eldsneytisgjöfinni sleppt.

Ef um er að ræða liðskipt ökutæki sem samanstanda af tveimur óaðskiljanlegum einingum sem teljast eitt ökutæki skal ekki taka tillit til festivagns við ákvörðun á því hvenær farið er yfir línu BB'.

4.1.3. Túlkun niðurstaðna

Skrá skal hæsta A-vegið hljóðþrýstingsstig sem mælist í hvert skipti sem ökutækið fer á milli línanna tveggja AA' og BB'. Mælingin skal ekki tekin gild ef hávaðatoppur sem augljóslega er ekki í takt við hljóðþrýstingsstigið almennt greinist. Gera skal a.m.k. fjórar mælingar fyrir hvert prófunarskilyrði, báðum megin við ökutækið, fyrir hvert gírhlutfall. Mæla má vinstri og hægri hlið samtímis eða hvora á eftir annarri. Niðurstöður úr fyrstu fjórum gildu mælingunum í röð sem eru innan 2 dB(A), og gera því kleift að eyða niðurstöðum sem ekki eru gildar (sjá lið 3.1), skulu notaðar við útreikning á lokaniðurstöðum fyrir tilgreinda hlið ökutækisins. Svo skal tekið meðaltal fyrir hvora hlið fyrir sig. Milliniðurstöður eru það gildi sem hærra er af meðaltölunum tveimur, stærðfræðilega námunduð með einum aukastaf.

Hraðamælingar við AA', BB' og PP' skulu skráðar og notaðar við útreikninga, með fyrsta marktæka aukastaf eftir tugasætið.

Útreiknuð hröðun $a_{wot\ test}$ skal skráð með tveimur aukastöfum eftir tugasætið.

4.1.3.1. Ökutæki í flokkum M_1, N_1 og $M_2 \leq 3500$ kg

Útreiknuð gildi fyrir prófun við hröðun og prófun við stöðugan hraða fást með:

$$L_{wot\ rep} = L_{wot\ (i+1)} + k * (L_{wot(i)} - L_{wot\ (i+1)})$$

$$L_{crs\ rep} = L_{crs(i+1)} + k * (L_{crs\ (i)} - L_{crs\ (i+1)})$$

Þar sem $k = (a_{wot\ ref - awot\ (i+1)})/(a_{wot\ (i)} - a_{wot\ (i+1)})$

Ef um er að ræða prófun með einu gírhlutfalli eru gildin niðurstöðurnar úr hverri prófun.

Lokaniðurstaða er reiknuð út með því að sameina $L_{wot\ rep}$ og $L_{crs\ rep}$. Jafnan er:

$$L_{urban} = L_{wot\ rep} - k_P * (L_{wot\ rep} - L_{crs\ rep})$$

Vægisstuðullinn k_P gefur hlutaaflstuðulinn fyrir akstur í þéttbýli. Í öðrum tilfellum en þar sem prófað er í einum gír er k_P reiknað út með:

$$k_P = 1 - (a_{urban}/a_{wot\ ref})$$

Ef aðeins var tilgreindur einn gír fyrir prófunina er k_P fengið með:

$$k_P = 1 - (a_{urban}/a_{wot\ test})$$

Í tilfellum þar sem $a_{wot\ test}$ er minna en a_{urban}:

$$k_P = 0$$

4.1.3.2. Ökutæki í flokkum $M_2 > 3500$ kg, M_3, N_2, N_3

Þegar einn gír er prófaður skal lokaniðurstaða vera jöfn milliniðurstöðum. Þegar tveir gírar eru prófaðir skal meðaltal milliniðurstaðna reiknað út.

4.2. Mælingar á hávaða frá kyrrstæðum ökutækjum

4.2.1. Hljóðstig í nágrenni ökutækja

Niðurstöður mælinganna skulu skráðar í prófunarskýrsluna sem um getur í viðbótinni við 2. viðbæti við I. viðauka.

4.2.2. Hljóðeðlisfræðilegar mælingar

Nákvæmir hljóðstigsmælar eða jafngild mælikerfi eins og þau eru skilgreind í lið 2.1 skulu notuð við mælingar

4.2.3. Prófunarstaður — staðbundin skilyrði eins og um getur á myndum 2 og 3a til 3d í viðbætinum.

4.2.3.1. Í nágrenni hljóðnema skal ekki vera nein hindrun sem gæti haft áhrif á hljóðeðlisfræðilega sviðið og engin manneskja skal vera á milli hljóðnemans og hávaðavaldsins. Sá sem les af mælum skal vera staðsettur þannig að hann hafi ekki áhrif á mæliaflestur.

4.2.4. Truflandi hljóð og truflun frá vindi

Mælingar mælitækja sem eru tilkomnar vegna umhverfishávaða og veðurhljóða skulu vera a.m.k. 10 dB(A) undir því hljóðstigi sem mæla á. Setja má á hljóðnemann viðeigandi vindhlíf að því tilskildu að tillit sé tekið til áhrifa hennar á næmi hljóðnemans (sjá lið 2.1).

4.2.5. Mæliaðferð

4.2.5.1. Eðli og fjöldi mælinga

Hámarkshljóðstigið sem gefið er upp í A-vegnum desíbelum (dB(A)) skal mælt á meðan á starfrækslutímanum sem um getur í lið 4.2.5.3.2.1 stendur.

Gera skal a.m.k. þrjár mælingar á hverjum mælipunkti.

4.2.5.2. Staða og undirbúningur ökutækis

Ökutækið skal staðsett á miðju prófunarsvæðisins með gírstöng í hlutlausri stöðu og tengslin virk. Ef hönnun ökutækis kemur í veg fyrir þetta skal ökutækið prófað í samræmi við forskriftir framleiðanda fyrir prófun á kyrrstæðum hreyflum. Fyrir hverja röð mælinga skal hreyfillinn látinn ná venjulegum vinnsluskilyrðum, eins og framleiðandi tilgreinir.

Ef ökutæki hefur eina eða fleiri viftur sem hafa sjálfvirkan virkjunarbúnað skal ekki eiga við þessi kerfi á meðan á hljóðstigsmælingum stendur.

Vélarhlíf eða hlíf á vélarrými, sé hún til staðar, skal vera lokuð.

4.2.5.3. Mæling á hávaða nálægt útblástursröri eins og um getur á mynd 2 og myndum 3a til 3d í viðbæti.

4.2.5.3.1. Staðsetningar hljóðnema

4.2.5.3.1.1. Hljóðnemi skal staðsettur í 0,5 m ± 0,01 m fjarlægð frá viðmiðunarpunkti útblástursrörs sem skilgreindur er á mynd 2 og myndum 3a til 3d í viðbætinum og þannig að hann myndi 45° (± 5°) horn á flæðisás við enda pípunnar. Hljóðnemi skal vera í sömu hæð og viðmiðunarpunkturinn en þó ekki minna en 0,2 m frá jörðu. Viðmiðunarás hljóðnemans skal liggja á plani sem er samsíða jörðu og skal snúið að viðmiðunarpunkti úttaks útblástursrörsins. Ef tvær stöður hljóðnema eru mögulegar skal notast við þá staðsetningu sem er lengst til hliðar frá miðlínu langsniðs ökutækisins. Ef flæðisás úttakspípu útblástursrörs myndar 90° horn við miðlínu langsniðs ökutækisins skal hljóðneminn staðsettur á þeim punkti sem er lengst frá hreyflinum.

4.2.5.3.1.2. Fyrir ökutæki sem hafa útblástursrör með úttök með meira en 0,3 m millibili skulu mælingar gerðar fyrir hvert úttak. Skrá skal hæsta gildi.

4.2.5.3.1.3. Ef um er að ræða útblástursrör með tvö eða fleiri úttök með minna en 0,3 m millibili sem tengd eru sama hljóðdeyfi skal aðeins gera eina mælingu, staðsetning hljóðnemans er tengd úttakinu sem er næst einni af ystu brúnum ökutækisins eða, ef ekki er um neitt slíkt úttak að ræða, úttakinu sem er hæst yfir jörðu.

4.2.5.3.1.4. Fyrir ökutæki með lóðrétt útblástursrör (t.d. atvinnuökutæki) skal hljóðneminn staðsettur í sömu hæð og úttak útblástursrörsins. Ás hljóðnemans skal vera lóðréttur og snúa upp á við. Hljóðneminn skal staðsettur í 0,5 m ± 0,01 m fjarlægð frá viðmiðunarpunkti útblástursrörsins en þó aldrei minna en 0,2 m frá þeirri hlið ökutækisins sem er næst útblástursrörinu.

4.2.5.3.1.5. Fyrir úttök útblástursrörs sem staðsett eru undir yfirbyggingu ökutækisins skal hljóðneminn staðsettur a.m.k. 0,2 m frá næsta hluta ökutækisins, á stað sem næstur er viðmiðunarpunkti útblástursrörsins en þó aldrei minna en 0,5 m frá honum og í 0,2 m hæð yfir jörðu og ekki snúa beint að útblástursstreyminu. Ekki er nauðsynlegt að uppfylla kröfurnar um horn sem settar eru fram í lið 4.2.5.3.1.1, ef þær eru ekki framkvæmanlegar.

4.2.5.3.1.6. Dæmi um staðsetningu hljóðnema, með fyrirvara um staðsetningu útblástursrörs, eru gefin á myndum 3a-3d í viðbætinum.

4.2.5.3.2. Vinnsluskilyrði hreyfilsins

4.2.5.3.2.1. Marksnúningshraði

— 75% af snúningshraða S fyrir ökutæki með nafnsnúningshraða ≤ 5000 mín^{-1}

— 3750 mín^{-1} fyrir ökutæki með nafnsnúningshraða sem er yfir 5000 mín^{-1} og undir 7500 mín^{-1}

— 50% af snúningshraða S fyrir ökutæki með nafnsnúningshraða ≤ 5000 mín^{-1}

Ef ökutækið nær ekki slíkum snúningshraða skal marksnúningshraði vera 5% undir hæsta mögulega snúningshraða fyrir prófun í kyrrstöðu.

4.2.5.3.2.2. Prófunarferli

Snúningshraði skal aukinn í áföngum frá því að vera í lausagangi og yfir í marksnúningshraða, án þess að fara meira en ± 3% yfir vikmörk marksnúningshraðans, og haldið stöðugum. Þá skal eldsneytisgjöfinni sleppt snögglega og snúningshraðinn látinn falla aftur að því sem hann er í lausagangi. Hljóðstig skal mælt á starfrækslutímabili þar sem stöðugum hraða er viðhaldið í 1 sekúndu og svo öllu tímabilinu sem hraðaminnkunin varir. Hámarkshljóðstigið sem mælt er á meðan á þessu starfrækslutímabili stendur, stærðfræðilega námundað með einum aukastaf, skal tekið sem prófunargildi.

4.2.5.3.2.3. Fullgilding prófunar

Mæling skal teljast gild ef snúningshraðinn í prófuninni víkur ekki meira en ± 3% frá marksnúningshraðanum í a.m.k. 1 sekúndu.

4.2.6. Niðurstöður

Gera skal a.m.k. þrjár mælingar fyrir hverja prófunarstöðu. Skrá skal hæsta A-vegið hljóðþrýstingsstig sem mælist á meðan á hverri af mælingunum þremur stendur. Niðurstöður úr fyrstu þremur gildu mælingunum í röð sem eru innan 2 dB(A) og gera því kleift að eyða niðurstöðum sem ekki eru gildar (með tilliti til forskriftanna fyrir prófunarstaðinn eins og um getur í lið 3.1) skulu notaðar við ákvörðun lokaniðurstaðna fyrir tilgreinda mælingarstöðu. Hámarkshljóðstigið á öllum mælingarstöðum og úr niðurstöðum mælinganna þriggja skal mynda lokaniðurstöðuna.

5. Hávaði frá blendingsrafökutækjum í flokki M_1 á hreyfingu, ef brunahreyfill getur ekki starfað þegar ökutækið er í kyrrstöðu (gögn sem skráð eru til að gera það kleift að prófa ökutæki þegar það er í notkun).

5.1. Til að greiða fyrir samræmisprófun blendingsrafökutækja í notkun — ef brunahreyfill getur ekki starfað þegar ökutækið er í kyrrstöðu — er vísað til eftirfarandi upplýsinga er varða mælingar á hljóðþrýstistigi fyrir vélknúin ökutæki á hreyfingu, sem gerðar eru í samræmi við lið 4.1 í II. viðauka, sem viðmiðunargagna fyrir samræmi í notkun:

a) gír (i) eða, fyrir ökutæki sem prófuð eru með ólæstum gírhlutföllum, gírstangarstaðan sem valin er fyrir prófunina,

b) staða valrofa fyrir vinnsluhátt á meðan á mælingu hljóðþrýstings stendur $L_{wot,(i)}$ (ef rofinn er til staðar).

c) lengd forhröðunar l_{PA} í m,


d) meðalhraði ökutækis í km/klst. við upphaf hröðunar með fullri eldsneytisgjöf fyrir prófanir í gír (i) og

e) hljóðþrýstingsstig $L_{wot,(i)}$ í dB(A) fyrir prófanir í gír (i) með fullri eldsneytisgjöf, skilgreint sem hámark tveggja gilda sem fengin eru með því að finna meðaltal niðurstaðna einstakra mælinga við sérhverja hljóðnemastöðu fyrir sig.


5.2. Viðmiðunargögn fyrir samræmi í notkun skulu skráð í ESB-gerðarviðurkenningarvottorðið eins og tilgreint er í lið 2.3 í viðbótinni við 2. viðbæti við I. viðauka.

Viðbætir

Myndir




Mynd 1: Mælingarstaðir fyrir ökutæki á hreyfingu




T = séð ofan frá
S = séð frá hlið
A = mælt rör
B = niðurbeygt rör
C = beint rör
D = lóðrétt rör
1 = viðmiðunarpunktur
2 = vegyfirborð


Mynd 2: Viðmiðunarpunktur




Mynd 3a



Mynd 3b



Mynd 3c



Mynd 3d

Myndir 3 a — d: Dæmi um staðsetningu hljóðnema, með hliðsjón af staðsetningu útblástursrörs

III. VIÐAUKI

VIÐMIÐUNARMÖRK

Hljóðstigið, sem mælt er í samræmi við ákvæði II. viðauka, námundað að næstu heilu tölu, skal ekki fara upp fyrir eftirtalin mörk:

Ökutækja-flokkur	Lýsing á ökutækjaflokki	Viðmiðunargildi í dB(A) [desíbel (A)]		
		1. áfangi gildir fyrir nýjar gerðir ökutækja frá 1. júlí 2016	2. áfangi gildir fyrir nýjar gerðir ökutækja frá 1. júlí 2020 og fyrir fyrstu skráningu frá 1. júlí 2022	3. áfangi gildir fyrir nýjar gerðir ökutækja frá 1. júlí 2024 og fyrir fyrstu skráningu frá 1. júlí 2026
M	Ökutæki til farþegaflutninga			
M_1	Hlutfall afls og massa ≤ 120 kW/1000 kg	72 ([1])	70 ([1])	68 ([1])
M_1	120 kW/1000 kg < hlutfall afls og massa ≤ 160 kW/1000 kg	73	71	69
M_1	160 kW/1000 kg < hlutfall afls og massa	75	73	71
M_1	Hlutfall afls og massa > 200 kW/1000 kg Sætafjöldi ≤ 4 Viðmiðunarpunktur ökumannssætis ≤ 450 mm frá yfirborði	75	74	72
M_2	Massi ≤ 2500 kg	72	70	69
M_2	2500 kg < massi ≤ 3500 kg	74	72	71
M_2	3500 kg < massi ≤ 5000 kg, Málafl hreyfils ≤ 135 kW	75	73	72
M_2	3500 kg < massi ≤ 5000 kg, Málafl hreyfils > 135 kW	75	74	72
M_3	Málafl hreyfils ≤ 150 kW	76	74	73 ([2])
M_3	150 kW < málafl hreyfils ≤ 250 kW	78	77	76 ([2])
M_3	Málafl hreyfils > 250 kW	80	78	77 ([2])

Ökutækja-flokkur	Lýsing á ökutækjaflokki	Viðmiðunargildi í dB(A) [desíbel (A)]		
		1. áfangi gildir fyrir nýjar gerðir ökutækja frá 1. júlí 2016	2. áfangi gildir fyrir nýjar gerðir ökutækja frá 1. júlí 2020 og fyrir fyrstu skráningu frá 1. júlí 2022	3. áfangi gildir fyrir nýjar gerðir ökutækja frá 1. júlí 2024 og fyrir fyrstu skráningu frá 1. júlí 2026
N	Ökutæki til vöruflutninga			
N_1	Massi ≤ 2500 kg	72	71	69
N_1	2500 kg < massi ≤ 3500 kg	74	73	71
N_2	Málafl hreyfils ≤ 135 kW	77	75 ([2])	74 ([2])
N_2	Málafl hreyfils > 135 kW	78	76 ([2])	75 ([2])
N_3	Málafl hreyfils ≤ 150 kW	79	77	76 ([2])
N_3	150 kW < málafl hreyfils ≤ 250 kW	81	79	77 ([2])
N_3	Málafl hreyfils > 250 kW	82	81	79 ([2])

Viðmiðunarmörk skulu hækkuð um 1dB (2 dB(A) fyrir ökutæki í flokkum N_3 og M_3) fyrir ökutæki sem uppfylla viðkomandi skilgreiningu fyrir torfærutæki sem sett er fram í 4. lið í A-hluta II. viðauka við tilskipun 2007/46/EB.

Fyrir ökutæki í flokki M_1 gilda hækkuðu viðmiðunarmörkin fyrir torfærutæki aðeins ef tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu > 2 tonn.

Viðmiðunarmörk skulu hækkuð um 2 db(A) fyrir ökutæki með hjólastólaaðgengi og brynvarin ökutæki, eins og þau eru skilgreind í II. viðauka við tilskipun 2007/46/EB.

([1]) Ökutæki í flokki M1 sem byggð eru á ökutækjum í flokki N1: ökutæki í flokki M1 þar sem viðmiðunarpunktur sætis > 850 mm yfir jörðu og leyfilegur heildarmassi með hleðslu er yfir 2500 kg skulu uppfylla viðmiðunarmörk fyrir flokk N1 (2500 kg < massi ≤ 3500 kg).

([2]) + tvö ár fyrir nýja gerð ökutækis og + eitt ár fyrir nýja ökutækjaskráningu.

IV. VIÐAUKI

HLJÓÐDEYFIKERFI MEÐ HLJÓÐGLEYPNU TREFJAEFNI

1. ALMENN ÁKVÆÐI

Nota má hljóðgleypið trefjaefni í hljóðdeyfikerfi eða íhluti þess, ef annað eftirfarandi skilyrða er uppfyllt:

a) útblástursloft kemst ekki í snertingu við trefjaefnið eða

b) hljóðdeyfikerfi, eða íhlutir þess, tilheyra sama hönnunarhóp og kerfi eða íhlutir sem búið er að sýna fram á að ekki spillist, á meðan á ESB-gerðarviðurkenningarferli stendur í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar fyrir aðra gerð ökutækis.

Ef hvorki skilyrði a-liðar né skilyrði b-liðar í fyrstu undirgrein eru uppfyllt skal heildstætt hljóðdeyfikerfi eða íhlutir þess gangast undir hefðbundna prófun með einni af þeim þremur uppsetningum og aðferðum sem lýst er í liðum 1.1, 1.2 og 1.3.

Að því er varðar b-lið fyrstu undirgreinar skal líta svo á að hópur hljóðdeyfikerfa, eða íhlutir þeirra, tilheyri sama hönnunarhóp þegar öll eftirfarandi einkenni eru eins:

a) nettógasstreymi útblástursloftsins í gegnum gleypna trefjaefnið þegar það er í snertingu við það efni,

b) gerð trefja,

c) forskriftir bindiefna, eftir atvikum,

d) meðalmál trefja,

e) lágmarksrúmþyngd efnis í lausri vigt, í kg/m^3,

f) hámarkssnertiflötur á milli gasstreymis og gleypna efnisins,

1.1. Samfelld starfrækslа á vegi í 10000 km.

1.1.1. Af þessari starfrækslu skulu 50 ± 20% samanstanda af akstri í þéttbýli og afgangurinn skal vera langkeyrsla á miklum hraða. Samsvarandi áætlun á prófunarbraut getur komið í stað samfelldrar starfrækslu á vegi.

1.1.2. Skipta skal á milli hraðasviðanna tveggja a.m.k. tvisvar.

1.1.3. Prófunaráætlunin í heild sinni skal fela í sér a.m.k. 10 hlé sem vara í a.m.k. þrjár klukkustundir til að líkja eftir áhrifum kælingar og rakaþéttingar sem kann að eiga sér stað.

1.2. Prófun á prófunarbekk

1.2.1. Setja skal hljóðdeyfikerfi, eða íhluti þess, í ökutækið sem um getur í lið 1.3 í I. viðauka eða á hreyfilinn sem um getur í lið 1.4 í I. viðauka með notkun staðlaðra hluta og með því að fylgja leiðbeiningum framleiðanda ökutækisins. Ef um er að ræða ökutækið sem um getur í lið 1.3 í I. viðauka skal ökutækið sett á aflmæli með kefli. Ef um er að ræða hreyfilinn sem um getur í lið 1.4 í I. viðauka skal hreyfillinn tengdur aflmæli.

1.2.2. Prófunin skal framkvæmd á sex tímabilum sem vara í sex klukkustundir hvert með a.m.k. 12 klst. hléum á milli tímabila til að líkja eftir áhrifum kælingar og rakaþéttingar sem kann að eiga sér stað.

1.2.3. Á meðan á hverju sex klukkustunda tímabili stendur skal hreyfillinn látinn ganga við eftirfarandi skilyrði í þessari röð:

a) fimm mínútur í lausagangi,

b) eina klukkustund við fjórðungsálag á þremur fjórðu af hámarksnafnhraða (S),

c) eina klukkustund við helmingsálag á þremur fjórðu af hámarksnafnhraða (S),

d) tíu mínútur við fullt álag á þremur fjórðu af hámarksnafnhraða (S),

e) fimmtán mínútur við helmingsálag á hámarksnafnhraða (S),

f) þrjátíu mínútur við fjórðungsálag á hámarksnafnhraða (S).

Loturnar sex vara samtals: þrjár klukkustundir.

Sérhvert tímabil skal samanstanda af tveimur prófunum og hvor þeirra af skilyrðunum í a- til f-lið í röð.

1.2.4. Á meðan á prófun stendur skal ekki kæla hljóðdeyfikerfið, eða íhluti þess, með tilbúnu þrýstiloftstreymi sem líkir eftir venjulegu loftstreymi umhverfis ökutækið. Að beiðni framleiðanda má þó kæla hljóðdeyfikerfi eða íhluti þess til að ekki verði farið yfir það hitastig sem mælist við inntak þess þegar ökutækinu er ekið á hámarkshraða.

1.3. Sveifluprófun

1.3.1. Hljóðdeyfikerfi, eða íhlutir þess, skal sett upp í ökutæki sem um getur í lið 1.3 í I. viðauka eða á hreyfil sem um getur í lið 1.4 í I. viðauka. Í fyrra tilfellinu skal ökutækið sett á aflmæli með kefli.

Í seinna tilfellinu skal hreyfillinn settur á aflmæli. Prófunartæki, sem ítarleg skýringarmynd er af á mynd 1 í viðbætinum við þennan viðauka, skal sett upp við úttak hljóðdeyfikerfisins, Allur annar búnaður sem gefur jafngildar niðurstöður skal álitinn ásættanlegur.

1.3.2. Prófunartækið skal stillt þannig að streymi útblásturslofts sé til skiptis rofið og því komið á aftur með hraðvirkum loka 2500 sinnum.

1.3.3. Lokinn skal opnast þegar bakþrýstingur útblástursloftsins, sem mældur er a.m.k. 100 mm neðan við inntaksflansinn, nær á milli 0,35 og 0,40 kPa. Hann skal lokast þegar þessi þrýstingur víkur í mesta lagi 10% frá stöðuga gildinu sem fæst þegar lokinn er opinn.

1.3.4. Stilla skal tímarofann fyrir þann tíma sem þrýstingur útblástursloftsins varir skv. ákvæðunum sem mælt er fyrir um í lið 1.3.3.

1.3.5. Snúningshraði skal vera 75% af þeim hraða (S) sem hreyfillinn skilar hámarksafli við.

1.3.6. Aflið sem aflmælirinn sýnir skal vera 50% af afli með fullri eldsneytisgjöf mælt við 75% af snúningshraða (S).


1.3.7. Öll afrennslisgöt skulu lokuð á meðan á prófuninni stendur.

1.3.8. Ljúka skal allri prófuninni á 48 klukkustundum.

Heimilt er að hafa eitt kælingartímabil eftir hverja klukkustund, ef þörf er á.

_____

Viðbætir



Mynd 1

Prófunartæki fyrir sveifluprófun

1. Inntaksflans eða múffa til tengingar við enda hljóðdeyfikerfis til prófunar.
2. Handvirkur stilliloki.
3. Jöfnunargeymir með hámarksrúmtak upp á 40 l og áfyllingartíma sem ekki er undir einni sekúndu.
4. Þrýstirofi með vinnusvið frá 0,05 til 2,5 bör.
5. Tímarofi
6. Sveifluteljari
7. Hraðvirkur loki, t.d. útblástursheimlaloki sem er 60 mm í þvermál, stjórnað er með þrýstiloftstrokk með frálagi upp á 120 N við 4 bör. Svörunartími skal hvorki við opnun né lokun fara yfir 0,5 s.
8. Frásog fyrir útblástursloft.
9. Slöngubarki.
10. Þrýstimælir.

V. VIÐAUKI

HÁVAÐI AF ÞRÝSTILOFTI

1. MÆLIAÐFERÐ

Mælingin er gerð með hljóðnema í stöðu 2 og 6 eins og sýnt er á mynd 1 í viðbætinum, með ökutækið í kyrrstöðu. Hæsta A-vegna hljóðstigið skal skráð þegar lofti er hleypt af þrýstistilli og við lofttæmingu eftir að bæði akstursheimlum og stöðuhemli hefur verið beitt.

Hávaðinn þegar lofti er hleypt af þrýstistillinum er mældur með hreyfilinn í lausagangi. Hávaðinn sem verður við lofttæmingu er skráður á meðan aksturs- og stöðuhemlum er beitt. Áður en hver mæling hefst skal loftþjappan sett á hæsta leyfilega vinnsluþrýsting og síðan slökkt á hreyflinum.

2. MAT Á NIÐURSTÖÐUM


Tvær mælingar eru gerðar í hverri hljóðnemastöðu. Til að bæta fyrir ónákvæmni í mælibúnaði er gildið sem lesið er af mælinum lækkað um 1 dB(A) og litið á lækkaða gildið sem niðurstöðu mælingarinnar. Niðurstöðurnar teljast gildar ef mismunurinn á milli mælinga við eina hljóðnemastöðu fer ekki yfir 2 dB(A). Hæsta mælda gildið er tekið sem niðurstaða. Ef þetta gildi fer meira en 1 dB(A) yfir hljóðstigsmörkin skal gera tvær mælingar til viðbótar í samsvarandi hljóðnemastöðu. Í þessu tilfelli skulu niðurstöður þriggja mælinga af fjórum sem gerðar eru á þessum stað vera í samræmi við hljóðstigsmörkin.

3. VIÐMIÐUNARMÖRK

Hljóðstig skal ekki fara yfir sem nemur 72 dB(A).

Viðbætir

Mynd 1: Hljóðnemastöður fyrir mælingar á hávaða af þrýstilofti



Mælingar eru gerðar á kyrrstæðu ökutæki í samræmi við mynd 1, með tvær staðsetningar fyrir hljóðnema í 7 m fjarlægð frá útlínu ökutækisins og 1,2 m yfir jörðu.

VI. VIÐAUKI

EFTIRLIT MEÐ FRAMLEIÐSLUSAMRÆMI ÖKUTÆKJA

1. ALMENN ÁKVÆÐI

Þessar kröfur eru í samræmi við prófunina sem gera skal til að hafa eftirlit með framleiðslusamræmi í samræmi við 5. lið IX. viðauka.

2. PRÓFUNARAÐFERÐ

Prófunarstaður og mælitæki skulu vera þau sem tilgreind eru í II. viðauka.

2.1. Ökutækið eða ökutækin sem verið er að prófa skulu gangast undir prófun til mælingar á hljóði ökutækis á hreyfingu eins og sett er fram í lið 4.1 í II. viðauka.

2.2. Hávaði af þrýstilofti

Ökutæki sem hafa tæknilega leyfilegan hámarksmassa með hleðslu sem er yfir 2800 kg og eru búin þrýstiloftskerfi skulu gangast undir viðbótarprófun til mælingar á hávaða af þrýstilofti sem sett er fram í 1. lið V. viðauka.

2.3. Viðbótarákvæði um hljóðmengun

Framleiðandi ökutækis skal meta samræmi við viðbótarákvæði um hljóðmengun með viðeigandi mati eða með því að framkvæma prófunina sem lýst er í VII. viðauka.

3. VAL Á SÝNUM OG MAT Á NIÐURSTÖÐUM

Velja skal eitt ökutæki og gera á því prófanirnar sem settar eru fram í 2. lið þessa viðauka. Ef hljóðstig ökutækis sem prófað er fer ekki meira en 1 dB(A) yfir viðmiðunarmörkin sem sett eru fram í III. viðauka og, eftir því sem við á, 3. lið V. viðauka, skal líta svo á að gerð ökutækis sé í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar.

Ef niðurstöður úr einni prófun eru ekki í samræmi við kröfurnar um framleiðslusamræmi í X. viðauka við tilskipun 2007/46/EB skal prófa tvö ökutæki til viðbótar af sömu gerð, samkvæmt 2. lið þessa viðauka.

Ef niðurstöður úr prófun á öðru og þriðja ökutækinu uppfylla kröfurnar um framleiðslusamræmi í X. viðauka við tilskipun 2007/46/EB telst ökutækið uppfylla kröfur um framleiðslusamræmi.

Ef niðurstöður úr einni af prófununum á öðru eða þriðja ökutækinu uppfylla ekki kröfur um framleiðslusamræmi í X. viðauka við tilskipun 2007/46/EB telst gerð ökutækis ekki uppfylla kröfur þessarar reglugerðar og framleiðandinn skal grípa til allra nauðsynlegra ráðstafana til að koma þessu samræmi á aftur.

VII. VIÐAUKI

MÆLIAÐFERÐ TILA Ð META HVORT FARIÐ SÉ AÐ VIÐBÓTARÁKVÆÐUM UM HLJÓÐMENGUN

1. ALMENN ÁKVÆÐI

Í þessum viðauka er lýst mæliaðferð til að meta samræmi ökutækis við viðbótarákvæðin um hljóðmengun sem sett eru fram í 7. gr.

Ekki er skyldubundið að framkvæma raunverulegar prófanir þegar sótt er um ESB-gerðarviðurkenningu. Framleiðandi skal skrifa undir samræmisyfirlýsingu sem sett er fram í viðbætinum. Viðurkenningaryfirvald getur farið fram á viðbótarupplýsingar um samræmisyfirlýsinguna og framkvæmt prófanirnar sem lýst er hér á eftir.

Aðferðin sem sett er fram í þessum viðauka krefst þess að prófun sé framkvæmd í samræmi við II. viðauka. Prófunin sem tilgreind er í II. viðauka skal framkvæmd á sömu prófunarbraut og við skilyrði sem eru svipuð þeim sem gerð er krafa um fyrir prófanirnar sem lýst er í þessum viðauka.

2. MÆLIAÐFERÐ

2.1. Mælitæki og mælingarskilyrði

Nema annað sé tilgreint eru mælitæki, mælingarskilyrði og ástand ökutækis jafngild þeim sem tilgreind eru í 2. og 3. lið í II. viðauka.

Hafi ökutækið mismunandi hami sem hafa áhrif á hljóðmengun skulu allir hamir uppfylla kröfur þessa viðauka. Hafi framleiðandi gert prófanir til að sýna viðurkenningaryfirvaldi fram á að þessar kröfur séu uppfylltar skal skrá þá hami sem notaðir eru við þessar prófanir í prófunarskýrslu.

2.2. Prófunaraðferð

Nema annað sé tilgreint skal nota skilyrðin og aðferðirnar í liðum 4.1 til 4.1.2.1.2.2 í II. viðauka. Að því er varðar þennan viðauka skal mæla og meta stakar prófunarkeyrslur.

2.3. Stjórnsvið

Starfræksluskilyrði eru sem hér segir:

Hraði ökutækis $V_{AA\ ASEP}$:	$v_{AA} \geq 20$ km/klst.
Hröðun ökutækis $a_{wot\ ASEP}$	$a_{wot} \leq 5{,}0$ m/s^2
Snúningshraði $n_{BB\ ASEP}$	$n_{BB} \leq 2{,}0 * PMR^{-0{,}222} * s$ eða

$n_{BB} \leq 0{,}9 * s$, hvort sem er lægra

Hraði ökutækis $V_{BB\ ASEP}$:

ef $n_{BB\ ASEP}$ er náð í einum gír	$v_{BB} \geq 70$ km/klst.
Í öllum öðrum tilvikum	$v_{BB} \geq 80$ km/klst.
gírar	K ≤ gírhlutfall i eins og það er ákvarðað í II. viðauka

Ef ökutækið nær ekki hámarkssnúningshraða undir 70 km/klst. í lægsta gilda gír skal hraðatakmörkun ökutækisins vera 80 km/klst.

2.4. Gírhlutföll

Viðbótarákvæði fyrir hljóðmengun gilda fyrir öll gírhlutföll K sem leiða til niðurstaðna úr prófun innan stjórnsviðsins sem skilgreint er í lið 2.3 í þessum viðauka.

Ef um er að ræða ökutæki með sjálfskiptingu, aðlögunarhæfa skiptingu og stiglausa skiptingu með ólæst gírhlutfall má prófunin fela í sér að gírhlutfall sé lækkað og hröðun aukin. Skipting upp í hærri gír og minni hröðun er ekki leyfileg. Forðast skal gírskiptingu sem leiðir til skilyrða sem ekki eru í samræmi við jaðarskilyrðin. Í slíkum tilfellum er leyfilegt að taka upp og nota rafrænan eða vélrænan búnað, þ.m.t. aðrar gírstangarstöður. Til að prófun á viðbótarákvæðum fyrir hljóðmengun sé dæmigerð og til að hægt sé að endurtaka hana (fyrir viðurkenningaryfirvald) skulu ökutæki prófuð með gírkassa kvarðaðan eins og við framleiðslu.

2.5. Markskilyrði

Hljóðmengun skal mæld í hverju gildu gírhlutfalli á prófunarpunktunum fjórum sem tilgreindir eru hér á eftir.

Fyrsti prófunarpunktur P_1 er skilgreindur með því að nota byrjunarhraða v_{AA} sem nemur 20 km/klst. Ef ekki er hægt að ná stöðugum hröðunarskilyrðum skal hraðinn aukinn um 5 km/klst. í einu þar til stöðugri hröðun er náð.

Fjórði prófunarpunktur P_4 er skilgreindur með hámarkshraða ökutækis við BB' í því gírhlutfalli innan jaðarskilyrða í samræmi við lið 2.3.

Hinir tveir prófunarpunktarnir eru reiknaðir út með eftirfarandi formúlu:

Prófunarpunktur P_j: $v_{BB\_j} = v_{BB\_1} + ((j - 1)/3) * (v_{BB\_4 - vBB\_1})$ fyrir j = 2 og 3

Þar sem:

v_{BB_1} = hraði ökutækis við BB' á prófunarpunkti P_1

v_{BB_4} = hraði ökutækis við BB' á prófunarpunkti P_4

Vikmörk fyrir v_{BB_j}: ±3 km/klst.

Jaðarskilyrðin sem skilgreind eru í lið 2.3 skulu uppfyllt fyrir alla prófunarpunkta.

2.6. Prófun á ökutæki

Stefna miðlínu ökutækisins skal fylgja línu CC' eins nákvæmlega og mögulegt er í gegnum alla prófunina, frá því að komið er að línu AA' þar til afturhluti ökutækis fer yfir línu BB'.

Við línu AA' skal fullri eldsneytisgjöf beitt. Til að ná stöðugri hröðun eða til að koma í veg fyrir að skipt sé niður á milli línu AA' og línu BB' má nota forhröðun fyrir línu AA'. Eldsneytisgjöf skal beitt að fullu þar til afturhluti ökutækisins nær línu BB'.

Fyrir sérhverja aðskilda prófunarkeyrslu skal ákvarða og skrá eftirfarandi mæliþætti:

Hæsta A-vegna hljóðþrýstingsstig báðum megin við ökutækið sem mælist í hvert sinn sem ökutækið fer á milli línanna tveggja AA' og BB', skal stærðfræðilega námundað með einum aukastaf ($L_{wot,kj}$). Mælingin skal ekki tekin gild ef hljóðtoppur sem augljóslega er ekki í takt við hljóðþrýstingsstigið almennt greinist. Mæla má vinstri og hægri hlið samtímis eða í sitt hvoru lagi.

Hraðamælingar ökutækis við AA' og BB' skulu skráðar með fyrsta marktæka aukastaf eftir tugasætið ($v_{AA,kj}$; $v_{BB,kj}$).

Ef við á skal skrá mælingar á snúningshraða við AA' og BB' sem heila tölu ($n_{AA,kj}$; $n_{BB,kj}$).

Útreiknuð hröðun skal ákvörðuð í samræmi við formúluna í lið 4.1.2.1.2 í II. viðauka og skráð með tveimur aukastöfum eftir tugasætið ($a_{wot,test,kj}$).

3. GREINING Á NIÐURSTÖÐUM

3.1. Ákvörðun á festipunkti **(e.** *anchor point*) fyrir hvert gírhlutfall

Fyrir mælingar í gír i eða lægri skal festipunkturinn samanstanda af hámarkshljóðstigi L_{woti}, skráðum snúningshraða n_{woti} og hraða ökutækis v_{woti} við BB' í gírhlutfalli i í prófun við hröðun í II. viðauka.

$L_{anchor,i}$ = $L_{woti,II.\ viðauki}$

$n_{anchor,i}$ = $n_{BB,woti,II.\ viðauki}$

$v_{anchor,i}$ = $v_{BB,woti,II.\ viðauki}$

Fyrir mælingar í gír i +1 skal festipunkturinn samanstanda af hámarkshljóðstigi L_{woti+1}, skráðum snúningshraða n_{woti+1} og hraða ökutækis v_{woti+1} við BB' í gírhlutfalli i + 1 í prófun við hröðun í II. viðauka.

$L_{anchor,i+1}$ = $L_{woti+1,II.\ viðauki}$

$n_{anchor,i+1}$ = $n_{BB,woti+1,II.\ viðauki}$

$v_{anchor,i+1}$ = $v_{BB,woti+1,II.\ viðauki}$

3.2. Halli aðhvarfslínu fyrir sérhvern gír

Hljóðmælingar skulu metnar sem fall af snúningshraða í samræmi við lið 3.2.1.

3.2.1. *Útreikningur á halla aðhvarfslínu fyrir sérhvern gír*

Línuleg aðhvarfslína er reiknuð út með festipunkti og fjórum viðbótarmælingum sem fylgni er á milli.

$$Halli_k = \frac{\sum_{j=1}^{5}(n_j - \overline{n})(L_i - \overline{L})}{\sum_{j=1}^{5}(n_j - \overline{n})^2} \text{ (í dB/1000 mín}^{-1}\text{)}$$

þar sem $\overline{L} = \frac{1}{5}\sum_{j=1}^{5} L_j$ and $\overline{n} = \overline{n}\frac{1}{5}\sum_{j=1}^{5} n_j$

þar sem n_j = snúningshraði mældur við línu BB'

3.2.2. Halli aðhvarfslínu fyrir sérhvern gír

$Halli_k$ tiltekins gírs til frekari útreikninga er niðurstaðan sem fæst af útreikningum í lið 3.2.1, námunduð með einum aukastaf, en þó ekki hærri en 5 dB/1000 mín^{-1}.

3.3. **Útreikningur á áætlaðri línulegri aukningu hljóðstigs fyrir hverja mælingu**

Hljóðstig $L_{ASEP,kj}$ fyrir mælipunkt j og gír k skal reiknað út með snúningshraða sem mældur er fyrir sérhvern mælipunkt, með hallanum sem tilgreindur er í lið 3.2, að tilgreinda festipunktinum fyrir sérhvert gírhlutfall.

Fyrir $n_{BB\_k,j} \leq n_{anchor,k}$:

$L_{ASEP\_k,j} = L_{anchor\_k} + (halli_{k-Y}) * (n_{BB\_k,j - nanchor,k})/1000$

Fyrir $n_{BB\_k,j} \leq n_{anchor,k}$:

$L_{ASEP\_k,j} = L_{anchor\_k} + (halli_{k} + Y) * (n_{BB\_k,j - nanchor,k})/1000$

Þar sem Y = 1

3.4. Sýni

Að beiðni viðurkenningaryfirvalds skal framkvæma tvær keyrslur til viðbótar innan jaðarskilyrðanna í samræmi við lið 2.3.

4. TÚLKUN NIÐURSTAÐNA

Meta skal sérhverja staka hávaðamælingu.

Hljóðstig sérhvers tilgreinds mælipunkts skal vera innan þeirra marka sem gefin eru hér að neðan:

$L_{kj} \leq L_{ASEP\_k.j} + x$

þar sem:

x = 3 dB(A) fyrir ökutæki með ólæsanlega sjálfskiptingu eða ólæsanlega stiglausa skiptingu,

x = 2 dB(A) + viðmiðunarmörk – L_{urban} í II. viðbæti fyrir öll önnur ökutæki.

Ef mælt hljóðstig á tilteknum punkti fer yfir mörkin skal framkvæma tvær viðbótarmælingar á sama punkti til að staðfesta mælióvissuna. Ökutækið uppfyllir enn viðbótarákvæði fyrir hljóðmengun ef meðaltal þriggja gildra mælinga á þessum tiltekna punkti uppfyllir forskriftirnar.

5. VIÐMIÐUNARHLJÓÐMAT

Viðmiðunarhljóð er metið á einum punkti í einum gír með því að líkja eftir hröðunarskilyrðum sem hefjast við upphafshraða v_{aa} sem er jafn 50 km/klst. og ná lokahraða v_{bb} sem er jafn 61 km/klst. Hljóðsamræmi á þessum punkti er annað hvort hægt að reikna með því að nota niðurstöður úr lið 3.2.2 og forskriftirnar hér á eftir, eða með því að meta beina mælingu í þeim gír sem tilgreindur er hér á eftir.

5.1. Ákvörðun á gír K fer fram með eftirfarandi hætti:

K = 3 fyrir allar handskiptingar og fyrir sjálfskiptingar með allt að 5 gírum,

K = 4 fyrir sjálfskiptingu með 6 gíra eða fleiri.

Ef ekki er hægt að nota einstakan gír, t.d. í ólæsanlegum sjálfskiptingum eða ólæsanlegum stiglausum skiptingum, skal ákvarða gírhlutfall til frekari útreikninga út frá niðurstöðum úr prófun við hröðun í II. viðauka með því að nota skráðan snúningshraða og hraða ökutækis við línu BB'.

5.2. Ákvörðun á viðmiðunarsnúningshraða n_{ref_K}

Viðmiðunarsnúningshraði $n_{ref\_K,}$ skal reiknaður úr með gírhlutfalli í gír K við viðmiðunarhraða sem nemur v_{ref} = 61 km/klst.

5.3. Útreikningur á L_{ref}

$L_{ref} = L_{anchor\_K} + halli_K * (n_{ref\_K - nanchor\_K})/1000$

L_{ref} skal vera 76 dB(A) eða minna.

Fyrir ökutæki með handvirkan gírkassa sem hafa meira en fjóra gíra til aksturs áfram og hafa hreyfil sem nær hámarksnettónafnafli yfir 140 kW og hafa hlutfall hámarksnettónafnafls/hámarksmassa sem er meira en 75 kW/t, skal L_{ref} vera minna en eða jafnt og 79 dB(A).

Fyrir ökutæki með handvirkan gírkassa sem hafa meira en fjóra gíra til aksturs áfram og hafa hreyfil sem nær hámarksnettónafnafli yfir 140 kW og hafa hlutfall hámarksnettónafnafls/hámarksmassa sem er meira en 75 kW/t, skal L_{ref} vera minna en eða jafnt og 78 dB(A).

6. MAT Á VIÐBÓTARÁKVÆÐUM UM HLJÓÐMENGUN MEÐ MEGINREGLU L_{urban}

6.1. Almenn ákvæði

Þetta matsferli er annar valkostur fyrir framleiðanda við aðferðina sem lýst er í 3. lið í þessum viðauka og gildir fyrir alla tækni í ökutækjum. Framleiðandinn skal ábyrgur fyrir ákvörðun um rétta aðferð við prófun. Nema annað sé tilgreint skulu allar prófanir og útreikningar vera eins og tilgreint er í II. viðauka.

6.2. Útreikningur á $L_{urban\ ASEP}$

Úr $L_{wot\ ASEP}$ eins og það er mælt í samræmi við þennan viðauka, skal $L_{urban\ ASEP}$ reiknað út með eftirfarandi hætti:

a) reikna skal út $a_{wot\ test\ ASEP}$ eins og tilgreint er í lið 4.1.2.1.2.1 eða lið 4.1.2.1.2.2 í II. viðauka, eftir því sem við á,

b) ákvarða skal hraða ökutækis ($V_{BB\ ASEP}$) við BB' á meðan á prófun fyrir $L_{wot\ ASEP}$ stendur,

c) reikna skal út $K_{P\ ASEP}$ með eftirfarandi hætti:

$k_{P\ ASEP} = 1 - (a_{urban}/a_{wot\ test\ ASEP})$

Prófunarniðurstöður þar sem $a_{wot\ test\ ASEP}$ er minna en a_{urban} skulu ekki teknar til greina.

d) reikna skal út $L_{urban\ measured\ ASEP}$ með eftirfarandi hætti:

$L_{urban\ measured\ ASEP} =$

$L_{wot\ ASEP} - k_{P\ ASEP} * (L_{wot\ ASEP} - L_{crs})$

Fyrir frekari útreikninga skal nota L_{urban} úr II. viðauka án þess að námunda, að meðtöldum tölustafnum á eftir kommu (xx.x).

e) reikna skal út $L_{urban\ normalized}$ með eftirfarandi hætti:

$L_{urban\ normalized} = L_{urban\ measured\ ASEP} - L_{urban}$

f) reikna skal út $L_{urban\ ASEP}$ með eftirfarandi hætti:

$L_{urban\ ASEP} =$

$L_{urban\ normalized} - (0{,}15 * (V_{BB\ ASEP} - 50))$

g) til að farið sé að hljóðstigsmörkum:

skal $L_{urban\ ASEP}$ vera 3,0 dB(A) eða minna.

_____

Viðbætir

Fyrirmynd að yfirlýsingu um að farið sé að viðbótarákvæðum um hljóðmengun

(hámarksstærð: A4 (210 × 297 mm))

(Nafn framleiðanda) staðfestir að ökutæki af þessari gerð (gerð að því er varðar hljóðmengun samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 540/2014) uppfylli kröfur 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 540/2014.

(Nafn framleiðanda) staðfestir þetta í góðri trú eftir að hafa framkvæmt viðeigandi mat á hljóðmengun ökutækjanna.

Dagsetning:

Nafn viðurkennds fulltrúa:

Undirskrift viðurkennds fulltrúa:

VIII. VIÐAUKI

RÁÐSTAFANIR VARÐANDI HLJÓÐVIÐVÖRUNARKERFI Í ÖKUTÆKI

Í þessum viðauka eru settar fram ráðstafanir varðandi hljóðviðvörunarkerfi í ökutæki fyrir blendingsrafökutæki og ökutæki sem eingöngu eru rafknúin.

Hljóðviðvörunarkerfi í ökutæki

1. Frammistaða kerfis

Ef hljóðviðvörunarkerfi er uppsett í ökutæki skal það uppfylla kröfurnar sem um getur hér á eftir.

2. Starfræksluskilyrði

a) Aðferð við að framkalla hljóð

Hljóðviðvörunarkerfi í ökutæki skal sjálfkrafa framkalla hljóð á lægsta hraðabili ökutækis frá því að það er ræst og upp að u.þ.b. 20 km/klst. og þegar því er bakkað. Ef ökutæki hefur brunahreyfil sem starfar á þeim hraða ökutækis sem tilgreindur er hér að ofan, skal hljóðviðvörunarkerfið ekki framkalla hljóð.

Að því er varðar ökutæki sem hafa hljóðviðvörunarbúnað sem er virkur þegar því er bakkað er ekki nauðsynlegt að hljóðviðvörunarkerfið framkalli hljóð þegar verið er að bakka.

b) Rofi

Hljóðviðvörunarkerfi í ökutæki skal útbúið með rofa sem ökumaður getur auðveldlega náð til þannig að hægt sé að tengja það eða aftengja. Þegar ökutækið er endurræst skal sjálfkrafa kveikt á hljóðviðvörunarkerfinu.

c) Dempun

Dempun á hljóðstigi hljóðviðvörunarkerfis má eiga sér stað á tímabilum sem ökutækið er í notkun.

3. Hljóðgerð og -styrkur

a) Hljóðið sem hljóðviðvörunarkerfi í ökutæki framkallar skal vera samfellt hljóð sem gefur gangandi vegfarendum og öðrum vegfarendum vitneskju um ökutæki í notkun. Hljóðið ætti að gefa hreyfingu ökutækisins greinilega til kynna og ætti að hljóma líkt hljóði ökutækis í sama flokki sem hefur brunahreyfil.

b) Hljóðið sem hljóðviðvörunarkerfi í ökutæki framkallar skal gefa hreyfingu ökutækis greinilega til kynna, t.d. með sjálfvirkum breytingum á hljóðstigi eða -einkennum sem samstilltar eru við hraða ökutækisins.

c) Hljóðstig hljóðviðvörunarkerfa í ökutæki skal ekki fara yfir sem nemur u.þ.b. hljóðstigi ökutækis í flokki M_1 sem hefur brunahreyfil og starfar við sömu skilyrði.

———————

IX. VIÐAUKI

ESB-GERÐARVIÐURKENNING AÐ ÞVÍ ER VARÐAR HLJÓÐSTIG HLJÓÐDEYFIKERFA SEM AÐSKILINNA TÆKNIEININGA (HLJÓÐDEYFIKERFI TIL ENDURNÝJUNAR)

1. UMSÓKN UM ESB-GERÐARVIÐURKENNINGU

1.1. Framleiðandi ökutækisins eða aðskildu tæknieiningarinnar, sem um ræðir, skal leggja fram umsókn um ESB-gerðarviðurkenningu sem aðskilin tæknieining skv. 1. og 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 2007/46/EB að því er varðar hljóðdeyfikerfi til endurnýjunar, eða íhluti þess, sem ætlað er fyrir ökutæki í flokkum M_1 og N_1.

1.2. Fyrirmynd að upplýsingaskjalinu er að finna í 1. viðbæti.

1.3. Að beiðni viðkomandi tækniþjónustu skal umsækjandi leggja fram:

1.3.1. tvö sýnishorn af kerfinu sem sótt hefur verið um ESB-gerðarviðurkenningu fyrir,

1.3.2. hljóðdeyfikerfi af þeirri gerð sem upphaflega var í ökutækinu þegar ESB-gerðarviðurkenning var veitt,

1.3.3. ökutæki sem er dæmigert fyrir gerðina sem á að setja kerfið í og uppfyllir skilyrðin í lið 2.1 í VI. viðauka,

1.3.4. stakan hreyfil sem samsvarar þeirri gerð ökutækis sem lýst er hér að framan.

2. MERKINGAR

2.4.1. Hljóðdeyfikerfi til endurnýjunar eða íhlutir þess, að undanskildum tengibúnaði og rörum, skal merkt með:

2.4.1.1. vörumerki eða viðskiptaheiti framleiðanda hljóðdeyfikerfisins til endurnýjunar og íhluta þess,

2.4.1.2. verslunarheiti framleiðanda.

2.4.2. Þessar merkingar skulu vera auðlæsilegar og óafmáanlegar, jafnvel þegar kerfið er fest á ökutækið.

3. VEITING ESB-GERÐARVIÐURKENNINGAR

3.1. ESB-gerðarviðurkenning skal veitt skv. 3. mgr. 9. gr. og, ef við á, 4. mgr. 10. gr. tilskipunar 2007/46/EB, ef viðeigandi kröfum er fullnægt.

3.2. Fyrirmynd að ESB-gerðarviðurkenningarvottorðinu er að finna í 2. viðbæti.

3.3. Allar gerðir hljóðdeyfikerfa til endurnýjunar eða íhlutir þeirra, sem eru viðurkennd sem aðskildar tæknieiningar, skulu fá viðurkenningarnúmer í samræmi við VII. viðauka við tilskipun 2007/46/EB; 3. hluti gerðarviðurkenningarnúmersins skal sýna númer þessarar reglugerðar. Ef hljóðdeyfikerfi til endurnýjunar er ætlað til uppsetningar á gerðir ökutækja sem uppfylla aðeins viðmiðunarmörk 1. áfanga í III. viðauka, skal rittáknið „A“ þar að auki koma á eftir 3. hluta gerðarviðurkenningarnúmersins. Ef hljóðdeyfikerfi til endurnýjunar er ætlað til uppsetningar á gerðir ökutækja sem uppfylla aðeins viðmiðunarmörk 2. áfanga í III. viðauka, skal rittáknið „B“ koma á eftir 3. hluta gerðarviðurkenningarnúmersins. Ef hljóðdeyfikerfi til endurnýjunar er ætlað til uppsetningar á gerðir ökutækja sem uppfylla aðeins viðmiðunarmörk 3. áfanga í III. viðauka, skal rittáknið „C“ koma á eftir 3. hluta gerðarviðurkenningarnúmersins. Sama aðildarríki er óheimilt að úthluta annarri gerð hljóðdeyfikerfis til endurnýjunar eða íhlutum þess sama númeri.

4. ESB-GERÐARVIÐURKENNINGARMERKI

4.1. Öll hljóðdeyfikerfi til endurnýjunar eða íhlutir þess, að undanskildum tengibúnaði og rörum, sem samrýmast gerð sem er viðurkennd samkvæmt þessari reglugerð skulu hafa ESB-gerðarviðurkenningarmerki.

4.2. ESB-gerðarviðurkenningarmerkið skal vera rétthyrningur utan um lágstafinn „e“ og skal auðkennisstafur/-stafir eða -númer aðildarríkisins, sem veitti gerðarviðurkenninguna, fylgja:

„1“ fyrir Þýskaland

„2“ fyrir Frakkland

„3“ fyrir Ítalíu

„4“ fyrir Holland

„5“ fyrir Svíþjóð

„6“ fyrir Belgíu

„7“ fyrir Ungverjaland

„8“ fyrir Tékkland

„9“ fyrir Spán

„11“ fyrir Bretland

„12“ fyrir Austurríki

„13“ fyrir Lúxemborg

„17“ fyrir Finnland

„18“ fyrir Danmörku

„19“ fyrir Rúmeníu

„20“ fyrir Pólland

„21“ fyrir Portúgal

„23“ fyrir Grikkland

„24“ fyrir Írland

„25“ fyrir Króatíu

„26“ fyrir Slóveníu

„27“ fyrir Slóvakíu

„29“ fyrir Eistland

„32“ fyrir Lettland

„34“ fyrir Búlgaríu

„36“ fyrir Litháen

„49“ fyrir Kýpur

„50“ fyrir Möltu

„Grunnviðurkenningarnúmerið“ sem er í 4. hluta gerðarviðurkenningarnúmersins sem um getur í VII. viðauka við tilskipun 2007/46/EB skal sett nálægt rétthyrningnum og þar fyrir framan tölustafirnir tveir sem gefa til kynna raðnúmer síðustu meiriháttar tæknibreytingar á þessari reglugerð þann dag sem gerðarviðurkenning var veitt. Að því er varðar þessa reglugerð í sinni upprunalegu mynd er raðnúmerið 00. Enn fremur skal á undan þessu raðnúmeri koma rittáknið „A“ ef hljóðdeyfikerfi til endurnýjunar er ætlað til uppsetningar á gerðir ökutækja sem uppfylla aðeins viðmiðunarmörk 1. áfanga í III. viðauka, eða rittáknið „B“ ef hljóðdeyfikerfi til endurnýjunar er ætlað til uppsetningar á gerðir ökutækja sem uppfylla aðeins viðmiðunarmörk 2. áfanga í III. viðauka, eða rittáknið „C“ ef hljóðdeyfikerfi til endurnýjunar er ætlað til uppsetningar á gerðir ökutækja sem uppfylla aðeins viðmiðunarmörk 3. áfanga í III. viðauka.

4.3. Merkið skal vera óafmáanlegt og vel læsilegt jafnvel þó hljóðdeyfikerfi til endurnýjunar eða íhlutir þess séu festir á ökutækið.

4.4. Fyrirmynd að ESB-gerðarviðurkenningarmerkinu er að finna í 3. viðbæti.

5. FORSKRIFTIR

5.1. Almennar forskriftir

5.1.1. Hljóðdeyfikerfi til endurnýjunar, eða íhlutir þess, skal hannað og smíðað þannig að hægt sé að setja það upp á þann hátt að tryggt sé að ökutækið uppfylli kröfur þessarar reglugerðar við venjuleg notkunarskilyrði, þrátt fyrir allan titring sem það getur orðið fyrir.

5.1.2. Hljóðdeyfikerfi, eða íhlutir þess, skal hannað og smíðað þannig að hægt sé að setja það upp á þann hátt að það standist nægilega vel þau tæringaráhrif sem það verður fyrir, að teknu tilliti til notkunarskilyrða ökutækisins.

5.1.3. Viðbótarforskriftir varðandi það að hægt sé að eiga við kerfin og útblásturs- eða hljóðdeyfikerfi með marga hami sem hægt er að stilla með handvirkum hætti

5.1.3.1. Öll útblásturs- eða hljóðdeyfikerfi skulu smíðuð þannig að ekki sé auðvelt að fjarlægja hljóðdeyfipípur, úttakskeilur og aðra hluta sem gegna meginhlutverki sínu sem hluti af hljóðdeyfi-/þensluhólfi. Ef ekki verður komist hjá því að nota slíka hluti skal aðferðin við áfestingu þeirra vera þannig að ekki sé auðvelt að fjarlægja þá (t.d. með hefðbundnum snittuðum festingum) og skulu einnig festir þannig að séu þeir fjarlægðir valdi það varanlegum/óafturkræfum skemmdum á samstæðunni.

5.1.3.2. Útblásturs- eða hljóðdeyfikerfi með marga starfræksluhami sem hægt er að stilla handvirkt skulu uppfylla allar kröfur í öllum starfræksluhömum. Skráð hljóðstig skal vera það sem fæst í þeim ham sem hefur hæsta hljóðstigið.

5.2. Forskriftir varðandi hljóðstig

5.2.1. Skilyrði við mælingu

5.2.1.1. Framkvæma skal hávaðaprófun á hljóðdeyfikerfi og hljóðdeyfikerfi til endurnýjunar með sömu venjulegu hjólbörðum og skilgreindir eru í 2. mgr. reglugerðar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 117. Að beiðni framleiðanda skal ekki gera prófanirnar með hjólbörðum með sérstöku veggripi, hjólbörðum til sérstakra nota eða snjóhjólbörðum, eins og þeir eru skilgreindir í 2. mgr. reglugerðar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 117. Slíkir hjólbarðar gætu aukið hljóðstig ökutækisins eða haft dempandi áhrif á samanburð á hávaðaminnkun. Hjólbarðar mega vera notaðir en skulu uppfylla lagaskilyrði fyrir notkun í umferð.

5.2.2. Hávaðaminnkun hljóðdeyfikerfis til endurnýjunar, eða íhluta þess, skal sannprófuð með aðferðunum sem lýst er í 1. lið II. viðauka. Hvað varðar beitingu á þessum lið skal einkum vísa í það breytingarstig þessarar reglugerðar sem var í gildi þegar nýja ökutækið fékk gerðarviðurkenningu.

a) Mælingar með ökutæki í gangi

Þegar hljóðdeyfikerfi, eða íhlutir þess, er sett upp í ökutæki sem lýst er í lið 1.3.3 skulu hljóðstigin sem fást uppfylla eitt af eftirfarandi skilyrðum:

i. mælt gildi (námundað að næstu heilu tölu) skal ekki fara meira en 1 dB(A) yfir gerðarviður-kenningargildið sem fæst samkvæmt þessari reglugerð fyrir viðkomandi gerð ökutækis,

ii. mælt gildi (áður en námundað er að næstu heilu tölu) skal ekki fara meira en 1 dB(A) yfir hávaðagildið sem mælt er (áður en námundað er að næstu heilu tölu) frá ökutækinu sem lýst er í lið 1.3.3, þegar það er búið hljóðdeyfikerfi sem samsvarar þeirri gerð sem sett var upp í ökutækinu þegar það var lagt fram til gerðarviðurkenningar samkvæmt þessari reglugerð.

Þegar valinn er gagnkvæmur samanburður á hljóðdeyfikerfi til endurnýjunar og upphaflegu kerfi, vegna beitingar á lið 4.1.2.1.4.2 og/eða lið 4.1.2.2.1.2 í II. viðauka, er leyfilegt að skipta um gír í meiri hröðun og er notkun á raf- eða vélbúnaði til að koma í veg fyrir þessa gírskiptingu niður ekki skyldubundin. Ef hljóðstig prófunarökutækisins verður hærra en framleiðslusamræmisgildið við þessi skilyrði, mun tækniþjónustan ákveða hvort prófunarökutækið sé dæmigert.

b) Mælingar með kyrrstæðu ökutæki

Þegar hljóðdeyfikerfi, eða íhlutir þess, er sett upp í ökutæki sem lýst er í lið 1.3.3 skulu hljóðstigin sem fást uppfylla eitt af eftirfarandi skilyrðum:

i. mælt gildi (námundað að næstu heilu tölu) skal ekki fara meira en 2 dB(A) yfir gerðarviðurkenningargildið sem fæst samkvæmt þessari reglugerð fyrir viðkomandi gerð ökutækis,

ii. mælt gildi (áður en námundað er að næstu heilu tölu) skal ekki fara meira en 2 dB(A) yfir hávaðagildið sem mælt er (áður en námundað er að næstu heilu tölu) frá ökutækinu sem lýst er í lið 1.3.3, þegar það er búið hljóðdeyfikerfi sem samsvarar þeirri gerð sem sett var upp í ökutækinu þegar það var lagt fram til gerðarviðurkenningar samkvæmt þessari reglugerð.

5.2.3. Til viðbótar við kröfurnar í II. viðauka skulu öll hljóðdeyfikerfi til endurnýjunar, eða íhlutir þeirra, uppfylla viðeigandi forskriftir í VII. viðauka. Kröfur VII. viðauka og forskriftirnar í liðum 5.2.3.1 til 5.2.3.3 í þessum viðauka gilda ekki fyrir hljóðdeyfikerfi til endurnýjunar sem ætluð eru fyrir gerðir ökutækja sem samþykktar eru í samræmi við tilskipun 70/157/EBE.

5.2.3.1. Ef hljóðdeyfikerfi til endurnýjunar, eða íhlutir þess, eru kerfi eða íhlutir með breytilegum rúmfræðieiginleikum, skal framleiðandinn gefa yfirlýsingu, í umsókn um gerðarviðurkenningu, í samræmi við viðbætinn við VII. viðauka, um það að gerð hljóðdeyfikerfis sem viðurkenna á sé í samræmi við kröfurnar í lið 5.2.3 í þessum viðauka. Viðurkenningaryfirvald getur farið fram á allar viðeigandi prófanir til að sannprófa að gerð hljóðdeyfikerfis samræmist viðbótarákvæðunum um hljóðmengun.

5.2.3.2. Ef hljóðdeyfikerfi til endurnýjunar, eða íhlutir þess, eru ekki kerfi eða íhlutir með breytilegum rúmfræðieiginleikum, er nóg að framleiðandinn gefi yfirlýsingu, í umsókn um gerðarviðurkenningu, í samræmi við viðbætinn við VII. viðauka, um það að gerð hljóðdeyfikerfis sem viðurkenna á sé í samræmi við kröfurnar í lið 5.2.3 í þessum viðauka.

5.2.3.3. Samræmisyfirlýsing skal vera svohljóðandi: „(Nafn framleiðanda) staðfestir að hljóðdeyfikerfi af þessari gerð uppfyllir kröfurnar í lið 5.2.3 í IX. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 540/2014. (Nafn framleiðanda) staðfestir þetta í góðri trú eftir að hafa framkvæmt viðeigandi verkfræðilegt mat á hljóðmengun á viðeigandi bili vinnsluskilyrða.“

5.3. Mælingar á vinnslu ökutækja

5.3.1. Hljóðdeyfikerfi til endurnýjunar, eða íhlutir þess, skulu vera þannig að tryggt sé að vinnsla ökutækis sé sambærileg þeirri sem náðist með upphaflegu hljóðdeyfikerfi eða íhlutum þess.

5.3.2. Hljóðdeyfikerfi til endurnýjunar eða, háð vali framleiðanda, íhlutir þess kerfis, skal borið saman við upphaflegt hljóðdeyfikerfi, eða íhluti þess, sem einnig er nýtt, og skulu þau sett upp hvert á eftir öðru á ökutækið sem nefnt er í lið 1.3.3.

5.3.3. Sannprófun skal gerð með því að mæla bakþrýsting samkvæmt lið 5.3.4.

Gildið sem mælt er með hljóðdeyfikerfi til endurnýjunar skal ekki fara yfir gildið sem mælt er með upphaflega hljóðdeyfikerfinu um meira en 25% við þau skilyrði sem um getur hér á eftir.

5.3.4. Prófunaraðferð

5.3.4.1. Prófunaraðferð með hreyfli

Mælingar skulu gerðar á hreyflinum sem um getur í lið 1.3.4 tengdum við aflmæli. Bekkurinn skal stilltur þannig að snúningshraði (S) sem er samsvarandi hámarksnafnafli hreyfilsins fáist með fullri eldsneytisgjöf.

Í 5. viðbæti er tilgreind sú fjarlægð frá útblástursgrein sem þrýstiloki skal staðsettur í til mælingar á bakþrýstingi.

5.3.4.2. Prófunaraðferð með ökutæki

Mælingar skulu gerðar á ökutækinu sem um getur í lið 1.3.3. Prófunin skal annað hvort gerð á vegi eða á aflmæli með kefli.

Hreyfilinn skal látinn starfa við þannig álag að snúningshraði (S) sem er samsvarandi hámarksnafnafli hreyfilsins fáist með fullri eldsneytisgjöf.

Í 5. viðbæti er tilgreind sú fjarlægð frá útblástursgrein sem þrýstiloki skal staðsettur í til mælingar á bakþrýstingi.

5.4. Viðbótarforskriftir að því er varðar hljóðdeyfikerfi til endurnýjunar, eða íhluti þeirra, sem innihalda hljóðgleypin trefjaefni

5.4.1. Almenn ákvæði

Aðeins má nota hljóðgleypin trefjaefni í hljóðdeyfikerfi eða íhluti þeirra, ef einhver eftirfarandi skilyrða eru uppfyllt:

a) útblástursloft kemst ekki í snertingu við trefjaefnin,

b) hljóðdeyfikerfi, eða íhlutir þess, tilheyra sama hönnunarhóp og kerfi eða íhlutir sem búið er að sýna fram á að ekki spillist, á meðan á ESB-gerðarviðurkenningarferli stendur í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar fyrir aðra gerð ökutækis.

Nema eitt af þessum skilyrðum sé uppfyllt skal heildstætt hljóðdeyfikerfi, eða íhlutir þess, gangast undir hefðbundna prófun með einni af þeim þremur uppsetningum og aðferðum sem lýst er hér á eftir.

Að því er varðar b-lið fyrstu undirgreinar skal líta svo á að hópur hljóðdeyfikerfa, eða íhluta hljóðdeyfikerfa, tilheyri sama hönnunarhóp þegar öll eftirfarandi einkenni eru eins:

a) nettógasstreymi útblástursloftsins í gegnum gleypna trefjaefnið þegar það er í snertingu við það efni,

b) gerð trefja,

c) forskriftir bindiefna, eftir atvikum,

d) meðalmál trefja,

e) lágmarksrúmþyngd efnis í lausri vigt, í kg/m^3,

f) hámarkssnertiflötur á milli gasstreymis og gleypna efnisins,

5.4.1.1. Samfelld starfræksla á vegi í 10000 km.

5.4.1.1.1. Af þessari starfrækslu skulu 50 ± 20% samanstanda af akstri í þéttbýli og afgangurinn skal vera langkeyrsla á miklum hraða. Samsvarandi áætlun á prófunarbraut getur komið í stað samfelldrar starfrækslu á vegi.

Skipta skal á milli hraðasviðanna tveggja a.m.k. tvisvar.

Prófunaráætlunin í heild sinni skal fela í sér a.m.k. 10 hlé sem vara í a.m.k. þrjár klukkustundir til að líkja eftir áhrifum kælingar og rakaþéttingar sem kann að eiga sér stað.

5.4.1.2. Prófun á prófunarbekk

5.4.1.2.1. Setja skal hljóðdeyfikerfi, eða íhluti þess, í ökutækið sem um getur í lið 1.3.3 eða á hreyfilinn sem um getur í lið 1.3.4 með notkun staðlaðra hluta og með því að fylgja leiðbeiningum framleiðanda. Í fyrra tilfellinu skal ökutækið sett á aflmæli með kefli. Í seinna tilfellinu skal hreyfillinn tengdur við aflmæli.

5.4.1.2.2. Prófunin skal framkvæmd á sex tímabilum sem vara í sex klukkustundir hvert með a.m.k. 12 klst. hléum á milli tímabila til að líkja eftir áhrifum kælingar og rakaþéttingar sem kann að eiga sér stað.

5.4.1.2.3. Á meðan á hverju sex klukkustunda tímabili stendur skal hreyfillinn látinn ganga við eftirfarandi skilyrði hvert á eftir öðru:

a) fimm mínútur í lausagangi,

b) eina klukkustund við fjórðungsálag á þremur fjórðu af hámarksnafnhraða (S),

c) eina klukkustund við helmingsálag á þremur fjórðu af hámarksnafnhraða (S),

d) tíu mínútur við fullt álag á þremur fjórðu af hámarksnafnhraða (S),

e) fimmtán mínútur við helmingsálag á hámarksnafnhraða (S),

f) þrjátíu mínútur við fjórðungsálag á hámarksnafnhraða (S).

Sérhvert tímabil skal samanstanda af tveimur prófunum og hvor þeirra af skilyrðunum í a- til f-lið í röð.

5.4.1.2.4. Á meðan á prófun stendur skal ekki kæla hljóðdeyfikerfið, eða íhluti þess, með tilbúnu þrýstiloftstreymi sem líkir eftir venjulegu loftstreymi umhverfis ökutækið.

Að beiðni framleiðanda má þó kæla hljóðdeyfikerfi eða íhluti þess til að ekki verði farið yfir það hitastig sem mælist við inntak þess þegar ökutækinu er ekið á hámarkshraða.

5.4.1.3. Sveifluprófun

5.4.1.3.1. Hljóðdeyfikerfi, eða íhlutir þess, skal sett upp í ökutæki sem um getur í lið 1.3.3 eða á hreyfil sem um getur í lið 1.3.4. Í fyrra tilfellinu skal ökutæki sett á aflmæli með kefli og í seinna tilfellinu skal hreyfill settur upp á aflmæli.

5.4.1.3.2. Prófunartæki, sem ítarleg skýringarmynd er af á mynd 1 í viðbæti við IV. viðauka, skal sett upp við úttak hljóðdeyfikerfisins. Allur annar búnaður sem gefur jafngildar niðurstöður skal álitinn ásættanlegur.

5.4.1.3.3. Prófunartækið skal stillt þannig að streymi útblásturslofts sé til skiptis rofið og því komið á aftur með hraðvirkum loka 2500 sinnum.

5.4.1.3.4. Lokinn skal opnast þegar bakþrýstingur útblástursloftsins, sem mældur er a.m.k. 100 mm neðan við inntaksflansinn, nær á milli 35 og 40 k_Pa. Hann skal lokast þegar þessi þrýstingur víkur í mesta lagi 10% frá stöðuga gildinu sem fæst þegar lokinn er opinn.

5.4.1.3.5. Stilla skal tímarofann fyrir þann tíma sem þrýstingur útblástursloftsins varir skv. ákvæðunum sem mælt er fyrir um í lið 5.4.1.3.4.

5.4.1.3.6. Snúningshraði skal vera 75% af þeim hraða (S) sem hreyfillinn skilar hámarksafli við.

5.4.1.3.7. Aflið sem aflmælirinn sýnir skal vera 50% af afli með fullri eldsneytisgjöf mælt við 75% af snúningshraða (S).

5.4.1.3.8. Öll afrennslisgöt skulu lokuð á meðan á prófuninni stendur.

5.4.1.3.9. Ljúka skal allri prófuninni á 48 klukkustundum. Heimilt er að hafa eitt kælingartímabil eftir hverja klukkustund, ef þörf er á.

5.4.1.3.10. Að þessari meðhöndlun lokinni er hljóðstig athugað skv. lið 5.2.

6. RÝMKUN ESB-GERÐARVIÐURKENNINGAR

Framleiðandi hljóðdeyfikerfis eða fulltrúi hans getur sótt um rýmkun á viðurkenningu svo hún taki til annarra gerða ökutækja til þeirrar stjórnsýslustofnunar sem veitti ESB-gerðarviðurkenningu fyrir hljóðdeyfikerfið fyrir eina eða fleiri gerðir ökutækja.

Aðferðin er sú sem sett er fram í 1. lið. Tilkynna skal aðildarríkjum um rýmkun á ESB-gerðarviðurkenningu (eða synjun um hana) í samræmi við málsmeðferðina sem tilgreind er í tilskipun 2007/46/EB.

7. BREYTING Á GERÐ HLJÓÐDEYFIKERFIS

Ákvæði 13. til 16. gr. og 4. mgr. 17. gr. tilskipunar 2007/46/EB gilda þegar gerðar eru breytingar á gerð sem er viðurkennd samkvæmt þessari reglugerð.

8. FRAMLEIÐSLUSAMRÆMI

8.1. Ráðstafanir til að tryggja framleiðslusamræmi skulu gerðar í samræmi við ákvæði 12. gr. tilskipunar 2007/46/EB.

8.2. Sérákvæði:

8.2.1. Prófanirnar, sem vísað er til í lið 2.3.5. í X. viðauka við tilskipun 2007/46/EB, eru hinar sömu og mælt er fyrir um í XI. viðauka við þessa reglugerð.

8.2.2. Það eftirlit sem vísað er til í 3. lið í X. viðauka við tilskipun 2007/46/EB skal venjulega fara fram annað hvert ár.

9. UPPLÝSINGAR SEM ÆTLAÐAR ERU NOTENDUM OG FYRIR TÆKNISKOÐUN

9.1. Hverju hljóðdeyfikerfi til endurnýjunar skal fylgja pappírsskjal sem framleiðandi hljóðdeyfikerfis til endurnýjunar eða fulltrúi hans gefur út. Pappírsskjalið skal innihalda a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

a) ESB-gerðarviðurkenningarnúmer hljóðdeyfikerfis til endurnýjunar (sleppa má 5. hluta sem gefur til kynna númer rýmkunar á gerðarviðurkenningunni),

b) ESB-gerðarviðurkenningarmerki,

c) tegund (viðskiptaheiti framleiðanda),

d) gerð og verslunarheiti og/eða hlutanúmer,

e) heiti fyrirtækis og heimilisfang framleiðanda,

f) nafn og heimilisfang fulltrúa framleiðandans (ef einhver):

g) gögn um ökutækið sem hljóðdeyfikerfi til endurnýjunar er ætlað fyrir:

i. tegund,

ii. gerð,

iii. gerðarviðurkenningarnúmer,

iv. hreyfilkóði,

v. hámarkshreyfilafl,

vi. gerð gírskiptingar,

vii. allar takmarkanir varðandi ökutæki sem hægt er að setja kerfið upp í,

viii. hljóðstig fyrir ökutæki á hreyfingu í dB(A) og hljóðstig kyrrstæðs ökutækis í dB(A) við mín^{-1} (ef það víkur frá gildum í gerðarviðurkenningu ökutækis),

h) leiðbeiningar um uppsetningu.

9.2. Ef pappírsskjalið sem um getur í lið 9.1 samanstendur af fleiri en einu blaði skulu öll blöðin a.m.k. hafa tilvísun í ESB-gerðarviðurkenningarnúmerið.

9.3. Veita má upplýsingarnar varðandi g- og h-lið liðar 9.1 á vefsetri framleiðanda ef veffangið er tilgreint á pappírsskjalinu.

1. viðbætir

Upplýsingaskjal nr. ... að því er varðar ESB-gerðarviðurkenningu sem aðskilin tæknieining fyrir hljóðdeyfikerfi til endurnýjunar fyrir vélknúin ökutæki (reglugerð (ESB) nr. 540/2014)

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þríriti og með efnisyfirliti ef við á. Teikningar, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar, í stærðinni A4 eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

Ef kerfi, íhlutir eða aðskildar tæknieiningar eru búnar rafeindastýringu skulu fylgja upplýsingar um hvernig hún vinnur.

0. Almenn ákvæði

0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):.....

0.2. Gerð og almennt/almenn verslunarheiti: .....

0.3. Gerðarauðkenni, ef slíkt er á aðskildu tæknieiningunni ([b]): .....

0.3.1. Staðsetning auðkennisins:.....

0.5. Heiti fyrirtækis og heimilisfang framleiðanda: .....

0.7. Staðsetning og aðferð við að festa ESB-gerðarviðurkenningarmerkið á, ef um er að ræða íhluti og aðskildar tæknieiningar: .....

0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja: .....

0.9. Nafn og heimilisfang fulltrúa framleiðandans (ef einhver): .....

1. Lýsing á ökutækinu sem búnaðurinn á að fara á (ef setja á búnaðinn á fleiri en eina gerð ökutækis skal veita upplýsingar samkvæmt þessum lið fyrir hverja þá gerð sem um ræðir)

1.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):.....

1.2. Gerð og almennt/almenn verslunarheiti: .....

1.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu:.....

1.4. Ökutækjaflokkur: .....

1.5. ESB-gerðarviðurkenningarnúmer fullbúins ökutækis: .....

1.6. Fullbúinn hreyfill: .....

1.6.1. Framleiðandi hreyfils: .....

1.6.2. Hreyfilkóði framleiðanda:.....

1.6.3. Hámarksnettóafl (g): … kW við … mín^{-1} eða samfellt hámarksnafnafl (rafmagnshreyfils): … kW

1.6.4. Forþjappa eða -þjöppur: upprunalegur hlutur eða gerð og merking ([1]):.....

1.6.5. Loftsía: upprunalegur hlutur eða gerð og merking ([1]): .....

1.6.6. Inntakshljóðdeyfir eða -deyfar: upprunalegur hlutur eða gerð og merking ([1]):.....

([b]) Ef í gerðarauðkenni eru rittákn sem varða ekki lýsingu á gerð ökutækis sem þetta gerðarviðurkenningarvottorð nær til skal í stað rittáknanna í upplýsingaskjölum setja táknið: „?“ (t.d. ABC??123??).

([1]) Strika skal yfir það sem ekki á við.

1.6.7. Útblásturshljóðdeyfir eða -deyfar: upprunalegir hlutir eða gerð og merking ([1]): .....

1.6.8. Hvati: upprunalegur hlutur eða gerð og merking ([1]): .....

1.6.9. Agnasía eða -síur: upprunalegur hlutur eða gerð og merking ([1]): .....

1.7. Gírkassi

1.7.1. Gerð (beinskipting, vökvaskipting, rafskipting o.s.frv.): .....

1.8. Búnaður óháður hreyfli sem hannaður er til að draga úr hávaða: upprunalegur hlutur og lýsing ([1]): .....

1.9. Hljóðstigsmælingar:

ökutæki á hreyfingu: ... dB(A), jafn hraði fyrir hröðun ... km/klst.,

kyrrstætt ökutæki dB(A), við ... mín^{-1}

1.10. Gildi bakþrýstingsins: … Pa

1.11. Takmarkanir er varða notkun og ísetningu: .....

2. Athugasemdir: .....

3. Lýsing á búnaðinum

3.1. Lýsing á hljóðdeyfikerfi til endurnýjunar þar sem fram kemur afstaða hvers íhlutar kerfisins auk leiðbeininga um áfestingu:

3.2. Nákvæm teikning af hverjum íhlut þannig að auðvelt sé að finna og þekkja hann og upplýsingar um efni sem eru notuð. Á þessum teikningum skal koma fram hvar festa skuli lögboðið ESB-gerðarviðurkenningarmerki.

Dagsetning: .....

Undirskrift: .....

Staða innan fyrirtækis: .....

_____

([1]) Strika skal yfir það sem ekki á við.

2. viðbætir

FYRIRMYND

ESB-gerðarviðurkenningarvottorð

(hámarksstærð: A4 (210 × 297 mm))

Stimpill gerðarviðurkenningaryfirvalds

Tilkynning um:

— gerðarviðurkenningu ([1])

— rýmkun gerðarviðurkenningar ([1])

— synjun gerðarviðurkenningar ([1])

— afturköllun gerðarviðurkenningar ([1])

sem aðskilin tæknieining fyrir gerð hljóðdeyfikerfis að því er varðar reglugerð (ESB) nr. 540/2014

Gerðarviðurkenningarnúmer:.....

Ástæða fyrir rýmkun:.....

I. ÞÁTTUR

0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):.....

0.2. Gerð og almennt/almenn verslunarheiti: .....

0.3. Gerðarauðkenni, ef það kemur fram á aðskildu tæknieiningunni ([2]): .....

0.3.1. Staðsetning auðkennisins:.....

0.4. Ökutækjaflokkur ([3]):.....

0.5. Heiti fyrirtækis og heimilisfang framleiðanda: .....

0.7. Staðsetning og aðferð við að festa ESB-gerðarviðurkenningarmerkið á, ef um er að ræða íhluti og aðskildar tæknieiningar: .....

0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja: .....

0.9. Nafn og heimilisfang fulltrúa framleiðandans (ef einhver):.....

II. ÞÁTTUR

1. Frekari upplýsingar (ef við á): Sjá viðbót.

2. Tækniþjónusta sem annast prófanirnar:.....

3. Dagsetning prófunarskýrslu:.....

4. Númer prófunarskýrslu:.....

([1]) Strika skal yfir það sem ekki á við.

([2]) Ef í gerðarauðkenni eru rittákn sem varða ekki lýsingu á gerð ökutækis sem þetta gerðarviðurkenningarvottorð nær til skal í stað rittáknanna í upplýsingaskjölum setja táknið: „?“ (t.d. ABC??123??).

([3]) Eins og hann er skilgreindur í II. viðauka A við tilskipun 2007/46/EB.

6. Staður: .....

7. Dagsetning: .....

8. Undirskrift: .....

9. Meðfylgjandi er atriðaskrá með upplýsingasafni, sem viðurkenningaryfirvöld varðveita, en það má fá afhent sé þess óskað.

Fylgiskjöl: Upplýsingasafn

Prófunarskýrsla

_____

Viðbót

við ESB-gerðarviðurkenningarvottorð nr. ...

1. Viðbótarupplýsingar

1.1. Lýsing á ökutækinu sem búnaðurinn á að fara á (ef setja á búnaðinn á fleiri en eina gerð ökutækis skal veita upplýsingar samkvæmt þessum lið fyrir hverja þá gerð sem um ræðir)

1.1.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):.....

1.1.2. Gerð og almennt/almenn verslunarheiti: .....

1.1.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu:.....

1.1.4. Ökutækjaflokkur: .....

1.1.5. ESB-gerðarviðurkenningarnúmer fullbúins ökutækis:.....

1.2. Fullbúinn hreyfill:

1.2.1. Framleiðandi hreyfils:.....

1.2.2. Hreyfilkóði framleiðanda:.....

1.2.3. Hámarksnettóafl (g): … kW við … mín^{-1} eða samfellt hámarksnafnafl (rafmagnshreyfils) … kW ()

2. Niðurstaða prófunar

2.1. Hljóðstig ökutækis á ferð: … dB(A)

2.2. Hljóðstig kyrrstæðs ökutækis: ... dB(A), við ... mín^{-1}


2.3. Gildi bakþrýstingsins: … Pa

3. Athugasemdir: .....

_____

3. viðbætir

Fyrirmynd að ESB-gerðarviðurkenningarmerki




Hljóðdeyfikerfi, eða íhlutir þess, með ESB-gerðarviðurkenningarmerkinu hér að ofan er búnaður sem hefur verið viðurkenndur á Spáni (e 9) samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 540/2014 undir grunnviðurkenningarnúmerinu 0148, og er í samræmi við viðmiðunarmörk 2. áfanga í III. viðauka við þá reglugerð.

Tölustafirnir eru aðeins til leiðbeiningar.

4. viðbætir

Prófunartæki



1. Inntaksflans eða múffa — tenging við enda heildstæðs hljóðdeyfikerfis sem prófa skal.
2. Stilliloki (handvirkur).
3. Jöfnunargeymir milli 35 til 40 l.
4. Þrýstirofi 5 k_{Pa} til 250 k_{Pa} — til að opna hraðvirka lokann í nr. 7.
5. Tímarofi — til að loka hraðvirka lokanum í nr. 7.
6. Sveifluteljari.
7. Hraðvirkur loki — t.d. útblástursheimlakerfisloki sem er 60 mm í þvermál, stjórnað er með þrýstiloftstrokk með frálagi upp á 120 N við 400 k_{Pa}. Svörunartími skal hvorki við opnun né lokun fara yfir 0,5 s.
8. Frásog fyrir útblástursloft.
9. Slöngubarki.
10. Þrýstimælir.


5. viðbætir

Mælipunktar — bakþrýstingur

Dæmi um mögulega mælipunkta fyrir prófun á þrýstingstapi. Tilgreina skal nákvæman mælipunkt í prófunarskýrslu. Hann skal vera á svæði þar sem gasflæði er reglulegt.

1. Mynd 1


   Eitt rör



2. .....

   Mynd 2

   Rör sem er tvöfalt að hluta til 1




[1]

   Ef það er ekki mögulegt, sjá mynd 3.

3. Mynd 3

   Tvöfalt rör



[2] Tveir mælipunktar, ein mæling.

X. VIÐAUKI

EFTIRLIT MEÐ FRAMLEIÐSLUSAMRÆMI HLJÓÐDEYFIKERFA TIL ENDURNÝJUNAR SEM AÐSKILINNA TÆKNIEININGA

1. ALMENN ÁKVÆÐI

Þessar kröfur eru í samræmi við prófunina sem gera skal til að hafa eftirlit með framleiðslusamræmi í samræmi við 8. lið IX. viðauka.

2. PRÓFUN OG VERKLAGSREGLUR

Prófunaraðferðir, mælitæki og túlkun á niðurstöðum skulu vera þær sem lýst er í 5. lið IX. viðauka. Hljóðdeyfikerfi til endurnýjunar, eða íhlutir þess, sem verið er að prófa skal gangast undir prófunina sem lýst er í liðum 5.2, 5.3 og 5.4 í IX. viðauka.

3. VAL Á SÝNUM OG MAT Á NIÐURSTÖÐUM

3.1. Velja skal eitt hljóðdeyfikerfi eða íhluti þess fyrir prófanirnar í 2. lið. Ef niðurstöðurnar úr prófununum uppfylla kröfurnar um framleiðslusamræmi í lið 8.1 í IX. viðauka skal litið svo á að hljóðdeyfikerfið eða íhlutir þess uppfylli kröfur um framleiðslusamræmi.

3.2. Ef niðurstöður úr einni prófun eru ekki í samræmi við kröfurnar um framleiðslusamræmi í lið 8.1 í IX. viðauka skal til viðbótar prófa tvö hljóðdeyfikerfi, eða íhluti þeirra, af sömu gerð, samkvæmt 2. lið þessa viðauka.

3.3. Ef niðurstöðurnar úr prófununum á öðru eða þriðja hljóðdeyfikerfinu, eða íhlutum þess, uppfylla kröfurnar um framleiðslusamræmi í lið 8.1 í IX. viðauka, telst sú gerð hljóðdeyfikerfis, eða íhlutir þess, uppfylla kröfur um framleiðslusamræmi.

3.4. Ef niðurstöðurnar úr einni af prófunum á öðru eða þriðja hljóðdeyfikerfinu, eða íhlutum þess, uppfylla ekki kröfurnar um framleiðslusamræmi í lið 8.1 í IX. viðauka, telst sú gerð hljóðdeyfikerfis, eða íhlutir þess, ekki uppfylla kröfur þessarar reglugerðar og framleiðandinn skal grípa til allra nauðsynlegra ráðstafana til að koma þessu samræmi á aftur.

XI. VIÐAUKI

BREYTINGAR Á TILSKIPUN 2007/46/EB

Tilskipun 2007/46/EB er breytt sem hér segir:

A-hluti

1. Ákvæðum IV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi lína bætist við í töflunni í I. hluta:

L	Viðfangsefni	Stjórnvalds-fyrirmæli	Gildissvið									
			M_1	M_2	M_3	N_1	N_2	N_3	O_1	O_2	O_3	O_4
„1A	Hljóðstig	Reglugerð (ESB) nr. 540/2014	X	X	X	X	X	X“				

b) eftirfarandi lína bætist við í töflu 1 í 1. viðbæti við I. hluta:

L	Viðfangsefni	Stjórnvaldsfyrirmæli	Sértæk atriði	Gildissvið og sértækar kröfur
„1A	Hljóðstig	Reglugerð (ESB) nr. 540/2014		A“

c) eftirfarandi lína bætist við í töflu 2 í 1. viðbæti við I. hluta:

L	Viðfangsefni	Stjórnvaldsfyrirmæli	Sértæk atriði	Gildissvið og sértækar kröfur
„1A	Hljóðstig	Reglugerð (ESB) nr. 540/2014		A“

2. Í VI. viðauka bætist eftirfarandi lína við töfluna í viðbætinum við fyrirmynd A:

L	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Eins og henni var breytt með:	Gildir um útgáfur
„1A	Hljóðstig	Reglugerð (ESB) nr. 540/2014“		

3. Ákvæðum XI. viðauka er breytt sem hér segir:

a) í 1. viðbæti skal eftirfarandi lína bætast inn í töfluna:

L	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórn-valdsfyrirmæli	$M_1 \leq 2500$ ([1]) kg	$M_1 > 2500$ ([1]) kg	M_2	M_3
„1A	Hljóðstig	Reglugerð (ESB) nr. 540/2014	H	G+H	G+H	G+H“

b) í 2. viðbæti skal eftirfarandi lína bætast inn í töfluna:

L	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórn-valdsfyrirmæli	M_1	M_2	M_3	N_1	N_2	N_3	O_1	O_2	O_3	O_4
„1A	Hljóðstig	Reglugerð (ESB) nr. 540/2014	X	X	X	X	X	X“				

c) í 3. viðbæti skal eftirfarandi lína bætast inn í töfluna:

L	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	M_1
„1A	Hljóðstig	Reglugerð (ESB) nr. 540/2014	X“

d) í 4. viðbæti skal eftirfarandi lína bætast inn í töfluna:

L	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórn-valdsfyrirmæli	M_1	M_2	M_3	N_1	N_2	N_3	O_1	O_2	O_3	O_4
„1A	Hljóðstig	Reglugerð (ESB) nr. 540/2014		H	H	H	H	H“				

e) í 5. viðbæti skal eftirfarandi lína bætast inn í töfluna:

L	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Færanlegir kranar í flokki N 3
„1A	Hljóðstig	Reglugerð (ESB) nr. 540/2014	T“

B-hluti

1. Ákvæðum IV. viðauka er breytt sem hér segir:
   a) Liður 1 í töflunni í I. hluta falli brott,
   b) Liður 1 í töflu 1 í 1. viðbæti við I. hluta falli brott,
   c) Liður 1 í töflu 2 í 1. viðbæti við I. hluta falli brott,
   d) Liður 1 í töflunni í II. hluta falli brott.
2. Liður 1 í töflunni í viðbætinum við fyrirmynd A í VI. viðauka falli brott.
3. Ákvæðum XI. viðauka er breytt sem hér segir:
   a) Liður 1 í töflunni í 1. viðbæti falli brott,
   b) Liður 1 í töflunni í 2. viðbæti falli brott,
   c) Liður 1 í töflunni í 3. viðbæti falli brott,
   d) Liður 1 í töflunni í 4. viðbæti falli brott,
   e) Liður 1 í töflunni í 5. viðbæti falli brott.

XII. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Tilskipun 70/157/EBE	Þessi reglugerð
1. gr.	—
2. gr.	1. og 4. mgr. 2. gr.
2. gr. a	3. og 4. mgr. 4. gr.
3. gr.	—
4. gr.	—
5. gr.	—
1. liður I. viðauka	1. liður I. viðauka
3. liður I. viðauka	2. liður I. viðauka
4. liður I. viðauka	3. liður I. viðauka
5. liður I. viðauka	4. liður I. viðauka
6. liður I. viðauka	5. liður I. viðauka
1. viðbætir I. viðauka	1. viðbætir I. viðauka
2. viðbætir I. viðauka	2. viðbætir I. viðauka
2. liður I. viðauka	III. viðauki
1., 2., 3. og 4. liður II. viðauka	1., 2., 3. og 4. liður IX. viðauka
5. og 6. liður II. viðauka	7. og 8. liður IX. viðauka
1. viðbætir II. viðauka	1. viðbætir IX. viðauka
2. viðbætir II. viðauka	2. viðbætir IX. viðauka
3. viðbætir II. viðauka	3. viðbætir IX. viðauka
III. viðauki	—

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 3/2014 2015/EES/63/31

frá 24. október 2013

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 168/2003 að því er varðar kröfur um notkunaröryggi fyrir ökutæki vegna viðurkenningar á ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum og fjórhjólum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

Með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 168/2013 frá 15. janúar 2013 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum og fjórhjólum ([1]), einkum 3. mgr. 18. gr., 2. mgr. 20. gr., 5. mgr. 22. gr. og 3. mgr., 54. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Innri markaðurinn myndar svæði án innri landamæra þar sem frjálsir vöruflutningar, frjáls för fólks, frjáls þjónustustarfsemi og fjármagnsflutningar eru tryggðir. Í þeim tilgangi gilda heildargerðarviðurkenning Evrópusambandsins og styrkt markaðseftirlitskerfi fyrir ökutæki í flokki L sem og kerfi þeirra, íhluti og aðskildar tæknieiningar, eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 168/2013.

2) Hugtakið „ökutæki í flokki L“ nær yfir margs konar léttar gerðir ökutækja með tvö, þrjú eða fjögur hjól, t.d. vélknúin hjól, létt bifhjól á tveimur og þremur hjólum, bifhjól á tveimur og þremur hjólum, bifhjól með hliðarvagna og ökutæki á fjórum hjólum (fjórhjól) s.s. fjórhjól til aksturs á vegum, torfæruökutæki og ökutæki á fjórum hjólum.

3) Með ákvörðun ráðsins 97/836/EB ([2]) gerðist Sambandið aðili að samningi efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu um samþykkt samræmdra tækniforskrifta fyrir ökutæki á hjólum, búnað og hluti sem heimilt er að festa og/eða nota í ökutæki á hjólum og gekk að skilyrðunum fyrir gagnkvæmri viðurkenningu viðurkenninga sem eru veittar á grundvelli þessara forskrifta (endurskoðaður samningur frá 1958).

4) Með ákvörðun 97/836/EB gerðist Sambandið einnig aðili að reglugerðum efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 1, 3, 4, 6, 7, 8, 10, 11, 12, 13, 14, 16, 17, 18, 19, 20, 21, 23, 25, 26, 28, 31, 34, 37, 38, 39, 43, 44, 46, 48, 58, 66, 73, 77, 79, 80, 87, 89, 90, 91, 93, 97, 98, 99, 100 og 102.

5) Sambandið gerðist aðili að reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 110 um sértæka íhluti vélknúinna ökutækja sem nota þjappað jarðgas í knúningskerfum sínum og um ökutæki að því er varðar uppsetningu sértækra íhluta af viðurkenndri gerð vegna notkunar á þjöppuðu jarðgasi í knúningskerfum þeirra. Með ákvörðun ráðsins 2000/710/EB ([3]) gerðist Sambandið aðili að reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 67 um viðurkenningu á sérstökum búnaði fyrir vélknúin ökutæki sem knúin eru fljótandi jarðolíugasi.

6) Framleiðendur sækja um gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki í flokki L, kerfi þeirra, íhluti eða aðskildar tæknieiningar í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 168/2013. Flestar kröfurnar í löggjöf Sambandsins um hluta ökutækja eru teknar upp úr samsvarandi reglugerðum efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu. Reglugerðum efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu er stöðugt breytt í samræmi við tækniframfarir og því þarf að uppfæra viðeigandi reglugerðir Sambandsins til samræmis við það. Til að koma í veg fyrir þennan tvíverknað mælti nefnd háttsettra embættismanna, CARS 21 ([4]), með því að nokkrum tilskipunum Sambandsins yrði skipt út með upptöku og lögboðinni beitingu samsvarandi reglugerða efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu inn í lög Sambandsins.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 7, 10.1.2014, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 143/2015 frá 11. júní 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 60, 2.3.2013, bls. 52.

([2]) Stjtíð. ESB L 346, 17.12.1997, bls. 78.

([3]) Stjtíð. ESB L 290, 17.11.2000, bls. 29.

([4]) Skýrsla sem framkvæmdastjórnin gaf út árið 2006 sem bar heitið „CARS 21: Samkeppnisvænt eftirlitskerfi fyrir ökutæki á 21. öldinni“.

7) Í reglugerð (ESB) nr. 168/2013 er kveðið á um möguleikann á að beita reglugerðum efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu samkvæmt löggjöf Sambandsins sem kveður á um upptöku þessara reglugerða efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu að því er varðar ESB-gerðarviðurkenningu ökutækja. Samkvæmt þeirri reglugerð telst gerðarviðurkenning í samræmi við reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu sem skylt er að beita ESB-gerðarviðurkenning í samræmi við þá reglugerð og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar.

8) Með lögboðinni beitingu reglugerða efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu er stuðlað að því að draga úr tvíverknaði, ekki aðeins hvað varðar tæknilegar kröfur heldur einnig vottun og stjórnsýslumeðferð. Að auki gæti gerðarviðurkenning, sem með beinum hætti byggist á stöðlum sem hafa verið samþykktir á alþjóðavettvangi, bætt markaðsaðgang í þriðju löndum, einkum þeim sem eru aðilar að endurskoðaða samningnum frá 1958, og þannig aukið samkeppnishæfni iðnaðar í Sambandinu.

9) Rétt þykir að fella reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 1, 3, 4, 6, 7, 8, 10, 14, 16, 17, 18, 19, 20, 23, 26, 28, 30, 31, 34, 37, 38, 39, 43, 44, 45, 46, 48, 53, 54, 55, 56, 57, 60, 62, 64, 67, 72, 74, 75, 76, 77, 78, 81, 82, 87, 90, 91, 97, 98, 99, 100, 104, 106, 110, 112, 113, 116, 119, 121, 122, 123 og 127 inn í skrá yfir reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu sem skylt er að beita eins og sett er fram í I. viðauka við þessa reglugerð.

10) Í 22. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013 sem og í B-hluta II. viðauka og í VIII. viðauka við hana er mælt fyrir um kröfur um notkunaröryggi. Kröfur er varða hnakka og sæti, stýrieiginleika, beygjueiginleika, snúningseiginleika, endingarprófun kerfa, hluta og búnaðar sem er mikilvægur m.t.t. notkunaröryggis og heilleika burðarvirkis ökutækis teljast þýðingamiklar fyrir notkunaröryggi ökutækja í flokki L, sem og kröfur um rafmagnsöryggi, sem bætt var við til að aðlagast tækniframförum. Kröfur sem gilda um plötu sem sýnir takmörkun hámarkshraða ökutækis og staðsetningu hennar á ökutæki og um veltigrindur hafa verið samþykktar til að ná yfir tiltekna eiginleika ökutækja í flokki L7e-B sem hönnuð eru til notkunar utan vega en eru einnig á ferð á opinberum vegum með hörðu, bundnu slitlagi.

11) Frekari vísindarannsóknir og mat skulu fara fram á þeirri takmörkun sem sett er fram í XIX. viðauka sem „fjórir“ fyrir hlutfallið á milli hjálparknúningsafls og raunverulegs fótstigsafls fyrir hjól sem hönnuð eru til að vera fótstigin. Með aðgengi að vísindagögnum og tölfræðilegum upplýsingum um ökutæki sem sett eru á markað má endurskoða hlutfallið „fjórir“ sem um getur að ofan, við endurskoðun þessarar reglugerðar í framtíðinni.

12) Þessi reglugerð gildir frá og með gildistökudegi reglugerðar (ESB) nr. 168/2013.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

VIÐFANGSEFNI OG SKILGREININGAR

1. gr.

Efni

Í reglugerð þessari er komið á ítarlegum tæknilegum kröfum og prófunaraðferðum að því er varðar notkunaröryggi fyrir viðurkenningu og markaðseftirlit með ökutækjum í flokki L sem og kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætluð eru fyrir slík ökutæki í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 168/2013 og sett fram skrá yfir reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu og breytingar á þeim.

2. gr.

Skilgreiningar

Skilgreiningarnar í reglugerð (ESB) nr. 168/2013 gilda. Að auki gilda eftirfarandi skilgreiningar:

1) „Hljóðmerkjabúnaður“: búnaður sem gefur frá sér hljóðmerki sem á að vara við nærveru eða hreyfingu ökutækis við hættulegar aðstæður í umferð á vegum og samanstendur af einu eða fleiri hljóðopum sem virkjast af einum orkugjafa eða nokkrum íhlutum sem allir gefa frá sér hljóðmerki og starfa samtímis eftir að hafa verið virkjaðir af einu stjórntæki,

2) „gerð rafknúins hljóðmerkjabúnaðar“: hljóðmerkjabúnaður sem í meginatriðum er eins, einkum hvað varðar eftirfarandi atriði: vörumerki eða vöruheiti, vinnsluhátt, tegund aflgjafa (jafnstraumur, riðstraumur, þrýstiloft), ytri lögun hlífar, lögun og mál hljóðhimnu, lögun og tegund hljóðopa, nafntíðni hljóðs, nafnafhendingarspennu og, ef um er að ræða merkjabúnað sem knúinn er beint af utanaðkomandi þrýstilofti, nafnþrýsting lofts,

3) „gerð vélræns hljóðmerkjabúnaðar“: hljóðmerkjabúnaður sem í meginatriðum er eins, einkum hvað varðar eftirfarandi atriði: vörumerki eða vöruheiti, vinnsluhátt, gerð virkjunar, ytri lögun og mál bjöllu og innri smíði,

4) „gerð ökutækis að því er varðar hljóðmerki“: ökutæki sem ekki eru frábrugðin hvert öðru hvað eftirtalin grundvallaratriði varðar: fjölda hljóðmerkjabúnaðar sem uppsettur er á ökutæki, gerð hljóðmerkjabúnaðar sem uppsettur er á ökutæki, festingarnar sem notaðar eru við uppsetningu hljóðmerkjabúnaðar á ökutæki, staðsetningu hljóðmerkjabúnaðar og hvernig hann snýr á ökutæki, stífleika þess hluta burðarvirkis sem hljóðmerkjabúnaðurinn er festur á og lögun smíðaefnis þeirrar yfirbyggingar sem myndar þann hluta ökutækis sem getur haft áhrif á hljóðstyrk hljóðsins sem hljóðmerkjabúnaður gefur frá sér og haft dempandi áhrif,

5) „yfirbygging“: ytra burðarvirki vélknúins ökutækis sem samanstendur af aurbrettum, hurðum, stoðum, hliðarveggjum, þaki, gólfi, skilrúmum að framan og aftan og/eða öðrum ytri þiljum,

6) „gerð ökutækis að því er varðar hemlun“: ökutæki sem eru ekki frábrugðin með tilliti til grundvallaratriða er varða hámarksmassa, dreifingu massa á milli ása, hámarkshönnunarhraða ökutækis, stærð hjólbarða og hjóla sem og hönnunareiginleika hemlakerfis og íhluta þess,

7) „gerð ökutækis að því er varðar rafmagnsöryggi“: ökutæki sem eru ekki frábrugðin með tilliti til grundvallaratriða er varða staðsetningu leiðandi hluta og íhluta alls rafkerfisins sem uppsett er í ökutæki, uppsetningu rafaflrása og galvantengdrar háspennutengibrautar sem og eðli og gerð rafaflrásar og galvantengdra háspennuíhluta,

8) „hamur þar sem virkur akstur er mögulegur“: hamur ökutækis þegar beiting staðsetningarskynjara fyrir rafræna hröðun, virkjun sambærilegs stjórntækis eða að hemlum er sleppt gerir það að verkum að rafaflrás knýr ökutækið,

9) „skilrúm“: hlutinn sem veitir vörn gegn beinni snertingu við spennuhafa hluti frá öllum aðgangsáttum,

10) „rafleiðandi tenging“: tenging sem notast við tengibúnað við ytri aflgjafa þegar endurhlaðanlega orkugeymslukerfið (REESS) er hlaðið,

11) „endurhlaðanlegt raforkugeymslukerfi“: endurhlaðanlegt raforkugeymslukerfi sem veitir orku til rafaflknúningsbúnaðar,

12) „tengikerfi fyrir hleðslu endurhlaðanlegs raforkugeymslukerfis“: rafrás sem notuð er til að hlaða endurhlaðanlegt raforkugeymslukerfi með ytri rafaflgjafa, þ.m.t. inntak ökutækis,

13) „bein snerting“: þegar einstaklingur kemst í snertingu við spennuhafa hluti,

14) „rafmagnsgrind“: samstæða rafleiðandi hluta sem tengdir eru saman með rafmagni og hafa möguleika sem teknir eru sem viðmiðun,

15) „rafrás“: samsetning samtengdra spennuhafa hluta sem hannaðir eru til vera spennuhafa við hefðbundna notkun,

16) „raforkuumbreytingarkerfi“: kerfi sem framleiðir og veitir raforku til rafknúningsbúnaðar,

17) „rafaflrás“: rafrás sem felur í sér hreyfil notaðan til dráttar, endurhlaðanlegt orkuhleðslukerfi, orkuumbreytingarkerfi, rafmagnsstraumbreyti, tengdar leiðslur og tengingar og tengibúnaðarkerfi fyrir hleðslu endurhlaðanlegs orkuhleðslukerfis,

18) „straumbreytir“: búnaður sem getur stýrt og/eða breytt raforku til rafknúningsbúnaðar,

19) „umlykja“: sá hluti sem umlykur innri einingar og veitir vörn gegn beinni snertingu frá öllum aðgangsáttum,

20) „óvarinn rafleiðandi hluti“: rafleiðandi hluti sem hægt er að snerta samkvæmt ákvæðum verndarstigs IPXXB og sem verður spennuhafa raforku við aðstæður þar sem einangrun bilar,

21) „ytri rafaflgjafi“: riðstraums- (AC) eða jafnstraums- (DC) rafaflgjafi utan ökutækis,

22) „háspenna“: flokkun rafíhlutar eða rafrásar ef álagsspenna kvaðratmeðaltalsrótar (rms) er > 60 V og ≤ 1500 V jafnstraumsspenna eða > 30 V og ≤ 1000 V riðstraumsspenna,

23) „háspennutengibraut“: rafrásin, þ.m.t. tengibúnaður til að hlaða endurhlaðanlega orkuhleðslukerfið sem starfar við háspennu,

24) „óbein snerting“: þegar einstaklingur kemst í snertingu við óvarða rafleiðandi hluta,

25) „spennuhafa hlutar“: rafleiðandi hluti eða hlutar sem ætlaðir eru til að vera spennuhafa við hefðbundna notkun,

26) „farangursrými“: rými ökutækis fyrir farangur sem markast af þaki, vélarhlíf, skottloki eða aftari dyrum og gólfi eða hliðarveggjum, sem og af skilrúmi og umlykju sem til staðar eru til að vernda aflrás frá beinni snertingu við spennuhafa hluta, sem er aðskilið frá farþegarými með skilrúmum að framan eða aftan,

27) „innbyggt vöktunarkerfi fyrir einangrunarviðnám“: búnaður sem vaktar einangrunarviðnám á milli háspennutengibrauta og rafmagnsgrindar,

28) „ökugeymir af opinni gerð“: vökvarafgeymir sem þarf að fylla á með vatni og myndar vetnisgas sem losnar út í andrúmsloftið,

29) „farþegarými“: rými fyrir ökumann og farþega sem markast af þaki, gólfi, hliðarveggjum, hurðum, rúðum, skilrúmi að framan og aftasta skilrúmi, eða afturhlera sem og af skilrúmum og umlykjum sem verja aflrás frá því að komast í beina snertingu við spennuhafa hluta,

30) „verndarstig“: sú vernd sem skilrúm eða umlykjur veita að því er varðar snertingu prófunarnema við spennuhafa hluta, svo sem prófunarfingur með liðamótum (IPXXB) eða aðgangsnemar fyrir prófunarvír (IPXXD),

31) „aftengingarrofi vegna viðhalds“: búnaður til þess að aftengja rafrás í þeim tilgangi að þjónusta eða athuga rafmagnsíhluti svo sem endurhlaðanlegt orkuhleðslukerfi og efnarafalahlaðann,

32) „einangrari úr föstu efni“: einangrunarklæðning á leiðslukerfi sem einangrar spennuhafa hluta fyrir beinni snertingu úr öllum áttum, og nær til einangrunar spennuhafa hluta tengibúnaðar sem og yfir lakk eða málningu sem borið er á til einangrunar,

33) „álagsspenna“: hæsta gildi kvaðratmeðaltalsrótar spennu rafrásar, eins og það er tilgreint af framleiðanda ökutækis fyrir hverja aðskilda rás sem einangruð er með galvanhúð, sem getur verið til staðar á milli rafleiðandi hluta við skilyrði þar sem opið er á milli rása eða við hefðbundnar notkunaraðstæður,

34) „gerð ökutækis að því er varðar þol“: ökutæki sem eru ekki frábrugðin með tilliti til grundvallaratriða er varða heildarhönnunareiginleika sem og aðstöðu til framleiðslu og samsetningar ökutækis og íhluta sem og aðferðir að því er varðar gæðaeftirlit og -tryggingu,

35) „gerð ökutækis að því er varðar hlífðarvirki að framan og aftan“: ökutæki sem eru ekki frábrugðin með tilliti til grundvallaratriða er varða lögun og staðsetningu burðarvirkja, hluta og íhluta sem staðsettir eru framan og aftan á ökutækinu,

36) „útstæður hluti“: stærð brúnar eins og skilgreint er í samræmi við lið 2 í 3. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 26 ([5]),

37) „gólflína“: línan eins og hún er skilgreind í lið 2.4 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 26,

38) „burðarvirki ökutækis“: hlutar ökutækis, þ.m.t. yfirbygging, íhlutir, aurbretti, festingar, tengi, hjólbarðar, hjól, hjólhlífar og rúður sem gerðir eru úr smíðaefni sem hefur a.m.k. 60 „shore“- hörku A,

39) „gerð ökutækis að því er varðar rúður, framrúðuþurrkur og -sprautur, afísingar- og móðuhreinsunarbúnað“: ökutæki sem eru ekki frábrugðin með tilliti til grundvallaratriða er varða lögun, stærð, þykkt og einkenni framrúðu og festinga hennar, einkenni framrúðuþurrku og -sprautubúnaðar sem og einkenni afísingar- og móðuhreinsunarbúnaðar,

40) „framrúðuþurrkubúnaður“: kerfi sem samanstendur af tæki til að þurrka ytra yfirborð framrúðunnar ásamt aukahlutum og nauðsynlegum stjórntækjum til að gangsetja og stöðva tækið,

41) „þurrkusvæði“: svæði á framrúðu sem þurrkublaðið/-blöðin þurrka þegar þurrkubúnaðurinn er notaður við venjuleg skilyrði,

42) „framrúðusprautubúnaður“: kerfi sem samanstendur af búnaði til að geyma, flytja og beina vökva á ytra yfirborð framrúðunnar ásamt nauðsynlegum stjórntækjum til að gangsetja og stöðva búnaðinn,

43) „stjórnbúnaður framrúðusprautu“: búnaður sem setur framrúðusprautubúnað í gang og slekkur á honum handvirkt,

44) „sprautudæla“: búnaður til að færa vökva úr geymi sprautubúnaðarins á ytra yfirborð framrúðunnar,

45) „stútur“. búnaður sem beinir vökva á framrúðuna,

([5]) Stjtíð. ESB L 215, 14.08.2010, bls. 27.

46) „alveg fylltur búnaður“: búnaður sem hefur verið í gangi með eðlilegum hætti í einhvern tíma og vökvi hefur verið fluttur í gegnum dæluna, leiðslurnar og út um stútinn/stútana,

47) „hreinsað svæði“: svæði sem var óhreint þar sem ekki eru slóðir eftir dropa eða leifar af óhreinindum þegar það er að fullu þornað,

48) „sjónsvæði A“: prófunarsvæði A, eins og það er skilgreint í lið 2.2. í 18. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu 43 ([6]),

49) „aðalrofi ökutækis“: búnaður sem færir rafkerfi um borð í ökutæki yfir í venjulegan notkunarham eftir að slökkt hefur verið á því, eins og þegar ökutæki hefur verið lagt og það er án ökumanns,

50) „gerð ökutækis að því er varðar auðkenningu stjórntækja, gaumbúnaðar og merkjabúnaðar“: ökutæki sem eru ekki frábrugðin með tilliti til grundvallaratriða er varða fjölda, staðsetningu og hönnunareiginleika stjórntækja, gaumbúnaðar og merkjabúnaðar sem og vikmörk mælibúnaðar hraðamælis, tæknistuðul hraðamælis, hraðasviðið sem sýnt er, heildargírhlutfall, þ.m.t. öll niðurfærsludrif, hraðamælis og lágmarks og hámarks stærðarmerkingu hjólbarða,

51) „stjórntæki“: sá hluti eða íhluti ökutækis sem ökumaður notar og veldur breytingu á ástandi eða starfsemi ökutækisins eða hluta þess,

52) „gaumbúnaður“: ljósmerki sem gefur til kynna þegar búnaður er virkjaður, hvort virkni eða ástand hans sé rétt eða ágallar á því eða hann virki ekki,

53) „merkjabúnaður“: búnaður sem gefur upplýsingar um rétta starfsemi eða ástand kerfis eða hluta af kerfi eins og stöðu eða hitastig vökva,

54) „hraðamælir“: búnaður sem gefur bílstjóra til kynna hraða ökutækisins á tilteknu augnabliki,

55) „kílómetramælir“: búnaður sem gefur til kynna vegalengdina sem ökutækinu hefur verið ekið,

56) „tákn“: skýringarmynd sem auðkennir stjórntæki, gaumbúnað eða merkjabúnað,

57) „sameiginlegt rými“: tilgreint svæði þar sem hægt er að sýna fleiri en einn gaumbúnað, merkjabúnað, tákn eða aðrar upplýsingar,

58) „gerð ökutækis að því er varðar uppsetningu ljósabúnaðar“: ökutæki sem eru ekki frábrugðin með tilliti til grundvallaratriða er varða stærð og ytri lögun ökutækis sem og fjölda, staðsetningu og hönnunareiginleika uppsetts ljósabúnaðar og ljósmerkjabúnaðar,

59) „ljósabúnaður“: gerðarviðurkennt ljósker eða gerðarviðurkennt glitauga,

60) „ljósmerkjabúnaður“: ljósabúnaður sem hægt er að nota til að gefa merki,

61) „stakur ljósabúnaður“: ljósabúnaður eða hluti búnaðar sem hefur eina virkni, einn ljósflöt og einn eða fleiri ljósgjafa. Hann getur einnig verið samsetning tveggja ósamtengdra eða sambyggðra ljósabúnaða, hvort sem þeir eru eins eða ekki, sem hafa sömu virkni, ef þeir eru þannig uppsettir að varp lýsandi flatar ljósabúnaðar á tiltekið þverplan fylli ekki minna en 60% af minnsta rétthyrningi sem umlykur varp fyrrnefnds lýsandi flatar,

62) „lýsandi flötur“: ljósabúnaðar, allt eða hluti ytra yfirborðs hálfgagnsæs efnis, eins og fram kemur í gerðarviðurkenningu íhlutar, þetta getur falið í sér eða samanstaðið algjörlega af ljósfletinum og getur einnig falið í sér svæðið sem er algjörlega umlukið ljósabúnaðinum,

63) „ljósflötur“: ljósabúnaðar, yfirborð eins og það er skilgreint í lið 2.7 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 53 ([7]),

64) „ósamtengdur ljósabúnaður“: ljósabúnaður sem er með aðgreindan ljósflöt, ljósgjafa og ljósastæði,

65) „sambyggður ljósabúnaður“: ljósabúnaður með aðgreinda ljósfleti og aðgreinda ljósgjafa en sameiginlegt ljósastæði,

66) „samtengdur ljósabúnaður“: ljósabúnaður með aðgreinda ljósfleti en sameiginlegan ljósgjafa og sameiginlegt ljósastæði,

67) „sameinaður (ljósabúnaður)“: ljósabúnaður sem hefur aðgreinda ljósgjafa eða einn ljósgjafa sem vinnur með mismunandi hætti (t.d. ljósfræðilegur, vélrænn eða raffræðilegur mismunur), sameiginlega ljósfleti að öllu leyti eða að hluta til og sameiginlegt ljósastæði,

([6]) Stjtíð. ESB L 230, 31.08.2010, bls. 119.

([7]) Stjtíð. ESB L 166, 18.6.2013, bls. 55.

68) „aðalháljósker“: búnaður sem lýsir langt fram á veginn framan við ökutækið (háljós),

69) „aðallágljósker“: búnaður sem lýsir upp veginn framan við ökutækið án þess að valda ökumönnum eða öðrum vegfarendum sem koma á móti óþarfa glýju eða óþægindum (lágljós),

70) „stöðuljósker að framan“: búnaður sem gefur til kynna nærveru ökutækisins þegar horft er á það framan frá,

71) „ljósker fyrir dagljósabúnað“: ljósker sem snýr fram á við og er notað til að gera ökutækið sýnilegra við akstur að degi til,

72) „þokuljósker að framan“: búnaður sem er notaður til að bæta lýsingu vegarins í þoku, snjókomu, slagviðri eða rykskýi,

73) „stefnuljósker“: búnaður sem gefur öðrum vegfarendum merki um að ökumaður hyggist breyta um stefnu til hægri eða vinstri,

74) „hættuljósker“: búnaður sem veldur því að öll stefnuljósker ökutækisins blikka samtímis til þess að vekja athygli á því að öðrum vegfarendum stafi hætta af ökutækinu um stundarsakir,

75) „hemlaljósker“: búnaður sem gefur öðrum vegfarendum fyrir aftan ökutækið merki um að ökumaður þess stígi á akstursheimil,

76) „stöðuljósker að aftan“: búnaður sem gefur til kynna nærveru ökutækisins þegar horft er á það aftan frá,

77) „þokuljósker að aftan“: búnaður sem gerir ökutækið sýnilegra að aftan í þoku, snjókomu, slagviðri eða rykskýi,

78) „bakkljósker“: búnaður sem lýsir upp veginn fyrir aftan ökutækið og varar aðra vegfarendur við að verið sé að bakka ökutækinu eða að ætlunin sé að bakka því,

79) „ljósker við skráningarmerki að aftan“: búnaður til að lýsa upp flötinn sem ætlaður er fyrir skráningarmerkið að aftan sem samansettur er úr nokkrum ljóseiningum,

80) „glitauga“: búnaður sem gefur til kynna nærveru ökutækisins með endurskini ljóss frá ljósgjafa sem er ekki tengdur ökutækinu, sá sem horfir verður að vera staðsettur nálægt ljósgjafanum, á ekki við um skráningarmerki með endurskinsfleti eða merki um hraðatakmörkun,

81) „glitauga að aftan“: glitauga sem gefur til kynna nærveru ökutækisins þegar horft er á það aftan frá,

82) „glitauga á hliðum“: glitauga sem gefur til kynna nærveru ökutækisins þegar horft er á það frá hlið,

83) „hliðarljósker“: búnaður sem gefur til kynna nærveru ökutækisins þegar horft er á það frá hlið,

84) „viðmiðunarás“: sérstakur ás búnaðar sem fram kemur í gögnum um gerðarviðurkenningu íhlutar að nota skuli sem viðmiðunarstefnu (H = 0°, V = 0°) fyrir sjónarhorn við ljósmælingar og þegar ljóskerið er sett á ökutækið,

85) „viðmiðunarmiðja“: skurðpunktur viðmiðunaráss og ljósflatarins og tilgreinir framleiðandi ljósabúnaðar þessa viðmiðunarmiðju,

86) „dreifing ljóss“: hornin sem ákvarða ferningslaga svæðið þar sem lýsandi flötur ljósabúnaðar er alveg sýnilegur þegar viðkomandi horn (α lóðrétt og β lárétt) eru mæld við ytri útlínu sýnilegs yfirborðs og ljósker er séð úr fjarlægð. Hindranir mega þó vera staðsettar innan þessa svæðis og myrkva að hluta til lýsandi flöt ef sýnt er fram á að ljósfræðilegar kröfur sem gerðar eru vegna gerðarviðurkenningar ljósabúnaðar séu uppfylltar, jafnvel þó að slíkar hindranir séu til staðar,

87) „lengdarmiðjuplan ökutækis“: samhverfuplan ökutækis eða, ef ökutækið er ekki samhverft, lóðrétt lengdarmiðjuplan ökutækisins sem liggur um miðja ása ökutækisins,

88) „virknibundið gaumljós“: ljós- eða hljóðmerki eða annað sambærilegt merki sem gefur til kynna að búið sé að kveikja á ljósabúnaði og hvort hann starfar rétt,

89) „tengingarbundið gaumljós“: gaumljós sem gefur til kynna að kveikt hafi verið á búnaði en ekki hvort hann starfar rétt,

90) „gerð ökutækis að því er varðar útsýn aftur fyrir“: ökutæki sem eru ekki frábrugðin með tilliti til grundvallaratriða er varða stærð og ytri lögun ökutækis sem og fjölda, staðsetningu og hönnunareiginleika uppsetts búnaðar til að auka sjónsvið,

91) „gerð ökutækis að því er varðar veltigrind“: ökutæki sem eru ekki frábrugðin með tilliti til grundvallaratriða er varða burðarvirki ökutækis sem einkum er ætlað til þess að draga úr eða forðast hættu á alvarlegum áverkum ökumanns eða farþega ökutækis, ef ökutækið veltur við hefðbundna notkun,

92) „autt svæði“: rýmið sem fyllt er af mannslíkani sem samsvarar 50. hundraðshlutamarki karlmanns og sýnt er með Hybrid III manngervandi prófunarbúnaði fyrir venjulega stöðu allra sæta,

93) „gerð ökutækis að því er varðar öryggisbeltafestingar og öryggisbelti“ ökutæki sem eru ekki frábrugðin með tilliti til grundvallaratriða er varða megin smíða- og hönnunareiginleika ökutækis og öryggisbeltafestinga sem og fjölda, staðsetningu og tilhögun uppsettra öryggisbelta,

94) „stillibúnaður“: búnaður sem gerir það kleift að stilla hluta sætis til að fá sætisstöðu sem er aðlöguð að líkamsbyggingu ökumanns eða farþega, þ.m.t. lengdarstillingar og lóðréttar stillingar og/eða stillingar horna,

95) „færslubúnaður“: stilli- og læsibúnaður sem felur í sér fellanlegt sætisbak á sætum sem eru fyrir framan önnur sæti og gerir farþegum kleift að komast í og úr slíkum aftursætum, þegar engin hurð er að sætisröð að aftan,

96) „hnakkur“: sæti þar sem ökumaður eða farþegi situr klofvega,

97) „sæti“: sæti sem ekki er hnakkur og sem hefur sætisbak sem styður við bak ökumanns eða farþega,

98) „sætisbak“: hluti burðarvirkis aftan við viðmiðunarpunkt sætis í meira en 450 mm hæð, mælt frá lóðréttu plani sem fer í gegnum viðmiðunarpunkt sætis, sem sitjandi einstaklingur getur hvílt bakið alveg upp við,

99) „mannslíkan sem samsvarar 50. hundraðshlutamarki karla“: efnislegur manngervandi prófunarbúnaður sem hefur tiltekin mál og massa eða sýndarlíkan, sem bæði samsvara líkama meðal karlmanns,

100) „raunveruleg öryggisbeltafesting“: sá hluti af burðarvirki ökutækis eða sætisgrind eða hver sá hluti annar sem festa á öryggisbeltasamstæðu við,

101) „virk öryggisbeltafesting“: skýrt afmarkaður punktur í ökutæki sem hefur nægilega stífa eiginleika til að breyta hreyfingu, stefnu og stöðu öryggisbeltis sem ökumaður eða farþegi í ökutæki hefur á sér og sem hefur punkt sem er næstur þeim hluta beltisins sem er raunverulega í beinni snertingu við þann sem notar það,

102) „framsæti“: stakt sæti sem er fremst sem getur verið hluti af sætahóp í röð með nokkrum öðrum sætum,

103) „aftursæti“: stakt sæti sem er að fullu staðsett aftan við röð framsæta og geta verið hluti af sætahóp í röð með nokkrum öðrum sætum,

104) „viðmiðunarlína bols“: bollínan sem ákvörðuð er af framleiðanda ökutækis fyrir hvert sæti og komið á í samræmi við 3. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 17 ([8]),

105) „horn bols“: hornið á milli lóðréttar línu og bollínu,

106) „hönnunarstaða“: staðan sem hægt er að stilla búnað á borð við sæti í þannig að allar viðeigandi stillingar séu eins nærri tilgreindri stöðu og mögulegt er,

107) „ISOFIX“: kerfi til að tengja aðhaldsbúnað fyrir börn við ökutæki með tvær festingar sem eru fastar í ökutækið, tvær samsvarandi ósveigjanlegar festingar á aðhaldsbúnaði fyrir börn og leiðir til að takmarka skurðarsnúning aðhaldsbúnaðar fyrir börn,

108) „gerð ökutækis að því er varðar sæti“: ökutæki sem eru ekki frábrugðin með tilliti til grundvallaratriða er varða lögun, staðsetningu og fjölda sæta eða hnakka,

109) „mannslíkan sem samsvarar 5. hundraðshlutamarki kvenna“: efnislegur manngervandi prófunarbúnaður sem hefur tilgreint mál og massa eða sýndarlíkan, sem bæði samsvara líkama lítils kvenmanns,

([8]) Stjtíð. ESB L 230, 31.8.2010, bls. 81.

110) „gerð ökutækis að því er varðar stýrieiginleika, beygjueiginleika og snúningeiginleika“: ökutæki sem eru ekki frábrugðin með tilliti til grundvallaratriða er varða hönnunareiginleika stýrisbúnaðar, bakkbúnaðar og lásbúnaðar fyrir mismunadrif, ef slíkur búnaður er á ökutækinu,

111) „beygjuhringur“: hringurinn sem ofanvarp allra punkta ökutækisins, að undanskildum baksýnisspeglum, er staðsett innan þegar ökutækinu er ekið í hring,

112) „óvenjulegur titringur“: titringur sem er verulega frábrugðinn eðlilegum og stöðugum titringi og einkennist af einni eða fleiri skörpum aukningum í sveifluvídd titrings og leiðir til aukins stýrikrafts sem í eðli sínu er ekki stöðugur og ekki fyrirsjáanlegur,

113) „gerð ökutækis að því er varðar áfestingu hjólbarða“: ökutæki sem eru ekki frábrugðin með tilliti til grundvallaratriða er varða gerð hjólbarða, lágmarks- og hámarksstærðir hjólbarða, stærðarmál hjóla og afstæði ásamt hraða- og hleðsluflokkum sem henta til áfestingar og eiginleika hjólhlífanna sem eru festar á,

114) „afstæði felgu“: fjarlægðin frá yfirborði flatarins sem liggur að nöfinni að miðlínu felgunnar,

115) „varaeining til tímabundinnar notkunar“: eining með hjólbarða sem er frábrugðinn þeim sem ætlaðir eru til áfestingar á ökutækið við venjuleg akstursskilyrði og er aðeins ætlaður til tímabundinnar notkunar við afmörkuð akstursskilyrði,

116) „hámarkshleðsla“: massi sem hjólbarðinn getur borið við notkun sem er í samræmi við kröfur varðandi notkun sem framleiðandi hjólbarðans tilgreinir, gefið upp sem tala fyrir burðargetu,

117) „tala fyrir burðargetu“: tala sem tengd er við hámarkshleðslu hjólbarðans í samræmi við skilgreininguna í lið 2.26 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 75([9]), lið 2.28 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 30 ([10]), lið 2.27 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 54 ([11]) og lið 2.28 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 106 ([12]),

118) „tákn fyrir hraðaflokk“; táknið sem skilgreint er í lið 2.28 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 75, lið 2.29 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 30, lið 2.28 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr.54 og lið 2.29 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 106,

119) „gerð ökutækis að því er varðar plötu sem sýnir takmörkun hámarkshraða ökutækis og staðsetning hennar á ökutækinu“: ökutæki sem eru ekki frábrugðin með tilliti til grundvallaratriða er varða hámarkshönnunarhraða ökutækis og smíðaefni, hvernig platan snýr og hönnunareiginleika plötu sem sýnir takmörkun hámarkshraða,

120) „því sem næst flatt yfirborð“: yfirborð fasts efnis með krappageisla sem er a.m.k. 5000 mm,

121) „gerð ökutækis að því er varðar innréttingar og dyr“: ökutæki sem ekki eru frábrugðin með tilliti til grunvallaratriða er varða hönnunareiginleika innréttinga ökutækis, fjölda og staðsetningu sæta og dyra,

122) „hæð mælaborðs“: sú lína sem skilgreinist af þeim punktum þar sem lóðréttir snertlar mæta mælaborði eða í þeirri hæð sem lárétt plan mætir viðmiðunarpunkti bílstjórasætis, ef hið síðarnefnda er ofar en snertipunktar snertla sem um er að ræða,

123) „snertanlegar brúnir“: brúnir sem hægt er að snerta með yfirborði prófunartækis og geta samanstaðið af burðarvirki, hlutum eða íhlutum sem staðsettir eru einhverstaðar í ökutækinu, þ.m.t. en þó ekki eingöngu gólf í farþegarými, hliðar, dyr, rúður, þak, þakstoðir, þakstólpar, sólskyggni, mælaborð, stýrisbúnaður, sæti, höfuðpúðar, öryggisbelti, handföng, hnappar, lok, hólf og ljós,

124) „dyr“: grind eða smíðaefni sem þarf að opna, færa til, brjóta saman, renna upp, renna til eða eiga við með einhverjum öðrum hætti til að einstaklingur geti komist inn í eða út úr ökutæki,

125) „dyramiðja“: punktur í rými í lóðréttu plani sem er samhliða lengdarmiðjuplani ökutækis og sem er sá sami og þyngdarmiðja dyranna,

126) „gerð ökutækis að því er varðar samfellt hámarksnafnafl eða nettóafl og/eða takmörkun hönnunarhraða ökutækis“: ökutæki sem eru ekki frábrugðin með tilliti til grundvallaratriða er varða veigamikla þætti svo sem samfelld hámarksvélaraflsafköst rafmagnshreyfla og/eða hreyfils, hámarkshönnunarhraða ökutækis og hönnunareiginleika búnaðar og aðferðafræði sem notast er við til að takmarka þann hámarkshraða og/eða þau hámarksvélaraflsafköst sem ökutækið getur náð,

([9]) Stjtíð. ESB L 84, 30.3.2011, bls. 46.
([10]) Stjtíð. ESB L 307, 23.11.2011, bls. 1.
([11]) Stjtíð. ESB L 307, 23.11.2011, bls. 2.
([12]) Stjtíð. ESB L 257, 30.9.2010, bls. 231.

127) „gerð ökutækis að því er varðar heilleika burðarvirkis“: ökutæki sem eru ekki frábrugðin með tilliti til grundvallaratriða er varða veigamikla þætti svo sem hönnunareiginleika vélrænna tenginga á borð við málmsuðu og skrúfgang sem og ramma, grind og/eða yfirbyggingu ökutækis og hvernig festingum er háttað.

II. KAFLI

SKYLDUR FRAMLEIÐANDA

3. gr.

Uppsetningar og sýnikröfur varðandi notkunaröryggi

1. Framleiðendur skulu búa ökutæki í flokki L með kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem hafa áhrif á notkunaröryggi, sem eru hönnuð, smíðuð og sett saman þannig að ökutæki við eðlilega notkun sem viðhaldið er í samræmi við forskriftir framleiðanda uppfylli ítarlegar tæknilegar kröfur og prófunaraðferðir. Í samræmi við 6. til 22. gr. skulu framleiðendur með raunverulegri sýniprófun sýna viðurkenningaryfirvaldi fram á að ökutæki í flokki L sem sett eru á markað, skráð eða tekin í notkun í Sambandinu uppfylli kröfur um notkunaröryggi sem settar eru fram í 18., 20., 22. og 54. gr. í reglugerð (ESB) nr. 168/2013 og uppfylli ítarlegar tæknilegar kröfur og prófunaraðferðir sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

2. Framleiðendur skulu sýna fram á að varahlutir og búnaður sem boðnir eru fram á markaði eða teknir í notkun í Sambandinu séu samþykktir í samræmi við kröfur reglugerðar (ESB) nr.168/2013 eins og tilgreint er í ítarlegum, tæknilegum kröfum og prófunaraðferðum sem um getur í þessari reglugerð. Viðurkennt ökutæki í flokki L sem búið eru slíkum varahlutum eða búnaði skal uppfylla sömu prófunarkröfur um notkunaröryggi og viðmiðunarmörk um afköst og ökutæki sem búið er upphaflegum hlutum eða búnaði og uppfylla kröfur um þol, til og með þeim sem settar eru fram í 2. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013.

3. Framleiðendur skulu leggja fyrir viðurkenningaryfirvaldið lýsingu á þeim ráðstöfunum sem gripið er til, til að koma í veg fyrir að átt sé við stjórnunarkerfi aflrásar eða því breytt, þ.m.t. tölvueftirlitskerfi með notkunaröryggi.

4. gr.

Beiting reglugerða efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu

1. Reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu og breytingar á henni sem settar eru fram í I. viðauka við þessa reglugerð gilda um gerðarviðurkenningu.

2. Skilja skal tilvísanir í ökutækjaflokka L_1, L_2, L_3, L_4, L_5, L_6 og L_7 í reglugerðum efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu sem tilvísanir í ökutækjaflokka L1e, L2e, L3e, L4e, L5e, L6e og L7e eftir því sem við á samkvæmt þessari reglugerð, þ.m.t. allir undirflokkar.

3. Ökutæki með hámarkshönnunarhraða ökutækis sem er ≤ 25 km/klst. skulu uppfylla allar viðeigandi kröfur í reglugerðum efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu sem gilda um ökutæki með hámarkshönnunarhraða sem er > 25 km/klst.

5. gr.

Tækniforskriftir um kröfur um notkunaröryggi og prófunaraðferðir

1. Aðferð við prófun á notkunaröryggi skal framkvæmd í samræmi við prófunarkröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

2. Prófunaraðferðirnar skulu framkvæmdar af eða í viðurvist viðurkenningaryfirvalds eða, ef viðurkenningaryfirvald heimilar það, af tækniþjónustu.

3. Mæliaðferðir og niðurstöður úr prófun skal tilkynna viðurkenningaryfirvaldi í prófunarskýrslu á því formi sem sett er fram í g-lið 72. gr. í reglugerð (ESB) nr. 168/2013.

6. gr.

Kröfur sem gilda um hljóðmerkjabúnað

Prófunaraðferðir og nothæfiskröfur sem gilda um hljóðmerkjabúnað sem um getur í II. viðauka (B1) við reglugerð (ESB) nr. 168/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

7. gr.

Kröfur sem gilda um hemlun, þ.m.t. læsivarin og sambyggð hemlakerfi, ef þau eru uppsett

Prófunaraðferðir og nothæfiskröfur sem gilda um hemlun, þ.m.t. læsivarin og sambyggð hemlakerfi, ef þau eru uppsett, sem um getur í II. viðauka (B2) og VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 168/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í III. viðauka við þessa reglugerð.

8. gr.

Kröfur sem gilda um rafmagnsöryggi

Prófunaraðferðir og nothæfiskröfur sem gilda um rafmagnsöryggi sem um getur í II. viðauka (B3) við reglugerð (ESB) nr. 168/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í IV. viðauka við þessa reglugerð.

9. gr.

Kröfur sem gilda um yfirlýsingu framleiðanda varðandi endingarprófun kerfa, hluta og búnaðar sem eru mikilvæg m.t.t. notkunaröryggis

Yfirlýsing framleiðanda um endingarprófun notkunaröryggiskerfa, hluta og búnaðar sem um getur í II. viðauka (B4) við reglugerð (ESB) nr. 168/2013 skal uppfylla þær kröfur sem mælt er fyrir um í V. viðauka við þessa reglugerð.

10. gr.

Kröfur sem gilda um hlífðarvirki að framan og aftan

Prófunaraðferðir og nothæfiskröfur sem gilda um hlífðarvirki að framan og aftan sem um getur í II. viðauka (B5) við reglugerð (ESB) nr. 168/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í VI. viðauka við þessa reglugerð.

11. gr.

Kröfur sem gilda um rúður, framrúðuþurrkur og -sprautur og afísingar- og móðuhreinsunarbúnað

Prófunaraðferðir og nothæfiskröfur sem gilda um rúður, framrúðuþurrkur og -sprautur og afísingar- og móðuhreinsunarbúnað sem um getur í II. viðauka (B6) við reglugerð (ESB) nr. 168/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í VII. viðauka við þessa reglugerð.

12. gr.

Kröfur sem gilda um stjórntæki sem ökumaður stjórnar, þ.m.t. auðkenning stjórntækja, gaumbúnaðar og merkjabúnaðar

Prófunaraðferðir og kröfur um afköst sem gilda um stjórntæki sem ökumaður stjórnar, þ.m.t. auðkenning stjórntækja, gaumbúnaðar og merkjabúnaðar sem um getur í II. viðauka (B7) við reglugerð (ESB) nr. 168/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í VIII. viðauka við þessa reglugerð.

13. gr.

Kröfur sem gilda um uppsetningu ljósa- og ljósmerkjabúnaðar, þ.m.t. sjálfvirk kviknun ljósa

Prófunaraðferðir og nothæfiskröfur sem gilda um uppsetningu ljósa- og ljósmerkjabúnaðar, þ.m.t. sjálfvirka kviknun ljósa sem um getur í II. viðauka (B8) og VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 168/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í IX. viðauka við þessa reglugerð.

14. gr.

Kröfur sem gilda um útsýn aftur fyrir

Prófunaraðferðir og mælingar til prófunar á viðkomandi kröfum sem gilda um útsýn aftur fyrir sem um getur í II. viðauka (B9) við reglugerð (ESB) nr. 168/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í X. viðauka við þessa reglugerð.

15. gr.

Kröfur sem gilda um veltigrind

Prófunaraðferðir og nothæfiskröfur sem gilda um veltigrindina sem um getur í II. viðauka (B10) við reglugerð (ESB) nr. 168/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í XI. viðauka við þessa reglugerð.

16. gr.

Kröfur sem gilda um öryggisbeltafestingar og öryggisbelti

Prófunaraðferðir og nothæfiskröfur sem gilda um öryggisbeltafestingar og öryggisbelti sem um getur í II. viðauka (B11) við reglugerð (ESB) nr. 168/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í XII. viðauka við þessa reglugerð.

17. gr.

Kröfur sem gilda um sæti (hnakkar og sæti)

Prófunaraðferðir og nothæfiskröfur sem gilda um sæti (hnakka og sæta) sem um getur í II. viðauka (B12) við reglugerð (ESB) nr. 168/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í XIII. viðauka við þessa reglugerð.

18. gr.

Kröfur sem gilda um stýrieiginleika, beygjueiginleika og snúningseiginleika

Prófunaraðferðir og nothæfiskröfur sem gilda um stýrieiginleika, beygjueiginleika og snúningseiginleika sem um getur í II. viðauka (B13) við reglugerð (ESB) nr. 168//2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í XIV. viðauka við þessa reglugerð.

19. gr.

Kröfur sem gilda um áfestingu hjólbarða

Prófunaraðferðir og nothæfiskröfur sem gilda um áfestingu hjólbarða sem um getur í II. viðauka (B14) við reglugerð (ESB) nr. 168/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í XV. viðauka við þessa reglugerð.

20. gr.

Kröfur sem gilda um plötu sem sýnir takmörkun hámarkshraða ökutækis og staðsetningu hennar á ökutækinu

Prófunaraðferðir og nothæfiskröfur sem gilda um plötu sem sýnir takmörkun hámarkshraða ökutækis og staðsetningu hennar á ökutæki í flokki L sem um getur í II. viðauka (B15) við reglugerð (ESB) nr. 168/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í XVI. viðauka við þessa reglugerð.

21. gr.

Kröfur sem gilda um vernd ökumanns og farþega í ökutækjum þ.m.t. innréttingar og dyr á ökutækjum

Prófunaraðferðir og nothæfiskröfur sem gilda um vernd ökumanns og farþega, þ.m.t. innréttingar og dyr á ökutækjum sem um getur í II. viðauka (B16) við reglugerð (ESB) nr. 168/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í XVII. viðauka við þessa reglugerð.

22. gr.

Kröfur sem gilda um samfellt hámarksnafnafl og/eða nettóafl og/eða takmörkun hönnunarhraða ökutækis

Prófunaraðferðir og nothæfiskröfur, sem gilda um takmörkun að því er varðar hönnun á samfelldu hámarksnafnafli og/eða nettóafli og/eða hraða ökutækja í flokki L sem um getur í II. viðauka (B17) við reglugerð (ESB) nr. 168/2013, skal framkvæma og staðfesta í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í XVIII. við þessa reglugerð.

23. gr.

Kröfur sem gilda um heilleika burðarvirkis ökutækis

Kröfurnar sem gilda um heilleika burðarvirkis ökutækis sem um getur í II. viðauka (B18) og VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 168/2013 skal uppfylla í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í XIX. viðauka við þessa reglugerð.

III. KAFLI

SKYLDUR AÐILDARRÍKJANNA

24. gr.

Gerðarviðurkenning ökutækja, kerfa, íhluta eða aðskilinna tæknieininga

Í samræmi við 22. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013 og frá og með þeim dagsetningum sem mælt er fyrir um í IV. viðauka við hana, ef um er að ræða ný ökutæki sem ekki uppfylla kröfur reglugerðar (ESB) nr. 168/2013 og ákvæði þessarar reglugerðar, skulu landsbundin yfirvöld líta svo á að samræmisvottorð gildi ekki lengur að því er varðar 1. mgr. 43. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013 og skulu, á grundvelli notkunaröryggis, banna að slík ökutæki verði boðin fram á markaði, skráð eða tekin í notkun.

IV. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

25. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. janúar 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. október 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

SKRÁ YFIR VIÐAUKA

Númer viðauka	Heiti viðauka	Blaðsíðu-númer
I	Skrá yfir reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu sem skylt er að beita	13
II	Prófunaraðferðir og nothæfiskröfur sem gilda um hljóðmerkjabúnað	15
III	Kröfur sem gilda um hemlun, þ.m.t. læsivarin og sambyggð hemlakerfi	19
IV	Kröfur sem gilda um rafmagnsöryggi	20
V	Kröfur sem gilda um yfirlýsingu framleiðanda að því er varðar endingarprófun kerfa, íhluta og búnaðar sem er mikilvægur m.t.t. notkunaröryggis	31
VI	Kröfur sem gilda um hlífðarvirki að framan og aftan	32
VII	Kröfur sem gilda um rúður, framrúðuþurrkur og -sprautur og afísingar- og móðuhreinsunarbúnað	34
VIII	Kröfur sem gilda um stjórntæki sem ökumaður stjórnar, þ.m.t. auðkenning stjórntækja, gaumbúnaðar og merkjabúnaðar	39
IX	Kröfur sem gilda um uppsetningu ljósa- og ljósmerkjabúnaðar, þ.m.t. sjálfvirk kviknun ljósa	53
X	Kröfur varðandi útsýn aftur fyrir	78
XI	Kröfur sem gilda um veltigrind	79
XII	Kröfur sem gilda um öryggisbeltafestingar og öryggisbelti	82
XIII	Kröfur sem gilda um sæti (hnakkar og sæti)	90
XIV	Kröfur varðandi stýrieiginleika, beygjueiginleika og snúningseiginleika	92
XV	Kröfur varðandi áfestingu hjólbarða	93
XVI	Kröfur sem gilda um plötu sem sýnir takmörkun hámarkshraða ökutækis og staðsetningu hennar á ökutæki	95
XVII	Kröfur varðandi vernd ökumanns og farþega í ökutækjum þ.m.t. innréttingar og dyr á ökutækjum	97
XVIII	Kröfur varðandi samfellt hámarksnafnafl eða nettóafl og/eða takmörkun hönnunarhraða ökutækis	100
XIX	Kröfur varðandi heilleika burðarvirkis ökutækis	102

I. VIÐAUKI

Skrá yfir reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu sem skylt er að beita

Reglugerð efnahags-nefndar Sam-einuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr.	Viðfangsefni	Röð breytinga	Tilvísun í Stjtíð.	Gildissvið
1	Aðalljósker fyrir vélknúin ökutæki (R2, HS1)	02	Stjtíð. ESB L 177, 10.7.2010, bls. 1.	L1e, L2e, L3e, L4e, L5e, L6e og L7e
3	Glitaugu	12. viðbót við röð breytinga nr. 02	Stjtíð. ESB L 323, 6.12.2011, bls. 1.	L1e, L2e, L3e, L4e, L5e, L6e og L7e
6	Stefnuljós	19. viðbót við röð breytinga nr. 01	Stjtíð. ESB L 177, 10.7.2010, bls. 40.	L1e, L2e, L3e, L4e, L5e, L6e og L7e
7	Stöðuljósker og hemlaljósker að framan og aftan	16. viðbót við röð breytinga nr. 02	Stjtíð. ESB L 148, 12.6.2010, bls. 1.	L1e, L2e, L3e, L4e, L5e, L6e og L7e
8	Aðalljósker fyrir vélknúin ökutæki (H1, H2, H3, HB3, HB4, H7, H8, H9, H11, HIR1, HIR2)	05	Stjtíð. ESB L 177, 10.7.2010, bls. 71.	L1e, L2e, L3e, L4e, L5e, L6e og L7e
16	Öryggisbelti, aðhaldsbúnaður og aðhaldsbúnaður fyrir börn	1. viðbót við röð breytinga nr. 06	Stjtíð. ESB L 233, 9.9.2011, bls. 1.	L2e, L4e, L5e, L6e og L7e
19	Þokuljósker að framan	2. viðbót við röð breytinga nr. 03	Stjtíð. ESB L 177, 10.7.2010, bls. 113.	L3e, L4e, L5e og L7e
20	Aðalljósker fyrir vélknúin ökutæki (H4)	03	Stjtíð. ESB L 177, 10.7.2010, bls. 170.	L1e, L2e, L3e, L4e, L5e, L6e og L7e
28	Hljóðmerkjabúnaður	3. viðbót við röð breytinga nr. 00	Stjtíð. ESB L 323, 6.12.2011, bls. 33.	L3e, L4e og L5e
37	Glóþráðarperur	34. viðbót við röð breytinga nr. 03	Stjtíð. ESB L 297, 13.11.2010, bls. 1.	L1e, L2e, L3e, L4e, L5e, L6e og L7e
38	Þokuljósker að aftan	15. viðbót við röð breytinga nr. 00	Stjtíð. ESB L 4, 7.1.2012, bls. 20.	L3e, L4e, L5e og L7e
43	Rúður úr öryggisgleri	12. viðbót við röð breytinga nr. 00	Stjtíð. ESB L 230, 31.8.2010, bls. 119.	L1e, L2e, L3e, L4e, L5e, L6e og L7e
46	Búnaður til að auka sjónsvið (baksýnisspeglar)	4. viðbót við röð breytinga nr. 02	Stjtíð. ESB L 177, 10.7.2010, bls. 211.	L2e, L5e, L6e og L7e
50	Íhlutir ljósabúnaðar fyrir ökutæki í flokki L	16. viðbót við röð breytinga nr. 00	Hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.	L1e, L2e, L3e, L4e, L5e, L6e og L7e
53	Uppsetning ljósabúnaðar (bifhjól)	14. viðbót við röð breytinga nr. 01	Stjtíð. ESB L 166, 18.6.2013, bls. 55.	L3e
56	Aðalljósker fyrir létt bifhjól og ökutæki sem farið er með sem slík	01	Hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.	L1e, L2e og L6e

Reglugerð efnahags-nefndar Sam-einuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr.	Viðfangsefni	Röð breytinga	Tilvísun í Stjtíð.	Gildissvið
57	Aðalljósker fyrir bifhjól og ökutæki sem farið er með sem slík	02	Hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.	L3e, L4e, L5e og L7e
60	Auðkenning stjórntækja, gaumbúnaðar og merkjabúnaðar	2. viðbót við röð breytinga nr. 00	Stjtíð. ESB L 95, 31.3.2004, bls. 10.	L1e og L3e
72	Aðalljósker fyrir bifhjól og ökutæki sem farið er með sem slík (HS1)	01	Hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.	L3e, L4e, L5e og L7e
74	Uppsetning ljósabúnaðar (létt bifhjól)	7. viðbót við röð breytinga nr. 00	Stjtíð. ESB L 166, 18.6.2013, bls. 88.	L1e
75	Hjólbarðar	13. viðbót við röð breytinga nr. 01	Stjtíð. ESB L 84, 30.3.2011, bls. 46.	L1e, L2e, L3e, L4e og L5e
78	Hemlun, þ.m.t. læsivarin og sambyggð hemlakerfi	3. viðbót við röð breytinga nr. 02	Stjtíð. ESB L 95, 31.3.2004, bls. 67.	L1e, L2e, L3e, L4e og L5e
81	Baksýnisspeglar	2. viðbót við röð breytinga nr. 00	Stjtíð. ESB L 185, 13.7.2012, bls. 1.	L1e, L2e, L3e, L4e, L5e, L6e og L7e
82	Aðalljósker fyrir létt bifhjól og ökutæki sem farið er með sem slík (HS2)	01	Hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.	L1e, L2e og L6e
87	Ljósker fyrir dagljósabúnað	15. viðbót við röð breytinga nr. 00	Stjtíð. ESB L 4, 7.1.2012, bls. 24.	L1e, L2e, L3e, L4e, L5e, L6e og L7e
98	Aðalljósker með gasúrhleðsluljósgjafa	4. viðbót við röð breytinga nr. 01	Hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.	L3e
99	Gasúrhleðsluljósgjafi	5. viðbót við röð breytinga nr. 00	Stjtíð. ESB L 164, 30.6.2010, bls. 151.	L3e
112	Aðalljósker með ósamhverfa geisla	12. viðbót við röð breytinga nr. 00	Stjtíð. ESB L 230, 31.8.2010, bls. 264.	L1e, L2e, L3e, L4e, L5e, L6e og L7e
113	Aðalljósker með samhverfa geisla	2. viðbót við röð breytinga nr. 01	Stjtíð. ESB L 330, 16.12.2005, bls. 214.	L1e, L2e, L3e, L4e, L5e, L6e og L7e

Til skýringar:

Það að íhlutur sé talinn upp í þessari skrá þýðir ekki að uppsetning hans sé lögboðin. Hvað varðar tiltekna íhluti er þó mælt fyrir um lögboðnar kröfur í öðrum viðaukum við þessa reglugerð.

———

II. VIÐAUKI

Prófunaraðferðir og nothæfiskröfur sem gilda um hljóðmerkjabúnað

1. HLUTI

Kröfur sem gilda um gerðarviðurkenningu íhlutar fyrir gerð vélræns eða rafknúins hljóðmerkjabúnaðar sem setja á upp í ökutækjum í flokkum L1e, L2e og L6e

1. Almennar kröfur

1.1. Rafknúinn hljóðmerkjabúnaður skal gefa frá sér samfellt og einsleitt hljóð og skal hljóðróf hans ekki breytast þannig að merkjanlegt sé meðan á notkun stendur. Ef um er að ræða merkjabúnað með riðstraum gildir þessi krafa eingöngu þegar rafallinn keyrir á stöðugum hraða innan þeirra marka sem tilgreind eru í lið 2.3.2.

1.2. Rafknúinn hljóðmerkjabúnaður skal hafa hljóðeiginleika (dreifing hljóðorku, hljóðþrýstings á tíðnirófið) og vélræna eiginleika þannig að þeir standist þær prófanir sem tilgreindar eru í liðum 2 til 3.4, í þeirri röð sem tilgreint er.

1.3. Rafknúinn hljóðmerkjabúnaður getur falið í sér eiginleika sem gera það að verkum að búnaðurinn getur virkað við umtalsvert lægri hljóðþrýstingstig.

1.4. Vélrænn hljóðmerkjabúnaður skal búinn stöng sem stutt er á með þumlinum sem er annaðhvort af þeirri gerð sem er sniðin til að draga bjöllu til að snúa hratt tveimur málmdiskum sem hafa verið lauslega frestir saman í bjölluhúsinu eða bjalla sem slegið er í einu sinni.

2. Mælingar á hljóðstigi

2.1. Æskilegt er að prófa hljóðmerkjabúnaðinn í bergmálslausu umhverfi. Að öðrum kosti má prófa hann í klefa með dempuðu endurkasti eða á opnu svæði utandyra. Í því tilviki skal gera varúðarráðstafanir til að forðast endurkast frá jörðu á mælingarsvæðinu, t.d. með því að reisa nokkur hljóðdeyfandi skilrúm. Þess skal gætt að frávik frá kúluformi sé minna en 1 dB í hálfkúlu með minnst 5 metra radíus, upp í hæstu tíðni sem er mæld, einkum í mælingaráttina og í þeirri hæð sem búnaðurinn og hljóðneminn eru í. Umhverfishávaði skal vera a.m.k. 10 dB(A) neðan við það hljóðþrýstingsstig sem mæla skal.

Búnaðurinn sem færður er til prófunar og hljóðnemi skulu vera í sömu hæð, sem skal vera á milli 1,15 og 1,25 m. Línan sem hljóðneminn er næmastur í skal falla saman við stefnu hámarkshljóðstigs hljóðmerkjabúnaðarins.

Hljóðneminn skal þannig staðsettur að hljóðhimnan sé í 2 ± 0,01 m fjarlægð frá því plani sem úttak hljóðsins sem búnaðurinn gefur frá sér er í. Ef nokkur úttök eru á búnaðinum skal ákvarða fjarlægðina með hliðsjón af plani þess úttaksops sem er næst hljóðnemanum.

2.2. Mælingar á hljóðþrýstingi skulu gerðar með nákvæmum hljóðstigsmæli í 1. flokki sem uppfyllir kröfur sem settar eru fram í útgáfu Alþjóðaraftæknefndarinnar nr. 651, fyrstu útgáfu (1979).

Allar mælingar skulu framkvæmdar með „hröðum“ tímastuðli. Notast skal við greiningarferilinn (A) til að mæla heildarhljóðþrýstingsstigið.

Nota skal Fourier-ummyndun hljóðmerkisins til að mæla hljóðrófið sem tækið gefur frá sér. Að öðrum kosti má nota þriðjungs áttundarsíur sem uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í útgáfu Alþjóðaraftæknefndarinnar nr. 225, fyrstu útgáfu (1966) en í því tilviki skal ákvarða hljóðþrýstingsstigið á tíðni sem hefur 2500 Hz í miðgildi áttundartíðnisviðs með því að bæta ferningsmeðalgildum hljóðþrýstings á þriðju-áttundarsvið miðgildis á tíðnisviðunum 2000, 2500 og 3150 Hz.

Í öllum tilvikum má aðeins Fourier-ummyndunaraðferðin teljast tilvísunaraðferð.

2.3. Rafknúinn hljóðmerkjabúnaður skal fá eina af eftirtöldum spennum, eftir því sem við á:

2.3.1. Ef um er að ræða hljóðmerkjabúnað sem fær jafnstraum, prófunarspennu upp á 6,5, 13,0 eða 26,0V, mæld við úttakshlið raforkugjafans og sem samsvarar málspennu sem nemur 6, 12 eða 24V, hvert um sig.

2.3.2. Ef hljóðmerkjabúnaður fær jafnstraum sem þarf að gefa með rafal af þeirri tegund sem venjulega er notaður með þessari tegund búnaðar, skal skrá hljóðeðlisfræðilega eiginleika búnaðarins við hraða riðstraumsrafals sem samsvarar 50%, 75% og 100% af hámarkshraða sem framleiðandi riðstraumsrafals gefur upp fyrir samfellda notkun. Riðstraumsrafall skal ekki vera undir neinu öðru rafmagnsálagi á meðan á prófuninni stendur. Þolprófunin sem lýst er í liðum 3 til 3.4 skal gerð við þann hraða sem framleiðandi búnaðar tilgreinir og valin úr því bili sem um getur að framan.

2.3.3. Ef notast er við afriðaðan straum fyrir prófun á hljóðmerkjabúnaði sem fær jafnstraum skal núningslausi hluti spennunnar við tengipunktana, mældur frá toppi til toppar á meðan á notkun merkjabúnaðarins stendur, ekki vera meiri en 0,1 V.

2.3.4. Viðnám raftengingar frá hljóðmerkjabúnaði sem fær jafnstraum, þ.m.t. viðnám tengipunkta og snerta, skal vera eins nærri 0,05 Ω og mögulegt er fyrir málspennu sem nemur 6V, 0,10 Ω fyrir málspennu sem nemur 12V og 0,20 Ω fyrir málspennu sem nemur 24V.

2.4. Vélrænn hljóðmerkjabúnaður skal prófaður með eftirfarandi hætti:

2.4.1. Búnaðurinn sem á prófa skal stjórnað af einstaklingi eða með öðrum ytri leiðum með því að ýta á stöng eins og framleiðandi mælir með. Viðurvist stjórnanda skal ekki hafa nein sýnileg áhrif á niðurstöður úr prófun. Ein mælingaröð samanstendur af tíu samliggjandi aðgerðum með heilli færslu stangarinnar innan 4 ± 0,5 s. Fimm raðir skulu framkvæmdar með hléum á eftir hverri röð. Öll aðgerðin skal framkvæmd fimm sinnum.

2.4.2. A-vegið hljóðstig skal skráð frá hverri af mælingarröðunum 25 og skal það vera innan 2,0dB(A) og skal notast við meðaltal þess við útreikning fyrir lokaniðurstöðu.

2.5. Hljóðmerkjabúnaðurinn skal tryggilega festur á undirstöðu sem hefur a.m.k. 10 sinnum meiri massa en merkjabúnaðurinn sem á að prófa og er a.m.k. 30 kg og nota til þess hluta eða hlutum sem eru til þess ætlaðir af framleiðanda. Undirstöðinni skal komið þannig fyrir að endurvarp af veggjum hennar og titringur hafi engin veruleg áhrif á niðurstöður mælinga.

2.6. Við þau skilyrði sem sett eru fram að ofan skal A-vegið hljóðstig ekki fara yfir 115 dB(A) ef um er að ræða rafmagnshljóðmerkjabúnað og 95 dB(A) ef um er að ræða vélrænan hljóðmerkjabúnað.

2.7. Hljóðþrýstingsstig innan 1800 til 3550 Hz tíðnisviðs rafmagnshljóðmerkjabúnaðar skal vera hærra en aðrir tíðnihlutar yfir 3550 Hz og í öllu falli a.m.k. 90 dB(A). Hljóðþrýstingsstig vélræns hljóðmerkjabúnaðar skal vera a.m.k. 80 dB(A).

2.8. Eiginleikarnir sem settir eru fram í liðum 2.6 til 2.7 skulu einnig eiga við um hljóðmerkjabúnað sem gengist hefur undir þolprófunina sem kveðið er á um í liðum 3 til 3.4.

2.8.1. Allar breytingar á spennu skulu vera á bilinu 115% og 95% af nafngildi ef um er að ræða rafknúinn hljóðmerkjabúnað sem fær jafnstraum, eða á bilinu 50% og 100% af þeim hámarkshraða sem framleiðandi gefur upp fyrir riðstraumsrafal til samfelldrar notkunar ef um er að ræða rafknúinn hljóðmerkjabúnað sem fær riðstraum.

2.9. Tímabilið frá virkjun og að þeim tímapunkti þegar hljóð nær lágmarksgildi eins og krafist er liðum 2.6 til 2.7 skal ekki vera lengra en 0,2 sekúndur, mælt við umhverfishita sem nemur 293 ± 5 K (20 ± 5 °C). Þessi krafa gildir einkum um loftknúinn eða rafloftknúinn merkjabúnað.

2.10. Við þau skilyrði varðandi aflgjafa sem framleiðandi mælir fyrir um skal loftknúinn eða rafloftknúinn merkjabúnaður hafa sömu hljóðeðlisfræðilegu eiginleika og krafist er fyrir venjulegan rafknúinn hljóðmerkjabúnað.

2.11. Lágmarksgildum eins og krafist er í liðum 2.6 til 2.7 skal ná fyrir hvern íhlut margtóna búnaðar sem getur gefið frá sér hljóð með sjálfstæðum hætti. Hámarksheildarhljóðstigi skal náð þegar allir íhlutir vinna á sama tíma.

3. Þolprófun

3.1. Umhverfishiti skal vera milli 88 K og 303 K (15 °C og 30 °C).

3.2. Rafknúinn hljóðmerkjabúnaður skal fá málspennu í viðnám tengingar sem tilgreint er í liðum 2.3.1 til 2.3.4 auk þess að vera í samræmi við lið 2.8.1 og hann skal notaður 10 000 sinnum með tíðni þar sem hann er virkur í eina sekúndu og svo óvirkur í fjórar sekúndur. Á meðan á prófun stendur skal hljóðmerkjabúnaður verða fyrir tilbúnum vindi eða dragsúg á hraðanum 10 m/s ± 2 m/s.

3.2.1. Ef prófun er framkvæmd í einangruðum klefa skal klefinn hafa nægilegt rúmmál til að tryggja venjulega dreifingu hitans sem merkjabúnaðurinn gefur frá sér á meðan á þolprófun stendur.

3.3. Þegar búið er að framkvæma helming þeirra aðgerða sem gerð er krafa um má endurstilla rafmagnshljóðmerkjabúnaðinn ef einkenni hljóðstigs hafa tekið breytingum frá því áður en prófun hófst. Þegar búið er að framkvæma allar aðgerðir sem gerð er krafa um má endurstilla hljóðmerkjabúnaðinn aftur og skal hann í kjölfarið uppfylla kröfurnar í prófununum sem tilgreindar eru í lið 2.8.

3.4. Fyrir hverja gerð vélræns hljóðmerkjabúnaðar skal framkvæma þolprófun á fjórum einingum. Sérhver búnaður skal vera nýr og skal ekki smurður á meðan á prófun stendur. Hann skal virkjaður 30 000 sinnum í heilli ferð stjórnstangar á hraðanum 100 ± 5 aðgerðir á mínútu. Síðan skal gerð saltúðaprófun á þessum fjórum einingum búnaðar samkvæmt EN ISO 9227:2012. Þrjár af fjórum einingum skulu uppfylla kröfur prófananna sem tilgreindar eru í lið 2.8.

2. HLUTI

Kröfur vegna viðurkenningar á gerð ökutækis að því er varðar hljóðmerki

1. Uppsetningarkröfur

1.1. Ökutæki í flokkum L1e-B, L2e og L6e skulu búin a.m.k. einum rafknúnum hljóðmerkjabúnaði sem hlotið hefur gerðarviðurkenningu íhlutar samkvæmt þessari reglugerð eða reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 28 ([13]).

1.2. Ökutæki í flokki L1e-B með hámarkshönnunarhraða ökutækis ≤ 25 km/klst. og samfellt hámarksnafnafl eða hámarksnettóafl ≤ 500 W geta í staðinn verið búin vélrænum hljóðmerkjabúnaði sem hefur hlotið gerðarviðurkenningu íhlutar samkvæmt þessari reglugerð en þá eiga kröfurnar í liðum 2.1.1 til 2.1.7 ekki við.

1.3. Ökutæki í flokkum L3e, L4e og L5e skulu uppfylla allar viðeigandi uppsetningarkröfur í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 28.

1.3.1. Ef sérstök fyrirmæli eru ekki til staðar skal hugtakið „bifhjól“, í þeirri reglugerð, teljast vísa til ökutækja í flokkum L3e, L4e og L5e.

1.4. Ökutæki í flokki L7e skulu uppfylla allar viðeigandi uppsetningarkröfur í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 28, eins og mælt er fyrir um fyrir ökutækjaflokk L5e.

1.5. Ef ekki er um að ræða neinar sértækar kröfur í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 28, eins og kveðið er á um í lið 1.3 í 1. hluta, getur hljóðmerkjabúnaður, eða annar búnaður sem uppsettur er á ökutækjum sem knúin eru einum eða fleiri rafmagnshreyflum, haft eiginleika sem gera það kleift að búnaðurinn sé virkjaður með ósamfelldum hætti þannig að hann hafi umtalsvert lægra hljóðþrýstingsstig en krafist er fyrir hljóðmerkjabúnað og gefi frá sér samfellt, jafnt hljóð með hljóðrófi sem ekki er merkjanlega frábrugðið á meðan búnaðurinn er virkur, með það í huga að t.d. vara gangandi vegfarendur við aðkomandi ökutæki.

2. Nothæfiskröfur fyrir uppsettan rafknúinn hljóðmerkjabúnað.

2.1. Að því er varðar ökutæki í flokkum L1e-B, L2e og L6e:

2.1.1 Prófunarspenna skal vera eins og mælt er fyrir um í liðum 2.3 til 2.3.2 í 1. hluta.

2.1.2. Hljóðþrýstingsstig skal mælt við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í lið 2.2 í 1. hluta.

([13]) Stjtíð. ESB L 323, 6.12.2011, bls. 33.

2.1.3. A-vegið hljóðþrýstingsstig sem hljóðmerkjabúnaður gefur frá sér skal mælt í 7,0 m fjarlægð framan við ökutækið þar sem hið síðarnefnda er staðsett á opnu svæði, á eins sléttu yfirborði og mögulegt er, ef það er búið hljóðmerkjabúnaði með jafnstraumi þegar slökkt er á hreyfli.

2.1.4. Hljóðnemi mælitækis skal staðsettur á miðju lengdarplani ökutækis.

2.1.5. Hljóðþrýstingsstig bakgrunnssuðs og vindgnauðs skal vera a.m.k. 10dB(A) undir því hljóði sem á að mæla.

2.1.6. Hámarkshljóðþrýstingsstig skal fundið á milli 0,5 og 1,5m yfir jörðu.

2.1.7. Þegar það er mælt við þau skilyrði sem tilgreind eru í liðum 2.1.1 til 2.1.5 skal hámarkshljóðþrýstingsstig, eins og það er ákvarðað í lið 2.1.6 vera á milli 75dB(A) og 112dB(A).

2.2. Ökutæki í flokkum L3e, L4e og L5e skulu uppfylla allar viðeigandi nothæfiskröfur í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 28.

2.2.1. Ef sérstök fyrirmæli eru ekki til staðar skal hugtakið „bifhjól“, í þeirri reglugerð, teljast vísa til ökutækja í flokkum L3e, L4e og L5e.

2.3. Ökutæki í flokki L7e skulu uppfylla allar viðeigandi nothæfiskröfur í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 28, eins og mælt er fyrir um fyrir ökutækjaflokk L5e.

———

III. VIÐAUKI

Kröfur sem gilda um hemlun, þ.m.t. læsivarin og sambyggð hemlakerfi

1. Kröfur vegna viðurkenningar á gerð ökutækis að því er varðar hemlakerfi

1.1. Ökutæki í flokkum L1e, L2e, L3e, L4e og L5e skulu uppfylla allar viðeigandi kröfur í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 78.

1.1.1. Þrátt fyrir kröfur sem mælt er fyrir um í lið 1.1 gilda ákvæði úr liðum 1.1.1.1 til 1.1.1.3 um ökutæki í flokki L1e með massa ≤ 35 kg ökutækis sem er tilbúið til aksturs og með eftirfarandi búnað:

1.1.1.1. Í hemlabúnaði þar sem gírskipting er vökvaknúin skulu geymar varavökva undanþegnir kröfum varðandi auðvelda athugun á stöðu vökva í framangreindri reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu.

1.1.1.2. Fyrir felgubremsur að því er varðar sérákvæði um prófun með votar bremsur í framangreindri reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu, skal vatni beint á þann hluta felgunnar þar sem núningur verður, með stútinn 10 til 30 mm aftan við bremsuklossa.

1.1.1.3. Fyrir ökutæki með felgur sem eru allt að 45 mm breiðar (kóði 1.75), að því er varðar hemlaafköst hemla að framan þegar hleðslan nær tæknilega leyfilegum hámarksmassa, skal hemlunarvegalengd eða samsvarandi meðalgildi fullþróaðrar hraðaminnkunar vera eins og mælt er fyrir um í framangreindri reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu. Ef ekki er hægt að uppfylla þessa kröfu vegna takmarkaðs veggrips milli hjólbarða og vegar skal beita hemlunarvegalengd $S \leq 0{,}1 + V^2/115$ með samsvarandi meðalgildi fullþróaðrar hraðaminnkunar 4,4 m/s^2 við prófun ökutækis með hleðslu með tæknilega leyfilegum hámarksmassa, þegar hemlabúnaður báðum megin er notaður samtímis.

1.1.2. Vegna viðurkenningar á gerð ökutækis gilda ákvæðin sem sett eru fram í VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr.168/2013 um skyldubundna uppsetningu þróaðra hemlakerfa.

1.2. Ökutæki í flokki L6e skulu uppfylla allar viðeigandi kröfur sem settar eru fram í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 78, með sama hætti og mælt er fyrir um fyrir ökutækjaflokk L2e.

1.3. Ökutæki í flokki L7e skulu uppfylla allar viðeigandi kröfur sem settar eru fram í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 78, með sama hætti og mælt er fyrir um fyrir ökutækjaflokk L5e.

———

IV. VIÐAUKI

Kröfur sem gilda um rafmagnsöryggi

1. Kröfur vegna viðurkenningar á gerð ökutækis að því er varðar rafmagnsöryggi

1.1. Ökutæki sem knúin eru af einum eða fleiri rafmagnshreyflum, þ.m.t. ökutæki sem eru alfarið rafknúin og fjölknúin rafökutæki, skulu uppfylla kröfur þessa viðauka.

2. Almennar kröfur varðandi vörn gegn raflosti og rafmagnsöryggi sem eiga við um háspennutengibrautir við skilyrði þar sem þær eru ekki tengdar ytri háspennuaflgjafa.

2.1. Vörn gegn beinni snertingu við spennuhafa hluta skal vera í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram að neðan. Vörnina sem er til staðar (t.d. föst einangrun, skilrúm og umlykja) skal ekki vera hægt að opna, taka í sundur eða fjarlægja án þess að nota verkfæri.

Vörn gegn aðgangi að spennuhafa hlutum skal prófa í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í 3. viðbæti — vörn gegn beinni snertingu hluta með spennu.

2.1.1. Fyrir vörn straumleiðandi hluta innan lokaðs rýmis ökumanns eða farþegarýmis sem og farangursrýmis skal verndarstig IPXXD uppfyllt.

2.1.2. Fyrir vörn spennuhafa hluta, á öðrum svæðum en í lokuðu rými fyrir ökumann og farþega eða farangursrými, skal verndarstig IPXXB uppfyllt.

2.1.3. Fyrir vörn spennuhafa hluta þar sem ekki er um að ræða nein lokuð rými fyrir ökumann eða farþega skal verndarstig IPXXD uppfyllt fyrir allt ökutækið.

2.1.4. Tengibúnaður (þ.m.t. inntak ökutækis) telst uppfylla kröfur ef:

– hann uppfyllir líka verndarstig IPXXB þegar hann er tekinn úr sambandi án þess að verkfæri séu notuð,

– hann er staðsettur undir gólfi ökutækis og hefur læsibúnað (t.d. skrúfulás eða stungulás),

– á honum er læsibúnaður og ef það þarf fyrst að fjarlægja aðra íhluti með verkfærum til þess að taka tengibúnaðinn úr sambandi, eða

– spenna spennuhafa hluta verður ≤ DC 60 V eða ≤ AC 30 V (virkt gildi) einni sekúndu eftir að tengibúnaður er tekinn í sundur.

2.1.5. Ef hægt er að opna aftengingarrofa vegna viðhalds, taka hann í sundur eða fjarlægja án þess að nota verkfæri skal verndarstig IPXXB uppfyllt við öll þessi skilyrði.

2.1.6. Sérkröfur um merkingar

2.1.6.1. Ef um er að ræða endurhlaðanlegt raforkugeymslukerfi með mikla spennurýmd skal táknið sem sýnt er á mynd 4-1 sett á eða nærri endurhlaðanlega raforkugeymslukerfinu. Bakgrunnur táknsins skal vera gulur, línur og örvar skulu vera svartar.

Mynd 4-1

Merkingar fyrir háspennubúnað



2.1.6.2. Táknið skal að auki vera sett á allar umlykjur og skilrúm sem ekki má fjarlægja án þess að spennuhafa hlutar háspennurása verði óvarðir. Þessi ákvæði eru valkvæð hvað varðar tengi fyrir háspennutengibrautir og gilda ekki í eftirfarandi tilfellum:

– Ef ekki er hægt að komast að umlykjum og skilrúmum, opna þau eða fjarlægja nema aðrir ökutækjaíhlutir séu fjarlægðir með verkfærum, eða

– ef umlykjur og skilrúm eru staðsett undir gólfi ökutækis.

2.1.6.3. Auðkenna skal kapla fyrir háspennutengibrautir sem ekki eru að fullu staðsettir innan umlykju, með ytri kápu í appelsínugulum lit.

2.2. Vörn gegn óbeinni snertingu við spennuhafa hluta skal vera í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram að neðan.

2.2.1. Að því er varðar vörn gegn raflosti sem orðið gæti vegna óbeinnar snertingar við snertanlega rafleiðandi hluti, svo sem leiðin skilrúm og umlykjur, skal rafmagnsgrind hafa trygga galvantengingu t.d. með rafmagnsvír, jarðstreng, málmsuðu eða tengingu með boltum þannig að engin hættuleg rafspenna verði til staðar.

2.2.2. Viðnámið á milli snertanlegra rafleiðandi hluta og rafmagnsgrindar skal vera minna en 0,1 Ω ef straumhlaup er a.m.k. 0,2 A. Þessi krafa telst uppfyllt ef galvantengingu hefur verið komið á með suðu.

2.2.3. Ef um er að ræða ökutæki sem ætluð eru til tengingar við jarðtengdan, ytri rafaflgjafa með rafleiðandi tengingu skal vera til staðar búnaður sem gerir galvantengingu rafmagnsgrindarinnar við jarðtengingu mögulega.

Búnaðurinn skal gera mögulega tengingu við jörðu áður en ytri spennu er hleypt á ökutækið og skal halda þessari tengingu þar til ytri spenna er tekin af ökutækinu.

Sýna má fram á að farið sé að þessum kröfum með því að nota tengið sem tilgreint er af framleiðanda ökutækis eða með annarri greiningu.

2.2.3.1. Galvantenging rafmagnsgrindar við jörðu þarf ekki að vera til staðar í eftirfarandi tilvikum:

– ökutækið getur einungis notað sérhæft hleðslutæki sem er varið ef upp kemur bilun í einangrun,

– öll yfirbygging ökutækisins úr málmi er varin ef upp kemur bilun í einangrun, eða

– ekki er hægt að hlaða ökutækið án þess að fjarlægja alveg drifageyma úr ökutækinu.

2.3. Einangrunarviðnám skal uppfylla kröfurnar sem settar eru fram hér að neðan.

2.3.1. Að því er varðar rafaflrásir sem samanstanda af aðskildum jafnstraums- eða riðstraumstengibrautum:

Ef galvaneinangrun er á milli riðstraumstengibrauta og jafnstraumstengibrauta skal einangrunarviðnám á milli allra háspennutengibrauta og rafmagnsgrindar hafa lágmarksgildi upp á 100 Ω/V af álagsspennu fyrir jafnstraumstengibrautir, og lágmarksgildi upp á 500 Ω/V af álagsspennu fyrir riðstraumstengibrautir.

Mælingarnar skulu gerðar í samræmi við ákvæði sem mælt er fyrir um í 1.viðbæti — Mæliaðferð fyrir einangrunarviðnám.

2.3.2. Að því er varðar rafaflrás sem samanstendur af samsettum jafnstraums- og riðstraumsbrautum.

Ef háspennutengibrautir með riðstraumi og háspennutengibrautir með jafnstraumi eru galvantengdar skal einangrunarviðnám á milli allra háspennubrauta og rafmagnsgrinda hafa lágmarksgildi sem nemur 500 Ω/V af álagsspennu.

Ef allar háspennutengibrautir með riðstraumi eru hins vegar varðar með annarri af eftirfarandi tveimur ráðstöfunum skal einangrunarviðnám á milli háspennubrautar og rafmagnsgrindar hafa lágmarksgildi sem nemur 100 Ω/V af álagsspennu:

– tvöfalt eða fleiri lög af fastri einangrun, skilrúmum eða umlykjum sem hvert fyrir sig uppfyllir kröfur í liðum 2.1. til 2.1.6.3, t.d. leiðslur, eða

– vélrænt traustar varnir sem hafa nægjanlega endingu fyrir endingartíma ökutækis, svo sem vélarhús, hlífar rafmagnsstraumbreyta eða - tengibúnaður,

Sýna má fram á einangrunarviðnám á milli háspennutengibrautar og rafmagnsgrindar með útreikningum, mælingum eða samblandi af hvoru tveggja.

Mælingarnar skulu gerðar skv. 1. viðbæti — Mæliaðferð einangrunarviðnáms.

2.3.3. Að því er varðar ökutæki með efnarafal

Ef ekki er hægt að viðhalda lágmarks einangrunarviðnámi til lengri tíma skal vörnin virkjuð með einhverju af eftirfarandi:

– tvöfalt eða fleiri lög af fastri einangrun, skilrúmum eða umlykjum sem hvert fyrir sig uppfyllir kröfur í liðum 2.1. til 2.1.6.3, eða

– vöktunarkerfi einangrunarviðnáms um borð í ökutæki ásamt viðvörun til ökumanns ef einangrunarviðnám fellur niður fyrir það lágmarksgildi sem krafist er. Hafa skal eftirlit með einangrunarviðnámi á milli háspennutengibrautar tengikerfisins fyrir hleðslu endurhlaðanlega raforkugeymslukerfisins, sem ekki fær orku nema á meðan á hleðslu þess stendur, og rafmagnsgrindarinnar.

Rétt virkni vöktunarkerfis einangrunarviðnáms um borð í ökutæki skal prófuð eins og lýst er í 2. viðbæti — Aðferð til að staðfesta virkni vöktunarkerfis einangrunarviðnáms um borð í ökutæki.

2.3.4. Kröfum um einangrunarviðnám fyrir tengikerfi fyrir hleðslu endurhlaðanlega raforkugeymslukerfisins.

Inntak ökutækisins eða endurhleðslukapall þegar hann er fasttengdur við ökutækið, sem áætlað er að hafi rafleiðandi tengingu við jarðtengdan ytri riðstraumsaflgjafa og rafrás sem er galvantengd við inntak ökutækisins eða endurhleðslukapal á meðan á hleðslu endurhlaðanlega raforkugeymslukerfisins stendur, skal hafa einangrunarviðnám á milli háspennuraftengibrautar og rafmagnsgrindarinnar sem nemur a.m.k. 1,0 MΩ þegar hleðslutengið er aftengt. Á meðan á mælingu stendur má aftengja drifrafgeymi.

3. Kröfur fyrir endurhlaðanlega raforkugeymslukerfið.

3.1. Vörn ef um er að ræða umframstraum.

Endurhlaðanlega raforkugeymslukerfið skal ekki ofhitna ef um er að ræða umframspennu eða ef endurhlaðanlega raforkugeymslukerfið á það til að ofhitna vegna umframstraums skal það búið a.m.k. einum varnarbúnaði svo sem vörum, aflrofum og/eða höfuðrofum.

Ef við á skal framleiðandi ökutækis veita viðeigandi upplýsingar og greiningu sem sýna fram á að komið sé í veg fyrir ofhitnun vegna umframstraums án þess að notast við varnarbúnað.

3.2. Komið í veg fyrir uppsöfnun gass.

Staðir fyrir opna gerð drifrafgeyma sem geta gefið frá sér vetnisgas skulu vera með loftræstiviftu eða loftræstirás eða aðrar viðeigandi leiðir til að koma í veg fyrir að vetnisgas safnist saman. Ökutæki með opinn ramma sem gerir það að verkum að vetnisgas getur ekki safnast saman á slíkum stöðum þurfa ekki að hafa loftræstiviftu eða loftræstirás.

3.3. Vörn gegn leka rafkleyfra efna.

Rafkleyf efni skulu ekki leka frá ökutæki þegar það hallar í einhverja átt, því er hallað til vinstri eða hægri í átt að jörðu eða jafnvel þegar endurhlaðanlega raforkugeymslukerfið er sett á hvolf.

Ef rafkleyft efni lekur frá endurhlaðanlega raforkugeymslukerfinu eða íhlutum þess af öðrum orsökum skal það ekki ná til ökumanns eða annarra einstaklinga sem eru um borð í ökutækinu eða í kringum það við venjuleg notkunarskilyrði, þegar því er lagt (þ.e. einnig þegar því er lagt í halla) eða við aðra venjulega hagnýta notkun.

3.4. Vörn gegn því að endurhlaðanlega raforkugeymslukerfið losni frá fyrir slysni eða án ásetnings.

Endurhlaðanlega raforkugeymslukerfið og íhlutir þess skulu uppsettir í ökutæki með þeim hætti að komið sé í veg fyrir þann möguleika að það losni frá eða úr fyrir slysni eða án ásetnings.

Endurhlaðanlega raforkugeymslukerfið og íhlutir þess skulu ekki losna úr þegar ökutæki hallar í einhverja átt, því er hallað til vinstri eða hægri í átt að jörðu eða jafnvel þegar endurhlaðanlega raforkugeymslukerfið er sett á hvolf.

4. Öryggiskröfur við notkun

4.1. Verklag við að hleypa straumi á og taka straum af knúningskerfi

4.1.1. Við ræsingu, þ.m.t. þegar straumi er hleypt á kerfi, skal ökumaður framkvæma a.m.k. tvær sérkennandi aðgerðir viljandi til að velja virkan ham þar sem akstur er mögulegur.

4.1.2. Ökumanni skal a.m.k. gefin vísbending í skamman tíma um að ökutækið sé sett í virkan ham þar sem akstur er mögulegur, þetta ákvæði gildir þó ekki við þau skilyrði þar sem knúningsafl ökutæki er veitt með beinum eða óbeinum hætti af sprengihreyfli.

4.1.3. Þegar farið er frá ökutæki skal ökumaður fá merki (t.d. sjón- eða hljóðmerki) ef ökutækið er enn í virkum ham þar sem akstur er mögulegur.

4.1.4. Ef ökumaður getur hlaðið endurhlaðanlega raforkugeymslukerfið, sem er um borð í ökutækinu, utan frá skal ekki vera mögulegt að hreyfa ökutækið með eigin knúningskerfi, á meðan tengi við ytri raforkugjafa er tengt við inntak ökutækis. Sýna skal fram á að þessi krafa sé uppfyllt með því að nota tengi sem tilgreint er af framleiðanda ökutækis.

Ef um er að ræða fasttengda hleðslukapla telst krafan að ofan uppfyllt þegar notkun hleðslukapals kemur greinilega í veg fyrir notkun ökutækisins (t.d. ef kapli er alltaf beint yfir stjórntæki ökumanns, sæti farþega eða ökumanns, stjórnstöng eða stýri, eða ef sætið sem er yfir geymslustað kapalsins þarf að vera í opinni stöðu).

4.1.5. Ef ökutæki er búið stýrieiningu fyrir akstursátt (þ.e. bakkbúnaði) skal staða þessarar einingar auðkennd svo ökumaður sjái.

4.1.6. Heimilt er að aðeins ein aðgerð sé nauðsynleg til að slökkva á virkum ham þar sem akstur er mögulegur eða til að ljúka við verklag til að hleypa straum af ökutæki.

4.2. Akstur með minnkað vélarafl

4.2.1. Vísbending um minnkað vélarafl

Ef rafmagnsknúningskerfi er þannig búið að hægt sé að draga sjálfkrafa úr knúningsafli ökutækis (t.d. notkunarhamur þegar bilun er í aflrás), skal ökumaður fá vísbendingu um verulega minnkun.

4.2.2. Vísbending um lágt orkuinnihald endurhlaðanlega raforkugeymslukerfisins

Ef hleðsluástand endurhlaðanlega raforkugeymslukerfisins hefur veruleg áhrif á ökuhæfni ökutækis (þ.e. hröðun og akstursgetu sem tækniþjónustan ásamt framleiðanda ökutækis skulu leggja mat á) skal gefa ökumanni til kynna lágt orkuinnihald með augljósum búnaði (t.d. með sjón- eða hljóðmerki). Ekki skal notast við sömu vísbendingu og í lið 4.2.1 í þessum tilgangi.

4.3. Akstur aftur á bak

Ekki skal vera mögulegt að virkja stýrivirkni ökutækisins aftur á bak á meðan það hreyfist fram á við.

4.4. Ákvörðun á losun vetnis

4.4.1. Sannprófun skal framkvæmd á öllum gerðum ökutækja sem hafa drifrafgeyma af opinni gerð og sem uppfylla allar kröfur.

4.4.2. Ökutæki skulu búin innbyggðum hleðslutækjum. Prófanir skulu framkvæmdar eftir þeirri aðferð sem lýst er í 7. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 100 ([14]). Sýnataka og greining vetnis skulu vera eins og mælt er fyrir um, hinsvegar má notast við aðrar greiningaraðferðir að því tilskildu að hægt sé að sýna fram á að þær veiti jafngildar niðurstöður.

4.4.3. Við venjulegt verklag við hleðslu við þau skilyrði sem sett eru fram í 7. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 100, skal losun vetnis vera < 125 g mælt yfir 5 klst., eða minni ($25 \times t_2$) (g) á meðan t_2 (h).

4.4.4. Ef bilun verður við hleðslu sem framkvæmd er með innbyggðu hleðslutæki (skilyrði sett fram í 7. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 100) skal losun vetnis vera undir 42 g. Ennfremur skal þessi hugsanlega bilun innbyggða hleðslutækisins takmarkast við 30 mínútur.

4.4.5. Öllum aðgerðum sem tengdar eru endurhlaðanlega raforkugeymslukerfinu skal stýrt sjálfkrafa, þ.m.t. stöðvun hleðslu.

4.4.6. Ekki skal vera hægt að grípa handvirkt inn í hleðslufasa.

4.4.7. Venjulegar aðgerðir við tengingu við og aftengingu frá rafveitu eða straumrofum skal ekki hafa áhrif á stjórnkerfi hleðslufasa.

4.4.8. Bilun við hleðslu sem svo getur leitt til bilunar í hleðslubúnaði um borð í ökutæki við hleðslu sem fer fram síðar skal tilkynnt ökumanni með varanlegu merki eða greinilega tilkynnt stjórnanda sem er við það að hefja hleðslu.

4.4.9. Ítarlegar leiðbeiningar varðandi hleðslu og yfirlýsing um samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í liðum 4.4.1 til 4.4.8 skulu koma fram í notendahandbók ökutækisins.

4.4.10. Notast má við niðurstöður úr prófunum frá öðrum gerðum ökutækja sem hafa sambærilega eiginleika innan sama hóps, í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í 2. viðbæti við 7. viðauka við reglugerð nr. 100.

([14]) Stjtíð. ESB L 57, 2.3.2011, bls. 54.

1. viðbætir

Mæliaðferð einangrunarviðnáms fyrir prófanir byggðar á ökutækjum

1. Almenn atriði

Einangrunarviðnám fyrir hverja háspennuraftengibraut ökutækisins skal mælt eða það ákvarðað með útreikningum sem byggja á mæligildum fyrir hvern hluta eða íhlut háspennuraftengibrautar (hér á eftir nefnt „skipt mæling“).

2. Mæliaðferð

Mæling einangrunarviðnáms skal framkvæmd með því að velja viðeigandi mæliaðferð af þeim sem skráðar eru í liðum 2.1 til 2.2, háð rafmagnshleðslu spennuhafa hluta eða einangrunarviðnámi, o.s.frv.

Styrkbil rafrásar sem á að mæla skal skýrt fyrirfram með skýringarmyndum um rafrásir, o.s.frv.

Ennfremur má framkvæma breytingar sem nauðsynlegar eru vegna mælinga á einangrunarviðnámi, svo sem að fjarlægja yfirlag til að komast að spennuhafa hlutum, að leggja mælingalínur, að breyta hugbúnaði, o.s.frv.

Í þeim tilvikum þar sem mæld gildi eru ekki stöðug vegna starfrækslu vöktunarkerfis með einangrunarviðnámi um borð í ökutæki, o.s.frv., má framkvæma nauðsynlegar breytingar vegna framkvæmdar mælinga, svo sem stöðvun eða fjarlæging þess búnaðar sem um er að ræða. Ennfremur, þegar búnaður er fjarlægður skal sýnt fram á, með teikningum o.s.frv., að það breyti ekki einangrunarviðnámi á milli spennuhafa hluta og rafmagnsgrindarinnar.

Gæta skal ítrustu varkárni hvað varðar skammhlaup, rafstuð, o.s.frv., þar sem þessi staðfesting getur krafist beinnar vinnu við háspennurásina.

2.1. Mæliaðferð sem notast við spennu frá aflgjöfum utan ökutækis

2.1.1. Mælitæki

Notast skal við prófunartæki vegna einangrunarviðnáms sem geta beitt DC-spennu sem er meiri en álagsspenna háspennuraftengibrautar.

2.1.2. Mæliaðferð

Prófunartæki vegna einangrunarviðnáms skal tengt á milli spennuhafa hluta og rafmagnsgrindarinnar. Svo skal einangrunarviðnám mælt með því að beita jafnstraumsspennu sem er á við a.m.k. helming álagsspennu háspennutengibrautar.

Hafi kerfið fleiri en eitt spennusvið (t.d. vegna straumbreytis fyrir skyndihleðslu) í rás með galvantengingu og einhverjir íhlutanna þola ekki álagsspennu allrar rásarinnar er hægt að mæla einangrunarviðnám á milli þessara íhluta og rafmagnsgrindarinnar með aðskildum hætti, með því að beita a.m.k. helming álagsspennu þeirra þegar þessir íhlutir hafa verið losaðir frá.

2.2. Mæliaðferð sem notast við endurhlaðanlegt raforkugeymslukerfi ökutækisins sjálfs sem jafnstraumsspennugjafa.

2.2.1. Skilyrði að því er varðar prófunarökutæki

Háspennutengibraut skal fá orku frá endurhlaðanlega raforkugeymslukerfi ökutækisins sjálfs og/eða orkuumbreytingakerfi og spenna endurhlaðanlega raforkugeymslukerfisins og/eða orkuumbreytingakerfis í gegnum prófunina skal vera a.m.k. nafnvinnsluspenna eins og hún er tilgreind af framleiðanda ökutækis.

2.2.2. Mælitæki

Spennumælir sem notaður er við þessa prófun skal mæla jafnstraumsgildi og skal hafa innra viðnám upp á a.m.k. 10 MΩ.


2.2.3. Mæliaðferð

2.2.3.1. Fyrsta þrep

Spennan er mæld eins og sýnt er á mynd 4-Ap1-1 og spenna háspennutengibrautar (Vb) er skráð. Vb skal vera jafnt og eða meira en nafnvinnsluspenna endurhlaðanlega orkugeymslukerfisins og/eða orkuumbreytingakerfis eins og tilgreint er af framleiðanda ökutækis.

Mynd 4-Ap1-1

Mælingar á Vb, V1, V2



2.2.3.2. Annað þrep

Mæling og skráning spennu (V1) á milli neikvæðrar hliðar háspennutengibrautar og rafmagnsgrindar (sjá mynd 4-Ap1-1).

2.2.3.3. Þriðja þrep

Mæling og skráning spennu (V2) á milli jákvæðrar hliðar háspennutengibrautar og rafmagnsgrindar (sjá mynd 4-Ap1-1).

2.2.3.4. Fjórða þrep


Ef V1 er meira en eða jafnt og V2 skal setja á staðlað þekkt viðnám (Ro) á milli neikvæðrar hliðar háspennutengibrautar og rafmagnsgrindarinnar. Þegar Ro hefur verið sett á skal mæla (V1) á milli neikvæðrar hliðar háspennutengibrautar og rafmagnsgrindar (sjá mynd 4-Ap1-2).

Reikna skal út rafmagnseinangrun (Ri) samkvæmt eftirfarandi formúlu):

$$Ri = Ro*(Vb/V1' - Vb/V1) \text{ eða } Ri = Ro*Vb*(1V1' - 1/V1)$$

Mynd 4-Ap1-2

Mæling V1“




Ef V2 er meira en V1 skal setja á staðlað þekkt viðnám (Ro) á milli jákvæðrar hliðar háspennutengibrautar og rafmagnsgrindarinnar. Þegar Ro hefur verið sett á skal mæla (V2) á milli jákvæðrar hliðar háspennutengibrautar og rafmagnsgrindar (sjá mynd 4-Ap1-3). Reikna skal út rafmagnseinangrun (Ri) samkvæmt formúlunni sem sýnd er: Deila skal þessu gildi rafmagnsviðnáms (í Ω) með nafnvinnsluspennu háspennutengibrautar (í V).

Reikna skal út rafmagnseinangrun (Ri) samkvæmt eftirfarandi formúlu):

$$Ri = Ro*(Vb/V2' – VbV2) \text{ eða } Ri = Ro*Vb*(1/V2' – 1/V2)$$

Mynd 4-Ap1-3

Mæling á V2’



2.2.3.5. Fimmta þrep

Gildi rafmagnsviðnáms Ri (í Ω) deilt með álagsspennu háspennutengibrautar (i voltum) gefur einangrunarviðnámmið (í Ω/V).

Athugasemd: Staðlað þekkt viðnám Ro (í Ω) ætti að vera gildið fyrir einangrunarviðnámið sem krafist er að lágmarki (í Ω/V) margfaldað með álagsspennu ökutækis plús/mínus 20 prósent (í V). Ekki er gerð krafa um að Ro sé nákvæmlega jafnt þessu gildi þar sem jöfnurnar gilda fyrir hvaða Ro sem er, Ro- gildi á þessu sviði ætti þó að veita góða upplausn fyrir mælingar á spennu.

———

2. viðbætir

Aðferð til að staðfesta virkni vöktunarkerfis einangrunarviðnáms um borð í ökutæki

1. Virkni vöktunarkerfis einangrunarviðnáms um borð í ökutæki skal staðfest með eftirfarandi aðferð:

Bætið við viðnámi sem gerir það ekki að verkum að einangrunarviðnám á milli tengisins sem er verið að vakta og rafmagnsgrindar fari niður fyrir gildi einangrunarviðnáms sem krafist er að lágmarki. Viðvörunin skal virkjuð.

———

3. viðbætir

Vörn gegn beinni snertingu hluta sem hafa spennu

1. Aðgangsnemar

Aðgangsnemar til þess að sannprófa vörn einstaklinga gegn aðgangi að spennuhafa hlutum eru gefnir upp í töflu 4-Ap3-1.

2. Prófunarskilyrði

Aðgangsnemanum er ýtt gegn öllum opum umlykjunnar með þeim krafti sem tilgreindur er í töflu 4-Ap3-1. Fari hann í gegn að öllu leyti eða að hluta til er honum komið fyrir á öllum mögulegum staðsetningum, stöðvunarflötur skal þó ekki undir neinum kringumstæðum fara að fullu í gegnum opið.

Innri skilrúm teljast hluti umlykju

Lágspennugjafi upp á ≥ 40 V og ≤ 50 V í röð sem hefur viðeigandi ljós skal tengdur, ef nauðsyn krefur, á milli nema og spennuhafa hluta innan skilrúms eða umlykju,

Á hreyfanlega spennuhafa hluta háspennubúnaðar skal einnig beita merkjastraumrásaraðferð.

Innri hreyfanlega hlutum má stýra eða færa hægt með öðrum hætti, þar sem það er mögulegt.

3. Skilyrði fyrir samþykki

Aðgangsnemi skal ekki snerta spennuhafa hluta.



Ef þessi krafa er staðfest með merkjastraumrás á milli nema og spennuhafa hluta skal ljósið ekki kvikna.

Ef um er að ræða prófun fyrir IPXXB má samsettur prófunarfingur ganga 80 mm inn en stöðvunarflötur (50 mm x 20 mm þvermál) skal ekki fara í gegnum opið. Þegar byrjað er í beinni stöðu skulu bæði samskeyti prófunarfingurs beygð með fullnægjandi hætti í gegnum horn sem er allt að 90° að því er varðar ás samliggjandi hluta fingursins og skulu þau sett í allar mögulegar stöður.

Ef um er að ræða prófun fyrir IPXXD má aðgangsnemi ganga allur inn en stöðvunarflötur skal þó aldrei fara að fullu í gegnum opið.


Tafla 4-Ap3-1

Aðgangsnemar fyrir prófanir vegna varnar einstaklinga gegn aðgangi að hættulegum hlutum

Fyrsti tölustafur	Viðbótar-stafur	Aðgangsnemi	Prófunar-kraftur
2	B	Samskeyttur prófunarfingur Sjá mynd 4-Ap3-1 að neðan fyrir fullt mál  	10 N ± 10%
4, 5, 6	D	Prófunarvír 1,0 mm í þvermál, 100 mm langur  	1 N ± 10%

Mynd 4-Ap3-1

Samskeyttur prófunarfingur



V. VIÐAUKI

Kröfur sem gilda um yfirlýsingu framleiðanda að því er varðar endingarprófun kerfa, hluta og búnaðar sem er mikilvægur m.t.t. notkunaröryggis

1. Kröfur vegna viðurkenningar á gerð ökutækis að því er varðar endingarprófun

1.1. Að því er varðar yfirlýsingu í samræmi við 2. mgr. 22. gr. í og VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 168/2013:

Ökutæki og kerfi þeirra, hlutar og búnaður sem nauðsynlegur er vegna notkunaröryggis skal geta þolað notkun við eðlileg skilyrði og þegar því er haldið við í samræmi við tilmæli framleiðanda, með tilliti til reglulegs og áætlaðs viðhalds og sértækra breytinga á búnaði sem framkvæmdar eru eftir skýrum og ótvíræðum leiðbeiningum framleiðanda ökutækisins í notendahandbók sem fylgir ökutækinu.

Venjuleg notkun ökutækis nær yfir fyrstu fimm árin frá skráningu þess og heildarvegalengd sem er jöfn 1,5 sinnum vegalengdin sem tilgreind er í VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 168/2013 í beinum tengslum við ökutækjaflokkinn sem um er að ræða og losunaráfangann (þ.e. Euro-þrep) sem gerðarviðurkenna á ökutækið í samræmi við, þó skal vegalengdin sem krafist er ekki vera lengri en 60 000 km fyrir neinn ökutækjaflokk. Venjuleg notkun felur ekki í sér notkun við erfiðar aðstæður (t.d. mikinn kulda eða mikinn hita) og skilyrði vega sem valda skemmdum á ökutæki vegna slæms ástands.

1.2. Gerðarviðurkenndir hjólbarðar, útskiptanlegir ljósgjafar ljósaíhluta og aðrir hlutir sem eru rekstrarvörur og eru undanskildir kröfum um endingu.

1.3. Framleiðanda ökutækis er ekki skylt að láta af hendi upplýsingar svo sem gögn sem innihalda upplýsingar sem á er einkaréttur er varðar gögn fyrirtækisins um verklag við endingarprófanir og aðrar innri starfsvenjur.

1.4. Yfirlýsing framleiðanda hefur ekki áhrif á ábyrgðarskuldbindingar gagnvart eiganda ökutækis.

———

VI. VIÐAUKI

Kröfur sem gilda um hlífðarvirki að framan og aftan

1. Kröfur vegna viðurkenningar á gerð ökutækis að því er varðar hlífðarvirki að framan og aftan

1.1. Ef kröfur reglugerðar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 26 að því er varðar útstæða hluta gilda um ökutækið í heild sinni, eins og kveðið er á um með viðeigandi ákvæðum 7. gr. C-hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 168/2013 teljast kröfur þessa viðauka uppfylltar.

1.2. Hafi kröfum reglugerðar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 26 að því er varðar útstæða hluta ekki verið beitt eða aðeins beitt að hluta til um ökutækið, eins og kveðið er á um í viðeigandi ákvæðum 7. gr. C-hluta II. viðauka reglugerðar (ESB) nr. 168/2013 skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

1.2.1. Ef búið er að meta fyllilega viðeigandi grind að framan á ökutæki í samræmi við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 26 telst ökutækið uppfylla kröfur um hlífðarvirki að framan.


1.2.2. Ökutæki sem hafa eitt framhjól og útstæða hluta sem ná fram fyrir framás og búið er að meta með prófunarbúnaði í samræmi við viðeigandi ákvæði 7. gr. C-hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 168/2013, teljast uppfylla kröfur um hlífðarvirki að framan.

1.2.3. Ökutæki sem ekki hafa fleiri er eitt framhjól og ekki er búið að meta hlífðarvirkið að framan á að fullu í samræmi við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 26 skulu uppfylla eftirtaldar kröfur:

1.2.3.1. A.m.k. tveir þriðju hlutar af hámarksbreidd framhluta ökutækis, mælt við framás eða framan við hann, skulu vera burðarvirki ökutækis framan við þverlínu sem er mitt á milli framáss og fremsta hluta ökutækis (þ.e. viðeigandi hlífðarvirki, sjá mynd 6-1). Staðsetning hlífðarvirkisins, með tilliti til hæðar, er aðeins viðeigandi ofan við gólflínu eða neðan við 2,0 m.

Mynd 6-1

Viðeigandi uppbygging á framhluta ökutækis



Athugasemd: Í þessu dæmi eru framhjólbarðar innan matssvæðis og viðeigandi breidd er inni í heildaruppbyggingu sem er í samræmi við kröfur.

1.2.3.2. Framan við línuna sem lýst er í lið 1.2.3.1 skal burðarvirki ökutækis ekki hafa beitta eða hvassa hluta eða framskot sem beinast út á við og eru líkleg til að krækjast eða auka verulega alvarleika meiðsla eða líkur á skurðsárum óvarinna vegfarenda ef til áreksturs kemur þegar ökutækinu er ekið áfram. Burðarvirkið skal í öllu falli vera laust við brúnir sem hægt er að snerta með 100 mm kúlu og sem hafa krappageisla sem er undir 2,5 mm. Brúnir mega þó vera ávalar þar sem framskot er minna en 5,0 mm og ekki er um að ræða neinar sértækar kröfur um brúnir með framskot upp á minna en 1,5 mm.


1.2.4. Ökutæki sem ekki hafa búnað til að bakka eru undanþegin kröfum um hlífðarvirki að aftan í liðum 1.2.5 til 1.2.6.2.1.

1.2.5. Ökutæki sem hafa búnað til þess að bakka og með hlífðarvirki að aftan sem búið er að meta að fullu í samræmi við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 26 teljast uppfylla kröfur sem gilda um hlífðarvirki að aftan.

1.2.6. Ökutæki sem hafa búnað til þess að bakka en hafa burðarvirki ökutækis að aftan sem ekki er búið að meta að fullu í samræmi við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 26 skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

1.2.6.1. A.m.k. tveir þriðju hlutar breiddar ökutækis, eins og það er mælt við afturás, skulu vera burðarvirki ökutækis (þ.e. viðeigandi burðarvirki, sjá mynd 6-2). Staðsetning hlífðarvirkisins, með tilliti til hæðar, er aðeins viðeigandi ofan við gólflínu eða neðan við 2,0 m.

Mynd 6.2



1.2.6.2. Aftan við afturás skal burðarvirki ökutækis ekki hafa beitta eða hvassa hluta eða framskot sem beinast út á við og eru líkleg til að krækjast eða auka verulega alvarleika meiðsla eða líkur á skurðsárum óvarinna vegfarenda ef til áreksturs kemur þegar ökutækinu er ekið aftur á bak. Burðarvirkið skal í öllu falli vera laust við brúnir sem hægt er að snerta með 100 mm kúlu og sem hafa krappageisla sem er undir 2,5 mm. Brúnir mega þó vera ávalar þar sem framskot er minna en 5,0 mm og ekki er um að ræða neinar sértækar kröfur um brúnir með framskot upp á minna en 1,5 mm.

1.2.6.2.1. Ef um er að ræða ökutæki í flokkum L2e-U, L5e-B, L6e-BU og L7e-CU skulu brúnir sem hægt er að snerta með 100 mm kúlu a.m.k. vera ávalar þegar framskot er 1,5 mm eða meira.

1.3. Ef harka efnis er mæld að beiðni tækniþjónustu skal mæling gerð með efni eins og það er uppsett í ökutækið. Ef ógerlegt er að framkvæma slíka mælingu rétt getur tækniþjónusta samþykkt aðrar mælingaraðferðir.

———

VII. VIÐAUKI

Kröfur sem gilda um rúður, framrúðuþurrkur og -sprautur og afísingar- og móðuhreinsunarbúnað

1. HLUTI

Kröfur vegna viðurkenningar á gerð ökutækis að því er varðar rúður

1. Uppsetningarkröfur

1.1. Ökutæki skulu einungis búin rúðum úr öryggisgleri.

1.1.1. Allar rúður úr öryggisgleri sem eru settar í ökutækið skulu gerðarviðurkenndar í samræmi við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 43.

1.1.2. Rúður úr öryggisgleri skulu settar í með þeim hætti að þær haldist á sínum stað og veiti þeim sem í ökutækinu eru eða þeim sem aka því áfram útsýni og öryggi, þrátt fyrir það álag sem ökutækið verður fyrir við venjulegar notkunaraðstæður.

1.1.3. Framrúður úr plasti sem settar eru í ökutæki sem ekki hafa yfirbyggingu og stuðning að ofan teljast ekki rúður úr öryggisgleri og eru undanþegnar kröfunum sem mælt er fyrir um í þessum viðauka.

1.1.3.1. Þrátt fyrir 5. mgr. 2. gr. og að því er varðar þennan viðauka telst ökutæki hafa yfirbyggingu ef um er að ræða burðareiningar á borð við A-stoðir eða ósveigjanlegan ramma í kringum framrúðuna, ásamt öðrum hugsanlegum einingum svo sem hliðarhurðum, hliðarrúðum og/eða þaki sem mynda hólf sem er lokað eða lokað að hluta til og tækniþjónusta skal veita skýran rökstuðning fyrir mati á viðmiðunum í prófunarskýrslu.

2. Sértæk ákvæði

2.1. Ökutæki í flokki L skulu uppfylla allar viðeigandi kröfur sem settar eru fram í 21. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 43, eins og mælt er fyrir um fyrir ökutækjaflokk M_1.

2.1.1. Ákvæði í liðum 4.2.1.2 og 4.2.2.2 í 21. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 43 gilda ekki. Þess í stað má setja rúðu úr sveigjanlegu plasti sem hefur viðurkenningarmerkið „IX“ í sem öryggisrúðu fyrir aðrar rúður en framrúðu.

2.1.2. Í ökutæki í flokkum L1e, L2e, L3e, L4e og L5e má setja öryggisrúður úr hörðu plasti í sem framrúður, að því tilskildu að þær séu gerðarviðurkenndar og hafi viðurkenningarmerkið „VIII /A/L’ eða ‘X /A/L“.

2.1.3. Ökutæki í flokkum L5e-B, L6e-B og L7e-C skulu vera með framrúðu sem myndar hluta af lokuðu ökumanns- eða farþegarými.

2. HLUTI

Kröfur vegna viðurkenningar á gerð ökutækis með tilliti til framrúðuþurrka og sprautubúnaðar

1. Uppsetningarkröfur

1.1. Öll ökutæki sem hafa framrúðu úr öryggisgleri skulu hafa framrúðuþurrkubúnað sem virkar þegar búið er að virkja aðalrofa ökutækis, án annarrar íhlutunar ökumannsins en að kveikja á stjórnbúnaði þurrkubúnaðarins, við gangsetningu og stöðvun rúðuþurrknanna.

1.1.1. Framrúðuþurrkubúnaðurinn skal samanstanda af einum eða fleiri þurrkuörmum sem eru með þurrkublöð sem auðvelt er að skipta um og hægt er að þrífa handvirkt. Þurrkuarmar skulu þannig uppsettir að hægt sé að sveigja þá frá framrúðunni.

1.1.2. Þurrkusvæði framrúðuþurrkunnar skal ná yfir minnst 90% af sjónsvæði A eins og skilgreint er í samræmi við 1. viðbæti.

1.1.2.1. Þurrkusvæði framrúðuþurrkunnar skal uppfylla kröfurnar þegar búnaðurinn starfar á þurrkutíðni í samræmi við lið 1.1.3. Þurrkusvæði framrúðuþurrkunnar skal metið samkvæmt skilyrðum sem sett eru fram í liðum 2.1.10 til 2.1.10.3.

1.1.3. Framrúðuþurrkubúnaðurinn skal vera með þurrkutíðni sem er að lágmarki 40 lotur á mínútu sem skal náð við þau skilyrði sem tilgreind eru í liðum 2.1.1 til 2.1.6 og 2.1.8.

1.1.4. Framrúðuþurrkubúnaðurinn skal geta starfað í tvær mínútur á þurri framrúðu án þess að það dragi úr afköstum.

1.1.4.1. Afköst framrúðuþurrkubúnaðarins á þurri framrúðu skulu prófuð við skilyrðin sem sett eru fram í lið 2.1.11.

1.1.5. Rúðuþurrkubúnaðurinn verður að þola stöðvun í a.m.k. 15 sekúndur. Heimilt er að nota öryggi að því tilskildu að aðeins þurfi að hreyfa við stjórnbúnaði framrúðuþurrku til að endurstilla búnaðinn.

1.1.5.1. Getan til að þola stöðvun skal prófuð við þau skilyrði sem sett eru fram í lið 2.1.7.

1.2. Öll ökutæki sem hafa framrúðu úr öryggisgleri skulu vera með framrúðusprautubúnað sem getur starfað þegar aðalrofi ökutækisins hefur verið virkjaður og getur þolað álag og þrýsting sem myndast þegar stútarnir eru stíflaðir og búnaðinum er beitt í samræmi við vinnuaðferðina sem lýst er í liðum 2.2.1.1. til 2.2.1.1.2..

1.2.1. Afköst framrúðusprautubúnaðarins skulu ekki minnka vegna áhrifa af hitasveiflunum sem um getur í liðum 2.2.1. til 2.2.3.1.

1.2.2. Framrúðusprautubúnaðurinn skal geta sprautað vökva á tiltekið svæði framrúðunnar án þess að vart verði við leka, slöngur aftengist eða stútar bili, við eðlileg skilyrði þegar umhverfishitinn er á milli 255 K og 333 K (– 18 °C og 60 °C). Að auki má ekki verða vart við leka né slöngur aftengjast þegar lokað er fyrir stútana.

1.2.3. Framrúðusprautubúnaðurinn skal geta gefið nægilegt magn vökva til að hreinsa a.m.k. 60% sjónsvæðis A, eins og skilgreint er í samræmi við 1. viðbæti, við skilyrðin sem sett eru fram í liðum 2.2.5 til 2.2.5.4.

1.2.4. Hægt skal vera að gangsetja framrúðusprautubúnaðinn handvirkt með stjórntæki sprautubúnaðarins. Að auki má gangsetning og stöðvun vera samræmd og sameinuð öðrum kerfum ökutækisins.

1.2.5. Rúmtak vökvageymisins skal ekki vera minna en 1,0 lítri.

1.2.6. Heimilt er að setja upp framrúðusprautubúnað sem hefur verið samþykktur sem aðskilin tæknieining í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1008/2010 ([15]), að því tilskildu að farið sé að ákvæðum í lið 2.2.6.

2. Prófunaraðferð

2.1. Prófunarskilyrði fyrir framrúðuþurrkubúnað.

2.1.1. Prófanirnar sem lýst er hér á eftir skal framkvæma við skilyrðin sem lýst er í liðum 2.1.2 til 2.1.5 nema annað sé tekið fram.

2.1.2. Umhverfishiti skal vera milli 278 K og 313 K (5 °C og 40 °C).

2.1.3 Framrúðan skal haldast blaut.

2.1.4. Rafknúinn framrúðuþurrkubúnaður skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:

2.1.4.1. Allir rafgeymar skulu hafa fulla hleðslu við upphaf prófunar.

2.1.4.2. Sé hreyfill til staðar skal hann ganga á hraða sem ekki fer yfir 30% þess snúningshraða sem svarar til hámarksafkasta hans. Reynist þetta hins vegar óframkvæmanlegt vegna sérstaks skipulags á stjórnun hreyfilsins, t.d. þegar um er að ræða fjölknúin rafökutæki, skal ákvarða raunhæfar aðstæður sem taka tillit til snúningshraða og hvort hreyfillinn sé aðeins í gangi tímabundið eða alls ekki, við venjuleg akstursskilyrði. Ef framrúðusprautubúnaðurinn getur uppfyllt kröfurnar án þess að hreyfillinn sé í gangi þarf hreyfillinn ekki að vera í gangi.

2.1.4.3. Kveikt skal vera á lágljósum aðalljóskerjanna.

2.1.4.4. Hitun, loftræsting, afísingar- og móðuhreinsunarkerfi (óháð staðsetningu þeirra í ökutækinu) skulu vera starfandi með hámarksnotkun á rafmagni.

2.1.5. Þrýstilofts- eða sogknúinn framrúðuþurrkubúnaður skal geta starfað samfellt með þeirri þurrkutíðni sem mælt er fyrir um óháð snúningshraða og álags hreyfilsins eða lágmarks- eða hámarkshleðslu rafgeymis sem framleiðandinn gefur upp fyrir venjulega notkun.

2.1.6. Þurrkutíðni framrúðuþurrkubúnaðarins skal vera í samræmi við kröfurnar í lið 1.1.3 eftir að hafa verið í gangi í 20 mínútur á blautri framrúðu.

([15]) Stjtíð. ESB L 292, 10.11.2010, bls. 2.

2.1.7. Kröfurnar í lið 1.1.5 eru uppfylltar þegar þurrkuörmunum er haldið föstum í stöðu sem samsvarar hálfri lotu í 15 sekúndur, með stjórnbúnað framrúðuþurrku stilltan á hæstu þurrkutíðnina.

2.1.8. Ytra yfirborð framrúðunnar skal rækilega fituhreinsað með brennsluspritti eða sambærilegu fituhreinsiefni. Eftir þurrkun skal ammoníaklausn sem ekki er minna en 3% og ekki meira en 10% borin á. Yfirborðinu skal leyft að þorna aftur og svo strokið yfir það með þurrum baðmullarklút.

2.1.9. Á ytra yfirborð framrúðunnar skal bera jafnt lag af prófunarblöndunni, í samræmi við forskriftina sem mælt er fyrir um í 2. viðbæti og látið þorna.

2.1.9.1. Heimilt er að nota framrúðusprautubúnaðinn í öllum viðkomandi prófunum hafi ytri flötur framrúðunnar verið undirbúinn eins og lýst er í liðum 2.1.8 og 2.1.9.

2.1.10. Þurrkusvæði framrúðuþurrkubúnaðar, eins og mælt er fyrir um í lið 1.1.2 skal ákvarðað á eftirfarandi hátt:

2.1.10.1. Ytra yfirborð framrúðunnar skal meðhöndla í samræmi við liði 2.1.8 og 2.1.9.

2.1.10.2. Til að sannprófa að kröfurnar í lið 1.1.2 séu uppfylltar skal setja framrúðuþurrkubúnaðinn í gang, með hliðsjón af lið 2.1.9.1, og skal draga upp þurrkusvæðið og bera saman við uppdrátt af sjónsvæði A, eins og það er ákvarðað í samræmi við 1. viðbæti.

2.1.10.3. Tækniþjónustan getur samþykkt aðrar prófunaraðferðir (t.d. sýndarprófun) til að staðfesta að kröfurnar í lið 1.1.2 hafi verið uppfylltar.

2.1.11. Kröfurnar í lið 1.1.4 skulu uppfylltar við skilyrðin í lið 2.1.2. Ökutækið skal undirbúið fyrir notkun við skilyrðin sem sett eru fram í liðum 2.1.4. til 2.1.5. Meðan prófunin stendur yfir skal þurrkubúnaðurinn starfa eðlilega en með hæstu þurrkutíðni. Ekki þarf að fylgjast með þurrkusvæðinu.

2.2. Prófunarskilyrði fyrir framrúðusprautubúnað.

2.2.1. Prófun nr. 1: Vatn er sett í framrúðusprautubúnaðinn og skal búnaðurinn alveg fylltur og hafður við umhverfishitann 293 ± 2 K (20 ± 2 °C) í minnst fjórar klukkustundir. Þessu hitastigi vatnsins skal haldið stöðugu.

2.2.1.1. Allir stútar skulu vera stíflaðir og stjórnbúnaður framrúðusprautunnar settur í gang sex sinnum á einni mínútu, minnst þrjár sekúndur í senn.

2.2.1.1.1 Ef framrúðusprautubúnaðurinn er knúinn af vöðvaafli ökumannsins skal krafturinn sem beitt er vera 11,0 til 13,5 daN ef handknúin dæla er notuð, eða 40,0 til 44,5 daN ef notast er við fótknúna dælu.

2.2.1.1.2. Ef um er að ræða sprautudælu sem gengur fyrir rafmagni skal prófunarspennan ekki vera lægri en málspennan og ekki hærri en málspennan en sem nemur 2 voltum.

2.2.1.2. Afköst framrúðusprautubúnaðarins skulu við lok prófunarinnar vera í samræmi við lið 1.2.2.

2.2.2. Prófun nr. 2. Vatn er sett í framrúðusprautubúnaðinn og skal búnaðurinn alveg fylltur og hafður við umhverfishitann 255 ± 3 K (– 18 ± 3 °C) í minnst fjórar klukkustundir til að tryggja að allt vatnið í sprautubúnaðinum sé frosið. Búnaðinn skal síðan setja í umhverfishitann 293 ± 2 K (20 ± 2 °C) þar til ísinn er fullbráðinn.

2.2.2.1. Afköst framrúðusprautubúnaðarins skal síðan sannreyna með því að setja hann í gang í samræmi við liði 2.2.1.1. til 2.2.1.2.

2.2.3. Prófun nr. 3. Framrúðusprautubúnaðurinn skal fylltur vatni sem er 333 ± 3 K (60 ± 3 °C) heitt.

2.2.3.1. Afköst framrúðusprautubúnaðarins skal síðan sannreyna með því að setja hann í gang í samræmi við liði 2.2.1.1. til 2.2.1.2.

2.2.4. Prófanirnar á framrúðusprautubúnaðinum sem settar eru fram í liðum 2.2.1. til 2.2.3.1. skulu gerðar í röð á sama framrúðusprautubúnaðinum. Heimilt er að prófa búnaðinn annað hvort uppsettan í ökutækjagerðinni sem sótt er um EB-gerðarviðurkenningu fyrir eða sérstaklega.

2.2.5. Prófun nr. 4: Prófun á getu framrúðusprautubúnaðar

2.2.5.1. Vatn er sett á framrúðusprautubúnaðinn og skal búnaðurinn alveg fylltur. Á meðan ökutækið er kyrrstætt og engin marktæk áhrif eru af vindi skal, ef það er hægt, stilla stútinn/stútana þannig að þeir beinist að hinu tiltekna svæði á ytra fleti framrúðunnar.

2.2.5.2. Ytra yfirborð framrúðunnar skal meðhöndla eins og mælt er fyrir um í liðum 2.1.8 og 2.1.9.

2.2.5.3. Framrúðusprautubúnaðurinn skal settur í gang samkvæmt leiðbeiningum framleiðandans, með hliðsjón af liðum 2.2.1.1.1 og 2.2.1.1.2. Heildarlengd prófunarinnar skal ekki vera meiri en 10 heilar sjálfvirkar lotur með framrúðuþurrkubúnaðinn starfandi á hæstu þurrkutíðni.

2.2.5.4. Til að sannprófa að kröfurnar í lið 1.2.3 séu uppfylltar skal draga upp hreinsaða svæðið og bera saman við uppdrátt af sjónsvæði A, eins og ákvarðað er í samræmi við 1. viðbæti. Ef það blasir augljóslega við skoðunarfulltrúanum að kröfurnar séu uppfylltar þarf ekki að gera uppdrátt.

2.2.6. Ef gerðarviðurkennd aðskilin tæknieining er uppsett á ökutæki, í samræmi við lið 1.2.6, þarf aðeins að framkvæma prófunina sem sett er fram í liðum 2.2.5 til 2.2.5.4, á framrúðuþurrkubúnaði.

1. viðbætir við 2. hluta

Aðferð við ákvörðun á sjónsvæði á framrúðum ökutækja

Sjónsvæði A er fundið í samræmi við 18. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 43.

———

2. viðbætir við 2. hluta

Forskrift að blöndu fyrir prófanir á framrúðuþurrku og -sprautubúnaði

Prófunarblandan sem um getur í lið 2.1.9 í 2. hluta skal vera í samræmi við 4. viðbæti við III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1008/2010.

———

3. viðbætir við 2. hluta

Aðferð við sannprófun á R-punkti eða viðmiðunarpunkti sætis

R-punktur eða viðmiðunarpunktur sætis er fundinn í samræmi við 3. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 17.

———

4. viðbætir við 2. hluta

Aðferð við ákvörðun á aðalviðmiðunarmerkjum í þrívíða viðmiðunarkerfinu

Hlutföllin á milli aðalviðmiðunarmerkja á teikningum og stöðu þeirra á ökutækinu eru ákvörðuð í samræmi við í 4. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 125 ([16]).

———

3. HLUTI

Kröfur vegna viðurkenningar á gerð ökutækis að því er varðar afísingar- og móðuhreinsunarkerfi

1. Uppsetningarkröfur

1.1. Öll ökutæki sem hafa framrúðu úr öryggisgleri, að undanskildum ökutækjum í flokkum L2e og L6e sem og ökutækjum sem ekki hafa hliðardyr sem geta náð yfir a.m.k. 75% af dyraopi, annað hvort sem staðalbúnað eða valfrjálsan búnað, skulu búin kerfi til að fjarlægja hrím og ís af ytra yfirborði framrúðu og til að fjarlægja móðu af innra yfirborði framrúðu. Afísingar- og móðuhreinsunarkerfi framrúðu skal vera nógu skilvirkt til að tryggja fullnægjandi útsýn í gegnum framrúðu í köldu veðri.

1.1.1. Ökutæki með hámarksafl sem ekki er yfir 15 kW skulu uppfylla allar viðeigandi kröfur reglugerðar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 122 ([17]), eins og mælt er fyrir um fyrir ökutækjaflokk M_1.

([16]) Stjtíð. ESB L 200, 31.7.2010, bls. 38.
([17]) Stjtíð. ESB L 164, 30.6.2010, bls. 231.

1.1.2. Ökutæki með hámarksafl sem er yfir 15 kW skulu uppfylla allar viðeigandi kröfur reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) Nr. 672/2010 ([18]), eins og mælt er fyrir um fyrir ökutækjaflokk M_1.

1.2. Það er þó ekki gerð krafa um móðuhreinsunarkerfi ef framrúða er sett þannig í að ekkert burðarvirki ökutækisins sem framrúðan er fest við nái lengra en 100 mm aftur fyrir, að meðtöldum dyrum sem hægt er að taka í sundur eða draga saman eða þaki sem er uppsett og í lokaðri stöðu.

———

([18]) Stjtíð. ESB L 196, 28.7.2010, bls. 5.

VIII. VIÐAUKI

Kröfur sem gilda um stjórntæki sem ökumaður stjórnar, þ.m.t. auðkenning stjórntækja, gaumbúnaðar og merkjabúnaðar

1. Kröfur vegna viðurkenningar á gerð ökutækis með tilliti til auðkenningar stjórntækja, gaumbúnaðar og merkjabúnaðar

1.1. Auðkenning stjórntækja, gaumbúnaðar og merkjabúnaðar

1.1.1. Ökutæki í flokkum L1e-B og L3e skulu uppfylla allar viðeigandi kröfur reglugerðar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 60, nema þær sem settar eru fram í 3. viðauka við þá reglugerð. Einnig skal taka tillit til krafna í liðum 1.1.1.1 og 1.1.1.2.

1.1.1.1. Tryggja skal að engin frávik séu heimiluð frá formi tákna eða hvernig þau snúa.

1.1.1.2. Þá skal einnig tryggja að samsvarandi kröfur í liðum 2 til 2.2.1.6 séu uppfylltar að því er varðar virkni sem ekkert tákn er gefið fyrir í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 60, en tákn er gefið fyrir í þessari reglugerð.

1.1.2. Ökutæki í flokki L4e skulu uppfulla allar viðeigandi kröfur í liðum 1.1.1 til 1.1.1.2 fyrir ökutækjaflokk L3e.

1.1.3. Ökutæki í flokkum L2e, L5e, L6e og L7e skulu uppfylla kröfurnar í liðum 2 til 2.2.1.6 eða, að öðrum kosti, viðeigandi kröfur í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 121 ([19]), eins og mælt er fyrir um fyrir ökutækjaflokk M_1.

1.2. Hraðamælir og kílómetramælir

1.2.1. Ökutæki sem hafa hámarkshönnunarhraða sem er meiri en 25 km/klst. skulu búin hraðamæli sem og kílómetramæli.

1.2.1.1. Ökutæki í flokkum L1e, L2e, L3e, L4e og L5e sem búin eru hraðamæli skulu uppfylla allar viðeigandi kröfur í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 39.

1.2.1.2. Þar sem ekki er um neinar sértækar kröfur að ræða fyrir ökutæki í flokki L6e sem búin eru hraðamæli skulu ökutæki í þeim flokki uppfylla allar viðeigandi kröfur í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 39, eins og mælt er fyrir um fyrir ökutækjaflokk L2e.

1.2.1.3. Þar sem ekki er um neinar sértækar kröfur að ræða fyrir ökutæki í flokki L7e sem búin eru hraðamæli skulu ökutæki í þeim flokki uppfylla allar viðeigandi kröfur í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 39, eins og mælt er fyrir um fyrir ökutækjaflokk L5e.

1.2.2. Skýringar við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 39

1.2.2.1. Tækniþjónusta má taka gilda hækkun hitasviðs upp á 296 ± 15 K (23 ± 15 °C) í stað sviðsins sem gefið er upp í lið 5.2.3 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 39, ef hægt er að sýna fram á að hraðamælibúnaður sé ekki næmur fyrir slíkum breytingum á hitastigi (t.d. með stafrænni framsetningu).

2. Sértækar kröfur

2.1. Stjórntæki, gaumbúnaður og merkjabúnaður sem er uppsettur á ökutæki og skráður í lið 2.1.10 skal uppfylla kröfur varðandi staðsetningu, auðkenningu, lit og lýsingu. Fyrir virkni sem ekkert tákn er gefið fyrir í þessari reglugerð getur framleiðandinn notað tákn sem fer eftir viðeigandi ISO 6727:2012 eða 2575:2010/Amd1:2011 stöðlum. Ef ekkert ISO tákn er til staðar getur framleiðandinn notað tákn sem hann býr til sjálfur. Slíkt tákn skal aldrei valda ruglingi við annað tákn sem mælt hefur verið fyrir um.

2.1.1. Táknin skulu vera skýrt aðgreind frá bakgrunninum.

2.1.1.1. Notast skal við andstæðuliti til að uppfylla kröfurnar í lið 2.1.1.

2.1.2. Táknin skulu vera staðsett á stjórnrofanum eða stjórnrofa gaumljóssins sem á að auðkenna eða mjög nálægt honum. Ef það er ekki mögulegt skal tengja táknið og stjórnrofann, eða gaumljósið, með samfelldu striki sem er eins stutt og mögulegt er.

2.1.3. Frávik frá formi tákna sem kveðið er á um eru ekki heimiluð.

([19]) Stjtíð. ESB L 177, 10.7.2010, bls. 290.

2.1.4. Ef þörf er á til glöggvunar má nota viðbótartákn í tengslum við öll tákn sem tilgreind eru, að því tilskildu að þau valdi ekki ruglingi við önnur tákn sem tilgreind eru í þessari reglugerð.

2.1.5. Öll stjórntæki eða merkjabúnaður sem og auðkenningar þeirra mega vera upplýsanleg öllum stundum, að geðþótta framleiðanda.

2.1.6. Gaumljós skal ekki loga nema það gefi til kynna bilun eða ástand ökutækis sem það er hannað til að gefa til kynna eða á meðan á virkniprófun stendur (t.d. þegar pera er prófuð).

2.1.7. Gera skal ráðstafanir til að tryggja að gaumljós og auðkenningar þeirra séu sýnileg og auðþekkjanleg við öll aksturskilyrði.

2.1.7.1. Þegar þau loga skulu gaumljós og tengd auðkennistákn vera fullkomlega sýnileg og auðþekkjanleg við öll skilyrði umhverfislýsingar.

2.1.8. Eftirfarandi litir hafa þessa merkingu þegar þeir eru notaðir sem gaumljós:

– rauður: hætta fyrir einstaklinga eða á verulegri eyðileggingu búnaðar er til staðar eða yfirvofandi,

– gulur: utan venjulegra notkunarmarka, bilun í kerfi ökutækis, eyðilegging á ökutæki líkleg, eða önnur skilyrði sem geta valdið hættu til lengri tíma (aðgát),

– grænn: öryggi, venjulegar notkunaraðstæður (nema ef farið er fram á bláan eða gulan).

Skyldubundnir litir eru gefnir upp í lið 2.1.10. Staðfesta skal að enginn óviðeigandi litur sé notaður fyrir gaumljós, jafnvel þó hann sé settur upp með stighækkandi hætti (t.d. rauður fyrir venjulega virkni hraðastýringar eða fyrir „sport“-ham).


2.1.9. Ef litakóðun er notuð til að auðkenna takmörkun á stillisviði fyrir hitavirkni (t.d. hitakerfi farþegarýmis), skal mesti hiti auðkenndur með rauðum lit og mesti kuldi með bláum lit. Ef staða eða takmörkun á virkni er sýnd með merkjabúnaði sem er aðskilinn frá og ekki aðliggjandi að stjórntækjum fyrir þá virkni, skulu bæði stjórntækin og merkjabúnaðurinn vera auðkennanleg með aðskildum hætti með viðeigandi tákni.

2.1.10. Merking og auðkenning tákna:

Mynd 8-1

Háljós (háljósker) (stjórntæki / gaumljós)


Litur gaumljóss: blár



Mynd 8-2

Lágljós (lágljósker) (stjórntæki / gaumljós)


Litur gaumljóss: grænn



Mynd 8-3

Stefnuljós (stjórntæki / gaumljós)

Litur gaumljóss: grænn



Athugasemd: ef gaumljós fyrir vinstra og hægra stefnuljós eru aðskilin er einnig heimilt að nota örvarnar tvær, hvora í sínu lagi.

Mynd 8-4

Hættuljósker (stjórntæki / gaumljós)


Tveir möguleikar:

– Auðkenningartákn (Mynd 8-4)

  Litur gaumljóss: rauður

  eða


– Aðskilin stefnuljós blikka samtímis (mynd 8-3), að því tilskildu að þau virki venjulega hvert fyrir sig (sjá athugasemd undir mynd 8-3).



Mynd 8-5


Handvirkt innsog (stjórntæki / gaumljós)

Litur gaumljóss: gulur



Mynd 8-6

Rafknúinn hljóðmerkjabúnaður (stjórntæki)




Athugasemd: ef fleiri en eitt tákn eru á stjórntæki(-tækjum) mega viðbótartákn vera spegluð. Ef stjórntæki er staðsett á stýrishjóli gilda kröfurnar í lið 2.1.1.1 ekki.

Mynd 8-7

Eldsneytisstaða (merkjabúnaður/gaumljós)


Litur gaumljóss: gulur



Mynd 8-8

Hitastig kælivökva hreyfils (merkjabúnaður/gaumljós)


Litur gaumljóss: rauður



Mynd 8-9

Hleðsla hreyfils (merkjabúnaður/gaumljós)


Litur gaumljóss: rauður



Mynd 8-10

Smurolía (merkjabúnaður/gaumljós)


Litur gaumljóss: rauður



Mynd 8-11

Þokuljósker að framan (stjórntæki/gaumljós)

Litur gaumljóss: grænn



Mynd 8-12


Þokuljósker að aftan (stjórntæki/gaumljós)

Litur gaumljóss: gulur



Mynd 8-13


Aðalstjórnrofi ökutækis, ræsing hreyfils, viðbótarstjórnrofi fyrir stöðvun vélar (stjórntæki)



Athugasemd: staða „slökkt“ — ekki er krafist auðkenningar fyrir rofa sem efnislega eru hluti af varnarbúnaði sem virkar fyrir stýringu ökutækis (læsing stýrisbúnaðar).

Mynd 8-14

Aðalstjórnrofi ökutækis, ræsing hreyfils, viðbótarstjórnrofi fyrir stöðvun vélar (stjórntæki)



Athugasemd: staða „kveikt“ eða „í gangi“ — ekki er krafist auðkenningar fyrir rofa sem efnislega eru hluti af varnarbúnaði sem virkar fyrir stýringu ökutækis (læsing stýrisbúnaðar).

Mynd 8-15

Ljósarofi (stjórntæki/gaumljós)


Litur gaumljóss: grænn



Mynd 8-16

Stöðu(hliðar-)ljósker (stjórntæki/gaumljós)


Litur gaumljóss: grænn



Athugasemd: hafi þessi aðgerð ekki aðskilin stjórntæki eða gaumljós má auðkenna hana með tákninu sem sýnt er í mynd 8-15.

Mynd 8-17


Stöðuljósker (stjórntæki)



Mynd 8-18

Merki um gírkasssa í hlutlausum (gaumljós)


Litur gaumljóss: grænn



Athugasemd: gírkassi í hlutlausum.

Mynd 8-19


Rafmagnsræsir hreyfils (stjórntæki)



Mynd 8-20

Bilun í læsivörðu hemlakerfi (gaumljós)


Litur gaumljóss: gulur



Mynd 8-21

Gaumljós bilanavísis (gaumljós)

Litur gaumljóss: gulur



Athugasemd: skal notað til að gefa til kynna bilanir í tengslum við aflrás sem geta haft áhrif á losun.

*Skýringar***:**


(1) Heimilt er að svæðið innan rammans sé litað.

(2) Dökkum hluta þessa tákns má skipta út fyrir útlínumynd þess.

2.1.11. Notast skal við grunnfyrirmynd í mynd 8-22.

Mynd 8-22

Gerð grunnfyrirmynda að táknunum sem um getur í lið 2.1.10



Grunnfyrirmyndin samanstendur af:

1) grunnferningi með 50 mm hliðar; þessi stærð er jöfn nafnstærðinni „a“ í frumgerðinni,

2) grunnhring sem er 56 mm í þvermál og hefur um það bil sama flatarmál og grunnferningurinn (1),

3) öðrum hring sem er 50 mm í þvermál og er dreginn innan í grunnferningnum (1),

4) öðrum ferningi þar sem hornin snerta grunnhringinn (2) og hliðarnar eru samsíða hliðum grunnferningsins (1),

5) og 6) tveimur ferhyrningum með sama flatarmál og grunnferningurinn (1), þeir liggja hornrétt hvor á annan og skera andstæðar hliðar grunnferningsins samhverft,

7) þriðja ferningnum með hliðar sem ganga í gegnum skurðpunkta grunnferningsins (1) og grunnhringsins (2) og mynda 45° horn við lárétt plan og gefur þannig stærstu láréttu og lóðréttu mál í grunnmynstrinu,

8) óreglulegum átthyrningi sem myndaður er úr línum sem mynda 30° horn við hliðar ferningsins (7).

Grunnfyrirmyndin er lögð á hnitakerfi með lægri hliðina 12,5 mm og fellur saman við grunnferninginn (1).

2.2. Sameiginlegt svæði til að birta margs konar upplýsingar.

2.2.1. Notast má við sameiginlegt svæði til að sýna upplýsingar hvaðan sem er, að því tilskildu að eftirfarandi kröfur sé uppfylltar:

2.2.1.1. Gaumljós og vísar sem birtir eru á almenna svæðinu skulu uppfylla kröfurnar í liðum 2.1 til 2.1.11 og skulu loga þegar þau skilyrði sem þau eru hönnuð til að gefa til kynna koma upp.

2.2.1.2. Gaumljós og vísar sem skráð eru undir lið 2.1.10 og eru sýnd á sameiginlega svæðinu skulu loga þegar undirliggjandi skilyrði koma upp.

2.2.1.3. Þegar skilyrði eru til staðar sem krefjast þess að tvö eða fleiri gaumljós logi, nema eins og kveðið er á um í liðum 2.2.1.4 til 2.2.16, skulu upplýsingarnar annað hvort:

– sjálfkrafa endurteknar í röð,

eða

– gefnar til kynna með sjónrænum hætti og vera þannig að ökumaður geti valið hvað hann sér þegar hann er í sæti ökumanns.

2.2.1.4. Gaumljós fyrir allar bilanir í hemlakerfi, aðalljóskerjum, háljósum og stefnuljósum skulu ekki sýnd á sama sameiginlega svæðinu.

2.2.1.5. Ef einhver þessara gaumljósa eru sýnd á sameiginlegu svæði ásamt öðrum gaumljósum skal virkjun þeirra hafa forgang gagnvart öllu öðru á sameiginlega svæðinu.

2.2.1.6. Það skal ekki vera mögulegt að aftengja gaumljós sem gefa til kynna bilun í hemlakerfi, aðalljóskerjum, háljósum og stefnuljósum, eða önnur rauð gaumljós, á meðan skilyrðin sem urðu þess valdandi að þau fóru að loga eru enn til staðar. Það getur verið mögulegt að aðrar upplýsingar sem birtar eru á sameiginlega svæðinu falli út sjálfkrafa eða að ökumaður felli þær út.

———

IX. VIÐAUKI

Kröfur sem gilda um uppsetningu ljósa- og ljósmerkjabúnaðar, þ.m.t. sjálfvirk kviknun ljósa

1. Kröfur vegna viðurkenningar á gerð ökutækis að því er varðar uppsetningu ljósa

1.1. Ökutæki í flokki L1e skulu uppfylla allar viðeigandi kröfur í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 74([20]). Einnig skal taka tillit til krafna í liðum 1.8 til 1.12.

1.1.1. Ökutæki í flokki L1e-B skulu, ef ekki er um að ræða samræmdar kröfur í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 74, alltaf hafa ljósker við skráningarmerki að aftan.

1.1.2. Ökutæki í flokki L1e mega, ef ekki eru um að ræða sértækar kröfur í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 74, hafa ljósker fyrir dagljósabúnað sem eru virkjuð í stað þess að sjálfkrafa kvikni á aðalljóskerjum og uppfylla kröfur sem settar eru fram í liðum 2.3.4 til 2.3.4.7 hér að neðan.

1.1.3. Ökutæki í flokki L1e-A geta í stað þess að uppfylla kröfur sem mælt er fyrir um í liðum 1.1 til 1.1.2 haft allan eftirfarandi búnað: aðalljósker sem gefur frá sér hvítt ljós fram á við þegar ökutæki er á hreyfingu, stöðuljósker að aftan sem gefur frá sér rautt ljós aftur á bak þegar ökutækið er á hreyfingu, rauðgul glitaugu á hliðum (eitt á hvorri hlið), rauðgul glitaugu á fetlum (að framan og aftan, bæði á hvorri hlið) og rautt glitauga að aftan. Fyrir þennan ljósabúnað þarf ekki gerðarviðurkenningu íhlutar og um hann gilda engar frekari kröfur um áfestingu, hvernig kveikt og slökkt er á honum eða rafmagnstengingu. Í slíkum tilvikum skal framleiðandi lýsa því yfir að viðkomandi ljósabúnaður sé í samræmi við ISO-staðla 6742-1:1987 og 6742-2:1985.

1.2. Ökutæki í flokkum L2e skulu uppfylla kröfur í liðum 1.10 til 2.5.

1.3. Ökutæki í flokki L3e skulu uppfylla allar viðeigandi kröfur í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 53. Einnig skal taka tillit til krafna í liðum 1.8 til 1.12.

1.4. Ökutæki í flokkum L4e skulu uppfylla kröfur í liðum 1.10 til 1.12 og 3 til 3.2.8.1.

1.5. Ökutæki í flokki L5e skulu uppfylla kröfur í liðum 1.10 til 2.5.

1.6. Ökutæki í flokki L6e skulu uppfylla kröfur í liðum 1.10 til 2.5.

1.7. Ökutæki í flokki L7e skulu uppfylla kröfur í liðum 1.10 til 2.5.

1.8. Ökutæki í flokki L1e-A mega hafa endurskinsborða á hliðum eða felgum hjólbarða til að svo virðist sem þar sé um að ræða hring með hvítu ljósi þannig að slík ökutæki séu auðþekkjanleg.

1.9. Ökutæki í flokki L1e og L3e mega vera búin viðbótarendurskinsbúnaði og efnum sem endurkasta ljósi að aftan og á hliðum að því tilskildu að þau dragi ekki úr skilvirkni lögboðna ljósa- og ljósmerkjabúnaðarins. Einkum mega farangurshólf og hliðartöskur vera búin með efni sem endurkastar ljósi að því tilskildu þau séu í sama lit og ljósabúnaðurinn sem er á þeim stað.

1.10. Ekkert ökutæki skal búið aukaljósgjöfum sem gefa frá sér ljós sem hægt er að sjá beint og/eða óbeint við venjuleg aksturskilyrði öðrum en þeim sem gegna þeim tilgangi að lýsa upp stjórntæki, gaumbúnað og merkjabúnað eða farþegaklefa.

1.11. Ekkert ökutæki skal búið ljósabúnaði sem gefur til kynna hreyfingu eða stækkun ljóss á sýnilegu yfirborði eða sem hefur leifturljósa- eða blikkáhrif, vegna þess að annað var ekki sérstaklega tekið fram í ákvæðum viðkomandi gerðarviðurkenningar íhlutar, nema það sé sérstaklega leyft samkvæmt þessum ákvæðum. Ennfremur, ef sýnilegt yfirborð lýsingar minnkar vegna þess að kveikt er á annari lýsingu í öðrum lit skal sýnilegt yfirborð áðurnefndrar lýsingar áfram uppfylla viðkomandi litmælingakröfur og viðeigandi kröfur um ljósstyrk (t.d. aftari hliðarljósker hægra og vinstra megin sem samanstanda af tveimur stöðuljóskerjum að aftan með hringlaga ljósdíóðuperu þar sem ytri hringur getur orðið stefnuljósker og innri hringur verður áfram samansett stöðuljósker að aftan og hemlaljósker). Fjalla skal um alla notkunarhætti á tilhlýðilega hátt í gerðarviðurkenningu íhlutar fyrir viðkomandi ljósabúnað.

([20]) Stjtíð. ESB L 166, 18.6.2013, bls. 88.

1.12. Þar sem aðalljósker sem kviknar á sjálfkrafa eða virkjun ljóskerja fyrir dagljósabúnað er tengd gangi hreyfils skal hún teljast tengd virkjun aðalrofa. Þetta gildir einkum um ökutæki með rafknúningskerfi eða annars konar knúningskerfi og ökutæki sem búin eru sjálfvirku stöðvunar-/ræsingarkerfi hreyfils.

2. Kröfur varðandi ökutæki í flokkum L2e, L5e, L6e og L7e.

2.1. Almennar forskriftir

2.1.1. Allur ljósabúnaður skal vera gerðarviðurkenndur og honum komið fyrir í samræmi við forskriftir framleiðanda og hann uppsettur þannig að við eðlilegar notkunaraðstæður og þrátt fyrir titring sem hann getur orðið fyrir, haldi hann eiginleikum sínum sem mælt er fyrir um er gera það að verkum að ökutækið uppfyllir kröfur þessarar tilskipunar. Einkum skal gæta þess að ekki sé unnt að vanstilla ljóskerin fyrir slysni.

2.1.2. Ljóskerin skulu þannig sett upp að auðvelt sé að stilla þau á réttan hátt.

2.1.3. Viðmiðunarás ljósabúnaðar sem er festur á ökutæki skal vera hornrétt á lengdarmiðjuplan ökutækisins þegar um er að ræða glitaugu á hliðum en samsíða því plani hvað snertir allan annan ljósabúnað, með leyfileg vikmörk upp á 3°.

2.1.4. Hæð og staða ljósabúnaðar er sannprófuð þegar ökutækið, með massa ökutækis sem er tilbúið til aksturs auk massa allra knúningsrafgeyma, er staðsett á jafnsléttu, með stýrð hjól í stöðunni beint áfram og þrýsting í hjólbörðum stilltan samkvæmt tilgreindum gildum framleiðanda.

2.1.5. Ef engin sérákvæði hafa verið sett skal ljósabúnaður sem myndar ljósapar:

– festur þannig að hann verði samhverfur á ökutækinu miðað við lengdarmiðjuplan,

– vera samhverfur miðað við lengdarmiðjuplan (á einnig við um ljósabúnað sem er í stafla),

– hafa samskonar litmælingakröfur og

– hafa sömu ljósmælieiginleika.

2.1.6. Ef sérstakar leiðbeiningar eru ekki fyrir hendi eiga ljósker sem starfa á ólíkan hátt að geta verið ósamtengd eða sambyggð, samtengd eða sameinuð í einn búnað að því tilskildu að hvert ljósker fullnægi þeim kröfum sem gilda um það.

2.1.7. Mesta hæð frá jörðu er mæld frá efsta hluta og minnsta hæð frá lægsta hluta ljósflatarins.

2.1.8. Ef engin sérákvæði hafa verið sett mega ekki önnur ljós en stefnuljósker, hemlaljós og neyðarhemlamerki blikka.

2.1.9. Enginn ljósflötur rauðra ljóskerja, að undanskildu aftasta hliðarljóskeri, skal vera sýnilegur að framan og enginn ljósflötur hvítra ljóskerja, að undanskildum bakkljóskerjum, skal vera sýnilegur að aftan. Ekki skal taka tillit til neinnar innri lýsingar eða lýsingar í stjórntækjaklasa og skilyrðin eru athuguð með eftirfarandi hætti:

2.1.9.1. Ekki skal sjást beint í rautt ljósker þegar skoðunarmaður færir sig um svæði 1 í þverplani sem er 25 m framan við fremsta hluta ökutækis (sjá mynd 9-1).

2.1.9.2. Ekki skal sjást beint í hvítt ljósker þegar skoðunarmaður færir sig um svæði 2 í þverplani sem er 25 m aftan við aftasta hluta ökutækis (sjá mynd 9-2).


2.1.9.3. Svæði 1 og 2 takmarkast af eftirtöldum plönum (sjá myndir 9-1 og 9-2):

2.1.9.3.1. Tveimur láréttum plönum sem eru 1,0 m og 2,2 m frá jörðu,

2.1.9.3.2. Tveimur lóðréttum plön sem mynda 15° horn framan og aftan við ökutækið, eftir því sem við á, og utan við ökutækið miðað við lengdarmiðjuplan ökutækis. Í þessum plönum, hvoru um sig, eru lóðréttir skurðpunktar lóðréttu plananna samsíða lengdarmiðjuplani ökutækis sem afmarka heildarbreidd þess og lóðréttu þverplananna sem afmarka heildarlengd ökutækisins.


Mynd 9-1

Beint útsýni framan við ljósflöt ljóskers sem varpar rauðu ljósi



Mynd 9-2

Beint útsýni aftan við ljósflöt ljóskers sem varpar hvítu ljósi



2.1.10. Raftengingar fyrir stöðuljósker að framan, stöðuljósker að aftan og ljósker við skráningarmerki að aftan. skulu þannig gerðar að hægt sé að kveikja og slökkva á þessum ljóskerjum samtímis.

2.1.11. Ökutæki skulu hafa annað hvort:

– ljósker fyrir dagljósabúnað, eða

– aðallágljósker sem kviknar sjálfkrafa þegar aðalstjórnrofi ökutækis hefur verið virkjaður.

2.1.12. Ef engin sérákvæði hafa verið sett skulu raftengingar fyrir aðalháljósker, aðallágljósker og þokuljósker að framan þannig gerðar að einungis sé hægt að kveikja á þessum ljóskerjum ef einnig kveikt er á ljóskerjunum sem um getur í lið 2.1.10. Þessi krafa á þó ekki við ef um er að ræða aðalháljósker og/eða aðallágljósker þegar þau eru notuð til að gefa viðvörunarljósmerki með því að virkja þau í stuttan og ósamfelldan tíma.

2.1.13. Gaumljós

2.1.13.1. Ákvæði varðandi sértæk tengingarbundin gaumljós má uppfylla með viðeigandi virkni virknibundins gaumljóss.

2.1.14. Litirnir sem ljósabúnaður gefur frá sér eru:

Aðalháljósker:	hvítur
Ljósker fyrir dagljósabúnað:	hvítur
Aðallágljósker:	hvítur
Stefnuljósker:	rauðgulur
Hemlaljósker:	rauður
Stöðuljósker að framan:	hvítur
Stöðuljósker að aftan:	rauður
Þokuljósker að framan:	hvítur eða gulur
Þokuljósker að aftan:	rauður
Bakkljósker:	hvítur
Hættuljósker:	rauðgulur
Ljósker við skráningarmerki að aftan:	hvítur
Glitauga á hliðum, ekki þríhyrnt (að framan):	rauðgulur
Glitauga á hliðum, ekki þríhyrnt (að aftan):	rauðgulur eða rauður
Hliðarljósker (að framan)	rauðgulur
Hliðarljósker (að aftan)	rauðgulur eða rauður
Glitauga að aftan, ekki þríhyrnt:	rauður

2.1.14.1. Þrílitakerfi

Rautt:	Takmörk gagnvart gulu:	$y \leq 0{,}335$
	Takmörk gagnvart fjólublá:	$z \leq 0{,}008$
Hvítur:	Takmörk gagnvart bláu:	$x \geq 0{,}310$
	Takmörk gagnvart gulu:	$x \leq 0{,}500$
	Takmörk gagnvart grænu:	(y)(0,150 0,640x)
	Takmörk gagnvart grænu:	$y \leq 0{,}440$
	Takmörk gagnvart fjólublá:	(y)(0,050 0,750x)
	Takmörk gagnvart rauðu:	$y \geq 0{,}382$
Gulur:	Takmörk gagnvart rauðu:	(y)(0,138 0,580x)
	Takmörk gagnvart grænu:	(y)(1,29x 0,100)
	Takmörk gagnvart hvítu:	(y)(x 0,940) og $y \geq 0{,}440$
		$y \geq 0{,}440$
	Takmörk gagnvart litrófsgildi:	(Y)(x 0,992)
Rauðgulur:	Takmörk gagnvart gulu:	$y \leq 0{,}429$
	Takmörk gagnvart rauðu:	$y \geq 0{,}398$
	Takmörk gagnvart hvítu:	$z \leq 0{,}007$

Til þess að athuga þessi mörk skal nota ljósgjafa með litarhitastigi 2856 K (Alþjóðaljósráðið (ICI) staðall A).

2.1.14.2. Notast má við litaskilgreiningar í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 48 ([21]) í stað forskriftanna í lið 2.1.12.1 en þá skal nota skilgreininguna „valkvæður-gulur“ í stað skilgreinarinnar „gulur“ að ofan.

2.2. Almennar kröfur

2.2.1. Ökutæki í flokkum L2e og L6e skulu hafa eftirfarandi ljósabúnað:

– aðallágljósker,

– stöðuljósker að framan,

– stefnuljós,

– stöðuljósker að aftan,

– hemlaljósker,

– ljósker við skráningarmerki að aftan,

– glitauga að aftan (ekki þríhyrnt), og

– hliðarglitaugu (ekki þríhyrnd).

2.2.2. Ökutæki í flokkum L2e og L6e mega hafa eftirfarandi viðbótarljósabúnað:

– aðalháljósker,

– ljósker fyrir dagljósabúnað,

– þokuljós að framan,

– hættuljósker,

– þokuljós að aftan,

– bakkljósker, og

– hliðarljósker.

2.2.3. Engin ljósa- eða ljósmerkjabúnaður annar er sá sem tilgreindur er í liðum 2.2.1 og 2.2.2 skal uppsettur á ökutækjum í flokkum L2e og L6e.

2.2.4. Ökutæki í flokkum L5e og L7e skulu hafa eftirfarandi ljósabúnað:

– aðalháljósker,

– aðallágljósker,

– stöðuljósker að framan,

– stefnuljós,

– stöðuljósker að aftan,

– hemlaljósker,

– ljósker við skráningarmerki að aftan,

– glitauga að aftan (ekki þríhyrnt), og

– hliðarglitaugu (ekki þríhyrnd).

2.2.5. Ökutæki í flokkum L5e og L7e mega hafa eftirfarandi viðbótarljósabúnað:

– ljósker fyrir dagljósabúnað,

– þokuljós að framan,

– hættuljósker,

– þokuljós að aftan,

([21]) Stjtíð. ESB L 323, 6.12.2011, bls. 46.

– bakkljósker, og

– hliðarljósker.

2.2.6. Enginn ljósa- eða ljósmerkjabúnaður annar er sá sem tilgreindur er í liðum 2.2.4 og 2.2.5 skal uppsettur á ökutækjum í flokkum L5e og L7e.

2.2.7. Aðeins ljósa- eða ljósmerkjabúnaður sem er gerðarviðurkenndur fyrir ökutækjaflokk L skal uppsettur á ökutækinu. Ljósa- og ljósmerkjabúnað sem búið er að gerðarviðurkenna til uppsetningar á ökutækjum í flokkum M_1 eða N_1, í samræmi við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 48, má þó einnig setja upp.

2.2.7.1. Ökutæki í öðrum flokkum en L2e og L6e skulu ekki hafa aðallágljósker í A-flokki.

2.3. Sértækar kröfur

2.3.1. Aðalháljósker

2.3.1.1. Fjöldi:

– eitt eða tvö, ef um er að ræða ökutæki með heildarbreidd sem er ekki meiri en 1300 mm,

– tvö, ef um er að ræða ökutæki með heildarbreidd sem er meiri en 1300 mm.

2.3.1.2. Fyrirkomulag

– engar sértækar kröfur.

2.3.1.3. Staðsetning:

2.3.1.3.1. Breidd:

– festa má eitt, ósamtengt aðalháljósker ofan við, neðan við eða til hliðar við annað ljósker að framan. Ef þessum ljóskerjum er staflað hvert ofan á annað skal viðmiðunarmiðja aðalháljóskers vera staðsett innan lengdarmiðjuplans ökutækisins. Ef þau eru hlið við hlið skal viðmiðunarmiðja þeirra vera samhverf í tengslum við lengdarmiðjuplan ökutækisins,

– eitt ósamtengt aðalháljósker sem er sameinað öðru ljóskeri að framan skal fest þannig að viðmiðunarmiðja þess sé í lengdarmiðjuplani ökutækisins. Ef á ökutækinu er einnig lágljósker við hlið aðalháljóskersins skulu þó viðmiðunarmiðjur þeirra vera samhverfar miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins,

– festa skal tvö aðalháljósker þannig að viðmiðunarmiðjur þeirra séu samhverfar miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins ef hvorugt, annað eða bæði eru sameinuð öðru ljóskeri að framan.

2.3.1.3.2. Hæð:

– engar sértækar kröfur.

2.3.1.3.3. Lengd:

– við framenda ökutækisins. Þessi krafa telst uppfyllt ef ljósið veldur ökumanni ekki óþægindum, hvorki beint né óbeint vegna baksýnisspegla og/eða annarra flata á ökutækinu sem endurkast er af.

2.3.1.3.4. Fjarlægð:

– bilið milli brúna ljósflatar ósamtengds aðalháljóskers og ljósflatar ósamtengds aðallágljóskers skal ekki vera meira en 200 mm.

2.3.1.4. Dreifing ljóss:

– dreifing ljóss á ljósfleti, þ.m.t. á svæðum sem ekki virðast upplýst í skoðunarstefnu sem við á, skal tryggð með keilulaga svæði sem skilgreint er með því að mynda línur sem byggja á mörkum ljósflatar og mynda a.m.k. 5° horn á viðmiðunarás aðalháljóskers.

2.3.1.5. Stefna:

– að framan, mega snúast með stýrishorni allra handfanga.

2.3.1.6. Raftengingar:

– kvikna og slokkna skal á öllum aðalháljóskerjum samstundis,

– kvikna skal á öllum aðalháljóskerjum þegar lýsing að framan fer frá lágljósi yfir í háljós,

– slokkna skal á öllum aðalháljóskerjum samtímis þegar lýsing að framan fer frá háljósi yfir í lágljós,

– aðallágljóskerin mega loga á sama tíma og aðalháljóskerin.

2.3.1.7. Tengingarbundið gaumljós:

– skyldubundið ef aðalljósker er til staðar (blátt gaumljós sem blikkar ekki).

2.3.1.8. Aðrar kröfur:

– samanlagt gildi hámarksljósstyrks allra aðalháljóskerja sem hægt er að virkja á sama tíma skal ekki vera meira en 430 000 kandela (cd), sem samsvarar viðmiðunargildi sem nemur 100.

2.3.2. Aðallágljósker

2.3.2.1. Fjöldi:

– eitt eða tvö, ef um er að ræða ökutæki með heildarbreidd sem er ekki meiri en 1300 mm,

– tvö, ef um er að ræða ökutæki með heildarbreidd sem er meiri en 1300 mm.

2.3.2.2. Fyrirkomulag

– engar sértækar kröfur.

2.3.2.3. Staðsetning:

2.3.2.3.1. Breidd:

– festa má eitt, ósamtengt aðallágljósker ofan við, neðan við eða til hliðar við annað ljósker að framan. Ef ljóskerjum er staflað hvert ofan á annað skal viðmiðunarmiðja aðallágljóskers vera staðsett innan lengdarmiðjuplans ökutækisins. Ef þau eru hlið við hlið skal viðmiðunarmiðja þeirra vera samhverf í tengslum við lengdarmiðjuplan ökutækisins,

– festa skal eitt aðskilið aðallágljósker sem er sameinað öðru ljóskeri að framan þannig að viðmiðunarmiðja þess sé í lengdarmiðjuplani ökutækisins. Ef á ökutækinu er annað ljósker við hlið aðallágljóskersins skulu þó viðmiðunarmiðjur þeirra vera samhverfar miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins,

– festa skal tvö aðallágljósker þannig að viðmiðunarmiðjur þeirra séu samhverfar miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins ef hvorugt, annað eða bæði eru sameinuð öðru ljóskeri að framan,

– þar sem tvö aðallágljósker eru skal lárétt fjarlægð á milli ytri brúna ljósflatar og ystu brúna ökutækis ekki vera meiri en 400 mm.

2.3.2.3.2. Hæð:

– lágmark 500 mm og hámark 1200 mm frá jörðu.

2.3.2.3.3. Lengd:

– við framenda ökutækisins. Þessi krafa telst uppfyllt ef ljósið veldur ökumanni ekki óþægindum, hvorki beint né óbeint vegna baksýnisspegla og/eða annarra flata á ökutækinu sem endurkast er af.

2.3.2.3.4. Fjarlægð:

– bilið milli brúnar ljósflatar ósamtengds aðallágljóskers og brúnar ljósflatar ósamtengds aðalháljóskers skal ekki vera meira en 200 mm.

2.3.2.4. Dreifing ljóss:

– $\alpha = 15°$ upp á við og 10° niður,

– $\beta = 45°$ til vinstri og hægri ef einungis er um að ræða eitt aðallágljósker,

– $\beta = 45°$ út á við og 10° inn á við ef um er að ræða tvö aðallágljósker.

2.3.2.5. Stefna:

– að framan, mega snúast með stýrishorni allra handfanga.

2.3.2.6. Raftengingar:

– kvikna og slokkna skal á öllum aðallágljóskerjum samstundis,

– kvikna skal á öllum aðallágljóskerjum þegar lýsing að framan fer frá háljósi yfir í lágljós,

– slokkna skal á öllum aðallágljóskerjum samtímis þegar lýsing að framan fer frá lágljósum yfir í háljós, þó má vera kveikt á lágljóskerjum á sama tíma og háljóskerjum.

2.3.2.7. Tengingarbundið gaumljós:

– valkvætt (grænt gaumljós sem blikkar ekki)

2.3.2.8. Aðrar kröfur:

– aðallágljósker sem hafa lægsta punkt ljósflatar sem er í mesta lagi 0,8 m frá jörðu skulu stillt þannig að upphafshalli þeirra sé á milli – 1,0% og– 1,5%. Framleiðandinn getur tilgreint nákvæm gildi.

– aðallágljósker sem hafa lægsta punkt ljósflatar á milli 0,8 m og 1,0 m frá jörðu skulu stillt þannig að upphafshalli þeirra sé á milli – 1,0% og– 2,0%. Framleiðandinn getur tilgreint nákvæm gildi.

– aðallágljósker sem hafa lægsta punkt ljósflatar sem er a.m.k. 1,0 m frá jörðu skulu stillt þannig að upphafshalli þeirra sé á milli – 1,5% og– 2,0%. Framleiðandinn getur tilgreint nákvæm gildi.

– hvað varðar aðallágljósker með ljósgjafa með hlutlægt ljósstreymi sem ekki er meira en 2000 lúmen og upphafshalla milli – 1,0% og – 1,5% skal lóðréttur halli áfram vera milli – 0,5% og – 2,5% við öll álagsskilyrði. Lóðréttur halli skal áfram vera milli – 1,0% og – 3,0% ef upphafshalli er stilltur milli – 1,5% og – 2,0%. Nota má ytri stillingarbúnað til að uppfylla kröfurnar að því tilskildu að engin verkfæri önnur en þau sem fylgja með ökutækinu séu nauðsynleg,

– hvað varðar aðallágljósker með ljósgjafa með hlutlægt ljósstreymi sem er meira en 2000 lúmen og upphafshalla milli – 1,0% og – 1,5% skal lóðréttur halli áfram vera milli – 0,5% og – 2,5% við öll álagsskilyrði. Lóðréttur halli skal áfram vera milli – 1,0% og – 3,0% ef upphafshalli er stilltur milli – 1,5% og – 2,0%. Nota má hallastillingarbúnað fyrir aðalljósker til að uppfylla kröfur þessa liðar að því tilskildu að virkni hans sé alfarið sjálfvirk og svörunartími sé undir 30 sekúndum.

2.3.2.8.1. Prófunarskilyrði:

– Kröfurnar um halla í lið 2.3.2.8 skulu sannprófaðar á eftirfarandi hátt:

  – massi ökutækis tilbúins til aksturs og 75 kg massi til að líkja eftir ökumanni,

  – ökutæki hlaðið með tæknilega leyfilegum hámarksmassa þar sem massanum er dreift þannig að hámarksálag fáist á hvern ás eins og gefið er upp af framleiðanda fyrir þessi álagsskilyrði,

– ökutæki með 75 kg massa til að líkja eftir ökumanni og viðbótarhleðslu til að ná mesta leyfilega álagi á afturás eins og gefið er upp af framleiðanda, hins vegar skal álag á framás vera eins lágt og mögulegt er í þessu tilfelli,

– áður en mæling er gerð, skal ökutækinu ruggað þrisvar sinnum og það síðan fært aftur á bak og áfram þannig að hjólin snúist a.m.k. heilan hring.

2.3.3. Stöðuljósker að framan:

2.3.3.1. Fjöldi:

– eitt eða tvö, ef um er að ræða ökutæki með heildarbreidd sem er ekki meiri en 1300 mm,

– tvö, ef um er að ræða ökutæki með heildarbreidd sem er meiri en 1300 mm.

2.3.3.2. Fyrirkomulag

– engar sértækar kröfur.

2.3.3.3. Staðsetning:

2.3.3.3.1. Breidd:

– festa má eitt, ósamtengt stöðuljósker að framan ofan við, neðan við eða til hliðar við annað ljósker að framan. Ef ljóskerjum er staflað hvert ofan á annað skal viðmiðunarmiðja stöðuljóskers að framan vera staðsett innan lengdarmiðjuplans ökutækisins. Ef þau eru hlið við hlið skal viðmiðunarmiðja þeirra vera samhverf í tengslum við lengdarmiðjuplan ökutækisins,

– festa skal eitt ósamtengt stöðuljósker að framan sem er sameinað öðru ljóskeri að framan þannig að viðmiðunarmiðja þess sé í lengdarmiðjuplani ökutækisins. Ef á ökutækinu er annað ljósker við hlið stöðuljóskers að framan skulu þó viðmiðunarmiðjur þeirra vera samhverfar miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins,

– festa skal tvö stöðuljósker að framan þannig að viðmiðunarmiðjur þeirra séu samhverfar miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins ef hvorugt, annað eða bæði eru sameinuð öðru ljóskeri að framan,

– þar sem tvö stöðuljósker eru að framan skal lárétt fjarlægð á milli ytri brúna ljósflatar og ystu brúna ökutækis ekki vera meiri en 400mm.

2.3.3.3.2. Hæð:

– lágmark 350 mm og hámark 1200 mm frá jörðu.

2.3.3.3.3. Lengd:

– við framenda ökutækisins.

2.3.3.4. Dreifing ljóss:

– $\alpha = 15°$ upp á við og 15° niður á við, þó má minnka hornið sem vísar niður á við niður í 5° ef stöðuljósker að framan er staðsett minna en 750 mm fyrir ofan jörðu,

– $\beta = 80°$ til vinstri og hægri ef um er að ræða eitt stöðuljósker að framan,

– $\beta = 80°$ út á við og 45° inn á við ef um er að ræða tvö stöðuljósker að framan.

2.3.3.5. Stefna:

– að framan, mega snúast með stýrishorni allra handfanga.

2.3.3.6. Raftengingar:

– skulu loga í samræmi við lið 2.1.10.

2.3.3.7. Tengingarbundið gaumljós:

– skyldubundið (grænt gaumljós sem blikkar ekki eða notast má við ljós í stjórntækjaklasa til að gefa til kynna að ljósker hafi verið virkjuð, eins og lýst er í lið 2.1.10).

2.3.4. Ljósker fyrir dagljósabúnað

2.3.4.1. Fjöldi:

– eitt eða tvö, ef um er að ræða ökutæki með heildarbreidd sem er ekki meiri en 1300 mm,

– tvö, ef um er að ræða ökutæki með heildarbreidd sem er meiri en 1300 mm.

2.3.4.2. Fyrirkomulag

– engar sértækar kröfur.

2.3.4.3. Staðsetning:

2.3.4.3.1. Breidd:

– festa má eitt, ósamtengt ljósker fyrir dagljósabúnað ofan við, neðan við eða til hliðar við annað ljósker að framan. Ef ljóskerjum er staflað hvert ofan á annað skal viðmiðunarmiðja ljóskers fyrir dagljósabúnað vera staðsett innan lengdarmiðjuplans ökutækisins. Ef þau eru hlið við hlið skal viðmiðunarmiðja þeirra vera samhverf í tengslum við lengdarmiðjuplan ökutækisins,

– festa skal eitt aðskilið ljósker fyrir dagljósabúnað sem er sameinað öðru ljóskeri að framan þannig að viðmiðunarmiðja þess sé í lengdarmiðjuplani ökutækisins. Ef á ökutækinu er annað ljósker við hlið ljóskers fyrir dagljósabúnað skulu þó viðmiðunarmiðjur þeirra vera samhverfar miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins,

– festa skal tvö ljósker fyrir dagljósabúnað þannig að viðmiðunarmiðjur þeirra séu samhverfar miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins ef hvorugt, annað eða bæði eru sameinuð öðru ljóskeri að framan,

– á ökutækjum með heildarbreidd sem er yfir 1300 mm skal a.m.k. vera 500 mm bil á milli innri brúna ljósflatar.

2.3.4.3.2. Hæð:

– lágmark 250 mm og hámark 1500 mm frá jörðu.

2.3.4.3.3. Lengd:

– við framenda ökutækisins. Þessi krafa telst uppfyllt ef ljósið veldur ökumanni ekki óþægindum, hvorki beint né óbeint vegna baksýnisspegla og/eða annarra flata á ökutækinu sem endurkast er af.

2.3.4.3.4. Fjarlægð:

– ef bilið á milli stefnuljósa að framan og ljóskers fyrir dagljósabúnað er 40 mm eða minna skal raftenging ljóskerja fyrir dagljósabúnað á viðkomandi hlið ökutækisins vera þannig að annað hvort:

  – er slökkt á henni, eða

  – að dregið sé úr ljósstyrk þannig að hann fari ekki yfir 140 kandela (cd),

  fyrir allt virknitímabil (bæði á meðan það er kveikt og slökkt) viðkomandi stefnuljóskers að framan.

2.3.4.4. Dreifing ljóss:

– $\alpha = 10°$ upp á við og 10° niður,

– $\beta = 20°$ til vinstri og hægri ef um er að ræða eitt ljósker fyrir dagljósabúnað,

– $\beta = 20°$ út á við og 20° inn á við ef um er að ræða tvö ljósker fyrir dagljósabúnað.

2.3.4.5. Stefna:

– að framan, mega snúast með stýrishorni allra handfanga.

2.3.4.6. Raftengingar:

– öll ljósker fyrir dagljósabúnað skulu loga þegar aðalstjórnrofi er virkjaður, þó má vera slökkt á þeim við eftirfarandi skilyrði:

  – þegar sjálfskipting er í kyrrstöðustillingu,

  – stöðuhemill er virkjaður, eða

– áður en ökutækið er hreyft úr stað í fyrsta skipti eftir hverja handvirka virkjun aðalrofa og knúningskerfis ökutækisins,

– slökkva má handvirkt á ljóskerjum fyrir dagljósabúnað; hins vegar skal þetta aðeins vera hægt þegar hraði ökutækis fer ekki yfir 10 km/klst. Kvikna skal sjálfvirkt á ljóskerunum þegar hraði ökutækisins fer yfir 10 km/klst. eða þegar ökutækið hefur farið meira en 100 m.

– í hverju tilviki skal slokkna sjálfvirkt á ljóskerjum fyrir dagljósabúnað þegar:

  – slökkt er á ökutækinu með aðalrofanum,

  – þokuljósker að framan eru virkjuð,

  – aðalljósker eru virkjuð nema þegar þau eru notuð til að gefa viðvörunarljós með stuttu jöfnu millibili og

  – við birtuskilyrði í umhverfinu sem eru minna en 1000 lúx þar sem uppgefinn hraði á hraðamæli ökutækisins er enn auðlæsilegur (þ.e. þegar hraðamælir er stöðugt upplýstur) og ökutækið er ekki búið stöðugu grænu gaumljósi í samræmi við lið 2.3.3.7 eða sérstöku grænu tengingarbundnu gaumljósi fyrir ljósker fyrir dagljósabúnað sem er auðkennt með viðeigandi tákni. Í slíkum tilvikum skulu aðallágljósker og ljósabúnaðurinn sem krafist er í lið 2.1.12 virkjuð sjálfkrafa og samtímis innan tveggja sekúndna frá því að birtustig í umhverfinu fellur niður fyrir 1000 lúx. Ef birtuskilyrði í umhverfinu ná síðan stigi sem nemur a.m.k. 7000 lúxum skulu ljósker fyrir dagljósabúnað endurvirkjuð sjálfkrafa en samtímis skal slokkna á aðallágljóskerjum og ljósabúnaðinum sem krafist er í lið 2.1.12 innan fimm til 300 sekúndna (þ.e. virkjun ljósa þarf að vera alveg sjálfvirk ef ökumaður hefur enga vísbendingu og áreiti til að virkja venjulega lýsingu þegar myrkur er).

2.3.4.7. Tengingarbundið gaumljós:

– Valfrjálst.

2.3.5. Þokuljósker að framan:

2.3.5.1. Fjöldi:

– eitt eða tvö, ef um er að ræða ökutæki með heildarbreidd sem er ekki meiri en 1300 mm,

– tvö, ef um er að ræða ökutæki með heildarbreidd sem er meiri en 1300 mm.

2.3.5.2. Fyrirkomulag

– engar sértækar kröfur.

2.3.5.3. Staðsetning:

2.3.5.3.1. Breidd:

– festa má eitt, ósamtengt þokuljósker að framan ofan við, neðan við eða til hliðar við annað ljósker að framan. Ef ljóskerjum er staflað hvert ofan á annað skal viðmiðunarmiðja þokuljóskers að framan vera staðsett innan lengdarmiðjuplans ökutækisins. Ef þau eru hlið við hlið skal viðmiðunarmiðja þeirra vera samhverf í tengslum við lengdarmiðjuplan ökutækisins,

– festa skal eitt aðskilið þokuljósker að framan sem er sameinað öðru ljóskeri að framan þannig að viðmiðunarmiðja þess sé í lengdarmiðjuplani ökutækisins. Ef á ökutækinu er annað ljósker við hlið þokuljóskers að framan skulu þó viðmiðunarmiðjur þeirra vera samhverfar miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins,

– festa skal tvö þokuljósker að framan þannig að viðmiðunarmiðjur þeirra séu samhverfar miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins ef hvorugt, annað eða bæði eru sameinuð öðru ljóskeri að framan,

– þar sem tvö þokuljósker eru að framan skal lárétt fjarlægð á milli ytri brúna ljósflatar og ystu brúna ökutækis ekki vera meiri en 400 mm.

2.3.5.3.2. Hæð:

– lágmark 250 mm og hámark 800 mm frá jörðu.

– enginn hluti ljósflatar skal vera hærri en efsti hluti ljósflatar þess aðallágljóskers sem staðsett er efst.

2.3.5.3.3. Lengd:

– við framenda ökutækisins. Þessi krafa telst uppfyllt ef ljósið veldur ökumanni ekki óþægindum, hvorki beint né óbeint vegna baksýnisspegla og/eða annarra flata á ökutækinu sem endurkast er af.

2.3.5.4. Dreifing ljóss:

– α = 5° upp á við og 5° niður,

– β = 45° til vinstri og hægri ef um er að ræða eitt þokuljósker að framan,

– β = 45° út á við og 10° inn á við ef um er að ræða tvö þokuljósker að framan.

2.3.5.5. Stefna:

– að framan, mega snúast með stýrishorni allra handfanga.

2.3.5.6. Raftengingar:

– kvikna og slokkna skal á öllum þokuljóskerjum að framan samstundis,

– Það skal vera mögulegt að kveikja og slökkva á þokuljóskerjum að framan óháð aðalháljóskerunum og aðallágljóskerjunum eða samsetningum þessara ljóskerja.

2.3.5.7. Tengingarbundið gaumljós:

– skyldubundið (grænt gaumljós sem blikkar ekki)

2.3.6. Stefnuljósker

2.3.6.1. Fjöldi:

– fjögur,

– sex, ef tvö stefnuljósker á hliðum eru uppsett til viðbótar og í samræmi við allar viðeigandi kröfur í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 48, eins og tilgreint er fyrir ökutækjaflokk M_1.

2.3.6.2. Fyrirkomulag

– tvö stefnuljósker að framan í flokkum 11, 1, 1a eða 1b og tvö stefnuljósker að aftan í flokkum 12, 2a eða 2b (þ.e. tvö stefnuljós á hvorri hlið),

– setja má upp tvö stefnuljósker á hliðum í flokkum 5 eða 6 (þ.e. eitt viðbótarstefnuljós á hvorri hlið) til viðbótar við skyldubundin stefnuljósker, að því tilskildu að uppsettingin þeirra uppfylli allar viðeigandi kröfur í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 48, eins og tilgreint er fyrir ökutækjaflokk M_1.

2.3.6.3. Staðsetning:

2.3.6.3.1. Breidd:

– lárétt fjarlægð á milli ytri brúna ljósflatar og ystu brúna ökutækis skal ekki vera meiri en 400 mm,

– bil á milli innri brúna ljósflata stefnuljóskerja að framan skal vera a.m.k. 240 mm fyrir ökutæki með eitt framhjól eða ef breidd ökutækis fer ekki yfir 1000 mm,

– bil á milli innri brúna ljósflata stefnuljóskerja að framan skal vera a.m.k. 500 mm fyrir ökutæki með fleiri en eitt framhjól og ef breidd ökutækis er yfir 1000 mm,

– bil á milli innri brúna ljósflata stefnuljóskerja að aftan skal vera a.m.k. 180 mm fyrir ökutæki með eitt afturhjól eða ef breidd ökutækis fer ekki yfir 1000 mm,

– bil á milli innri brúna ljósflata stefnuljóskerja að aftan skal vera a.m.k. 500 mm fyrir ökutæki með fleiri en eitt afturhjól og ef breidd ökutækis er yfir 1000 mm,

– lágmarksbil á milli ljósflata stefnuljóskerja að framan og næsta aðallágljóskers skal vera:

  – 75 mm miðað við 90 cd lágmarksljósstyrkleika stefnuljóssins,

  – 40 mm miðað við 175 cd lágmarksljósstyrkleika stefnuljóssins,

  – 20 mm miðað við 250 cd lágmarksljósstyrkleika stefnuljóssins,

  – 20 mm miðað við 400 cd lágmarksljósstyrkleika stefnuljóssins,

2.3.6.3.2. Hæð:

– lágmark 500 mm og hámark 1500 mm frá jörðu.

2.3.6.3.3. Lengd:

– engar sértækar kröfur.


2.3.6.4. Dreifing ljóss:

– α = 15° upp á við og 15° niður á við, þó má minnka hornið sem vísar niður á við niður í 5° ef stefnuljósker er staðsett minna en 750 mm fyrir ofan jörðu,

– β = 80° út á við og 45° inn á við (sjá mynd 9-3).

Mynd 9-3

Dreifing ljóss frá hægri stefnuljósum að framan og aftan



2.3.6.5. Stefna:

– að framan, mega snúast með stýrishorni allra handfanga sem og aftur á bak.

2.3.6.6. Raftengingar:

– kveikt skal á stefnuljóskerjum óháð öðrum ljósum. Kveikt skal og slökkt á öllum stefnuljóskerjum á annarri hlið ökutækisins með einum stjórnrofa.

2.3.6.7. Virknibundinn gaumbúnaður:

– skyldubundinn, getur gefið frá sér sjónrænt merki eða hljóðmerki eða hvort tveggja,

– ef hann gefur frá sér sjónrænt merki skal gaumljós vera grænt og af þeirri gerð sem blikkar en ef eitt stefnuljósker að framan eða aftan virkar ekki rétt skal slokkna á gaumljósinu, það loga án þess að blikka eða sýna fram á greinilega breytingu á tíðni,

– ef búnaðurinn gefur einungis frá sér hljóðmerki skal heyrast greinilega í honum og skal hann starfa á sambærilegan hátt og gaumljós.

2.3.6.8. Aðrar kröfur:

– eftirfarandi einkenni skulu könnuð með ekkert annað álag á rafkerfi en það sem nauðsynlegt er fyrir virkni hreyfils (sé hún einhver), eftir að aðalstjórnrofi hefur verið virkjaður og virkjunar ljósabúnaðar sem kviknar á í kjölfar þess.

2.3.6.8.1. Eiginleikar:

– ljósið skal blikka 90 ± 30 sinnum á mínútu,

– stefnuljósker á sömu hlið ökutækisins skulu blikka með sömu tíðni, í takt og geta annað hvort verið samstillt eða blikkað til skiptis,

– ljósker skulu byrja að blikka innan einnar sekúndu og hætta innan einnar og hálfrar sekúndu frá því að stjórntæki er virkjað,

– komi til bilunar, annarrar en skammhlaups, í stefnuljóskerjum að framan eða aftan skulu önnur ljósker sem gefa sömu átt til kynna loga eða blikka áfram, í því tilfelli skal þarf tíðni blikksins hinsvegar ekki að samsvara þeirri sem tilgreind er í þessum lið.

2.3.7. Hættuljósker:

2.3.7.1. Fjöldi:

– í samræmi við kröfur í lið 2.3.6.1.

2.3.7.2. Fyrirkomulag

– í samræmi við kröfur í lið 2.3.6.2.

2.3.7.3. Staðsetning:

2.3.7.3.1. Breidd:

– í samræmi við kröfur í lið 2.3.6.3.1.

2.3.7.3.2. Hæð:

– í samræmi við kröfur í lið 2.3.6.3.2.

2.3.7.3.3. Lengd:

– í samræmi við kröfur í lið 2.3.6.3.3.

2.3.7.4. Dreifing ljóss:

– í samræmi við kröfur í lið 2.3.6.4.

2.3.7.5. Stefna:

– í samræmi við kröfur í lið 2.3.6.5.

2.3.7.6. Raftengingar:

– hættuljósker skulu virkjuð með aðskildum stjórnbúnaði og skulu sýnd með því að öll stefnuljósker virki samtímis. Það skal vera hægt að virkja hættuljósker jafnvel þegar búið er að afvirkja aðalstjórnrofa og slökkt er á rafkerfinu um borð í ökutækinu.

2.3.7.7. Tengingarbundið gaumljós:

– skyldubundið, ef hættuljósker eru til staðar (rauð gaumljós sem blikka),

– ef tvö græn gaumljós eru notuð með stefnuljóskerjum á vinstri og hægri hlið mega þau gaumljós blikka samtímis í stað eins rauðs gaumljóss.

2.3.7.8. Aðrar kröfur:

– kröfurnar í lið 2.3.6.8 skulu gilda.

2.3.7.8.1. Eiginleikar:

– ljósið skal blikka 90 ± 30 sinnum á mínútu,

– öll stefnuljósker skulu blikka á sömu tíðni og í takt. Þau sem eru á sitt hvorri hlið ökutækisins skulu hafa samstillt blikk á meðan þau sem eru á sömu hlið ökutækisins mega blikka til skiptis,

– þau skulu byrja að blikka innan einnar sekúndu og hætta innan einnar og hálfrar sekúndu frá því að stjórntæki er virkjað,

– kerfi í ökutæki má virkja hættuljósker sjálfkrafa, t.d. merki um neyðarhemlun eða eftir árekstur og í kjölfarið skal vera hægt að slökkva á því handvirkt.

2.3.8. Stöðuljósker að aftan:

2.3.8.1. Fjöldi:

– eitt eða tvö, ef um er að ræða ökutæki með heildarbreidd sem er ekki meiri en 1300 mm,

– tvö, ef um er að ræða ökutæki með heildarbreidd sem er meiri en 1300 mm.

2.3.8.2. Fyrirkomulag

– engar sértækar kröfur.

2.3.8.3. Staðsetning:

2.3.8.3.1. Breidd:

– eitt stöðuljósker að aftan skal uppsett á ökutæki þannig að viðmiðunarmiðja stöðuljóskers að aftan sé staðsett innan lengdarmiðjuplans ökutækisins,

– tvö stöðuljósker að aftan skulu uppsett á ökutæki þannig að viðmiðunarmiðjur stöðuljóskerja séu samhverfar með tilliti til lengdarmiðjuplans ökutækisins,

– ef um er að ræða ökutæki með tvö afturhjól og heildarbreidd sem er meiri en 1300 mm skal lárétt fjarlægð á milli ytri brúna ljósflatar og ystu brúna ökutækis ekki vera meiri en 400 mm.

2.3.8.3.2. Hæð:

– lágmark 250 mm og hámark 1500 mm frá jörðu.

2.3.8.3.3. Lengd:

– aftan á ökutækinu.

2.3.8.4. Dreifing ljóss:

– $\alpha = 15°$ upp á við og 15° niður á við, þó má minnka hornið sem vísar niður á við niður í 5° ef stöðuljósker að aftan er staðsett minna en 750 mm fyrir ofan jörðu,

– $\beta = 80°$ til vinstri og hægri ef um er að ræða eitt stöðuljósker að aftan,

– $\beta = 80°$ út á við og 45° inn á við ef um er að ræða tvö stöðuljósker að aftan.

2.3.8.5. Stefna:

– að aftan.

2.3.8.6. Raftengingar:

– skulu loga í samræmi við lið 2.1.10.

2.3.8.7. Tengingarbundið gaumljós:

– í samræmi við kröfur í lið 2.3.3.7.

2.3.9. Hemlaljósker:

2.3.9.1. Fjöldi:

– eitt eða tvö, ef um er að ræða ökutæki með heildarbreidd sem er ekki meiri en 1300 mm,

– tvö, ef um er að ræða ökutæki með heildarbreidd sem er meiri en 1300 mm,

– heimilt er að setja upp viðbótar hemlaljósker í flokki S3 eða S4 (þ.e. hemlaljósker sem er uppsett ofarlega fyrir miðju), að því tilskildu að allar viðeigandi kröfur í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 48, er varða uppsetningu slíkra hemlaljóskerja á ökutækjum í flokki M_1, séu uppfylltar.

2.3.9.2. Fyrirkomulag

– engar sértækar kröfur.

2.3.9.3. Staðsetning:

2.3.9.3.1. Breidd:

– eitt hemlaljósker skal uppsett á ökutæki þannig að viðmiðunarmiðja þess sé staðsett innan lengdarmiðjuplans ökutækisins,

– tvö hemlaljósker skulu uppsett á ökutæki þannig að viðmiðunarmiðjur þeirra séu samhverfar með tilliti til lengdarmiðjuplans ökutækisins,

– á ökutækjum sem heildarbreidd yfir 1300 mm skal a.m.k. vera 600 mm bil á milli innri brúna ljósflatar, ef um er að ræða ökutæki með tvö afturhjól,

– a.m.k. vera 400 mm bil skal vera á milli innri brúna ljósflata, ef um er að ræða ökutæki með heildabreidd sem ekki er meiri en 1300 mm með tvö afturhjól og tvö hemlaljósker.

2.3.9.3.2. Hæð:

– lágmark 250 mm og hámark 1500 mm frá jörðu.

2.3.9.3.3. Lengd:

– aftan á ökutækinu.

2.3.9.4. Dreifing ljóss:

– $\alpha = 15°$ upp á við og 15° niður á við, þó má minnka hornið sem vísar niður á við niður í 5° ef hemlaljósker er staðsett minna en 750 mm fyrir ofan jörðu,

– $\beta = 45°$ til vinstri og hægri ef um er að ræða eitt hemlaljósker,

– $\beta = 45°$ út á við og 10° inn á við ef um er að ræða tvö hemlaljósker.

2.3.9.5. Stefna:

– að aftan.

2.3.9.6. Raftengingar:

– skulu loga við beitingu akstursheimils.

2.3.9.7. Tengingarbundið gaumljós:

– bannað.

2.3.9.8. Aðrar kröfur:

– ökutæki mega vera búin neyðarhemlamerki eins og skilgreint er í lið 2.28 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 48, að því tilskildu að allar viðeigandi kröfur þeirrar reglugerðar sem gilda um slík merki séu uppfylltar og að merkið sé virkjað og afvirkjað við þau skilyrði og/eða hraðaminnkun eins og kveðið er á um fyrir ökutæki í flokki M_1,

– ökutæki mega vera búin viðvörunarbúnaði um árekstur aftan frá eins og skilgreint er í lið 2.33 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 48, að því tilskildu að allar viðeigandi kröfur þeirrar reglugerðar um slíkan búnað séu uppfylltar.

2.3.10. Þokuljósker að aftan:

2.3.10.1. Fjöldi:

– eitt eða tvö.

2.3.10.2. Fyrirkomulag

– engar sértækar kröfur.

2.3.10.3. Staðsetning:

2.3.10.3.1. Breidd:

– ef um er að ræða ökutæki sem ætluð eru og búin eru fyrir hægri umferð skal setja upp eitt þokuljósker að aftan þannig að viðmiðunarmiðja þess liggi innan lengdarmiðjuplans ökutækisins eða vinstra megin við hana,

– ef um er að ræða ökutæki sem ætluð eru og búin eru fyrir vinstri umferð skal setja upp eitt þokuljósker að aftan þannig að viðmiðunarmiðja þess liggi innan lengdarmiðjuplans ökutækisins eða hægra megin við hana,

– ef um er að ræða ökutæki sem ætluð eru og búin eru bæði fyrir vinstri og hægri umferð skal setja upp eitt þokuljósker að aftan þannig að viðmiðunarmiðja þess liggi innan lengdarmiðjuplans ökutækisins,

– ef um er að ræða ökutæki sem ætluð eru og búin eru fyrir vinstri og/eða hægri umferð skal setja upp tvö þokuljósker að aftan þannig að viðmiðunarmiðjur þeirra séu samhverfar með tilliti til lengdarmiðjuplans ökutækisins.

2.3.10.3.2. Hæð:

– að lágmarki 250 mm og að hámarki 1000 mm fyrir ofan jörðu, hinsvegar má hækka seinna gildið upp í 1200 mm ef þokuljósker að aftan er sambyggt öðrum ljósabúnaði.

2.3.10.3.3. Lengd:

– aftan á ökutækinu.

2.3.10.3.4. Fjarlægð:

– fjarlægðin á milli brúnar ljósflatar þokuljóskers að aftan og ljósflatar einhvers hemlaljóskers skal vera meira en 100 mm.

2.3.10.4. Dreifing ljóss:

– $\alpha = 5°$ upp á við og 5° niður,

– $\beta = 25°$ til vinstri og hægri.

2.3.10.5. Stefna:

– að aftan.

2.3.10.6. Raftengingar:

– kvikna og slokkna skal á öllum þokuljóskerjum að aftan samtímis,

– það skal aðeins vera mögulegt að virkja þokuljósker að aftan þegar aðalháljósker, aðallágljósker eða þokuljósker að framan er virkt,

– það skal vera mögulegt að kveikja á þokuljóskeri að aftan óháð öllum öðrum ljóskerjum,

– þokuljósker að aftan skal afvirkjast sjálfkrafa þegar:

  – slökkt er á stöðuljóskeri að framan og

  – slökkt er á ökutækinu með aðalrofanum,

– þegar búið er að slökkva á þokuljóskeri að aftan eða afvirkja það skal það ekki virkjast aftur sjálfkrafa eða með sjálfstæðum hætti nema stjórntæki til að kveikja á því sé notað handvirkt.

2.3.10.7. Tengingarbundið gaumljós:

– skyldubundið (gult gaumljós sem blikkar ekki).

2.3.11. Bakkljósker:

2.3.11.1. Fjöldi:

– eitt eða tvö.

2.3.11.2. Fyrirkomulag

– engar sértækar kröfur.

2.3.11.3. Staðsetning:

2.3.11.3.1. Breidd:

– ef um er að ræða eitt bakkljósker: engar sértækar kröfur,

– ef um er að ræða tvö hemlaljósker skulu þau uppsett á ökutæki þannig að viðmiðunarmiðjur þeirra séu samhverfar með tilliti til lengdarmiðjuplans.

2.3.11.3.2. Hæð:

– lágmark 250 mm og hámark 1200 mm frá jörðu.

2.3.11.3.3. Lengd:

– aftan á ökutækinu.

2.3.11.4. Dreifing ljóss:

– $\alpha = 15°$ upp á við og 5° niður,

– $\beta = 45°$ til vinstri og hægri ef um er að ræða eitt bakkljósker,

– $\beta = 45°$ út á við og 30° inn á við ef um er að ræða tvö bakkljósker.

2.3.11.5. Stefna:

– að aftan.

2.3.11.6. Raftengingar:

– bakkljósker skal gefa frá sér ljós þegar bakkbúnaður er virkur og búið er að virkja aðalstjórnrofa,

– bakkljósker skal ekki gefa frá sér neitt ljós nema báðum skilyrðum sem nefnd eru sé fullnægt.

2.3.11.7. Tengingarbundið gaumljós:

– Valfrjálst.

2.3.11.8. Aðrar kröfur:

– ef engar forskriftir eru fyrir ljósabúnað bakkljóskerja sem hægt er að gerðarviðurkenna fyrir ökutæki í flokki L skal bakkljósker vera gerðarviðurkennt samkvæmt reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 23.

2.3.12. Ljósker við skráningarmerki að aftan

2.3.12.1. Fjöldi:

– eitt eða fleiri.

2.3.12.2. Fyrirkomulag og staðsetning:

– þannig að ljósker við skráningarmerki að aftan lýsi upp fyrirhugaðan flöt fyrir skráningarmerkið að aftan.

2.3.12.3. Raftengingar:

– skulu loga í samræmi við lið 2.1.10.

2.3.12.4. Tengingarbundið gaumljós:

– kröfurnar í lið 2.3.3.7 skulu gilda.

2.3.13. Glitauga að aftan (ekki þríhyrnt)

2.3.13.1. Fjöldi:

– eitt eða tvö.

– tvö, ef um er að ræða ökutæki með heildarbreidd sem er meiri en 1000 mm,

– viðbótarglitaugu og efni sem endurkasta ljósi að aftan eru heimiluð að því tilskildu að þau hafi ekki áhrif á virkni skyldubundinnar lýsingar og ljósmerkjabúnaðar.

2.3.13.2. Fyrirkomulag

– eitt eða tvö glitaugu að aftan í flokki IA eða IB.

2.3.13.3. Staðsetning:

2.3.13.3.1. Breidd:

– ef um er að ræða eitt glitauga að aftan skal það vera uppsett á ökutæki þannig að viðmiðunarmiðja þess sé staðsett innan lengdarmiðjuplans,

– ef um er að ræða tvö glitaugu að aftan skulu þau uppsett á ökutæki þannig að viðmiðunarmiðjur þeirra séu samhverfar með tilliti til lengdarmiðjuplans,

– ef um er að ræða tvö glitaugu að aftan skal lárétt fjarlægð á milli ytri brúna ljósflatar og ystu brúna ökutækis ekki vera meiri en 400 mm.

2.3.13.3.2. Hæð:

– lágmark 250 mm og hámark 900 mm frá jörðu.

2.3.13.3.3. Lengd:

– aftan á ökutækinu.

2.3.13.4. Dreifing ljóss:

– $\alpha = 10°$ upp á við og 10° niður á við, þó má minnka hornið sem vísar niður á við niður í 5° ef glitauga að aftan er staðsett minna en 750 mm fyrir ofan jörðu,

– $\beta = 30°$ til vinstri og hægri ef um er að ræða eitt glitauga að aftan,

– $\beta = 30°$ út á við og 30° inn á við ef um er að ræða tvö glitaugu að aftan.

2.3.13.5. Stefna:

– að aftan.

2.3.13.6. Aðrar kröfur:

– ljósflötur glitaugans má vera að hluta til sameiginlegur með öðru rauðu ljóskeri sem uppsett er aftan á ökutæki.

2.3.14. Hliðarglitaugu (ekki þríhyrnd)

2.3.14.1. Fjöldi:

– eitt eða tvö á hvorri hlið.

2.3.14.2. Fyrirkomulag

– hliðarglitauga í flokki IA eða IB skal vera á fyrsta og/eða síðasta þriðjungi heildarlengdar ökutækis,

– viðbótarhliðarglitaugu og efni sem endurkasta ljósi á hliðinni eru heimiluð að því tilskildu að þau hafi ekki áhrif á virkni skyldubundinnar lýsingar og ljósmerkjabúnaðar.

2.3.14.3. Staðsetning:

2.3.14.3.1. Breidd:

– engar sértækar kröfur.

2.3.14.3.2. Hæð:

– að lágmarki 250 mm og að hámarki 900 mm fyrir ofan jörðu, hinsvegar má hækka seinna gildið upp í 1200 mm ef glitauga á hlið er sambyggt öðrum ljósabúnaði.

2.3.14.3.3. Lengd:

– engar sértækar kröfur.

2.3.14.4. Dreifing ljóss:

– α = 10° upp á við og 10° niður á við, þó má minnka hornið sem vísar niður á við niður í 5° ef hliðarglitauga er staðsett minna en 750 mm fyrir ofan jörðu,

– β = 45° að framan og að aftan.

2.3.14.5. Stefna:

– á hlið.

2.3.15. Hliðarljósker

2.3.15.1. Fjöldi:

– eitt eða tvö á hvorri hlið.

2.3.15.2. Fyrirkomulag

– hliðarljósker í flokki SM1 eða SM2 má vera á fyrsta og/eða síðasta þriðjungi heildarlengdar ökutækis.

2.3.15.3. Staðsetning:

2.3.15.3.1. Breidd:

– engar sértækar kröfur.

2.3.15.3.2. Hæð:

– lágmark 250 mm og hámark 1500 mm frá jörðu.

2.3.15.3.3. Lengd:

– engar sértækar kröfur.

2.3.15.4. Dreifing ljóss:

– α = 10° upp á við og 10° niður á við, þó má minnka hornið sem vísar niður á við niður í 5° ef hliðarglitauga er staðsett minna en 750 mm fyrir ofan jörðu,

– β = 30° að framan og að aftan.

2.3.15.5. Stefna:

– á hlið.

2.3.15.6. Raftengingar:

– skulu loga ásamt ljósabúnaði sem um getur í lið 2.1.10.

– mega vera þannig að hliðarljósker blikki með sömu tíðni, í takt og annað hvort jafnt og eða til skiptis við stefnuljósker sem uppsett eru á sömu hlið ökutækis.

2.3.15.7. Tengingarbundið gaumljós:

– í samræmi við kröfur í lið 2.3.3.7.

2.3.15.8. Aðrar kröfur:

– ef engar forskriftir eru fyrir ljósabúnað hliðarljóskerja sem hægt er að gerðarviðurkenna fyrir ökutæki í flokki L skal hliðarljósker vera gerðarviðurkennt samkvæmt reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 91.

2.4. Í stað krafna í liðum 2 til 2.3.15.8 mega ökutæki í flokkum L2e, L5e, L6e og L7e uppfylla allar viðeigandi kröfur í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 48, eins og mælt er fyrir um fyrir ökutækjaflokk M_1.

Í því tilfelli skal ekki setja kröfur í stað sértækra krafna í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 48 eða fella þær niður á grundvelli mismunar í sértækum ákvæðum í þessum viðauka, eða ef þau eru ekki til staðar (t.d. um uppsetningu hreinsunarbúnaðar fyrir aðalljósker, handvirks hallastillingarbúnaðar fyrir aðalljósker).

2.5. Með hliðsjón af mismunandi lögun ökutækja í flokkum L2e, L5e, L6e og L7e getur framleiðandi ökutækis í samráði við tækniþjónustu og viðurkenningaryfirvald ákveðið að beita öllum viðeigandi kröfum í

reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 53, eins og mælt er fyrir um fyrir ökutæki í flokki L3e, í stað þeirra krafna sem mælt er fyrir um í liðum 2 til 2.3.15.8. Í því tilfelli skal ekki setja kröfur í stað sértækra krafna í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 53 eða fella þær niður á grundvelli mismunar í sértækum ákvæðum í þessum viðauka, eða ef þau eru ekki til staðar og þetta skal aðeins samþykkt fyrir ökutæki sem hafa heildarbreidd sem ekki fer yfir 1300 mm og eiga það til að halla þegar þau fara fyrir horn (t.d. gerðir ökutækja sem hafa heildarútlit á við bifhjól en sem hafa þó þrjú hjól og geta því flokkast sem ökutæki í flokki L5e).

3. Kröfur varðandi ökutæki í flokki L4e.

3.1. Ef hægt er að losa hliðarvagn frá bifhjóli þannig að hægt sé að nota bifhjólið án hans skal bifhjólið uppfylla kröfur fyrir stök bifhjól í lið 1.3 til viðbótar við kröfurnar í liðum 3.2 til 3.2.8.1 hér að neðan. Einnig má taka tillit til krafna í lið 1.9.

3.1.1. Í því tilfelli skal vera mögulegt að aftengja rafmagn í stefnuljósker sem uppsett eru á bifhjólið og staðsett á milli bifhjóls og hliðarvagns.

3.2. Þegar hliðarvagn er tengdur við bifhjólið, annað hvort varanlega eða þannig að hægt sé að losa hann frá, skal bifhjól með hliðarvagn uppfylla allar viðeigandi kröfur í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 53, eins og mælt er fyrir um fyrir ökutækjaflokk L3e sem og viðbótarákvæðin að neðan.

3.2.1. Stöðuljósker að framan

3.2.1.1. Fjöldi:

– tvö eða þrjú,

– hliðarvagn skal hafa eitt stöðuljósker að framan,

– bifhjól skal hafa eitt stöðuljósker að framan, það má þó hafa tvö stöðuljósker að framan að því tilskildu að þau séu uppsett í samræmi við viðeigandi ákvæði í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 53, eins og kveðið er á um fyrir ökutækjaflokk L3e (stök bifhjól).

3.2.1.2. Staðsetning:

– staðsetningin skal vera eins og tilgreint er í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 53, fyrir ökutækjaflokk L3e, nema í eftirfarandi tilfellum:

3.2.1.2.1. Breidd:

– lárétt fjarlægð á milli ytri brúna ljósflata og ystu brúna ökutækis skal ekki vera meiri en 400 mm (þetta gildi á ekki við um annað stöðuljósker að framan sem uppsett er á bifhjólið).

3.2.1.3. Dreifing ljóss:

– líta má á stöðuljósker að framan á hliðarvagni og á bifhjóli sem par.

3.2.1.4. Að öllu öðru leyti skulu stöðuljósker að framan uppfylla kröfur reglugerðar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 53 eins og mælt er fyrir um fyrir ökutækjaflokk L3e.

3.2.2. Ljósker fyrir dagljósabúnað

3.2.2.1. Fjöldi:

– tvö eða þrjú,

– hliðarvagn má hafa eitt ljósker fyrir dagljósabúnað,

– bifhjól má hafa eitt ljósker fyrir dagljósabúnað, það má þó hafa tvö slík að því tilskildu að þau séu uppsett í samræmi við viðeigandi kröfur í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 53, eins og kveðið er á um fyrir ökutækjaflokk L3e (stök bifhjól).

3.2.2.2. Staðsetning:

– staðsetningin skal vera eins og tilgreint er í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 53, fyrir ökutækjaflokk L3e, nema í eftirfarandi tilfellum:

3.2.2.2.1. Breidd:

– lárétt fjarlægð á milli ytri brúna ljósflata og ystu brúna ökutækis skal ekki vera meiri en 400 mm (þetta gildi á ekki við um annað ljósker fyrir dagljósabúnað sem uppsett er á bifhjólið).

3.2.2.3. Dreifing ljóss:

– líta má á ljósker fyrir dagljósabúnað á hliðarvagni og á bifhjóli sem par.

3.2.2.4. Að öllu öðru leyti skulu ljósker fyrir dagljósabúnað uppfylla kröfur reglugerðar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 53 eins og mælt er fyrir um fyrir ökutækjaflokk L3e.

3.2.3. Stefnuljósker

3.2.3.1. Staðsetning:

– staðsetningin skal vera eins og tilgreint er í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 53, fyrir ökutækjaflokk L3e, nema í eftirfarandi tilfellum:

3.2.3.1.1. Á breidd (varðandi öll rafmagnstengd stefnuljósker):

– lárétt fjarlægð á milli ytri brúna ljósflatar og ystu brúna ökutækis skal ekki vera meiri en 400 mm,

– innri brúnir ljósflata skulu vera a.m.k. 600 mm hvor frá annarri,

– lágmarksbil á milli ljósflata stefnuljóskerja að framan og næsta aðallágljóskers skal vera:

  – 75 mm miðað við 90 cd lágmarksljósstyrkleika stefnuljóssins,

  – 40 mm miðað við 175 cd lágmarksljósstyrkleika stefnuljóssins,

  – 20 mm miðað við 250 cd lágmarksljósstyrkleika stefnuljóssins,

  – 20 mm miðað við 400 cd lágmarksljósstyrkleika stefnuljóssins,

  – bæði stefnuljósker að framan skulu hafa sambærilegt ljósmæliafköst, það sama á við um bæði stefnuljósker að aftan.

3.2.3.1.2. Á lengd (þessi liður gildir eingöngu um hliðina á hliðarvagni):


– stefnuljósker að framan skal staðsett á fremri hluta hliðarvagns og stefnuljósker að aftan skal staðsett á aftari hluta.

3.2.3.2. Dreifing ljóss:

– gerð er grein fyrir láréttum hornum með eftirfarandi hætti: sjá mynd 9-4.

Mynd 9-4

Fyrirkomulag stefnuljóskerja



3.2.3.3. Að öllu öðru leyti skulu stefnuljósker uppfylla kröfur reglugerðar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 53 eins og mælt er fyrir um fyrir ökutækjaflokk L3e.

3.2.4. Hættuljósker:

3.2.4.1. Hættuljósmerki skal gefið með því að öll stefnuljósker virki samtímis, eins og um getur í liðum 3.1 til 3.2 og 3.2.3 til 3.2.3.3.

3.2.5. Stöðuljósker að aftan

3.2.5.1. Fjöldi:

– tvö eða þrjú,

– hliðarvagn skal hafa eitt stöðuljósker að aftan,

– bifhjól skal hafa eitt stöðuljósker að aftan, það má þó hafa tvö slík að því tilskildu að þau séu uppsett í samræmi við viðeigandi ákvæði í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 53, eins og kveðið er á um fyrir ökutækjaflokk L3e (stök bifhjól).

3.2.5.2. Staðsetning:

– staðsetningin skal vera eins og tilgreint er í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 53, fyrir ökutækjaflokk L3e, nema í eftirfarandi tilfellum:

3.2.5.2.1. Breidd:

– lárétt fjarlægð á milli ytri brúna ljósflata og ystu brúna ökutækis skal ekki vera meiri en 400 mm (þetta gildi á ekki við um annað stöðuljósker að aftan sem uppsett er á bifhjól).

3.2.5.3. Dreifing ljóss:

– líta má á stöðuljósker að aftan á hliðarvagni og á bifhjóli sem par.

3.2.5.4. Að öllu öðru leyti skulu stöðuljósker að aftan uppfylla kröfur reglugerðar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 53 eins og mælt er fyrir um fyrir ökutækjaflokk L3e.

3.2.6. Hemlaljósker

3.2.6.1. Fjöldi:

– tvö eða þrjú,

– hliðarvagn skal hafa eitt hemlaljósker,

– bifhjól skal hafa eitt hemlaljósker, það má þó hafa tvö slík að því tilskildu að þau séu uppsett í samræmi við viðeigandi ákvæði í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 53, eins og kveðið er á um fyrir ökutækjaflokk L3e (stök bifhjól).

3.2.6.2. Staðsetning:

– staðsetningin skal vera eins og tilgreint er í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 53, fyrir ökutækjaflokk L3e, nema í eftirfarandi tilfellum:

3.2.6.2.1. Breidd:

– lárétt fjarlægð á milli ytri brúna ljósflata og ystu brúna ökutækis skal ekki vera meiri en 400 mm (þetta gildi á ekki við um annað hemlaljósker sem uppsett er á bifhjól).

3.2.6.3. Dreifing ljóss:

– líta má á hemlaljósker á hliðarvagni og á bifhjóli sem par.

3.2.6.4. Að öllu öðru leyti skulu hemlaljósker uppfylla kröfur reglugerðar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 53 eins og mælt er fyrir um fyrir ökutækjaflokk L3e.

3.2.7. Glitauga að aftan (ekki þríhyrnt)

3.2.7.1. Fjöldi:

– tvö eða þrjú,

– hliðarvagn skal hafa eitt glitauga að aftan,

– bifhjól skal hafa eitt glitauga að aftan, eða tvö, að því tilskildu að þau séu uppsett í samræmi við viðeigandi ákvæði í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 53, eins og kveðið er á um fyrir ökutækjaflokk L3e (stök bifhjól),

– viðbótarglitaugu og efni sem endurkasta ljósi að aftan eru heimiluð að því tilskildu að þau hafi ekki áhrif á virkni skyldubundinnar lýsingar og ljósmerkjabúnaðar.

3.2.7.2. Staðsetning:

– staðsetningin skal vera eins og tilgreint er í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 53, fyrir ökutækjaflokk L3e, nema í eftirfarandi tilfellum:

3.2.7.2.1. Breidd:

– lárétt fjarlægð á milli ytri brúna ljósflata og ystu brúna ökutækis skal ekki vera meiri en 400 mm (þetta gildi á ekki við um annað glitauga að aftan sem uppsett er á bifhjólinu eða önnur viðbótarglitaugu eða efni sem endurkasta ljósi og uppsett eru á ökutæki).

3.2.7.3. Dreifing ljóss:

– líta má á glitaugu á hliðarvagni og á bifhjóli sem par.


3.2.7.4. Að öllu öðru leyti skulu glitaugu uppfylla kröfur reglugerðar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 53 eins og mælt er fyrir um fyrir ökutækjaflokk L3e.

3.2.8. Dreifing rauða ljóssins að aftan og hvíta ljóssins að framan.

3.2.8.1. Svæði 1 og svæði 2 eins og um getur í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 53, eiga við eins og hér segir: sjá myndir 9-5 og 9-6.


Mynd 9-5

Beint útsýni framan við ljósflöt ljóskers sem varpar rauðu ljósi



Mynd 9-6

Beint útsýni aftan við ljósflöt ljóskers sem varpar hvítu ljósi



X. VIÐAUKI

Kröfur varðandi útsýn aftur fyrir

1. Ökutæki í flokkum L1e-B, L3e og L4e skulu uppfylla allar viðeigandi kröfur í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 81.

1.1. Ökutæki í flokkum L1e-B, L3e og L4e mega vera búin tækjum í II. eða III. flokki til að auka sjónsvið, ef þau eru gerðarviðurkennd samkvæmt reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 46.

2. Ökutæki í flokkum L2e, L5e, L6e og L7e skulu uppfylla allar viðeigandi kröfur í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 81 eða 46.

2.1. Ökutæki í flokkum L2e, L5e, L6e og L7e, sem uppfylla viðeigandi kröfur í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 81, mega vera búin tækjum í II. eða III. undirflokki til að auka sjónsvið, ef þau eru gerðarviðurkennd samkvæmt reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 46.

2.2. Ökutæki í flokkum L2e, L5e, L6e og L7e mega hafa velfrjálsan viðbótarbúnað í I. undirflokki.

———

XI. VIÐAUKI

Kröfur sem gilda um veltigrind

1. Kröfur vegna viðurkenningar á gerð ökutækis að því er varðar veltigrindur

1.1. Ökutæki í flokkum L7e-B2 skulu búin veltigrindum og vera þannig hönnuð og gerð að þau uppfylli grundvallarkröfur sem mælt er fyrir um í þessum viðauka. Skilyrðin teljast uppfyllt ef farið er að forskriftum í liðum 2 til 4.9, ef veltigrindin hefur ekki farið inn á neinn hluta auða svæðisins og enginn hluti auða svæðisins hefur verið utan við mörk veltigrindarinnar nokkurn tíma á meðan á prófununum þremur stóð.

2. Ákvæði um prófanir

2.1. Almenn prófunarákvæði

2.1.1. Í prófunum sem eru gerðar með sérstökum útbúnaði á að líkja eftir álaginu sem veltigrind verður fyrir þegar ökutækið veltur. Þetta prófunarálag varðar því ýtikrafta. Þessar prófanir eins og þeim er lýst í þessum viðauka gera kleift að athuga styrkleika veltigrindarinnar og festinga sem festa hana við ökutækið og þeirra hluta ökutækisins sem flytja kraft prófunarinnar.

2.2. Undirbúningar prófunar

2.2.1. Veltigrindin sem á að gerðarviðurkenna skal vera í samræmi við forskriftir raðframleiðslunnar. Hún skal fest við ökutækið sem hún er hönnuð fyrir í samræmi við yfirlýsta aðferð framleiðanda. Ekki er nauðsynlegt að nota fullbúið ökutæki fyrir prófunina; þó skulu veltigrind og hlutar ökutækisins sem eru festir á teljast lágmarksbúnaður, hér á eftir nefndur „uppistaða“.

2.2.2. Uppistaðan skal fest við prófunarpall þannig að festingar uppistöðu við prófunarpall svigni ekki umtalsvert til hliðanna jafnhliða veltigrindinni með álagi. Áfestingaraðferðin sem beitt er til að festa uppistöðu við prófunarpall skal sem slík ekki hafa áhrif á styrkleika uppistöðunnar.

2.2.3. Uppistaðan skal studd og fest eða henni breytt þannig að öll prófunarorka lendi á veltigrind og festingum hennar við harða íhluti ökutækisins.

2.2.3.1. Til að uppfylla kröfur í lið 2.2.3 skal breytingin læsa öllum fjöðrunarkerfum hjóla og hjólása ökutækis til að tryggja að prófunarorka lendi ekki á þeim.

2.2.4. Ökutækið skal, þegar prófun fer fram, vera með öllum íhlutum raðframleiðslunnar sem eru hluti af burðarvirki er haft gætu áhrif á styrkleika veltigrindar eða sem teljast nauðsynlegir vegna styrkleikaprófunarinnar. Íhlutir sem geta valdið hættu á auða svæðinu skulu vera festir þannig að unnt sé að skoða þá til að sjá hvort þeir uppfylli kröfur liðar 1.1.


2.2.4.1. Við prófunina skal fjarlæga alla íhluti sem ökumaðurinn getur fjarlægt. Ef hægt er að halda dyrum og gluggum opnum eða fjarlægja þau meðan ökutækið er í notkun skal halda þeim opnum eða fjarlægja þau meðan prófunin fer fram til þess að styrkja ekki veltigrindina frekar.

3. Tæki og búnaður


3.1. Lóðréttar álagsprófanir (með þunga á þverveginn og lengdina)

3.1.1. Ákvæðum um efni, búnað og festibúnað skal þannig hagað að þau tryggi að uppistaðan sé tryggilega fest við prófunarpall, án hjóla og hjólása séu þeir til staðar (þ.e. festing skal ná yfir fjöðrun hjóla og hjólása). Sjá myndir 11-1 og 11-2.

Mynd 11-1



Mynd 11-2



3.1.2. Lóðréttum krafti skal beitt til skiptis á veltigrind með ósveigjanlegri stoð fyrir þverstillingu og á aðskilda óprófaða uppistöðu með ósveigjanlegri stoð fyrir langsniðsstillingu. Lóðrétt lengdarmiðjuplan stoðarinnar, eins og það er séð eftir lóðréttri lengdarmiðju miðað við ökutækið, skal staðsett 300 mm framan við viðmiðunarpunkt sætis ökumanns fyrir þverprófun. Lóðrétt lengdarmiðjuplan stoðarinnar, eins og það er séð eftir lengdarmiðju miðað við ökutækið, skal staðsett innan við lóðrétt lengdarmiðjuplan sem snertir breiðasta hluta efsta þriðjungs veltigrindarinnar í fjarlægð sem er jöfn einum sjötta af heildarbreidd efsta þriðjungsins. Vinstri eða hægri hlið veltigrindar ökutækis til prófunar skal valin í samræmi við lið 4.3 og tækniþjónusta skal veita skýran rökstuðning fyrir matsviðmiðunum í prófunarskýrslunni.

3.1.2.1. Stoðin skal vera nægilega stíf, neðsta lóðrétt þvermál hennar skal vera 150 ± 10 mm og hún skal vera nógu löng til að ná yfir alla veltigrindina, jafnvel þegar hún svignar undan álagi.

3.1.2.2. Gera skal ráðstafanir til að álagið dreifist jafnt miðað við álagsstefnu.

3.1.2.3. Brúnir stoðarinnar sem snerta veltigrindina mega hafa allt að 25 mm krappageisla.

3.1.2.4. Nota skal hjöruliði eða sambærilegt til að tryggja að hleðslubúnaður hamli ekki snúningi eða yfirfærslu grindarinnar í neina stefnu, aðra en álagsstefnu.

3.1.2.5. Ef lárétt lengd veltigrindar sem álaginu skal beitt á er ekki í beinni línu hornrétt á álagsstefnu skal fyllt upp í bilið með einhverjum hætti þannig að álagi sé dreift lárétt yfir lengdina.

3.1.3. Búnaður skal vera til staðar til að mæla orkuna sem veltigrind og ósveigjanlegir hlutar ökutækisins sem hún er fest við gleypa, t.d. með því að mæla kraftinn sem beitt er meðfram lóðréttri aflstefnu og samsvarandi lóðrétt sveigja stoðar miðað við lárétt plan sem fer í gegnum viðmiðunarpunkt ökumannssætis.

3.1.4. Mögulegt skal vera að sjá hvort farið er inn á autt svæði eða hvort það er orðið berskjaldað meðan krafti er beitt.

4. Ákvæði um prófanir

4.1. Ef prófunarfestibúnaður eða almennur festibúnaður ökutækis hreyfist umtalsvert til á meðan á prófun stendur skal ógilda prófun.

4.2. Veltigrindin sem á að prófa þarf ekki að hafa öryggisgler að framan, á hliðum eða að aftan eða laus borð, festingar og aukabúnað sem styrkja grindina ekki á nokkurn hátt og skapa ekki hættu ef dráttarvélin veltur.

4.3. Ef ökumannssæti er ekki á lengdarmiðjuplani ökutækis og/eða ef styrkur grindar er ekki samhverfur skal lóðrétt lengdarálag vera á þeirri hlið þar sem líklegast er að farið verði inn á auðasvæðið eða að það verði berskjaldað meðan á prófun stendur.

4.4. Veltigrindin skal hafa nauðsynlegan búnað til að afla þeirra gagna sem þarf til að teikna kraftsveigjulínurit.

4.5. Sveigja undir álagi frá lóðréttum krafti skal ekki vera meiri en 5 mm/s. Á meðan álaginu er beitt skal samtímis skrá gildin F_v (N) (þ.e. stöðuálagskraftur frá stoð) og D_v (mm) (þ.e. lóðrétt sveigja stoðar við og í samræmi við beitingu álags) jafnt og þétt eftir því sem sveigjan eykst, á í mesta lagi 15 mm bili, til að tryggja fullnægjandi nákvæmni. Þegar upphafleg beiting álagsins er hafin skal álagið ekki minnkað fyrr en prófun er lokið, þó má fresta aukningu þess, t.d. til þess að skrá mælingar.

4.6. Ef enginn þverbiti er á grindinni þar sem álaginu er beitt má notast við varaprófunarstoð í prófunarferlinu ef hún eykur ekki styrk grindarinnar.

4.7. Orkan (J) sem grindin gleypir í hverri lóðréttri álagsprófun skal a.m.k. vera jöfn $(E_v)(1{,}4\ m_{test})$, (þar sem m_{test} (kg) er jafnt massa ökutækis sem er tilbúið til aksturs auk massa allra knúningsrafgeyma) og lágmarksorkustig sem þarf að ná skal reiknað út með eftirfarandi hætti: $(E_v)(F_v\ D_v 1000)$. F_v skal ekki vera meira en $2 \times m_{test} \times g$, jafnvel þó lágmarksorkustigi sem þarf að ná sé ekki náð.

4.8. Endurtaka skal prófun með lóðréttu lengdarálagi með tilliti til lárétts kraftþáttar sem beitt er samtímis. Fyrst skal láréttum kyrrstöðuálagi á þverveginn sem er jafn $(F_h)(0{,}5\ m_{test}\ g)$ (þar sem g er jafnt og 9,81 $m.s^{-2}$) beitt á breiðasta hluta eins og lýst er í lið 3.1.2 og á þeirri hlið sem valin er í samræmi við lið 4.3. Svo skal beita lóðréttu lengdarálagi á sömu hnit prófunarinnar sem framkvæmd er án lárétts þunga á þverveginn, og skal álagið vera jöfn $0{,}5 \times F_{v(max)}$ (þar sem $F_{v(max)}$ er hámarksgildi F_v eins og það sést við prófun sem framkvæmd er án lárétts álags á þverveginn).

4.9. Að hverri prófun lokinni skal varanleg sveigja veltigrindar skráð í prófunarskýrslu.

———

XII. VIÐAUKI

Kröfur sem gilda um öryggisbeltafestingar og öryggisbelti

1. HLUTI

Kröfur vegna viðurkenningar á gerð ökutækis með tilliti til öryggisbeltafestinga og öryggisbelta

1. Almennar kröfur

1.1. Ökutæki í flokkum L2e, L5e, L6e og L7e með massa ökutækisins tilbúins til aksturs sem er >270 kg skulu hafa öryggisbeltafestingar og öryggisbelti í sætum (þ.e. ekki krafist fyrir hnakka) sem uppfylla kröfurnar í þessum viðauka.

1.2. Ökutæki í flokkum L2e, L5e, L6e og L7e með massa ökutækisins tilbúins til aksturs sem er ≤ 270 kg skulu hafa öryggisbeltafestingar og/eða öryggisbelti, að því tilskyldu að það uppfylli kröfurnar í þessum viðauka.

1.3. Fjöldi öryggisbeltafestinga skal vera nægilegur til að tryggja rétta uppsetningu öryggisbelta á öllum sætum, hvort sem um er að ræða skyldubundin eða valkvæð öryggisbelti.

1.4. Öryggisbeltafestingar skulu vera í samræmi við forskriftir 7/16-20 UNF 2B um stærð skrúfgangs og vikmörk frá gerð skrúfgangsins.

1.4.1. Hafi framleiðandi hinsvegar sett öryggisbelti upp sem staðalbúnað á sérstaka sætisstöðu mega öryggisbeltafestingar fyrir þær sætisstöður hafa aðra eiginleika en þá sem tilgreindir eru í lið 1.4.

1.4.2. Festipunktar sem uppfylla sértæk ákvæði um uppsetningu sérstakrar tegundar öryggisbelta (t.d. öryggisbelti af H-gerð) mega hafa aðra eiginleika en þeir sem tilgreindir eru í lið 1.4.

1.5. Það skal vera mögulegt að fjarlægja öryggisbelti án þess að skemmdir verði á festipunkti fyrir öryggisbeltafestingu.

1.6. Viðmiðunarpunktur sætis skal ákvarðaður með eftirfarandi hætti:

1.6.1. Viðmiðunarpunktur á hnakki skal tekinn samkvæmt yfirlýsingu framleiðanda ökutækis og tilhlýðilega rökstuddur með viðeigandi hönnunarviðmiðunum fyrir ökutæki með tilliti til eiginleika 50. hundraðshlutamarks karlmanns (þ.e. manngervandi prófunarbúnaðar af gerðinni Hybrid 111) og snúningspunktur hans við mjöðm.

1.6.2. Viðmiðunarpunktur sætis skal ákvarðaður í samræmi við ákvæði 3. viðbætis við 2. hluta VII, viðauka við þessa reglugerð.

2. HLUTI

Kröfur um öryggisbeltafestingar

1. Sértækar kröfur fyrir öryggisbeltafestingar

1.1 Öryggisbeltafestingar mega vera hluti af grind, yfirbyggingu, sæti eða öðru burðarvirki ökutækisins.

1.2. Nota má einn festipunkt öryggisbeltafestingar til að festa öryggisbelti fyrir tvö aðliggjandi sæti.

1.3. Heimiluð staðsetning virkra festipunkta öryggisbeltafestinga fyrir öll sæti er tilgreind á mynd 11-P2-1 og 11-P2-2 og skýrð út hér að neðan.

1.4. Staða lægri virkra öryggisbeltafestinga

1.4.1. Hornin α_1 og α_2 skulu vera á milli 30° og 80° í öllum venjulegum notkunarstillingum sætis.

1.4.2. Ef sæti hafa stillibúnað og halli sætisbaks samkvæmt yfirlýsingu framleiðanda er minni en 20°, mega hornin α_1 og α_2 sem um getur í fyrri lið vera á milli 20° og 80° í öllum venjulegum notkunarstillingum sætis.

1.4.3. Fjarlægð á milli tveggja lóðréttra plana sem liggja samsíða lengdarmiðjuplani ökutækis og fara í gegnum báðar lægri virkar festingar L_1 og L_2 á sama öryggisbelti skal ekki vera minni en 350 mm. Þessa fjarlægð má minnka niður í 240 mm ef um er að ræða aftari miðsæti. Lengdarmiðjuplan sætis skal fara í gegnum punkta L_1 og L_2 ekki minna en 120 mm frá þessum punktum.

1.5. Staðsetning efri virkra öryggisbeltafestinga

1.5.1. Ef notast er við beltisstýringu, D-hring eða sambærilegan búnað sem hefur áhrif á stöðu efri virkra öryggisbeltafestinga er staðan ákvörðuð með hefðbundnum hætti með því að taka tillit til stöðu festinga þegar farþegi eða ökumaður er með spennt öryggisbelti, þannig að notast sé við mannlíkan sem samsvarar 50. hundraðshlutamarki karlmanns, með sætið stillt í þeirri hönnunarstöðu sem ákvörðuð er af framleiðanda ökutækis.

1.5.2. Punktar J_1 og J_2 skulu ákvarðaðir með eftirfarandi hætti:

punktur J_1 er ákvarðaður miðað við viðmiðunarpunkt sætis með því að miða við eftirfarandi þrjá hluta:

— RZ: hlutar viðmiðunarlínu bols, mældir á lengd sem nemur 530 mm ofan við viðmiðunarpunkt sætis,

— ZX: hlutar sem eru hornrétt á lengdarmiðjuplan ökutækis, mældir frá punkti Z í átt að festingu og eru 120 mm að lengd,

— XJ_1: hlutar sem eru hornrétt á planið sem skilgreint er af RZ- og ZX-hlutum, mældir 60 mm fram á við frá punkti X,

punktur J_2 er ákvarðaður með samhverfu við punkt J_1 um lengdarplan sem fer lóðrétt yfir viðmiðunarlínu bols á viðkomandi sæti.

1.5.3. Stakur efri virkur festipunktur öryggisbeltafestingar skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

1.5.3.1. Efri virkur festipunktur öryggisbeltafestingar skal vera fyrir neðan planið FN sem er hornrétt á lengdarmiðjuplan sætisins og myndar 65° horn á viðmiðunarlínu bols. Þegar um er að aftursæti má þetta horn fara niður í 60°. Planið FN er því ekki endilega alveg hornrétt og skal skera viðmiðunarlínu bols í punktinum D þannig að:

DR = 315 mm + 1,8 S.

Hinsvegar ef S fer ekki yfir 200 mm:

DR = 675 mm.

1.5.3.2. Efri virkur festipunktur öryggisbeltafestingar skal einnig liggja fyrir aftan planið FK, hornrétt á lengdarmiðjuplan sætis og hann skal mynda 120° horn í punkti B á viðmiðunarlínu bols þannig að:

BR = 260 mm + S.

Ef S er ekki minna en 280 mm hefur framleiðandi ökutækis val um að nota:

BR = 260 mm + 0,8 S

1.5.3.3. Gildið S skal ekki vera minna en 140 mm.

1.5.3.4. Efri virkur festipunktur öryggisbeltafestingar skal einnig vera staðsettur aftan við lóðrétt plan sem er hornrétt á lengdarmiðjuplan ökutækis og fer í gegnum viðmiðunarpunkt sætis.

1.5.3.5. Efri virkur festipunktur öryggisbeltafestingar skal einnig staðsettur ofan við lárétt plan sem fer í gegnum punktinn C.

Punktur C er staðsettur 450 mm lóðrétt yfir viðmiðunarpunkti sætis.

Ef fjarlægðin S er 280 mm eða lengri og ef framleiðandi ökutækis hefur ekki valið að notast við aðra formúlu fyrir BR sem gefin er upp í lið 1.5.3.2, gildir þó lóðrétta fjarlægðin upp á 500 mm á milli punktsins C og viðmiðunarpunkts sætis.

1.5.3.6. Setja má upp fleiri en einn efri festipunkt öryggisbeltafestingar að því tilskildu að allir festipunktar öryggisbeltafestingar sem koma í kjölfarið uppfylli kröfurnar í liðum 1.5.3 til 1.5.3.5.

1.5.3.7. Ef hæð efri festipunktar öryggisbeltafestingar er stillt með handvirkum hætti án þess að notast við verkfæri skulu allar stillingar sem hægt er að velja fyrir efri festipunkta öryggisbeltafestingar og virkir festipunktur öryggisbeltafestingar sem koma í kjölfarið uppfylla kröfurnar í liðum 1.5.3 til 1.5.3.5. Í þessu tilfelli má stækka heimilað svæði sem skilgreint er að ofan með því að færa það 80 mm upp og niður á við í lóðrétta átt,

heimilað svæði verður þó áfram bundið af láréttu plani sem fer í gegnum punktinn C (sjá mynd 11-P2-1).

1.5.4. Festipunktar sem ætlaðir eru fyrir sérstaka gerð öryggisbelta (t.d. öryggisbelti af H-gerð)

1.5.4.1. Allir virkir efri viðbótarfestipunktar öryggisbeltafestingar skulu vera hinu megin við fyrsta virka festipunkt öryggisbeltafestingar miðað við lengdarmiðjuplan sætisins. Auk þess:


– báðir efri virkir festipunktar öryggisbeltafestingar skulu staðsettir ofan við lárétt plan sem fer í gegnum punktinn C,

– báðir efri virkir festipunktar öryggisbeltafestingar skulu staðsettir aftan við þverplan sem fer í gegnum viðmiðunarlínu bols,


– þar sem um er að ræða stakan festipunkt öryggisbeltafestingar (þ.e. báðir endar öryggisbeltis skulu festir við stakan festipunkt) skal hann staðsettur innan svæðisins sem myndast af tveimur rúmhornum sem afmarkast lóðréttum línum sem fara í gegnum punkta J_1 og d J_2, og fyrir hvern punkt sem myndar 30° horn lárétt á milli tveggja lóðréttra plana sem svo eru tengd tveimur lóðréttum lengdarplönum sem skera bæði J_1 og J_2 og mynda 10° ytra horn og 20° innra horn á þessi lengdarplön. (Sjá Mynd 11-2),

– þar sem um er að ræða tvo aðskilda festipunkta öryggisbeltafestingar skulu þeir staðsettir hvor innan þess svæðis sem myndast af rúmhornum sem afmarkast af lóðréttum línum sem fara í gegnum punkta J_1 og d J_2, og fyrir hvern punkt sem myndar 30° horn lárétt á milli tveggja lóðréttra plana sem svo eru tengd tveimur lóðréttum lengdarplönum sem skera bæði J_1 og J_2 og mynda 10° ytra horn og 20° innra horn á þessi lengdarplön. (Sjá mynd 11-P2-2). Til viðbótar skulu tveir festipunktar vera staðsettir þannig að ekki sé meira en 50 mm á milli þeirra í nokkra átt þegar einn þessara punkta speglast í tengslum við lóðrétt lengdarplan sem fer í gegnum viðmiðunarpunkt þess sætis sem um er að ræða.

Mynd 11-P2-1


DR = 315 + 1,8 S
BR = 260 + S
Nema annað sé tilgreint í liðum 1.5.3.1 til 1.5.3.2 í 2. hluta þessa viðauka.
Heimiluð svæði fyrir stillanlega efri festipunkta í samræmi við lið 1.5.3.7 í 2. hluta þessa viðauka
Viðmiðunarlína bols
65°
80
80
F
D
N
Heimiluð svæði
Z
B
C
Y
60
120°
Fjarlægð eins og tilgreint er í lið 1.5.3.5 í 2. hluta þessa viðauka
Horn eins og tilgreint er í lið 3.1.2.1 í 2. hluta þessa viðauka
550
K
Mál eru gefin upp í mm
R
a2
a1
L1
L2
Viðmiðunarlína bols
Lengdarmiðjuplan sætis
J2
L2
R
Z
120 min.
350 min.
120 min.
J1
X
L1
S = 140 min.
Virkur efri festipunktur öryggisbeltafestingar
Dæmi um ytra sæti vinstra megin

Mynd 11-P2-2



2. Styrkur öryggisbeltafestinga

2.1. Sérhver festipunktur öryggisbeltafestingar skal geta staðist prófanirnar sem kveðið er á um í liðum 3 til 3.5.1. Þó að varanleg aflögun verði, að meðtalinni rifnun á festingu eða nærliggjandi svæði, skal ekki líta svo á að búnaðurinn hafi ekki staðist prófunina ef hann hefur staðist tilgreindan kraft í þann tíma sem mælt er fyrir um. Á meðan á prófun stendur skal viðhalda lágmarksfjarlægðum fyrir lægri virka festipunkta öryggisbeltafestingar sem settar eru fram í lið 1.4.2 og lágmarkshæðum virkra efri festipunkta öryggisbeltafestingar sem settar eru fram í lið 1.5.3.5.

2.2. Færslubúnaður sem festur er á sæti skal vera þannig að hægt sé að virkja hann handvirkt einu sinni eftir að hætt er að beita dráttarkrafti.

3. Ákvæði um prófanir

3.1. Almenn prófunarákvæði

3.1.1. Með fyrirvara um ákvæði sem sett eru fram í liðum 3.2. til 3.2.3 og í samræmi við beiðni framleiðanda:

3.1.1.1. Framkvæma má prófanir annað hvort á burðarvirki ökutækis eða fullbúnu ökutæki.

3.1.1.2. Rúður og hurðir mega vera uppsettar og vera opnar eða lokaðar.

3.1.1.3. Allir íhlutir sem festir eru með venjulegum hætti og líklegt er að stuðli að heilleika burðarvirkis ökutækisins mega vera uppsettir.

3.1.2. Öll sæti skulu vera stillt í notkunarstillingu fyrir eðlilegan akstur eins og tækniþjónustan sem ber ábyrgð á gerðarviðurkenningarprófun hefur valið og skal það tryggt að óhagstæðasta staða sætis (þ.e. versta tilfelli) sé metin á meðan á prófunum stendur.

3.1.2.1. Staða sætanna skal koma réttilega fram í skýrslunni. Ef halli sætis er stillanlegur skal bakstoð vera í læstri stöðu í samræmi við fyrirmæli framleiðanda eða ef þau eru ekki til staðar í stöðu sem samsvarar halla bols sem er sem næst 25°.

3.2. Ákvæði til að tryggja og festa ökutæki á meðan á prófun stendur

3.2.1. Aðferðin sem er notuð til að festa ökutækið meðan á prófun stendur skal ekki vera á þann veg að það styrki festingar eða festingasvæði eða dragi úr eðlilegri aflögun burðarvirkisins.

3.2.2. Aðferðin sem notuð er til að festa ökutækið á meðan á prófun stendur telst fullnægjandi ef hún hefur engin áhrif á svæðið sem nær eftir allri breidd burðarvirkisins eða ef ökutækið eða burðarvirkið er læst eða fest að framan í a.m.k. 500 mm heildarfjarlægð frá raunverulegum festipunkti sem skal prófa og haldið eða fest að aftan í a.m.k. 300 mm heildarfjarlægð frá raunverulegum festipunkti sem skal prófa.

3.2.3. Ráðlagt er að burðarvirki hvíli á stoðum sem eru beint undir hjólásum eða, sé það ekki mögulegt, beint undir fjöðrunarpunktum hjóla.

3.3. Almennar prófunarkröfur

3.3.1. Prófa skal allar festingar í sama sætishópi samtímis.

3.3.2. Dráttarkrafti skal beitt fram á við í 10° ± 5° halla aftan við lárétt plan samsíða lengdarmiðjuplani ökutækis.

3.3.3. Álag skal sett á eins fljótt og mögulegt er. Festingar skulu þola tilgreint álag í a.m.k. 0,2 sekúndur.

3.3.4. Togbúnaður sem nota skal við prófanir sem mælt er fyrir um í liðum 3.4 til 3.4.5.2 skulu vera í samræmi við forskriftirnar sem mælt er fyrir um í 5. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 14 ([22]). Breidd togbúnaðar skal valin þannig að hún samsvari hönnunargildi breiddar á milli virkra lægri öryggisbeltafestinga, eða sé eins nálægt því gildi og mögulegt er.

3.3.5. Öryggisbeltafestingar fyrir sæti sem hafa efri festingar skulu prófaðar við eftirfarandi skilyrði:

3.3.5.1. Staða ytri framsæta:

Ef um er að ræða öryggisbelti sem hafa inndráttarbúnað með vinduhjóli festan á aðskilinn lægri hliðarfestipunkt:

– festingar skulu gangast undir prófunina sem mælt er fyrir um í liðum 3.4.1 til 3.4.1.3 en þar er kröftum beitt á þær með búnaði sem hefur sama umfang og þriggja festu belti sem hafa inndráttarbúnað með vinduhjóli sem festur er á lægri hliðarfestingar og D-hring sem virkar í gegnum efri festingu.

Ef um er að ræða öryggisbelti sem ekki hafa inndráttarbúnað með vinduhjóli festan á aðskilinn lægri hliðarfestipunkt:

– festingar skulu gangast undir prófun sem mælt er fyrir um í liðum 3.4.2 til 3.4.2.2 þar sem krafti er beitt á þær með búnaði sem hefur sama umfang og þriggja festu belti sem ekki hefur vinduhjól,

– neðri festingar skulu einnig gangast undir prófun sem mælt er fyrir um í liðum 3.4.3 til 3.4.3.1 þar sem kraftar eru færðir á neðri festingar með búnaði sem virkar eins og mjaðmarbelti,

– framkvæma má prófanirnar tvær á tveimur mismunandi burðarvirkjum, ef framleiðandi óskar eftir því.

Ef hæð efri festipunktar öryggisbeltafestingar er stillt handvirkt án þess að notast við verkfæri skal hún stillt í óhagstæðustu stöðu (þ.e. versta tilfelli), eins og hún er ákveðin af tækniþjónustu.

Ef um er að ræða marga efri festipunkta öryggisbeltafestingar til notkunar með tiltekinni tegund öryggisbelta (t.d. öryggisbelta af H-gerð) skulu þær gangast undir prófun eins og krafist er í liðum 3.4.5 til 3.4.5.2 þar sem kröftum er beitt á þær með búnaði af sömu stærð og lögun og gerð þess öryggisbeltis sem ætlað er fyrir þessar festingar.

3.3.5.2. Ytri stöður aftursæta og/eða miðjusæta:

Ef um er að ræða þriggja festu öryggisbelti sem hafa inndráttarbúnað með vinduhjóli festan á aðskilinn lægri hliðarfestipunkt:

– festingar skulu gangast undir prófunina sem mælt er fyrir um í liðum 3.4.1 til 3.4.1.3 en þar er kröftum beitt á þær með búnaði sem hefur sama umfang og þriggja festu belti sem hafa inndráttarbúnað með vinduhjóli sem festur er á lægri hliðarfestingar og D-hring sem virkar í gegnum efri festingu.

Ef um er að ræða þriggja festu öryggisbelti sem ekki hafa inndráttarbúnað með vinduhjóli festan á aðskilinn lægri hliðarfestipunkt:

– festingar skulu gangast undir prófun sem mælt er fyrir um í liðum 3.4.2 til 3.4.2.2 þar sem kröftum er beitt á þær með búnaði sem hefur sama umfang og þriggja festu belti sem ekki hefur vinduhjól,

– neðri festingar skulu einnig gangast undir prófun sem mælt er fyrir um í liðum 3.4.3 til 3.4.3.1 þar sem kraftar eru færðir á neðri festingar með búnaði sem virkar eins og mjaðmarbelti,

– að beiðni framleiðanda er heimilt að framkvæma prófanirnar tvær á tveimur mismunandi burðarvirkjum.

Ef hæð efri festipunktar öryggisbeltafestingar er stillt handvirkt án þess að notast við verkfæri skal hún stillt í óhagstæðustu stöðu (þ.e. versta tilfelli), eins og hún er ákveðin af tækniþjónustu.

([22]) Stjtíð. ESB L 109, 28.4.2011, bls. 1.

Ef um er að ræða marga efri festipunkta öryggisbeltafestingar til notkunar með tiltekinni tegund öryggisbelta (t.d. öryggisbelta af H-gerð) skulu þær gangast undir prófun eins og krafist er í liðum 3.4.5 til 3.4.5.2 þar sem kröftum er beitt á þær með búnaði af sömu stærð og lögun og gerð þess öryggisbeltis sem ætlað er fyrir þessar festingar.

3.3.6. Öryggisbeltafestingar fyrir sæti sem ekki hafa efri festingar skulu prófaðar við eftirfarandi skilyrði:

3.3.6.1. Staða ytri framsæta:

Ef um er að ræða tveggja festu belti eða mjaðmabelti:

– ekki heimilt.

3.3.6.2. Ytri stöður aftursæta og/eða miðjusæta:

Ef um er að ræða tveggja festu belti eða mjaðmabelti:

– neðri festingar skulu gangast undir prófun sem mælt er fyrir um í liðum 3.4.3 til 3.4.3.1 þar sem kraftar eru færðir á neðri festingar með búnaði sem virkar eins og mjaðmarbelti.

3.3.7. Ef öryggisbeltakerfi sem setja skal upp á ökutæki gera það að verkum að nota þarf sérstakan búnað, svo sem knegtar, kefli, viðbótarfestingar eða brautir, sem er nauðsynlegt til að festa megi festa prófunarbelti eða -kapla beint á festingar, skal setja slíkan búnað upp og nota á meðan á öllum prófunun stendur, eins og við á.

3.4. Sérstakar kröfur fyrir prófanir sem framkvæma skal á ökutækjum sem hafa ≤ 600 kg massa ökutækis sem er tilbúið til aksturs

3.4.1. Prófun á tilhögun þriggja festu beltis sem hefur inndráttarbúnað með D-hring, vindu eða beltisstýringu á virkri efri öryggisbeltafestingu

3.4.1.1. Vendibúnaður, vinda eða stýring fyrir kapal eða belti með eiginleika sem nauðsynlegir eru fyrir flutning krafta frá togbúnaði eru fest við efri festingar. Í staðinn má notast við venjulegt öryggisbeltakerfi.

3.4.1.2. Prófunarálagi upp á 675 daN ± 20 daN skal beitt á togbúnað axlarbeltis sem fest er á beltafestingar með köplum eða beltum með sömu stærð og sömu lögun og efra axlarbelti samsvarandi öryggisbeltis.

3.4.1.3. Á sama tíma skal beita dráttarkrafti upp á 675 daN ± 20 daN á togbúnað mjaðmarbeltis sem fest er á neðri festingar.

3.4.2. Prófun á tilhögun þriggja festu beltis án inndráttarbúnaðar eða með inndráttarbúnaði sem festur er beint á raunverulegan efri festipunkt

3.4.2.1. Prófunarálagi upp á 675 daN ± 20 daN skal beitt á togbúnað axlarbeltis sem fest er á efri festingu og á gagnstæða lægri festingu sama öryggisbeltis með inndráttarbúnaði sem festur er á virka efri öryggisbeltafestingu, ef það er staðalbúnaður frá framleiðanda.

3.4.2.2. Á sama tíma skal beita dráttarkrafti upp á 675 daN ± 20 daN á togbúnað mjaðmarbeltis sem fest er á neðri festingar.

3.4.3. Prófun á tilhögun mjaðmarbeltis

3.4.3.1. Beita skal prófunarálagi upp á 1110 daN ± 20 daN á togbúnað mjaðmarbeltis sem fest er á neðri festingar.

3.4.4. Viðbótarprófunarkröfur ef um er að ræða festipunkta öryggisbeltafestingar sem staðsettir eru innan sætisgrindar eða dreift á milli burðarvirkis ökutækisins og sætisgrindar

3.4.4.1. Sértæku prófanirnar þrjár á tilhögun öryggisbelta sem settar eru fram í liðum 3.4.1, 3.4.2 og 3.4.3 skulu framkvæmdar á meðan á viðbótarkrafti, eins og tilgreint er að neðan, er beitt á hvert sæti og/eða hvern sætishóp.

3.4.4.2. Viðbótarkraftur á lengdina og lárétt skal vera tíu sinnum þyngd alls sætisins og því skal honum beint á þyngdarmiðju sætisgrindarinnar sem um er að ræða með aðskildum búnaði sem beitir krafti.

3.4.5. Prófun við sértæka tilhögun fyrir gerð öryggisbeltis (aðra en þriggja festu belti eða mjaðmarbelti)

3.4.5.1. Prófunarálagi upp á 675 daN ± 20 daN skal beitt á togbúnað axlarbeltis sem fest er á beltafestingar sem ætlaðar eru fyrir sérstaka tegund beltis, með köplum eða beltum með sömu stærð og sömu lögun og efra axlarbelti eða belti samsvarandi öryggisbeltis.

3.4.5.2. Á sama tíma skal beita dráttarkrafti upp á 675 daN ± 20 daN á togbúnað mjaðmarbeltis sem fest er á neðri festingar.

3.5. Sértækar kröfur fyrir prófanir sem framkvæma skal á ökutækjum sem hafa > 600 kg massa ökutækis sem er tilbúið til aksturs eða þar sem framleiðandi ökutækis velur að uppfylla þessar kröfur að eigin frumkvæði

3.5.1. Ökutæki sem falla undir viðmiðanir sem settar eru fram í lið 3.5 skulu uppfylla allar viðeigandi kröfur reglugerðar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 14, með tilliti til festinga fyrir öryggisbelti sem ætluð eru fyrir fullorðna, eins og mælt er fyrir um fyrir ökutækjaflokk M_1.

3.6. Ef valið er að setja Isofix-festingakerfi eða kerfi sem líkist því upp á ökutæki skal uppfylla allar viðeigandi kröfur sem settar eru fram í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 14 og varða staðsetningu, merkingar og styrk slíkra kerfa.

3.6. Kröfur um prófunarskýrslur

3.6.1. Aflögun á festipunktum öryggisbeltafestinga og álagsberandi burðarvirki sem hlýst af beitingu álags eins og tilgreint er í liðum 3.4 til 3.5.1 skal skráð nákvæmlega að prófun lokinni og tekið fram í prófunarskýrslu.

3. HLUTI

Kröfur sem gilda um uppsetningu öryggisbelta

1. Þar sem ekki er um neinar sértækar kröfur að ræða fyrir ökutæki í flokkum L2e, L5e, L6e og L7e í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 16 skulu ökutæki í þessum flokkum sem hafa öryggisbelti uppfylla allar viðeigandi kröfur þeirrar reglugerðar, eins og mælt er fyrir um fyrir ökutækjaflokk N_1, auk eftirfarandi:

1.1. Með fyrirvara um kröfurnar í liðum 1.1 og 1.2 í 1. hluta sem gilda um massa ökutækis sem er tilbúið til aksturs, skulu öryggisbelti vera í öllum sætum.

1.1.1. Ökumannssæti (þ.m.t. þar sem það er í miðjunni) skal í þessu tilfelli alltaf hafa þriggja festu belti eða öryggisbelti af H-gerð.

1.2. Ökutæki í flokkum L7e-A2, L7e-B2 og L7e-C skulu hafa þriggja festu belti eða öryggisbelti af H-gerð í öllum sætum, óháð massa ökutækis þegar það er tilbúið til aksturs.

1.3. Í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 16 skal skilja allar tilvísanir í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 14 sem tilvísanir í 2. hluta, eftir því sem við á.

1.4. Öryggisbelti mega vera í sætum sem eru hnakkar. Þau mega vega tveggja festu eða mjaðmabelti, frekar en þriggja festu öryggisbelti en skulu uppfylla allar aðrar viðeigandi kröfur.

1.5. Öll öryggisbelti skulu gerðarviðurkennd og uppsett í samræmi við forskriftir framleiðanda öryggisbeltis.

———

XIII. VIÐAUKI

Kröfur sem gilda um sæti (hnakkar og sæti)

1. Kröfur vegna viðurkenningar á gerð ökutækis að því er varðar sætisstöður

1.1. Ökutæki skulu hafa a.m.k. eitt sæti eða hnakk.

1.1.1. Öll sæti skulu snúa fram á við.

1.2. Ökutæki án yfirbyggingar mega hafa hnakka.

1.3. Ökutæki í flokkum L2e, L5e, L6e og L7e sem hafa yfirbyggingar skulu hafa sæti.

1.3.1. Þrátt fyrir 5. mgr. 2. gr. í þessari reglugerð og að því er varðar þennan viðauka telst ökutæki hafa yfirbyggingu ef það eru burðareiningar utan og/eða aftan við neðstu stöðu sætis sem eru utan við viðmiðunarpunkt þess sætis sem um er að ræða. Svæðið sem um er að ræða er því staðsett í og aftan við lóðrétt þverplan sem fer í gegnum viðmiðunarpunkt þess sætis sem um er að ræða. Önnur sæti, bakstoðir, farangursrými og grindur og aðrar viðbætur eða íhlutir sem uppsett eru á þau skal ekki telja sem burðareiningar í þessu samhengi (þ.e. hliðarhurðar, B-stoðir og/eða þak teljast til yfirbyggingar). Tækniþjónusta skal færa skýr rök fyrir matsviðmiðunum í prófunarskýrslu.

1.4. Viðmiðunarpunktur sætis skal ákvarðaður með eftirfarandi hætti:

1.4.1. Viðmiðunarpunktur á hnakki skal tekinn samkvæmt yfirlýsingu framleiðanda ökutækis og tilhlýðilega rökstuddur með viðeigandi hönnunarviðmiðunum fyrir ökutæki með tilliti til eiginleika 50. hundraðshlutamarks karlmanns (þ.e. manngervandi prófunarbúnaðar af gerðinni Hybrid 111) og snúningspunktur hans við mjöðm.

1.4.2. Viðmiðunarpunktur sætis skal ákvarðaður í samræmi við 3. viðbæti við 2. hluta VII, viðauka við þessa reglugerð.

1.5. Öll sæti skulu hafa sætisbök.

1.5.1. Til að leggja mat á virkni sætisbaks skal vera hægt að framkvæma a.m.k. eina af aðferðunum að neðan fyrir hvert sæti.

1.5.1.1. Aðferðin til að ákvarða H-punkt í samræmi við forskriftir í 3. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 17 skal framkvæmd á árangursríkan hátt (þ.e. ekki skal taka tillit til undantekninga sem veittar eru í þeirri reglugerð).

1.5.1.2. Ef ekki er hægt að beita aðferðinni í lið 1.5.1.1 rétt fyrir sérstakt sæti skal sýnt fram á það með fullnægjandi hætti og í kjölfarið má þess í stað setja 50. hundraðshlutamark karlmanns í sætið (þ.e. manngervandi prófunarbúnaðar af gerðinni Hybrid 111), sem skal stillt í þá hönnunarstöðu sem tilgreind er af framleiðanda ökutækis. Í slíku tilfelli skal viðmiðunarpunktur sætis tekinn samkvæmt yfirlýsingu framleiðanda ökutækis og tilhlýðilega rökstuddur með viðeigandi hönnunarviðmiðunum fyrir ökutæki með tilliti til einkenna 50. hundraðshlutamarks karlmanns og snúningspunktur hans við mjöðm. Tækniþjónusta skal færa skýr rök fyrir matsviðmiðunum í prófunarskýrslu.

1.5.1.3. Ef hægt er að framkvæma hvorugu aðferðina rétt teljast sæti og sætisbak ekki uppfylla kröfurnar í þessum viðauka.

1.6. Svæði sem líkjast sætum en sem ekki eru ætluð sem slík skulu ekki heimiluð.

1.6.1. Svæði sem líkjast sætum þar sem hægt væri að koma fyrir 50. hundraðshlutamarki kvenmanns skulu teljast sæti og skulu því uppfylla allar viðeigandi kröfur þessa viðauka.

1.7. Hæð viðmiðunarpunktar ökumannssætis skal vera $\geq$ 540 mm ef um er að ræða ökutæki í flokkum L1e, L3e og L4e og $\geq$ 400 mm ef um er að ræða ökutæki í flokkum L2e, L5e, L6e og L7e, eins og mælt er frá jörðu.

1.7.1. Ef ökutæki er búið kerfum sem geta breytt akstursbæð ökutækis skal hún stillt á venjuleg notkunarskilyrði eins og tilgreint er af framleiðanda ökutækis.

1.8. Öll sæti og allir hnakkar sem hafa festipunkta öryggisbeltafestinga og/eða öryggisbelti skulu geta þolað hraðaminnkun sem nemur 10 g í 20 ms þegar ekið er áfram án þess að bila. Ef læsi-, stilli- og færslubúnaður er uppsettur skal hann ekki bila eða losna. Færslubúnaður sem settur er upp á sæti skal vera þannig að hægt sé að virkja hann handvirkt einu sinni eftir að hraðaminnkun hefur átt sér stað.

1.8.1. Sýna skal fram á að kröfurnar í lið 1.8 séu uppfylltar með eftirfarandi hætti:

– fyrir sæti:

  – með því að framkvæma hraðaminnkun sem nemur 10g fram á við í a.m.k. 20 ms, á dæmigerðum hluta ökutækis eða

  – með því að framkvæma prófanirnar í liðum 3.4.4 til 3.4.4.2 í 2. hluta XII. viðauka,

– fyrir hnakka:

  – með því að beita á þyngdarmiðju hnakks, krafti sem er tíu sinnum heildarþyngd hnakksins sem um er að ræða, þegar ekið er fram á við.

2. Aðhaldsbúnaður fyrir börn

2.1. Framleiðandi ökutækis má mæla með aðhaldsbúnaði fyrir börn sem uppfyllir kröfur reglugerðar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 44 ([23]) til notkunar í ökutæki í flokkum L2e, L5e, L6e og L7e til uppsetningar með öryggisbeltum og/eða ISOFIX-festingum.

2.1.1. Í því tilfelli skal uppfylla allar viðeigandi kröfur um uppsetningu aðhaldsbúnaðar fyrir börn í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 16, þ.m.t. þær sem varða upplýsingar sem koma fram í notendahandbók ökutækis.

2.2. Framleiðandi ökutækis má mæla með aðhaldsbúnaði fyrir börn sem uppfyllir kröfur reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 44, til notkunar í hliðarvögnum ökutækja í flokki L4e til uppsetningar með öryggisbeltum og/eða ISOFIX-festingum.

2.2.1. Í þessu tilfelli skulu öryggisbeltafestingar uppfylla kröfur í liðum 1.3 til 1.6.2 í 1. hluta XII. viðauka og liðum 1 til 3.6.1 í 2. hluta XII. viðauka, þó mega sæti í hliðarvögnum hafa tveggja festu mjaðmabelti.

2.2.2. Uppfylla skal allar viðeigandi kröfur um uppsetningu aðhaldsbúnaðar fyrir börn í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 16, þ.m.t. þær sem varða upplýsingar sem koma fram í notendahandbók ökutækis.

———

([23]) Stjtíð. ESB L 233, 9.9.2011, bls. 95.

XIV. VIÐAUKI

Kröfur varðandi stýrieiginleika, beygjueiginleika og snúningseiginleika

1. Kröfur vegna viðurkenningar á gerð ökutækis með tilliti til stýrieiginleika, beygjueiginleika og snúningseiginleika

1.1. Ökutæki í flokkum L1e og L3e skulu prófuð í samræmi við ákvæði í liðum 2 til 2.6 og skulu uppfylla viðeigandi kröfur.

1.2. Ökutæki í flokkum L2e, L4e, L5e, L6e og L7e skulu prófuð í samræmi við ákvæði í liðum 2 til 2.8 og skulu uppfylla viðeigandi kröfur. Til viðbótar skulu þessi ökutæki uppfylla sértækar kröfur varðandi smíði í liðum 1.2.1 til 1.2.2.2.

1.2.1. Ökutæki skulu smíðuð þannig að öll hjól geti öllum stundum snúist hvert á sínum hraða. Búnaður eins og mismunadrif má vera uppsettur, hann má læsast sjálfvirkt eða með ytri leiðum en skal þó almennt vera ólæstur.

1.2.1.1. Læsivirkni slíks búnaðar skal ekki notuð til að uppfylla sértækar kröfur um hemlun í III. viðauka, einkum varðandi hemlun sem nauðsynleg er og virkar á öllum hjólum ökutækis.

1.2.2. Ökutæki í flokkum L2e, L5e, L6e og L7e sem hafa yfirbyggingu skulu hafa búnað til að bakka sem hægt er að stjórna úr ökumannssæti.

1.2.2.1. Þrátt fyrir 5. mgr. 2. gr. í þessari reglugerð og að því er varðar þennan viðauka telst ökutæki hafa yfirbyggingu ef það eru burðareiningar utan og/eða aftan við neðstu stöðu sætis sem eru utan við viðmiðunarpunkt þess sætis sem um er að ræða. Svæðið sem um er að ræða er því staðsett í og aftan við lóðrétt þverplan sem fer í gegnum viðmiðunarpunkt þess sætis sem um er að ræða. Önnur sæti, bakstoðir, farangursrými og grindur og aðrar viðbætur eða íhlutir sem uppsett eru á þau skal ekki telja sem burðareiningar í þessu samhengi (þ.e. hliðarhurðar, B-stoðir og/eða þak teljast til yfirbyggingar). Tækniþjónusta skal færa skýr rök fyrir matsviðmiðunum í prófunarskýrslu.

1.2.2.2. Ökutæki í flokki L2e með tæknilega leyfilegan hámarksmassa ≤ 225 kg sem ekki hafa öryggisbelti í ökumannssæti og sem ekki er hægt að setja hliðarhurð á eru undanskilin frá kröfum um uppsetningu búnaðar til að bakka.

2. Ákvæði um prófanir

2.1. Prófanir skulu framkvæmdar á jöfnu undirlagi með góða viðloðun.

2.2. Á meðan á prófun stendur skal ökutækið hlaðið að tæknilega leyfilegum hámarksmassa.

2.3. Þrýstingur í hjólbörðum skal stilltur að þeim gildum sem tilgreind eru af framleiðanda ökutækis fyrir viðkomandi hleðsluskilyrði.

2.4. Það skal vera mögulegt að stýra ökutæki frá því að aka beint yfir í spíral með lokabeygjuhring upp á 12 m á a.m.k. 6 km/klst. Til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar skal framkvæma eina stýrishreyfingu til hægri og eina til vinstri.

2.5. Það skal vera mögulegt að fara út úr beygju með beygjuhring upp á ≤ 50 m á snertiflöt án þess að stýrisbúnaður titri óvenjulega mikið á 50 km/klst. eða á hámarkshönnunarhraða ökutækisins, ef hann er lægri. Til að sýna fram á að kröfur séu uppfylltar skal framkvæma eina stýrishreyfingu til vinstri og eina til hægri.

2.5.1. Minnka má prófunarhraða niður í 45 km/klst. ef radíusinn er 40 m, 39 km/klst., ef radíusinn er 30 m, 32 km/klst. ef radíusinn er 20 m og 23 km/klst. ef radíusinn er 10 m.

2.6. Það skal vera mögulegt að ferðast eftir sléttu vegyfirborði án þess að ökumaður framkvæmi óvenjulegar stýrileiðréttingar og án þess að stýrisbúnaður titri óvenjulega mikið á 160 km/klst. fyrir ökutæki sem hafa hámarkshönnunarhraða ≥ 200 km/klst., á 0,8 × V_{max} fyrir ökutæki með hámarkshönnunarhraða upp á < 200 km/klst. eða á raunverulegum hámarkshraða sem ökutæki getur náð við hleðsluskilyrði fyrir prófun, ef sá hraði er lægri.

2.7. Þegar ökutæki í flokki L2e, L4e, L5e, L6e eða L7e er ekið í hring með stýrð hjól u.þ.b. hálflæst og á stöðugum hraða upp á a.m.k. 6 km/klst. skal beygjuhringur vera sá sami eða stækka ef stýrðu hjóli er sleppt.

2.8. Ökutæki í flokki L4e sem hægt er að losa hliðarvagn frá þannig að hægt sé að nota bifhjól án þess að það uppfylli kröfurnar fyrir stök bifhjól í lið 1.1 sem og kröfurnar í lið 1.2.

XV. VIÐAUKI

Kröfur varðandi áfestingu hjólbarða

1. Kröfur vegna viðurkenningar á gerð ökutækis að því er varðar áfestingu hjólbarða

1.1. Með fyrirvara um ákvæði í lið 1.2 skulu allir hjólbarðar á ökutækinu, þ.m.t. allir varahjólbarðar vera gerðarviðurkenndir samkvæmt reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 75.

1.1.1. Hjólbarðar sem teljast hæfir til að vera settir undir ökutæki í flokkum L2e og L5e í samræmi við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 75 skulu einnig teljast hæfir fyrir ökutæki í flokkum L6e og L7e.

1.1.2. Ökutæki í flokkum L1e, L2e og L6e með tæknilega leyfilegan hámarksmassa $\leq$ 150 k mega hafa hjólbarða sem ekki eru gerðarviðurkenndir og hafa $\leq$ 67 mm breidd þversniðs.

1.2. Þar sem ökutæki er hannað fyrir notkunarskilyrði sem samrýmast ekki eiginleikum hjólbarða sem hafa gerðarviðurkenningu samkvæmt reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 75 og það er því nauðsynlegt að nota hjólbarða með aðra eiginleika, gilda kröfurnar í lið 1.1 ekki, að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

– hjólbarðar séu gerðarviðurkenndir samkvæmt tilskipun ráðsins 92/23/EBE ([24]), reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 ([25]) eða reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 106, og

– viðurkenningaryfirvaldið og tækniþjónustan séu þess fullviss að hjólbarðarnir sem settir eru á ökutækið henti fyrir notkunaraðstæður þess. Eðli og undanþágur ástæðna fyrir samþykki skulu skýrt teknar fram í prófunarskýrslu.

2. Áfesting hjólbarða

2.1. Allir hjólbarðar til almennrar notkunar á sama ás nema þeir sem eru á hliðarvögnum ökutækja í flokki L4e, skulu vera af sömu gerð.

2.2. Rýmið sem hvert hjól snýst í skal vera nægilegt til að hjólið geti hreyfst óhindrað þegar notaðir eru hjólbarðar af leyfilegri hámarksstærð og felgur af leyfilegri hámarksbreidd, með tilliti til lágmarks- og hámarksafstæði felgu, ef við á, innan þeirra marka um fjöðrun og stýrisbúnað sem framleiðandi hefur sett. Þetta skal sannreynt með því að framkvæma athuganir á stærsta og breiðasta hjólbarða í hverju rými, með tilliti til viðeigandi stærðar felgu og hámarks leyfilegrar nafnbreiddar og ytra þvermáls hjólbarðans, í tengslum við tilgreinda stærð hjólbarða, eins og tilgreint er í gildandi löggjöf. Athuganirnar skulu framkvæmdar með því að snúa fyrirmynd af hámarkshjúpferli hjólbarða en ekki bara hjólbarðanum sjálfum, í rýminu fyrir hjólið sem um er að ræða.

2.2.1. Leyfileg hreyfifræðileg útþensla á skábandahjólbörðum og skábanda-/beltahjólbörðum sem eru gerðarviðurkenndir samkvæmt reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 75 fer eftir tákni fyrir hraðaflokk og notkunarflokki. Til að tryggja ótakmarkað val á skábandahjólbörðum og skábanda-/belta-hjólbörðum til endurnýjunar fyrir endanlegan notanda ökutækis skal framleiðandi ökutækis taka tillit til mestu vikmarka sem mælt er fyrir um í lið 4.1. í 9. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 75, (þ.e. (H_{dyn})(H 1.18)), óháð hraðaflokki og notkunarflokki hjólbarðanna á ökutækinu sem á að gerðarviðurkenna.

2.3. Tækniþjónusta getur heimilað aðra prófunaraðferð (t.d. sýndarprófun) til að sannreyna að kröfurnar í liðum 2.2 til 2.2.1 séu uppfylltar, að því tilskildu að bil á milli hámarkshjúpferils hjólbarða og burðarvirkis ökutækis sé meira en 10 mm á alla kanta.

3. Burðargeta

3.1. T hámarksburðargeta hvers hjólbarða á ökutækinu skal a.m.k. vera jöfn eftirfarandi:

– leyfilegum hámarksmassa á ás þar sem ásinn hefur aðeins einn hjólbarða,

([24]) Stjtíð. ESB L 129, 14.5.1992, bls. 95.
([25]) Stjtíð. ESB L 200, 31.7.2009, bls. 1.

– helmingur leyfilegs hámarksmassa á ás þar sem ásinn hefur tvo einfalda hjólbarða,

– leyfilegur hámarksmassi á ás margfaldaður með 0,54 þar sem ásinn hefur tvo tvöfalda hjólbarða,

– leyfilegur hámarksmassi á ás margfaldaður með 0,27 þar sem ásinn hefur tvö sett tvöfaldra hjólbarða,

– með tilvísun í leyfilegan hámarksmassa á hvern ás eins og framleiðandi ökutækis tilgreinir.

3.1.1. Burðarstuðull sem tilgreindur er í upplýsingaskjali skal vera lægsta gildi sem samrýmist leyfilegu hámarksálagi á hjólbarðann sem um er að ræða. Setja má hjólbarða með hærra gildi á ökutækið.

3.2. Veita skal viðkomandi upplýsingar með skýrum hætti í notendahandbók ökutækisins til að tryggja að viðeigandi hjólbarðar til endurnýjunar með viðeigandi burðargetu séu settir á þegar þess gerist þörf eftir að ökutækið hefur verið tekið í notkun.

4. Hraðaþol

4.1. Allir hjólbarðar sem eru venjulega á ökutæki skulu vera með tákni fyrir hraðaflokk.

4.1.1. Tákn fyrir hraðaflokk skal samrýmast hámarkshönnunarhraða ökutækis.

4.1.1.1. Hraðaflokkur sem tilgreindur er í upplýsingaskjali skal vera lægsta gildi sem samrýmist hámarkshönnunarhraða ökutækis. Setja má hjólbarða með hærra gildi á ökutækið.

4.1.2. Ef um er að ræða hjólbarða í hraðaflokkum V, W, Y og Z skal taka tillit til hleðslunnar sem tilgreind er í viðeigandi tilskipun, ESB reglugerð eða reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu.

4.1.3. Ef um er að ræða hjólbarða í flokki C2 eða C3 skal taka tillit til hleðslunnar sem tilgreind er í lið 2.29 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 54.

4.2. Kröfurnar í liðum 4.1.1 og 4.1.3 gilda ekki við eftirfarandi aðstæður:

4.2.1. Ef um er að ræða varaeiningu til tímabundinnar notkunar.

4.2.2. Ef um er að ræða ökutæki sem venjulega eru búin venjulegum hjólbörðum og stöku sinnum snjóhjólbörðum, en þá skal tákn fyrir hraðaflokk á snjóhjólbarðanum samrýmast hraða sem er annað hvort meiri en hámarkshönnunarhraði ökutækisins eða að lágmarki 130 km/klst. (eða hvort tveggja). Hins vegar, ef hámarkshönnunarhraði ökutækisins er meiri en hraðinn sem samsvarar tákni fyrir lægsta hraðaflokk þeirra snjóhjólbarða sem eru áfestir, skal setja viðvörunarmerki um hámarkshraða, sem tilgreinir lægsta gildið fyrir hámarkshraðaþol þessara snjóhjólbarða, inn í ökutækið á áberandi stað sem blasir alltaf við ökumanninum eða, ef ekki er hægt að komast inn í ökutækið, eins nálægt stjórntækjaklasa og mögulegt er.

4.3. Veita skal viðkomandi upplýsingar með skýrum hætti í notendahandbók ökutækisins til að tryggja að viðeigandi hjólbarðar til endurnýjunar með viðeigandi hraðaþol séu settir á þegar þess gerist þörf eftir að ökutækið hefur verið tekið í notkun.

5. Þrýstingur í hjólbörðum

5.1. Framleiðandi ökutækis skal mæla með þrýstingi í köldum hjólbarða fyrir hvern hjólbarða fyrir venjulega notkun á vegi. Heimilt er að tilgreina einn þrýsting eða þrýstingssvið, með hliðsjón af hleðsluskilyrðum ökutækis. Ekki má tilgreina margþættan þrýsting til að draga úr sliti eða auka eldsneytisnýtni þannig að það komi niður á þægindum eða í sambærilegum tilgangi.

5.2. Tilgreindur þrýstingur í köldum hjólbörðum í samræmi við lið 5.1 skal gefinn upp á ökutæki (t.d. á einum eða fleiri merkimiðum). Upplýsingarnar skulu vera auðlæsilegar án þess að fjarlægja nokkra hluta með notkun verkfæra og skulu vera festar þannig að ekki sé auðvelt að fjarlægja þær.

5.3. Viðeigandi upplýsingar skulu einnig gefnar upp með skýrum hætti í notendahandbók ökutækis til að hvetja ökumann ökutækis til að athuga þrýsting í hjólbörðum reglulega og stilla hann ef þörf er á.

XVI. VIÐAUKI

Kröfur sem gilda um plötu sem sýnir takmörkun hámarkshraða ökutækis og staðsetningu hennar á ökutæki

1. Kröfur vegna viðurkenningar á gerð ökutækis að því er varðar plötu sem sýnir takmörkun hámarkshraða og staðsetningu hennar á ökutæki

1.1. Ökutæki í flokkum L7e-B1 og L7e-B2 skulu hafa plötu þar sem hámarkshönnunarhraði ökutækis er gefinn upp.

1.2. Ökutæki í flokkum L1e, L3e, L4e, L5e-A mega hafa plötu þar sem hámarkshönnunarhraði ökutækis er gefinn upp, að því tilskildu að kröfur þessa viðauka séu uppfylltar.

2. Sértækar kröfur er varða plötuna

2.1. Öll rittákn á plötunni skulu mynduð með efni sem endurkastar ljósi og er gerðarviðurkennt fyrir flokk D, E eða D/E samkvæmt reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 104 ([26]).

2.2. Yfirborðið skal samanstanda að hvítri hringlaga plötu sem ekki endurkastar ljósi og hefur 200 mm þvermál.

2.2.1. Festa má yfirborðið á stærra svæði sem hefur aðra lögun, s.s. yfirbyggingu, að því tilskildu að allar kröfur séu enn uppfylltar.

2.3. Númerið sem tilgreint er á plötunni skal merkt með appelsínugulum tölustöfum.

2.3.1. Leturgerð skal vera venjuleg, auðlæsileg, upprétt og algeng. Ekki er leyfilegt að nota leturgerð sem hermir eftir rithönd eða skáletur.

2.3.2. Allir tölustafir skulu vera af sömu leturstærð, a.m.k. 100 mm á hæð og 50 mm á breidd, að undanskildum tölustafnum „1“ sem má vera mjórri.

2.4. Ef um er að ræða ökutæki sem ætluð eru og búin eru fyrir notkun á svæðum þar sem notast er við metragildi skulu stafirnir „km/klst.“ koma fram undir tilgreindum hraða.

2.4.1. Heildarmál „km/klst.“ skal a.m.k. vera 40 mm á hæð og 60 mm á breidd.

2.5. Ef um er að ræða ökutæki sem ætluð eru og búin eru fyrir notkun á svæðum þar sem notast er við breska mælieiningakerfið skulu stafirnir „mílur/klst.“ koma fram undir tilgreindum hraða.

2.5.1. Heildarmál „mílur/klst.“ skal a.m.k. vera 40 mm á hæð og 60 mm á breidd.

2.6. Ef ökutæki eru ætluð og búin fyrir notkun á svæðum þar sem bæði er notast við metrakerfið og breska mælieiningakerfið skal setja báðar útfærslur af plötu fyrir hraðatakmörkun á ökutækið og uppfylla skal allar kröfur þessa viðauka.

3. Staðsetning, sýnileiki og eiginleikar plötunnar

3.1. Platan skal vera því sem næst slétt yfirborð.

3.2. Staðsetning plötunnar miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins:

3.2.1. Miðpunktur plötunnar skal ekki vera staðsettur vinstra megin við lengdarmiðjuplan ökutækisins.

([26]) Hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum.

3.3. Staðsetning plötunnar miðað við lóðrétt lengdarmiðjuplan ökutækisins:

3.3.1. Platan skal vera hornrétt á lengdarmiðjuplan ökutækisins.

3.3.2. Hægri brún plötunnar má ekki vera staðsett hægra megin við lóðrétt plan sem er samsíða lengdarmiðjuplani ökutækisins og sem snertir ystu brún ökutækisins.

3.4. Staðsetning plötunnar miðað við lóðrétt þverplan ökutækisins:

3.4.1. Platan má halla frá lóðréttri stöðu:

3.4.1.1. Á milli – 5° og 30°, að því tilskildu að efri brún plötunnar sé ekki í meiri hæð en 1,20 m frá jörðu,

3.4.1.2. Á milli – 15° og 5°, að því tilskildu að efri brún plötunnar sé í meiri hæð en 1,20 m frá jörðu.

3.5. Hæð plötunnar frá jörðu

3.5.1. Lægri brún hæðar plötunnar skal vera 0,30 m eða meira frá jörðu.

3.5.2. Efri brún plötu skal ekki vera meira en 1,20 m frá jörðu. Ef það er óframkvæmanlegt að vera í samræmi við ákvæðið um hæð vegna smíði ökutækisins má hæðin vera meiri en 1,20 m, að því tilskildu að platan sé eins nálægt mörkunum og smíðaeiginleikar ökutækisins leyfa og skal hæðin aldrei vera meiri en 2,00 m.

3.6. Rúmfræðilegur sýnileiki:

3.6.1. Ef efri brún plötunnar er ekki meira en 1,20 m frá jörðu skal merkið vera sýnilegt innan alls flatarins sem afmarkast af eftirfarandi fjórum plönum:

– tveimur lóðréttum plönum sem snerta hvort sína hliðarbrún plötunnar og mynda horn sem mælist 30° út á við, miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins,

– plani sem snertir efri brún plötunnar og myndar horn sem mælist 15° upp á við miðað við lárétt plan,

– lárétta planinu í gegnum neðri brún plötunnar.

3.6.2. Ef efri brún plötunnar er meira en 1,20 m frá jörðu skal platan vera sýnileg innan alls flatarins sem afmarkast af eftirfarandi fjórum plönum:

– tveimur lóðréttum plönum sem snerta hvort sína hliðarbrún plötunnar og mynda horn sem mælist 30° út á við, miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins,

– plani sem snertir efri brún plötunnar og myndar horn sem mælist 15° upp á við miðað við lárétt plan,

– plani sem snertir neðri brún plötunnar og myndar horn sem mælist 15° niður á við miðað við lárétt plan.

4. Prófunaraðferð

4.1. Ákvörðun halla frá lóðréttri stöðu og hæðar plötu frá jörðu:

4.1.1. Áður en mælingar fara fram er ökutækinu komið fyrir á sléttu yfirborði með massann stilltan í samræmi við þann massa ökutækis sem er tilbúið til aksturs sem framleiðandi tilgreinir, auk massa allra knúningshreyfla.

4.1.2. Ef ökutæki er búið kerfum sem geta breytt akstushæð ökutækis skal hún stillt á venjulegt akstursástand eins og tilgreint er af framleiðanda ökutækis.

4.1.3. Ef platan snýr niður á við skulu hallamælingar gefnar upp með neikvæðum (mínus) tölum.

———

XVII. VIÐAUKI

Kröfur varðandi vernd ökumanns og farþega í ökutækjum þ.m.t. innréttingar og dyr á ökutækjum

1. HLUTI

Kröfur vegna viðurkenningar á gerð ökutækis að því er varðar innréttingar

1. Almennar kröfur

1.1. Ökutæki í flokkum L2e, L5e, L6e og L7e sem hafa yfirbyggingu skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

1.1.1. Innra rými ökutækis er skipt niður í þrjú meginsvæði:

– innra svæði 1:

– framan við viðmiðunarlínu bols miðað við sætisstöðu ökumanns,

– ofan við viðmiðunarpunkt sætisstöðu ökumanns,

– innra svæði 2:

– framan við viðmiðunarlínu bols miðað við sætisstöðu ökumanns,

– neðan við viðmiðunarpunkt í sætisstöðu ökumanns og

– innra svæði 3:

- aftan við viðmiðunarlínu bols miðað við sætisstöðu ökumanns,

– framan viðmiðunarlínu bols miðað við sætisstöðu aftasta farþega,

– ofan við viðmiðunarpunkt lægstu sætisstöðu í öðru sæti en bílstjórasæti.

1.1.1.1. Þrátt fyrir 5. mgr. 2. gr. þessarar reglugerðar og að því er varðar þennan viðauka telst ökutæki hafa yfirbyggingu, og þar með innra rými, ef á því eru rúður úr öryggisgleri, hliðardyr, hliðarstoðir og/eða þak sem mynda rými sem er lokað eða lokað að hluta til. Tækniþjónusta skal færa skýr rök fyrir matsviðmiðunum í prófunarskýrslu.

1.1.2. Allar dyr og rúður ökutækis skulu vera lokaðar. Ef ökutækið er með þaki sem hægt er að opna eða fjarlægja skal það vera lokað.

1.1.3. Aðra hluti í innra rými sem hafa margar notkunarstillingar, svo sem handföng, sólskyggni, glasahaldara, öskubakka, loftræstingarúttök, hnúða og hnappa skal meta á öllum þeim stöðum þar sem þeim er komið fyrir, þ.m.t. allir millistillingar. Geymsluhólf (t.d. hanskahólf) skulu metin í lokaðri stöðu.

1.1.4. Horfa skal framhjá efnum sem hafa minni hörku en 50 „Shore“ þegar lagt er mat á hvort kröfur séu uppfylltar. Tækniþjónusta skal því fara fram á að slík efni verði fjarlægð á meðan á athugun fyrir gerðarviðurkenningu stendur.

1.1.5. Horfa skal framhjá framsæti sætisgrindar. Aftursæti sætisgrindar á innra svæði 3 skal uppfylla kröfur 1. hluta (þegar búið er að fjarlægja öll mjúk efni) eða viðeigandi kröfur fyrir sætisrými 1, 2 og 3 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 17, eins og mælt er fyrir um fyrir ökutækjaflokk M_1.

1.1.6. Prófunartæki

1.1.6.1. Notast skal við prófunartæki sem tekur mið af höfði á innra svæði 1 og 3 til að líkja eftir aðstæðum þar sem brúnir geta komist í snertingu við höfuð ökumanns eða farþega. Tækið skal samanstanda af kúlufleti með 165 mm þvermál. Ef nauðsyn krefur skal beita krafti sem ekki er meiri en 2,0 daN með prófunartæki til að brúnir verði sýnilegar.

1.1.6.2. Notast skal við prófunartæki sem tekur mið af hnjám á innra svæði 2 til að líkja eftir aðstæðum þar sem brúnir geta komist í snertingu við hné ökumanns eða farþega. Nákvæm skilgreining á prófunartæki sem tekur mið af hnjám skal vera eins og sett er fram í 1. viðbæti við 1. hluta. Ef nauðsyn krefur skal beita krafti sem ekki er meiri en 2,0 daN með prófunartæki til að brúnir verði sýnilegar.

1.1.6.3. Prófunartækið sjálft skal ekki fært út af því svæði sem verið er að meta, þó má færa prófunartæki sem tekur mið af höfði niður fyrir neðri lárétt mörk innra svæðis 1 og prófunartæki sem tekur mið af hnjám upp fyrir efri lárétt innra svæðis 2 svo lengi sem viðkomandi snertipunktur er enn innan þess rýmis sem verið er að meta (þ.e. engin skörun snertipunkta). Ef innra rými ökutækis er opið, t.d. vegna þess að það vantar hurð eða þak, skal taka tillit til ímyndaðra ytri marka eins og allt ökutækið, og þar með op þess, væri pakkað inn í þunnt plast.

2. Sérkröfur og prófanir

2.1. Innra svæði 1:

2.1.1. Á þessu svæði skal prófunartæki sem tekur mið af höfði hreyft í allar mögulegar áttir. Allar snertanlegar brúnir, nema þær sem nefndar eru að neðan, skulu vera rúnnaðar með a.m.k. 3,2 mm krappageisla.

2.1.2. Snertanlegar brúnir fyrir ofan mælaborð sem annað hvort eru hluti af mælaborðinu eða hlutum sem festir eru beint á það skulu vera rúnnaðar með a.m.k. 2,5 mm krappageisla.

2.1.3. Horfa skal framhjá hlutum á innra svæði 1 sem hafa lárétta hringlaga vörn að framan sem afmarkar ytri mörk stýrisbúnaðar, auk jaðarbands sem er 127 mm breitt. Telja skal hlutana til stýrisbúnaðar í öllum notkunarstillingum (þ.e. aðeins skal horfa framhjá vörn sem alltaf er hulin).

2.1.4. Snertanlegar brúnir á mælaborði, sem munu hverfa undir uppblásinn öryggispúða ef árekstur verður, skulu a.m.k. vera ávalar.

2.1.5. Snertanlegar brúnir stýrisbúnaðar skulu vera rúnnaðar með a.m.k. 2,5 mm krappageisla.

2.1.6. Snertanlegar brúnir stýrisbúnaðar, sem munu hverfa undir uppblásinn öryggispúða ef árekstur verður, skulu a.m.k. vera ávalar.

2.1.7. Snertanlegar brúnir blaða og opa fyrir loftræstingarúrtök skulu a.m.k. vera ávalar.

2.2. Innra svæði 2:

2.2.1. Á þessu svæði skal færa prófunartæki sem tekur mið af hnjám frá gefnum upphafsstaðsetningum í lárétta átt fram á við, á meðan staða X-áss búnaðarins má vera breytileg innan tilgreindra marka. Allar snertanlegar brúnir, að undanskildum þeim sem nefndar eru að neðan, skulu vera rúnnaðar með a.m.k. 3,2 mm krappageisla. Horfa skal framhjá snertingu við afturhluta búnaðarins.

2.2.2. Horfa skal framhjá fótstigum og búnaði fyrir þau.

2.3. Innra svæði 3:

2.3.1. Á þessu svæði skal prófunartæki sem tekur mið af höfði hreyft í allar mögulegar áttir. Allar snertanlegar brúnir, að undanskildum þeim sem nefndar eru að neðan, skulu vera rúnnaðar með a.m.k. 3,2 mm krappageisla.

2.3.2. Snertanlegar brúnir aftan á sætisgrind mega að öðrum kosti uppfylla sértækar kröfur um sætisrými 1, 2 og 3 sem um getur í lið 1.1.5.

———


1. viðbætir

Prófunartæki

1. Prófunartæki sem tekur mið af hnjám

1.1. Skýringarmynd af prófunartæki:

Mynd 16-1-P1-Ap1-1



2. Málsmeðferð vegna notkunar:

2.1. Prófunartæki skal komið fyrir í hvaða stöðu sem er þannig að:

– plan X-X sé samsíða lengdarmiðjuplani ökutækis, og

– X-ás geti snúist ofan og neðan við lárétt plan í gegnum horn sem eru a.m.k. 30°.

2. HLUTI

Kröfur vegna viðurkenningar á gerð ökutækis að því er varðar hurðir

1. Kröfur og prófun

1.1. Ökutæki í flokkum L2e, L5e, L6e og L7e sem hafa hurðir skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

1.1.1. Sérhver hurð skal hafa búnað sem heldur henni lokaðri. Hurð má hafa lamir og/eða annað gangverk, kerfi eða búnað til aðhalds og á lokaðri hurð mega vera bil eða op út.

1.1.2. Sérhver hurð skal geta þolað ýtikraft upp á 200 daN, sem beitt er með högghamri með flötum enda, lárétt að utanverðu (þannig þvert á ökutækið). Endi högghamarsins skal hafa heildarþvermál sem ekki er meira en 50 mm og má hafa rúnnaðar brúnir. Kraftinum skal annað hvort beitt á miðju hurðar eða á annan punkt á lóðréttu þverplani sem fer í gegnum viðmiðunarpunkt þess sætis sem er næst hurðinni sem um er að ræða í hæð sem samsvarar viðmiðunarpunktinum eða punkti allt að 500 mm fyrir ofan hann. Á meðan á prófun stendur skal fjarlægja innréttingar, íhluti eða aðra þætti sem hindra beitingu kraftsins.

1.1.2.1. Búnaður sem heldur hurðinni í lokaðri stöðu skal ekki bila, sleppa eða opnast algjörlega innan 0,2 sekúndna frá því að tilgreindum lágmarkskrafti er beitt og hurðin skal haldast lokuð eftir að krafturinn hefur verið tekinn af. Leyfilegt er að bil og op opnist út vegna þess að efni eru sveigð.

XVIII. VIÐAUKI

Kröfur varðandi samfellt hámarksnafnafl eða nettóafl og/eða takmörkun hönnunarhraða ökutækis

1. Kröfur vegna viðurkenningar á gerð ökutækis að því er varðar samfellt hámarksnafnafl eða nettóafl og/eða takmörkun hámarkshönnunarhraða ökutækis.

1.1. Ökutæki í tilgreindum flokkum skulu uppfylla kröfur um hámarkshraða ökutækis og, ef við á, kröfur um samfellt hámarksnafnafl eða nettóafl sem settar eru fram í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 168/2013.

1.1.1. Slík ökutæki skulu hafa búnað sem takmarkar þann hámarkshraða sem ökutæki getur náð á láréttu, flötu og sléttu yfirborði og/eða búnað sem takmarkar samfelld hámarksaflafköst eða nettóaflafköst.

1.1.2. Slík tæki skulu starfsrækt út frá eftirfarandi meginreglum:

1.1.2.1. Fyrir ökutæki sem knúin eru hreyfli með rafkveikju með beinum hætti eða með vélrænni aflyfirfærslu eða vökvaaflyfirfærslu.

Takmarka skal hámarkshraða ökutækis og/eða hámarksafl með því að stilla tvennt eða fleira af eftirtöldu:

– eiginleika, tímastillingu neistans sem kveikir í blöndu eldsneytis/lofts í strokk(um) eða hvort hann er til staðar,

– magn lofts sem hreyfillinn tekur inn,

– magn eldsneytis sem hreyfillinn tekur inn

– snúningshraða úttaks aflrásar sem stýrt er rafrænt eða vélrænt, svo sem tengsli, gírkassa eða endanlegt drif.

1.1.2.1.1. Stillingar á eiginleikum neista til að takmarka hámarkshönnunarhraða ökutækis og/eða hámarksafl skulu aðeins leyfðar fyrir (undir)flokka L3e-A3, L4e-A3 og L5e.

1.1.2.2. Fyrir ökutæki sem knúin eru af þjöppukveikjuhreyfli með beinum hætti eða með vélrænni aflyfirfærslu eða vökvaaflyfirfærslu.

Takmarka skal hámarkshraða ökutækis og/eða hámarksafl með því að stilla tvennt eða fleira af eftirtöldu:

– magn lofts sem hreyfillinn tekur inn,

– magn eldsneytis sem hreyfillinn tekur inn

– snúningshraða úttaks aflrásar sem stýrt er rafrænt eða vélrænt, svo sem tengsli, gírkassa eða endanlegt drif.

1.1.2.3. Fyrir ökutæki sem knúin eru með einum eða fleiri rafmagnshreyflum, þ.m.t. ökutæki sem eru alfarið rafknúin og blendingsrafökutæki:

Takmarka skal hámarkshraða ökutækis og/eða hámarksafl með því að stilla tvennt eða fleira af eftirtöldu:

– minnkun hámarksafkasta eins eða fleiri rafmagnshreyfla á ökutækinu eða snúningshraða eins og rafmagnshreyfill nemur hann innan frá,

– minnkun hámarksafkasta eins eða fleiri rafmagnshreyfla byggð á raunverulegum hraða ökutækis eins og rafmagnshreyfill nemur hann að fullu utan frá, og

– efnislegar takmarkanir á hraða ökutækis með innri eða ytri íhlutum svo sem hæsta snúningshraða sem rafmagnshreyfill getur náð.

1.1.2.4. Fyrir ökutæki sem knúin eru með öðrum hætti en talið er upp að ofan:

Takmarka skal hámarkshraða ökutækis og/eða hámarksafl með tveimur eða fleiri aðskildum aðferðum sem skulu, eftir því sem kostur er, byggja á framangreindum meginreglum er varða stillingar, minnkanir eða efnislegar hraðatakmarkanir.

1.1.2.5. Að minnsta kosti tvær af takmörkunaraðferðunum sem um getur í liðum 1.1.2.1 til 1.1.2.4 skulu starfa óháð hver annarri, hafa annað eðli og aðra grunnhugmynd að hönnun, þó þær megi beita sambærilegum þáttum (t.d. báðar aðferðir byggja á viðmiðun um hraða en önnur aðferðin mælir innan hreyfils og hin í aflrás gírkassa). Ef önnur aðferðin virkar ekki sem skyldi (t.d. vegna þess að átt hefur veið við hana) skal það ekki hafa áhrif á takmörkunarvirkni hinnar aðferðarinnar. Í þessu tilfelli má hámarksafl og/eða hraði sem er viðhaldið vera lægri en við venjuleg skilyrði.

1.1.3. Hámarkshraði eða -afl ökutækis skal ekki takmarkast af aðferðum við vélræna stöðvun eldsneytisgjafar eða aðra vélræna stöðvun sem takmarkar op eldsneytisgjafar og kemur þannig í veg fyrir loftinntak hreyfils.

1.1.4. Ákvæði um aðrar aðferðir og notkun annarra aðferða sem gera ökumanni kleift að stilla, velja eða breyta hámarkshraða ökutækis og/eða takmörkunum hámarksafls með beinum eða óbeinum hætti (t.d. rofi með mikla afkastagetu, sérstaklega kóðaður greiningarvari í kveikjulykli, efnislegur eða rafrænn tengikapall, valkostir í gegnum rafræna valmynd, forritanlegir þættir stýribúnaðar) eru bönnuð.

2. Kröfur sem gilda um sýniprófun vegna gerðarviðurkenningar

2.1. Allir hlutir skulu sannprófaðir. Framleiðandi ökutækis skal sýna fram á að sértækar kröfur í liðum 1.1 til 1.1.2.5 séu uppfylltar með því að sýna fram á að tvær eða fleiri af þeim aðferðum sem beitt er, með samþættingu sértæks búnaðar og/eða aðgerða í knúningskerfi ökutækis, tryggi það samfellda hámarksnafnafl eða nettóafl og/eða þá takmörkun hámarkshraða sem krafist er og að sérhver aðferð geri það með sjálfstæðum hætti.

2.1.1. Framleiðandi ökutækis skal undirbúa sýnieintak ökutækis þannig að tryggt sé að aðeins einni aðferð sé beitt á meðan á gerðarviðurkenningarprófun stendur. Framkvæma skal sértækan undirbúning og sýniprófun í fullu samráði við tækniþjónustu.

2.1.2. Tækniþjónusta má fara fram á undirbúning og tilraunaprófun á viðbótarbilunum sem geta orðið í kjölfar þess að átt sé við búnað af ásettu ráði, hvort sem þær geta valdið skemmdum á ökutæki eða ekki.

XIX. VIÐAUKI

Kröfur varðandi heilleika burðarvirkis ökutækis

1. Kröfur vegna viðurkenningar á gerð ökutækis að því er varðar heilleika burðarvirkis

1.1. Ökutæki skulu hönnuð og smíðuð þannig að þau séu nægilega traust til að þola fyrirhugaða notkun á hefðbundnum endingartíma, með tilliti til reglulegs og áætlaðs viðhalds og stillingar sérstaks búnaðar sem sett er skýrt og afdráttarlaust fram í notendahandbók sem fylgir með ökutækinu. Framleiðandi ökutækis skal gefa frá sér undirritaða yfirlýsingu þess efnis.

1.1.1. Ökutæki í flokki L1e-A og hjól sem hönnuð eru til að vera fótstigin og eru í flokki L1e-B skulu hönnuð og smíðuð þannig að þau uppfylli forskriftir varðandi styrk og smíði gaffla og ramma eins og tiltekið er í staðli EN 14764:2005 þar sem tilgreindar eru öryggis- og nothæfiskröfur fyrir hönnun, samsetningu og prófun reiðhjóla og undireininga sem hugsaðar eru til notkunar á opinberum vegum.

1.1.2. Hjól í flokki L1e-B sem hönnuð eru til þess að vera fótstigin skulu hafa ≤ 35 kg massa þegar þau eru tilbúin til notkunar og vera búin fótstigum sem gera það að verkum að hægt er að knýja það áfram eingöngu með vöðvaafli í fótleggjum hjólreiðamanns. Ökutækið skal hafa stillanlega stöðu fyrir hjólreiðamann til að bæta vinnuvistfræðilega líkamsstöðu hans til að stíga hjólið. Aukaknúningsafli skal bætt við fótstigskraft ökumanns og skal vera minna en eða jafnt og fjórum sinnum raunverulegur fótstigskraftur.

1.2. Samsetning og smíði ökutækis í samsetningarverksmiðju, einkum ferli er varða ramma, grind og/eða yfirbyggingu og drifrás, skal falla undir gæðatryggingarkerfi til að tryggja að eftir því sem við á séu mikilvægar vélrænar tengingar, svo sem málmsuða og snittaðar tengingar sem og önnur viðeigandi efniseinkenni, undir eftirliti og sannprófaðar.

1.2.1. Kröfurnar í lið 1.2 skulu falla undir skyldur framleiðenda ökutækis að því er varðar fyrirkomulag við samræmi framleiðslu sem um getur í 33. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013.

1.3. Í samræmi við VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 168/2013 skal gerðarviðurkenningaryfirvald staðfesta að ef til innköllunar kemur vegna alvarlegrar öryggisáhættu, verði sértæk greining á burðarvirki ökutækis, íhluta og/eða hluta með verkfræðilegum útreikningum, sýndarprófunaraðferðum og/eða burðarvirkisprófunum án tafar gerð tiltæk viðurkenningaryfirvaldinu og framkvæmdastjórninni óski þau eftir því.

1.4. Gerðarviðurkenning ökutækis skal ekki veitt ef það er ástæða til að efast um að framleiðandi ökutækisins geti gert greininguna sem um getur í lið 1.3 aðgengilega. Þessi efi getur annað hvort stafað af aðgengileika eða tilvist slíkrar greiningar (t.d. umsókn um gerðarviðurkenningu fyrir takmarkað upplag ökutækja frá óstaðfestum framleiðanda sem hefur aðila í fyrirsvari sem ekki er líklegur til að hafa marktækan aðgang að slíkri greiningu).

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2014/55/ESB **2015/EES/63/32**

frá 16. apríl 2014

um rafræna reikningagerð í opinberum innkaupum (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([2]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Nokkrir alþjóðlegir, landsbundnir og svæðisbundnir staðlar, ásamt stöðlum einstakra fyrirtækja, um rafræna reikninga eru fyrir hendi og eru nú notaðir í aðildarríkjunum. Enginn þessara staðla gengur öðrum framar og fæstir þeirra eru rekstrarsamhæfðir hverjir öðrum.

2) Þar sem sameiginlegur staðall er ekki fyrir hendi er það aðildarríkjanna að ákveða sínar eigin tæknilegu lausnir, sem byggjast á einstökum landsstöðlum, þegar þau hvetja til notkunar rafrænna reikninga í opinberum innkaupum eða gera notkun þeirra skyldubundna. Þar af leiðandi fer mismunandi stöðlum sem notaðir eru samhliða í aðildarríkjunum fjölgandi og mun líklega fjölga enn frekar í framtíðinni.

3) Fjölbreytni staðla sem eru ekki rekstrarsamhæfðir leiðir af sér hátt flækjustig, réttaróvissu og aukalegan rekstrarkostnað fyrir rekstraraðila sem nota rafræna reikninga milli aðildarríkja. Rekstraraðilar sem óska eftir að stunda innkaup yfir landamæri þurfa oft að uppfylla nýjan staðal um rafræna reikningagerð í hvert sinn sem þeir fá aðgang að nýjum markaði. Þar sem hinar ólíku lagalegu og tæknilegu kröfur varðandi rafræna reikninga letja rekstraraðila til að stunda innkaup yfir landamæri eru þær hindranir á markaðsaðgangi við opinber innkaup yfir landamæri og viðskiptahindranir. Þær standa í vegi fyrir grundvallarréttindum og hafa þannig bein áhrif á starfsemi innri markaðarins.

4) Þessar hindranir á viðskiptum innan Sambandsins munu líklega aukast í framtíðinni þegar þróaðir verða fleiri staðlar einstakra aðildarríkja og einkafyrirtækja sem ekki eru rekstrarsamhæfðir, jafnframt því sem notkun rafrænna reikninga í opinberum innkaupum verður enn almennari eða verður gerð skyldubundin í aðildarríkjunum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 133, 6.5.2014, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 166/2015 frá 11. júní 2015 um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 79, 6.3.2014, bls. 67.

([2]) Áliti var skilað 28. nóvember 2013 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*).

([3]) Afstaða Evrópuþingsins frá 11. mars 2014 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 14. apríl 2014.

5) Ryðja ætti úr vegi eða draga úr hindrunum á viðskiptum yfir landamæri sem stafa af því að nokkur lagaskilyrði og tæknistaðlar um rafræna reikningagerð eru fyrir hendi samhliða og af skorti á rekstrarsamhæfi þeirra. Til að ná þessu markmiði ætti að þróa sameiginlegan evrópskan staðal um merkingarfræðilegt gagnalíkan fyrir meginstök rafræns reiknings („Evrópustaðall um rafræna reikningagerð“). Í staðlinum ætti að setja fram og lýsa þeim meginstökum sem rafrænn reikningur þarf alltaf að innihalda og auðvelda þannig sendingu og móttöku rafrænna reikninga milli kerfa sem byggjast á mismunandi tæknistöðlum. Þessi staðall ætti hvorki að koma í stað landsbundinna tæknistaðla sem þegar eru fyrir hendi né heldur ætti að setja takmörk fyrir notkun þeirra, að því tilskildu að þeir fari ekki í bága við þennan Evrópustaðal, og áframhaldandi notkun þeirra ætti að vera möguleg samhliða Evrópustaðlinum.

6) Með því að tryggja merkingarfræðilegt rekstrarsamhæfi og bæta réttarvissu mun tilskipun þessi stuðla að því að tekin verði upp rafræn reikningagerð í opinberum innkaupum og gera aðildarríkjum, samningsyfirvöldum, samningsstofnunum og rekstraraðilum þar með kleift að skapa umtalsverðan ávinning með tilliti til sparnaðar, umhverfisáhrifa og minna stjórnsýsluálags.

7) Hámarksávinningur af rafrænni reikningagerð næst þegar gera má gerð, sendingu, afhendingu, móttöku og meðferð reiknings algerlega sjálfvirka. Af þessum sökum ættu einungis tölvulesanlegir reikningar, sem viðtakandinn getur unnið úr sjálfvirkt og stafrænt, að teljast uppfylla Evrópustaðalinn um rafræna reikningagerð. Að því er varðar þessa tilskipun ætti ekki að líta svo á að myndskrá ein og sér sé rafrænn reikningur.

8) Markmið rekstrarsamhæfis er að mögulegt sé að setja fram og vinna úr upplýsingum með samræmdum hætti milli viðskiptakerfa, óháð tækni, notkun eða vettvangi sem um er að ræða. Fullt rekstrarsamhæfi felur í sér getu til rekstrarsamhæfis á þremur stigum: að því er varðar innihald reikningsins (merkingarfræði), form eða tungumál sem notað er (málskipan) og aðferð við sendingu. Merkingarfræðilegt rekstrarsamhæfi felur í sér að rafrænn reikningur inniheldur tiltekið magn tilskilinna upplýsinga og að nákvæm merking upplýsinganna, sem miðlað er, varðveitist og skilst á ótvíræðan hátt, óháð því hvernig þær eru efnislega settar fram eða sendar. Rekstrarsamhæfi er varðar málskipan felur í sér að gagnastök rafræns reiknings eru sett fram á sniði sem sendandi og viðtakandi geta skipst á beint og unnið úr sjálfvirkt. Rekstrarsamhæfi er varðar málskipan má tryggja á tvennan hátt, nánar tiltekið með því að nota sameiginlega málskipan eða með kortlagningu (e. mapping) ólíkra tilvika um málskipan.

9) Margs konar málskipan er í notkun. Rekstrarsamhæf málskipan er í síauknum mæli tryggð með kortlagningu. Þessi aðferð er skilvirk ef reikningurinn inniheldur öll nauðsynleg gagnastök á merkingarfræðilegu stigi og ef merking þeirra er ótvíræð. Þar sem því er oft ekki þannig farið er þörf á aðgerð til að tryggja rekstrarsamhæfi á merkingarfræðilegu stigi. Til að einfalda enn frekar notkun rafrænnar reikningagerðar og draga úr kostnaði ætti eitt af markmiðunum til langs tíma að vera að takmarka fjölda málskipanargerða sem eru í notkun, helst með því að leggja áherslu á þær sem eru algengastar.

10) Stöðlun rafrænnar reikningagerðar kemur einnig til fyllingar viðleitni til að stuðla að því að tekin verði upp rafræn innkaup eins og endurspeglast í viðkomandi ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB ([4]) og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB ([5]).

11) Leiðtogaráðið lýsti því yfir, í ályktunum sínum frá 28. og 29. júní 2012 og 24. október 2013, að setja skyldi í forgang ráðstafanir sem miða að því að þróa áfram viðskipti á Netinu sem ná yfir landamæri og nútímavæðingu opinberrar stjórnsýslu, m.a. með því að greiða fyrir umskiptum yfir í rafræna reikningagerð og hrinda henni hratt í framkvæmd.

12) Evrópuþingið vakti í ályktun sinni frá 20. apríl 2012 athygli á klofnun markaðarins af völdum landsreglna um rafræna reikningagerð, lagði áherslu á að rafræn reikningagerð hefði í för með sér verulegan ávinning og nauðsyn þess að réttarvissa, skýrt tæknilegt umhverfi og opnar og rekstrarsamhæfðar lausnir á rafrænni reikningagerð, sem byggðust á sameiginlegum lagalegum

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB frá 26. febrúar 2014 um opinber innkaup og niðurfellingu tilskipunar 2004/18/EB (Stjtíð. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 65).

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB frá 26. febrúar 2014 um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstþjónustu og um niðurfellingu tilskipunar 2004/17/EB (Stjtíð. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 243).

kröfum, viðskiptaferlum og tæknistöðlum, væru fyrir hendi. Af þessum sökum hvatti Evrópuþingið til þess að rafræn reikningagerð yrði gerð skyldubundin í opinberum innkaupum eigi síðar en 2016.

13) Evrópski fjölhagsmunavettvangurinn um rafræna reikningagerð, sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 2. nóvember 2010 ([6]), samþykkti einróma í október 2013 tilmæli um notkun merkingarfræðilegs gagnalíkans til að styðja rekstrarsamhæfi rafrænnar reikningagerðar.

14) Tilskipun þessi ætti að gilda um rafræna reikninga sem samningsyfirvöld og samningsstofnanir taka á móti og eru gefnir út vegna framkvæmdar samninga sem tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/81/EB ([7]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/23/ESB ([8]), tilskipun 2014/24/ESB eða tilskipun 2014/25/ESB gildir um. Einungis rafrænir reikningar sem eru gefnir út af rekstraraðilanum, sem opinberi samningurinn eða sérleyfissamningurinn var gerður við (aðalverktakanum), ættu að falla undir þessa tilskipun. Þegar aðildarríkin kveða á um beinar greiðslur til undirverktaka skv. 71. gr. tilskipunar 2014/24/ESB og 88. gr. tilskipunar 2014/25/ESB ætti tilhögunin, sem ber að fastsetja í útboðsgögnunum, að hafa að geyma ákvæði um hvort nota skuli rafræna reikningagerð eður ei hvað varðar greiðslur til undirverktaka. Koma ætti skýrt fram að þegar samningur er gerður við hóp rekstraraðila gildir þessi tilskipun bæði um rafræna reikninga sem hópurinn gefur út og af einstökum rekstraraðilum innan hans.

15) Tilskipun þessi ætti einnig að gilda um sérleyfissamninga sem fela í sér greiðslu sem krefst þess að reikningar séu gefnir út af rekstraraðilanum sem sérleyfissamningurinn var gerður við. Hugtakið „sérleyfi“ er skilgreint í 1. lið 5. gr. tilskipunar 2014/23/ESB. Tilgangur sérleyfissamninga eru innkaup verka eða þjónustu með veitingu sérleyfis, þar sem endurgjaldið felst í réttinum til að hagnýta verkið eða þjónustuna eða í þeim rétti ásamt greiðslu.

16) Tilskipun þessi er með fyrirvara um 346. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Tilskipun þessi gildir ekki um rafræna reikninga sem gefnir eru út vegna framkvæmdar samninga (sem tilkynnt er að séu leynilegir eða sem fylgja sérhæfðar öryggisráðstafanir), sem falla utan gildissviðs tilskipunar 2014/23/ESB, tilskipunar 2014/24/ESB og tilskipunar 2014/25/ESB skv. 10. gr. (6. mgr.), 15. gr. (3. mgr.) og 24. gr. (3. mgr.) eftir því sem við á. Samkvæmt sömu skilyrðum ætti í tilskipun þessari að kveða á um að rafrænir reikningar, sem eru gefnir út vegna framkvæmdar slíkra samninga (sem tilkynnt er að séu leynilegir eða sem fylgja sérhæfðar öryggisráðstafanir), sem falla undir gildissvið tilskipunar 2009/81/EB, séu sérstaklega undanskildir.

17) Skilgreiningarnar í þessari tilskipun ættu að vera í samræmi við aðra löggjöf Sambandsins um opinber innkaup.

18) Framkvæmdastjórnin ætti að beita viðeigandi ákvæðum reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 ([9]) til að óska eftir því að viðeigandi evrópsk staðlastofnun semji Evrópustaðal um rafræna reikningagerð. Samkvæmt viðeigandi ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 1025/2012 fellur ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um að leggja fram slíka beiðni undir rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ([10]).

19) Evrópustaðall um rafræna reikningagerð ætti að byggjast á gildandi tækniforskriftum sem hafa verið þróaðar innan ramma evrópskra staðlastofnana á borð við Staðlasamtök Evrópu (CEN) (CWA 16356-MUG og CWA 16562-CEN BII) og ætti að taka tillit til annarra viðeigandi tækniforskrifta sem hafa verið þróaðar innan ramma alþjóðlegra staðlastofnana s.s. UN/CEFACT (CII v. 2.0) og Alþjóðlegu

([6]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 2. nóvember 2010 um evrópskan fjölhagsmunavettvang um rafræna reikningagerð (rafrænir reikningar) (Stjtíð. ESB C 326, 3.12.2010, bls. 13).

([7]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/81/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu reglna um útboð og gerð samningsyfirvalda eða samningsstofnana á tilteknum verksamningum, vörusamningum og þjónustusamningum á sviði varnar- og öryggismála og um breytingu á tilskipunum 2004/17/EB og 2004/18/EB (Stjtíð. ESB L 216, 20.8.2009, bls. 76).

([8]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/23/ESB frá 26. febrúar 2014 um gerð sérleyfissamninga (Stjtíð. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 1).

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 um evrópska stöðlun og breytingu á tilskipunum ráðsins 89/686/EBE og 93/15/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB, 94/25/EB, 95/16/EB, 97/23/EB, 98/34/EB, 2004/22/EB, 2007/23/EB, 2009/23/EB og 2009/105/EB og niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 87/95/EBE og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1673/2006/EB (Stjtíð. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12).

([10]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

staðlasamtökin (ISO) (fjárhagslegur reikningur byggður á aðferðafræði staðals ISO 20022). Þegar viðkomandi evrópsk staðlastofnun framkvæmir beiðni um stöðlun ætti hún einnig að taka tillit til niðurstaðna stórra tilraunaverkefna sem framkvæmd eru innan ramma stuðningsáætlunarinnar í rammaáætluninni um samkeppnishæfni og nýsköpun og tækniforskrifta annarra viðeigandi stofnana og samtaka um rafræna reikningagerð, sem eru almennt notaðar í atvinnulífinu. Evrópustaðallinn um rafræna reikningagerð ætti einnig að samrýmast gildandi stöðlum um greiðslur svo unnt verði að framkvæma greiðslur sjálfvirkt.

20) Framkvæmdastjórnin ætti að fara fram á það í beiðni sinni til evrópskra staðlastofnana að Evrópustaðallinn um rafræna reikningagerð verði tæknilega hlutlaus til að forðast röskun á samkeppni, að hann samrýmist viðeigandi alþjóðlegum stöðlum um rafræna reikningagerð til að koma í veg fyrir að birgjar frá þriðju löndum verði fyrir tæknilegum hindrunum á markaðsaðgangi og auðvelda evrópskum birgjum að senda kaupendum í þriðju löndum rafræna reikninga, og að hann sé í samræmi við tilskipun ráðsins 2006/112/EB ([11]). Þar sem rafrænir reikningar geta innihaldið persónuupplýsingar ætti framkvæmdastjórnin einnig að fara fram á að í rafrænni reikningagerð sé tekið tillit til verndar persónuupplýsingum í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB ([12]) og meginreglnanna um innbyggða gagnavernd, meðalhóf og lágmörkun gagna. Auk þessara lágmarkskrafna ætti framkvæmdastjórnin að ákvarða frekari kröfur í beiðni sinni til viðkomandi evrópskrar staðlastofnunar að því er varðar innihald Evrópustaðalsins um rafræna reikningagerð og frest til að samþykkja hann.

21) Til að tryggja að lítil og meðalstór fyrirtæki geti einnig notið góðs af rafrænni reikningagerð í opinberum innkaupum ætti Evrópustaðallinn um rafræna reikningagerð að gera það mögulegt að koma á fót notendavænum kerfum fyrir rafræna reikningagerð, þ.e. kerfum sem eru auðskilin og auðvelt að nota. Í þessu sambandi ætti einnig að taka tillit til þess að einkum lítil og meðalstór fyrirtæki, einnig minni samningsyfirvöld og samningsstofnanir, hafa yfir takmörkuðu starfsfólki og fjármagni að ráða.

22) Evrópustaðallinn um rafræna reikningagerð ætti einnig að henta til notkunar í verslunarviðskiptum milli fyrirtækja. Til að einkareknum rekstraraðilum verði kleift að nota nýja staðalinn í viðskiptum sínum innbyrðis ætti framkvæmdastjórnin því að tryggja að staðallinn sé ekki þróaður þannig að hann henti einungis til notkunar á sviði opinberra innkaupa.

23) Reikningar sem eru gefnir út á mismunandi viðskiptasviðum geta krafist þess að teknar séu með upplýsingar sem eru sértækar fyrir þessi svið. Þó ættu allir reikningar að innihalda takmarkaðan fjölda sameiginlegra staðlaðra staka. Nauðsynlegt er að þessi stök séu fyrir hendi til að hægt sé að sannreyna hvort reikningurinn endurspeglar þau viðskipti sem liggja til grundvallar og tryggja að reikningurinn sé lagalega gildur. Skrá yfir þau stök, sem krafist er vegna virðisaukaskatts, er að finna í tilskipun 2006/112/EB. Evrópustaðallinn um rafræna reikningagerð ætti að vera í samræmi við þessi stök.

24) Evrópustaðallinn um rafræna reikningagerð ætti að skilgreina merkingarfræðileg gagnastök sem vísa einkum til viðbótargagna um seljanda og kaupanda, auðkennis ferlis, eigindi reikninga, upplýsinga um einstaka liði reikninga, upplýsinga um afhendingu ásamt greiðsluupplýsingum og -skilmálum. Meginstök rafrænna reikninga ættu að vera í hverjum slíkum reikningi. Þannig ætti að tryggja skýra og samræmda beitingu rafrænnar reikningagerðar.

25) Enda þótt sendandi rafræns reiknings ætti áfram að hafa möguleika á að ábyrgjast áreiðanlegan uppruna reikningsins og heilleika innihalds hans með ýmsum aðferðum, m.a. með rafrænni undirskrift, til að tryggja fylgni við tilskipun 2006/112/EB, ætti krafa um rafræna undirskrift ekki að vera einn af þáttunum í Evrópustaðlinum um rafræna reikningagerð.

26) Til að forðast óhóflegan kostnað og byrði fyrir samningsyfirvöld og samningsstofnanir ætti að fara þess á leit við viðeigandi evrópska staðlastofnun að hún ákvarði takmarkaða skrá yfir þá málskipan sem uppfyllir Evrópustaðalinn um rafræna reikningagerð. Umrædd skrá ætti ekki að vera hluti af Evrópustaðlinum um rafræna reikningagerð. Sú málskipan sem ákvörðuð er verður nú þegar að vera

([11]) Tilskipun ráðsins 2006/112/EB frá 28. nóvember 2006 um sameiginlega virðisaukaskattkerfið (Stjtíð. ESB L 347, 11.12.2006, bls. 1).

([12]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

almennt notuð með góðum árangri af rekstraraðilum og samningsyfirvöldum. Til að auðvelda og flýta framkvæmd af hálfu aðildarríkjanna ætti að fara fram á við viðeigandi evrópska staðlastofnun að hún hafi til reiðu viðeigandi málskipanarbindingar frá Evrópustaðlinum um rafræna reikningagerð við alla málskipan sem ákvörðuð er samkvæmt skránni. Málskipanarbindingar eru viðmiðunarreglur um hvernig staðallinn gæti komið fram í mismunandi tilvikum um málskipan. Þetta stöðlunarskjal ætti að koma til fyllingar Evrópustaðlinum um rafræna reikningagerð og skránni yfir málskipan.

27) Til að auðvelda notkun Evrópustaðalsins um rafræna reikningagerð ætti einnig að fara þess á leit við evrópsku staðlastofnunina að hún semji drög að viðmiðunarreglum um rekstrarsamhæfi sendingar. Þessar viðmiðunarreglur ættu ekki að vera hluti af Evrópustaðlinum um rafræna reikningagerð og ekki heldur vera bindandi fyrir samningsyfirvöld og samningsstofnanir.

28) Áður en Evrópustaðallinn um rafræna reikningagerð verður tekinn upp í aðildarríkjunum ætti að gera nægilegar prófanir á beitingu staðalsins í reynd. Þetta mat ætti að fara fram meðan verið er að semja staðalinn. Endanlegir notendur ættu að taka þátt í matinu og það ætti einkum að fjalla um þætti sem snerta hagkvæmni og notendavænleika og ætti að sýna fram á að unnt sé að koma staðlinum í framkvæmd á kostnaðarhagkvæman og hóflegan máta.

29) Ef Evrópustaðallinn um rafræna reikningagerð og skráin yfir þá málskipan, sem uppfyllir staðalinn sem saminn er af viðeigandi evrópskri staðlastofnun, fullnægir kröfunum í beiðni framkvæmdastjórnarinnar til evrópsku staðlastofnunarinnar, og ef staðallinn hefur verið prófaður, ætti að birta tilvísun í Evrópustaðalinn um rafræna reikningagerð og skrána yfir málskipan í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

30) Ákvæðin um þróun staðalsins og annarra stöðlunarskjala sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun eru í samræmi við viðeigandi ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 1025/2012. Með tilliti til sérstakra eiginleika þessarar tilskipunar þykir þó rétt að kveða á um að ákvarðanir um að birta, birta ekki eða birta með takmörkunum, tilvísanir í staðalinn og skrána yfir málskipan, séu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina. Þetta ætti þó ekki að hafa áhrif á beitingu viðeigandi ákvæða reglugerðar (ESB) nr. 1025/2012 um formleg andmæli við samhæfðum stöðlum.

31) Evrópskar staðlastofnanir endurskoða staðla reglulega og uppfæra þá til að bregðast við tækniþróun. Í ljósi hraðrar þróunar í upplýsinga- og fjarskiptatæknigeiranum ætti framkvæmdastjórnin einnig að hafa möguleika á að óska eftir því að viðeigandi evrópsk staðlastofnun endurskoði og uppfæri Evrópustaðalinn um rafræna reikningagerð til þess að taka megi tillit til þessarar þróunar og tryggja viðvarandi rekstrarsamhæfi hans.

32) Framkvæmdastjórnin ætti að geta samþykkt framkvæmdargerð til að endurskoða og uppfæra skrána yfir málskipan til að bregðast við tækniþróun eða kröfum markaðarins. Ef um er að ræða flóknari leiðréttingar ætti framkvæmdastjórnin einnig að geta óskað eftir því að viðeigandi evrópsk staðlastofnun endurskoði og uppfæri skrána yfir málskipan.

33) Framkvæmdastjórnin ætti að geta endurskoðað skrá yfir málskipan, sem þegar hefur verið birt, ef hún telur það nauðsynlegt til að tryggja fullt og viðvarandi rekstrarsamhæfi, taka mið af tækniþróun eða takmarka fjölda málskipanargerða sem á að nota. Í þessu samhengi skal framkvæmdastjórnin taka mið af skránni yfir málskipan sem viðeigandi evrópsk staðlastofnun hefur ákvarðað, endurskoðað og uppfært.

34) Í lok frestsins til lögleiðingar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun ætti samningsyfirvöldum og samningsstofnunum að vera skylt að taka á móti og vinna rafræna reikninga sem uppfylla Evrópustaðalinn um rafræna reikningagerð og einhverja þá málskipan í skránni sem framkvæmdastjórnin hefur birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Samningsyfirvöld og samningsstofnanir ættu þess vegna ekki að hafna rafrænum reikningum sem uppfylla skilyrðin hér að framan eingöngu af þeirri ástæðu að þeir uppfylla ekki aðrar kröfur (t.d. landsbundnar kröfur eða kröfur innan sértæks geira, eða hvers konar tæknilegar viðbótarkröfur) en þær sem er sérstaklega kveðið á um í tilskipun þessari. Þó ætti þessi skuldbinding ekki að hafa áhrif á aðrar knýjandi ástæður fyrir höfnun, s.s. þær sem varða samningsskilyrði. Áður en samningsyfirvöld og samningsstofnanir greiða reikninginn ættu þeim a.m.k. að vera frjálst að sannreyna hvort innihald rafræns reiknings endurspeglar á réttan hátt þau viðskipti sem liggja til grundvallar (t.d. hvort reikningsfjárhæðin er rétt) og hvort reikningurinn hefur verið stílaður á réttan viðtakanda. Skyldan til að hafna ekki rafrænum reikningum í samræmi við tilskipun þessa er með fyrirvara um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/7/ESB ([13]).

([13]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/7/ESB frá 16. febrúar 2011 um átak gegn greiðsludrætti í verslunarviðskiptum (Stjtíð. ESB L 48, 23.2.2011, bls. 1).

35) Samkvæmt þessari tilskipun ætti aðeins að krefjast þess að viðtakendur reiknings, þ.e. samningsyfirvöld, miðlægar innkaupastofnanir og samningsstofnanir, taki á móti og vinni rafræna reikninga. Tilskipunin ætti ekki að hafa áhrif á rétt sendanda reikningsins til að velja hvort hann vilji senda reikninginn í samræmi við Evrópustaðalinn um rafræna reikningagerð, í samræmi við landsbundna eða aðra tæknistaðla eða á pappír. Þó ætti þessi tilskipun ekki að hindra að aðildarríki geti krafist þess að eingöngu séu sendir rafrænir reikningar innan ramma opinberra innkaupa. Ef sendandinn kýs að nota Evrópustaðalinn um rafræna reikningagerð þegar hann sendir reikning ætti skylda viðtakandans að því er varðar móttöku og meðferð aðeins að gilda ef reikningurinn er með einhverri þeirri málskipan sem er að finna í skránni yfir málskipan sem hefur verið birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Þetta ætti ekki að hafa áhrif á möguleika sendandans til að nota sér þjónustu þriðja aðila til að þýða reikninginn af sinni eigin málskipan yfir á aðra málskipan í skránni.

36) Haft var samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 2. mgr. 28. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 ([14]) og skilaði hún áliti 11. nóvember 2013 ([15]). Í áliti hennar voru birt tilmæli um að tryggja fullnægjandi gagnavernd við beitingu þessarar tilskipunar. Hafa ætti þessi tilmæli í huga þegar Evrópustaðallinn um rafræna reikningagerð er saminn og við vinnslu persónuupplýsinga af hálfu samningsyfirvalda og samningsstofnana. Einkum ætti að koma skýrt fram að núverandi lög um gagnavernd gilda einnig á sviði rafrænnar reikningagerðar og að birting persónuupplýsinga í þágu gagnsæis og ábyrgðar verður að haldast í hendur við verndun einkalífs.

37) Þar sem tilskipun 2006/112/EB inniheldur reglur um reikningagerð, þ.m.t. rafræna reikningagerð, ætti að skýra tengsl hennar við þessa tilskipun. Samkvæmt þessari tilskipun er stefnt að öðru markmiði og gildissvið hennar er frábrugðið gildissviði tilskipunar 2006/112/EB, þar af leiðandi hefur hún ekki áhrif á ákvæðin um notkun rafrænna reikninga vegna virðisaukaskatts sem þar er að finna. Einkum gildir 232. gr. tilskipunar 2006/112/EB um samskipti milli viðskiptaaðila og er ætlað að tryggja að sendandinn geti ekki skyldað viðtakandann til að nota rafræna reikninga. Þetta ætti þó ekki að hafa áhrif á rétt aðildarríkja til að skylda samningsyfirvöld og samningsstofnanir til að taka við rafrænum reikningum við tilteknar aðstæður.

38) Til að samningsyfirvöldum og samningsstofnunum sé gert kleift að undirbúa og framkvæma á réttan hátt tæknilegar ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að fara að þessari tilskipun, þegar settur hefur verið Evrópustaðall um rafræna reikningagerð og skrá yfir málskipan hefur verið samþykkt, og í ljósi þess að nauðsynlegt er að rafrænni reikningagerð verði hrint í framkvæmd með skjótum hætti, ætti að teljast réttlætanlegt að veita 18 mánaða frest til lögleiðingar hennar, eftir birtingu tilvísunar í Evrópustaðalinn um rafræna reikningagerð og skrárinnar yfir málskipan í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Með undanþágu frá þessum almenna fresti til lögleiðingar og til þess að greiða fyrir innleiðingu rafrænnar reikningagerðar hjá tilteknum samningsyfirvöldum, s.s. staðbundnum eða svæðisbundnum samningsyfirvöldum og opinberum fyrirtækjum, ætti aðildarríkjunum að vera heimilt að fresta beitingu þessarar tilskipunar af hálfu samningsyfirvalda og samningsstofnana, sem ekki eru á vegum ríkisins, þar til 30 mánuðum eftir birtingu tilvísunar í Evrópustaðalinn um rafræna reikningagerð og skrárinnar yfir málskipan í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Þessi möguleiki á að fresta beitingu krafnanna í þessari tilskipun ætti ekki að gilda um miðlægar innkaupastofnanir.

39) Til að auðvelda samningsyfirvöldum og samningsstofnunum að hrinda kröfum þessarar tilskipunar í framkvæmd ætti framkvæmdastjórnin að tryggja að aðildarríkin séu að fullu og með reglubundnum hætti upplýst um framvindu verksins að því er varðar þróun staðalsins og tengdra stöðlunarskjala sem viðeigandi evrópsk staðlastofnun á að sjá um. Þetta ætti að gera aðildarríkjunum kleift að ráðast í nauðsynlegan undirbúning með það fyrir augum að ljúka framkvæmd innan þess frests sem var samþykktur.

40) Þar sem samningsyfirvöld og samningsstofnanir munu geta samþykkt rafræna reikninga sem uppfylla aðra staðla en Evrópustaðalinn um rafræna reikningagerð og einnig reikninga á pappír, nema kveðið sé á um annað í landslöggjöf, leggur þessi tilskipun engan viðbótarkostnað eða fyrirhöfn á fyrirtæki, þ.m.t. örfyrirtæki, lítil og meðalstór fyrirtæki í skilningi tilmæla framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB ([16]). Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin ættu enn fremur að gera allt sem í þeirra valdi stendur

([14]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

([15]) Stjtíð. ESB C 38, 8.2.2014, bls. 2.

([16]) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB frá 6. maí 2003 um skilgreiningu á örfyrirtækjum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum (Stjtíð. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 36).

til að lágmarka kostnað notenda af Evrópustaðlinum um rafræna reikningagerð, einkum örfyrirtækja, lítilla og meðalstórra fyrirtækja, til að auðvelda upptöku hans í öllu Evrópusambandinu.

41) Við framkvæmd þessarar tilskipunar ættu aðildarríkin að taka tillit til þarfa lítilla og meðalstórra fyrirtækja og minni samningsyfirvalda og samningsstofnana og bjóða öllum samningsyfirvöldum, samningsstofnunum og birgjum nauðsynlegan stuðning svo að hægt sé að nota Evrópustaðalinn um rafræna reikningagerð. Enn fremur ætti að gera ráðstafanir til þjálfunar, einkum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.

42) Til að greiða fyrir þeim tæknilegu og verklagstengdu breytingum sem allir aðilar, sem koma að opinberum innkaupum, þurfa að gera til að tryggja árangursríka framkvæmd þessarar tilskipunar, ættu aðildarríkin, eftir því sem unnt er, að gera aðstoð frá uppbyggingarsjóðnum aðgengilega fyrir öll aðstoðarhæf yfirvöld, samningsstofnanir og lítil og meðalstór fyrirtæki.

43) Fela skal framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar tilskipunar og til að semja, takmarka og endurskoða skrána yfir málskipan. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 182/2011. Beita ætti rannsóknarmálsmeðferðinni við samþykkt framkvæmdargerða að því er tekur til skrárinnar yfir málskipan, með tilliti til þess að henni er ætlað að auðvelda beitingu Evrópustaðalsins um rafræna reikningagerð og tryggja rekstrarsamhæfi hans og skjót viðbrögð við tækniþróun. Einnig ætti að beita rannsóknarmálsmeðferðinni við samþykkt framkvæmdargerða að því er tekur til andmæla við Evrópustaðlinum um rafræna reikningagerð, þar sem slíkar gerðir gætu haft afleiðingar fyrir skylduna til móttöku og vinnslu á rafrænum reikningum.

44) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að ryðja úr vegi markaðshindrunum og viðskiptahindrunum af völdum mismunandi reglna og staðla í einstökum aðildarríkjum og tryggja rekstrarsamhæfi, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og sett er fram í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessum markmiðum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

Tilskipun þessi gildir um rafræna reikninga sem gefnir eru út vegna framkvæmdar samninga sem falla undir tilskipun 2009/81/EB, tilskipun 2014/23/ESB, tilskipun 2014/24/ESB eða tilskipun 2014/25/ESB.

Tilskipun þessi gildir ekki um rafræna reikninga sem eru gefnir út vegna framkvæmdar samninga sem falla undir gildissvið tilskipunar 2009/81/EB þar sem lýst hefur verið yfir að innkaupin eða framkvæmd sérleyfisins sé leynileg eða þeim verði að fylgja sérhæfðar öryggisráðstafanir í samræmi við gildandi lög eða stjórnsýslufyrirmæli í aðildarríki, og að því tilskildu að aðildarríkið hafi ákvarðað að ekki sé hægt að tryggja viðkomandi mikilvæga hagsmuni með aðgerðum sem ekki ganga eins langt.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „rafrænn reikningur“: reikningur sem hefur verið gefinn út, sendur og móttekinn á skipulega uppsettu, rafrænu sniði sem gefur kost á sjálfvirkri og rafrænni meðferð,

2) „meginstök rafræns reiknings“: nauðsynlegir upplýsingaþættir sem rafrænn reikningur verður að innihalda fyrir rekstrarsamhæfi yfir landamæri, þ.m.t. nauðsynlegar upplýsingar til að tryggja samræmi við lög,

3) „merkingarfræðilegt gagnalíkan“: skipulega uppsett röð hugtaka, sem eru tengd innbyrðis með rökrænum hætti og merking þeirra, þar sem meginstök rafræns reiknings eru tilgreind,

4) „málskipan“: tölvulesanlegt tungumál eða mállýska sem stendur fyrir gagnastökin sem rafrænn reikningur inniheldur,

5) „málskipanarbindingar“: viðmiðunarreglur um hvernig merkingarfræðilegt gagnalíkan fyrir rafrænan reikning gæti komið fram í ýmissi málskipan,

6) „samningsyfirvöld“: samningsyfirvöld eins og þau eru skilgreind í tilskipun 2009/81/EB (17. lið 1. gr.), tilskipun 2014/23/ESB (1. mgr. 6. gr.) og tilskipun 2014/24/ESB (1. lið 1. mgr. 2. gr.),

7) „samningsyfirvöld sem ekki eru yfirvöld á vegum ríkisins“: samningsyfirvöld sem ekki eru yfirvöld á vegum ríkisins eins og þau eru skilgreind í 3. lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/24/ESB,

8) „miðlæg innkaupastofnun“: miðlæg innkaupastofnun eins og skilgreint er í 16. lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/24/ESB,

9) „samningsstofnanir“: samningsstofnanir eins og þær eru skilgreindar í tilskipun 2009/81/EB (17. lið 1. gr.), tilskipun 2014/23/ESB (1. og 2. mgr. 7. gr.) og tilskipun 2014/24/ESB (1. mgr. 4. gr.),

10) „alþjóðlegur staðall“: alþjóðlegur staðall eins og hann er skilgreindur í a-lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1025/2012,

11) „Evrópustaðall“: evrópskur staðall eins og hann er skilgreindur í b-lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1025/2012.

3. gr.

Að setja Evrópustaðal

1. Framkvæmdastjórnin skal fara þess á leit að viðeigandi evrópsk staðlastofnun semji drög að Evrópustaðli um merkingarfræðilegt gagnalíkan fyrir meginstök rafræns reiknings („Evrópustaðal um rafræna reikningagerð“).

Framkvæmdastjórnin skal krefjast þess að Evrópustaðallinn um rafræna reikningagerð uppfylli a.m.k. eftirfarandi viðmiðanir:

– hann er tæknilega hlutlaus,

– hann samrýmist viðeigandi alþjóðlegum stöðlum um rafræna reikningagerð,

– hann tekur tillit til nauðsynlegrar gagnaverndar í samræmi við tilskipun 95/46/EB, nálgunar sem felur í sér innbyggða gagnavernd og meginreglnanna um meðalhóf, lágmörkun gagna og takmörkun vegna tilgangs,

– hann er í samræmi við viðeigandi ákvæði tilskipunar 2006/112/EB,

– með honum er mögulegt að koma á fót hagnýtum, notendavænum, sveigjanlegum og kostnaðarhagkvæmum kerfum fyrir rafræna reikningagerð,

– með honum er tekið tillit til sérstakra þarfa lítilla og meðalstórra fyrirtækja auk samningsyfirvalda og samningsstofnana sem eru ekki yfirvöld og stofnanir á vegum ríkisins,

– hann hentar til notkunar í verslunarviðskiptum milli fyrirtækja.

Framkvæmdastjórnin skal óska eftir því við viðeigandi evrópska staðlastofnun að hún ákvarði takmarkaða skrá yfir þá málskipan sem uppfyllir Evrópustaðalinn um rafræna reikningagerð, viðeigandi málskipanarbindingar og viðmiðunarreglur um rekstrarsamhæfi sendingar, til þess að greiða fyrir notkun þess staðals.

Beiðnirnar skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 1.–5. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1025/2012.

Liður í vinnu viðeigandi evrópskrar staðlastofnunar við að þróa staðalinn, innan þess tímaramma sem tilgreindur er í 2. mgr., er að prófa staðalinn með tilliti til beitingar hans í reynd af hálfu endanlegs notanda. Framkvæmdastjórnin ber heildarábyrgð á prófuninni og skal tryggja að meðan prófunin fer fram sé tekið sérstakt tillit til þess að virða viðmiðanirnar um hagkvæmni, notendavænleika og mögulegan kostnað við framkvæmd í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. Framkvæmdastjórnin skal senda skýrslu til Evrópuþingsins og ráðsins um niðurstöður prófunarinnar.

2. Ef Evrópustaðallinn um rafræna reikningagerð, sem er saminn í samræmi við beiðnina sem um getur í 1. mgr., fullnægir kröfunum sem þar eru settar fram, og ef prófunarstigi í samræmi við fimmtu undirgrein 1. mgr. hefur verið lokið, skal framkvæmdastjórnin birta tilvísun í staðalinn í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, ásamt takmörkuðu skránni yfir málskipan sem samin er í samræmi við beiðnina sem um getur í 1. mgr. Sú birting skal fara fram eigi síðar en 27. maí 2017.

4. gr.

Formleg andmæli við Evrópustaðlinum

1. Telji aðildarríki eða Evrópuþingið að Evrópustaðallinn um rafræna reikningagerð og skráin yfir málskipan uppfylli ekki að fullu kröfurnar sem settar eru fram í 1. mgr. 3. gr. skal það tilkynna það framkvæmdastjórninni ásamt ítarlegri skýringu og skal framkvæmdastjórnin ákveða:

a) að birta, birta ekki eða birta með takmörkunum, tilvísanir í viðkomandi Evrópustaðal um rafræna reikningagerð og skrána yfir málskipan í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*,

b) að viðhalda, að viðhalda með takmörkunum eða að afturkalla tilvísanir í viðkomandi Evrópustaðal um rafræna reikningagerð og skrána yfir málskipan í eða úr *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

2. Framkvæmdastjórnin skal birta upplýsingar á vefsetri sínu um Evrópustaðalinn um rafræna reikningagerð og skrána yfir málskipan sem hefur fallið undir ákvörðunina sem um getur í 1. mgr.

3. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa viðkomandi evrópska staðlastofnun um ákvörðunina sem um getur í 1. mgr. og, ef nauðsyn krefur, óska eftir endurskoðun á viðkomandi Evrópustaðli um rafræna reikningagerð eða skránni yfir málskipan.

4. Samþykkja skal ákvarðanirnar sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. þessarar greinar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 10. gr.

5. gr.

Viðhald og áframhaldandi þróun Evrópustaðalsins og skrárinnar yfir málskipan

1. Til þess að taka mið af tækniþróun og til að tryggja fullt og viðvarandi rekstrarsamhæfi í rafrænni reikningagerð við opinber innkaup getur framkvæmdastjórnin:

a) uppfært eða endurskoðað Evrópustaðalinn um rafræna reikningagerð,

b) uppfært eða endurskoðað skrána yfir málskipan sem framkvæmdastjórnin birtir í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

2. Ákveði framkvæmdastjórnin að grípa til aðgerðarinnar, sem um getur í a-lið 1. mgr., skal hún beina beiðni til viðeigandi evrópskrar staðlastofnunar. Beiðnin skal vera í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr., þó án beitingar tímamarkanna sem þar er kveðið á um.

3. Ákvæði 4. gr. skulu gilda um uppfærslu eða endurskoðun sem kemur til framkvæmda í samræmi við a-lið 1. mgr.

4. Ákveði framkvæmdastjórnin að grípa til aðgerðarinnar, sem um getur í b-lið 1. mgr., skal hún gera það annaðhvort í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 10. gr., eða með því að beina beiðni til viðeigandi evrópskrar staðlastofnunar. Beiðnin skal vera í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr., þó án beitingar tímamarkanna sem þar er kveðið á um.

6. gr.

Meginstök rafræns reiknings

Til meginstaka rafræns reiknings teljast m.a.:

a) auðkenni ferlis og reiknings,

b) reikningstímabilið,

c) upplýsingar um seljanda,

d) upplýsingar um kaupanda,

e) upplýsingar um greiðanda,

f) upplýsingar um skattafulltrúa seljanda,

g) tilvísun í samning,

h) upplýsingar um afhendingu,

i) greiðslufyrirmæli,

j) upplýsingar um afslætti eða gjöld,

k) upplýsingar um einstaka reikningsliði,

l) heildarfjárhæð reikningsins,

m) sundurliðun á virðisaukaskatti.

7. gr.

Móttaka og meðferð rafrænna reikninga

Aðildarríkin skulu tryggja að samningsyfirvöld og samningsstofnanir taki á móti og vinni úr rafrænum reikningum sem uppfylla Evrópustaðal um rafræna reikningagerð, ef tilvísun í hann hefur verið birt skv. 2. mgr. 3. gr. og einhverja þá málskipan í skránni sem hefur verið birt skv. 2. mgr. 3. gr.

8. gr.

Gagnavernd

1. Tilskipun þessi hefur ekki áhrif á gildandi lög Sambandsins eða landslög um gagnavernd.

2. Sé ekki kveðið á um annað í lögum Sambandsins eða landslögum og með fyrirvara um þær undantekningar og takmarkanir sem settar eru fram í 13. gr. tilskipunar 95/46/EB er eingöngu heimilt að nota persónuupplýsingar, sem fengnar eru vegna rafrænnar reikningagerðar, í þeim tilgangi eða í tilgangi sem samrýmist honum.

3. Með fyrirvara um þær undantekningar og takmarkanir, sem settar eru fram í 13. gr. tilskipunar 95/46/EB, skulu aðildarríkin tryggja, að því er varðar gagnsæi og reikningshald, að tilhögun vegna birtingar persónuupplýsinga, sem safnað er í tengslum við rafræna reikningagerð, samrýmist tilgangi slíkrar birtingar og meginreglunni um verndun einkalífs.

9. gr.

Notkun rafrænna reikninga vegna virðisaukaskatts

Tilskipun þessi er með fyrirvara um ákvæði tilskipunar 2006/112/EB.

10. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar. Sú nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

11. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli og beita þeim til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 27. nóvember 2018. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta slíkra ráðstafana.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skulu aðildarríkin, eigi síðar en 18 mánuðum eftir birtingu tilvísunar í Evrópustaðalinn um rafræna reikningagerð í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, samþykkja og birta nauðsynleg ákvæði og beita þeim til að uppfylla skuldbindinguna í 7. gr. um móttöku og meðferð rafrænna reikninga.

Aðildarríkin geta frestað beitingunni sem um getur í fyrstu undirgrein að því er varðar samningsyfirvöld og samningsstofnanir þeirra, sem ekki eru á vegum ríkisins, þar til 30 mánuðum eftir birtingu tilvísunar í Evrópustaðalinn um rafræna reikningagerð í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* hið lengsta.

Þegar tilvísun í Evrópustaðalinn um rafræna reikningagerð hefur verið birt skal framkvæmdastjórnin birta lokadagsetningu fyrir beitingu ráðstafananna, sem um getur í fyrstu undirgrein, í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

12. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða áhrif þessarar tilskipunar á innri markaðinn og á innleiðingu rafrænnar reikningagerðar í opinberum innkaupum og skal leggja skýrslu þar um fyrir Evrópuþingið og ráðið eigi síðar en þremur árum eftir lok hámarksfrestsins sem yfirvöldum, sem ekki eru á vegum ríkisins, er settur skv. annarri undirgrein 2. mgr. 11. gr. Skýrslunni skal fylgja mat á áhrifum að því er varðar þörfina á frekari aðgerðum, eftir því sem við á.

13. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

14. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 16. apríl 2014.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
M. SCHULZ	D. KOURKOULAS
forseti.	*forseti.*

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 1069/2009 **2015/EES/63/33**

frá 21. október 2009

um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (reglugerð um aukaafurðir úr dýrum) (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum b-lið 4.mgr. 152.gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis eru möguleg uppspretta áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra. Hættuástand, sem áður hefur skapast í tengslum við uppkomu gin- og klaufaveiki, útbreiðslu smitandi svampheilakvilla (áður smitandi heilahrörnun), s.s. kúariðu, og díoxín sem fundust í fóðri, hefur sýnt fram á afleiðingar rangrar notkunar á tilteknum aukaafurðum úr dýrum fyrir heilbrigði manna og dýra, öryggi matvæla- og fóðurferlisins og tiltrú neytenda. Þar að auki getur slíkt hættuástand einnig haft víðtækari neikvæð áhrif á samfélagið í heild sinni með áhrifum á félagslegar og hagrænar aðstæður bænda og hlutaðeigandi iðnaðargeira og á tiltrú neytenda á öryggi afurða úr dýraríkinu. Uppkoma sjúkdóma getur líka haft neikvæðar afleiðingar fyrir umhverfið, ekki einungis vegna vandamála sem tengjast förgun heldur einnig að því er varðar líffræðilega fjölbreytni.

2) Aukaafurðir úr dýrum verða aðallega til við slátrun dýra til manneldis, framleiðslu afurða úr dýraríkinu, s.s. mjólkurafurða, og förgun dauðra dýra og framkvæmd ráðstafana til sjúkdómsvarna. Hver sem uppruni þeirra er, þá stafar af þeim áhætta fyrir heilbrigði manna og dýra og umhverfið. Verjast þarf slíkri áhættu á viðunandi hátt, annaðhvort með því að beina slíkum afurðum í örugga förgun eða með því að nota þær í öðrum tilgangi, að því tilskildu að ströngum skilyrðum sé beitt sem lágmarka heilbrigðisáhættuna.

3) Förgun allra aukaafurða úr dýrum er ekki raunhæfur valkostur þar eð það myndi skapa ósjálfbæran kostnað og áhættu fyrir umhverfið. Hins vegar er það skýrt hagsmunamál fyrir alla borgara að víðtækt úrval aukaafurða úr dýrum sé notað á öruggan hátt til ýmissa nota, á sjálfbæran hátt, svo fremi að heilbrigðisáhætta sé lágmörkuð. Reyndar eru margar mismunandi tegundir aukaafurða úr dýrum í almennri notkun í mikilvægum framleiðslugeirum, s.s. í lyfja-, fóður- og leðuriðnaði.

4) Ný tækni hefur stækkað hugsanlegt notkunarsvið aukaafurða úr dýrum eða afleiddra afurða yfir í mikinn fjölda framleiðslugeira, einkum til orkuframleiðslu. Hins vegar gæti notkun þessarar nýju tækni skapað heilbrigðisáhættu sem einnig þarf að lágmarka.

5) Mæla skal fyrir um heilbrigðisreglur Bandalagsins um söfnun, flutning, meðferð, meðhöndlun, ummyndun, vinnslu, geymslu, setningu á markað, dreifingu, notkun eða förgun aukaafurða úr dýrum innan samræmds og heildstæðs ramma.

6) Þessar almennu reglur skulu vera í réttu hlutfalli við áhættuna fyrir heilbrigði manna og dýra sem stafar af aukaafurðum úr dýrum þegar rekstraraðilar meðhöndla

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 197/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 100, 30.4.2009, bls. 133.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 24. apríl 2009 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 7. september 2009.

þær á ýmsum stigum ferlisins frá söfnun til notkunar þeirra eða förgunar. Reglurnar skulu einnig taka mið af þeirri áhættu sem steðjar að umhverfinu á meðan á þessari starfsemi stendur. Rammi Bandalagsins skal m.a. taka til heilbrigðisreglna um setningu á markað, þ.m.t. viðskipta innan Bandalagsins og innflutnings á aukaafurðum úr dýrum, eftir því sem við á.

7) Evrópuþingið og ráðið mæltu fyrir um heilbrigðisreglur Bandalagsins um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis í reglugerð (EB) nr. 1774/2002([3]). Á grunni vísindalegrar ráðgjafar og sem aðgerð í samræmi við hvítbók framkvæmdastjórnarinnar um öryggi matvæla frá 12. janúar 2000 voru, með þeirri reglugerð, innleiddar reglur sem ætlað var að vernda öryggi matvæla- og fóðurferlisins, sem eru hliðstæðar við löggjöf Bandalagsins um matvæli og fóður. Umræddar reglur hafa bætt umtalsvert verndarstigið innan Bandalagsins gegn áhættu sem stafar af aukaafurðum úr dýrum.

8) Með reglugerð (EB) nr. 1774/2002 var tekin upp flokkun aukaafurða úr dýrum í þrjá flokka eftir áhættustigi. Flokkunin kallar á að rekstraraðilar haldi aukaafurðum úr dýrum, sem tilheyra mismunandi flokkum, aðskildum ef þeir vilja nota aukaafurðir úr dýrum sem ekki fylgir umtalsverð áhætta fyrir heilbrigði manna eða dýra, einkum ef slíkar afurðir koma úr efni sem hæft er til manneldis. Með þeirri reglugerð var einnig innleidd sú meginregla að ekki skuli fóðra alidýr á áhættumiklu efni og að ekki skuli fóðra dýr á efni sem kemur úr dýrum sömu tegundar. Samkvæmt þeirri reglugerð má einungis efni úr dýrum sem hafa gengist undir heilbrigðisskoðun koma inn í fóðurferlið. Þar að auki er mælt fyrir um reglur um vinnslustaðla sem tryggja að dregið sé úr áhættu.

9) Samkvæmt 2. mgr. 35. gr. reglugerðar (EB) nr. 1774/2002 skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um ráðstafanir sem aðildarríkin gera til að tryggja að farið sé að ákvæðum þeirrar reglugerðar. Skýrslunni skulu fylgja tillögur að nýrri löggjöf, eftir því sem við á. Skýrslan var lögð fram 21. október 2005 og í henni var lögð áhersla á að viðhalda skuli meginreglum reglugerðar (EB) nr. 1774/2002. Til viðbótar var í henni bent sérstaklega á þau svið þar sem talið var nauðsynlegt að breyta þeirri reglugerð, einkum með skýringum að því er varðar gildissvið reglnanna fyrir fullunnar afurðir, tengsl við aðra löggjöf Bandalagsins og flokkun tiltekinna efna. Niðurstöðurnar úr röð gagnaöflunarheimsókna Matvæla- og dýraheilbrigðisskrifstofu framkvæmdastjórnarinnar í aðildarríkjunum árin 2004 og 2005 styðja þessar ályktanir. Samkvæmt Matvæla- og dýraheilbrigðisskrifstofunni er nauðsynlegt að gera umbætur að því er varðar rekjanleika í flæði aukaafurða úr dýrum og skilvirkni og samræmingu á opinberu eftirliti.

10) Vísindastýrinefndin, sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók við af árið 2002, hefur samþykkt nokkurn fjölda álita varðandi aukaafurðir úr dýrum. Þessi álit sýna fram á þörfina fyrir að viðhalda helstu meginreglum reglugerðar (EB) nr. 1774/2002, einkum þá að aukaafurðir úr dýrum, sem sýnt hefur verið fram á með heilbrigðisskoðun að séu óhæf til manneldis, skuli ekki koma inn í fóðurferlið. Hins vegar má endurheimta þessar aukaafurðir úr dýrum og nota þær til framleiðslu á tækni- eða iðnaðarvörum við tilgreind heilbrigðisskilyrði.

11) Í niðurstöðum formennskuríkis ráðsins um skýrslu framkvæmdastjórnarinnar frá 21. október 2005, sem voru samþykktar í desember 2005, og úr viðræðufundunum sem framkvæmdastjórnin hélt í kjölfarið er lögð áhersla á að bæta þurfi reglurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1774/2002. Mæla skal skýrt fyrir um meginmarkmiðin með reglunum um aukaafurðir úr dýrum, þ.e. varnir gegn áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra og verndun öryggis matvæla- og fóðurferlisins. Ákvæði þessarar reglugerðar skulu greiða fyrir því að hægt sé að ná þessum markmiðum.

12) Reglurnar um aukaafurðir úr dýrum, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, skulu ná til afurða sem ekki má nota til manneldis samkvæmt löggjöf Bandalagsins, einkum þegar þær uppfylla ekki löggjöf um hollustuhætti á sviði matvæla eða þegar ekki má setja þær á markað sem matvæli vegna þess að þær eru ekki öruggar, annaðhvort vegna þess að þær eru skaðlegar fyrir heilbrigði eða óhæfar til manneldis (aukaafurðir úr dýrum „lögum samkvæmt“). Hins vegar skulu umræddar reglur einnig ná til afurða úr dýraríkinu sem uppfylla tilteknar reglur varðandi hugsanlega notkun þeirra til manneldis eða sem eru hráefni til framleiðslu á afurðum til manneldis, jafnvel þó að þær séu að lokum notaðar til annars („valkvæðar“ aukaafurðir úr dýrum).

13) Þar að auki, til að koma í veg fyrir áhættu sem skapast vegna villtra dýra, skulu skrokkar eða skrokkhlutar slíkra dýra, sem grunur leikur á að séu sýkt af smitsjúkdómi, falla undir reglurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Þó að þetta atriði bætist við skal það ekki þýða að skylt sé að safna og farga skrokkum villtra dýra sem hafa drepist eða sem eru veidd á náttúrulegu búsvæði sínu. Ef góðar veiðivenjur eru virtar má farga görnum og öðrum skrokkhlutum villtra veiðidýra á öruggan hátt á staðnum. Slík tilhögun til að draga úr áhættu er föst í sessi í aðildarríkjunum og er í sumum tilvikum byggð á menningarhefðum eða landslöggjöf sem inniheldur reglur um framferði veiðimanna. Í löggjöf Bandalagsins, einkum reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu([4]), er mælt fyrir um reglur um meðferð á kjöti og aukaafurðum úr villtum veiðidýrum. Í þeim reglum er ábyrgðin á því að koma í veg fyrir áhættu einnig lögð á herðar þjálfaða

([3]) Stjtíð. EB L 273, 10.10.2002, bls. 1.

([4]) Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55.

aðila, s.s. veiðimanna. Í ljósi hugsanlegrar áhættu fyrir matvælaferlið skal þessi reglugerð einungis ná til aukaafurða úr villtum veiðidýrum, sem eru drepin, að því marki sem löggjöf um hollustuhætti á sviði matvæla nær til setningar slíkra veiðidýra á markað og tekur til starfsemi starfsstöðva sem meðhöndla veiðidýr. Þar að auki skal þessi reglugerð ná til aukaafurða úr dýrum sem eru ætlaðar til að búa til veiðiminjagripi, til að koma í veg fyrir áhættu fyrir heilbrigði dýra sem stafar af slíkum aukaafurðum.

14) Reglurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, skulu ná til aukaafurða úr dýrum sem koma úr lagardýrum, annarra en efnis frá skipum sem eru starfrækt samkvæmt löggjöf Bandalagsins um hollustuhætti á sviði matvæla. Hins vegar skal, að því er varðar meðferð og förgun á efni sem verður til um borð í fiskiskipum við slægingu fisks og sýnir merki um sjúkdóma, samþykkja ráðstafanir sem eru í réttu hlutfalli við áhættuna. Slíkar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð skulu samþykktar á grunni áhættumats sem viðeigandi vísindastofnun framkvæmir með tilliti til fyrirliggjandi vísbendinga sem varða skilvirkni tiltekinna ráðstafana til að berjast gegn útbreiðslu sjúkdóma sem geta smitast í menn, einkum tiltekinna sníkla.

15) Vegna takmarkaðrar áhættu sem skapast vegna efnis sem er notað sem hrátt gæludýrafóður á býlum eða sem matvælafyrirtæki afhenda til endanlegra notenda skulu reglurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, ekki ná til tiltekinnar starfsemi sem tengist slíku hráu gæludýrafóðri.

16) Rétt þykir að skýra í þessari reglugerð hvaða dýr skuli flokkast sem gæludýr þannig að aukaafurðir sem koma úr slíkum dýrum séu ekki notaðar í fóður fyrir alidýr. Einkum skal flokka dýr sem eru haldin í öðrum tilgangi en til eldis, t.d. til að veita félagsskap, sem gæludýr.

17) Til að tryggja samkvæmni í löggjöf Bandalagsins skal í þessari reglugerð nota tilteknar skilgreiningar sem settar eru fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrörnunar([5]) og í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang([6]). Tilvísun í tilskipun ráðsins 86/609/EBE frá 24. nóvember 1986 um samræmingu á ákvæðum í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um verndun dýra sem notuð eru í tilrauna- og vísindaskyni([7]) skal gerð skýr.

18) Til að tryggja samkvæmni í löggjöf Bandalagsins skal í þessari reglugerð nota skilgreininguna fyrir „lagardýr“ sem mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 2006/88/EB frá 24. október 2006 um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum([8]). Jafnframt skulu sömu kröfur og gilda um lagardýr ná til vatnahryggleysingja sem falla ekki undir þá skilgreiningu og skapa ekki neina áhættu á útbreiðslu sjúkdóma.

19) Í tilskipun ráðsins 1999/31/EB frá 26. apríl 1999 um urðun úrgangs([9]) eru tilgreind skilyrði fyrir útgáfu leyfis fyrir urðunarstað. Í þessari reglugerð skal kveða á um förgun aukaafurða úr dýrum á urðunarstöðum sem slíkt leyfi hefur verið gefið út fyrir.

20) Frumábyrgð á starfsemi, sem fer fram í samræmi við þessa reglugerð, skal hvíla á rekstraraðilum. Samhliða því kalla þeir hagsmunir almennings að komið sé í veg fyrir áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra á að fyrir hendi sé söfnunar- og förgunarkerfi til að tryggja örugga notkun eða örugga förgun aukaafurða úr dýrum sem ekki má nota, eða sem eru ekki notaðar af efnahagslegum ástæðum. Umfang söfnunar- og förgunarkerfisins skal haldast í hendur við raunverulegt magn aukaafurða úr dýrum sem falla til í hlutaðeigandi aðildarríki. Það skal einnig endurspegla, sem varúðarráðstöfun, þörfina fyrir aukna afkastagetu til förgunar ef til meiriháttar uppkomu smitsjúkdóma kemur eða ef tímabundin bilun verður í tæknibúnaði förgunarstöðvar. Aðildarríkjum skal vera heimilt að vinna saman og með þriðju löndum að því tilskildu að markmið þessara reglugerðar séu uppfyllt.

21) Mikilvægt er að ákveða upphafspunkt á vistferli aukaafurða úr dýrum þar sem kröfurnar í þessari reglugerð taka gildi. Þegar afurð telst vera orðin aukaafurð úr dýrum skal hún ekki koma aftur inn í matvælaferlið. Sérstakar aðstæður eiga við um meðhöndlun tiltekinna hráefna, s.s. húða, sem eru meðhöndluð hjá fyrirtækjum eða á stöðvum og sem koma samtímis inn í matvælaferlið og ferli aukaafurða úr dýrum. Í slíkum tilvikum er nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að draga með aðskilnaði úr hugsanlegri áhættu fyrir matvælaferlið sem getur skapast vegna víxlmengunar. Að því er varðar önnur fyrirtæki skal ákveða áhættumiðuð skilyrði til að koma í veg fyrir víxlmengun, einkum með aðskilnaði ferlis aukaafurða úr dýrum og matvælaferlisins.

22) Með skírskotun til réttarvissu og tilhlýðilegra varna gegn hugsanlegum áhættum skal ákveða endapunkt í framleiðsluferlinu fyrir afurðir sem ekki skipta lengur

([5]) Stjtíð. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.
([6]) Stjtíð. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3.
([7]) Stjtíð. EB L 358, 18.12.1986, bls. 1.
([8]) Stjtíð. ESB L 328, 24.11.2006, bls. 14.
([9]) Stjtíð. EB L 182, 16.7.1999, bls. 1.

beinu máli fyrir öryggi fóðurferlisins. Ákveða skal slíkan endapunkt fyrir tilteknar afurðir, sem falla undir aðra löggjöf Bandalagsins, á framleiðslustigi. Afurðir sem hafa náð þessum endapunkti skulu undanþegnar eftirliti samkvæmt þessari reglugerð. Meðal annars skal vera leyfilegt að setja afurðir, sem hafa náð endapunktinum, á markað án takmarkana samkvæmt þessari reglugerð og að rekstraraðilar, sem hafa ekki verið samþykktir eða skráðir í samræmi við þessa reglugerð, meðhöndla þær og flytji.

23) Hins vegar skal vera mögulegt að breyta slíkum endapunkti, einkum ef um er að ræða áhættu sem hefur nýlega komið í ljós. Í reglugerð (EB) nr. 1774/2002 er veitt undanþága frá kröfum hennar að því er varðar tilteknar afurðir, einkum gúanó, tilteknar húðir sem eru meðhöndlaðar á ákveðinn hátt, s.s. sútaðar, og tiltekna veiðiminjagripi. Kveða skal á um svipaðar undanþágur í framkvæmdarráðstöfunum sem samþykkja skal samkvæmt þessari reglugerð fyrir afurðir, s.s. líffituefnaafurðir og lokaafurðir sem verða til við framleiðslu lífdísilolíu, við viðeigandi skilyrði.

24) Til að tryggja hátt verndarstig fyrir heilbrigði manna og dýra skulu aðildarríkin halda áfram að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir sendingar aukaafurða úr dýrum frá haftasvæðum eða -starfsstöðvum, einkum þegar um er að ræða uppkomu sjúkdóms sem er tilgreindur í tilskipun ráðsins 92/119/EBE frá 17. desember 1992 um almennar ráðstafanir Bandalagsins vegna eftirlits með tilteknum dýrasjúkdómum og sérstakar ráðstafanir í tengslum við blöðruveiki í svínum([10]).

25) Starfsemi með aukaafurðir úr dýrum sem skapa umtalsverða áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra skal einungis fara fram hjá fyrirtækjum eða í stöðvum sem hafa fengið fyrirfram samþykki frá lögbæru yfirvaldi fyrir slíkri starfsemi. Það skilyrði skal einkum gilda um fyrirtæki eða stöðvar þar sem vinnsla fer fram og önnur fyrirtæki eða stöðvar þar sem aukaafurðir úr dýrum, sem skipta beinu máli fyrir öryggi fóðurferlisins, eru meðhöndlaðar eða geymdar. Heimilt skal að meðhöndla aukaafurðir úr dýrum, sem tilheyra fleiri en einum flokki, hjá sama fyrirtæki eða í sömu stöð að því tilskildu að komið sé í veg fyrir víxlmengun. Enn fremur skal heimilt að breyta þessum skilyrðum ef magn efnisins, sem á að farga og vinna, eykst vegna meiriháttar uppkomu sjúkdóms, að því tilskildu að tryggt sé að tímabundin notkun samkvæmt slíkum breyttum skilyrðum valdi ekki aukningu á sjúkdómsáhættu.

26) Hins vegar skulu slík samþykki ekki vera nauðsynleg fyrir fyrirtæki eða stöðvar þar sem tiltekin örugg efni eru unnin eða meðhöndluð, s.s. afurðir sem eru svo mikið unnar að af þeim stafar ekki lengur áhætta fyrir heilbrigði manna og dýra. Slík fyrirtæki eða stöðvar skulu vera skráðar til að hægt sé að hafa opinbert eftirlit með flæði efna og tryggja rekjanleika þeirra. Sú skráningarkrafa skal einnig ná til rekstraraðila sem flytja aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir, nema þær falli ekki lengur undir neitt eftirlit af því að búið er að ákveða endapunkt í ferlinu.

27) Fyrirtæki eða stöðvar skulu samþykktar þegar upplýsingar hafa verið lagðar fyrir lögbært yfirvald og að lokinni heimsókn á staðinn sem leiðir í ljós að kröfurnar í þessari reglugerð varðandi grunnvirki og búnað fyrirtækisins eða stöðvarinnar verði uppfylltar þannig að áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra, sem stafar af vinnsluferlinu sem notað er, sé haldið í skefjum á viðunandi hátt. Það skal vera mögulegt að veita skilyrt samþykki til að gefa rekstraraðilum tækifæri til að lagfæra ágalla áður en fyrirtækið eða stöðin fær fullt samþykki.

28) Fyrirtækjum eða stöðvum þar sem starfsemin hefur þegar hlotið samþykki í samræmi við löggjöf Bandalagsins um hollustuhætti á sviði matvæla skal ekki skylt að hljóta samþykki eða skráningu samkvæmt þessari reglugerð, þar eð þegar er tekið tillit til markmiða þessarar reglugerðar við samþykki eða skráningar samkvæmt þeirri löggjöf Bandalagsins. Hins vegar skal fyrirtækjum eða stöðvum, sem hafa verið samþykktar eða skráðar samkvæmt löggjöf um hollustuhætti, skylt að uppfylla kröfurnar í þessari reglugerð og falla undir opinbert eftirlit sem er beitt í þeim tilgangi að sannprófa að farið sé að kröfum þessarar reglugerðar.

29) Aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir skulu flokkaðar, á grundvelli áhættumats, í þrjá flokka sem endurspegla það áhættustig sem af þeim stafar fyrir heilbrigði manna og dýra. Þó að einungis megi nota aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir, sem mikil áhætta stafar af, utan fóðurferlisins skal notkun þeirra, sem skapar minni áhættu, vera leyfileg við örugg skilyrði.

30) Framþróun á sviði vísinda og tækni getur leitt til þróunar á ferlum sem útiloka eða lágmarka áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra. Mögulegt skal vera að breyta skránum yfir aukaafurðir úr dýrum í þessari reglugerð til að taka til greina slíka framþróun. Áður en slíkar breytingar eru gerðar, og í samræmi við almennar meginreglur í löggjöf Bandalagsins sem ætlað er að tryggja hátt verndarstig fyrir heilbrigði manna og dýra, skal viðeigandi vísindastofnun framkvæma áhættumat, s.s. Matvælaöryggisstofnun Evrópu, Lyfjastofnun Evrópu eða Vísindanefndin um neysluvörur, eftir því hvers konar aukaafurðir úr dýrum er um að ræða sem meta þarf áhættu af. Hins vegar skal það vera skýrt að um leið og aukaafurðum úr dýrum, sem tilheyra mismunandi flokkum, er blandað saman skal blandan meðhöndluð í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um fyrir þann hluta blöndunnar sem tilheyrir hæsta áhættuflokknum.

([10]) Stjtíð. EB L 62, 15.3.1993, bls. 69.

31) Vegna mikillar áhættu fyrir heilbrigði manna skal m.a. ekki nota aukaafurðir úr dýrum, sem hafa í för með sér áhættu á smitandi svampheilakvilla, í fóður. Þessi takmörkun skal einnig ná til villtra dýra sem geta dreift smitsjúkdómum. Takmörkunin á fóðrun með aukaafurðum úr dýrum sem af stafar áhætta á smitandi svampheilakvilla skal ekki hafa áhrif á reglurnar um fóðrun sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 999/2001.

32) Aukaafurðir úr tilraunadýrum, eins og þau eru skilgreind í tilskipun 86/609/EBE, skulu einnig útilokaðar frá notkun í fóður vegna hugsanlegrar áhættu sem stafar af þessum aukaafurðum. Hins vegar geta aðildarríkin leyft notkun á aukaafurðum úr dýrum sem hafa verið notuð í tilraunum til að prófa ný fóðuraukefni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri([11]).

33) Notkun tiltekinna efna og afurða er ólögleg samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 frá 26. júní 1990 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu([12]) og tilskipun ráðsins 96/22/EB frá 29. apríl 1996 um að banna í búfjárrækt notkun tiltekinna efna, sem hafa hormónavirkni eða skjaldheftandi virkni, og notkun betaörva([13]). Í tilskipun ráðsins 96/23/EB frá 29. apríl 1996 um ráðstafanir til eftirlits með tilteknum efnum og leifum þeirra í lifandi dýrum og dýraafurðum([14]) er þar að auki mælt fyrir um frekari reglur um vöktun tiltekinna efna og leifa þeirra í lifandi dýrum og dýraafurðum. Í tilskipun 96/23/EB er einnig mælt fyrir um reglur sem gilda þegar staðfest hefur verið að leyfð efni eða aðskotaefni séu til staðar yfir tilteknum leyfilegum mörkum. Til að tryggja samræmi í löggjöf Bandalagsins skal flokka afurðir úr dýraríkinu, sem í finnast efni sem brjóta gegn ákvæðum reglugerðar (EBE) nr. 2377/90 og tilskipana 96/22/EB og 96/23/EB, sem efni í 1. eða 2. flokki, eftir því sem við á, í ljósi þeirrar áhættu sem matvæla- og fóðurferlinu stafar af þeim.

34) Ekki á að vera þörf á að farga húsdýraáburði og innihaldi meltingarvegar að því tilskildu að tilhlýðileg meðhöndlun á því tryggi að ekki berist frá því sjúkdómar þegar það er notað á land. Aukaafurðir úr dýrum sem drepast á býlum og úr dýrum sem eru drepin til að útrýma sjúkdómum skulu ekki nýttar í fóðurferlinu. Þessi takmörkun skal einnig gilda um innfluttar aukaafurðir úr dýrum, sem leyft er að koma með inn í Bandalagið, ef þær samrýmast ekki löggjöf Bandalagsins við skoðun á landamærastöð Bandalagsins og um afurðir sem ekki uppfylla viðeigandi kröfur við eftirlit innan Bandalagsins. Þó að ekki sé farið að ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB frá 20. mars 2000 um samræmingu laga aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla([15]) og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2009 frá 13. júlí 2009 um setningu fóðurs á markað og notkun þess([16]) skal það ekki verða til þess að afurðir, sem framvísað er til skoðunar á landamærum, séu útilokaðar frá fóðurferlinu.

35) Frá gildistökudegi reglugerðar (EB) nr. 1774/2002 hefur sjálfgefin flokkun tiltekinna aukaafurða úr dýrum í 2. flokk takmarkað hugsanlega notkun þeirra mikið en jafnframt ekki endilega verið í réttu hlutfalli við áhættuna sem um ræðir. Til samræmis við það skal endurflokka þessar aukaafurðir úr dýrum sem efni í 3. flokki til að leyfa notkun þeirra til tiltekinnar fóðrunar. Í varúðarskyni skal viðhalda sjálfgefinni flokkun allra aukaafurða úr dýrum, sem ekki eru skráðar í einn hinna þriggja flokka, sem efnis í 2. flokki, einkum til að styrkja almenna útilokun slíks efnis frá fóðurferli alidýra, annarra en loðdýra.

36) Í annarri löggjöf, sem hefur öðlast gildi eftir samþykkt reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla([17]), nánar til tekið reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 frá 29. apríl 2004 um hollustuhætti sem varða matvæli([18]), reglugerð (EB) nr. 853/2004 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 183/2005 frá 12. janúar 2005 um kröfur varðandi hollustuhætti sem varða fóður([19]), og sem reglugerð (EB) nr. 1774/2002 er hliðstæð við, er sú frumskylda að virða ákvæði löggjafar Bandalagsins, sem miðar að því að vernda heilbrigði manna og dýra, lögð á herðar rekstraraðila matvæla- og fóðurfyrirtækja. Í samræmi við þá löggjöf skulu rekstraraðilar, sem stunda starfsemi sem fellur undir þessa reglugerð, fyrst og fremst bera ábyrgð á að tryggja að farið sé að þessari reglugerð. Sú skylda skal skýrð frekar og skilgreind að því er varðar með hvaða aðferðum rekjanleiki er tryggður, s.s. með aðskilinni söfnun aukaafurða úr dýrum og með því að beina þeim í tiltekna farvegi. Kerfi sem þegar eru til staðar til að tryggja rekjanleika afurða, sem eru eingöngu

([11]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.
([12]) Stjtíð. EB L 224, 18.8.1990, bls. 1.
([13]) Stjtíð. EB L 125, 23.5.1996, bls. 3.
([14]) Stjtíð. EB L 125, 23.5.1996, bls. 10.
([15]) Stjtíð. EB L 109, 6.5.2000, bls. 29.
([16]) Stjtíð. ESB L 229, 1.9.2009, bls. 1.
([17]) Stjtíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1.
([18]) Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 1.
([19]) Stjtíð. ESB L 35, 8.2.2005, bls. 1.

í umferð á landsvísu, með öðrum aðferðum skulu notuð áfram ef þau veita jafngildar upplýsingar. Leitast skal við að efla notkun á rafrænu skjalahaldi og öðru skjalahaldi, sem felst ekki í notkun á pappírsskjölum, svo fremi sem þau tryggja fullkominn rekjanleika.

37) Innra eftirlitskerfi er nauðsynlegt til að tryggja að farið sé að kröfum þessarar reglugerðar innan fyrirtækis eða stöðvar. Þegar opinbert eftirlit fer fram skulu lögbær yfirvöld taka tillit til frammistöðu varðandi framkvæmd innra eftirlits. Hjá tilteknum fyrirtækjum eða stöðvum skal innra eftirlit fara fram í gegnum kerfi sem byggist á meginreglum sem felast í greiningu á hættu og mikilvægum stýristöðum (GáHMSS). GáHMSS-meginreglurnar skulu byggjast á reynslu af framkvæmd þeirra samkvæmt löggjöf Bandalagsins um hollustuhætti sem varða matvæli og fóður. Landsbundnar leiðbeiningar um góðar starfsvenjur gætu reynst mikilvægt verkfæri í þessu sambandi til að auðvelda framkvæmd GáHMSS-meginreglnanna í reynd svo og annarra þátta þessarar reglugerðar.

38) Einungis skal nota aukaafurðir úr dýrum ef áhættan fyrir heilbrigði manna og dýra er lágmörkuð í vinnslu þeirra og setningu afleiddra afurða, sem eru framleiddar á grunni aukaafurða úr dýrum, á markað. Ef þessi kostur stendur ekki til boða skal farga aukaafurðum úr dýrum við örugg skilyrði. Skýra skal valkostina, sem standa til boða varðandi nýtingu aukaafurða úr dýrum í hinum mismunandi flokkum, í samhengi við aðra löggjöf Bandalagsins. Almennt séð skulu valkostirnir fyrir hærri áhættuflokk einnig vera í boði fyrir lægri áhættuflokkana nema þegar sérstök sjónarmið gilda í tengslum við áhættuna sem fylgir tilteknum aukaafurðum úr dýrum.

39) Förgun aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða skal fara fram í samræmi við umhverfislöggjöf um urðun og brennslu úrgangs. Til að tryggja samkvæmni skal brennsla fara fram í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/76/EB frá 4. desember 2000 um brennslu úrgangs([20]). Sambrennsla úrgangs – annaðhvort sem endurheimtar- eða förgunaraðgerð – er háð skilyrðum varðandi samþykki og rekstur sem svipar til þeirra sem gilda um brennslu úrgangs, einkum að því er varðar viðmiðunarmörk fyrir losun í andrúmsloftið, losun skólps og leifa, eftirlit og vöktun og kröfur um mælingar. Af þessum sökum skal bein sambrennsla án undangenginnar vinnslu vera leyfileg fyrir alla þrjá flokka efna. Til viðbótar skal samþykkja sértæk ákvæði varðandi samþykki fyrir afkastalitlar og -miklar brennslustöðvar.

40) Leyfa skal notkun aukaafurða úr dýrum eða afleiddra afurða sem eldsneytis í brunaferlinu og skal ekki teljast vera förgunaraðgerð fyrir úrgang. Hins vegar skal slík notkun eiga sér stað við skilyrði sem tryggja vernd heilbrigðis manna og dýra svo og við viðeigandi umhverfisstaðla.

41) Í þessari reglugerð skal kveða á um möguleikann á að mæla fyrir um breytur fyrir vinnsluaðferðir að því er varðar tíma, hitastig og þrýsting fyrir aukaafurðir úr dýrum, einkum fyrir þær aðferðir sem nú er vísað til sem aðferða 2 til 7 samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1774/2002.

42) Skeljar af skelfiski, sem mjúkvefur eða kjöt hefur verið fjarlægt úr, skulu falla utan gildissviðs þessarar reglugerðar. Vegna mismunandi aðferða sem beitt er í Bandalaginu við fjarlægingu slíkra mjúkvefja eða kjöts úr skeljum skal vera mögulegt að nota skeljar, sem mjúkvefur eða kjöt hefur ekki verið fjarlægt úr að öllu leyti, að því tilskildu að slíkt leiði ekki til þess að upp komi áhætta fyrir heilbrigði manna og dýra. Landsbundnar leiðbeiningar um góðar starfsvenjur gætu stutt við útbreiðslu þekkingar um tilhlýðileg skilyrði til að gera slíka notkun mögulega.

43) Í ljósi takmarkaðrar áhættu fyrir heilbrigði manna eða dýra sem stafar af slíkum afurðum skulu lögbær yfirvöld geta leyft tilreiðslu og notkun lífaflrænna blandna, sem byggjast á efnum úr 2. og 3. flokki, á land, eins og um getur í reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara([21]).

44) Nýstárleg tækni sem er í þróun býður upp á hagstæðar leiðir til að framleiða orku á grunni aukaafurða úr dýrum eða skapa leiðir til að farga slíkum afurðum á öruggan hátt. Örugg förgun getur átt sér stað með samblandi af aðferðum til öruggrar geymslu aukaafurða úr dýrum á staðnum og viðteknum förgunaraðferðum og með samblandi af samþykktum vinnslubreytum og nýjum stöðlum sem hafa fengið jákvætt mat. Til að taka tillit til tengdrar framþróunar í vísindum og tækni skal leyfa slíka tækni sem staðgönguaðferð við förgun eða notkun aukaafurða úr dýrum í gervöllu Bandalaginu. Ef einstaklingur hefur þróað tækniferli skal Matvælaöryggisstofnunin rannsaka umsókn sem lögbært yfirvald hefur skoðað áður en slíkt samþykki er veitt, til að tryggja að metin sé geta ferlisins til að draga úr áhættu og að mannréttindi, þ.m.t. þagnarskylda varðandi viðskiptaupplýsingar, séu virt. Í því skyni að veita umsækjendum ráðleggingar skal taka upp staðlað snið á umsóknum. Þar eð því skjali er einungis ætlað að vera leiðbeinandi skal samþykkja það í samræmi við ráðgjafarnefndarmeðferð í samvinnu við Matvælaöryggisstofnunina.

45) Rétt þykir að skýra kröfurnar sem gilda um setningu á markað á aukaafurðum úr dýrum og afleiddum

([20]) Stjtíð. EB L 332, 28.12.2000, bls. 91.

([21]) Stjtíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

afurðum, sem eru ætlaðar í fóður, og lífrænum áburði og jarðvegsbætum til að tryggja vernd matvæla- og fóðurferlisins. Einungis skal nota efni í 3. flokki til að fóðra alidýr, önnur en loðdýr. Áburður sem er framleiddur úr aukaafurðum úr dýrum getur haft áhrif á öryggi fóður- og matvælaferlisins. Þegar hann er framleiddur úr kjöt- og beinamjöli úr efnum í 2. flokki eða úr unnu dýraprótíni skal bæta við hann efnisþætti, s.s. ólífrænu eða ómeltanlegu efni, til að koma í veg fyrir beina notkun hans sem fóðurs. Slíkrar blöndunar skal ekki krafist ef samsetning eða pökkun afurðanna, einkum afurða sem ætlaðar eru til notkunar af hálfu lokaneytenda, kemur í veg fyrir misnotkun afurðarinnar til fóðrunar. Þegar ákveðið er hvaða efnisþætti á að nota skal taka tillit til mismunandi aðstæðna varðandi loftslag og jarðveg og tilganginn með notkun tiltekins áburðar.

46) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1523/2007 frá 11. desember 2007 um bann við setningu á markað og innflutning til Bandalagsins eða útflutning frá því á loðskinnum af köttum og hundum og vörum með slíkum loðskinnum([22]) er mælt fyrir um almennt bann við setningu á markað og inn- og útflutningi á loðskinnum af köttum og hundum og vörum sem innihalda slík loðskinn. Hins vegar skal það bann ekki hafa áhrif á skuldbindinguna samkvæmt þessari reglugerð um að farga aukaafurðum úr köttum og hundum, þ.m.t. loðskinnum.

47) Nauðsynlegt getur reynst að nota aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir í öllum flokkum til eflingar vísinda og rannsókna og til listsköpunar, stundum í minna magni en fáanlegt er í almennum viðskiptum. Til að greiða fyrir innflutningi og notkun á slíkum aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum skal lögbæru yfirvaldi kleift að ákveða skilyrði fyrir slíka starfsemi í hverju tilviki fyrir sig. Mæla skal fyrir um samræmd skilyrði fyrir tilvik þegar þörf er fyrir aðgerð á vettvangi Bandalagsins.

48) Í reglugerð (EB) nr. 1774/2002 eru ítarleg ákvæði sem leyfa, sem undanþágu, að dýr í dýragörðum séu fóðruð á efnum í 2. og 3. flokki. Mæla skal fyrir um svipuð ákvæði í þessari reglugerð og leyfa skal fóðrum með tilteknum efnum í 1. flokki og til viðbótar skal vera mögulegt að mæla fyrir um nákvæmar reglur um varnir gegn hugsanlegri áhættu sem kann að skapast fyrir heilbrigði manna eða dýra.

49) Með reglugerð (EB) nr. 1774/2002 er leyft að nota tiltekið efni í 1. flokki sem fóður fyrir hræfuglategundir sem eru í útrýmingarhættu eða verndaðar og fyrir aðrar tegundir á náttúrulegum búsvæðum þeirra, til að efla líffræðilega fjölbreytni. Til að bjóða upp á viðunandi verkfæri til að varðveita þessar tegundir skal sú fóðrun leyfð áfram samkvæmt þessari reglugerð í samræmi við skilyrði sem mælt er fyrir um til að koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdóma. Um leið skal mæla fyrir um heilbrigðisskilyrði í framkvæmdarráðstöfunum til að leyfa notkun slíkra efna í 1. flokki til fóðrunar á stórum beitarsvæðum og til fóðrunar fyrir aðrar tegundir kjötætna, s.s. birni og úlfa. Mikilvægt er að í slíkum heilbrigðisskilyrðum sé tekið tillit til eðlilegs neyslumynsturs viðkomandi tegunda, sem og til markmiða Bandalagsins um eflingu líffræðilegrar fjölbreytni eins og um getur í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 22. maí 2006 sem ber titilinn "Að sporna við minnkandi líffræðilegri fjölbreytni fyrir 2010 – og eftir það".

50) Urðun og brennsla aukaafurða úr dýrum, einkum dauðra dýra, er réttlætanleg í vissum tilvikum, einkum á afskekktum svæðum eða þegar aðstæður vegna sjúkdómsvarna krefjast þess að neyðarförgun fari fram á dýrum sem hafa verið aflífuð til að verjast útbreiðslu alvarlegs smitsjúkdóms. Einkum skal leyfa förgun á staðnum við sérstakar aðstæður, þar eð sú aðstaða til bræðslu eða brennslu sem í boði er innan svæðis eða aðildarríkis gæti annars takmarkað varnir gegn sjúkdómi.

51) Núgildandi undanþága vegna urðunar og brennslu aukaafurða úr dýrum skal rýmkuð til að ná til svæða þar sem aðgengi er í reynd óhagkvæmt eða skapar áhættu fyrir heilbrigði og öryggi starfsmanna við söfnun. Reynslan af beitingu ákvæða reglugerðar (EB) nr. 1774/2002 og af náttúruhamförum s.s. skógareldum og flóðum í tilteknum aðildarríkjum hefur sýnt að við slíkar sérstakar aðstæður er förgun með urðun eða brennslu á staðnum réttlætanleg til að tryggja skjóta förgun dýra og forðast útbreiðslu sjúkdóma. Heildarstærð afskekktra svæða í aðildarríki skal vera takmörkuð á grunni þeirrar reynslu sem fengist hefur af beitingu ákvæða reglugerðar (EB) nr. 999/2001 til að tryggja að hin almenna skylda að hafa til staðar tilhlýðilegt förgunarkerfi, sem uppfyllir reglurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, sé uppfyllt.

52) Tilteknum fyrirtækjum eða stöðvum sem meðhöndla einungis lítið magn aukaafurða úr dýrum, sem ekki stafar af áhætta fyrir heilbrigði manna og dýra, skal vera leyfilegt að farga slíkum aukaafurðum með öðrum aðferðum en förgun, í samræmi við þessa reglugerð, undir opinberu eftirliti. Hins vegar skal mæla fyrir um viðmiðanir fyrir sérstakar aðstæður af þessum toga á vettvangi Bandalagsins til að tryggja jafna beitingu þeirra, á grundvelli raunverulegra aðstæðna í tilteknum geirum og framboðs á öðrum förgunarkerfum í tilteknum aðildarríkjum.

53) Mögulegar aðgerðir sem lögbær yfirvöld geta gripið til þegar þau framkvæma opinbert eftirlit skulu skilgreindar til að tryggja réttarvissu, einkum að því er varðar tímabundna stöðvun starfsemi eða varanlegt bann við

([22]) Stjtíð. ESB L 343, 27.12.2007, bls. 1.

henni eða álagningu skilyrða til að tryggja rétta beitingu ákvæða þessarar reglugerðar. Þetta opinbera eftirlit skal fara fram innan ramma eftirlitsáætlunar til margra ára samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt([23]).

54) Til að tryggja að aðildarríki geti stjórnað því magni efnis sem komið er með inn á yfirráðasvæði þeirra til förgunar skal lögbært yfirvald leyfa viðtöku slíks efnis inn á yfirráðasvæði sitt.

55) Setja má skilyrði um þrýstisæfingu og viðbótarskilyrði um flutninga til að tryggja varnir gegn hugsanlegri áhættu. Til að tryggja rekjanleika og samvinnu milli lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum, sem hafa eftirlit með sendingum aukaafurða úr dýrum eða afleiddra afurða, skal nota Traces-kerfið sem innleitt var með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/292/EB([24]) til að miðla upplýsingum um sendingar með efnum í 1. og 2. flokki og kjöt- og beinamjöli eða dýrafitu úr efni í 1. og 2. flokki og á unnu dýraprótíni úr efni í 3. flokki. Mæla skal fyrir um sérstök skilyrði til að greiða fyrir flutningum á efni, sem vanalega er sent í litlu magni til notkunar við rannsóknir, menntun, listsköpun eða greiningar, innan Bandalagsins. Tvíhliða fyrirkomulag til að greiða fyrir eftirliti með efni sem flutt er á milli aðildarríkja með sameiginleg landamæri skal vera leyfilegt við sérstök skilyrði.

56) Til að greiða fyrir flutningi sendinga í gegnum þriðju lönd sem liggja að fleiri en einu aðildarríki skal innleiða sérstakt fyrirkomulag fyrir sendingar frá yfirráðasvæði eins aðildarríkis til annars í gegnum yfirráðasvæði þriðja lands, einkum til að tryggja að sendingar sem koma aftur inn á yfirráðasvæði Bandalagsins falli undir heilbrigðiseftirlit með dýrum og dýraafurðum í samræmi við tilskipun ráðsins 89/662/EBE frá 11. desember 1989 um dýraheilbrigðiseftirlit í viðskiptum innan Bandalagsins til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á([25]).

57) Til að tryggja samræmi í löggjöf Bandalagsins er nauðsynlegt að skýra tengslin á milli reglnanna sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og löggjafar Bandalagsins um úrgang. Einkum skal tryggja samræmi við bannið á útflutningi úrgangs sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 frá 14. júní 2006 um tilflutning úrgangs([26]). Til að koma í veg fyrir hugsanleg skaðleg áhrif á umhverfið skal banna útflutning aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða sem á að farga með brennslu og urðun. Einnig skal koma í veg fyrir útflutning aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða þegar markmiðið er að nota þær í lífgas- eða myltingarstöð í þriðju löndum sem ekki eru aðilar að Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD) til að koma í veg fyrir hugsanleg neikvæð umhverfisáhrif og áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra. Við beitingu ákvæðanna um að víkja frá útflutningsbanninu ber framkvæmdastjórninni í ákvörðunum sínum að virða að öllu leyti Basel-samninginn um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra, eins og hann var fullgiltur fyrir hönd Bandalagsins með ákvörðun ráðsins 93/98/EBE([27]), og breytingarnar á þeim samningi sem mælt er fyrir um í ákvörðun ráðstefnu samningsaðilanna III/1 eins og samþykkt var, fyrir hönd Bandalagsins, með ákvörðun ráðsins 97/640/EB([28]) og komið í framkvæmd með reglugerð (EB) nr. 1013/2006.

58) Það að auki skal sjá til þess að aukaafurðir úr dýrum, sem eru blandaðar með eða mengaðar af hættulegum úrgangi, eins og tilgreint er í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB frá 3. maí 2000 sem kemur í stað ákvörðunar 94/3/EB um skrá yfir úrgang samkvæmt a-lið 1. gr. tilskipunar ráðsins 75/442/EBE um úrgang og ákvörðunar ráðsins 94/904/EB um skrá yfir hættulegan úrgang samkvæmt 4. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 91/689/EBE um hættulegan úrgang ([29]), séu einungis fluttar inn, fluttar út eða sendar á milli aðildarríkja í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1013/2006. Einnig er nauðsynlegt að mæla fyrir um reglur varðandi sendingar slíkra efna innan aðildarríkis.

59) Framkvæmdastjórnin skal geta haft eftirlit í aðildarríkjunum. Eftirlit Bandalagsins í þriðju ríkjum skal fara fram í samræmi við reglugerð (EB) nr. 882/2004.

60) Innflutningur á aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum inn í Bandalagið og umflutningur slíkra efna skal fara fram í samræmi við reglur sem eru a.m.k. eins strangar og þær sem gilda innan Bandalagsins. Í stað þess má viðurkenna reglur, sem gilda um aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir í þriðju löndum, sem jafngildar reglunum sem mælt er fyrir um í löggjöf Bandalagsins. Vegna hugsanlegrar áhættu sem stafað getur af þeim skulu einfaldaðar innflutningsreglur gilda um afurðir sem eru ætlaðar til notkunar utan fóðurferlisins.

([23]) Stjtíð. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1.
([24]) Stjtíð. ESB L 94, 31.3.2004, bls. 63.
([25]) Stjtíð. EB L 395, 30.12.1989, bls. 13.
([26]) Stjtíð. ESB L 190, 12.7.2006, bls. 1.
([27]) Stjtíð. EB L 39, 16.2.1993, bls. 1.
([28]) Stjtíð. EB L 272, 4.10.1997, bls. 45.
([29]) Stjtíð. EB L 226, 6.9.2000, bls. 3.

61) Löggjöf Bandalagsins um framleiðslu afleiddra afurða, sem eru ætlaðir til notkunar sem snyrtivörur, lyf eða lækningatæki, myndar heildarramma fyrir setningu slíkra afurða á markað: Tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur([30]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum([31]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/82/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um dýralyf([32]), tilskipun ráðsins 90/385/EBE frá 20. júní 1990 um samræmingu laga aðildarríkjanna um virk, ígræðanleg lækningatæki([33]), tilskipun ráðsins 93/42/EBE frá 14. júní 1993 um lækningatæki([34]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/79/EB frá 27. október 1998 um lækningabúnað til sjúkdómsgreiningar í glasi([35]) (hér á eftir nefndar sértæku tilskipanirnar). Hins vegar er ekki kveðið á um vernd gegn áhættu fyrir heilbrigði dýra í sértæku tilskipununum um snyrtivörur og lækningatæki. Í slíkum tilvikum skulu ákvæði þessarar reglugerðar gilda um þá áhættu og hægt skal vera að grípa til verndarráðstafana í samræmi við reglugerð (EB) nr. 178/2002.

62) Aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir, sem eru seldar sem efni eða innihaldsefni í framleiðslu slíkra afleiddra afurða, skulu einnig falla undir kröfurnar í sértæku tilskipununum, að svo miklu leyti sem þar er mælt fyrir um reglur um vernd gegn áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra. Með þessum sértæku tilskipunum eru þegar settar reglur um upphafsefni úr dýraríkinu, sem nota má til framleiðslu á afleiddu afurðunum sem um getur, og lögð á tiltekin skilyrði til að tryggja vernd heilbrigðis manna eða dýra. Einkum eru efni í 1. og 2. flokki útilokuð frá notkun sem þættir í samsetningu snyrtivöru í tilskipun 76/768/EBE og framleiðendur skuldbundnir til að beita góðum framleiðsluháttum. Í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/32/EB([36]) eru innleiddar nákvæmar skilgreiningar að því er varðar lækningatæki sem eru framleidd með vefjum úr dýraríkinu.

63) Hins vegar skulu ákvæði þessarar reglugerðar gilda þegar ekki hefur enn verið kveðið á um slík skilyrði í sértæku tilskipununum eða þegar þau ná ekki til tiltekinnar áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra og mögulegt skal vera að grípa til verndarráðstafana í samræmi við reglugerð (EB) nr. 178/2002.

64) Tilteknar afleiddar afurðir koma ekki inn í fóðurferlið og eru ekki notaðar á land sem alidýrum er beitt á eða þar sem beitarjurtir til fóðrunar eru slegnar. Á meðal slíkra afleiddra afurða eru afurðir til tæknilegra nota, s.s. unnar húðir til leðurframleiðslu, unnin ull fyrir textíliðnaðinn, beinaafurðir til límgerðar og unnið efni ætlað í gæludýrafóður. Rekstraraðilum skal vera leyfilegt að setja slíkar afurðir á markað að því tilskildu að þær séu annað hvort úr hráefni sem ekki þarfnast neinnar meðhöndlunar eða að meðhöndlun þess eða endanleg notkun tryggi viðunandi vernd gegn áhættu.

65) Í allnokkrum aðildarríkjum hefur komið í ljós tiltekin vanræksla á því að farið sé að reglunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1774/2002. Til samræmis við það og til viðbótar við stranga framfylgd þessara reglna er þörf fyrir viðurlög á sviði refsiréttar og öðrum viðurlögum gegn rekstraraðilum sem ekki fara að þessum reglum. Því er nauðsynlegt að aðildarríkin mæli fyrir um reglur um viðurlög við brotum gegn ákvæðum þessarar reglugerðar.

66) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að mæla fyrir um reglur um heilbrigði manna og dýra vegna aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða í því skyni að koma í veg fyrir og draga sem mest úr áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra af völdum þessara afurða og einkum til að vernda öryggi matvæla- og fóðurferlisins, og markmiðunum verður því betur náð á vettvangi Bandalagsins er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná megi því markmiði.

67) Til að auka réttarvissu og í ljósi þess almenna markmiðs framkvæmdastjórnarinnar að einfalda löggjöf Bandalagsins skal mæla fyrir um samræmdan regluramma í þessari reglugerð, með tilliti til reglnanna sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1774/2002, sem og til fenginnar reynslu og framfara sem orðið hafa frá gildistökudegi þeirrar reglugerðar. Reglugerð (EB) nr. 1774/2002 skal því felld úr gildi og þessi reglugerð koma í hennar stað.

68) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([37]).

69) Til að tryggja samræmi og skýrleika í löggjöf Bandalagsins skal mæla fyrir um tæknireglur fyrir tiltekna starfsemi sem varðar aukaafurðir úr dýrum, sem nú er mælt fyrir um

([30]) Stjtíð. EB L 262, 27.9.1976, bls. 169.
([31]) Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67.
([32]) Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 1.
([33]) Stjtíð. EB L 189, 20.7.1990, bls. 17.
([34]) Stjtíð. EB L 169, 12.7.1993, bls. 1.
([35]) Stjtíð. EB L 331, 7.12.1998, bls. 1.
([36]) Stjtíð. ESB L 105, 26.4.2003, bls. 18.
([37]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

í viðaukunum við reglugerð (EB) nr. 1774/2002 og einnig í framkvæmdarráðstöfununum sem framkvæmdastjórnin samþykkti á grunni þeirrar reglugerðar([38]), í aðskildum framkvæmdargerðum. Samráð við og upplýsingamiðlun til neytenda og fagfólks, sem málefni tengd þessari reglugerð varða, skulu fara fram í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/613/EB frá 6. ágúst 2004 um að koma á fót ráðgjafahópi um matvælaferlið og heilbrigði dýra og plantna([39]).

70) Einkum skal framkvæmdastjórninni veitt umboð til að samþykkja reglur um breytingu á endapunktinum í framleiðsluferli tiltekinna afleiddra afurða og til að setja slíkan endapunkt fyrir tilteknar aðrar afleiddar afurðir, reglur um að ekki megi senda aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir þegar alvarlegir smitsjúkdómar eru til staðar og/eða skilyrði fyrir slíkum sendingum, ráðstafanir til að breyta flokkun aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða, ráðstafanir um höft á notkun og förgun aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða, ráðstafanir um að mæla fyrir um skilyrði fyrir beitingu tiltekinna undanþága sem varða notkun, söfnun og förgun aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða og ráðstafanir sem varða samþykki eða höfnun á tiltekinni staðgönguaðferð við notkun og förgun aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða.

71) Þar að auki skal framkvæmdastjórninni veitt umboð til að samþykkja sértækari reglur um söfnun og flutning aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða, kröfur um grunnvirki, búnað og hollustuhætti fyrir fyrirtæki eða stöðvar sem meðhöndla aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir, skilyrði og tæknilegar kröfur um meðferð aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða, þ.m.t. sönnunargögn sem leggja skal fram til að hægt sé að fullgilda slíka meðhöndlun, skilyrði fyrir setningu aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða á markað, kröfur sem tengjast öruggum uppruna, öruggri meðhöndlun og öruggri endanlegri notkun, skilyrði fyrir innflutningi, umflutningi og útflutningi aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða, nákvæmt fyrirkomulag á framkvæmd opinbers eftirlits, þ.m.t. reglur sem varða tilvísunaraðferðir fyrir örverufræðilegar greiningar ásamt skilyrðum um eftirlit með sendingum tiltekinna aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða á milli aðildarríkja. Þar eð þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og þeim er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við hana nýjum, veigalitlum atriðum, skulu þær samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.

72) Fyrir skilvirkni sakir skal stytta venjuleg tímamörk fyrir reglunefndarmeðferð með grannskoðun að því er varðar samþykki fyrir ráðstöfunum um að tilgreina skilyrðin fyrir sendingum með aukaafurðum úr dýrum frá bújörðum, stöðvum eða svæðum sem sæta takmörkunum. Af því að málið er brýnt er nauðsynlegt að beita flýtimeðferðinni, sem kveðið er á um í 6. mgr. 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB, við samþykki ráðstafana um að breyta endapunktinum í framleiðsluferlinu fyrir tilteknar afurðir.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. BÁLKUR

ALMENN ÁKVÆÐI

1. KAFLI

Sameiginleg ákvæði

1. þáttur

Efni, gildissvið og skilgreiningar

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur um heilbrigði manna og heilbrigði dýra sem varða aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir, til að koma í veg fyrir og lágmarka áhættu sem af þessum afurðum stafar fyrir heilbrigði manna og dýra, þá einkum til að vernda öryggi matvæla- og fóðurferlisins.

2. gr.

Gildissvið

1. Þessi reglugerð gildir um:

a) aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem eru ekki ætlaðar til manneldis samkvæmt löggjöf Bandalagsins og

([38]) Reglugerð (EB) nr. 811/2003 um bann við endurvinnslu, þegar um er að ræða eina og sömu fisktegundina, gröft og brennslu aukaafurða úr dýrum (Stjtíð. ESB L 117, 13.5.2003, bls. 14); ákvörðun 2003/322/EB um fóðrun tiltekinna hræfugla með tilteknum efnum í 1. flokki (Stjtíð. ESB L 117, 13.5.2003, bls. 32); ákvörðun 2003/324/EB um undanþágu frá banni við endurvinnslu þegar um er að ræða eina og sömu loðdýrategundina (Stjtíð. ESB L 117, 13.5.2003, bls. 37); reglugerð (EB) nr. 92/2005 um aðferðir við förgun eða notkun (Stjtíð. ESB L 19, 21.1.2005, bls. 27); reglugerð (EB) nr. 181/2006 um lífrænan áburð og jarðvegsbæti, annan en húsdýraáburð (Stjtíð. ESB L 29, 2.2.2006, bls. 31); reglugerð (EB) nr. 1192/2006 um skrár yfir samþykktar stöðvar (Stjtíð. ESB L 215, 5.8.2006, bls. 10); reglugerð (EB) nr. 2007/2006 um innflutning og umflutning tiltekinna milliafurða, sem fást úr efni úr 3. flokki (Stjtíð. ESB L 379, 28.12.2006, bls. 98).

([39]) Stjtíð. ESB L 275, 25.8.2004, bls. 17.

b) eftirtaldar afurðir sem eru, samkvæmt ákvörðun rekstraraðila sem skal vera óafturkræf, ætlaðar til annars en til manneldis:

   i. afurðir úr dýraríkinu sem heimilt er að ætla til manneldis samkvæmt löggjöf Bandalagsins,

   ii. hráefni til framleiðslu afurða úr dýraríkinu.

2. Þessi reglugerð gildir ekki um eftirfarandi aukaafurðir úr dýrum:

a) heila skrokka eða skrokkhluta villtra dýra, annarra en villtra veiðidýra, sem ekki leikur grunur á að séu sýkt eða hafi orðið fyrir áhrifum af sjúkdómi sem getur smitast í menn eða dýr, að undanskildum lagardýrum sem landað er í viðskiptalegum tilgangi,

b) heila skrokka eða skrokkhluta villtra veiðidýra sem ekki er safnað eftir að þau eru felld, í samræmi við góðar veiðivenjur, með fyrirvara um ákvæði reglugerðar (EB) nr. 853/2004,

c) aukaafurðir úr villtum veiðidýrum og úr kjöti af villtum veiðidýrum sem um getur í e-lið 3. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004,

d) eggfrumur, fósturvísa eða sæði sem ætlað er til kynbóta,

e) hrámjólk, brodd og afurðir úr þeim sem eru fengnar, geymdar, fargað eða notaðar á upprunabýli,

f) skeljar af skelfiski sem mjúkvefir eða kjöt hefur verið fjarlægt úr,

g) eldhússúrgang nema ef hann:

   i. kemur frá flutningatækjum í alþjóðlegri umferð,

   ii. er ætlaður til fóðrunar,

   iii. er ætlaður til vinnslu með þrýstisæfingu eða til vinnslu með aðferðum sem lýst er í b-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 15. gr. eða til ummyndunar í lífgas eða til myltingar,

h) með fyrirvara um umhverfislöggjöf Bandalagsins: efni frá skipum sem uppfylla ákvæði reglugerðar (EB) nr. 852/2004 og (EB) nr. 853/2004, sem hefur fallið til við fiskveiðar þeirra og er fargað á hafi úti, að undanteknu efni sem fellur til um borð við slægingu á fiski sem sýnir merki um sjúkdóma, þ.m.t. sníkla, sem geta borist í menn,

i) hrátt gæludýrafóður úr smásöluverslunum þar sem stykkjun og geymsla fara eingöngu fram vegna beinnar sölu til neytenda á staðnum,

j) hrátt gæludýrafóður úr dýrum sem er slátrað á upprunabýli til einkaneyslu á heimilum og

k) skít og þvag, annað en húsdýraáburður og óharðnað gúanó (e. *non-mineralised guano*).

3. Reglugerð þessi skal ekki hafa áhrif á löggjöf Bandalagsins um dýralækningar sem miðar að útrýmingu tiltekinna dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „aukaafurðir úr dýrum“: heilir skrokkar eða skrokkhlutar dýra, afurðir úr dýraríkinu eða aðrar afurðir fengnar af eða úr dýrum, ekki ætlað til manneldis, þ.m.t. eggfrumur, fósturvísar og sæði,

2. „afleiddar afurðir“: afurðir fengnar með einni eða fleiri meðhöndlunum, ummyndunum eða þrepum í vinnslu aukaafurða úr dýrum,

3. „afurðir úr dýraríkinu“: afurðir úr dýraríkinu eins og þær eru skilgreindar í lið 8.1 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,

4. „skrokkur“: skrokkur eins og hann er skilgreindur í lið 1.9 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,

5. „dýr“: allir hryggleysingjar og hryggdýr,

6. „alidýr“:

   a) hvert það dýr sem er haldið, alið eða ræktað af mönnum og notað til framleiðslu á matvælum, ull, loðskinnum, fjöðrum, húðum og skinnum eða hverri annarri afurð sem er fengin af eða úr dýrum, eða til annarar notkunar í búskap,

   b) dýr af hestaætt,

7. „villt dýr“: öll dýr sem menn halda ekki,

8. „gæludýr“: dýr af tegundum sem algengt er að menn ali en leggi sér ekki til munns og haldi í öðrum tilgangi en til búskapar,

9. „lagardýr“: lagardýr eins og þau eru skilgreind í e-lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2006/88/EB,

10. „lögbært yfirvald“: miðlægt stjórnvald aðildarríkis, sem er til þess bært að tryggja að farið sé að kröfunum í þessari reglugerð, eða hvert það yfirvald sem hefur verið veitt sú valdheimild; þetta nær einnig, þegar við á, til samsvarandi yfirvalds í þriðja landi,

11. „rekstraraðili“: einstaklingur eða lögaðili sem hefur raunveruleg yfirráð yfir aukaafurð úr dýrum eða afleiddri afurð, þ.m.t. flutningsaðilar, kaupmenn og notendur,

12. „notandi“: einstaklingur eða lögaðili sem notar aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir til sérstakrar fóðrunar, til rannsókna eða í öðrum sérstökum tilgangi,

13. „fyrirtæki“ eða „stöð“: hver sá staður, annar en fiskiskip, þar sem fram fer einhver starfsemi sem felst í meðferð á aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum,

14. setning á markað“: öll starfsemi sem miðar að því að selja aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir til þriðja aðila í Bandalaginu, eða annars konar afhending gegn greiðslu eða án endurgjalds til slíks þriðja aðila eða geymsla sem miðar að afhendingu til slíks þriðja aðila,

15. „umflutningur“: flutningur um Bandalagið frá yfirráðasvæði þriðja lands til yfirráðasvæðis annars þriðja lands, annar en sjóleiðis eða flugleiðis,

16. „útflutningur“: flutningur frá Bandalaginu til þriðja lands,

17. „smitandi svampheilakvilli“: allir tegundir smitandi svampheilakvilla (áður smitandi heilahrörnun) eins og skilgreint er í a-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 999/2001,

18. „sérstakt áhættuefni“: sérstakt áhættuefni eins og það er skilgreint í g-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 999/2001,

19. „þrýstisæfing“: vinnsla á aukaafurðum úr dýrum eftir að búið er að minnka bitastærð þeirra í 50 mm eða minna, í kjarnahita yfir 133 °C, í a.m.k. 20 mínútur án truflunar, við a.m.k. 3 bara raunþrýsting,

20. „húsdýraáburður“: allur skítur og/eða þvag alidýra, annarra en eldisfisks, með eða án undirburðar,

21. „viðurkenndur urðunarstaður“: urðunarstaður sem leyfi hefur verið gefið út fyrir í samræmi við tilskipun 1999/31/EB,

22. „lífrænn áburður“ og „jarðvegsbætir“: efni úr dýraríkinu sem eru notuð til að viðhalda eða auka frjósemi jarðvegs og eðlis- og efnafræðilega eiginleika hans og lífvirkni, annaðhvort hvort í sínu lagi eða saman, þ.á.m. má telja húsdýraáburð, óharðnað gúanó, innihald meltingarvegar, moltu og meltunarleifar,

23. „afskekkt svæði“: svæði þar sem stofnar dýra eru svo smáir og fyrirtæki og stöðvar sem annast förgun svo langt í burtu að sú tilhögun sem er nauðsynleg til söfnunar og flutnings aukaafurða úr dýrum yrði svo íþyngjandi, í samanburði við staðbundna förgun, að við það verður ekki unað,

24. „matvæli“: matvæli eins og þau eru skilgreind í 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002,

25. „fóður“: fóður eins og það er skilgreint í 4. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002,

26. „seyra úr skilvindum eða skiljum“: efni sem er safnað saman sem aukaafurð eftir hreinsun á hrámjólk og skiljun á undanrennu og rjóma frá hrámjólk,

27. „úrgangur“: úrgangur eins og hann er skilgreindur í 1. lið 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB.

2. þáttur

Skuldbindingar

4. gr.

Upphafspunktur í framleiðsluferlinu og fyrir skuldbindingar

1. Um leið og aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir, sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar, verða til hjá rekstraraðilum skulu þeir auðkenna þær og sjá til þess að farið sé með þær í samræmi við þessa reglugerð (upphafspunktur).

2. Rekstraraðilar skulu, innan fyrirtækja undir sinni stjórn, sjá til þess á öllum stigum söfnunar, flutnings, meðferðar, meðhöndlunar, ummyndunar, vinnslu, geymslu, setningar á markað, dreifingar, notkunar og förgunar að aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir uppfylli þær kröfur í þessari reglugerð sem skipta máli fyrir starfsemi þeirra.

3. Aðildarríkin skulu vakta og sannprófa að rekstraraðilar uppfylli viðeigandi kröfur í þessari reglugerð í öllu því ferli aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða sem um getur í 2. mgr. Í þeim tilgangi skulu þau halda úti opinberu eftirlitskerfi í samræmi við viðeigandi löggjöf Bandalagsins.

4. Aðildarríkin skulu sjá til þess að viðunandi kerfi sé til staðar á yfirráðasvæði þeirra sem tryggir að aukaafurðum úr dýrum sé:

a) safnað, þær auðkenndar og fluttar án ótilhlýðilegrar tafar og

b) þær meðhöndlaðar, notaðar eða fargað í samræmi við þessa reglugerð.

5. Aðildarríkin geta uppfyllt skuldbindingar sínar samkvæmt 4. mgr. í samstarfi við önnur aðildarríki eða þriðju lönd.

5. gr.

Endapunktur í framleiðsluferlinu

1. Afleiddar afurðir, sem um getur í 33. gr., sem hafa náð því stigi í framleiðslunni sem reglufest er í þeirri löggjöf Bandalagsins sem um getur í þeirri grein, skulu teljast hafa ná endapunktinum í framleiðsluferlinu en handan við hann falla þær ekki lengur undir kröfurnar í þessari reglugerð.

Eftir það má setja þessar afleiddu afurðir á markað án takmarkana samkvæmt þessari reglugerð og skulu þær ekki lengur falla undir opinbert eftirlit í samræmi við þessa reglugerð.

Breyta má endapunktinum í framleiðsluferlinu:

a) fyrir afurðir sem um getur í a- til d-lið 33. gr. ef um er að ræða áhættu fyrir heilbrigði dýra,

b) fyrir afurðir sem um getur í e- og f-lið 33. gr. ef um er að ræða áhættu fyrir heilbrigði manna eða dýra.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 6. mgr. 52. gr.

2. Að því er varðar afleiddar afurðir, sem um getur í 35. og 36. gr., sem ekki stafar lengur nein umtalsverð áhætta af fyrir heilbrigði manna eða dýra, má ákveða endapunkt þeirra í framleiðsluferlinu, en handan við hann falla þær ekki lengur undir kröfurnar í þessari reglugerð.

Eftir það má setja þessar afleiddu afurðir á markað án takmarkana samkvæmt þessari reglugerð og skulu þær ekki lengur falla undir opinbert eftirlit í samræmi við þessa reglugerð.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 5. mgr. 52. gr.

3. Ef um er að ræða áhættu fyrir heilbrigði manna eða dýra gilda ákvæði 53. og 54. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 um neyðarráðstafanir að breyttu breytanda um afleiddu afurðirnar sem um getur í 33. og 36. gr. þessarar reglugerðar.

3. þáttur

Takmarkanir sem varða heilbrigði dýra

6. gr.

Almennar takmarkanir sem varða heilbrigði dýra

1. Ekki skal senda aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir úr smitnæmum tegundum frá bújörðum, fyrirtækjum, stöðvum eða svæðum sem sæta takmörkunum:

a) samkvæmt heilbrigðislöggjöf Bandalagsins um dýr og dýraafurðir eða

b) vegna þess að alvarlegur smitsjúkdómur er til staðar:

   i. sem er skráður í I. viðauka við tilskipun 92/119/EBE eða

   ii. sem mælt er fyrir um í samræmi við aðra undirgrein.

Ráðstafanirnar, sem um getur í ii. lið b-liðar fyrstu undirgreinar, og ætlaðar eru til að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 4. mgr. 52. gr.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki þegar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir eru sendar við skilyrði sem eru þannig hönnuð að komið er í veg fyrir útbreiðslu sjúkdóma sem geta borist í menn eða dýr.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 5. mgr. 52. gr.

4. þáttur

Flokkun

7. gr.

Flokkun aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða

1. Flokka skal aukaafurðir úr dýrum í tiltekna flokka sem endurspegla áhættustigið fyrir heilbrigði manna og dýra vegna þessara aukaafurða, í samræmi við skrárnar sem mælt er fyrir um í 8., 9. og 10. gr.

2. Afleiddar afurðir skulu falla undir þær reglur sem gilda um þann tiltekna flokk aukaafurða úr dýrum sem þær koma úr, nema annað sé tekið fram í þessari reglugerð, eða sem kveðið er á um í framkvæmdarráðstöfunum fyrir þessa reglugerð þar sem tilgreina má við hvaða skilyrði afleiddar afurðir falla ekki undir þær reglur sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt.

3. Breyta má ákvæðum 8. 9. og 10. gr. til að taka tillit til framfara á sviði vísinda sem varða mat á áhættustigi, að því tilskildu að hægt sé að sanngreina slíkar framfarir á grundvelli áhættumats sem viðeigandi vísindastofnun framkvæmir. Hins vegar má ekki fjarlægja neinar aukaafurðir úr dýrum, sem eru tilgreindar í þessum skrám, úr skránum heldur má einungis gera breytingar á flokkun eða bæta við þær.

4. Ráðstafanirnar, sem um getur í 2. og 3. mgr., og ætlaðar eru til að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 4. mgr. 52. gr.

8. gr.

Efni í 1. flokki

Efni í 1. flokki tekur til eftirfarandi aukaafurða úr dýrum:

a) heilla skrokka og allra skrokkhluta, þ.m.t. húða og skinna, eftirfarandi dýra:

   i. dýra sem grunur leikur á að séu sýkt af smitandi svampheilakvilla, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 999/2001, eða dýra sem opinber aðili hefur staðfest að séu sýkt af smitandi svampheilakvilla,

   ii. dýra sem eru aflífuð í tengslum við ráðstafanir til að útrýma smitandi svampheilakvilla,

   iii. annarra dýra en alidýra og villtra dýra, þar með einkum talin gæludýr og dýr í dýragörðum og fjölleikahúsum,

iv. dýra sem eru notuð við tilraunir, eins og skilgreint er í d-lið 2. mgr. tilskipunar 86/609/EBE með fyrirvara um 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003,

v. villtra dýra sem grunur leikur á að séu sýkt af smitsjúkdómum sem geta borist í menn eða dýr,

b) eftirtalinna efna:

i. sérstakra áhættuefna,

ii. heilla skrokka eða skrokkhluta dauðra dýra sem innihalda sérstakt áhættuefni þegar förgun fer fram,

c) aukaafurða úr dýrum sem fengið hafa ólöglega meðhöndlun, eins og skilgreint er í d-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 96/22/EB eða í b-lið 2. gr. tilskipunar 96/23/EB,

d) aukaafurða úr dýrum sem innihalda leifar af öðrum efnum og aðskotaefnum úr umhverfinu sem tilgreind eru í 3. undirflokki B-flokks í I. viðauka við tilskipun 96/23/EB, ef slíkar efnaleifar eru umfram það magn sem mælt er fyrir um í löggjöf Bandalagsins eða, ef það er ekki gefið upp, í landsbundinni löggjöf,

e) aukaafurða úr dýrum sem er safnað við meðferð skólps sem krafist er samkvæmt framkvæmdarreglum sem samþykktar eru samkvæmt c-lið fyrstu málsgreinar 27. gr.:

i. frá fyrirtækjum eða stöðvum sem vinna efni í 1. flokki eða

ii. frá öðrum fyrirtækjum eða stöðvum þar sem sérstakt áhættuefni er fjarlægt,

f) eldhússúrgangs frá flutningatækjum í alþjóðlegri umferð,

g) blandna efna í 1. flokki með efni í 2. eða 3. flokki eða báðum.

9. gr.

Efni í 2. flokki

Efni í 2. flokki tekur til eftirfarandi aukaafurða úr dýrum:

a) húsdýraáburðar, óharðnaðs gúanós og innihalds meltingarvegar,

b) aukaafurða úr dýrum sem er safnað við meðferð skólps sem krafist er samkvæmt framkvæmdarreglum sem samþykktar eru samkvæmt c-lið fyrstu málsgreinar 27. gr.:

i. frá fyrirtækjum eða stöðvum sem vinna efni í 2. flokki eða

ii. frá sláturhúsum, öðrum en þeim sem falla undir e-lið 8. gr.,

c) aukaafurða úr dýrum sem innihalda leifar af leyfðum efnum eða aðskotaefnum umfram leyfilegt magn sem um getur í 3. mgr. 15. gr. tilskipunar 96/23/EB,

d) afurða úr dýraríkinu sem hafa verið úrskurðaðar óhæfar til manneldis vegna þess að í þeim finnast aðskotahlutir,

e) afurða úr dýraríkinu, annarra en efna í 1. flokki, sem eru:

i. fluttar inn eða aðfluttar frá þriðja landi og uppfylla ekki heilbrigðislöggjöf Bandalagsins um dýr og dýraafurðir sem varðar innflutning þeirra eða aðflutning til Bandalagsins nema þegar innflutningur þeirra eða aðflutningur er leyfður samkvæmt löggjöf Bandalagsins, háð tilteknum takmörkunum eða endursendingu þeirra til þriðja landsins eða

ii. sendar til annars aðildarríkis og uppfylla ekki kröfur sem mælt er fyrir um í eða sem eru heimilaðar með löggjöf Bandalagsins nema þegar þær eru endursendar með leyfi lögbærs yfirvalds upprunaaðildarríkisins,

f) dýra og skrokkhluta dýra, annarra en þeirra sem um getur í 8. eða 10. gr.,

i. sem deyja á annan hátt en með slátrun eða aflífun til manneldis, þ.m.t. dýr sem eru aflífuð vegna sjúkdómsvarna,

ii. fóstra,

iii. eggfrumna, fósturvísa og sæðis sem ekki er ætlað til undaneldis og

iv. eggja með dauðum alifuglaungum,

g) blandna af efnum í 2. flokki með efnum í 3. flokki,

h) aukaafurða úr dýrum, þó ekki efni í 1. eða 3. flokki.

10. gr.

Efni í 3. flokki

Efni í 3. flokki tekur til eftirfarandi aukaafurða úr dýrum:

a) skrokka og skrokkhluta sláturdýra eða, ef um er að ræða veiðidýr, skrokka eða skrokkhluta dýra sem hafa verið felld, sem eru hæfir til manneldis í samræmi við löggjöf Bandalagsins, en eru ekki ætlaðir til manneldis af viðskiptalegum ástæðum,

b) skrokka og eftirfarandi skrokkhluta sem annaðhvort eru af dýrum sem hefur verið slátrað í sláturhúsi og voru talin hæf til manneldis að lokinni skoðun fyrir slátrun eða skrokka og eftirfarandi skrokkhluta veiðidýra sem voru felld til manneldis í samræmi við löggjöf Bandalagsins:

   i. skrokka og skrokkhluta dýra, sem var hafnað sem óhæfum til manneldis í samræmi við löggjöf Bandalagsins, en sem ekki sýndu nein merki um sjúkdóma sem geta smitast í menn eða dýr,

   ii. hausa af alifuglum,

   iii. húða og skinna, þ.m.t. afskurða og þynna af þeim, horna og fóta, þ.m.t. kjúkur, framleggir (fótleggir) og bein í hnjám á framfótum og kjúkubein, afturleggir (fótleggir) og hækilbein:

      — dýra, annarra en jórturdýra sem þarf að prófa fyrir smitandi svampheilakvilla og

      — jórturdýra sem hafa verið prófuð með neikvæðum niðurstöðum í samræmi við 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 999/2001,

   iv. svínsbursta,

   v. fjaðra,

c) aukaafurða úr alifuglum og nörturum sem er slátrað á býli, eins og um getur í d-lið 3. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004, sem ekki sýndu nein merki um sjúkdóm sem getur smitast í menn eða dýr,

d) blóðs dýra sem ekki sýndu nein merki um sjúkdóm sem getur smitast í menn eða dýr með blóði, fengið úr eftirfarandi dýrum sem hefur verið slátrað í sláturhúsi og sem voru talin hæf til manneldis að lokinni skoðun fyrir slátrun í samræmi við löggjöf Bandalagsins:

   i. dýrum, öðrum en jórturdýrum sem þarf að prófa fyrir smitandi svampheilakvilla og

   ii. jórturdýrum sem hafa verið prófuð með neikvæðum niðurstöðum í samræmi við 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 999/2001,

e) aukaafurða úr dýrum sem falla til við framleiðslu afurða sem eru ætlaðar til manneldis, þ.m.t. fituhreinsaðra beina, hamsa og seyru úr skilvindum eða skiljum frá mjólkurvinnslu,

f) afurða úr dýraríkinu eða matvæla sem innihalda afurðir úr dýraríkinu, sem eru ekki lengur ætluð til manneldis af viðskiptalegum ástæðum eða vegna vandamála sem upp hafa komið vegna framleiðslu- eða pökkunargalla eða annarra galla sem skapa ekki hættu fyrir heilbrigði manna eða dýra,

g) gæludýrafóðurs og fóðurs úr dýraríkinu eða fóðurs sem inniheldur afurðir úr dýraríkinu eða afleiddar afurðir, sem eru ekki lengur ætlaðar sem fóður af viðskiptalegum ástæðum eða vegna vanda sem rekja má til galla við framleiðslu eða pökkun eða annarra galla sem skapa ekki hættu fyrir heilbrigði manna eða dýra,

h) blóðs, fylgja, ullar, fjaðra, hárs, horna, afskurðar af hófum og klaufum og hrámjólkur úr lifandi dýrum sem ekki sýndu nein merki um sjúkdóm sem getur borist með viðkomandi afurð í menn eða dýr,

i) lagardýra og hluta slíkra dýra, að undanteknum sjávarspendýrum, sem ekki sýndu nein merki um sjúkdóma sem geta smitast í menn eða dýr,

j) aukaafurða úr lagardýrum sem koma frá fyrirtækjum eða stöðvum sem framleiða afurðir til manneldis,

k) eftirfarandi efna úr dýrum sem sýndu engin merki um sjúkdóm sem getur borist með því efni í menn eða dýr,

   i. skelja af skelfiski með mjúkvefjum eða kjöti,

   ii. eftirfarandi efna úr landdýrum:

      — aukaafurða frá útungunarstöðvum,

      — eggja,

      — aukaafurða úr eggjum, þ.m.t. eggjaskurna,

   iii. dagsgamalla unga sem eru aflífaðir af viðskiptalegum ástæðum,

l) vatna- og landhryggleysingja annarra en tegunda sem valda sjúkdómum hjá mönnum eða dýrum,

m) dýra af ættbálkum nagdýra (Rodentia) og nartara (Lagomorpha), og skrokkhluta þeirra, að undanskildu efni í 1. flokki eins og um getur í iii., iv. og v. lið a-liðar 8. gr. og efni í 2. flokki eins og um getur í a- til g-lið 9. gr.,

n) húða og skinna, hófa og klaufa, fjaðra, ullar, horna, hárs og loðskinna úr eða af dauðum dýrum, sem sýndu engin merki um sjúkdóm sem getur borist með þessum afurðum í menn eða dýr, annað en það sem um getur í b-lið þessarar greinar,

o) fituvefs dýra, sem ekki sýndu nein merki um sjúkdóm sem getur smitast í menn eða dýr með því efni, sem var slátrað í sláturhúsi og sem voru talin hæf til manneldis að lokinni skoðun fyrir slátrun í samræmi við löggjöf Bandalagsins,

p) eldhússúrgangs, annars en þess sem um getur í f-lið 8. gr.

II. KAFLI

Förgun og notkun á aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum

1. þáttur

Takmarkanir á notkun

11. gr.

Takmarkanir á notkun

1. Bannað er að nota aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir í eftirfarandi tilvikum:

a) til fóðrunar landdýra, annarra en loðdýra, af tilteknum tegundum með unnu dýraprótíni sem er fengið úr skrokkum eða hlutum skrokka dýra af sömu tegund,

b) til fóðrunar alidýra, annarra en loðdýra, með eldhússúrgangi eða fóðurefni, sem inniheldur eldhússúrgang eða er fengið úr honum,

c) til fóðrunar alidýra með beitarjurtum, annað hvort beint með beit eða með fóðrun með slegnum beitarjurtum, af landi sem lífrænn áburður eða jarðvegsbætir, annar en húsdýraáburður, hefur verið notaður á nema ef sláttur eða beit fer fram eftir lok a.m.k. 21 dags biðtíma sem tryggir viðunandi varnir gegn áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra og

d) til fóðrunar eldisfiska með unnu dýraprótíni sem er fengið úr skrokkum eða skrokkhlutum eldisfiska af sömu tegund.

2. Heimilt er að mæla fyrir um ráðstafanir varðandi eftirfarandi:

a) skoðanir og eftirlit sem miða að því að tryggja að banninu, sem um getur í 1. mgr., sé beitt, þ.m.t. greiningaraðferðir og prófanir sem skal nota til að sannprófa að efni, sem eru upprunnin úr tilteknum tegundum, séu til staðar og viðmiðunarmörk fyrir óverulegt magn unninna dýraprótína, sem um getur í a- og d-lið 1. mgr., sem orsakast af utanaðkomandi og tæknilega óhjákvæmilegri mengun,

b) skilyrði fyrir fóðrun loðdýra með unnu dýraprótíni sem kemur úr skrokkum eða hlutum skrokka dýra af sömu tegund og

c) skilyrði fyrir fóðrun alidýra með beitarjurtum af landi sem lífrænn áburður eða jarðvegsbætir hefur verið notaður á, einkum um breytingu á biðtímanum sem um getur í c-lið 1. mgr.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 4. mgr. 52. gr.

2. þáttur

Förgun og notkun

12. gr.

Förgun og notkun efnis í 1. flokki

Efni í 1. flokki skal:

a) fargað sem úrgangi með brennslu:

   i. beint án undangenginnar vinnslu eða

   ii. að undangenginni vinnslu, með þrýstisæfingu ef lögbært yfirvald krefst þess, og varanlegri merkingu efnisins sem kemur úr vinnslunni,

b) endurheimt eða fargað með sambrennslu, ef efnið í 1. flokki er úrgangur:

   i. beint án undangenginnar vinnslu eða

   ii. að undangenginni vinnslu, með þrýstisæfingu ef lögbært yfirvald krefst þess, og varanlegri merkingu efnisins sem kemur úr vinnslunni,

c) ef um er að ræða efni í 1. flokki annað en efni sem um getur í i. og ii. lið a-liðar 8. gr., fargað með vinnslu með þrýstisæfingu, varanlegri merkingu efnisins sem kemur úr vinnslunni og urðun á viðurkenndum urðunarstað,

d) ef um er að ræða efni í 1. flokki, sem um getur í f-lið 8. gr., fargað með urðun á viðurkenndum urðunarstað,

e) notað sem brunaeldsneyti með eða án undangenginnar vinnslu eða

f) notað til framleiðslu á afleiddum afurðum sem um getur í 33., 34. og 36. gr. og sett á markað í samræmi við þær greinar.

13. gr.

Förgun og notkun efnis í 2. flokki

Efni í 2. flokki skal:

a) fargað sem úrgangi með brennslu:

   i. beint án undangenginnar vinnslu eða

   ii. að undangenginni vinnslu, með þrýstisæfingu ef lögbært yfirvald krefst þess, og varanlegri merkingu efnisins sem kemur úr vinnslunni,

b) endurheimt eða fargað með sambrennslu, ef efnið í 2. flokki er úrgangur:

   i. beint án undangenginnar vinnslu eða

   ii. að undangenginni vinnslu, með þrýstisæfingu ef lögbært yfirvald krefst þess, og varanlegri merkingu efnisins sem kemur úr vinnslunni,

c) fargað á viðurkenndum urðunarstað að lokinni vinnslu með þrýstisæfingu og varanlegri merkingu efnisins sem kemur úr vinnslunni,

d) notað til framleiðslu á lífrænum áburði eða jarðvegsbætum sem setja skal á markað í samræmi við 32. gr., að undangenginni vinnslu með þrýstisæfingu, ef við á, og varanlegri merkingu efnisins sem kemur úr vinnslunni,

e) mylt eða ummyndað í lífgas:

   i. að undangenginni vinnslu með þrýstisæfingu og varanlegri merkingu efnisins sem kemur úr vinnslunni eða

   ii. ef um er að ræða húsdýraáburð, meltingarveg og innihald hans, mjólk, afurðir sem eru að stofni til úr mjólk, brodd, egg og eggjaafurðir sem lögbært yfirvald telur ekki skapa áhættu á útbreiðslu neins alvarlegs smitsjúkdóms, að undangenginni vinnslu eða án hennar,

f) notað á land án vinnslu, ef um er að ræða húsdýraáburð, innihald meltingarvegar, sem hefur verið losað úr meltingarvegi, mjólk, afurðir, sem eru að stofni til úr mjólk, og brodd sem lögbært yfirvald telur ekki skapa áhættu á útbreiðslu neins alvarlegs smitsjúkdóms,

g) ef um er að ræða efni úr lagardýrum, verkað í sílói, mylt eða umbreytt í lífgas,

h) notað sem brunaeldsneyti með eða án undangenginnar vinnslu eða

i) notað til framleiðslu á afleiddum afurðum sem um getur í 33., 34. og 36. gr. og sett á markað í samræmi við þær greinar.

14. gr.

Förgun og notkun efnis í 3. flokki

Efni í 3. flokki skal:

a) fargað sem úrgangi með brennslu, með eða án undangenginnar vinnslu,

b) endurheimt eða fargað með sambrennslu, með eða án undangenginnar vinnslu, ef efnið í 3. flokki er úrgangur,

c) fargað á viðurkenndum urðunarstað að undangenginni vinnslu,

d) unnið, nema ef um er að ræða efni í 3. flokki sem hefur breyst vegna rotnunar eða skemmst þannig að af afurðinni stafar óviðunandi áhætta fyrir heilbrigði manna eða dýra, og notað:

   i. til framleiðslu á fóðri fyrir alidýr önnur en loðdýr, sem setja skal á markað í samræmi við 31. gr., nema ef um er að ræða efni sem um getur í n-, o- eða p-lið 10. gr.,

   ii. til framleiðslu á loðdýrafóðri sem setja skal á markað í samræmi við 36. gr.,

   iii. til framleiðslu á gæludýrafóðri sem setja skal á markað í samræmi við 35. gr. eða

   iv. til framleiðslu á lífrænum áburði eða jarðvegsbætum sem setja skal á markað í samræmi við 32. gr.,

e) notað til framleiðslu á hráu gæludýrafóðri sem setja skal á markað í samræmi við 35. gr.,

f) mylt eða ummyndað í lífgas,

g) ef um er að ræða efni úr lagardýrum, verkað í sílói, mylt eða umbreytt í lífgas,

h) ef um er að ræða skeljar af skelfiski, aðrar en þær sem um getur í f-lið 2. mgr. 2. gr., og eggjaskurnir, notað við skilyrði sem lögbært yfirvald ákveður og sem koma í veg fyrir að áhætta skapist fyrir heilbrigði manna og dýra,

i) notað sem brunaeldsneyti með eða án undangenginnar vinnslu,

j) notað til framleiðslu á afleiddum afurðum sem um getur í 33., 34. og 36. gr. og sett á markað í samræmi við þær greinar,

k) ef um er að ræða eldhússúrgang sem um getur í p-lið 10. gr., unninn með þrýstisæfingu eða með vinnsluaðferðum sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 15. gr. eða mylt eða ummyndað í lífgas eða

l) notað á land án vinnslu, ef um er að ræða hrámjólk, brodd og afleiddar afurðir úr þeim sem lögbært yfirvald telur ekki skapa áhættu á neinum sjúkdómi sem getur borist í menn eða dýr með þessum afurðum.

15. gr.

Framkvæmdarráðstafanir

1. Mæla má fyrir um ráðstafanir til framkvæmdar þessa þáttar í tengslum við eftirfarandi:

a) sérstök skilyrði um meðferð og förgun um borð í fiskiskipum á efni sem fellur til um borð við slægingu á fiski, sem sýnir merki um sjúkdóma, þ.m.t. snikla, sem geta borist í menn,

b) vinnsluaðferðir, aðrar en þrýstisæfingu, fyrir aukaafurðir úr dýrum, einkum að því er varðar breytur sem beita skal við þessar vinnsluaðferðir, einkum tíma, hitastig, þrýsting og bitastærð,

c) breytur fyrir ummyndun aukaafurða úr dýrum, þ.m.t. eldhússúrgangs, í lífgas eða moltu,

d) skilyrði fyrir brennslu og sambrennslu aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða,

e) skilyrði fyrir nýtingu aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða með bruna,

f) skilyrði fyrir framleiðslu og meðferð aukaafurða úr dýrum sem um getur í c-lið 10. gr.,

g) verkun á efni úr lagardýrum í sílói,

h) varanlega merkingu aukaafurða úr dýrum,

i) notkun tiltekinna aukaafurða úr dýrum, lífræns áburðar og jarðvegsbæta á land,

j) notkun tiltekinna aukaafurða úr dýrum til fóðrunar alidýra og

k) hvaða áhættustig fyrir heilbrigði manna eða dýra telst óviðunandi, eins og um getur í d-lið 14. gr., að því er varðar tiltekin efni.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 4. mgr. 52. gr.

2. Meðan þess er beðið að reglur séu samþykktar sem um getur í:

a) c-, f- og g-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. geta aðildarríkin samþykkt eða viðhaldið landsreglum um:

   i. framleiðslu og meðferð aukaafurða úr dýrum sem um getur í c-lið 10. gr.,

   ii. ummyndun aukaafurða úr dýrum sem um getur í p-lið 10. gr. og

   iii. verkun á efni, sem kemur úr lagardýrum, í sílói,

b) í a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. má farga aukaafurðum úr dýrum, sem þar er getið, í hafi, með fyrirvara um umhverfislöggjöf Bandalagsins.

3. þáttur

Undanþágur

16. gr.

Undanþágur

Þrátt fyrir ákvæði 12., 13. og 14. gr. má, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum:

a) ef um er að ræða aukaafurðir úr dýrum sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 15. gr., meðhöndla þær og farga þeim í samræmi við sérstök skilyrði sem mælt er fyrir um samkvæmt þeim lið,

b) nota þær til rannsókna og í öðrum sérstökum tilgangi í samræmi við 17. gr.,

c) ef um er að ræða aukaafurðir úr dýrum sem um getur í 18. gr., nota þær til sérstakrar fóðrunar í samræmi við þá grein,

d) ef um er að ræða aukaafurðir úr dýrum sem um getur í 19. gr., farga þeim í samræmi við þá grein,

e) farga þeim eða nota þær með staðgönguaðferðum sem hafa verið leyfðar í samræmi við 20. gr., á grunni breytna sem geta m.a. falið í sér þrýstisæfingu eða aðrar kröfur samkvæmt þessari reglugerð eða framkvæmdarráðstöfunum hennar,

f) ef um er að ræða efni í 2. og 3. flokki og ef lögbært yfirvald leyfir slíkt, nota þær til tilreiðslu og notkunar á lífaflrænum efnablöndum á land eins og um getur í c-lið 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007,

g) ef um er að ræða efni í 3. flokki og, ef lögbært yfirvald leyfir slíkt, nota þær til að fóðra gæludýr,

h) ef um er að ræða aukaafurðir úr dýrum, aðrar en efni í 1. flokki, sem falla til skurðaðgerðir á lifandi dýrum eða við fæðingu dýra á býli og, ef lögbært yfirvald leyfir, farga þeim á viðkomandi býli.

17. gr.

Rannsóknir og annar sérstakur tilgangur

1. Lögbært yfirvald getur, þrátt fyrir ákvæði 12., 13. og 14. gr., leyft notkun á aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum fyrir sýningar og listsköpun, og til greininga, menntunar eða rannsókna við skilyrði sem tryggja varnir gegn áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra.

Í slíkum skilyrðum skal m.a. felast:

a) bann við síðari notkun á aukaafurðunum úr dýrum eða afleiddu afurðunum í öðrum tilgangi og

b) skuldbinding um að farga aukaafurðunum eða afleiddu afurðunum á öruggan hátt eða senda þær aftur á upprunastað, ef við á.

2. Ef um er að ræða áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra sem kallar á samþykkt ráðstafana sem ná til alls yfirráðasvæðis Bandalagsins, einkum þegar um er að ræða áhættu sem er nýlega farin að koma í ljós, má mæla fyrir um samræmd skilyrði fyrir innflutningi og notkun á aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum sem um getur í 1. mgr. Slík skilyrði geta m.a. falist í kröfum sem varða geymslu, pakkningar, auðkenningu, flutning og förgun.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 4. mgr. 52. gr.

18. gr.

Sérstök fóðrun

1. Lögbært yfirvald getur, þrátt fyrir ákvæði 13. og 14. gr., leyft, við skilyrði sem tryggja varnir gegn áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra, söfnun og notkun á efni í 2. flokki, að því tilskildu að það komi ekki úr dýrum sem voru aflífuð eða drápust vegna sjúkdóms sem getur smitast í menn eða dýr eða vegna gruns um slíkt, og á efni í 3. flokki, til fóðrunar fyrir:

a) dýr í dýragörðum,

b) dýr í fjölleikahúsum,

c) skriðdýr og ránfugla sem eru hvorki í dýragörðum né fjölleikahúsum,

d) loðdýr,

e) villt dýr,

f) hunda frá viðurkenndum hundaræktarstöðvum eða hópa veiðihunda,

g) hunda og ketti í athvörfum,

h) maðka og orma sem eru ætlaðir í beitu.

2. Lögbært yfirvald getur leyft, þrátt fyrir ákvæði 12. gr. og í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í samræmi við 3. mgr. þessarar greinar:

a) fóðrun dýra í dýragörðum með efni í 1. flokki sem um getur í ii. lið b-liðar 8. gr. og efni úr dýrum í dýragörðum og

b) fóðrun hræfuglategunda, sem eru í útrýmingarhættu eða verndaðar, og annarra tegunda á náttúrulegum búsvæðum þeirra, til að efla líffræðilega fjölbreytni, með efni úr 1. flokki sem um getur í ii. lið b-liðar 8. gr.

3. Mæla má fyrir um ráðstafanir til framkvæmdar þessarar greinar í tengslum við eftirfarandi:

a) skilyrði fyrir veitingu leyfis fyrir söfnun og notkun sem um getur í 1. mgr., að því er varðar tilflutning, geymslu og notkun efna í 2. og 3. flokki til fóðrunar, þ.m.t. ef um er að ræða áhættu sem er nýlega farin að koma í ljós og

b) skilyrði fyrir veitingu leyfis fyrir fóðrun með efni í 1. flokki, eins og um getur í 2. mgr. þessarar greinar, í vissum tilvikum með undanþágu frá skuldbindingunum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 21. gr., þ.m.t.:

   i. fyrir tegundir hræfugla, sem eru verndaðar eða í hættu, og aðrar tegundir í tilteknum aðildarríkjum, sem leyfilegt er að fóðra með slíku efni,

   ii. ráðstafanir til að koma í veg fyrir áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 4. mgr. 52. gr.

19. gr.

Söfnun, flutningur og förgun

1. Lögbært yfirvald getur, þrátt fyrir ákvæði 12., 13. 14. og 21. gr., leyft förgun:

a) dauðra gæludýra og dýra af hestaætt með urðun,

b) efna í 2. og 3. flokki á afskekktum svæðum, með brennslu eða urðun á staðnum eða á annan hátt undir opinberu eftirliti til að koma í veg fyrir yfirfærslu á áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra vegna efnis í 1. flokki sem um getur í v. lið a-liðar og ii. lið b-liðar 8. gr.,

c) efna í 2. og 3. flokki á svæðum þar sem aðgengi er í reynd nánast ómögulegt eða þar sem aðgengi er einungis mögulegt við tilteknar aðstæður sem tengjast landfræðilegri legu eða loftslagi eða vegna náttúruhamfara, sem myndu skapa áhættu fyrir heilbrigði og öryggi starfsmanna við söfnun eða þar sem aðgengi myndi krefjast notkunar á óhagkvæmum söfnunaraðferðum, með brennslu eða urðun á staðnum eða á annan hátt, undir opinberu eftirliti til að koma í veg fyrir yfirfærslu á áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra vegna efnis í 1. flokki sem um getur í ii. lið b-liðar 8. gr., efnis í 2. flokki og efnis í 3. flokki,

d) efna í 2. og 3. flokki, sem ekki stafar áhætta af fyrir heilbrigði manna og dýra, með öðrum aðferðum en brennslu eða urðun á staðnum undir opinberu eftirliti, þegar magn efnis fer ekki yfir tiltekið magn á viku, en það magn er ákveðið út frá eðli starfseminnar sem fram fer og tegundarinnar sem viðkomandi aukaafurðir úr dýrum koma úr,

e) aukaafurða úr dýrum, annarra en efnis í 1. flokki sem um getur í i. lið a-liðar 8. gr., með brennslu eða urðun á staðnum við skilyrði sem koma í veg fyrir yfirfærslu á áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra, ef upp kemur tilkynningarskyldur sjúkdómur og flutningur í næstu stöð, sem hefur fengið samþykki fyrir vinnslu eða förgun þessara aukaafurða, myndi auka hættuna á útbreiðslu heilbrigðisáhættu eða, ef um er að ræða útbreidda uppkomu dýrafarsóttar, valda því að slík stöð hefði ekki undan og

f) býflugna og aukaafurða úr býrækt með brennslu eða urðun á staðnum við skilyrði sem koma í veg fyrir yfirfærslu áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra.

2. Stofn tiltekinnar dýrategundar á þeim afskekktu svæðum sem um getur í b-lið 1. mgr. skal ekki vera stærri en tiltekið hámarkshundraðshlutfall af stofni þessarar dýrategundar í hlutaðeigandi aðildarríki.

3. Aðildarríkin skulu gera eftirfarandi upplýsingar aðgengilegar fyrir framkvæmdastjórnina:

a) um svæði, sem þau flokka sem afskekkt svæði að því er varðar beitingu b-liðar 1. mgr., og rökin fyrir þeirri flokkun ásamt uppfærðum upplýsingum um allar breytingar á slíkri flokkun og

b) hvernig þau nýta leyfin, sem kveðið er á um í c- og d-lið 1. mgr., að því er varðar efni í 1. og 2. flokki.

4. Mæla skal fyrir um ráðstafanir til framkvæmdar þessarar greinar í tengslum við eftirfarandi:

a) skilyrði sem miða að því að tryggja varnir gegn áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra ef kemur til brennslu og urðunar á staðnum,

b) hámarkshundraðshlutfall dýrastofnsins eins og um getur í 2. mgr.,

c) magn aukaafurða úr dýrum í tengslum við eðli starfseminnar og upprunategund, eins og um getur í d-lið 1. mgr. og

d) skrá yfir sjúkdómana sem um getur í e-lið 1. mgr.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 4. mgr. 52. gr.

4. þáttur

Staðgönguaðferðir

20. gr.

Leyfi fyrir staðgönguaðferðum

1. Framkvæmdastjórnin eða, í kjölfar umsóknar, aðildarríki eða hagsmunaaðili, sem getur komið fram fyrir hönd hóps hagsmunaaðila, getur hafið málsmeðferð vegna leyfis fyrir staðgönguaðferð vegna notkunar eða förgunar á aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum.

2. Hagsmunaaðilar skulu senda umsóknir sínar til lögbærs yfirvalds aðildarríkisins þar sem þeir hyggjast nota staðgönguaðferðina.

Lögbæra yfirvaldið skal meta, innan tveggja mánaða frá móttöku fullfrágenginnar umsóknar, hvort umsóknin samræmist staðlaða sniðinu fyrir umsóknir sem um getur í 10. mgr.

3. Lögbæra yfirvaldið skal senda Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) umsóknir aðildarríkja og hagsmunaaðila ásamt skýrslu um mat sitt og tilkynna framkvæmdastjórninni um það.

4. Þegar framkvæmdastjórnin hefur málsmeðferð vegna leyfisveitingar skal hún senda skýrslu um mat sitt til Matvælaöryggisstofnunarinnar.

5. Matvælaöryggisstofnunin skal, innan sex mánaða frá móttöku fullfrágenginnar umsóknar, meta hvort aðferðin sem lögð er fram tryggir, að því er varðar áhættu fyrir heilbrigði manna eða dýra:

a) að vörnum gegn þeim sé þannig háttað að komið sé í veg fyrir útbreiðslu þeirra fyrir förgun í samræmi við þessa reglugerð eða framkvæmdarráðstafanir hennar eða

b) dregið sé úr þeim niður á stig sem er a.m.k. jafngilt, fyrir viðkomandi flokk aukaafurða úr dýrum, þeim vinnsluaðferðum sem mælt er fyrir um í b-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 15. gr.

Matvælaöryggisstofnunin skal gefa út álit á framlagðri umsókn.

6. Ef Matvælaöryggisstofnunin krefur umsækjendur um viðbótarupplýsingar er heimilt, í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum, að framlengja tímabilið sem kveðið er á um í 5. mgr.

Matvælaöryggisstofnunin skal, að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina eða umsækjandann, ákveða innan hvaða frests skuli veita henni þessar upplýsingar og tilkynna framkvæmdastjórninni og umsækjandanum, eins og við á, um viðbótartímabilið sem þörf er á.

7. Ef umsækjendur vilja leggja fram viðbótarupplýsingar að eigin frumkvæði skulu þeir senda upplýsingarnar beint til Matvælaöryggisstofnunarinnar.

Í því tilviki skal tímabilið, sem kveðið er á um í 5. mgr., ekki framlengt.

8. Matvælaöryggisstofnunin skal framsenda álit sitt til framkvæmdastjórnarinnar, umsækjanda og lögbærs yfirvalds hlutaðeigandi aðildarríkis.

9. Innan þriggja mánaða frá viðtöku álits Matvælaöryggisstofnunarinnar og að teknu tilliti til álitsins skal framkvæmdastjórnin tilkynna umsækjandanum um þá ráðstöfun sem fyrirhugað er að samþykkja í samræmi við 11. mgr.

10. Samþykkja skal staðlað snið fyrir umsóknir fyrir staðgönguaðferðir í samræmi við ráðgjafarnefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 52. gr.

11. Að lokinni viðtöku álits Matvælaöryggisstofnunarinnar skal samþykkja eftirfarandi:

a) annaðhvort ráðstöfun þar sem leyfð er staðgönguaðferð til notkunar eða förgunar aukaafurða úr dýrum eða afleiddra afurða eða

b) ráðstöfun þar sem leyfisveitingu fyrir slíkri staðgönguaðferð er hafnað.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 4. mgr. 52. gr.

II. BÁLKUR

SKYLDUR REKSTRARAÐILA

I. KAFLI

Almennar skyldar

1. þáttur

Söfnun, flutningur og rekjanleiki

21. gr.

Söfnun og auðkenning að því er varðar flokk og flutning

1. Rekstraraðilar skulu safna, auðkenna og flytja aukaafurðir úr dýrum án ótilhlýðilegrar tafar og við skilyrði sem koma í veg fyrir að upp komi áhætta fyrir heilbrigði manna og dýra.

2. Rekstraraðilar skulu tryggja að aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum fylgi viðskiptaskjal á meðan á flutningi þeirra stendur eða heilbrigðisvottorð þegar þess er krafist samkvæmt þessari reglugerð eða ráðstöfun í samræmi við 6. mgr.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein getur lögbært yfirvald leyft flutning á húsdýraáburði á milli tveggja staða á sama býli eða á milli býla og notenda húsdýraáburðar innan sama aðildarríkis án viðskiptaskjals eða heilbrigðisvottorðs.

3. Viðskiptaskjöl og heilbrigðisvottorð sem fylgja aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum á meðan á flutningi þeirra stendur skulu a.m.k. innihalda upplýsingar um uppruna, áfangastað og magn slíkra afurða og lýsingu á aukaafurðunum úr dýrum eða afleiddu afurðunum og merkingum þeirra, þegar slíkra merkinga er krafist samkvæmt þessari reglugerð.

Hins vegar getur lögbært yfirvald hlutaðeigandi aðildarríkis, ef um er að ræða aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem eru fluttar innan yfirráðasvæðis aðildarríkis, leyft að upplýsingarnar sem um getur í fyrstu undirgrein séu sendar í gegnum annarskonar kerfi.

4. Rekstraraðilar skulu safna, flytja og farga eldhússúrgangi í 3. flokki í samræmi við landsráðstafanir sem gert er ráð fyrir í 13. gr. tilskipunar 2008/98/EB.

5. Samþykkja skal eftirfarandi í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 52. gr.:

a) fyrirmyndir að viðskiptaskjölum sem krafist er að fylgi aukaafurðum úr dýrum á meðan á flutningi stendur og

b) fyrirmyndir að heilbrigðisvottorðum og skilyrði sem hafa áhrif á það hvernig þau skulu fylgja aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum á meðan á flutningi stendur.

6. Mæla má fyrir um ráðstafanir til framkvæmdar þessarar greinar í tengslum við eftirfarandi:

a) tilvik þegar heilbrigðisvottorðs er krafist, með hliðsjón af áhættustigi fyrir heilbrigði manna og dýra sem skapast af tilteknum afleiddum afurðum,

b) tilvik þegar, þrátt fyrir fyrstu undirgrein 2. mgr. og með hliðsjón af lágu áhættustigi fyrir heilbrigði manna og dýra sem stafar af tilteknum aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum, flutningur afleiddra afurða getur farið fram án skjalanna eða vottorðanna sem um getur í þeirri málsgrein,

c) kröfur sem varða auðkenningu, þ.m.t. merkingar, og aðskilnað mismunandi flokka aukaafurða úr dýrum á meðan á flutningi stendur og

d) skilyrði til að koma í veg fyrir áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra á meðan á söfnun og flutningi aukaafurða úr dýrum stendur, þ.m.t. skilyrði fyrir öruggum flutningi þessara afurða að því er varðar ílát, ökutæki og umbúðaefni.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 4. mgr. 52. gr.

22. gr.

Rekjanleiki

1. Rekstraraðilar sem senda, flytja eða taka við aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum skulu halda skrár yfir sendingar og tengd viðskiptaskjöl eða heilbrigðisvottorð.

Hins vegar gildir fyrsta undirgrein ekki þegar leyfi til flutninga á aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum án viðskiptaskjala eða heilbrigðisvottorða hefur verið veitt í samræmi við aðra undirgrein 2. mgr. 21. gr. eða í samræmi við framkvæmdarráðstafanir sem eru samþykktar samkvæmt b-lið 6. mgr. 21. gr.

2. Rekstraraðilarnir sem um getur í 1. mgr. skulu hafa til staðar kerfi og verklagsreglur til að auðkenna:

a) aðra rekstraraðila sem þeir hafa afhent aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir og

b) þá rekstraraðila sem þeir hafa tekið við sendingum frá.

Þessar upplýsingar skulu gerðar aðgengilegar lögbærum yfirvöldum sé þess óskað.

3. Samþykkja má ráðstafanir til framkvæmdar ákvæða þessarar greinar í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 52. gr., einkum að því er varðar:

a) upplýsingar sem gerðar skulu aðgengilegar fyrir lögbær yfirvöld,

b) hversu lengi skal geyma þessar upplýsingar.

2. þáttur

Skráning og viðurkenning

23. gr.

Skráning rekstraraðila, fyrirtækja eða stöðva

1. Rekstraraðilar skulu, í því skyni að fá skráningu:

a) áður en starfsemi hefst, tilkynna lögbæru yfirvaldi um öll þau fyrirtæki eða stöðvar undir sinni stjórn sem eru virk á einhverju stigi framleiðslu, flutnings, meðferðar, vinnslu, geymslu, setningar á markað, dreifingar, notkunar eða förgunar aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða,

b) afhenda lögbæra yfirvaldinu upplýsingar um:

   i. hvað flokk aukaafurða úr dýrum eða afleiddra afurða þeir hafa til ráðstöfunar,

   ii. eðli starfseminnar þar sem aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir eru notaðar sem upphafsefni.

2. Rekstraraðilar skulu veita lögbæru yfirvaldi nýjustu upplýsingar um fyrirtæki eða stöðvar undir sinni stjórn, eins og um getur í a-lið 1. mgr., þ.m.t. með því að tilkynna um allar umtalsverðar breytingar á starfseminni, s.s. ef fyrirtæki eða stöð í rekstri er lokað.

3. Samþykkja má nákvæmar reglur um skráningu eins og um getur í 1. mgr., í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 52. gr.

4. Þrátt fyrir 1. mgr. skal ekki krefjast tilkynningar um fyrirhugaða skráningu fyrir starfsemi sem fyrirtæki, sem framleiða aukaafurðir úr dýrum, hafa þegar fengið samþykki eða skráningu fyrir í samræmi við reglugerð (EB). nr. 852/2004 eða reglugerð (EB) nr. 853/2004, og fyrir starfsemi sem fyrirtæki eða stöðvar hafa þegar fengið viðurkenningu fyrir í samræmi við 24. gr. þessarar reglugerðar.

Sama undanþága skal gilda fyrir starfsemi sem felst í framleiðslu aukaafurða úr dýrum, einungis á staðnum, sem fer fram á býlum eða á öðrum athafnasvæðum þar sem dýr eru haldin, þau ræktuð eða annast um þau.

24. gr.

Samþykki fyrir fyrirtækjum eða stöðvum

1. Rekstraraðilar skulu sjá til þess að fyrirtæki eða stöðvar undir þeirra stjórn séu samþykkt af lögbæru yfirvaldi þegar eitthvað af eftirfarandi starfsemi fer fram í viðkomandi fyrirtækjum eða stöðvum:

a) vinnsla á aukaafurðum úr dýrum með þrýstisæfingu, með vinnsluaðferðum sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 15. gr. eða með staðgönguaðferðum sem eru leyfðar í samræmi við 20. gr.,

b) förgun á aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum sem úrgangi, með brennslu, að undanskildum fyrirtækjum eða stöðvum sem hafa rekstrarleyfi í samræmi við tilskipun 2000/76/EB,

c) förgun eða endurheimt aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða, ef þær eru úrgangur, með sambrennslu; fyrirtæki eða stöðvar sem hafa rekstrarleyfi í samræmi við tilskipun 2000/76/EB eru undanþegin,

d) notkun aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða sem brunaeldsneytis,

e) framleiðsla á gæludýrafóðri,

f) framleiðsla á lífrænum áburði og jarðvegsbætum,

g) ummyndun aukaafurða úr dýrum og/eða afleiddra afurða í lífgas eða moltu,

h) meðferð aukaafurða úr dýrum eftir söfnun, s.s. með flokkun þeirra, stykkjun, kælingu, frystingu, söltun, fjarlægingu húða og skinna eða sérstaks áhættuefnis,

i) geymsla aukaafurða úr dýrum,

j) geymsla afleiddra afurða sem ætlunin er að:

   i. farga með urðun eða brennslu eða endurheimta eða farga með sambrennslu,

   ii. nota sem brunaeldsneyti,

   iii. nota sem fóður; fyrirtæki eða stöðvar sem eru samþykktar eða skráðar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 183/2005 eru undanþegnar,

   iv. nota sem lífrænan áburð og jarðvegsbæti, að undanskilinni geymslu á stað þar sem ætlunin er að nota þá beint.

2. Í viðurkenningunni, sem um getur í 1. mgr., skal tilgreina hvort fyrirtækið eða stöðin sé samþykkt fyrir starfsemi í tengslum við aukaafurðir úr dýrum og/eða afleiddar afurðir:

a) í tilteknum flokki sem um getur í 8., 9. eða 10. gr. eða

b) í fleiri en einum flokki sem um getur í 8., 9. eða 10. gr., og tilgreina hvort slík starfsemi fer fram:

i. varanlega við skilyrði um strangan aðskilnað til að koma í veg fyrir áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra eða

ii. tímabundið við skilyrði sem koma í veg fyrir mengun, sem viðbrögð við of lítilli afkastagetu fyrir slíkar afurðir vegna:

— útbreiddrar uppkomu dýrafarsóttar eða

— annarra óvenjulegra og ófyrirsjáanlegra aðstæðna.

25. gr.

Almennar kröfur um hollustuhætti

1. Rekstraraðilar skulu sjá til þess að fyrirtæki eða stöðvar undir þeirra stjórn þar sem fram fer sú starfsemi sem um getur í a- og h-lið 1. mgr. 24. gr.:

a) séu þannig byggðar að auðvelt sé að þrífa þær og sótthreinsa og, ef við á, að gólf séu þannig úr garði gerð að það greiði fyrir frárennsli vökva,

b) bjóði upp á aðgang að viðunandi hreinlætisaðstöðu, s.s. salernum, búningsklefum og handlaugum fyrir starfsfólk,

c) búi yfir viðeigandi fyrirkomulagi til að verjast meindýrum, s.s. skordýrum, nagdýrum og fuglum,

d) haldi búnaði og mannvirkjum í góðu ástandi og sjái til þess að mælibúnaður sé kvarðaður reglulega og

e) búi yfir viðeigandi fyrirkomulagi til að þrífa og sótthreinsa ílát og ökutæki til að forðast áhættu af völdum mengunar.

2. Allir einstaklingar sem vinna í fyrirtæki eða stöð, sem um getur í 1. mgr., skulu klæðast viðeigandi, hreinum fatnaði og, ef nauðsyn krefur, hlífðarfatnaði.

Ef við á hjá tilteknu fyrirtæki eða stöð:

a) skulu þeir sem starfa á óhreina svæðinu ekki fara inn á hreina svæðið nema þeir skipti fyrst um eða sótthreinsi vinnufatnað sinn og skó,

b) skal ekki færa búnað og vélar frá óhreina svæðinu inn á hreina svæðið nema þau hafi áður verið þrifin og sótthreinsuð og

c) rekstraraðilinn skal taka upp verklagsreglur um ferðir einstaklinga til að vakta ferðir þeirra og lýsa réttri notkun á skóböðum (e. *footbath*) og hjólböðum (e. *wheel bath*).

3. Hjá fyrirtækjum og stöðvum þar sem fram fer starfsemi sem um getur í a-lið 1. mgr. 24. gr.:

a) skal meðhöndla aukaafurðir úr dýrum þannig að komið sé í veg fyrir áhættu af völdum mengunar,

b) skal vinnsla aukaafurða úr dýrum fara fram eins fljótt og auðið er. Að vinnslu lokinni skal meðhöndla afleiddar afurðir og geyma þær þannig að komið sé í veg fyrir áhættu af völdum mengunar,

c) skal, eftir því sem við á, meðan á hvers konar vinnslu á aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum stendur, meðhöndla alla hluta aukaafurðanna og afleiddu afurðanna þannig að þær nái tilgreindu hitastigi í tilgreindan tíma og koma skal í veg fyrir hættu á endurmengun,

d) skulu rekstraraðilar með reglulegu millibili skoða viðeigandi breytur, einkum hitastig, þrýsting, tíma og bitastærð, ef við á með sjálfvirkum búnaði,

e) skal fastsetja og skjalfesta þær aðferðir sem er beitt við hreinsun allra hluta fyrirtækjanna eða stöðvanna.

26. gr.

Meðferð á aukaafurðum úr dýrum innan matvælafyrirtækja

1. Meðhöndlun, vinnsla eða geymsla aukaafurða úr dýrum hjá fyrirtækjum eða stöðvum sem hafa fengið samþykki eða skráningu í samræmi við 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004 eða í samræmi við 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 852/2004, skal fara fram við skilyrði sem koma í veg fyrir víxlmengun og, ef við á, í til þess ætluðum hluta fyrirtækisins eða verksmiðjunnar.

2. Hráefni til framleiðslu á gelatíni og kollageni, sem ekki er ætlað til manneldis, má geyma, meðhöndla eða vinna í fyrirtækjum sem hafa til þess sérstakt leyfi í samræmi við 5. lið I. kafla XIV. þáttar og 5. lið I. kafla XV. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, að því tilskildu að komið sé í veg fyrir yfirfærslu á sjúkdómsáhættu með aðskilnaði slíkra hráefna frá hráefnum til framleiðslu á afurðum úr dýraríkinu.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu ekki hafa áhrif á aðrar sértækari kröfur sem mælt er fyrir um í heilbrigðislöggjöf Bandalagsins um dýr og dýraafurðir.

27. gr.

Framkvæmdarráðstafanir

Mæla skal fyrir um ráðstafanir til framkvæmdar þessa þáttar og 1. þáttar þessa kafla í tengslum við eftirfarandi:

a) kröfur um grunnvirki og búnað sem gilda innan fyrirtækja eða stöðva,

b) kröfur um hollustuhætti sem gilda um alla meðferð á aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum, þ.m.t. ráðstafanir til að breyta kröfum um hollustuhætti fyrir fyrirtæki eða stöðvar sem um getur í 1. mgr. 25. gr.,

c) skilyrði og tæknilegar kröfur um meðferð, meðhöndlun, ummyndun, vinnslu og geymslu aukaafurða úr dýrum eða afleiddra afurða og skilyrði um meðhöndlun á skólpi,

d) þær sannanir sem rekstraraðili þarf að leggja fram um getu sína til að koma í veg fyrir áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra til að fá fullgildingu á meðhöndlun, ummyndun og vinnslu á aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum,

e) skilyrði fyrir meðferð á aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum í fleiri en einum flokki sem um getur í 8., 9. eða 10. gr., innan sama fyrirtækis eða stöðvar:

   i. þar sem slík starfsemi fer fram aðskilið,

   ii. þar sem slík starfsemi fer fram tímabundið við tilteknar aðstæður,

f) skilyrði sem varða að koma í veg fyrir víxlmengun þegar geymsla, meðferð eða vinnsla aukaafurða úr dýrum fer fram í hluta fyrirtækis eða stöðvar, sem um getur í 26. gr., sem er sérstaklega til þess ætlaður,

g) staðlaðar ummyndunarvinnslubreytur fyrir lífgas- og myltingarstöðvar,

h) kröfur sem gilda um brennslu eða sambrennslu í stöðvum með litla og mikla afkastagetu eins og um getur í b- og c-lið 1. mgr. 24. gr. og

i) kröfur sem gilda um nýtingu aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða með bruna eins og um getur í d-lið 1. mgr. 24. gr.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 4. mgr. 52. gr.

3. þáttur

Innra eftirlit og greining á hættu og mikilvægir stýristaðir

28. gr.

Innra eftirlit

Rekstraraðilar skulu koma upp, framkvæma og viðhalda innra eftirliti í fyrirtækjum sínum eða stöðvum til að fylgjast með að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar. Þeir skulu sjá til þess að engar aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir, sem grunur leikur á um eða uppgötvast hefur að samræmist ekki ákvæðum þessarar reglugerðar, fari frá fyrirtækinu eða stöðinni nema til förgunar.

29. gr.

Greining á hættu og mikilvægir stýristaðir

1. Rekstraraðilar, sem stunda einhverja af eftirfarandi starfsemi, skulu koma upp, framkvæma og viðhalda varanlegri skriflegri málsmeðferð eða -meðferðum á grundvelli greiningar á hættu og mikilvægum stýristöðum (GáHMSS) fyrir:

a) vinnslu aukaafurða úr dýrum,

b) ummyndun aukaafurða úr dýrum í lífgas og moltu,

c) meðferð og geymslu á fleiri en einum flokki aukaafurða úr dýrum eða afleiddra afurða í sama fyrirtæki eða stöð,

d) framleiðslu gæludýrafóðurs.

2. Rekstraraðilar, eins og þeir eru skilgreindir í 1. mgr., skulu einkum:

a) greina hvers kyns hættu sem verður að koma í veg fyrir, eyða eða draga úr þannig að hún teljist viðunandi,

b) tilgreina mikilvæga stýristaði á því stigi eða þeim stigum þar sem mikilvægt er að viðhafa eftirlit til að koma í veg fyrir eða eyða hættu eða draga úr henni svo að viðunandi teljist,

c) setja áhættumörk á mikilvægum stýristöðum sem skilja á milli þess sem er viðunandi og óviðunandi að því er varðar að koma í veg fyrir, eyða eða draga úr hættu sem hefur verið auðkennd,

d) koma á og hrinda í framkvæmd árangursríkum verklagsreglum um vöktun á mikilvægum stýristöðum,

e) ákveða aðgerðir til úrbóta ef vöktun bendir til þess að eitthvað hafi farið úrskeiðis á mikilvægum stýristað,

f) ákveða verklagsreglur í því skyni að ganga úr skugga um að ráðstafanirnar, sem lýst er í a- til e-lið, séu fullnægjandi og skili tilætluðum árangri. Sannprófun skal fara fram með reglubundnu millibili,

g) útbúa skjöl og færa skrár sem eru í samræmi við eðli og umfang rekstrarins í því skyni að sýna fram á að beiting þeirra ráðstafana, sem lýst er í a- til f-lið, beri árangur.

3. Verði einhverjar breytingar á afurð, vinnsluferli eða einhverju stigi framleiðslu, vinnslu, geymslu eða dreifingar skulu rekstraraðilar endurskoða verklagsreglur sínar og gera á þeim nauðsynlegar breytingar.

4. Samþykkja má ráðstafanir til að auðvelda framkvæmd þessarar greinar í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 52. gr.

30. gr.

Landsbundnar leiðbeiningar um góðar starfsvenjur

1. Ef nauðsyn krefur skulu lögbær yfirvöld hvetja til þróunar, miðlunar og valfrjálsrar notkunar á landsbundnum leiðbeiningum um góða starfshætti, einkum um beitingu meginreglna GáHMSS eins og um getur í 29. gr. Rekstraraðilum er í sjálfsvald sett hvort þeir nota þessar leiðbeiningar.

2. Lögbær yfirvöld skulu leggja mat á landsbundnu leiðbeiningarnar til að tryggja að:

a) þær hafi verið þróaðar í samráði við fulltrúa aðila sem eiga mikilla hagsmuna að gæta og hafi verið miðlað innan geira rekstraraðilanna og

b) inntak þeirra sé þannig að raunhæft sé að nota þær í þeim geirum sem þær eru ætlaðar fyrir.

II. KAFLI

Setning á markað

1. þáttur

Aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir til fóðrunar alidýra, annarra en loðdýra

31. gr.

Setning á markað

1. Einungis má setja aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem eru ætlaðar til fóðrunar alidýra, annarra en loðdýra, á markað að því tilskildu að:

a) þær séu úr efni í 3. flokki eða unnar úr því, öðru en efni sem um getur í n-, o- og p-lið 10. gr.,

b) þeim hafi verið safnað eða þær unnar, eftir því sem við á, í samræmi við skilyrði fyrir þrýstisæfingu eða önnur skilyrði til að koma í veg fyrir að upp komi áhætta fyrir heilbrigði manna og dýra í samræmi við ráðstafanir sem eru samþykktar í samræmi við 15. gr. og hverjar þær ráðstafanir sem mælt hefur verið fyrir um í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar og

c) þær komi frá samþykktum eða skráðum fyrirtækjum eða stöðvum, eftir því sem við á fyrir viðkomandi aukaafurð úr dýrum eða afleidda afurð.

2. Mæla skal fyrir um ráðstafanir til framkvæmdar þessarar greinar að því er varðar heilbrigðisskilyrði fyrir menn og dýr vegna söfnunar, vinnslu og meðhöndlunar aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða sem um getur í 1. mgr.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 4. mgr. 52. gr.

2. þáttur

Lífrænn áburður og jarðvegsbætar

32. gr.

Setning á markað og notkun

1. Setja má lífrænan áburð og jarðvegsbæta á markað og nota þá að því tilskildu:

a) að þeir komi úr efni í 2. eða 3. flokki,

b) að þeir hafi verið framleiddir í samræmi við skilyrði fyrir þrýstisæfingu eða önnur skilyrði til að koma í veg fyrir að upp komi áhætta fyrir heilbrigði manna og dýra í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í samræmi við 15. gr. og hverjar þær ráðstafanir sem mælt hefur verið fyrir um í samræmi við 3. mgr. þessarar greinar,

c) að þeir komi frá samþykktum eða skráðum fyrirtækjum eða stöðvum, eftir því sem við á, og

d) að ef um er að ræða kjöt- og beinamjöl úr efni í 2. flokki og unnin dýraprótín sem ætluð eru til notkunar sem lífrænn áburður og jarðvegsbætar eða í þá, að þeir hafi verið blandaðir með efnisþætti til að útiloka síðari notkun blöndunnar til fóðrunar og þeir merktir þegar þess er krafist í ráðstöfunum sem samþykktar eru skv. 3. mgr.

Þar að auki má setja á markað meltunarleifar úr ummyndun í lífgas eða myltingu og nota þær sem lífrænan áburð eða jarðvegsbæta.

Aðildarríkin geta samþykkt eða viðhaldið innlendum reglum sem leggja á viðbótarskilyrði fyrir notkun á lífrænum áburði og jarðvegsbætum eða takmarka notkun á þeim, að því tilskildu að slíkar reglur séu rökstuddar á grundvelli þess að vernda heilbrigði manna og dýra.

2. Þrátt fyrir d-lið 1. mgr. skal ekki gera kröfu um íblöndun í efni sem útilokað er að hægt sé að nota til fóðrunar vegna samsetningar þeirra eða pökkunar.

3. Mæla má fyrir um ráðstafanir til framkvæmdar þessarar greinar í tengslum við eftirfarandi:

a) heilbrigðisskilyrði fyrir menn og dýr vegna framleiðslu og notkunar á lífrænum áburði og jarðvegsbætum,

b) efnisþætti eða efni til merkingar á lífrænum áburði eða jarðvegsbætum,

c) efnisþætti sem blanda skal í lífrænan áburð eða jarðvegsbæta,

d) viðbótarskilyrði, s.s. aðferðir sem nota skal við merkingar og lágmarkshundraðshlutfall, sem skal virða þegar blandan er tilreidd, til að útiloka notkun á slíkum lífrænum áburði eða jarðvegsbæti til fóðrunar og

e) tilvik þar sem samsetningin eða pakkningin gerir það að verkum að hægt er að undanþiggja efnin frá kröfunni um íblöndun.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 4. mgr. 52. gr.

3. þáttur

Afleiddar afurðir sem falla undir tiltekna aðra löggjöf Bandalagsins

33. gr.

Setning á markað

Rekstraraðilar geta sett eftirfarandi afleiddar afurðir á markað:

a) snyrtivörur, eins og þær eru skilgreindar í 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 76/768/EBE,

b) virk, ígræðanleg lækningatæki, eins og þau eru skilgreind í c-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 90/385/EBE,

c) lækningatæki, eins og þau eru skilgreind í a-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 93/42/EBE,

d) lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi, eins og þau eru skilgreind í b-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 98/79/EB,

e) dýralyf, eins og þau eru skilgreind í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 2001/82/EB,

f) lyf, eins og þau eru skilgreind í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 2001/83/EB.

34. gr.

Framleiðsla

1. Innflutningur, söfnun og tilflutningur aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða, sem fara eiga til fyrirtækja eða stöðva til framleiðslu á afleiddum afurðum, sem um getur í 33. gr., og framleiðsla þessara afleiddu afurða, skal fara fram í samræmi við löggjöf Bandalagsins sem um getur í þeirri grein.

Ónotuðu efni frá slíkum fyrirtækjum eða stöðvum skal fargað í samræmi við þá löggjöf.

2. Hins vegar gildir þessi reglugerð þegar í löggjöf Bandalagsins, sem um getur í 33. gr., er ekki kveðið á um skilyrði um varnir gegn hugsanlegri áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra í samræmi við markmiðin í þessari reglugerð.

4. þáttur

Aðrar afleiddar afurðir

35. gr.

Setning gæludýrafóðurs á markað

Rekstraraðilar geta sett gæludýrafóður á markað að því tilskildu að:

a) afurðirnar komi úr:

i. efni í 3. flokki, öðru en efni sem um getur í n-, o- eða p-lið 10. gr.,

ii. ef um er að ræða innflutt gæludýrafóður eða gæludýrafóður sem er framleitt úr innfluttum efnum, úr efnum í 1. flokki, sem um getur í c-lið 8. gr., með fyrirvara um skilyrði sem mælt er fyrir um í samræmi við a-lið fyrstu málsgreinar 40. gr. eða

iii. efni sem um getur í a-lið og i. og ii. lið b-liðar 10. gr., ef um er að ræða hrátt gæludýrafóður og

b) þeir tryggi varnir gegn áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra með öruggri meðhöndlun í samræmi við 38. gr. ef öruggur uppruni, í samræmi við 37. gr., tryggir ekki nægjanlega vernd.

36. gr.

Setning annarra afleiddra afurða á markað

Rekstraraðilar geta sett afleiddar afurðir, aðrar en þær sem um getur í 31., 32., 33. og 35. gr., á markað að því tilskildu að:

a) þessar afurðir séu:

i. ekki ætlaðar til fóðrunar alidýra eða til að nota á land þar sem fóður fyrir slík dýr er ræktað eða

ii. ætlaðar til fóðrunar loðdýra og

b) varnir gegn áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra séu tryggðar með:

i. öruggum uppruna í samræmi við 37. gr.,

ii. öruggri meðhöndlun í samræmi við 38. gr. ef öruggur uppruni tryggir ekki nægjanlega vernd eða

iii. því að sannreynt sé að afurðirnar séu einungis nýttar til öruggrar lokanotkunar í samræmi við 39. gr. ef örugg meðhöndlun tryggir ekki nægjanlega vernd.

37. gr.

Öruggur uppruni

1. Öruggur uppruni skal ná yfir notkun á efni sem:

a) ekki stafar af óviðunandi áhætta fyrir heilbrigði manna og dýra,

b) var safnað og flutt frá söfnunarstað til framleiðslufyrirtækis eða -stöðvar við skilyrði sem útiloka áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra eða

c) var flutt inn í Bandalagið og flutt frá fyrsta komustað inn í Bandalagið til framleiðslufyrirtækis eða -stöðvar við skilyrði sem útiloka áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra.

2. Rekstraraðilar skulu, í tengslum við öruggan uppruna, leggja fram skjalfestar upplýsingar um kröfurnar í 1. mgr., þ.m.t., ef nauðsyn krefur, sannanir fyrir öryggi líföryggisráðstafana sem gerðar eru til að útiloka áhættu af völdum upphafsefnis fyrir heilbrigði manna og dýra.

Lögbæra yfirvaldið skal hafa aðgang að þessum skjölum, sé þess óskað.

Í tilvikinu sem um getur í c-lið 1. mgr. skal sendingunni fylgja heilbrigðisvottorð sem samræmist fyrirmynd sem samþykkt er í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 52. gr.

38. gr.

Örugg meðhöndlun

Í öruggri meðhöndlun skal m.a. felast að beitt er framleiðsluferli fyrir efnið, sem notað er, sem dregur á viðunandi hátt úr áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra sem stafar af efninu sem er notað eða af öðrum efnum sem verða til í framleiðsluferlinu.

Tryggja skal, einkum með því að gera prófanir á lokaafurðinni, að af afleiddu afurðinni stafi engin óviðunandi áhætta fyrir heilbrigði manna og dýra.

39. gr.

Örugg endanleg notkun

Í öruggri endanlegri notkun skal m.a. felast notkun á afleiddum afurðum:

a) við skilyrði sem ekki skapa óviðunandi áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra eða

b) sem kunna að skapa áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra í sérstökum tilgangi þegar slík notkun er réttlætanleg samkvæmt markmiðum, sem sett eru fram í löggjöf Bandalagsins, einkum að því er varðar varnir fyrir heilbrigði manna og dýra.

40. gr.

Framkvæmdarráðstafanir

Mæla má fyrir um ráðstafanir til framkvæmdar þessa þáttar í tengslum við eftirfarandi:

a) skilyrði fyrir setningu á markað á innfluttu gæludýrafóðri eða gæludýrafóðri, sem er framleitt úr innfluttum efnum, úr efni í 1. flokki sem um getur í c-lið 8. gr.,

b) skilyrði fyrir öruggum uppruna og tilflutningi efnis sem á að nota við skilyrði sem útiloka áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra,

c) skjalfestar upplýsingar eins og um getur í fyrstu undirgrein 2. mgr. 37. gr.,

d) breytur fyrir framleiðsluferlið eins og um getur í fyrstu málsgrein 38. gr., einkum að því er varðar efnislega eða efnafræðilega meðhöndlun efnanna sem eru notuð,

e) prófunarkröfur sem gilda um lokaafurðina og

f) skilyrði fyrir öruggri notkun afleiddra afurða sem af stafar áhætta fyrir heilbrigði manna eða dýra.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 4. mgr. 52. gr.

III. KAFLI

Innflutningur, umflutningur og útflutningur

41. gr.

Innflutningur og umflutningur

1. Aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir skal flytja inn í Bandalagið eða í umflutningi gegnum það í samræmi við:

a) viðeigandi kröfur í þessari reglugerð og framkvæmdarráðstöfunum hennar fyrir þá tilteknu aukaafurð úr dýrum eða afleiddu afurð, sem eru a.m.k. jafn strangar og þær sem gilda um framleiðslu og setningu slíkra aukaafurða eða afleiddra afurða á markað innan Bandalagsins,

b) skilyrði sem viðurkennt er að séu a.m.k. jafngild þeim kröfum sem gilda um framleiðslu og setningu slíkra aukaafurða úr dýrum eða afleiddra afurða á markað samkvæmt löggjöf Bandalagsins eða

c) ef um er að ræða aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem um getur í 33., 35. og 36. gr.: kröfurnar sem settar eru fram í þeim greinum.

Ráðstafanirnar, sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar, og ætlaðar eru til að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 4. mgr. 52. gr.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skal innflutningur og umflutningur:

a) sérstaks áhættuefnis einungis eiga sér stað í samræmi við reglugerð (EB) nr. 999/2001,

b) aukaafurða úr dýrum eða afleiddra afurða, sem eru blandaðar með eða mengaðar af úrgangi sem skráður er sem hættulegur í ákvörðun 2000/532/EB, einungis eiga sér stað með fyrirvara um kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1013/2006,

c) efna í 1. og 2. flokki og afurða úr þeim, sem ekki eru ætlaðar til framleiðslu á afleiddum afurðum sem um getur í 33., 35. og 36. gr., einungis fara fram að því tilskildu að reglur um innflutning þeirra hafi verið samþykktar í samræmi við a-lið 2. mgr. 42. gr.,

d) aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða, sem eru ætlaðar til þeirra nota sem um getur í 1. mgr. 17. gr., fara fram í samræmi við landsráðstafanir sem tryggja varnir gegn áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra, meðan þess er beðið að samræmd skilyrði, sem um getur í 2. mgr. 17. gr., verði samþykkt.

3. Ef um er að ræða innflutning og umflutning efna í 3. flokki og afleiddra afurða úr þeim skal mæla fyrir um viðeigandi kröfur sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr.

Í þeim kröfum má tilgreina að sendingarnar:

a) skuli koma frá þriðja landi eða hluta þriðja lands sem er á skrá í samræmi við 4. mgr.,

b) skuli koma frá fyrirtækjum eða stöðvum sem eru samþykktar og skráðar af lögbæru yfirvaldi þriðja landsins, sem er upprunaland, sem það yfirvald hefur skráð í þeim tilgangi og

c) hafi meðfylgjandi skjöl á komustað inn í Bandalagið þar sem heilbrigðiseftirlit með dýrum og dýraafurðum fer fram, t.d. viðskiptaskjal eða heilbrigðisvottorð og, þegar við á, yfirlýsing sem samræmist fyrirmynd sem mælt er fyrir um í samræmi við d-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 42. gr.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 4. mgr. 52. gr.

Meðan þess er beðið að kröfurnar, sem um getur í a- og c-lið annarrar undirgreinar, verði samþykktar skulu aðildarríkin tilgreina viðkomandi kröfur í landsráðstöfunum.

4. Í samræmi við reglunefndarmeðferðina, sem um getur í 3. mgr. 52. gr., skal taka saman skrár yfir þriðju lönd eða hluta þriðju landa þaðan sem flytja má aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir inn í Bandalagið eða í umflutningi í gegnum það, einkum með tilliti til:

a) löggjafar þriðja landsins,

b) þess hvernig skipulagi lögbærs yfirvalds og skoðunarþjónustu þess í þriðja landinu er háttað, valdheimilda þessarar þjónustu, eftirlits með henni og heimildar hennar til að hafa skilvirkt eftirlit með framkvæmd ákvæða löggjafar sinnar,

c) raunverulegra heilbrigðisskilyrða við framleiðslu, fullvinnslu, meðferð, geymslu og sendingu afurða úr dýraríkinu sem eru ætlaðar fyrir Bandalagið,

d) þeirra trygginga sem þriðja landið getur veitt fyrir því að farið sé að viðkomandi heilbrigðisskilyrðum,

e) reynslunnar af setningu afurðarinnar frá þriðja landinu á markað og niðurstaðna úr innflutningseftirliti sem farið hefur fram,

f) niðurstaðna úr skoðunum Bandalagsins í þriðja landinu,

g) heilbrigðisástands búfjár, annarra húsdýra og villtra lífvera í þriðja landinu, einkum með tilliti til framandi dýrasjúkdóma og þeirra þátta almenns heilbrigðisástands í landinu sem af gæti stafað áhætta fyrir heilbrigði manna eða dýra í Bandalaginu,

h) þess hversu reglubundið og hratt þriðja landið veitir upplýsingar um smitandi dýrasjúkdóma á yfirráðasvæði sínu, einkum sjúkdómana sem eru tilgreindir í heilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um landdýr og um lagardýr,

i) þeirra reglna um forvarnir og varnir gegn smitandi dýrasjúkdómum sem eru í gildi í þriðja landinu og framkvæmdar þeirra, þ.m.t. reglur um innflutning frá öðrum þriðju löndum.

Halda skal skránum yfir fyrirtæki eða stöðvar, sem um getur í b-lið annarrar undirgreinar 3. mgr., uppfærðum og senda þær til framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna og gera þær aðgengilegar fyrir almenning.

42. gr.

Framkvæmdarráðstafanir

1. Í samræmi við reglunefndarmeðferðina, sem um getur í 3. mgr. 52. gr., skal samþykkja ráðstafanir til framkvæmdar 41. gr. sem geta útilokað aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir, sem tiltekin fyrirtæki eða stöðvar framleiða, frá innflutningi eða umflutningi til að vernda heilbrigði manna eða dýra.

2. Mæla skal fyrir um aðrar ráðstafanir til framkvæmdar á 41. grein í tengslum við eftirfarandi:

a) skilyrði fyrir innflutningi og umflutningi efna í 1. og 2. flokki og fyrir afleiddar afurðir úr þeim,

b) takmarkanir, sem varða heilbrigði manna eða dýra, sem gilda um innflutt efni í 3. flokki eða afleiddar afurðir úr þeim, sem mæla má fyrir um með tilvísun í skrár Bandalagsins yfir þriðju lönd eða hluta þriðju landa sem eru teknar saman í samræmi við 4. mgr. 41. gr. eða í öðrum tilgangi sem varðar heilbrigði manna eða dýra,

c) skilyrði fyrir framleiðslu aukaafurða úr dýrum eða afleiddra afurða í fyrirtækjum eða stöðvum í þriðju löndum; slík skilyrði geta m.a. falið í sér fyrirkomulag við eftirlit viðkomandi lögbærs yfirvalds með slíkum fyrirtækjum eða stöðvum og geta undanþegið tilteknar tegundir fyrirtækja eða stöðva, þar sem meðferð á aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum fer fram, frá samþykki eða skráningu eins og um getur í b-lið annarrar undirgreinar 3. mgr. 41. gr. og

d) fyrirmyndir að heilbrigðisvottorðum, viðskiptaskjölum og yfirlýsingum sem fylgja skulu sendingum, þar sem tilgreint er við hvaða skilyrði er leyfilegt að lýsa því yfir að aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum hafi verið safnað eða þær framleiddar í samræmi við kröfurnar í þessari reglugerð.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 4. mgr. 52. gr.

43. gr.

Útflutningur

1. Útflutningur á aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum, sem ætlunin er að brenna eða urða, skal bannaður.

2. Útflutningur á aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum til þriðju landa, sem eru ekki aðilar að Efnahags- og framfarastofnuninni, til notkunar í lífgas- eða myltingarstöð, skal bannaður.

3. Einungis skal flytja út efni í 1. og 2. flokki og afleiddar afurðir úr þeim í öðrum tilgangi en þeim sem um getur í 1. og 2. mgr. að því tilskildu að mælt hafi verið fyrir um reglur um útflutning þeirra.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 4. mgr. 52. gr.

4. Ákvæði 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 um matvæli og fóður, sem flutt eru út frá Bandalaginu, skulu gilda að breyttu breytanda um útflutning á efni í 3. flokki eða afleiddar afurðir úr þeim í samræmi við þessa reglugerð.

5. Þrátt fyrir 3. og 4. mgr. skal útflutningur:

a) sérstaks áhættuefnis einungis eiga sér stað í samræmi við reglugerð (EB) nr. 999/2001,

b) aukaafurða úr dýrum eða afleiddra afurða, sem eru blandaðar með eða mengaðar af úrgangi sem skráður er sem hættulegur í ákvörðun 2000/532/EB, einungis eiga sér stað með fyrirvara um kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1013/2006.

III. BÁLKUR

OPINBERT EFTIRLIT OG LOKAÁKVÆÐI

I. KAFLI

Opinbert eftirlit

44. gr.

Málsmeðferð vegna samþykkis

1. Lögbært yfirvald skal því aðeins samþykkja fyrirtæki eða stöðvar að sýnt hafi verið fram á, með vettvangsheimsókn áður en starfsemi hefst, að þær uppfylli viðeigandi kröfur sem mælt er fyrir um í 27. gr.

2. Lögbært yfirvald getur veitt skilyrt samþykki ef svo virðist, út frá vettvangsheimsókninni, að fyrirtækið eða stöðin uppfylli allar kröfur sem varða grunnvirki og búnað með það fyrir augum að tryggja beitingu verklagsreglnanna í samræmi við þessa reglugerð. Það skal einungis veita fullt samþykki ef önnur vettvangsheimsókn, sem fer fram innan þriggja mánaða frá því að skilyrta samþykkið var veitt, leiðir í ljós að fyrirtækið eða stöðin uppfyllir aðrar kröfur sem um getur í 1. mgr. Hafi augljósar framfarir átt sér stað en fyrirtækið eða stöðin uppfyllir ekki enn allar þessar kröfur getur lögbæra yfirvaldið framlengt skilyrta samþykkið. Þó má skilyrt samþykki ekki gilda lengur en sex mánuði samtals.

3. Rekstraraðilar skulu sjá til þess að fyrirtæki eða stöð hætti rekstri ef lögbært yfirvald dregur samþykki sitt til baka eða, ef um skilyrt samþykki er að ræða, hvorki framlengir það né veitir fullt samþykki.

45. gr.

Opinbert eftirlit

1. Með fyrirvara um ákvæði 5. gr. skal lögbært yfirvald, með reglulegu millibili, annast opinbert eftirlit og umsjón með meðferð aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar.

2. Ákvæði 41. og 42. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004 gilda að breyttu breytanda um opinbert eftirlit sem fram fer til að staðfesta að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar.

3. Lögbært yfirvald getur tekið tillit til þess að góðum starfsvenjum sé fylgt þegar það framkvæmir opinbert eftirlit.

4. Mæla má fyrir um nánara fyrirkomulag um framkvæmd ákvæða þessarar greinar, þ.m.t. reglur um tilvísunaraðferðir fyrir örverufræðilegar greiningar.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 4. mgr. 52. gr.

46. gr.

Tímabundin niðurfelling, afturköllun og bann við starfsemi

1. Ef opinbert eftirlit og umsjón af hálfu lögbærs yfirvalds leiðir í ljós að ein eða fleiri kröfur þessarar reglugerðar eru ekki uppfylltar skal það grípa til viðeigandi aðgerða.

Einkum skal lögbæra yfirvaldið, eins og við á út frá eðli og alvarleika ágallanna og hugsanlegrar áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra:

a) fella tímabundið úr gildi samþykki fyrirtækja eða stöðva sem fengið hafa samþykki samkvæmt þessari reglugerð ef:

   i. skilyrði fyrir samþykki eða rekstri fyrirtækisins eða stöðvarinnar eru ekki lengur uppfyllt,

   ii. búast má við að rekstraraðilinn bæti út ágöllunum innan hæfilegs tíma og

   iii. hugsanleg áhætta fyrir heilbrigði manna og dýra krefst ekki aðgerða í samræmi við b-lið,

b) afturkalla samþykki fyrirtækja eða stöðva sem fengið hafa samþykki samkvæmt þessari reglugerð ef:

   i. skilyrði fyrir samþykki eða rekstri fyrirtækisins eða stöðvarinnar eru ekki lengur uppfyllt og

   ii. ekki er hægt að búast við að rekstraraðilinn bæti úr ágöllunum innan hæfilegs tíma:

      — af ástæðum sem varða grunnvirki fyrirtækisins eða stöðvarinnar,

      — af ástæðum sem varða einstaklingsbundna getu rekstraraðilans eða starfsfólks sem er undir hans umsjón eða

      — vegna alvarlegrar áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra sem krefst mikilla breytinga á starfsemi fyrirtækisins eða stöðvarinnar áður en rekstraraðilinn getur sótt um endursamþykki,

c) setja fyrirtækjum eða stöðvum sértæk skilyrði til að bæta úr ágöllum sem eru fyrir hendi.

2. Lögbært yfirvald skal, eins og við á út frá eðli og alvarleika ágallanna og hugsanlegrar áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra, banna rekstraraðilum, sem um getur í 1. og 3. mgr. 23. gr. og 1. mgr. 24. gr., tímabundið eða varanlega að reka starfsemi samkvæmt þessari reglugerð, eftir því sem við á, að fengnum upplýsingum um:

a) að kröfur í löggjöf Bandalagsins séu ekki uppfylltar og

b) hugsanlega áhættu fyrir heilbrigði manna eða dýra sem skapast af slíkri starfsemi.

47. gr.

Skrár

1. Hvert aðildarríki skal taka saman skrá yfir fyrirtæki, stöðvar og rekstraraðila á yfirráðasvæði þess sem hafa fengið samþykki eða skráningu í samræmi við þessa reglugerð.

Það skal úthluta hverju samþykktu eða skráðu fyrirtæki, stöð eða rekstraraðila opinberu númeri sem auðkennir fyrirtækið, stöðina eða rekstraraðilann að því er varðar hvers konar starfsemi fer þar fram.

Aðildarríkin skulu, ef við á, tilgreina opinbert númer sem fyrirtæki, stöð eða rekstraraðila hefur verið úthlutað samkvæmt annarri löggjöf Bandalagsins.

Aðildarríkin skulu gera skrár sínar yfir samþykkt eða skráð fyrirtæki, stöðvar og rekstraraðila aðgengilegar fyrir framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin.

Aðildarríkin skulu halda uppfærðar skrár yfir samþykkt eða skráð fyrirtæki, stöðvar og rekstraraðila og gera þær aðgengilegar öðrum aðildarríkjum og almenningi.

2. Mæla má fyrir um ráðstafanir til framkvæmdar þessarar greinar í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 52. gr., einkum að því er varðar:

a) snið skránna sem um getur í 1. mgr. og

b) verklag til að gera skrárnar, sem um getur í 1. mgr., aðgengilegar.

48. gr.

Stjórnun sendinga til annarra aðildarríkja

1. Þegar rekstraraðili ætlar sér að senda efni í 1. og 2. flokki og kjöt- og beinamjöl eða dýrafitu úr efni í 1. og 2. flokki til annars aðildarríkis skal hann tilkynna lögbæru yfirvaldi upprunaaðildarríkisins og lögbæru yfirvaldi viðtökuaðildarríkisins um það.

Lögbært yfirvald viðtökuaðildarríkisins skal ákveða, að fenginni umsókn rekstraraðilans, innan tilgreinds frests:

a) að neita að taka við vörusendingunni,

b) að samþykkja viðtöku vörusendingarinnar án skilyrða eða

c) að gera viðtöku vörusendingarinnar háða eftirfarandi skilyrðum:

i. ef afleiddu afurðirnar hafa ekki farið í gegnum þrýstisæfingu skulu þær fá slíka meðhöndlun eða

ii. aukaafurðirnar úr dýrum eða afleiddu afurðirnar skulu uppfylla öll þau skilyrði fyrir sendingu sem rökstyðja má út frá verndun heilbrigðis manna og dýra til að tryggja að aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir séu meðhöndlaðar í samræmi við þessa reglugerð.

2. Samþykkja má, í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 52. gr., snið fyrir þær umsóknir rekstraraðila sem um getur í 1. mgr.

3. Lögbært yfirvald upprunaaðildarríkisins skal, í gegnum Traces-kerfið í samræmi við ákvörðun 2004/292/EB, upplýsa lögbært yfirvald viðtökuaðildarríkisins um afgreiðslu hverrar sendingar, sem send er til viðtökuaðildarríkisins, með

a) aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum sem um getur í 1. mgr.

b) unnu dýraprótíni sem er fengið úr efni í 3. flokki.

Þegar lögbæru yfirvaldi viðtökuaðildarríkisins er tilkynnt um afgreiðsluna skal það tilkynna lögbæru yfirvaldi upprunaaðildarríkisins um komu hverrar sendingar í gegnum Traces-kerfið.

4. Flytja skal efni í 1. og 2. flokki, kjöt- og beinamjöl og dýrafitu, sem um getur í 1. mgr., beint til viðtökufyrirtækis eða -stöðvar, sem skal vera samþykkt eða skráð í samræmi við 23., 24. eða 44. gr., eða, ef um er að ræða húsdýraáburð, til viðtökubýlis.

5. Ef aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir eru sendar til annarra aðildarríkja í gegnum yfirráðasvæði þriðja lands skulu þær sendar í vörusendingum sem hafa verið innsiglaðar í upprunaaðildarríkinu og þeim skal fylgja heilbrigðisvottorð.

Innsiglaðar sendingar skulu einungis koma aftur inn í Bandalagið um skoðunarstöð á landamærum, í samræmi við 6. gr. tilskipunar 89/662/EBE.

6. Þrátt fyrir 1. til 5. mgr. skal einungis senda aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir, sem þar er getið um, sem eru blandaðar með eða mengaðar af úrgangi sem skráður er sem hættulegur í ákvörðun 2000/532/EB, til annarra aðildarríkja með fyrirvara um kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1013/2006.

7. Samþykkja má ráðstafanir til framkvæmdar þessarar greinar í tengslum við eftirfarandi:

a) tilgreindan frest vegna ákvörðunar lögbæra yfirvaldsins eins og um getur í 1. mgr.,

b) viðbótarskilyrði vegna sendingar aukaafurða úr dýrum eða afleiddra afurða sem um getur í 4. mgr.,

c) fyrirmyndir að heilbrigðisvottorðum sem skulu fylgja vörusendingum sem eru sendar í samræmi við 5. mgr. og

d) skilyrði fyrir sendingu aukaafurða úr dýrum eða afleiddra afurða sem ætlunin er að nota fyrir sýningar, listsköpun, til greininga, menntunar eða rannsókna, til annarra aðildarríkja þrátt fyrir ákvæði 1. til 5. mgr. þessarar greinar.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 4. mgr. 52. gr.

8. Í ráðstöfunum til framkvæmdar þessarar greinar má tilgreina við hvaða skilyrði lögbært yfirvald getur, þrátt fyrir ákvæði 1. til 5. mgr. þessarar greinar, leyft:

a) sendingu á húsdýraáburði milli tveggja staða innan sama býlis eða milli býla á landamærasvæðum aðildarríkja sem eiga sameiginleg landamæri,

b) sendingu annarra aukaafurða úr dýrum sem fluttar eru á milli fyrirtækja eða stöðva á landamærasvæðum aðildarríkja sem eiga sameiginleg landamæri og

c) flutning dauðra gæludýra til brennslu til fyrirtækis eða stöðvar á landamærasvæði annars aðildarríkis með sameiginleg landamæri.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 4. mgr. 52. gr.

49. gr.

Eftirlit Bandalagsins í aðildarríkjunum

1. Sérfræðingar frá framkvæmdastjórninni geta, ef það er nauðsynlegt fyrir samræmda beitingu þessarar reglugerðar, annast eftirlit á vettvangi í samstarfi við lögbær yfirvöld aðildarríkjanna.

Aðildarríki skal veita sérfræðingunum alla aðstoð sem þeim er nauðsynleg til að inna af hendi skyldur sínar vegna eftirlits sem fram fer á yfirráðasvæði þess.

Framkvæmdastjórnin skal gera lögbæru yfirvaldi grein fyrir niðurstöðum úr eftirlitinu.

2. Samþykkja má ráðstafanir til framkvæmdar þessarar greinar í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 52. gr., einkum að því er varðar verklagsreglur vegna samstarfs við landsyfirvöld.

50. gr.

Beiting ákvæða reglugerðar (EB) nr. 882/2004 að því er varðar tiltekið eftirlit

1. Ákvæði 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004 gilda að breyttu breytanda um eftirlit Bandalagsins í þriðju löndum sem fram fer til að staðfesta að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar.

2. Ákvæði a-liðar 1. mgr. 50. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004 gilda að breyttu breytanda um það að taka smám saman upp kröfurnar í 3. mgr. 41. gr. þessarar reglugerðar.

3. Ákvæði 52. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004 gilda að breyttu breytanda um eftirlit þriðju landa í aðildarríkjum Bandalagsins sem tengist starfsemi samkvæmt þessari reglugerð.

II. KAFLI

Lokaákvæði

51. gr.

Ákvæði landslaga

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni á valdsviði sínu sem hafa beina þýðingu fyrir rétta framkvæmd þessarar reglugerðar.

52. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra sem komið var á fót skv. 1. mgr. 58. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 3. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

4. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. a (1.–4. mgr.) og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

5. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. a (1.–4. mgr. og b-liður 5. mgr.) og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Frestirnir, sem mælt er fyrir um í c-lið 3. mgr. og b- og e-lið 4. mgr. 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB, skulu vera tveir mánuðir, einn mánuður og tveir mánuðir, í þeirri röð.

6. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. a (1., 2., 4. og 6. mgr.) og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

53. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn þessari reglugerð og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa letjandi áhrif. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi ákvæði eigi síðar en 4. júní 2011 og skulu tilkynna henni án tafar um síðari breytingar sem hafa áhrif á þau.

54. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (EB) nr. 1774/2002 fellur úr gildi frá og með 4. mars 2011.

Líta ber á tilvísanir í reglugerð (EB) nr. 1774/2002 sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í viðaukanum.

55. gr.

Umbreytingarráðstöfun

Fyrirtæki, stöðvar og notendur, sem hlotið hafa samþykki eða skráningu í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1774/2002 fyrir 4. mars 2011, skulu teljast vera samþykkt eða skráð, eftir því sem krafist er, í samræmi við þessa reglugerð.

56. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Hún gildir frá og með 4. mars 2011.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 21. október 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

J. BUZEK

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

C. MALMSTRÖM

forseti.

VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Reglugerð (EB) nr. 1774/2002	Þessi reglugerð
1. gr.	1. og 2. gr.
2. gr.	3. gr.
1. mgr. 3. gr.	1. og 2. mgr. 4. gr.
2. mgr. 3. gr.	fjórða undirgrein 3. mgr. 41. gr.
3. mgr. 3. gr.	3., 4. og 5. mgr. 4. gr.
1. mgr. 4. gr.	8. gr.
2. mgr. 4. gr.	12., 15. og 16. gr.
3. mgr. 4. gr.	h-, i- og j-liður 24. gr.
4. mgr. 4. gr.	c-liður 2. mgr. 41. gr., 3. mgr. og a-liður 5. mgr. 43. gr.
1. mgr. 5. gr.	9. gr.
2. mgr. 5. gr.	13., 15. og 16. gr.
3. mgr. 5. gr.	h-, i- og j-liður 24. gr.
4. mgr. 5. gr.	c-liður 2. mgr. 41. gr. og 3. mgr. 43. gr.
1. mgr. 6. gr.	10. gr.
2. mgr. 6. gr.	14., 15. og 16. gr.
3. mgr. 6. gr.	h-, i- og j-liður 24. gr.
7. gr.	21. gr.
8. gr.	48. gr.
9. gr.	22. gr.
10.–15. gr., 17. og 18. gr.	23., 24., 27. og 44. gr.,
16. gr.	6. gr.
19. gr.	31. gr.
1. mgr. 20. gr.	35. og 36. gr.
2. mgr. 20. gr.	32. gr.
3. mgr. 20. gr.	36. gr.
21. gr.	—
22. gr.	11. gr.
23. gr.	17. og 18. gr.
24. gr.	19. gr.
25. gr.	28. og 29. gr.
26. gr.	45., 46. og 47. gr.
27. gr.	49. gr.
28. gr.	ii. liður a-liðar 35. gr. og 1. mgr. 41. gr.
29. gr.	41. og 42. gr.
30. gr.	b-liður 1. mgr. 41. gr.
31. gr.	1. mgr. 50. gr.
32. gr.	—
33. gr.	52. gr.
34. gr.	—
35. gr.	2. mgr. 15. gr. og 51. gr.
36. gr.	—
37. gr.	54. gr.
38. gr.	56. gr.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 749/2011 **2015/EES/63/34**

frá 29. júlí 2011

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 ([1]), einkum 5. gr. (2. mgr.), 15. gr. (c-liður 1. mgr. og önnur undirgrein 1. mgr.), 20. gr. (10. og 11. mgr.), 41. gr. (fyrsta og þriðja undirgrein 3. mgr.), 42. gr. (2. mgr.) og 45. gr. (4. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1069/2009 er mælt fyrir um reglur um heilbrigði dýra og manna sem varða aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir í því skyni að koma í veg fyrir og lágmarka áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra af völdum þessara afurða. Þar er einnig kveðið á um ákvörðun á endapunkti í framleiðsluferlinu fyrir tilteknar afleiddar afurðir en þegar honum er náð gilda kröfur þeirrar reglugerðar ekki lengur um þær.

2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 frá 25. febrúar 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun ([2]) er mælt fyrir um framkvæmdarreglur fyrir reglugerð (EB) nr. 1069/2009, þ.m.t. reglur um ákvörðun endapunkta fyrir tilteknar afleiddar afurðir.

3) Danmörk hefur lagt fram beiðni um að ákveðinn verði endapunktur fyrir fisklýsi sem er notað til lyfjaframleiðslu. Þar sem slíkt fisklýsi ef fengið úr efni í 3. flokki og er unnið við ströng skilyrði skal ákveða endapunkt fyrir það lýsi. Því skal breyta 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 142/2011 og XIII. viðauka við hana í samræmi við það.

4) Í reglugerð (ESB) nr. 142/2011 var haldið inni ákvæðum sem tekin voru upp til framkvæmdar reglugerð (EB) nr. 1774/2002 og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/324/EB ([3]), einkum að því er varðar að leyfa Eistlandi, Lettlandi og Finnlandi að fóðra tiltekin loðdýr með unnu dýraprótíni, fengnu úr skrokkum eða skrokkhlutum dýra sömu tegundar, einkum refum. Breyta skal II. viðauka til að leyfa að slíkt efni sé gefið báðum tegundunum sem algengt er að séu haldnar, rauðref (*Vulpes vulpes*), sem þegar er á skrá, og heimskautaref (*Alopex lagopus*), þar sem reglugerð (ESB) nr. 142/2011 hefur fellt úr gildi ákvörðun 2003/324/EB.

5) Í reglugerð (EB) nr. 1069/2009 er mælt fyrir um tilteknar reglur um þrýstisæfingu og kveðið á um framkvæmdarráðstafanir sem samþykkja skal fyrir aðrar vinnsluaðferðir, sem notaðar hafa verið fyrir aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir, þannig að engin óviðunandi áhætta skapist fyrir heilbrigði manna og dýra þegar slíkar afurðir eru notaðar eða þeim fargað. Til samræmis við það eru í IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 settar fram staðlaðar vinnsluaðferðir fyrir vinnslustöðvar og tilteknar aðrar stöðvar og fyrirtæki.

6) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1069/2009 er leyfilegt að farga eða nota aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir með staðgönguaðferðum, að því tilskildu að slíkar aðferðir hafi verið leyfðar á grundvelli mats á getu þessara aðferða til að draga úr áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra að því marki að það jafngildi a.m.k. stöðluðu vinnsluaðferðunum fyrir viðkomandi flokk aukaafurða úr dýrum. Í reglugerð (EB) nr. 1069/2009 er einnig kveðið á um staðlað snið sem samþykkja skal fyrir umsóknir um staðgönguaðferðir. Til samræmis við það eru í IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 settar fram aðrar vinnsluaðferðir fyrir vinnslustöðvar og tilteknar aðrar stöðvar og fyrirtæki.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 198, 30.7.2011, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 197/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 117, 13.5.2003, bls. 37.

7) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (Matvælaöryggisstofnunin) hefur samþykkt þrjú álit í tengslum við slíkar staðgönguaðferðir: vísindalegt álit sem var samþykkt 21. janúar 2009 um verkefni til að rannsaka staðgönguaðferðir til eyðingar á skrokkum með notkun á tankakerfinu ([4]) (tankakerfisverkefnið), vísindalegt álit sem var samþykkt 8. júlí 2010 um meðhöndlun á föstum húsdýraáburði frá svínum og alifuglum með kalki ([5]) og vísindalegt álit sem var samþykkt 22. september 2010 um umsókn Neste Oil um nýja staðgönguaðferð fyrir förgun eða notkun á aukaafurðum úr dýrum ([6]).

8) Samkvæmt tankakerfisverkefninu er lagt til að vatnsrjúfa skuli svínsskrokka og aðrar aukaafurðir úr alisvínum í lokuðum tanki á býli. Eftir skilgreint tímabil er fyrri kosturinn að farga vatnsrofnu efnunum með brennslu eða vinnslu í samræmi við heilbrigðisreglurnar um aukaafurðir úr dýrum.

9) Samkvæmt tankakerfisverkefninu er einnig lagður til seinni kostur sem er að mala svínsskrokka og aðrar aukaafurðir úr alisvínum og gerilsneyða þær síðan fyrir förgun.

10) Í áliti sínu frá 21. janúar 2009 um tankakerfisverkefnið kemst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að upplýsingarnar sem veittar voru nægðu ekki til að líta mætti á seinni kostinn sem örugga aðferð til að farga aukaafurðum úr alisvínum. Hvað varðar fyrri kostinn, sem byggist á vatnsrofi, gat Matvælaöryggisstofnunin ekki heldur skilað lokamati. Hins vegar gaf Matvælaöryggisstofnunin til kynna að vatnsrofna efnið myndi ekki skapa viðbótaráhættu, að því tilskildu að það yrði unnið meira, í samræmi við heilbrigðisreglur fyrir efni í 2. flokki.

11) Því skal leyfa vatnsrof aukaafurða úr dýrum á bújörð við skilyrði sem fyrirbyggja útbreiðslu sjúkdóma sem geta smitast í menn eða dýr og sem koma í veg fyrir skaðleg áhrif á umhverfið. Einkum skal vatnsrofið, sem þriðji kostur, eiga sér stað í lokuðum, lekaþéttum geymi sem er aðskilinn frá öllum alidýrum sem eru á sama stað. Hins vegar telst vatnsrofsaðferðin ekki vera vinnsluaðferð og því skulu sérstöku skilyrðin, sem varða vinnslu aukaafurða úr dýrum á slíkum stöðvum, ekki gilda. Geymirinn skal reglulega skoðaður undir opinberu eftirliti með tilliti til tæringar til að koma í veg fyrir að efni úr honum leki niður í jarðveginn.

12) Enn hefur ekki verið sýnt fram á getu vatnsrofsaðferðarinnar til að draga úr hugsanlegri heilbrigðisáhættu. Því skall öll meðhöndlun eða notkun vatnsrofna efnisins vera bönnuð, önnur en brennsla eða sambrennsla, með eða án fyrri vinnslu, eða förgun á viðurkenndum urðunarstað, mylting eða ummyndun í lífgas og beita skal þrýstisæfingu á undan síðustu þremur valkostunum.

13) Spánn, Írland, Lettland, Portúgal og Bretland hafa sýnt áhuga á að leyfa þarlendum rekstraraðilum að nota vatnsrofsaðferðina. Lögbær yfirvöld þessara aðildarríkja hafa staðfest að strangt eftirlit verður haft með viðkomandi rekstraraðilum til að koma í veg fyrir hugsanlega heilbrigðisáhættu.

14) Í áliti sínu frá 8. júlí 2010 um meðhöndlun á föstum húsdýraáburði frá svínum og alifuglum með kalki komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að fyrirhuguð blöndun á kalki og húsdýraáburði megi teljast öruggt ferli til að óvirkja þær sjúkdómsvaldandi bakteríur og veirur sem um ræðir, með tilliti til fyrirhugaðrar notkunar afleiddu afurðarinnar, þ.e. kalkblandaðs húsdýraáburðar, á land. Þar sem í umsókninni var einungis sýnt fram á skilvirkni ferlisins ef notaður var tiltekinn blöndunarbúnaður mælti Matvælaöryggisstofnunin með því að þegar nota eigi annars konar blöndunarbúnað í ferlinu skuli framkvæma fullgildingu á grundvelli mælinga á sýrustigi, tíma og hitastigi til að sýna fram á að með því að nota þennan annars konar blöndunarbúnað náist jafngild óvirkjun sjúkdómsvalda.

15) Framkvæma skal fullgildingu samkvæmt þessum meginreglum þegar brennt dólómít (CaOMgO) er notað í stað óleskjaðs kalks (CaO) sem var notað í ferlinu sem Matvælaöryggisstofnunin lagði mat á.

16) Í áliti sínu frá 22. september 2010 um fjölþrepa hvatað ferli til framleiðslu á endurnýjanlegu eldsneyti komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að líta megi á ferlið sem öruggt þegar brædd fita úr efni í 2. og 3. flokki er notuð sem upphafsefni og þessi brædda fita hefur verið unnin með stöðluðu vinnsluaðferðunum fyrir aukaafurðir úr dýrum. Aftur á móti var ekki hægt að ályktа út frá þeim vísbendingum sem lagðar voru fram að ferlið geti einnig dregið úr hugsanlegri áhættu vegna smitandi heilahrörnunar sem getur verið fyrir hendi í bræddri fitu sem fengin er úr efni í 1. flokki. Því skal leyfa fjölþrepa hvataða ferlið fyrir brædda fitu úr efni í 2. og 3. flokki en hafna því fyrir brædda fitu úr efni í 1. flokki. Þó að slík höfnun komi ekki í veg fyrir að umsækjandinn leggi frekari vísbendingar fyrir Matvælaöryggisstofnunina fyrir nýtt mat skal notkun á bræddri fitu úr efni í 1. flokki í ferlinu vera bönnuð á meðan slíks mats er beðið.

17) Breyta skal IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til að taka til greina niðurstöðurnar í hinum þremur vísindalegu álitum Matvælaöryggisstofnunarinnar.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2009) 971, 1–12.
([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2010) 8(7):168.
([6]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2010) 8(10):1825.

18) Í reglugerð (EB) nr. 1069/2009 er kveðið á um að samþykkja skuli framkvæmdarráðstafanir vegna ummyndunar aukaafurða úr dýrum í lífgas eða moltu. Þegar aukaafurðum úr dýrum er blandað saman við efni, sem eru ekki úr dýraríkinu, eða önnur efni, sem falla ekki undir þá reglugerð, í lífgasstöð eða myltingarstöð skal lögbæru yfirvaldi vera heimilt að leyfa að tekin séu dæmigerð sýni eftir gerilsneyðingu og áður en blöndun á sér stað til að athuga hvort þau standist örverufræðilegar viðmiðanir. Slík sýnataka skal sýna fram á hvort gerilsneyðing aukaafurða úr dýrum hafi dregið úr örverufræðilegri áhættu í þeim aukaafurðum úr dýrum sem á að ummynda.

19) Því ber að breyta V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.

20) Í reglugerð (EB) nr. 1069/2009 er kveðið á um staðlað snið fyrir umsóknir um staðgönguaðferðir við notkun eða förgun á aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum. Hagsmunaaðilar skulu nota það snið þegar þeir leggja fram umsókn um leyfi fyrir slíkum aðferðum.

21) Samkvæmt beiðni frá framkvæmdastjórninni samþykkti Matvælaöryggisstofnunin, 7. júlí 2010, vísindalegt álit um yfirlýsingu um tækniaðstoð á sniðinu fyrir umsóknir um nýjar staðgönguaðferðir fyrir aukaafurðir úr dýrum ([7]). Í þeirri yfirlýsingu mælir Matvælaöryggisstofnunin einkum með nánari skýringum varðandi þær upplýsingar sem hagsmunaaðilar skulu leggja fram þegar þeir leggja inn umsókn um leyfi fyrir nýrri staðgönguaðferð.

22) Með tilliti til tilmælanna í því vísindalega áliti skal breyta staðlaða sniðinu fyrir umsóknir um nýjar staðgönguaðferðir sem sett er fram í VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.

23) Þar sem einnig er hægt að framleiða endurnýjanlegt eldsneyti í fjölþrepa hvataða kerfinu úr innfluttri bræddri fitu skal gera skýrari kröfurnar vegna innflutnings á slíkri fitu og skilyrðin sem sett eru fram á heilbrigðisvottorðinu sem fylgja skal sendingum af bræddri fitu til komustaðar inn í Sambandið þar sem heilbrigðiseftirlit með dýrum og dýraafurðum fer fram. Því ber að breyta XIV. og XV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.

([7]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2010) 8(7):1680.

24) Til samræmis við það ber því að breyta 3. gr. og II., IV., V., VII., VIII. og XI. viðauka og XIII. til XVI. viðauka.

25) Kveða skal á um umbreytingartímabil eftir að þessi reglugerð gengur í gildi til að leyfa áframhaldandi innflutning til Sambandsins á bræddri fitu, sem ekki er ætluð til manneldis, til tiltekinnar notkunar utan fóðurferlisins eins og kveðið er á um í reglugerð (ESB) nr. 142/2011 áður en breytingarnar, sem innleiddar eru með þessari reglugerð, öðlast gildi.

26) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÞESSA REGLUGERÐ:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í stað g-liðar 3. gr. komi eftirfarandi:

„g) loðskinn, sem uppfylla sérkröfurnar um endapunktinn fyrir slíkar afurðir, sem settar eru fram í VIII. kafla XIII. viðauka,

h) fisklýsi til lyfjaframleiðslu, sem uppfyllir sérkröfurnar um endapunktinn fyrir slíkar afurðir, sem settar eru fram í XIII. kafla XIII. viðauka,

i) bensín og eldsneyti sem uppfyllir sértæku kröfurnar fyrir afurðir úr fjölþrepa hvataða ferlinu til framleiðslu á endurnýjanlegu eldsneyti sem settar eru fram í c-lið 2. liðar 3. þáttar IV. kafla IV. viðauka.“

2) Ákvæðum II., IV., V., VII., VIII. og XI. viðauka og XIII. til XVI. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Á umbreytingartímabili, sem varir til 31. janúar 2012, skal halda áfram að samþykkja til innflutnings til Sambandsins sendingar af bræddri fitu, sem ekki er ætluð til manneldis og sem nota á í tilteknum tilgangi utan fóðurferlisins, fylgi þeim heilbrigðisvottorð sem er undirritað og útfyllt í samræmi við sniðið, sem sett er fram B-lið 10. kafla í XV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, áður en þessi reglugerð tekur gildi, að því tilskildu að slík vottorð hafi verið útfyllt og undirrituð fyrir 30. nóvember 2011.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. júlí 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

Reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í stað a-liðar 1. liðar I. kafla II. viðauka komi eftirfarandi:

„a) refi (*Vulpes vulpes* og *Alopex lagopus*).“

2) Í IV. viðauka er IV. kafla breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. liðar 1. þáttar komi eftirfarandi:

„1. Efni sem verður til við vinnslu á efni í 1. og 2. flokki skal vera merkt á óafmáanlegan hátt í samræmi við kröfurnar um merkingu tiltekinna afleiddra afurða sem settar eru fram í V. kafla VIII. viðauka.

Hinsvegar skal slíkrar merkingar ekki krafist fyrir eftirfarandi efni sem um getur í 2. þætti:

a) lífdísilolíu sem er framleidd í samræmi við D-lið,

b) vatnsrofið efni sem um getur í H-lið,

c) blöndur af óleskjuðu kalki og húsdýraáburði frá svínum og alifuglum sem eru framleidd í samræmi við I-lið,

d) endurnýjanlegt eldsneyti sem er framleitt úr bræddri fitu sem er fengin úr efni í 2. flokki í samræmi við J-lið.“

b) Eftirfarandi liðir bætast við 2. þátt:

„H. Vatnsrof og förgun í kjölfarið

1. Hlutaðeigandi aðildarríki

Nota má ferli með vatnsrofi og förgun í kjölfarið á Spáni, Írlandi, í Lettlandi, Portúgal og Bretlandi.

Að vatnsrofi loknu skal lögbært yfirvald sem veitti leyfið sjá til þess að efnunum sé safnað saman og þeim fargað innan sama aðildarríkis og um getur hér að framan.

2. Upphafsefni

Einungis má nota eftirfarandi efni í þessu ferli:

a) Efni í 2. flokki, sem um getur í i., ii. og iii. lið f-liðar 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, sem koma úr svínum,

b) efni í 3. flokki, sem um getur í h-lið 10. gr. þeirrar reglugerðar, sem koma úr svínum.

Hins vegar má ekki nota skrokka eða skrokkhluta dýra sem hafa drepist vegna dýrafarsóttar eða verið aflífuð til að útrýma dýrafarsótt.

3. Aðferðafræði

Vatnsrof og förgun í kjölfarið er tímabundin geymsla á staðnum. Ferlið skal fara fram samkvæmt eftirfarandi stöðlum:

a) Eftir að þeim er safnað saman á bújörð sem hefur leyfi frá lögbæru yfirvaldi til að nota vinnsluaðferðina, sem byggist á mati á þéttleika dýra á bújörðinni, sennilegri dánartíðni þeirra og hugsanlegri áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra sem getur komið upp, skal setja aukaafurðirnar úr dýrunum í geymi sem hefur verið byggður í samræmi við b-lið (hér á eftir nefndur „geymirinn“) og komið fyrir á til þess ætluðum stað í samræmi við c- og d-lið (hér á eftir nefndur „til þess ætlaði staðurinn“).

b) Geymirinn skal:

i. hafa lokunarbúnað,

ii. vera vatnsþéttur, lekaþéttur og loftþéttur,

iii. vera húðaður til að verjast tæringu,

iv. vera búinn búnaði til að stýra losun í samræmi við e-lið.

c) Setja skal geyminn á til þess ætlaða staðinn sem er efnislega aðskilinn frá bújörðinni.

Þar skulu vera sérstakar tengileiðir til flutnings efnis og fyrir söfnunarökutæki.

d) Geymirinn og staðurinn skulu vera byggðir og skipulagðir í samræmi við löggjöf Sambandsins um umhverfisvernd til að komið sé í veg fyrir ólykt og áhættu fyrir jarðveg og jarðvatn.

e) Geymirinn skal vera tengdur við rör til losunar lofttegunda sem skal búið viðeigandi síum til að koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdóma sem geta smitast í menn og dýr.

f) Geymirinn skal vera lokaður til að vatnsrofsferlið geti átt sér stað í a.m.k. þrjá mánuði og þannig að ekki sé hægt að opna hann í leyfisleysi.

g) Rekstraraðilinn skal koma sér upp verklagsreglum til að koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdóma sem geta smitast í menn og dýr með ferðum starfsmanna.

h) Rekstraraðilinn skal:

i. gera forvarnarráðstafanir gegn fuglum, nagdýrum, skordýrum og öðrum meindýrum,

ii. koma á fót skjalfestri áætlun um varnir gegn meindýrum.

i) Rekstraraðilinn skal halda skrár yfir:

i) hvert skipti sem efni er sett í geyminn,

ii. hvert skipti sem vatnsrofið efni er tekið úr geyminum.

j) Rekstraraðilinn skal tæma geyminn með reglulegu millibili til að:

i) athuga hvort tæring er í geyminum,

ii. finna og koma í veg fyrir hugsanlegan leka fljótandi efnis niður í jarðveginn.

k) Að loknu vatnsrofi skal safna efnunum saman, nota þau og farga þeim í samræmi við a-, b- eða c-lið 13. gr. eða i. lið e-liðar 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009.

l) Vinnslan skal fara fram í lotum.

m) Öll önnur meðhöndlun eða notkun á vatnsrofnu efnunum er bönnuð, þ.m.t. að þau séu borin á land.

I. Meðhöndlun á húsdýraáburði úr svínum og alifuglum með kalki

1. Upphafsefni

Í þessu ferli má nota húsdýraáburð frá svínum og alifuglum, eins og um getur í a-lið 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009.

2. Vinnsluaðferð

a) Ákvarða skal þurrefnainnihald húsdýraáburðarins samkvæmt aðferð CEN EN 12880:2000 (*) “Characterization of sludges. Determination of dry residue and water content”.

Fyrir þetta ferli skal þurrefnainnihaldið vera á bilinu 15% til 70%.

b) Kalkmagnið, sem verður að bæta við, skal ákvarðað þannig að einni af samsetningunum á tíma og hitastigi sem fram koma í f-lið sé náð.

c) Kögglastærð aukaafurða úr dýrum sem á að vinna má ekki vera meiri en 12 mm.

Ef nauðsyn krefur skal minnka kögglastærð húsdýraáburðarins þannig að hámarksstærð náist.

d) Húsdýraáburðurinn skal blandaður með óleskjuðu kalki (CaO) með miðlungi mikla eða mikla hvarfgirni undir sex mínútum til að ná fram 40 °C hækkun á hitastigi, sbr. viðmiðanirnar í hvarfgirniprófun 5.10 í CEN EN 459-2:2002-aðferðinni (**).

Blöndunin skal gerð með tveimur blöndunarvélum, þar sem önnur tekur við af hinni, með tveimur sniglum í hvorri vél.

Báðar blöndunarvélarnar skulu:

i. hafa snigla sem eru 0,55 m í þvermál og 3,5 m langir,

ii. ganga fyrir 30 kW afli og snúningshraði sniglanna skal vera 156 snún./mín.,

iii. geta meðhöndlað 10 tonn á klukkustund.

Meðaltímalengd blöndunar skal vera u.þ.b. tvær mínútur.

e) Blöndunni skal blandað í a.m.k. 6 klukkustundir í haug með lágmarksstærð sem nemur 2 tonnum.

f) Í haugnum skulu vera vöktunarstaðir, þar sem fara fram samfelldar mælingar, til að sýna fram á að blandan í haugnum nái a.m.k. pH-gildinu 12 á einu af eftirfarandi tímabilum en á meðan þau standa yfir skal nást eitt af eftirfarandi hitastigum:

i. 60 °C í 60 mínútur eða

ii. 70 °C í 30 mínútur.

g) Vinnslan skal fara fram í lotum.

h) Innleiða skal fastar, skriflegar verklagsreglur sem byggjast á GáHMSS-meginreglunum.

i) Rekstraraðilar geta sýnt lögbæra yfirvaldinu fram á, með fullgildingu samkvæmt eftirfarandi kröfum, að ferli með blöndunarbúnaði, sem er öðruvísi en blöndunarbúnaðurinn sem um getur í d-lið, eða notkun á brenndu dólómíti (CaOMgO) í staðinn fyrir óleskjað kalk sé a.m.k. jafn skilvirk og ferlið sem sett er fram í a- til h-lið.

Sú fullgilding skal:

– sýna fram á að með því að nota annars konar blöndunarbúnað en þann sem um getur í d-lið eða brennt dólómít, eftir því sem við á, er hægt að framleiða blöndu með húsdýraáburði sem nær vinnslubreytunum fyrir sýrustig, tíma og hitastig sem um getur í f-lið,

– byggjast á vöktun á tíma og hitastigi á botni, í miðju og efst í haugnum, með fjölda vöktunarstaða sem gefur lýsandi mynd (a.m.k. fjórir vöktunarstaðir á botnsvæðinu, sem eru staðsettir að hámarki 10 cm fyrir ofan botninn og að hámarki 10 cm frá efsta hluta þess svæðis, einn vöktunarstaður í miðjunni, hálfa vegu á milli botnsins og topps haugsins, og fjórir vöktunarstaðir á jaðarsvæðinu efst í haugnum, sem eru að hámarki staðsettir 10 cm fyrir neðan yfirborð hans og að hámarki 10 cm neðan við topp haugsins),

– gerð á tveimur a.m.k. 30 daga tímabilum og af þeim skal annað standa yfir á köldum árstíma á þeim landfræðilega stað þar sem nota á blöndunarbúnaðinn.

J. Fjölþrepa hvatað ferli til framleiðslu á endurnýjanlegu eldsneyti

1. Upphafsefni

a) Einungis má nota eftirfarandi efni í þessu ferli:

i. brædda fitu úr efni í 2. flokki sem hefur verið unnið með vinnsluaðferð 1 (þrýstisæfingu),

ii. fisklýsi eða brædda fitu úr efni í 3. flokki sem hefur verið unnið:

– með einhverri af vinnsluaðferðum 1 til 5 eða vinnsluaðferð 7 eða

– ef um er að ræða efni fengið úr fisklýsi, einhverri af vinnsluaðferðum 1 til 7,

iii. fisklýsi eða brædda fitu sem hefur verið framleidd í samræmi við VIII. eða XII. þátt III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, í þeirri röð.

b) Notkun á bræddri fitu úr efni í 1. flokki í þessu ferli er bönnuð.

2. Vinnsluaðferð

a) Brædda fitan skal formeðhöndluð á eftirfarandi hátt:

i. með bleikingu á efninu, sem hefur verið skilið í skilvindu, með því að sía það í gegnum leirsíu,

ii. með fjarlægingu á þeim óleysanlegu óhreinindum, sem eftir eru, með síun.

b) Formeðhöndlaða efnið skal sett í fjölþrepa hvatað ferli sem samanstendur af þrepi með vetnaðri súrefnissviptingu og síðan hverfingarþrepi.

Efnin skulu látin verða fyrir a.m.k. 20 bara þrýstingi við a.m.k. 250 °C í a.m.k. 20 mínútur.

(*) BS EN 12880:2000, *Characterization of sludges. Determination of dry residue and water content*. Staðlasamtök Evrópu,

(**) CEN EN 459-2:2002 aðferð CEN/TC 51 - Cement and building limes. Staðlasamtök Evrópu.“

c) Ákvæðum 2. liðar 3. þáttar er breytt sem hér segir:

i. Í stað annars undirliðar iii. liðar b-liðar komi eftirfarandi:

„— úr efni í 3. flokki, þó ekki efni sem um getur í p-lið 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, sem notað er sem fóður,“

ii. Eftirfarandi liðir bætist við:

„c) fjölþrepa hvataða ferlinu til framleiðslu á endurnýjanlegu eldsneyti má:

i. ef um er að ræða bensín og annað eldsneyti sem verður til í því ferli, nota sem eldsneyti án takmarkana samkvæmt þessari reglugerð (endapunktur),

ii. ef um er að ræða notaðan leir úr bleikingu og seyru úr formeðhöndlunarferlinu sem um getur í a-lið 2. liðar J-liðar 2. þáttar:

– farga með brennslu eða sambrennslu,

– umbreyta í lífgas,

– mylta eða nota til framleiðslu á afleiddum afurðum sem um getur í i. lið a-liðar 36. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009,

d) kalkmeðhöndluðu blönduna af húsdýraáburði frá svínum og alifuglum má bera á land sem unninn húsdýraáburð.“

3) Í 3. þætti III. kafla V. viðauka bætist eftirfarandi 3. liður við:

„3. Þegar aukaafurðir úr dýrum eru ummyndaðar í lífgas eða myltar með efnum sem eru ekki fengin úr dýraríkinu getur lögbært yfirvald leyft rekstraraðilum að taka dæmigerð sýni að lokinni gerilsneyðingunni, sem um getur í a-lið 1. liðar 1. þáttar I. kafla, eða myltingunni, sem um getur í 1. lið 2. þáttar, eftir því sem við á, en fyrir blöndun með efnum sem ekki eru fengin úr dýraríkinu, til að vakta skilvirkni ummyndunar eða myltingar aukaafurða úr dýrum, eftir því sem við á.“

4) Í stað 1., 2. og 3. liðar II. kafla VII. viðauka komi eftirfarandi:

„1. Í umsóknum skulu koma fram allar þær upplýsingar sem Matvælaöryggisstofnunin þarf til að geta metið öryggi fyrirhugaðra staðgönguaðferða og einkum lýsingar á:

– þeim flokkum aukaafurða úr dýrum sem ætlunin er að beita aðferðinni á,

– ferlinu öllu,

– líffræðilegri hættu sem getur steðjað að heilbrigði dýra og manna og

– hversu mikið ferlið dregur úr áhættu.

2. Í umsókninni, sem um getur í 1. mgr., skal enn fremur:

a) tilgreina viðeigandi liði í 8., 9. og 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, þ.m.t. eðlisástand efnanna og, ef við á, alla formeðhöndlun sem efnin hafa fengið og tilgreiningu á efnum, sem ekki koma úr dýraríkinu, sem nota á í ferlinu.

b) vera GáHMSS-aðferðarlýsing og flæðirit, sem sýnir aðskilin þrep ferlisins á skýran hátt, auðkennir mikilvægustu vinnslubreyturnar fyrir óvirkjun þeirra sjúkdómsvalda sem um ræðir, s.s. hitastig, þrýsting, váhrifatíma, sýrustigsstillingu og kögglastærð, stutt af tækniupplýsingaskjölum fyrir búnaðinn sem er notaður í ferlinu,

c) auðkenna og lýsa líffræðilegri hættu fyrir heilbrigði manna og dýra sem stafar af þeim flokkum aukaafurða úr dýrum sem nota á aðferðina fyrir,

d) sýna fram á að dregið sé úr þolnustu líffræðilegu hættunum, sem tengjast þeim flokki efna sem á að vinna, í öllum afurðum sem verða til í ferlinu, þ.m.t. skólpi, þannig að það jafngildi a.m.k. vinnslustöðlunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð fyrir sama flokk aukaafurða úr dýrum. Ákvarða skal hversu mikið dregur úr áhættu með fullgiltum beinum mælingum, nema ef notkun á líkönum eða samanburði við önnur ferli telst viðunandi.

3. Fullgiltar beinar mælingar, sem um getur í d-lið 2. mgr. hér að framan, vísa til:

a) mælinga á því hve mikið dregið hefur úr lífvænleika/smitvirkni hjá innrænum vísilífverum meðan á vinnslunni stendur svo fremi að vísirinn sé:

– ávallt til staðar í hráefninu í miklum fjölda,

– ekki minna þolinn gagnvart banvænum þáttum meðhöndlunarferlisins en sjúkdómsvaldarnir sem hann er notaður til að vakta en heldur ekki marktækt þolnari,

– tiltölulega auðveldur í magngreiningu og tiltölulega auðvelt að bera kennsl á hann og að staðfesta eða

b) notkunar á vel skilgreindri prófunarlífveru eða -veiru sem er flutt með heppilegum bera inn í upphafsefnið.

Ef um nokkur þrep er að ræða í meðhöndluninni skal meta að hversu miklu leyti aðskilin títurskerðingarþrep kalla fram samlegð eða hvort fyrstu þrepin í ferlinu geti haft neikvæð áhrif á skilvirkni seinni þrepanna,

c) að gefnar séu skýrslur um endanlegar niðurstöður með því að

i. lýsa aðferðafræðinni, sem er beitt í, smáatriðum,

ii. lýsa því hvers konar sýni hafa verið greind,

iii. sýna fram á að sýnafjöldinn sem var greindur gefi lýsandi mynd,

iv. rökstyðja fjölda prófana sem voru gerðar og val á mælipunktum,

v. tilgreina næmleika og sértæki greiningaraðferðanna sem voru notaðar,

vi. leggja fram gögn um endurtekningarnákvæmni og tölfræðilegan breytileika mælinganna sem fengust úr tilraununum,

vii. rökstyðja marktækni príonstaðgengla, ef þeir eru notaðir,

viii. sýna fram á, þegar beinar mælingar vantar og líkön eða samanburður við önnur ferli er notaður í staðinn, að þættirnir sem leiða til minnkunar á áhættu séu vel þekktir og að líkanið fyrir áhættuminnkun sé traust,

ix. leggja fram gögn úr öllu ferlinu um beinar mælingar á öllum þáttum, sem leiða til minnkunar á áhættu, sem sýna fram á að þessum þáttum sé beitt með einsleitum hætti í allri meðhöndluðu lotunni.

4. GáHMSS-áætlunin, sem um getur í b-lið 2. mgr., skal byggjast á mikilvægustu vinnslubreytunum sem eru notaðar til að ná fram áhættuminnkun, einkum:

– hitastigi,

– þrýstingi,

– tíma og

– örverufræðilegum viðmiðunum.

Skilgreina skal áhættumörkin í GáHMSS-áætluninni á grunni niðurstaðnanna úr tilraunafullgildingunni og/eða líkansins sem var lagt fram.

Ef einungis er hægt að sýna fram á árangursríka virkni ferlisins með því að vísa í tæknilegar vinnslubreytur, sem eru bundnar við búnaðinn sem er notaður í ferlinu, skal GáHMSS-áætlunin einnig innihalda þau tæknilegu mörk sem þarf að ná, einkum að því er varðar orkunotkun, fjölda dæluslaga eða skammtastærð íðefna.

Gefa skal upplýsingar um mikilvægar og tæknilegar vinnslubreytur sem skal vakta og skrá á samfelldan hátt eða með skilgreindu millibili og um aðferðir sem eru notaðar við mælingu og vöktun.

Taka skal tillit til breytileika vinnslubreytna við dæmigerð framleiðsluskilyrði.

GáHMSS-áætlunin skal endurspegla rekstrarskilyrði, bæði eðlileg og óeðlileg/í neyðartilvikum, þ.m.t. bilun í ferlinu, og þar skal tilgreina hugsanlegar aðgerðir til úrbóta sem skal beita við óeðlileg rekstrarskilyrði og í neyðartilvikum.

5. Umsóknirnar skulu einnig innihalda nægjanlegar upplýsingar um:

a) áhættuna, sem tengist víxltengdum ferlum, einkum að því er varðar niðurstöður úr mati á hugsanlegum óbeinum áhrifum, sem getur:

i. haft áhrif á umfang áhættuminnkunar í tilteknu ferli,

ii. skapast af flutningi og geymslu afurða, sem verða til í ferlinu, og af öruggri förgun slíkra afurða, þ.m.t. skólps.

b) áhættuna sem tengist fyrirhugaðri endanlegri notkun afurðanna, einkum:

i. skal fyrirhuguð endanleg notkun afurða úr ferli tilgreind,

ii. skal líkleg áhætta fyrir heilbrigði manna og dýra og hugsanleg áhrif á umhverfið metin á grunni áhættuminnkunar sem er metin í samræmi við d-lið 2. liðar.

6. Skjalfestar sannanir skulu fylgja umsóknum, einkum:

a) flæðirit sem sýnir hvernig ferlið virkar,

b) sannanirnar, sem um getur í d-lið 2. liðar, ásamt öðrum sönnunum sem ætlað er að rökstyðja upplýsingarnar sem eru veittar innan ramma umsóknarinnar, eins og fram kemur í 2. lið.

7. Í umsóknum skal koma fram heimilisfang tengiliðar fyrir hagsmunaaðilann þar sem fram skal koma heiti hans og fullt heimilisfang, símanúmer og/eða bréfasímanúmer og/eða tölvupóstfang tiltekins tengiliðar sem ber ábyrgð sem hagsmunaaðili eða fyrir hönd hans.“

5) Ákvæðum VIII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað xvii. liðar b-liðar 2. liðar II. kafla komi eftirfarandi:

„xvii. ef um er að ræða sýningargripi: „Sýningargripur, óhæft til manneldis“, í staðinn fyrir textann á merkimiðanum sem mælt er fyrir um í a-lið,

xviii. ef um er að ræða fisklýsi til lyfjaframleiðslu sem um getur í XIII. kafla XIII. viðauka: „fisklýsi til lyfjaframleiðslu“, í staðinn fyrir textann á merkimiðanum sem mælt er fyrir um í a-lið,

xix. ef um er að ræða húsdýraáburð sem hefur fengið kalkmeðhöndlunina sem um getur í I-lið 2. þáttar IV. kafla IV. viðauka: „kalkblandaður húsdýraáburður“.“

b) Í stað ii. liðar d-liðar 3. liðar V. kafla komi eftirfarandi:

„ii. ætlaðar til rannsókna og í öðrum sértækum tilgangi, eins og um getur í 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, sem lögbæra yfirvaldið hefur leyft,

e) endurnýjanlegt eldsneyti framleitt úr bræddri fitu sem er fengin úr efni í 2. flokki, í samræmi við J-lið 2. þáttar IV. kafla IV. viðauka.“

6) Í 2. þætti I. kafla XI. viðauka kemur eftirfarandi í stað inngangsorðanna:

„Setning unnins húsdýraáburðar, afleiddra afurða úr unnum húsdýraáburði og leðurblökugúanós á markað skal háð eftirfarandi skilyrðum. Þar að auki, ef um er að ræða leðurblökugúanó, þarf samþykki viðtökuaðildarríkisins eins og um getur í 1. mgr. 48. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009:“

7) Eftirfarandi XIII. kafli bætist við XIII. viðauka:

„XIII. KAFLI

Sértækar kröfur sem varða fisklýsi til lyfjaframleiðslu

Endapunktur fyrir fisklýsi til lyfjaframleiðslu

Setja má fisklýsi, sem er fengið úr efnunum sem um getur í lið A.2 í 3. þætti II. kafla X. viðauka og hefur verið afsýrt með NaOH-lausn við 80 °C eða meiri hita og síðan hreinsað með eimingu við 200 °C eða meiri hita, á markað til lyfjaframleiðslu án takmarkana í samræmi við þessa reglugerð.“

8) Ákvæðum XIV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum I. kafla er breytt sem hér segir:

i. Ákvæðum 1. þáttar er breytt sem hér segir:

– í inngangsmálsgrein kemur eftirfarandi í stað e-liðar:

„e) þeim skal framvísað á komustað inn í Sambandið þar sem heilbrigðiseftirlit með dýrum og dýraafurðum fer fram, ásamt skjali sem samsvarar fyrirmyndinni sem um getur í dálkinum „vottorð/fyrirmyndir að skjölum“ í töflu 1,

f) þær skulu koma frá fyrirtæki eða stöð sem lögbært yfirvald þriðja landsins hefur skráð eða samþykkt, eftir því sem við á, og sem er í skránni yfir slík fyrirtæki og stöðvar sem um getur í 30. gr.“

– í 1. línu í töflu 1 komi eftirfarandi í stað afurðarlýsingarinnar í öðrum dálki:

„unnið dýraprótín, þ.m.t. blöndur og afurðir aðrar en gæludýrafóður, sem innihalda slík prótín, og fóðurblöndur, eins og þær eru skilgreindar í h-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2009, sem innihalda slík prótín.“

ii. Í 2. þætti komi eftirfarandi í stað yfirskriftarinnar:

„Innflutningur á unnu dýraprótíni, þ.m.t. blöndum og afurðum öðrum en gæludýrafóðri, sem innihalda slík prótín, og fóðurblöndur, eins og þær eru skilgreindar í h-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2009, sem innihalda slík prótín.“

b) Ákvæðum II. kafla er breytt sem hér segir:

i. Ákvæðum 1. þáttar er breytt sem hér segir:

– í stað d- og e-liðar inngangsmálsgreinarinnar komi eftirfarandi:

„d) þær skulu koma frá fyrirtæki eða stöð sem lögbært yfirvald þriðja landsins hefur skráð eða samþykkt, eftir því sem við á, og sem er í skránni yfir slík fyrirtæki og stöðvar sem um getur í 30. gr. og

e) þeim skal fylgja á meðan á flutningi stendur til komustaðar inn í Sambandið, þar sem heilbrigðiseftirlit með dýrum og dýraafurðum fer fram, heilbrigðisvottorðið sem um getur í dálkinum „vottorð/fyrirmyndir að skjölum“ í töflu 1 eða

f) þeim skal framvísað á komustað inn í Sambandið þar sem heilbrigðiseftirlit með dýrum og dýraafurðum fer fram, ásamt skjali sem samsvarar fyrirmyndinni sem um getur í dálkinum „vottorð/fyrirmyndir að skjölum“ í töflu 2.“

– í stað 17. línu í töflu 2 komi eftirfarandi:

„17	Brædd fita til tiltekinnar notkunar utan fóðurferlisins fyrir alidýr	a) Ef um er að ræða efni ætluð til framleiðslu á lífdísilolíu: Efni í 1., 2. og 3. flokki sem um getur í 8., 9. og 10. gr. b) Ef um er að ræða efni ætluð til framleiðslu á endurnýjanlegu eldsneyti sem um getur í J-lið 2. þáttar IV. kafla IV. viðauka: Efni í 2. og 3. flokki sem um getur í 9. og 10. gr. c) Ef um er að ræða efni ætluð til framleiðslu á lífrænum áburði og jarðvegsbætum: Efni í 2. flokki sem um getur í c-lið, d-lið og i. lið f-liðar 9. gr. og efni í 3. flokki sem um getur í 10. gr., að undanskildum c- og p-lið. d) Ef um er að ræða efni ætluð til annars: Efni í 1. flokki sem um getur í 8. gr. (b-, c- og d-liður), efni í 2. flokki sem um getur í 9. gr. (c- og d-liður og i. liður f-liðar) og efni í 3. flokki sem um getur í 10. gr., að undanskildum c- og p-lið.	Brædda fitan skal uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 9. þætti.	Þau þriðju lönd, sem eru tilgreind í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 og, ef um er að ræða efni úr fiski, þriðju lönd sem eru tilgreind í II. viðauka við ákvörðun 2006/766/EB.	B-liður 10. kafla í XV. viðauka.“

ii. Í stað iii. liðar a-liðar 9. þáttar komi eftirfarandi:

„iii. efni í 2. flokki, sem um getur í 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, og efni í 3. flokki, sem um getur í 10. gr. þeirrar reglugerðar, ef um er að ræða efni ætluð til framleiðslu á endurnýjanlegu eldsneyti sem um getur í J-lið 2. þáttar IV. kafla IV. viðauka við þessa reglugerð,

iv. efni í 1. flokki, sem um getur í 8. gr. (b-, c- og d-liður) reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, efni í 2. flokki, sem um getur í 9. gr. (c- og d-liður og i. liður f-liðar) reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, eða efni í 3. flokki, öðru en því sem um getur í 10. gr. (c- og p-lið) þeirrar reglugerðar, ef um er að ræða annað efni,“

9) Í stað B-liðar 10. kafla í XV. viðauka komi eftirfarandi:

„B-LIÐUR 10. KAFLA

Heilbrigðisvottorð

Fyrir brædda fitu, sem ekki er ætluð til manneldis, til notkunar í tilteknum tilgangi utan fóðurferlisins, vegna sendingar til eða umflutnings ([2]) um Evrópusambandið

LAND:

Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir sem eru flutt inn í ESB

I. hluti: Upplýsingar um vörusendingu

I.1. Sendandi Nafn Heimilisfang Sími		I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs	I.2.a.
		I.3. Lögbært stjórnvald	
		I.4. Lögbært staðaryfirvald	
I.5. Viðtakandi Heiti Heimilisfang Póstnúmer Sími		I.6. Einstaklingur sem er ábyrgur fyrir farminum í ESB: Heiti Heimilisfang Póstnúmer Sími	
I.7. Upprunaland / ISO-kóði	I.8. Uppruna-svæði / Kóði	I.9. Viðtökuland / ISO-kóði	I.10. Viðtökusvæði / Kóði
I.11. Upprunastaður Heiti: Heimilisfang / Samþykkisnúmer Heiti: Heimilisfang / Samþykkisnúmer Heiti: Heimilisfang / Samþykkisnúmer		I.12 Ákvörðunarstaður Tollvörugeymsla ☐ Heiti / Samþykkisnúmer Heimilisfang Póstnúmer	
I.13. Fermingarstaður		I.14. Brottfarardagur	
I.15. Flutningatæki Flugvél ☐ Skip ☐ Járnbrautarvagn ☐ Ökutæki ☐ Annað ☐ Auðkenning: Tilvísun í skjöl		I.16. Skoðunarstöð á landamærum við komu til ESB I.17.	
I.18. Lýsing á vöru		I.19. Vörunúmer (ST-númer)	I.20. Magn
I.21. Hitastig afurðar Við umhverfishita ☐ Kæld ☐ Fryst ☐			I.22. Fjöldi pakkninga
I.23. Nr. innsiglis/gáms			I.24. Tegund umbúða
I.25. Vörur sem eru vottaðar: Til tæknilegra nota ☐			
I.26. Til umflutnings um ESB til þriðja lands ☐ Þriðja land / ISO-kóði		I.27. Til innflutnings eða inntöku í ESB ☐	

I.28. Auðkenning varanna

Tegund (Vísindaheiti)	Tegund vöru	Samþykkisnúmer starfsstöðva Framleiðslustöð	Fjöldi pakkninga	Eigin þyngd	Númer framleiðslulotu

LAND

Brædd fita, sem ekki er ætluð til manneldis, til notkunar í tilteknum tilgangi utan fóðurferlisins

II. hluti: Vottun

II. UPPLÝSINGAR UM HEILBRIGÐI	II.a Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b

Ég, undirritaður, opinber dýralæknir, lýsi því yfir að ég hef lesið og skilið reglugerð (EB) nr. 1069/2009 ([1a]), einkum 8., 9. og 10. gr. hennar, og reglugerð (ESB) nr. 142/2011 ([1b]), einkum II. kafla XIV. viðauka, og votta að brædda fitan sem lýst er hér að framan:

II.1. samanstendur af bræddri fitu sem ekki er ætluð til manneldis og sem uppfyllir heilbrigðiskröfurnar hér á eftir,

II.2. hefur verið framleidd eingöngu úr eftirfarandi aukaafurðum úr dýrum, sem eru:

II.2.1. ef um er að ræða efni ætlað til framleiðslu á lífdísilolíu, aukaafurðir úr dýrum sem um getur í 8., 9. og 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009,

II.2.2. aukaafurðir úr dýrum, sem um getur í 9. og 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, ef um er að ræða efni ætluð til framleiðslu á endurnýjanlegu eldsneyti sem um getur í J-lið 2. þáttar IV. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1069/2009,

II.2.3. ef um er að ræða efni ætluð til annars:

[(2)] annaðhvort [- aukaafurðir úr dýrum sem innihalda leifar af leyfðum efnum eða aðskotaefnum umfram leyfilegt magn sem um getur í 3. mgr. 15. gr. tilskipunar 96/23/EB,]

[(2)] og/eða [- afurðir úr dýraríkinu sem hafa verið úrskurðaðar óhæfar til manneldis vegna þess að í þeim finnast aðskotahlutir,]

[(2)] og/eða [- dýr og skrokkhlutar dýra, aðrir en sem um getur í 8. og 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, sem drápust á annan hátt en með slátrun eða aflífun til manneldis, þ.m.t. dýr sem voru aflífuð vegna sjúkdómsvarna,]

[(2)] og/eða [- skrokkar og skrokkhlutar sláturdýra eða, ef um er að ræða veiðidýr, skrokkar eða skrokkhlutar dýra sem hafa verið felld, sem eru hæfir til manneldis í samræmi við löggjöf Sambandsins, en eru ekki ætlaðir til manneldis af viðskiptalegum ástæðum,]

[(2)] og/eða [- skrokkar og eftirfarandi skrokkhlutar sem annaðhvort eru af dýrum sem hefur verið slátrað í sláturhúsi og voru talin hæf til manneldis að lokinni skoðun fyrir slátrun eða skrokkar og eftirfarandi skrokkhlutar veiðidýra sem voru felld til manneldis í samræmi við löggjöf Sambandsins:

i. skrokkar og skrokkhlutar dýra, sem var hafnað sem óhæfum til manneldis í samræmi við löggjöf Sambandsins, en sem ekki sýndu nein merki um sjúkdóma sem geta smitast í menn eða dýr,

ii. hausar af alifuglum,

iii. húðir og skinn, þ.m.t. afskurðir og þynnur af þeim, horn og fætur, þ.m.t. kjúkur, framleggir (fótleggir) og bein í hnjám á framfótum og kjúkubein, afturleggir (fótleggir) og hækilbein á afturfótum dýra, annarra en jórturdýra,

iv. svínsburstir,

v. fjaðrir,]

[(2)] og/eða [- blóð dýra, sem ekki sýndu nein merki um sjúkdóm sem getur smitast í menn eða dýr með blóði, fengið úr dýrum, öðrum en jórturdýrum, sem hefur verið slátrað í sláturhúsi og sem voru talin hæf til manneldis að lokinni skoðun fyrir slátrun í samræmi við löggjöf Sambandsins,]

LAND

Brædd fita, sem ekki er ætluð til manneldis, til notkunar í tilteknum tilgangi utan fóðurferlisins

II.	HEILBRIGÐISVOTTUN	II.a Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b

[(2)] og/eða [- aukaafurðir úr dýrum sem falla til við framleiðslu afurða sem eru ætlaðar til manneldis, þ.m.t. fituhreinsuð bein, hamsar og seyra úr skilvindum eða skiljum frá mjólkurvinnslu,]

[(2)] og/eða [- afurðir úr dýraríkinu eða matvæli sem innihalda afurðir úr dýraríkinu, sem eru ekki lengur ætluð til manneldis af viðskiptalegum ástæðum eða vegna vanda sem rekja má til galla við framleiðslu eða pökkun eða annarra galla sem skapa ekki hættu fyrir heilbrigði manna eða dýra,]

[(2)] og/eða [- gæludýrafóður og fóður úr dýraríkinu eða fóður sem inniheldur afurðir úr dýraríkinu eða afleiddar afurðir, sem eru ekki lengur ætlaðar til manneldis af viðskiptalegum ástæðum eða vegna vanda sem rekja má til galla við framleiðslu eða pökkun eða annarra galla sem skapa ekki hættu fyrir heilbrigði manna eða dýra,]

[(2)] og/eða [- blóð, fylgjur, ull, fjaðrir, hár, horn, afskurður af hófum og klaufum og hrámjólk úr lifandi dýrum sem ekki sýndu nein merki um sjúkdóm sem getur borist með viðkomandi afurð í menn eða dýr,]

[(2)] og/eða [- lagardýr og hlutar slíkra dýra, annarra en sjávarspendýra, sem ekki sýndu nein merki um sjúkdóma sem geta smitast í menn eða dýr,]

[(2)] og/eða [- aukaafurðir úr lagardýrum sem koma frá fyrirtækjum eða stöðvum sem framleiða afurðir til manneldis,]

[(2)] og/eða [- eftirfarandi efni úr landdýrum sem sýndu engin merki um sjúkdóm sem getur borist með því efni í menn eða dýr:

i. skeljar af skelfiski með mjúkvefjum eða kjöti,

ii. eftirfarandi efni úr landdýrum:

– aukaafurðir frá útungunarstöðvum,

– egg,

– eggjaafurðir, þ.m.t. eggjaskurn,

iii. dagsgamlir ungar sem eru aflífaðir af viðskiptalegum ástæðum,]

[(2)] og/eða [- vatna- og landhryggleysingjar aðrir en tegundir sem valda sjúkdómum hjá mönnum eða dýrum,]

[(2)] og/eða [- dýr af ættbálkum nagdýra (Rodentia) og nartara (Lagomorpha) og skrokkhlutar þeirra, að undanskildu efni í 1. flokki eins og um getur í iii., iv. og v. lið a-liðar 8. gr. og efni í 2. flokki eins og um getur í a- til g-lið 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009,]

[(2)] og/eða [- húðir og skinn, hófar og klaufir, fjaðrir, ull, horn, hár og loðskinn úr eða af dauðum dýrum, sem sýna engin merki um sjúkdóm sem getur borist með þessum afurðum í menn eða dýr,]

[(2)] og/eða [- fituvefur dýra, sem ekki sýndu nein merki um sjúkdóm sem getur smitast í menn eða dýr með því efni, úr dýrum sem hefur verið slátrað í sláturhúsi og sem voru talin hæf til manneldis að lokinni skoðun fyrir slátrun í samræmi við löggjöf Sambandsins,]

II.2.4. ef um er að ræða efni ætluð til annars en framleiðslu á lífrænum áburði eða jarðvegsbætum eða endurnýjanlegu eldsneyti sem um getur í J-lið 2. þáttar IV. kafla IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011:

[(2)] annaðhvort [- sérstakt áhættuefni eins og það er skilgreint í g-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 999/2001

LAND

Brædd fita, sem ekki er ætluð til manneldis, til notkunar í tilteknum tilgangi utan fóðurferlisins

II.	UPPLÝSINGAR UM HEILBRIGÐI	II.a Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b

[2] og/eða [- heilir skrokkar eða skrokkhlutar dauðra dýra sem innihalda sérstakt áhættuefni eins og það er skilgreint í g-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 999/2001 þegar förgun fór fram,]

[2] og/eða [- aukaafurðir úr dýrum sem fengið hafa ólöglega meðferð, eins og skilgreint er í d-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 96/22/EB eða í b-lið 2. gr. tilskipunar 96/23/EB,]

[2] og/eða [- aukaafurðir úr dýrum sem innihalda leifar af öðrum efnum og aðskotaefnum úr umhverfinu sem tilgreind eru í 3. undirflokki B-flokks í I. viðauka við tilskipun 96/23/EB, ef slíkar efnaleifar fara yfir það magn sem mælt er fyrir um í löggjöf Sambandsins eða, ef hún er ekki fyrir hendi, í löggjöf innflutningsaðildarríkisins,]

II.3. brædda fitan:

a) hefur verið unnin með aðferð ..... sem mælt er fyrir um í III. kafla IV. viðauka við reglugerð (ESB) 142/2011 til að eyða sjúkdómsvöldum,

b) hefur verið merkt fyrir sendingu til Evrópusambandsins með glýseróltríheptanóati þannig að náðist einsleitur styrkleiki sem er að lágmarki 250 mg á hvert kílógramm fitu,

c) óleysanleg óhreinindi umfram 0,15% af þyngd hafa verið fjarlægð ef um er að ræða brædda fitu af jórturdýrum,

d) hefur verið flutt við skilyrði sem koma í veg fyrir að hún mengist og

e) er merkt, á umbúðum eða geymi, með orðunum „EKKI ÆTLAÐ TIL MANNELDIS EÐA SEM DÝRAFÓÐUR“,

II.4. ef um er að ræða efni ætluð til framleiðslu á lífrænum áburði eða jarðvegsbætum eða endurnýjanlegu eldsneyti sem um getur í J-lið 2. þáttar IV. kafla IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011:

[2] annaðhvort [afurðin inniheldur ekki og er ekki fengin úr sérstöku áhættuefni, eins og skilgreint er í V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001[3], eða vélúrbeinuðu kjöti sem fengið er af beinum úr nautgripum, sauðfé eða geitum og að dýrunum, sem þessi afurð er úr, hefur ekki verið slátrað eftir deyfingu með gasi, sem er sprautað inn í kúpuholið, eða þau verið aflífuð með sömu aðferð eða þeim verið slátrað með því að tæta vef miðtaugakerfisins í sundur með ílöngu, staflaga verkfæri, sem er stungið inn í kúpuholið.]

[2] eða [afurðin inniheldur ekki og er ekki fengin úr efni úr nautgripum, sauðfé eða geitum, öðru en því sem fengið er úr dýrum sem voru fædd og síðan alin samfellt frá burði og slátrað í landi eða á landsvæði, sem með ákvörðun, sem er tekin í samræmi við 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 999/2001, er flokkað sem land eða landsvæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg.]

Athugasemdir

I. hluti:

– Reitur I.6: Einstaklingur sem er ábyrgur fyrir sendingunni í ESB: þennan reit á eingöngu að fylla út ef um er að ræða vottorð fyrir umflutningsvöru, það má fylla hann út ef vottorðið er fyrir innflutningsvöru.

– Reitir I.11 og I.12: Samþykkisnúmer: skráningarnúmer fyrirtækisins eða stöðvarinnar, sem lögbært yfirvald hefur gefið út.

– Reitur I.12: Viðtökustaður: þennan reit á eingöngu að fylla út ef um er að ræða vottorð fyrir umflutningsvöru. Afurðir sem eru í umflutningi má eingöngu geyma á frísvæðum, í frígeymslum og í tollvörugeymslum.

– Reitur I.15: Gefa skal upp skráningarnúmer (járnbrautarvagnar eða gámar og vöruflutningabifreiðar), flugnúmer (loftfar) eða heiti (skip), ef til af- og endurfermingar kemur.

– Reitur I.19: nota skal viðeigandi ST-númer: 15.02; 15.03; 15.04; 15.05; 15.06; 15.16.10; 15.17 eða 15.18.

LAND

Brædd fita, sem ekki er ætluð til manneldis, til notkunar í tilteknum tilgangi utan fóðurferlisins

II. UPPLÝSINGAR UM HEILBRIGÐI	II.a Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b

– Reitur I.23: tilgreina skal gámanúmer og innsiglisnúmer (ef við á), ef um er að ræða gáma fyrir efni í lausu.

– Reitur: I.25: tæknileg notkun: öll notkun önnur en til fóðrunar dýra.

– Reitir I.26 og I. 27: fyllið út eftir því hvort um er að ræða umflutnings- eða innflutningsvottorð.

– Reitur I.28: Framleiðslustöð: fyllið út skráningarnúmer stöðvar þar sem meðhöndlun eða vinnsla fór fram.

II. hluti:

([1a]) Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

([1b]) Stjtíð. ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1.

([2]) Strikið yfir það sem á ekki við.

([3]) Stjtíð. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

– Undirskrift og stimpill skulu vera í öðrum lit en prentaður texti.

– Athugasemd til einstaklingsins sem er ábyrgur fyrir sendingunni í ESB: þetta vottorð varðar aðeins heilbrigði dýraafurða og verður að fylgja sendingunni þar til hún kemur í skoðunarstöð á landamærum.

Opinber dýralæknir eða opinber skoðunarmaður

Nafn (með hástöfum): Menntun, hæfi og titill:

Dagsetning: Undirskrift:"

Stimpill:

10) Í III. kafla XVI. viðauka bætist eftirfarandi 11. þáttur við:

„11. þáttur

Opinbert eftirlit sem varðar vatnsrof og förgun í kjölfarið

Lögbært yfirvald skal hafa eftirlit á stöðum þar sem fram fer vatnsrof og förgun í kjölfarið í samræmi við H-lið 2. þáttar IV. kafla IV. viðauka.

Til að stemma megi af það magn vatnsrofins efnis sem er sent þaðan og fargað skal slíkt eftirlit m.a. fela í sér skjalaskoðanir:

a) á magni efna sem eru vatnsrofin á staðnum,

b) hjá fyrirtækjunum eða stöðvunum þar sem vatnsrofnu efnunum er fargað.

Eftirlit skal vera reglubundið og byggjast á áhættumati.

Á fyrstu tólf mánuðum starfseminnar skal fara fram eftirlitsheimsókn á stað, þar sem geymir til vatnsrofs er staðsettur, í hvert skipti sem vatnsrofið efni er tekið úr geyminum.

Að loknum fyrstu tólf mánuðum starfseminnar skal fara fram eftirlitsheimsókn á slíka staði í hvert skipti sem geymir er tæmdur og hann skal skoðaður með tilliti til tæringar og leka í samræmi við j-lið H-liðar 2. þáttar IV. kafla IV. viðauka.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1063/2012 **2015/EES/63/35**

frá 13. nóvember 2012

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 ([1]), einkum d-lið 6. mgr. 21. gr. og b-, d- og f-lið 40. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1069/2009 er mælt fyrir um reglur um heilbrigði dýra og manna vegna aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða í því skyni að koma í veg fyrir og draga sem mest úr áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra af völdum þessara afurða. Ull og hár af dýrum sem sýndu engin merki um sjúkdóma, sem geta smitast með þessari afurð í menn eða dýr, skal tilgreina sem efni í 3. flokki sem um getur í h- og n-lið 10. gr. í þeirri reglugerð.

2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 frá 25. febrúar 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun ([2]) er m.a. mælt fyrir um framkvæmdarreglur varðandi setningu ullar og hárs á markað.

3) Þurr, ómeðhöndluð ull og hár í tryggilega lokuðum umbúðum skapa ekki hættu á að sjúkdómar breiðist út, að því tilskildu að þau séu send beint til stöðvar sem framleiðir afleiddar afurðir til notkunar utan fóðurferlisins eða til stöðvar þar sem fram fer millistigsstarfsemi við skilyrði sem koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdómsvalda. Aðildarríkin skulu því eiga þess kost að undanþiggja rekstraraðila, sem flytja slíka ómeðhöndlaða ull og hár beint til framangreindrar stöðvar, frá þeirri tilkynningaskyldu sem kveðið er á um í a-lið 1. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009. Því ber að breyta 4. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.

4) Í B-lið VII. kafla XIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er kveðið á um endapunkt fyrir ull og hár.

5) Í grein 8.5.35 í heilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigði sstofnunarinnar um landdýr ([3]) er kveðið á um skrá yfir aðgerðir til að óvirkja gin- og klaufaveikiveiruna í ull og hári af jórturdýrum, til notkunar í iðnaði.

6) Því skal bæta alþjóðlega viðurkenndum aðferðum til að óvirkja gin- og klaufaveikiveiruna í ull og hári af jórturdýrum, ætluðu til notkunar í iðnaði, við þá meðhöndlun, sem er sem stendur notuð í tengslum við setningu á markað innan Evrópusambandsins svo og við innflutning á ull og hári frá þriðju löndum, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 142/2011.

7) Aðildarríkin hafa þó möguleika á að samþykkja aðrar aðferðir sem tryggja að óviðunandi áhætta verði ekki áfram til staðar eftir meðhöndlun á ull og hári, þ.m.t. aðferð við þvott í verksmiðju sem er frábrugðin stöðlum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar.

8) Ómeðhöndluð ull og hár af jórturdýrum, ætluð til notkunar í textíliðnaði, skapa ekki óviðunandi áhættu fyrir heilbrigði dýra að því tilskildu að þau komi af jórturdýrum sem eru haldin í löndum eða á svæðum sem eru skráð í 1. hluta II. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2010 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra þaðan sem aðflutningur á tilteknum dýrum og nýju kjöti inn í Evrópusambandið er leyfður og um kröfur vegna heilbrigðisvottorða ([4]) og hafa heimild til að flytja ferskt kjöt af jórturdýrum, sem falla ekki undir viðbótarábyrgðir A og F sem þar eru nefndar, inn í Sambandið.

9) Enn fremur skal þriðja land eða svæði í þriðja landi, þaðan sem ullin og hárið eru upprunnin, vera laust við gin- og klaufaveiki og, ef um er að ræða ull eða hár

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 314, 14.11.2012, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 197/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1.

([3]) http://www.oie.int/index.php?id=169&L=0&htmfile=chapitre_1.8.5.htm

([4]) Stjtíð. ESB L 73, 20.3.2010, bls. 1.

af sauðfé og geitum, laust við fjárbólu og geitabólu í samræmi við almennu grunnviðmiðanirnar sem eru skráðar í II. viðauka við tilskipun ráðsins 2004/68/EBE frá 26. apríl 2004 um reglur um heilbrigði dýra vegna innflutnings og umflutnings tiltekinna hóf- og klaufdýra á fæti í Bandalaginu, breytingu á tilskipunum 90/426/EBE og 92/65/EBE og niðurfellingu á tilskipun 72/462/EBE ([5]).

10) Til að rekstraraðilar hafi yfir að ráða nægilega fjölbreyttum aðferðum og verklagsreglum til að draga úr þeirri áhættu sem stafar af viðskiptum með og innflutningi á ull og hári skal mæla fyrir um viðbótarkröfur að því er varðar setningu ullar og hárs, sem eru flutt inn frá þriðju löndum án takmarkana í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, á markað. Breyta ber 2. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.

11) Fyrir skýrleika sakir skal breyta reglum um innflutning á ómeðhöndlaðri ull og hári, sem mælt er fyrir um í 8. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, til samræmis við það.

12) Svín eru smitnæm fyrir útbreiðslu annarra sjúkdóma en gin- og klaufaveiki, einkum afríkusvínapestar, sem útheimtir sérstaka meðhöndlun á ull og hári sem kemur af svínum. Því skal setning á markað og þar af leiðandi innflutningur á ull og hári af svínum frá þriðju löndum háð sömu skilyrðum og mælt er fyrir um varðandi svínsburstir. Því ber að breyta 2. lið A-liðar í VII. kafla XIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.

13) Viðbótarmeðhöndlun á ull og hári, sem kemur af öðrum dýrum en svínum, sem eru send beint til stöðvar sem framleiðir afleiddar afurðir úr ull og hári fyrir textíliðnaðinn, skal einnig standa rekstraraðilum í aðildarríkjunum til boða. Því ber að bæta við B-lið VII. kafla XIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.

14) Innflutningur á ómeðhöndlaðri ull og hári inn í Sambandið frá tilteknum þriðju löndum eða svæðum í þriðju löndum skal heimilaður að því tilskildu að þau uppfylli nauðsynlegar kröfur og að þeim fylgi yfirlýsing innflytjanda í samræmi við fyrirmyndina í IV. viðauka við þessa reglugerð. Þessa yfirlýsingu skal leggja fram á einni af samþykktum skoðunarstöðvum Sambandsins á landamærum, sem skráð er í I. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/821/EB frá 28. september 2009 um að taka saman skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum, um að mæla fyrir um tilteknar reglur um skoðanir, sem framkvæmdar eru af heilbrigðissérfræðingum Bandalagsins á sviði dýra og dýraafurða og um að mæla fyrir um dýralæknaeiningar í Traces-tölvukerfinu ([6]), þar sem fara skal fram, þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 4. gr. tilskipunar ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum ([7]), sannprófun skjala sem kveðið er á um í 3. mgr. 4. gr. í þeirri tilskipun.

15) Breyta ber reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.

16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÞESSA REGLUGERÐ:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 4. mgr. 20. gr. komi eftirfarandi:

„4. Lögbæra yfirvaldið getur undanþegið eftirfarandi rekstraraðila frá tilkynningaskyldunni sem um getur í a-lið 1. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009:

a) rekstraraðila sem meðhöndla eða framleiða veiðiminjagripi eða annan tilbúning sem um getur í VI. kafla XIII. viðauka við þessa reglugerð, fyrir einkaaðila eða í öðrum tilgangi en til viðskipta,

b) rekstraraðila sem meðhöndla eða farga rannsóknar- og greiningarsýnum sem notuð eru í menntunarskyni,

c) rekstraraðila sem flytja þurra, ómeðhöndlaða ull og hár, að því tilskildu að þau séu í tryggilega lokuðum umbúðum og send beint til stöðvar sem framleiðir afleiddar afurðir til notkunar utan fóðurferlisins eða til stöðvar þar sem fram fer millistigsstarfsemi við skilyrði sem koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdómsvalda.“

2) Í stað 2. mgr. 25. gr. komi eftirfarandi:

„2. Engin dýraheilbrigðisskilyrði skulu gilda um innflutning til Sambandsins og umflutning gegnum það á eftirfarandi afurðum:

a) ull og hári sem hafa verið þvegin í verksmiðju eða sem hafa verið meðhöndluð með annarri aðferð sem tryggir að engin óásættanleg áhætta verði áfram til staðar,

b) loðskinnum sem hafa verið þurrkuð við 18 °C umhverfishita og 55% rakastig í a.m.k. tvo daga,

c) ull og hári, sem koma af öðrum dýrum en svínum, sem hafa verið meðhöndluð með þvotti í verksmiðju sem felst í ídýfingu ullarinnar og hársins í röð baða af vatni, sápu og natríumhýdroxíði eða kalíumhýdroxíði,

d) ull og hári, sem koma af öðrum dýrum en svínum, sem eru send beint til stöðvar sem framleiðir afleiddar afurðir úr ull og hári fyrir textíliðnaðinn og hafa verið meðhöndluð með a.m.k. einni af eftirfarandi aðferðum:

([5]) Stjtíð. ESB L 226, 25.6.2004, bls. 128.
([6]) Stjtíð. ESB L 296, 12.11.2009, bls. 1.
([7]) Stjtíð. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9.

– efnafræðilegri afhárun með leskjuðu kalki eða natríumsúlfíði,

– svælingu í formaldehýði í loftþéttum klefa í a.m.k. sólarhring,

– iðnaðarhreinsun (e. *industrial scouring*) sem felur í sér að ullinni og hárinu er dýft í vatnsleysanlegt þvotta- og hreinsiefni sem er haldið við 60–70 °C hitastig,

– geymslu, þar sem telja má ferðatímann með, við 37 °C í átta daga, 18 °C í 28 daga eða 4 °C í 120 daga,

e) ull og hári, sem eru þurr og í tryggilega lokuðum umbúðum, sem koma af öðrum dýrum en svínum og eru ætluð til sendingar til stöðvar sem framleiðir afleiddar afurðir úr ull og hári fyrir textíliðnaðinn og uppfylla allar eftirfarandi kröfur:

i. þau voru framleidd a.m.k. 21. degi fyrir komu inn í Sambandið og geymd í þriðja landi eða á svæði í þriðja landi sem er

– skráð í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 og hefur heimild til að flytja ferskt kjöt af jórturdýrum, sem falla ekki undir viðbótarábyrgðir A og F sem þar eru nefndar, inn í Sambandið,

– laust við gin- og klaufaveiki og, ef um er að ræða ull og hár af sauðfé og geitum, laust við

fjárbólu og geitabólu í samræmi við almennu grunnviðmiðanirnar sem eru skráðar í II. viðauka við tilskipun 2004/68/EB,

ii. þeim fylgir yfirlýsing innflytjanda eins og krafist er í samræmi við 21. kafla XV. viðauka,

iii. rekstraraðilinn framvísaði þeim á einni af samþykktum skoðunarstöðvum Sambandsins á landamærum, sem eru skráðar í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB, þar sem þau stóðust, með fullnægjandi árangri, sannprófun skjala sem fór fram í samræmi við 3. mgr. 4. gr. tilskipunar 97/78/EB.“

3) Í stað 31. og 32. liðar I. viðauka komi texti I. viðauka við þessa reglugerð.

4) Ákvæðum 2. liðar A-liðar og B-liðar í VII. kafla XIII. viðauka skal breytt í samræmi við textann í II. viðauka við þessa reglugerð.

5) Í stað 8. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka komi textinn í III. viðauka við þessa reglugerð.

6) Texti IV. viðauka við þessa reglugerð bætist við XV. viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. nóvember 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

I. VIÐAUKI

Í stað 31. og 32. liðar I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 komi eftirfarandi:

„31. „**ómeðhöndluð ull**“: ull, önnur en ull sem hefur:

a) verið þvegin í verksmiðju,

b) fallið til við sútun,

c) verið meðhöndluð með annarri aðferð sem tryggir að engin óviðunandi áhætta verði áfram til staðar,

d) komið af öðrum dýrum en svínum og verið meðhöndluð með þvotti í verksmiðju sem felst í íðýfingu ullarinnar í röð baða af vatni, sápu og natríumhýdroxíði eða kalíumhýdroxíði eða

e) komið af öðrum dýrum en svínum, sem er ætluð til sendingar beint til stöðvar sem framleiðir afleiddar afurðir úr ull fyrir textíliðnaðinn og hefur verið meðhöndluð með a.m.k. einni af eftirfarandi aðferðum:

i. efnafræðilegri afhárun með leskjuðu kalki eða natríumsúlfíði,

ii. svælingu í formaldehýði í loftþéttum klefa í a.m.k. sólarhring,

iii. iðnaðarhreinsun sem felur í sér að ullinni er dýft í vatnsleysanlegt þvotta- og hreinsiefni sem er haldið við 60–70 °C hitastig,

iv. geymslu, þar sem telja má ferðatímann með, við 37 °C í átta daga, 18 °C í 28 daga eða 4 °C í 120 daga,

32. „**ómeðhöndlað hár**“: hár, annað en hár sem hefur:

a) verið þvegið í verksmiðju,

b) fallið til við sútun,

c) verið meðhöndlað með annarri aðferð sem tryggir að engin óviðunandi áhætta verði áfram til staðar,

d) komið af öðrum dýrum en svínum og verið meðhöndlað með þvotti í verksmiðju sem felst í íðýfingu hársins í röð baða af vatni, sápu og natríumhýdroxíði eða kalíumhýdroxíði,

e) komið af öðrum dýrum en svínum, sem er ætlað til sendingar beint til stöðvar sem framleiðir afleiddar afurðir úr hári fyrir textíliðnaðinn og hefur verið meðhöndlað með a.m.k. einni af eftirfarandi aðferðum:

i. efnafræðilegri afhárun með leskjuðu kalki eða natríumsúlfíði,

ii. svælingu í formaldehýði í loftþéttum klefa í a.m.k. sólarhring,

iii. iðnaðarhreinsun sem felur í sér að hárinu er dýft í vatnsleysanlegt þvotta- og hreinsiefni sem er haldið við 60–70 °C hitastig,

iv. geymslu, þar sem telja má ferðatímann með, við 37 °C í átta daga, 18 °C í 28 daga eða 4 °C í 120 daga.“

———

II. VIÐAUKI

Ákvæðum VII. kafla XIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í stað inngangsorða 2. liðar A-liðar komi eftirfarandi:

„2. Flutningur á svínsburstum og ull og hári af svínum af svæðum þar sem afríkusvínapest er landlæg skal bannaður nema um sé að ræða svínsburstir og ull og hár af svínum sem hafa verið:“

2) Eftirfarandi liður bætist við B-lið:

„Heimilt er að setja ull og hár, sem koma af öðrum dýrum en svínum, á markað án takmarkana í samræmi við þessa reglugerð, að því tilskildu:

a) að þau hafi verið þvegin í verksmiðju, sem felur í sér að ullinni og hárinu er dýft í röð baða af vatni, sápu og natríumhýdroxíði eða kalíumhýdroxíði, eða

b) að þau séu send beint til stöðvar sem framleiðir afleiddar afurðir úr ull eða hári fyrir textíliðnaðinn og ullin eða hárið hafi verið meðhöndlað með a.m.k. einni af eftirfarandi aðferðum:

i. efnafræðilegri afhárun með leskjuðu kalki eða natríumsúlfíði,

ii. svælingu í formaldehýði í loftþéttum klefa í a.m.k. sólarhring,

iii. iðnaðarhreinsun sem felur í sér að ullinni og hárinu er dýft í vatnsleysanlegt þvotta- og hreinsiefni sem er haldið við 60–70 °C hitastig,

iv. geymslu, þar sem telja má ferðatímann með, við 37 °C í átta daga, 18 °C í 28 daga eða 4 °C í 120 daga.“

———

III. VIÐAUKI

Í stað 8. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 komi eftirfarandi:

„8	Ómeðhöndluð ull og hár sem koma af öðrum dýrum en svínum	Efni í 3. flokki sem um getur í h- og n-lið 10. gr.	1) Þurra, ómeðhöndlaða ullin og hárið skulu vera a) í tryggilega lokuðum umbúðum og b) send beint til stöðvar sem framleiðir afleiddar afurðir til notkunar utan fóðurferlisins eða til stöðvar þar sem fram fer millistigsstarfsemi við skilyrði sem koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdómsvalda.	1) Öll þriðju lönd.	1) Ekki er gerð krafa um dýraheilbrigðisvottorð vegna innflutnings á ómeðhöndlaðri ull og hári.
			2) Ullin og hárið eru ull og hár sem um getur í e-lið 2. mgr. 25. gr.	2) Þriðja land eða svæði í þriðja landi a) sem er skráð í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 og hefur heimild til að flytja ferskt kjöt af jórturdýrum, sem falla ekki undir viðbótarábyrgðir A og F sem þar eru nefndar, inn í Sambandið og b) sem er laust við gin- og klaufaveiki og, ef um er að ræða ull og hár af sauðfé og geitum, laust við sauðabólu og geitabólu í samræmi við II. viðauka við tilskipun ráðsins 2004/68/EB.	2) Gerð er krafa um yfirlýsingu innflytjanda í samræmi við 21. kafla XV. viðauka“

IV. VIÐAUKI

Eftirfarandi 21. kafli bætist við XV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011:

„21. KAFLI

Fyrirmynd að yfirlýsingu

Yfirlýsing innflytjanda á ómeðhöndlaðri ull og hári, sem um getur í e-lið 2. mgr. 25. gr., vegna innflutnings inn í Evrópusambandið

LAND

I. hluti Upplýsingar um vörusendingu

I.1. Sendandi Heiti Heimilisfang Símanr.			I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs	I.2.a.
			I.3. Lögbært stjórnvald	
			I.4. Lögbært staðaryfirvald	
I.5. Viðtakandi Heiti Heimilisfang Land Símanr.			I.6. Einstaklingur sem er ábyrgur fyrir farminum í ESB Nafn Heimilisfang Póstnúmer Símanr.	
I.7. Upprunaland ISO-kóði	I.8. Uppruna-svæði Kóði		I.9. Viðtökuland ISO-kóði	I.10. Viðtökusvæði Kóði
I.11. Upprunastaður Heiti Heimilisfang Land	Samþykkisnúmer		I.12. Ákvörðunarstaður Heiti Heimilisfang Póstnúmer/svæði	Samþykkisnúmer
I.13. Fermingarstaður Heimilisfang			I.14. Brottfarardagur	
I.15. Flutningatæki Flugvél ☐ Skip ☐ Járnbrautarvagn☐ Ökutæki ☐ Annað ☐ Auðkenning Skjal:			I.16. Skoðunarstöð á landamærum við innflutning inn í ESB Heiti Eining nr.	
			I.17. CITES-Nr.	
I.18. Lýsing á vöru				I.19. Vörunúmer (ST-númer)
				I.20. Magn
I.21. Hitastig afurða Stofuhiti ☐				I.22. Fjöldi pakkninga
I.23. Nr. innsiglis/umbúða				I.24. Tegund umbúða
I.25. Vörur sem eru vottaðar: Til frekari vinnslu ☐				
I.26. Umflutningur um ESB til þriðja lands: Þriðja land ISO-kóði			I.27. Til innflutnings eða inntöku í ESB ☐	
I.28. Auðkenning vörunnar Tegund vöru				Eigin þyngd (kg)

LAND:

Ull og hár sem um getur í e-lið 2. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 142/2011

II. hluti: Vottun

II. Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

YFIRLÝSING

Ég undirrituð/undirritaður lýsi því yfir að ómeðhöndlaða ullin ([1]) og/eða hárið ([1]) kemur af öðrum dýrum en svínum:

a) a.m.k. 21 degi fyrir komudag inn í Sambandið,

b) í þriðja landi eða svæði í þriðja landi sem skráð er í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 og hefur heimild til að flytja ferskt kjöt af jórturdýrum, sem falla ekki undir viðbótarábyrgðir A og F sem þar eru nefndar, inn í Sambandið og

c) af dýrum sem eru haldin í þriðja landi eða á svæði í þriðja landi, sem um getur í b-lið, sem er laust við gin- og klaufaveiki og, ef um er að ræða ull og hár af sauðfé og geitum, laust við fjárbólu og geitabólu í samræmi við almennu grunnviðmiðanirnar sem eru skráðar í II. viðauka við tilskipun 2004/68/EB.

Athugasemdir

Þessi yfirlýsing varðar aðeins heilbrigði dýraafurða og verður að fylgja sendingunni þar til hún kemur í skoðunarstöð á landamærum og verður að vera á a.m.k. einu opinberu tungumáli þess aðildarríkis þar sem sendingin kemur fyrst inn í Sambandið og a.m.k. á einu opinberu tungumáli viðtökuaðildarríkisins.

I. hluti

— Reitur I.11 & I.12: Samþykkisnúmer: skráningarnúmer fyrirtækisins eða stöðvarinnar, sem lögbært yfirvald hefur gefið út.

— Reitur I.19: Nota skal viðeigandi samræmt flokkunarkerfi (ST-númer) Alþjóðatollastofnunarinnar fyrir eftirfarandi liði: 5101 eða 5102

— Reitur I.20: Magn: tilgreina skal samanlagða heildarþyngd og eigin þyngd í kg

— Reitur I.28: Tegund vöru: Tilgreinið ull og hár

II. hluti:

([1]) Strikið yfir það sem á ekki við.

([2]) Undirskrift skal vera í öðrum lit en prentaði textinn.

Innflytjandi

Nafn (með hástöfum): Heimilisfang

Dagsetning: Undirskrift.“

Staður:

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 555/2013 2015/EES/63/36

frá 14. júní 2013

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar umflutning á tilteknum aukaafurðum úr dýrum frá Bosníu og Hersegóvínu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (reglugerð um aukaafurðir úr dýrum) ([1]), einkum annarri undirgrein 3. mgr. 41. gr. og a-lið 2. mgr. 42. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 frá 25. febrúar 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun ([2]) er mælt fyrir um framkvæmdarráðstafanir varðandi heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis.

2) Nauðsynlegt er að mæla fyrir um sértæk skilyrði fyrir umflutningi um Sambandið á sendingum af aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum til þriðju landa frá Bosníu og Hersegóvínu, vegna landfræðilegrar staðsetningar og þeirri nauðsyn að viðhalda aðgengi að króatísku höfninni í Ploče eftir inngöngu Króatíu í Sambandið.

3) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/821/EB ([3]) er tekin saman skrá yfir samþykktar skoðunarstöðvar á landamærum og mælt fyrir um tilteknar reglur um skoðanir, sem heilbrigðissérfræðingar framkvæmdastjórnarinnar á sviði dýra og dýraafurða framkvæma, og mælt fyrir um dýralæknaeiningar í Traces-kerfinu. Þar eð fyrirkomulag varðandi umflutning um Sambandið á sendingum af þeim aukaafurðum úr dýrum sem um er að ræða til þriðju landa frá Bosníu og Hersegóvínu getur einungis verið skilvirkt með aðgengi um króatísku skoðunarstöðvarnar á landamærunum við Nova Sela og Ploče er nauðsynlegt að bæta þeim skoðunarstöðvum á landamærum í skrána sem sett er fram í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB, um leið og tæknileg skilyrði fyrir samþykki fyrir þeim eru uppfyllt.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi 29 gr. a er felld inn í reglugerð (ESB) nr. 142/2011:

„29. gr. a

Sértækar kröfur sem varða umflutning á aukaafurðum úr dýrum, sem koma frá Bosníu og Hersegóvínu og eiga að fara til þriðju landa, um Króatíu

1. Flutningur á sendingum af aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum, sem koma frá Bosníu og Hersegóvínu og eiga að fara til þriðju landa gegnum Sambandið, um vegi, beint á milli skoðunarstöðvarinnar á landamærum við Nova Sela og skoðunarstöðvarinnar á landamærum við Ploče skal leyfður að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) opinber dýralæknir innsiglaði sendinguna með innsigli með raðnúmeri á skoðunarstöðinni á landamærum þar sem sendingin kom inn í landið,

b) opinber dýralæknir á skoðunarstöð á landamærum þar sem sendingin kom inn í landið stimplaði á hverja síðu skjalanna, sem fylgja sendingunni og um getur í 7. gr. tilskipunar 97/78/EB, orðin „EINGÖNGU TIL UMFLUTNINGS GEGNUM ESB TIL ÞRIÐJU LANDA“,

c) kröfurnar um málsmeðferð, sem kveðið er á um í 11. gr. tilskipunar 97/78/EB, eru uppfylltar,

d) opinber dýralæknir á skoðunarstöð á landamærum þar sem sendingin kemur inn í landið vottar sendinguna sem viðunandi til umflutnings á samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalinu fyrir dýr og dýraafurðir sem um getur í 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 136/2004.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 164, 18.6.2013, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 197/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 296, 12.11.2009, bls. 1.

2. Afferming eða geymsla slíkra sendinga, eins og hún er skilgreind í 4. mgr. 12. gr. eða í 13. gr. tilskipunar 97/78/EB, í Sambandinu skal ekki leyfð.

3. Lögbært yfirvald skal annast reglulega úttekt til að tryggja að fjöldi sendinga og magn afurða sem er flutt frá Sambandinu samsvari þeim fjölda og því magni sem kemur inn í Sambandið.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi með fyrirvara um aðildarsáttmála Króatíu og á gildistökudegi hans.

Hún skal gilda frá þeim degi þegar breytingarnar á ákvörðun 2009/821/EB koma til framkvæmda, sem fela í sér að færslunum fyrir Nova Sela og Ploče verði bætt við í I. viðauka.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. júní 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 592/2014 2015/EES/63/37

frá 3. júní 2014

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar notkun aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða sem eldsneyti í brennsluverum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (reglugerð um aukaafurðir úr dýrum)([1]), einkum 15. gr. (d-liður 1. mgr., e-liður 1. mgr. og önnur undirgrein 1. mgr.), 27. gr. (h- liður 1. mgr. og i-liður 1. mgr.), 27. gr. (önnur undirgrein) og 45. gr. (önnur undirgrein 4. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1069/2009 er mælt fyrir um reglur um heilbrigði manna og dýra sem varða aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir í því skyni að koma í veg fyrir og draga sem mest úr áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra af völdum þessara afurða. Þar eru þessar afurðir flokkaðar í tiltekna flokka sem endurspegla stig slíkrar áhættu og kveðið er á um kröfur um örugga notkun og förgun þeirra.

2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011([2]) er mælt fyrir um framkvæmdarreglur fyrir reglugerð (EB) nr. 1069/2009, þ.m.t. reglur um notkun og förgun húsdýraáburðar.

3) Framleiðsla alifuglaáburðar er órjúfanlegur þáttur í undaneldi og ræktun alifugla á býlum og hægt er að nota hann á staðnum án frekari meðhöndlunar, sem eldsneyti til brennslu, að því tilskildu að viðeigandi kröfur um umhverfis- og heilsuvernd séu uppfylltar og að tiltekna notkunin hafi ekki skaðleg áhrif á umhverfið eða heilbrigði manna.

4) Í brennsluverum, sem nota alifuglaáburð sem eldsneyti, skal gera nauðsynlegar hreinlætisráðstafanir til að koma í veg fyrir dreifingu hugsanlegra sjúkdómsvalda. Þær ráðstafanir þurfa einnig að ná yfir meðhöndlun skólps frá geymslustöðum fyrir alifuglaáburð.

5) Efnaleifar frá brennslu alifuglaáburðar, fyrst og fremst aska, eru auðugar af steinefnum, sem hægt er að nýta í framleiðslu jarðefnaáburðar, og framkvæmdastjórnin er sem stendur að þróa löggjöf Sambandsins varðandi slíkar leifar. Því er rétt að kveða á um þann möguleika að nýta efnaleifar frá brennslu frekar en að farga þeim sem úrgangi.

6) Á þessu stigi hefur framkvæmdastjórnin eingöngu fengið tæmandi upplýsingar þess efnis að tækni hafi verið þróuð til að nýta alifuglaáburð sem eldsneyti til brennslu á býlum án þess að það hafi skaðleg áhrif á umhverfið eða heilbrigði manna. Ef framkvæmdastjórnin fær gögn þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að hægt verði að nota húsdýraáburð úr öðrum tegundum sem eldsneyti til brennslu meðan jafngilt stig umhverfis- og heilsuverndar sé tryggt er hægt að endurskoða viðkomandi ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.

7) Til að tryggja að frekari notkun alifuglaáburðar sem eldsneyti í brennsluverum sé lögmæt ætti að mæla fyrir um viðbótarkröfur um umhverfis- og heilsuvernd vegna þessarar tilteknu notkunar til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á umhverfið eða heilbrigði manna.

8) Samræmdar kröfur sem fjalla á heildrænan hátt um eftirlit með áhættum fyrir heilbrigði manna og dýra og fyrir umhverfið, sem stafa af notkun húsdýraáburðar sem eldsneyti í brennsluverum á býlum, myndu einnig greiða fyrir þróun tækni fyrir brennsluver sem nota alifuglaáburð á býlum sem sjálfbæra eldsneytisuppsprettu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 165, 4.6.2014, bls. 33. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 197/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, birður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 frá 25. febrúar 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun (Stjtíð ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1)

9) Því þykir heppilegt að breyta 6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 142/2011 til að koma á viðbótarkröfum varðandi notkun aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða sem eldsneyti í brennsluverum.

10) Lögbært yfirvald ætti að sannprófa eða láta sannprófa fyrir sína hönd að rekstraraðilar uppfylli tiltekna umhverfisstaðla sem um getur í þessari reglugerð.

11) Vinnslustaðlar, eins og þeim er lýst í F-lið 2. þáttar IV. kafla IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 fyrir hitakatla, hafa verið samþykktir sem staðgönguaðferð í samræmi við 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009. Þessum stöðlum er einnig hægt að beita, með nauðsynlegum breytingum, um brennslu á dýrafitu sem eldsneyti í kyrrstæðum brunahreyflum.

12) Því ætti að breyta III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.

13) Vegna beitingar þessarar reglugerðar er nauðsynlegt að innleiða kröfur um opinbert eftirlit varðandi brennslu á dýrafitu og alifuglaáburði sem eldsneyti. Því ætti að breyta XVI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.

14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 6. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnar 6. gr. komi eftirfarandi:

„6. gr.

Förgun með brennslu, förgun eða endurnýting með sambrennslu og notkun sem eldsneyti til brennslu“

b) Eftirfarandi málsgreinar bætist við:

„6. Rekstraraðilar skulu tryggja að brennsluver, önnur en þau sem um getur í 2. þætti IV. kafla IV. viðauka, sem eru undir þeirra stjórn, þar sem aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir eru notaðar sem eldsneyti, uppfylli almenn skilyrði og sértækar kröfur sem sett eru fram í IV. og V. kafla III. viðauka, eftir því sem við á, og lögbært yfirvald samþykkir í samræmi við d-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009.

7. Lögbært yfirvald skal einungis samþykkja brennsluverin, sem um getur í 6. mgr., til notkunar á aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum sem eldsneyti til brennslu, að því tilskildu:

a) að brennsluverin falli undir gildissvið V. kafla III. viðauka við reglugerðina,

b) að brennsluverin uppfylli öll almenn skilyrði og sértækar kröfur sem sett eru fram í IV. og V. kafla III. viðauka við reglugerðina,

c) að stjórnsýslumeðferð sé til staðar til að tryggja að kröfur varðandi samþykki fyrir brennsluverum séu athugaðar árlega.

8. Að því er varðar notkun alifuglaáburðar sem eldsneyti til brennslu, eins og sett er fram í V. kafla III. viðauka, skulu eftirfarandi reglur gilda til viðbótar þeim sem um getur í 7. mgr. þessarar greinar:

a) umsókn um samþykki, sem rekstraraðili leggur fyrir lögbært yfirvald í samræmi við d-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, verður að innihalda gögn sem lögbært yfirvald eða fagfélag, sem hefur fengið leyfi frá lögbærum yfirvöldum aðildarríkisins, staðfestir um að brennsluverið, þar sem alifuglaáburðurinn er notaður sem eldsneyti, uppfylli viðmiðunarmörk fyrir losun og kröfur um vöktun sem settar eru fram í 4. lið B-þáttar V. kafla III. viðauka við reglugerðina,

b) málsmeðferð vegna samþykkis, sem kveðið er á um í 44. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, skal ekki lokið fyrr en lögbært yfirvald eða fagfélag, sem hefur fengið leyfi frá því yfirvaldi, hefur framkvæmt a.m.k. tvær skoðanir í röð, þar af aðra án fyrirvara, á fyrstu sex mánuðunum sem brennsluverið er starfrækt, þ.m.t. nauðsynlegar mælingar á hitastigi og losun. Eftir að niðurstöður úr þessum skoðunum hafa sýnt að farið er eftir þáttunum sem settir eru fram í 4. lið B-þáttar V. kafla III. viðauka við reglugerðina má veita fullt samþykki.“

2) Ákvæðum III. og XVI. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Aðildarríki mega leyfa starfrækslu brennsluvera, sem nota brædda fitu eða alifuglaáburð sem eldsneyti, sem hafa verið samþykkt samkvæmt landslöggjöf, á tveggja ára umbreytingartímabili eftir dagsetninguna sem um getur í fyrstu undirgrein 3. gr.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 15. júlí 2014.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. júní 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum III. og XVI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum III. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnar III. viðauka komi eftirfarandi:

„III. VIÐAUKI

FÖRGUN, ENDURNÝTING OG NOTKUN SEM ELDSNEYTI“

b) Eftirfarandi IV. og V. kafli bætist við:

„IV. KAFLI

ALMENNAR KRÖFUR SEM VARÐA NOTKUN AUKAAFURÐA ÚR DÝRUM OG AFLEIDDRA AFURÐA SEM ELDSNEYTI

1. þáttur.

Almennar kröfur varðandi brennslu aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða sem eldsneyti

1. Rekstraraðilar brennsluvera, sem um getur í 6. mgr. 6. gr., skulu sjá til þess að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt í brennsluverum undir þeirra stjórn:

a) Aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir, sem eru ætlaðar til notkunar sem eldsneyti, skal nýta í þeim tilgangi eins fljótt og auðið er eða geyma með öruggum hætti fram að notkun.

b) Í brennsluverum skal gera viðeigandi ráðstafanir til að að tryggja að hreinsun og sótthreinsun íláta og ökutækja sé framkvæmd á tilteknu svæði á þeirra athafnasvæði þaðan sem unnt er að safna skólpi og farga því í samræmi við löggjöf Sambandsins, til að forðast áhættu á mengun umhverfis.

Þrátt fyrir kröfurnar sem settar eru fram í fyrstu undirgrein má hreinsa og sótthreinsa ílát og ökutæki, sem eru notuð til að flytja brædda fitu, á lestunarstöð eða á annarri stöð sem er samþykkt eða skráð samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1069/2009.

c) Brennsluverin skulu vera staðsett á hörðu yfirborði með góðu afrennsli.

d) Í brennsluverunum skal gera viðeigandi ráðstafanir til varnar gegn skaðvöldum. Nota skal skjalfesta áætlun um meindýravarnir í þessum tilgangi.

e) Starfsfólk skal hafa aðgang að viðunandi aðstöðu til hreinlætisnota, s.s. salernum, búningsklefum og handlaugum, ef slíkt er nauðsynlegt til að koma í veg fyrir áhættu á mengun búnaðar til meðhöndlunar á alidýrum eða fóðri þeirra.

f) Fastsetja og skjalfesta skal þær aðferðir sem er beitt við hreinsun og sótthreinsun allra hluta brennsluversins. Séð skal fyrir fullnægjandi búnaði og hreinsiefnum til notkunar við hreinsun.

g) Eftirlit með hollustuháttum skal m.a. felast í reglulegri skoðun umhverfis og búnaðar. Skoðunaráætlanir skulu vera skjalfestar og niðurstöður úr skoðunum skulu skráðar og varðveittar í a.m.k. tvö ár.

h) Ef brædd fita er notuð sem eldsneyti til brennslu í kyrrstæðum brunahreyflum, sem eru staðsettir í samþykktum eða skráðum matvæla- eða fóðurvinnslustöðvum, skal vinnsla matvæla eða fóðurs á sama svæði fara fram við ströng skilyrði um aðskilnað.

2. Rekstraraðilar brennsluvera skulu gera allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir þegar tekið er við aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum til að koma í veg fyrir, eða takmarka að því marki sem raunhæft er, að af hljótist áhætta fyrir heilbrigði manna eða dýra eða umhverfið.

3. Dýr skulu hvorki hafa aðgang að brennsluverinu, aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum, sem bíða brennslu, né heldur ösku sem verður til við brennslu.

4. Ef brennsluverið er staðsett á bújörð þar sem haldin eru dýr af tegundum sem gefa af sér afurðir til manneldis:

   a) skal vera alger efnislegur aðskilnaður á milli brennslubúnaðarins og dýranna, þ.m.t. fóðurs þeirra og undirburðar,

   b) skal búnaður notaður eingöngu við starfrækslu brennsluversins og ekki notaður annars staðar á bújörðinni nema hann hafi verið þrifinn og sótthreinsaður á skilvirkan hátt fyrir slíka notkun,

   c) skal starfsfólk brennsluversins skipta um ytri fatnað og skófatnað og gera hreinlætisráðstafanir áður en það fer höndum um dýr á þessari eða annarri bújörð eða fóður þeirra eða undirburðarefni.

5. Geyma skal aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir, sem bíða brennslu sem eldsneyti, og efnaleifar frá brennslu á lokuðu og skýldu, til þess gerðu svæði eða í lokuðum og lekaþéttum ílátum.

6. Brennsla aukaafurða úr dýrum eða afleiddra afurða skal framkvæmd við skilyrði sem koma í veg fyrir víxlmengun í dýrafóðri.

2. þáttur.

Rekstrarskilyrði brennsluvera

1. Brennsluver skulu vera hönnuð, byggð, búin og starfrækt þannig að aukaafurðirnar úr dýrum og afleiddu afurðirnar séu, jafnvel við óhagstæðustu skilyrði, meðhöndlaðar í a.m.k. 2 sekúndur við 850 °C eða í a.m.k. 0,2 sekúndur við 1100 °C.

2. Lofttegundir, sem myndast við vinnsluna, skulu hitaðar á stýrðan og einsleitan hátt upp í 850 °C í 2 sekúndur eða upp í 1100 °C í 0,2 sekúndur.

   Hitastigið skal mælt nálægt innri vegg brúnahólfsins eða öðrum dæmigerðum punkti þess, með leyfi frá lögbæru yfirvaldi.

3. Nota skal sjálfvirkar aðferðir til að vakta vinnslubreytur og skilyrði sem skipta máli í brennsluferlinu.

4. Niðurstöður úr hitamælingum skulu skráðar sjálfvirkt og settar fram á viðeigandi hátt til að gera lögbæru yfirvaldi kleift að sannprófa, í samræmi við þá málsmeðferð sem yfirvaldið ákveður, hvort þau skilyrði sem varða leyfileg rekstrarskilyrði og sem um getur í liðum 1 og 2, séu virt.

5. Rekstraraðili brennsluvers skal tryggja að eldsneytið sé brennt á þann hátt að heildarmagn lífræns kolefnis í gjalli og botnösku sé minna en 3% eða að glæðitapið sé minna en 5% af þurrvigt efnisins.

3. þáttur.

Efnaleifar frá brennslu

1. Lágmarka skal magn og skaðsemi efnaleifa frá brennslu. Slíkar efnaleifar skulu endurheimtar eða, ef það á ekki við, þeim fargað eða þær notaðar í samræmi við viðeigandi löggjöf Sambandsins.

2. Flutningur og millistigsgeymsla þurra efnaleifa, þ.m.t. ryks, skal fara fram í lokuðum ílátum eða á annan hátt sem kemur í veg fyrir að þær dreifist út í umhverfið.

4. þáttur.

Bilun eða óeðlileg rekstrarskilyrði

1. Búnaður brennsluversins skal vera þannig úr garði gerður að starfsemi stöðvast sjálfvirkt ef um bilun er að ræða eða óeðlileg rekstrarskilyrði þar til eðlileg starfsemi getur hafist á ný.

2. Aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir, sem ekki eru fullbrenndar, skal brenna aftur eða farga þeim með aðferðum sem um getur í 12., 13. og 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, öðrum en förgun á viðurkenndum urðunarstað.

V. KAFLI

TEGUNDIR STÖÐVA OG ELDSNEYTIS SEM NOTA MÁ TIL BRENNSLU OG SÉRTÆKAR KRÖFUR SEM VARÐA TILTEKNAR TEGUNDIR STÖÐVA

A. Kyrrstæðir brunahreyflar

1. Upphafsefni:

Nota má þetta vinnsluferli fyrir fituhluta úr öllum flokkum aukaafurða úr dýrum að því tilskildu að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:

a) að undanteknu fisklýsi eða bræddri fitu sem er framleidd í samræmi við VIII. eða XII. þátt III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, í þeirri röð, skal fyrst vinna fituhluta úr aukaafurðum úr dýrum með:

i. einhverri af vinnsluaðferðum 1 til 5, sem settar eru fram í III. kafla IV. viðauka, ef um er að ræða fituhluta úr efnum í flokki 1 og 2.

Ef fitan er flutt í lokuðu færibandskerfi, sem ekki er hægt að sniðganga, og að því tilskildu að lögbært yfirvald hafi heimilað slíkt kerfi: frá vinnslustöðinni til beinnar og tafarlausrar brennslu skal ekki krefjast óafmáanlegrar merkingar með glýseróltríheptanóati, sem um getur í 1. lið V. kafla VIII. viðauka,

ii. einhverri af vinnsluaðferðum 1 til 5 eða vinnsluaðferð 7, sem settar eru fram í III. kafla IV. viðauka, ef um er að ræða fituhluta úr efnum í flokki 3,

iii. einhverri af vinnsluaðferðum 1 til 7, sem settar eru fram í III. kafla IV. viðauka, ef um er að ræða efni úr fiski.

b) Fituhlutinn skal aðskilinn frá prótíninu og ef um er að ræða fitu úr jórturdýrum sem brenna á í annarri stöð skal einnig fjarlægja óleysanleg óhreinindi umfram 0,15% af þyngdinni.

2. Aðferðir:

Brennsla dýrafitu sem eldsneyti í kyrrstæðum brunahreyfli skal fara fram á eftirfarandi hátt:

a) Fituhluta, sem um getur í a- og b-lið 1. liðar, skal brenna:

i. við skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1. lið 2. þáttar IV. kafla, eða

ii. með því að nota vinnslubreytur sem leiða til jafngildrar niðurstöðu og skilyrðin undir i. lið og sem eru samþykktar af lögbæru yfirvaldi.

b) Brennsla efna úr dýraríkinu, annarra en dýrafitu, er óheimil.

c) Dýrafita úr flokki 1 eða flokki 2 sem er brennd á athafnasvæði, sem er samþykkt eða skráð í samræmi við reglugerðir (EB) nr. 852/2004, (EB) nr. 853/2004 eða (EB) nr. 183/2005, eða á opinberum stöðum skal hafa verið unnið með vinnsluaðferð 1 sem sett er fram í III. kafla IV. viðauka.

d) Brennsla dýrafitu skal fara fram í samræmi við löggjöf Sambandsins, einkum um umhverfisvernd, með tilvísun í staðla og kröfur í þeirri löggjöf og kröfur um bestu, fáanlegu tækni til eftirlits og vöktunar á losun.

3. Rekstrarskilyrði:

Þrátt fyrir kröfurnar sem settar eru fram í fyrstu málsgrein 2. liðar 2. þáttar IV. kafla er lögbæru yfirvaldi, sem ber ábyrgð á umhverfismálum, heimilt að leyfa kröfur sem grundvallast á öðrum vinnslubreytum, sem tryggja jafngildar umhverfislegar niðurstöður.

B. Brennsluver á býlum þar sem alifuglaáburður er notaður sem eldsneyti

1. Tegund stöðvar:

Brennsluver á býli með heildarnafnvarmaafl sem fer ekki yfir 5 MW.

2. Upphafsefni og gildissvið:

Eingöngu óunninn alifuglaáburður, eins og um getur í a-lið 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, til notkunar sem eldsneyti til brennslu í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í 3. til 5. lið.

Brennsla annarra aukaafurða úr dýrum eða afleiddra afurða og húsdýraáburðar úr öðrum tegundum eða sem varð til utan bújarðarinnar skal ekki leyfð til notkunar sem eldsneyti í brennsluverum á býlum sem um getur í 1. lið.

3. Sértækar kröfur sem varða alifuglaáburð sem er notaður sem eldsneyti til brennslu:

a) Húsdýraáburðurinn skal geymdur á öruggan hátt á lokuðu geymslusvæði til að halda þörfum fyrir frekari meðhöndlun í lágmarki og til að koma í veg fyrir víxlmengun við önnur svæði á bújörð þar sem eru haldin dýr af tegundum sem gefa af sér afurðir til manneldis.

b) Brennsluver á býli skal búið:

i. sjálfvirku eldsneytisstjórnunarkerfi sem setur eldsneytið beint í brunahólfið án frekari meðhöndlunar,

ii. aukabrennara sem nota skal við ræsingu eða stöðvun vinnslu í því skyni að tryggja að kröfur um hitastig, sem settar eru fram í 2. lið 2. þáttar IV. kafla, séu ávallt uppfylltar meðan starfsemi fer fram og svo lengi sem óbrunnið efni er í brunahólfinu.

4. Viðmiðunarmörk fyrir losun og kröfur um vöktun:

a) Losun á brennisteinstvíoxíði, köfnunarefnisoxíðum (þ.e. summa köfnunarefniseinoxíðs og köfnunarefnistvíoxíðs, gefin upp sem köfnunarefnistvíoxíð) og efnisögnum skal ekki fara yfir eftirfarandi viðmiðunarmörk fyrir losun, gefin upp sem mg/Nm^3 við hitastig sem nemur 273,15 K, þrýsting sem nemur 101,3 kPa og súrefnisinnihald sem nemur 11%, eftir leiðréttingu vegna vatnsgufuinnihalds úrgangslofts:

Mengunarefni	Viðmiðunarmörk fyrir losun í mg/Nm^3
Brennisteinstvíoxíð	50
Köfnunarefnisoxíð (sem NO_2)	200
Efnisagnir	10

b) Rekstraraðili brennsluvers á býli skal framkvæma a.m.k. árlegar mælingar á brennisteinstvíoxíði, köfnunarefnisoxíðum og efnisögnum.

Sem annan valkost við mælingarnar, sem um getur í fyrstu undirgrein, er heimilt að nota aðrar aðferðir, sannprófaðar og samþykktar af lögbæru yfirvaldi, til að ákvarða losun á brennisteinstvíoxíði.

Vöktun skal framkvæmd af eða fyrir hönd rekstraraðila í samræmi við staðla Staðlasamtaka Evrópu. Ef CEN-staðlar eru ekki fáanlegir skulu staðlar Alþjóðlegu staðlasamtakanna, landsbundnir staðlar eða aðrir alþjóðlegir staðlar, sem tryggja að gögnin verði vísindalega jafn traust, gilda.

c) Allar niðurstöður skal skrá, vinna úr og setja fram með þeim hætti að lögbært yfirvald geti sannreynt að farið sé að viðmiðunarmörkum fyrir losun.

d) Að því er varðar brennsluver á býlum, sem nota aukahreinsibúnað til að uppfylla viðmiðunarmörk fyrir losun, skal vakta stöðugt hvort búnaðurinn starfi á skilvirkan hátt og skrá niðurstöðurnar.

e) Ef viðmiðunarmörk fyrir losun, sem um getur í a-lið, nást ekki eða ef brennsluver á býli uppfyllir ekki kröfurnar í 1. lið 2. þáttar IV. kafla, skulu rekstraraðilar tilkynna það lögbæru yfirvaldi tafarlaust og grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að fylgni við kröfurnar sé komið á aftur eins fljótt og auðið er. Ef ekki er hægt að koma fylgni við kröfurnar á aftur skal lögbært yfirvald stöðva starfsemi stöðvarinnar tímabundið og afturkalla samþykkið fyrir henni.

5. Breytingar á starfsemi og bilanir:

   a) Rekstraraðilinn skal tilkynna lögbæru yfirvaldi um allar áætlaðar breytingar á brennsluveri á býli, sem gætu haft áhrif á losun þess, a.m.k. einum mánuði áður en breytingin kemur til framkvæmda.

   b) Rekstraraðilinn skal gripa til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að tímabil ræsingar og stöðvunar í brennsluveri á býli og hvers konar gangtruflana séu höfð eins stutt og unnt er. Ef um er að ræða gangtruflun eða bilun í aukahreinsibúnaði skal rekstraraðilinn tafarlaust tilkynna lögbæru yfirvaldi þar um.“

2) Í III. kafla XVI. viðauka bætist eftirfarandi þáttur við:

„*12. þáttur*

Opinbert eftirlit að því er varðar samþykktar stöðvar fyrir brennslu á dýrafitu og alifuglaáburði sem eldsneyti

Lögbært yfirvald skal sjá um sannprófun skjala í samþykktum stöðvum fyrir brennslu á dýrafitu og alifuglaáburði sem eldsneyti, sem um getur í V. kafla III. viðauka, í samræmi við málsmeðferðarreglurnar sem um getur í 7. og 8. mgr. 6. gr.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 294/2013 2015/EES/63/38

frá 14. mars 2013

um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 ([1]), einkum 5. gr. (2. mgr.), 15. gr. (b- og c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. og annarri undirgrein 1. mgr.), 18. gr. (3. mgr.), 19. gr. (a-, b- og c-lið fyrstu undirgreinar 4. mgr. og annarri undirgrein 4. mgr.), 21. gr. (c-lið 6. mgr.) og 32. gr. (a-lið 3. mgr.), 40. gr. (d-lið fyrstu undirgreinar), 41. gr. (fyrstu og þriðju undirgrein 3. mgr.), 42. gr. (2. mgr.) og 45. gr. (4. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1069/2009 er mælt fyrir um reglur um heilbrigði manna og dýra sem varða aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir í því skyni að koma í veg fyrir og draga sem mest úr áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra af völdum þessara afurða. Þar er einnig kveðið á um ákvörðun á endapunkti í framleiðsluferlinu fyrir tilteknar afleiddar afurðir en þegar honum er náð gilda kröfur þeirrar reglugerðar ekki lengur um þær.

2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 frá 25. febrúar 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun ([2]) er mælt fyrir um framkvæmdarreglur fyrir reglugerð (EB) nr. 1069/2009, þ.m.t. reglur um ákvörðun endapunkta fyrir tilteknar afleiddar afurðir.

3) Í áliti sínu frá 7. febrúar 2011 um getu líffituefnaferla til að draga sem mest úr hugsanlegri áhættu sem tengist smitandi svampheilakvilla í aukaafurðum úr dýrum í 1. flokki ([3]) komst Matvælaöryggisstofnun Evrópu (Matvælaöryggisstofnunin) að þeirri niðurstöðu að áhætta á útbreiðslu smitandi svampheilakvilla verði umtalsvert minni eftir að efni í 1. flokki hefur verið unnið með því að sundra fitunni með vatnsrofi og herða hana. Hins vegar er nokkur óvissa til staðar að því er varðar minnkun á smitvirkni smitandi svampheilakvilla í líffituefnaafurðum sem eru fengnar úr efni í 1. flokki. Því er ekki hægt að ályktа svo öruggt sé að þessar afurðir séu lausar við smitvirkni og því gæti stafað af þeim áhætta ef þær koma inn í matvæla- og fóðurferlið. Því skal breyta 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 142/2011 og XIV. og XV. viðauka við hana til samræmis við það.

4) Í 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 er kveðið á um undanþágur vegna notkunar á efni í 2. og 3. flokki til að fóðra tiltekin dýr sem koma ekki inn í matvælaferlið, þ.m.t. dýr í fjölleikahúsum. Þar eð tiltekin dýr í fjölleikahúsum tilheyra tegundum sem venjulega eru notuð til matvælaframleiðslu er nauðsynlegt að fóðrun dýra í fjölleikahúsum á þessu efni falli undir skilyrðin sem mælt er fyrir um í 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 142/2011.

5) Í f-lið 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1069/2009 er kveðið á um undanþágu vegna förgunar býflugna og aukaafurða úr býrækt með brennslu eða urðun á staðnum við skilyrði sem koma í veg fyrir yfirfærslu áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra. Í c-lið 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 142/2011 er vísað til sérreglna vegna söfnunar og förgunar á býflugum og aukaafurðum úr býrækt. Því skal

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 98, 6.4.2013, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 198/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, birður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1.

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2011) 9(2), 1976.

leiðrétta inngangsorð þeirrar greinar til samræmis við það, með tilvísun í sérreglur vegna söfnunar og förgunar á býflugum og aukaafurðum úr býrækt.

6) Í 3. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 142/2011 er kveðið á um umbreytingartímabil til 31. desember 2012 vegna förgunar á litlu magni af efni í 3. flokki sem um getur í f-lið 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009. Framlengja skal það umbreytingartímabil í tvö ár til viðbótar og á þeim tíma skal safna frekari gögnum um söfnun, flutning og förgun viðkomandi efnis í 3. flokki.

7) Nota má unnið dýraprótín úr aukaafurðum úr dýrum, öðrum en efni í 3. flokki sem um getur í n-, o- og p-lið 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, sem innihaldsefni í framleiðslu á unnu gæludýrafóðri. Ekki má skilgreina unnið dýraprótín sem gæludýrafóður nema því sé blandað í viðeigandi hlutföllum saman við önnur fóðurefni sem viðkomandi tegund gæludýra neytir vanalega. Hins vegar mega framleiðendur unnins dýraprótíns senda afurðina til umsjónarmanna viðurkenndra hundaræktunarstöðva eða hópa veiðihunda og til fóðrunar á hundum og köttum í athvörfum, til framleiðslu á blönduðu fóðri fyrir hunda og ketti. Í slíkum tilvikum skal skilgreina afurðina og merkja sem unnið dýraprótín. Ef um er að ræða útflutning á unnu dýraprótíni gilda ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 ([4]) til viðbótar við löggjöf um aukaafurðir úr dýrum. Í samræmi við lið E2 í III. hluta IV. viðauka við fyrrnefnda reglugerð skal útflutningur á unnu dýraprótíni falla undir skriflegan samning milli upprunaaðildarríkja unna dýraprótínsins og þriðja lands, sem er viðtökuland. Slík skuldbinding er ekki fyrir hendi þegar um er að ræða útflutning á gæludýrafóðri. Vegna þekktrar áhættu á óviðeigandi notkun á reglum um útflutning á unnu dýraprótíni er þörf fyrir nákvæmari skilgreiningu á gæludýrafóðri.

8) Ummyndun á aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum í lífgas er leyfileg samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1069/2009. Fastir eða fljótandi þættir verða til við framleiðslu lífgass. Nauðsynlegt er að skýra að kröfurnar um förgun þessara leifa gilda um báða þessa þætti.

9) Í áliti sínu frá 30. nóvember 2010 um ólífræna áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra vegna glýseríns sem fellur til sem aukaafurð við framleiðslu lífdísilolíu úr aukaafurðum úr dýrum í 1. flokki og jurtaolíum ([5]) viðurkenndi Matvælaöryggisstofnunin að glýserín, sem hefur verið unnið með aðferð 1 sem um getur í III. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 142/2011 til framleiðslu á lífdísilolíu sé öruggt efni að því er varðar áhættu vegna smitandi svampheilakvilla. Glýserín, sem fellur til sem aukaafurð við framleiðslu lífdísilolíu, má ummynda í lífgas og meltunarleifar að lokinni framleiðslu lífdísilolíu og bera á land án áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra, innan landsbundins yfirráðasvæðis framleiðsluaðildarríkisins, með fyrirvara um ákvörðun lögbærs yfirvalds.

10) Aukaafurðir úr dýrum, sem um getur í f-lið 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, má bera á land án vinnslu ef lögbært yfirvald telur að þær skapi ekki áhættu á útbreiðslu neinna alvarlegra smitsjúkdóma. Mylta má sömu afurðir eða ummynda þær í lífgas án undangenginnar vinnslu.

11) Staðlaði textinn til lýsingar á aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum í viðskiptum milli aðildarríkjanna, sem er settur fram í VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, skal koma fram sýnilega og læsilega á umbúðunum, gáminum eða ökutækinu á meðan á flutningi og geymslu stendur. Bæta skal við skrána yfir staðlað orðalag til að taka tillit til viðskipta með unninn húsdýraáburð.

12) Í 48. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 er þess krafist að rekstraraðilar upplýsi lögbært yfirvald viðtökuaðildarríkisins um að þeir ætli sér að senda af stað sendingar af efni í 1. eða 2. flokki. Aðildarríki geta gert tvíhliða samninga sín á milli um að veita þjónustu starfsstöðva sinna til að brenna gæludýr frá öðrum aðildarríkjum sem þau eiga sameiginleg landamæri með. Í slíkum tilvikum skapar krafan, sem mælt er fyrir um í 1. til 3. mgr. 48. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, ónauðsynlegar viðbótarstjórnsýslubyrðar.

13) Í II. kafla X. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 eru settar fram sértækar kröfur sem varða afleiddar afurðir sem eru ætlaðar til framleiðslu fóðurefna. Breyta skal orðalaginu í undanþágunni vegna setningar á mjólk á markað, sem er unnin í samræmi við landsstaðla, til að hún eigi einnig við um afurðir sem eru að stofni til úr mjólk og afurðir úr mjólk og samræma þannig II. hluta 4. þáttar þess kafla við ákvæði 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, einkum f-lið, með leyfi til vinnslu á tilteknum matvælum, sem eru ekki lengur ætluð til neyslu, í efni til fóðrunar alidýra, annarra en loðdýra.

14) Þegar matvæli sem eru ekki lengur ætluð til neyslu, sem í eru innihaldsefni úr dýraríkinu, eru notuð sem upprunaefni til framleiðslu á fóðri fyrir alidýr gilda sértækar kröfur til að koma í veg fyrir áhættu á að sjúkdómar smitist í dýr. Ef þessi matvæli, sem eru ekki lengur ætluð til neyslu, innihalda hins vegar ekki kjöt, fisk eða afurðir úr þeim skal leyfa notkun þeirra til framleiðslu á fóðri fyrir alidýr, að því tilskildu að af þeim stafi ekki hætta á sjúkdómum sem geta smitast í menn eða dýr.

([4]) Stjtíð. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.
([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2010 8(12), 1934.

15) Í 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 er mælt fyrir um skilyrði fyrir setningu á lífrænum áburði og jarðvegsbætum á markað og notkun þeirra. Þessar afurðir má framleiða úr efni í 2. og 3. flokki í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í XI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 142/2011. Ef um er að ræða unnið dýraprótín úr efni í 3. flokki skal virða sértækar framleiðslukröfur, sem mælt er fyrir um í II. kafla X. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, þ.m.t. vegna unnins dýraprótíns þegar það er eingöngu ætlað til notkunar í gæludýrafóður. Fyrir skýrleika sakir er nauðsynlegt að breyta XI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 og setja inn tilvísanir til hvers kyns vinnslustaðla fyrir unnin dýraprótín.

16) Til að efla rannsóknir á sviði vísinda og líffræðilegrar fjölbreytni skal veita undanþágu til gagnasafna, vísindastofnana og safna að því er varðar söfnun, flutning og notkun á dýrum eða skrokkhlutum þeirra sem eru varðveittir í lausn (e. *preserved in media*), komið fullkomlega fyrir í örskyggnum eða sem unnin erfðafræðileg sýni. Breyta skal kröfunum um veiðiminjagripi og annað sem er búið til úr dýrum, sem settar eru fram í VI. kafla XIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, til samræmis við það.

17) Í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 eru settar fram kröfur sem varða innflutning á aukaafurðum úr dýrum til Sambandsins. Lagfæra skal orðalagið í tilteknum hlutum töflu 2 til að veita skýrari upplýsingar. Ef um er að ræða tilteknar verslunarvörur, sem geta samanstaðið af aukaafurðum úr mismunandi dýrum, skal breyta skránni yfir þriðju löndd, sem hafa leyfi til innflutnings á aukaafurðum úr dýrum af viðkomandi tegundum, í töflu 2 til samræmis við það. Breytingarnar skulu koma fram í samsvarandi vottorðum sem sett eru fram í XV. viðauka við þá reglugerð.

18) Gæludýrafóður má vera framleitt úr efni í 3. flokki, öðru en því efni í 3. flokki sem um getur í n-, o- og p-lið 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009. Sömu reglur og gilda um setningu gæludýrafóðurs á markað innan ESB skulu einnig gilda um innflutning frá þriðju löndum. Bæta skal við vottorðið í B-lið 3. kafla XV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 með tilvísun í c-lið 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009.

19) Skýra skal tilteknar kröfur sem varða innflutning á blóði og blóðafurðum, einkum þær sem varða uppruna blóðsins. Blóð verður að vera af öruggum uppruna sem getur verið í sláturhúsum sem eru samþykkt í samræmi við löggjöf ESB, í sláturhúsum sem eru samþykkt í landslöggjöf þriðja landsins eða úr lifandi dýrum sem eru ræktuð í þessum tilgangi. Blóð af slíkum öruggum uppruna má einnig vera blandað. Nauðsynlegt er að breyta texta viðkomandi vottorða til samræmis við það. Því skal breyta XIV. viðauka og heilbrigðisvottorðunum, sem sett eru fram í A-, C- og D-lið 4. kafla XV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, til samræmis við það.

20) Í XVI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 eru settar fram reglur um opinbert eftirlit sem varðar fóðrun hræfugla á efni í 1. flokki. Í samræmi við 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 má lögbært yfirvald leyfa fóðrun hræfugla, sem eru í útrýmingarhættu eða verndaðir, og annarra tegunda, sem lifa á náttúrulegu búsvæði þeirra, á efni í 1. flokki. Gildandi reglur um opinbert eftirlit sem varðar fóðrun hræfugla skulu því rýmkaðar til að ná til allra dýra sem leyfa má að séu fóðruð á efni í 1. flokki í samræmi við VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.

21) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.

22) Til að komast hjá röskun á viðskiptum skal mæla fyrir um umbreytingartímabil, en á meðan því stendur skulu aðildarríkin samþykkja innflutning á þeim verslunarvörum sem ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 142/2011, eins og þeim er breytt með þessari reglugerð, gilda um, í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir gildistöku/beitingu þessarar reglugerðar.

23) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í stað i-liðar 3. gr. komi eftirfarandi:

„i) bensín og eldsneyti sem uppfylla sértæku kröfurnar fyrir afurðir úr fjölþrepa hvataða ferlinu til framleiðslu á endurnýjanlegu eldsneyti sem settar eru fram í c-lið 2. liðar 3. þáttar IV. kafla IV. viðauka,

j) líffituefnaafurðir úr bræddri fitu sem uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í XI. kafla XIII. viðauka.“

2) Ákvæðum 13. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað e-liðar 1. málsgreinar komi eftirfarandi:

„e) maðka og orma sem eru ætlaðir í beitu,

f) dýr í fjölleikahúsum,“

b) Í stað e-liðar 2. málsgreinar komi eftirfarandi:

„e) maðka og orma sem eru ætlaðir í beitu,

f) dýr í fjölleikahúsum,“

3) Í stað inngangsorða 15. gr. komi eftirfarandi:

„Ef lögbært yfirvald leyfir förgun aukaafurða úr dýrum með undanþágunni, sem kveðið er á um í a-, b-, c-, e- og f-lið 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, skal förgunin uppfylla eftirfarandi sérreglur sem settar eru fram í III. kafla VI. viðauka:“

4) Í 3. mgr. 36. gr. komi dagsetningin „31. desember 2014“ í stað „31. desember 2012“.

5) Ákvæðum I., IV., V., VI., VIII., X. og XI. viðauka og XIII. til XVI. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Á umbreytingartímabili, sem stendur til 26. desember 2013, skal halda áfram að samþykkja innflutning til Sambandsins á sendingum af aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum ásamt meðfylgjandi heilbrigðisvottorði, sem hefur verið fyllt út og undirritað í samræmi við fyrirmynd sem kemur fram í 3. kafla (B- eða D-lið), 4. kafla (A-, C- eða D-lið), 6. kafla (A-lið), 8. kafla, 10. kafla (B-lið), 11. kafla, 14. kafla (A-lið) og 15. kafla XV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, í þeim útgáfum sem giltu fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar, að því tilskildu að slík vottorð hafi verið fyllt út og undirrituð fyrir 26. október 2013.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 15. mars 2013.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. mars 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukunum við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað 19. liðar komi eftirfarandi:

„19. **„gæludýrafóður“**: fóður, annað en efni sem um getur í 2. mgr. 24. gr., ætlað til notkunar sem fóður fyrir gæludýr, og nagbein úr aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum sem:

a) innihalda efni úr 3. flokki, þó ekki efni sem um getur í n-, o- og p-lið 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 og

b) gætu innihaldið innflutt efni úr 1. flokki sem samanstendur af aukaafurðum úr dýrum sem fengið hafa ólöglega meðferð, eins og skilgreint er í d-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 96/22/EB eða í b-lið 2. gr. tilskipunar 96/23/EB,“

b) Í stað 23. liðar komi eftirfarandi:

„23.„**meltunarleifar**“: leifar, þ.m.t. fljótandi þáttur, sem falla til við ummyndun aukaafurða úr dýrum í lífgasstöð,“

2) Ákvæðum 3. þáttar IV. kafla IV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. liðar er breytt sem hér segir:

i. Í stað iii. liðar a-liðar komi eftirfarandi:

„iii. þær skulu ummyndaðar í lífgas. Í slíkum tilvikum skal farga meltunarleifunum í samræmi við i. eða ii. lið, nema ef efnið varð til við vinnslu í samræmi við 2. lið (a- eða b-lið) og hægt er að nota leifarnar í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í 2. lið (a-lið eða iii. lið b-liðar), eins og við á, eða,“

ii. Í stað i. liðar b-liðar komi eftirfarandi:

„i. fargað á þann hátt sem kveðið er á um í 1. lið (i. eða ii. lið a-liðar), með eða án undangenginnar vinnslu, eins og kveðið er á um í 13. gr. (a- og b-lið) og 14. gr. (a- og b-lið) reglugerðar (EB) nr. 1069/2009,“

b) Í stað ii. og iii. liðar b-liðar í 2. lið komi eftirfarandi:

„ii. ef um er að ræða kalíumsúlfat: bera það beint á land eða nota það til framleiðslu á afleiddum afurðum til áburðar á land,

iii. ef um er að ræða glýserín fengið úr efni í 1. og 2. flokki sem hefur verið unnið í samræmi við vinnsluaðferð 1, eins og sett er fram í III. kafla:

– nota það í tæknilegum tilgangi,

– ummynda það í lífgas, en þá má bera meltunarleifarnar á land á landsbundnu yfirráðasvæði framleiðsluaðildarríkisins, með fyrirvara um ákvörðun lögbærs yfirvalds, eða

– nota það til nítrateyðingar í skólphreinsistöð, en þá má bera leifar frá nítrateyðingunni á land í samræmi við tilskipun ráðsins 91/271/EBE (*),

iv. ef um er að ræða glýserín fengið úr efni í 3. flokki:

– nota það í tæknilegum tilgangi,

– ummynda það í lífgas, en þá má bera meltunarleifarnar á land eða

– nota það til fóðrunar, að því tilskildu að glýserínið sé ekki fengið úr efni í 3. flokki sem um getur í n-, o- og p-lið 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009.“

(*) Stjtíð. EB L 135, 30.5.1991, bls. 40.,

c) Í stað 3. liðar komi eftirfarandi:

„3. Öllum úrgangi, öðrum en aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum sem kveðið er á um í 2. lið, frá vinnslu á aukaafurðum úr dýrum í samræmi við þennan þátt, s.s. seyru, síuinnihaldi, ösku og meltunarleifum, skal fargað í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1069/2009 og þessa reglugerð.“

3) Í stað d-liðar í 2. lið 1. þáttar I. kafla V. viðauka komi eftirfarandi:

„d) aukaafurðir úr dýrum sem má bera á land án vinnslu í samræmi við f-lið 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 og þessa reglugerð, ef lögbært yfirvald telur þær ekki skapa hættu á útbreiðslu neinna alvarlegra sjúkdóma í menn eða dýr,“

4) Í 1. þætti II. kafla VI. viðauka komi eftirfarandi í stað inngangsorðanna:

„Eins og um getur í 18. gr. (1. mgr.) reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 má fóðra dýrin, sem um getur í 1. mgr. (a-, b-, d-, f-, g- og h-lið) þeirrar greinar, á efni í 2. og 3. flokki, að því tilskildu að farið sé að a.m.k. eftirfarandi skilyrðum, auk annarra skilyrða sem lögbæra yfirvaldið mælir fyrir um í samræmi við 18. gr. (1. mgr.) þeirrar reglugerðar:“

5) Ákvæðum VIII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað xix. liðar b-liðar í 2. lið II. kafla komi eftirfarandi:

„xix. ef um er að ræða húsdýraáburð sem hefur fengið kalkmeðhöndlunina sem um getur í I-lið 2. þáttar IV. kafla IV. viðauka: „kalkblandaður húsdýraáburður“,

xx. ef um er að ræða húsdýraáburð sem hefur fengið meðhöndlunina sem um getur í b- og c-lið 2. þáttar I. kafla XI. viðauka: „unninn húsdýraáburður“.“

b) Eftirfarandi VI. kafli bætist við:

„VI. KAFLI

FLUTNINGUR Á DAUÐUM GÆLUDÝRUM

Ekki skal gerð sú krafa að farið sé að skilyrðunum í 1. til 3. lið 48. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 varðandi fyrirframleyfi frá lögbæru yfirvaldi í viðtökuaðildarríkjunum og notkun á Traces-kerfinu ef um er að ræða flutning á dauðu gæludýri til brennslu í starfsstöð eða stöð sem er staðsett á landamærasvæði annars aðildarríkis sem þau eiga sameiginleg landamæri með ef aðildarríkin gera tvíhliða samning sín á milli um skilyrði fyrir flutningnum.“

6) Ákvæðum II. kafla X. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. liðar II. hluta 4. þáttar komi eftirfarandi:

„1. Kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. og 3. lið þessa hluta gilda um vinnslu, notkun og geymslu mjólkur, afurða sem eru að stofni til úr mjólk og afurða úr mjólk sem eru efni í 3. flokki eins og um getur í 10. gr. (e-lið) reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, að undantekinni seyru úr skilvindum eða skiljum og mjólk, afurðum sem eru að stofni til úr mjólk og afurðum úr mjólk sem um getur í 10. gr. (f- og h-lið) þeirrar reglugerðar, sem hafa ekki verið unnar í samræmi við I. hluta þessa þáttar.“

b) Í stað 10. þáttar komi eftirfarandi:

„*10. þáttur*

Sértækar kröfur vegna fóðrunar alidýra, annarra en loðdýra, á tilteknu efni í 3. flokki sem um getur í f-lið 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009

Setja má á markað efni í 3. flokki sem samanstendur af matvælum sem innihalda afurðir úr dýraríkinu sem eru upprunnar í aðildarríkjum og ekki eru lengur ætlaðar til manneldis af viðskiptalegum ástæðum eða vegna vandamála sem upp hafa komið vegna framleiðslu- eða pökkunargalla eða annarra ágalla sem ekki skapa hættu fyrir heilbrigði manna eða dýra, eins og um getur í f-lið 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, sem fóður fyrir alidýr, önnur en loðdýr, án frekari meðhöndlunar að því tilskildu að efnið:

i. hafi verið unnið eins og skilgreint er í m-lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 852/2004 eða í samræmi við þessa reglugerð,

ii. samanstandi af eða innihaldi eitt eða fleiri af eftirfarandi efnum í 3. flokki sem um getur í f-lið 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009:

– mjólk,

– afurðir sem eru að stofni til úr mjólk,

– afurðir úr mjólk,

– egg,

– eggjaafurðir,

– hunang,

– brædda fitu,

– kollagen,

– gelatín,

iii. hafi ekki komist í snertingu við neitt annað efni í 3. flokki og

iv. að allar nauðsynlegar ráðstafanir hafi verið gerðar til að fyrirbyggja mengun efnisins.“

7) Í stað b-liðar í 1. lið 1. þáttar II. kafla XI. viðauka komi eftirfarandi:

„b) með því að nota unnið dýraprótín, þ.m.t. unnið dýraprótín sem er framleitt í samræmi við ii. lið b-liðar í lið B.1 í 1. þætti II. kafla X. viðauka, sem er framleitt úr efni í 3. flokki í samræmi við 1. þátt II. kafla X. viðauka, eða efni, sem hafa fengið aðra meðhöndlun, þegar leyfilegt er að nota slík efni sem lífrænan áburð og jarðvegsbæta í samræmi við þessa reglugerð eða“

8) Ákvæðum XIII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað c- og d-liðar í 1. lið C-liðar VI. kafla komi eftirfarandi:

„c) það sem um ræðir hafi verið tilreitt á líffærafræðilegan hátt, s.s. með plastgervingu eða

d) um sé að ræða dýr af flokki skordýra (Insecta) eða áttfætlna (Arachnida) sem hafa verið meðhöndluð, t.d. með þurrkun, til að koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdóma sem geta smitast í menn eða dýr eða

e) um sé að ræða muni í náttúrufræðisöfnum eða til eflingar vísinda og:

i. þeir hafi verið varðveittir í lausn, s.s. vínanda eða formaldehýði, sem gera það að verkum að hægt er að sýna þá eða

ii. þeim hafi verið komið fullkomlega fyrir í örskyggnum,

f) um sé að ræða sýni af erfðaefni sem ætluð eru fyrir gagnasöfn til eflingar rannsókna á sviði líffræðilegrar fjölbreytni, vistfræði, læknisfræði og dýralæknisfræði eða líffræði.“

b) Í XI. kafla bætist eftirfarandi liður við:

„3. Endapunktur fyrir afurðir sem eru fengnar úr bræddri fitu:

Setja má fituafleiður, sem hafa verið unnar eins og um getur í 1. lið, á markað til notkunar sem gefin er upp í 2. lið án takmarkana í samræmi við þessa reglugerð.“

9) Ákvæðum XIV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. þáttar I. kafla er breytt sem hér segir:

i. Í stað c-, d- og e-liðar komi eftirfarandi:

„c) þær skulu koma frá þriðja landi eða hluta þriðja lands sem tilgreint er í dálkinum „þriðju lönd“ í töflu 1,

d) þær skulu koma frá fyrirtæki eða stöð sem lögbært yfirvald þriðja landsins hefur skráð eða samþykkt, eftir því sem við á, og sem er í skránni yfir slík fyrirtæki og stöðvar sem um getur í 30. gr. og

e) þeim skal:

i. fylgja, á meðan á flutningi stendur til komustaðar inn í Sambandið þar sem heilbrigðiseftirlit með dýrum og dýraafurðum fer fram, heilbrigðisvottorðið sem um getur í dálkinum „vottorð/fyrirmyndir að skjölum“ í töflu 1 eða

ii. framvísað á komustað inn í Sambandið, þar sem heilbrigðiseftirlit með dýrum og dýraafurðum fer fram, ásamt skjali sem samsvarar fyrirmyndinni sem um getur í dálkinum „vottorð/fyrirmyndir að skjölum“ í töflu 1.“

ii. Ákvæði f-liðar falli brott.

b) Ákvæðum 1. þáttar II. kafla er breytt sem hér segir:

i. Í stað c-, d- og e-liðar komi eftirfarandi:

„c) þær skulu koma frá þriðja landi eða hluta þriðja lands sem tilgreint er í dálkinum „þriðju lönd“ í töflu 2,

d) þær skulu koma frá fyrirtæki eða stöð sem lögbært yfirvald þriðja landsins hefur skráð eða samþykkt, eftir því sem við á, og sem er í skránni yfir slík fyrirtæki og stöðvar sem um getur í 30. gr. og

e) þeim skal:

i. fylgja, á meðan á flutningi stendur til komustaðar inn í Sambandið þar sem heilbrigðiseftirlit með dýrum og dýraafurðum fer fram, heilbrigðisvottorðið sem um getur í dálkinum „vottorð/fyrirmyndir að skjölum“ í töflu 2 eða

ii. framvísað á komustað inn í Sambandið, þar sem heilbrigðiseftirlit með dýrum og dýraafurðum fer fram, ásamt skjali sem samsvarar fyrirmyndinni sem um getur í dálkinum „vottorð/fyrirmyndir að skjölum“ í töflu 2.“

ii. Ákvæði f-liðar falli brott.

iii. Töflu 2 er breytt sem hér segir:

– Í stað 13. línu komi eftirfarandi:

„13	Bragðbætandi innyflaafurðir til framleiðslu á gæludýrafóðri	Efni sem um getur í a-lið 35. gr.	Bragðbætandi innyflaafurðir skulu hafa verið framleiddar í samræmi við III. kafla XIII. viðauka.	Þau þriðju lönd, sem eru tilgreind í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010, þaðan sem aðildarríkin heimila innflutning á nýju kjöti af sömu dýrategundum og þar sem eingöngu er heimild fyrir kjöti með beini. Ef um er að ræða bragðbætandi innyflaafurðir úr fiski, þriðju lönd sem eru tilgreind í II. viðauka við ákvörðun 2006/766/EB. Ef um er að ræða bragðbætandi innyflaafurðir úr alifuglakjöti, þriðju lönd sem eru tilgreind í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008, þaðan sem aðildarríkin heimila innflutning á nýju alifuglakjöti.	E-liður 3. kafla XV. viðauka.“

– Í stað a-liðar í 3. dálki 14. línu komi eftirfarandi:

„a) Efni í 3. flokki sem um getur í a- til m-lið 10. gr.“

– Í stað 15. og 16. línu komi eftirfarandi:

„15	Aukaafurðir úr dýrum til notkunar sem hrátt gæludýrafóður	Efni í 3. flokki sem um getur í a-lið og i. og ii. lið b-liðar 10. gr.	Afurðirnar skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 8. þætti.	Þau þriðju lönd, sem eru tilgreind í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 eða í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008, þaðan sem aðildarríkin heimila innflutning á nýju kjöti af sömu dýrategundum og þar sem eingöngu er heimild fyrir kjöti með beini. Ef um er að ræða efni úr fiski, þriðju lönd sem eru tilgreind í II. viðauka við ákvörðun 2006/766/EB.	D-liður 3. kafla XV. viðauka.
16	Aukaafurðir úr dýrum til notkunar í fóður fyrir loðdýr	Efni í 3. flokki sem um getur í a- til m-lið 10. gr.	Afurðirnar skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 8. þætti.	Þau þriðju lönd, sem eru tilgreind í 1. hluta II. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2010 eða í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008, þaðan sem aðildarríkin heimila innflutning á nýju kjöti af sömu dýrategundum og þar sem eingöngu er heimild fyrir kjöti með beini. Ef um er að ræða efni úr fiski, þriðju lönd sem eru tilgreind í II. viðauka við ákvörðun 2006/766/EB.	D-liður 3. kafla XV. viðauka.“

– Í stað a-liðar í 3. dálki 17. línu komi eftirfarandi:

„a) Ef um er að ræða efni ætluð til framleiðslu á lífdísilolíu eða líffituefnaafurðum: Efni í 1., 2. og 3. flokki sem um getur í 8., 9. og 10. gr.“

– Í stað 18. línu komi eftirfarandi:

„18	Fituafleiður	a) Ef um er að ræða fituafleiður til notkunar utan fóðurferlis alidýra: Efni í 1. flokki sem um getur í 8. gr. (b-, c- og d-lið), efni í 2. flokki sem um getur í 9. gr. (c- og d-lið og i. lið f-liðar) og efni í 3. flokki sem um getur í 10. gr. b) Ef um er að ræða fituafleiður til notkunar sem fóður: Efni í 3. flokki, annað en efni sem um getur í n-, o- og p-lið 10. gr.	Fituafleiðurnar skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 10. þætti.	Öll þriðju lönd.	a) Ef um er að ræða fituafleiður til notkunar utan fóðurferlis alidýra: A-liður 14. kafla XV. viðauka. b) Ef um er að ræða fituafleiður til notkunar sem fóður: B-liður 14. kafla XV. viðauka.“

c) Í stað 2. liðar í 2. þætti II. kafla komi eftirfarandi:

„2. Blóðinu, sem blóðafurðir til framleiðslu á afleiddum afurðum til notkunar utan fóðurferlis alidýra eru framleiddar úr, skal hafa verið safnað undir eftirliti dýralæknis:

a) í sláturhúsum:

i. sem hafa verið samþykkt í samræmi við reglugerð (EB) nr. 853/2004, eða

ii. sem lögbært yfirvald þriðja lands, þar sem því er safnað, hefur samþykkt og hefur eftirlit með eða

b) úr lifandi dýrum á starfsstöðvum sem lögbært yfirvald þriðja landsins, þar sem því er safnað, hefur samþykkt og hefur eftirlit með.“

d) Í stað 1. liðar í 3. þætti II. kafla komi eftirfarandi:

„1. Blóðið verður að uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í a-lið 1. liðar IV. kafla XIII. viðauka og því skal safnað undir eftirliti dýralæknis:

a) í sláturhúsum:

i. sem hafa verið samþykkt í samræmi við reglugerð (EB) nr. 853/2004, eða

ii. sem lögbært yfirvald þriðja lands, þar sem blóðinu er safnað, hefur samþykkt og hefur eftirlit með eða

b) úr lifandi dýrum af hestaætt á starfsstöðvum sem eru samþykktar, hafa fengið samþykkisnúmer heilbrigðisyfirvalda á sviði dýra og dýraafurða og eru undir eftirliti lögbærs yfirvalds í þriðja landinu þar sem söfnunin fer fram, í þeim tilgangi að safna blóði úr dýrum af hestaætt til framleiðslu á blóðafurðum í öðrum tilgangi en í fóður.“

e) Í stað d-liðar í 2. lið 3. þáttar II. kafla komi eftirfarandi:

„d) ef um er að ræða blóðafurðir aðrar en sermi og blóðvökva: munnblöðrubólgu í a.m.k. 6 mánuði.“

f) Í stað i. liðar í a-lið 9. þáttar II. kafla komi eftirfarandi:

„i. aukaafurðum úr dýrum sem um getur í 8., 9. og 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 ef um er að ræða efni ætlað til framleiðslu á lífdísilolíu eða líffituefnaafurðum,“

10) Ákvæðum XV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað B-liðar 3. kafla komi eftirfarandi:

„B-LIÐUR 3. KAFLA

Heilbrigðisvottorð

Fyrir unnið gæludýrafóður, þó ekki í dósum, vegna sendingar til eða umflutnings ([2]) *um Evrópusambandið*

LAND

Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir sem eru flutt inn til ESB

I. hluti: Upplýsingar um vörusendingu

I.1. Sendandi Heiti Heimilisfang Sími			I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs	I.2.a.
			I.3. Lögbært stjórnvald	
			I.4. Lögbært staðaryfirvald	
I.5. Viðtakandi Heiti Heimilisfang Póstnúmer Sími			I.6. Einstaklingur sem er ábyrgur fyrir farminum í ESB Heiti Heimilisfang Póstnúmer Sími	
I.7. Upprunaland	ISO-kóði	I.8. Upprunasvæði Kóði	I.9. Viðtökuland	ISO-kóði I.10. Viðtökusvæði Kóði
I.11. Upprunastaður Heiti Heimilisfang Heiti Heimilisfang Heiti Heimilisfang		Samþykkisnúmer Samþykkisnúmer Samþykkisnúmer	I.12 Viðtökustaður Heiti Heimilisfang Póstnúmer	Tollvörugeymsla ☐ Samþykkisnúmer
I.13. Fermingarstaður			I.14. Brottfarardagur	
I.15. Flutningatæki Flugvél ☐ Skip ☐ Járnbrautarvagn ☐ Ökutæki ☐ Annað ☐ Auðkenning Tilvísanir í skjöl			I.16. Skoðunarstöð á landamærum við komu til ESB I.17.	
I.18. Lýsing á vöru				I.19. Vörunúmer (ST-númer) I.20. Magn
I.21. Hitastig afurðar Við umhverfishita ☐ Kældar ☐ Frystar ☐				I.22. Fjöldi pakkninga
I.23. Nr. innsiglis/gáms				I.24. Tegund umbúða
I.25. Vörur sem eru vottaðar: Sem fóður □ Til tæknilegra nota □				
I.26. Til umflutnings gegnum ESB til þriðja lands ☐ Þriðja land ISO-kóði			I.27. Til innflutnings eða inntöku í ESB ☐	
I.28. Auðkenning varanna Tegund (vísindaheiti)		Samþykkisnúmer starfsstöðva Framleiðslufyrirtæki	Eigin þyngd	Númer framleiðslulotu

LAND: **Unnið gæludýrafóður, þó ekki í dósum**

II. hluti: Vottorð

II. **Upplýsingar um heilbrigði**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

Ég, undirritaður, opinber dýralæknir, lýsi því yfir að ég hef lesið og skilið reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 ([1a]), einkum 8. og 10. gr. hennar, og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 ([1b]), einkum II. kafla XIII. viðauka og II. kafla XIV. viðauka, og votta að gæludýrafóður sem lýst er hér að framan:

II.1. hefur verið framleitt og geymt í stöð sem hefur verið samþykkt og verið undir eftirliti af hálfu lögbærs yfirvalds í samræmi við 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009,

II.2. hefur verið framleitt eingöngu úr eftirfarandi aukaafurðum úr dýrum, sem eru:

([2]) annaðhvort [- skrokkar og skrokkhlutar sláturdýra eða, ef um er að ræða veiðidýr, skrokkar eða skrokkhlutar dýra sem hafa verið felld, sem eru hæfir til manneldis í samræmi við löggjöf Sambandsins, en eru ekki ætlaðir til manneldis af viðskiptalegum ástæðum,]

([2]) og/eða [- [- skrokkar og eftirfarandi skrokkhlutar sem annaðhvort eru af dýrum sem hefur verið slátrað í sláturhúsi og voru talin hæf til manneldis að lokinni skoðun fyrir slátrun eða skrokkar og eftirfarandi skrokkhlutar veiðidýra sem voru felld til manneldis í samræmi við löggjöf Sambandsins:

i. skrokkar og skrokkhlutar dýra, sem var hafnað sem óhæfum til manneldis í samræmi við löggjöf Sambandsins, en sem ekki sýndu nein merki um sjúkdóma sem geta smitast í menn eða dýr,

ii. hausar af alifuglum,

iii. húðir og skinn, þ.m.t. afskurður og þynnur af þeim, horn og fætur, þ.m.t. kjúkur, framleggir (fótleggir) og bein í hnjám á framfótum og kjúkubein, afturleggir (fótleggir) og hækilbein,

iv. svínsburstir,

v. fjaðrir,]

([2]) og/eða [- aukaafurðir úr alifuglum og nörturum sem er slátrað á býli, eins og um getur í d-lið 3. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004, sem ekki sýndu nein merki um sjúkdóma sem geta smitast í menn eða dýr,]

([2]) og/eða [- blóð dýra sem ekki sýndu nein merki um sjúkdóm sem getur smitast í menn eða dýr með blóði, fengið úr dýrum, öðrum en jórturdýrum, sem hefur verið slátrað í sláturhúsi og sem voru talin hæf til manneldis að lokinni skoðun fyrir slátrun í samræmi við löggjöf Sambandsins,]

([2]) og/eða [- aukaafurðir úr dýrum sem falla til við framleiðslu afurða sem eru ætlaðar til manneldis, þ.m.t. fituhreinsuð bein, hamsar og seyra úr skilvindum eða skiljum frá mjólkurvinnslu,]

([2]) og/eða [- afurðir úr dýraríkinu eða matvæli sem innihalda afurðir úr dýraríkinu, sem eru ekki lengur ætluð til manneldis af viðskiptalegum ástæðum eða vegna vanda sem rekja má til galla við framleiðslu eða pökkun eða annarra galla sem skapa ekki hættu fyrir heilbrigði manna eða dýra,]

([2]) og/eða [- gæludýrafóður og fóður úr dýraríkinu eða fóður sem inniheldur aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir, sem eru ekki lengur ætlaðar til manneldis af viðskiptalegum ástæðum eða vegna vanda sem rekja má til galla við framleiðslu eða pökkun eða annarra galla sem skapa ekki hættu fyrir heilbrigði manna eða dýra,]

([2]) og/eða [- blóð, fylgjur, ull, fjaðrir, hár, horn, afskurður af hófum og klaufum og hrámjólk úr lifandi dýrum sem ekki sýndu nein merki um sjúkdóma sem geta borist með viðkomandi afurð í menn eða dýr,]

([2]) og/eða [- lagardýr og hlutar slíkra dýra, annarra en sjávarspendýra, sem ekki sýndu nein merki um sjúkdóma sem geta smitast í menn eða dýr,]

([2]) og/eða [- aukaafurðir úr lagardýrum sem koma frá fyrirtækjum eða stöðvum sem framleiða afurðir til manneldis,]

([2]) og/eða [- eftirfarandi efni úr dýrum sem sýndu engin merki um sjúkdóm sem getur borist með því efni í menn eða dýr:

i. skeljar af skelfiski með mjúkvefjum eða kjöti,

ii. eftirfarandi efni úr landdýrum:

— aukaafurðir frá útungunarstöðvum,

— egg,

— eggjaafurðir, þ.m.t. eggjaskurn,

iii. dagsgamlir ungar sem eru aflífaðir af viðskiptalegum ástæðum,]

LAND **Unnið gæludýrafóður, þó ekki í dósum**

II.	**Heilsufarsupplýsingar**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

([2]) og/eða [- aukaafurðir úr vatna- eða landhryggleysingjum öðrum en tegundum sem valda sjúkdómum hjá mönnum eða dýrum,]

([2]) og/eða [- dýr af ættbálkum nagdýra (Rodentia) og nartara (Lagomorpha), og skrokkhlutar þeirra, að undanskildu efni í 1. flokki eins og um getur í iii., iv. og v. lið a-liðar 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 og efni í 2. flokki eins og um getur í a- til g-lið 9. gr. sömu reglugerðar]

([2]) og/eða [- efni úr dýrum sem hafa verið meðhöndluð með tilteknum íðefnum sem eru bönnuð samkvæmt tilskipun 96/22/EB en innflutningur efnisins er leyfður í samræmi við ii. lið a-liðar 35. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009,]

II.3.

([2]) annaðhvort [hefur fengið hitameðhöndlun þannig að allt efnið hitni í a.m.k. 90 °C,]

([2]) eða [var framleitt, að því er varðar innihaldsefni úr dýraríkinu, eingöngu úr afurðum sem:

a) ef um aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir úr kjöti eða kjötafurðum er að ræða, fengu hitameðhöndlun þannig að allt efnið hitnaði í a.m.k. 90 °C,

b) ef um er að ræða mjólk og afurðir sem eru að stofni til úr mjólk:

i. ef þær eru frá þriðju löndum eða hlutum þriðju landa, sem eru tilgreind í B-dálki I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 605/2010 ([3]), hafa þær verið nægilega gerilsneyddar til að kalla fram neikvæða svörun við fosfatasaprófun,

ii. ef þær eru frá þriðju löndum eða hlutum þriðju landa, sem eru tilgreind í C-dálki I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 605/2010, með pH-gildi sem hefur verið lækkað niður fyrir 6, hafa þær fyrst verið nægilega gerilsneyddar til að kalla fram neikvæða svörun við fosfatasaprófun,

iii. ef þær eru frá þriðju löndum eða hlutum þriðju landa, sem eru tilgreind í C-dálki I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 605/2010, hafa þær farið í gegnum dauðhreinsunarferli eða tvöfalda hitameðhöndlun þar sem hvor meðhöndlun um sig nægði til að kalla fram neikvæða svörun við fosfatasaprófun,

iv. ef þær eru frá þriðju löndum eða hlutum þriðju landa, sem eru tilgreind í C-dálki I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 605/2010, þar sem komið hafa upp tilvik gin- og klaufaveiki á næstliðnum 12 mánuðum eða bólusetning gegn gin- og klaufaveiki hefur farið fram á næstliðnum 12 mánuðum, hafa þær verið meðhöndlaðar

annaðhvort

— með dauðhreinsunarferli þar sem Fc-gildi, sem er jafnt eða hærra en 3, næst

eða

— með upphaflegri hitameðhöndlun þar sem hitahrifin jafngilda a.m.k. þeim sem nást með gerilsneyðingu við a.m.k. 72 °C í a.m.k. 15 sekúndur og nægir til að framkalla neikvæða svörun við fosfatasaprófun, sem er svo fylgt eftir með

annaðhvort

— annarri hitameðhöndlun þar sem hitahrifin jafngilda a.m.k. þeim sem nást í upphaflegu hitameð-höndluninni og sem nægðu til að kalla fram neikvæða svörun við fosfatasaprófun, sem er svo fylgt eftir, ef um er að ræða þurrmjólk eða afurðir sem eru að stofni til úr þurrmjólk með þurrkun

eða

— sýrandi ferli þannig að pH-gildinu hafi verið haldið undir 6 í a.m.k. eina klukkustund,

c) ef um er að ræða gelatín, var framleitt með aðferð sem tryggir að óunnið efni í 3. flokki sé meðhöndlað með sýru eða basa og síðan skolun í eitt eða fleiri skipti, sem felur í sér sýrustigsstillingu og því næst útdrætti með hitun í eitt eða fleiri skipti í röð, ef nauðsyn krefur, og því næst hreinsun með síun og dauðhreinsun,

d) ef um er að ræða vatnsrofið prótín, var framleitt með framleiðsluferli sem felur í sér viðeigandi ráðstafanir til að lágmarka mengun í hráefni í 3. flokki og, ef um er að ræða vatnsrofin prótín, sem eru alveg eða að hluta til úr húðum og skinnum jórturdýra sem eru framleidd í vinnslustöð sem eingöngu er ætluð til framleiðslu á vatnsrofnum prótínum, einungis úr efni með mólþyngd undir 10 000 daltonum og með ferli sem felur í sér aðskilnað hráefna í 3. flokki með söltun, kölkun og vandlegri skolun og að því búnu:

i. með því að láta efnið vera við pH-gildi yfir 11 í meira en þrjár klukkustundir við hita, sem er yfir 80 °C, og síðan skal það hitað í yfir 140 °C í 30 mínútur við meira en 3,6 bara þrýsting eða

LAND: **Unnið gæludýrafóður, þó ekki í dósum**

II. **Heilsufarsupplýsingar**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

ii. með því að láta efnið vera við pH-gildi 1 til 2, síðan við pH-gildi yfir 11 og loks hitað í 140 °C í 30 mínútur við 3 bara þrýsting,

e) ef um er að ræða eggjaafurðir, voru unnar með einni af vinnsluaðferðum 1 til 5 eða 7, eins og um getur í III. kafla IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, eða meðhöndlaðar í samræmi við II. kafla X. þáttar III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 ([4]),

f) ef um er að ræða kollagen, var unnið með aðferð sem tryggir að óunnið efni í 3. flokki sé meðhöndlað með þvotti, sýrustigsstillingu með sýru eða basa og því næst skolun í eitt eða fleiri skipti, síun og útdrætti en notkun á rotvarnarefnum, öðrum en þeim sem leyfð eru í löggjöf Sambandsins, er bönnuð,

g) ef um er að ræða blóðafurðir, voru framleiddar með einni af vinnsluaðferðum 1 til 5 eða 7, eins og um getur í III. kafla IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011,

h) ef um er að ræða unnið prótín úr spendýrum, var unnið með einni af vinnsluaðferðum 1 til 5 eða 7 og, ef um er að ræða svínablóð, unnið með einni af vinnsluaðferðum 1 til 5 eða 7, að því tilskildu að ef um er að ræða vinnsluaðferð 7 sé beitt hitameðhöndlun þannig að allt efnið hitni í a.m.k. 80 °C,

i) ef um er að ræða unnið prótín af öðrum dýrum en spendýrum, þó ekki fiskimjöl, var unnið með einni af vinnsluaðferðum 1 til 5 eða 7, eins og um getur í III. kafla IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011,

j) ef um er að ræða fiskimjöl, var unnið með einni af vinnsluaðferðunum eða með aðferð og vinnslubreytum sem tryggja að afurðirnar uppfylli örverufræðilega staðla fyrir afleiddar afurðir sem settir eru fram í I. kafla X. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011,

k) ef um er að ræða brædda fitu, þ.m.t. fisklýsi, var unnið með einni af vinnsluaðferðum 1 til 5 eða 7 (og vinnsluaðferð 6 ef um er að ræða fisklýsi) eins og um getur í III. kafla IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 eða framleidd í samræmi við II. kafla XII. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004; brædd fita af jórturdýrum skal hreinsuð þannig að hámarksmagn óleysanlegra óhreininda sé ekki meira en 0,15% miðað við þyngd,

l) ef um er að ræða tvíkalsíumfosfat, var framleitt með vinnsluferli sem

i. tryggir að allt efni úr beinum í 3. flokki sé mulið smátt, fituhreinsað með heitu vatni og meðhöndlað með þynntri saltsýru (með 4% styrkleika að lágmarki og lægra pH-gildi en 1,5) í minnst tvo daga,

ii. meðhöndlar fosfórríkan vökvann, í kjölfar ferlisins í i. lið, með kalki þannig að tvíkalsíumfosfat falli út við pH-gildi 4–7 og

iii. loftþurrkar loks tvíkalsíumfosfatsbotnfallið við inntakshitastig á bilinu 65 °C til 325 °C og endanlegt hitastig á bilinu 30 °C til 65 °C,

m) ef um er að ræða þríkalsíumfosfat, var framleitt með vinnsluferli sem tryggir

i. að allt efni úr beinum í 3. flokki sé mulið smátt og fituhreinsað í gagnstreymi með heitu vatni (beinflísar skulu vera minni en 14 mm),

ii. samfellda gufusuðu við 145 °C í 30 mínútur við 4 bara þrýsting,

iii. að prótínseyðið sé aðskilið frá hýdroxýapatítinu (þríkalsíumfosfatinu) með skiljun og

iv. að kyrning á þríkalsíumfosfatinu eigi sér stað að lokinni þurrkun í vökvaundirstöðu við 200 °C lofthita,

n) ef um er að ræða bragðbætandi innyflaafurðir, voru framleiddar samkvæmt aðferð við meðhöndlun og vinnslubreytum sem tryggja að afurðin uppfylli örverufræðilegu staðlana sem um getur í lið II.4.]

([2]) eða [fékk meðhöndlun, s.s. þurrkun eða gerjun, sem lögbært yfirvald hefur leyft,]

([2]) eða [ef um er að ræða vatna- og landhryggleysingja aðra en tegundir sem valda sjúkdómum hjá mönnum eða dýrum, fengið meðhöndlun sem lögbært yfirvald hefur leyft og sem tryggir að gæludýrafóðrið skapi enga óviðunandi áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra,]

II.4. hefur verið greint, með því að taka a.m.k. fimm slembisýni úr hverri vinnslulotu í geymslu eða strax að lokinni geymslu í vinnslustöðinni, og uppfyllir eftirfarandi staðla ([5]):

Salmonella: finnst ekki í 25g: n = 5, c = 0, m = 0, M = 0,

Iðrabakteríur: n = 5, c = 2, m = 10, M = 300 í 1 g,

LAND: **Unnið gæludýrafóður, þó ekki í dósum**

II.	**Heilsufarsupplýsingar**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

II.5. allar varúðarráðstafanir hafa verið gerðar til að komast hjá því að sjúkdómsvaldar mengi afurðina að lokinni meðhöndlun,

II.6. var pakkað í nýjar umbúðir sem, ef gæludýrafóðrið er ekki sent í söluumbúðum þar sem skýrt er tekið fram að innihaldið sé eingöngu ætlað sem gæludýrafóður, eru merktar með miðum sem á stendur „ÓHÆFT TIL MANNELDIS“,

II.7.

(2) annaðhvort [afurðin inniheldur ekki og er ekki fengin úr sérstöku áhættuefni, eins og skilgreint er í V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 ([6]), eða vélúrbeinuðu kjöti sem fengið er af beinum úr nautgripum, sauðfé eða geitum og að dýrunum, sem þessi afurð er úr hefur ekki verið slátrað eftir deyfingu með gasi, sem er sprautað inn í kúpuholið, eða þau verið aflífuð með sömu aðferð eða þeim verið slátrað með því að tæta vef miðtaugakerfisins í sundur með ílöngu, staflaga verkfæri, sem er stungið inn í kúpuholið,]

(2) eða [afurðin inniheldur ekki og er ekki fengin úr efni úr nautgripum, sauðfé eða geitum, öðru en því sem fengið er úr dýrum sem voru fædd og síðan alin samfellt frá burði og slátrað í landi eða á landsvæði, sem með ákvörðun, sem er tekin í samræmi við 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 999/2001, er flokkað sem land eða landsvæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg.]

II.8. þar að auki, að því er varðar smitandi svampheilakvilla:

(2) annaðhvort [ef um er að ræða aukaafurðir úr dýrum, sem eru ætlaðar til að fóðra jórturdýr og innihalda mjólk eða mjólkurafurðir úr sauðfé eða geitum, hefur sauðfénu og geitunum, sem þessar afurðir eru úr, verið haldið samfellt frá fæðingu eða næstliðin þrjú ár á búijörð þar sem ekki eru opinberar takmarkanir á flutningi vegna gruns um smitandi svampheilakvilla og þar sem eftirfarandi kröfur hafa verið uppfylltar næstliðin þrjú ár:

i. búijörðin hefur sætt reglubundnu, opinberu heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum,

ii. ekkert tilvik af dæmigerðri riðuveiki, eins og skilgreint er í g-lið 2. liðar I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001, hefur greinst eða, eftir að tilvik af dæmigerðri riðuveiki hefur verið staðfest:

— öll dýr, sem staðfest var að væru með dæmigerða riðuveiki, hafa verið aflífuð og þeim eytt og

— allt sauðfé og geitur á búijörðinni hafa verið aflífuð og þeim eytt, að frátöldum hrútum til undaneldis sem eru með arfgerðina ARR/ARR og ám til undaneldis sem eru með a.m.k. eina ARR-genasamsætu en enga VRQ-genasamsætu,

iii. að frátöldu sauðfé af príonarfgerð ARR/ARR má því aðeins koma með sauðfé og geitur inn á búijörðina að þau komi frá búijörð sem uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í i. og ii. lið.]

(2) eða [ef um er að ræða aukaafurðir úr dýrum, sem eru ætlaðar til að fóðra jórturdýr og innihalda mjólk eða mjólkurafurðir úr sauðfé eða geitum og ætlunin er að senda til aðildarríkis sem tilgreint er í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 546/2006 ([7]), hefur sauðfénu og geitunum, sem þessar afurðir eru úr, verið haldið samfellt frá fæðingu eða næstliðin sjö ár á búijörð þar sem ekki eru opinberar takmarkanir á flutningi vegna gruns um smitandi svampheilakvilla og þar sem eftirfarandi kröfur hafa verið uppfylltar næstliðin sjö ár:

i. búijörðin hefur sætt reglubundnu, opinberu heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum,

ii. ekkert tilvik af dæmigerðri riðuveiki, eins og skilgreint er í g-lið 2. liðar I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001, hefur greinst eða, eftir að tilvik af dæmigerðri riðuveiki hefur verið staðfest:

— öll dýr, sem staðfest var að væru með dæmigerða riðuveiki, hafa verið aflífuð og þeim eytt og

— allt sauðfé og geitur á búijörðinni hafa verið aflífuð og þeim eytt, að frátöldum hrútum til undaneldis sem eru með arfgerðina ARR/ARR og ám til undaneldis sem eru með a.m.k. eina ARR-genasamsætu en enga VRQ-genasamsætu,

iii. að frátöldu sauðfé af príonarfgerð ARR/ARR má því aðeins koma með sauðfé og geitur inn á búijörðina að þau komi frá búijörð sem uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í i. og ii. lið.]

Athugasemdir

I. hluti:

— Reitur I.6: Einstaklingur sem er ábyrgur fyrir sendingunni í Evrópusambandinu: þennan reit á eingöngu að fylla út ef um er að ræða vottorð fyrir umflutningsvöru; það má fylla hann út ef vottorðið er fyrir innflutningsvöru.

— Reitur I.12: Viðtökustaður: þennan reit á eingöngu að fylla út ef um er að ræða vottorð fyrir umflutningsvöru. Afurðir sem eru í umflutningi má eingöngu geyma á frísvæðum, í frígeymslum og í tollvörugeymslum.

LAND: **Unnið gæludýrafóður, þó ekki í dósum**

II. **Heilsufarsupplýsingar**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

— Reitur I.15: Gefa skal upp skráningarnúmer (járnbrautarvagnar eða gámar og vöruflutningabifreiðar), flugnúmer (loftfar) eða heiti (skip). Ef til af- og endurfermingar kemur skal sendandi upplýsa skoðunarstöðina á landamærum á komustað inn í Evrópusambandið um það.

— Reitur I.19: Nota skal viðeigandi kóða samræmdu tollskrárinnar (ST) undir eftirfarandi fyrirsögnum: 04.08, 05.04, 05.05, 05.11, 15.01, 15.02, 15.03, 15.04, 23.01, 23.09 eða 35.02.

— Reitur I.23: tilgreina skal gámanúmer og innsiglisnúmer (ef við á), ef um er að ræða gáma fyrir efni í lausu.

— Reitur I.25: tæknileg notkun: öll notkun önnur en til fóðrunar dýra.

— Reitir I.26 og I.27: fyllið út eftir því hvort um er að ræða umflutnings- eða innflutningsvottorð.

— Reitur I.28: Tegund: veljið á milli eftirfarandi: Aves, Mammalia - Ruminantia, Pesca, Mollusca, Crustacea, Invertebrata.

  — Einstaklingsbundið númer sem gerir kleift að rekja upprunastað þeirra. Tilgreinið auðkenningarkerfi (s.s. merki, húðflúr, brennimerki, örflögu, merkissvara).

  — Eyrnamerki sem m.a. ber ISO-kóða útflutningslandsins. Einstaklingsbundna númerið skal gera það kleift að rekja upprunastað þeirra.

II. hluti:

([1a]) Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

([1b]) Stjtíð. ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1.

([2]) Strikið yfir það sem á ekki við.

([3]) Stjtíð. ESB L 175, 10.7.2010, bls. 1.

([4]) Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55.

([5]) þar sem:

n = fjöldi sýna sem prófa skal,

m = viðmiðunargildi fyrir fjölda baktería; niðurstöðurnar teljast fullnægjandi ef fjöldi baktería í öllum sýnunum fer ekki yfir m,

M = hámarksgildi fyrir fjölda baktería; niðurstöðurnar teljast ófullnægjandi ef fjöldi baktería í einu eða fleiri sýnum er M eða meira og

c = fjöldi sýna þar sem fjöldi baktería getur verið milli m og M en sýnið telst engu að síður fullnægjandi ef fjöldi baktería í öðrum sýnum er m eða þar undir.

([6]) Stjtíð. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

([7]) Stjtíð. ESB L 94, 1.4.2006, bls. 28.

– Undirskrift og stimpill skulu vera í öðrum lit en prentaður texti.

– Athugasemd til einstaklingsins sem er ábyrgur fyrir sendingunni í Evrópusambandinu: Þetta vottorð varðar aðeins heilbrigði dýraafurða og verður að fylgja sendingunni þar til hún kemur í skoðunarstöð á landamærum.

Opinber dýralæknir eða opinber skoðunarmaður

Nafn (með hástöfum): Menntun, hæfi og titill:

Dagsetning: Undirskrift:

Stimpill.“

b) í stað D-liðar 3. kafla komi eftirfarandi:

„D-LIÐUR 3. KAFLA

Heilbrigðisvottorð

Fyrir hrátt gæludýrafóður til beinnar sölu eða aukaafurðir úr dýrum, ætlaðar í fóður handa loðdýrum, vegna sendingar til eða umflutnings ([2]) um Evrópusambandið

LAND

Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir sem eru flutt inn til ESB

I. hluti: Upplýsingar um vörusendingu

I.1. Sendandi Heiti Heimilisfang Sími			I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs	I.2.a.
			I.3. Lögbært stjórnvald	
			I.4. Lögbært staðaryfirvald	
I.5. Viðtakandi Heiti Heimilisfang Póstnúmer Sími			I.6. Einstaklingur sem er ábyrgur fyrir farminum í ESB Heiti Heimilisfang Póstnúmer Sími	
I.7. Upprunaland	ISO-kóði	I.8. Upprunasvæði Kóði	I.9. Viðtökuland ISO-kóði	I.10. Viðtökusvæði Kóði
I.11. Upprunastaður Heiti Heimilisfang	Samþykkisnúmer		I.12 Viðtökustaður Heiti Heimilisfang Póstnúmer	Tollvörugeymsla ☐ Samþykkisnúmer
Heiti Heimilisfang	Samþykkisnúmer			
Heiti Heimilisfang	Samþykkisnúmer			
I.13. Fermingarstaður			I.14. Brottfarardagur	
I.15. Flutningatæki Flugvél ☐ Skip ☐ Járnbrautarvagn ☐ Ökutæki ☐ Annað ☐ Auðkenning Tilvísun í skjöl			I.16. Skoðunarstöð á landamærum við komu til ESB	
			I.17.	
I.18. Lýsing á vöru			I.19. Vörunúmer (ST-númer)	
				I.20. Magn
I.21. Hitastig afurðar Við umhverfishita ☐ Kældar ☐ Frystar ☐				I.22. Fjöldi pakkninga
I.23. Nr. innsiglis/gáms				I.24. Tegund umbúða
I.25. Vörur sem eru vottaðar: Sem fóður ☐ Til tæknilegra nota ☐				
I.26. Til umflutnings gegnum ESB til þriðja lands ☐ Þriðja land ISO-kóði			I.27. Til innflutnings eða inntöku í ESB ☐	

I.28. Auðkenning varanna

Tegund (vísindaheiti)	Tegund vöru	Samþykkisnúmer starfsstöðva Framleiðslufyrirtæki	Eigin þyngd	Númer framleiðslulotu

LAND:

Hrátt gæludýrafóður til beinnar sölu eða aukaafurðir úr dýrum til fóðrunar loðdýra

II. hluti: Vottorð

II. **Upplýsingar um heilbrigði**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

Ég, undirritaður, opinber dýralæknir, lýsi því yfir að ég hef lesið og skilið reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 ([1a]), einkum 10. gr. hennar, og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 ([1b]), einkum II. kafla XIII. viðauka og II. kafla XIV. viðauka, og votta að hrátt gæludýrafóður eða aukaafurðir úr dýrum sem lýst er hér að framan:

II.1. samanstanda af aukaafurðum úr dýrum sem uppfylla heilbrigðiskröfurnar hér á eftir,

II.2. samanstanda af aukaafurðum úr dýrum sem eru:

a) úr kjöti sem uppfyllir viðeigandi kröfur varðandi heilbrigði dýra og manna sem mælt er fyrir um í:

— reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2010 ([3]) og að því tilskildu að dýrin, sem kjötið er af, komi frá þriðju löndum, af yfirráðasvæðum eða hlutum þeirra.....(ISO-kóði ef um er að ræða land eða kóðar fyrir yfirráðasvæði eða hluta þeirra),

— og/eða reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 798/2008 ([4]) og að því tilskildu að dýrin, sem kjötið er af, komi frá þriðju löndum, af yfirráðasvæðum eða hlutum þeirra.....(ISO-kóði ef um er að ræða land eða kóðar fyrir yfirráðasvæði eða hluta þeirra), eins og tilgreint er í þeirri reglugerð, sem hafa verið laus við Newcastle-veiki og fuglainflúensu næstliðna 12 mánuði,

— og/eða reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 119/2009 ([5]) og að því tilskildu að dýrin, sem kjötið er af, komi frá þriðju löndum, af yfirráðasvæðum eða hlutum þeirra.....(ISO-kóði ef um er að ræða land eða kóðar fyrir yfirráðasvæði eða hluta þeirra), eins og tilgreint er í þeirri reglugerð, sem hafa verið laus við gin- og klaufaveiki, nautapest, svínapest, afríkusvínapest, svínafár, Newcastle-veiki og fuglainflúensu næstliðna 12 mánuði og á sama tímabili hefur engin bólusetning gegn þessum sjúkdómum átt sér stað (eingöngu eins og við á að því er varðar smitnæmar tegundir),

b) af dýrum sem hafa staðist heilbrigðisskoðun í sláturhúsi á næstliðnum 24 klukkustundum fyrir slátrun og sýna engin einkenni um sjúkdómana, sem um getur í reglugerðunum sem mælt er fyrir um í a-lið, sem dýrin eru næm fyrir og

c) af dýrum sem hafa verið meðhöndluð í sláturhúsi fyrir og við slátrun eða aflífun í samræmi við viðkomandi ákvæði tilskipunar ráðsins 93/119/EB ([6]) um vernd dýra við slátrun eða dráp eða

d) ef um er að ræða fóður fyrir loðdýr, sem er fengið úr lagardýrum sem uppfylla viðeigandi kröfur varðandi heilbrigði dýra og manna, sem mælt er fyrir um í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/766/EB ([7]), koma frá löndum eða yfirráðasvæðum þeirra ..... (ISO-kóði) sem skráð eru í II. viðauka við þá ákvörðun,

II.3.1. samanstanda eingöngu af eftirtöldum aukaafurðum úr dýrum sem eru:

a) skrokkar og skrokkhlutar sláturdýra eða, ef um er að ræða veiðidýr, skrokkar eða skrokkhlutar dýra sem hafa verið felld, sem eru hæfir til manneldis í samræmi við löggjöf Sambandsins, en eru ekki ætlaðir til manneldis af viðskiptalegum ástæðum og

b) hlutar sláturdýra sem er hafnað og taldir óhæfir til manneldis en sýna engin einkenni um sjúkdóma, sem geta smitast í menn eða önnur dýr, og eru úr skrokkum sem eru taldir hæfir til manneldis í samræmi við löggjöf Sambandsins,

II.3.2. ef um er að ræða fóður fyrir loðdýr til viðbótar við lið II.3.1, samanstanda einnig af eftirfarandi aukaafurðum úr dýrum:

([2]) annaðhvort [- aukaafurðir úr alifuglum og nörturum sem er slátrað á býli, eins og um getur í d-lið 3. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004, sem ekki sýndu nein merki um sjúkdóma sem geta smitast í menn eða dýr,]

([2]) og/eða [- blóð dýra sem ekki sýndu nein merki um sjúkdóm sem getur smitast í menn eða dýr með blóði, fengið úr dýrum, öðrum en jórturdýrum, sem hefur verið slátrað í sláturhúsi og sem voru talin hæf til manneldis að lokinni skoðun fyrir slátrun í samræmi við löggjöf Sambandsins,]

([2]) og/eða [- aukaafurðir úr dýrum sem falla til við framleiðslu afurða sem eru ætlaðar til manneldis, þ.m.t. fituhreinsuð bein, hamsar og seyra úr skilvindum eða skiljum frá mjólkurvinnslu,]

([2]) og/eða [- afurðir úr dýraríkinu eða matvæli sem innihalda afurðir úr dýraríkinu, sem eru ekki lengur ætluð til manneldis af viðskiptalegum ástæðum eða vegna vanda sem rekja má til galla við framleiðslu eða pökkun eða annarra galla sem skapa ekki hættu fyrir heilbrigði manna eða dýra,]

([2]) og/eða [- gæludýrafóður og fóður úr dýraríkinu eða fóður sem inniheldur aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir, sem eru ekki lengur ætlaðar til manneldis af viðskiptalegum ástæðum eða vegna vanda sem rekja má til galla við framleiðslu eða pökkun eða annarra galla sem skapa ekki hættu fyrir heilbrigði manna eða dýra,]

([2]) og/eða [- blóð, fylgjur, ull, fjaðrir, hár, horn, afskurður af hófum og klaufum og hrámjólk úr lifandi dýrum sem ekki sýndu nein merki um sjúkdóma sem geta borist með viðkomandi afurð í menn eða dýr,]

([2]) og/eða [- lagardýr og hlutar slíkra dýra, annarra en sjávarspendýra, sem ekki sýndu nein merki um sjúkdóma sem geta smitast í menn eða dýr,]

LAND **Hrátt gæludýrafóður til beinnar sölu eða aukaafurðir úr dýrum til fóðrunar loðdýra**

II.	**Heilsufarsupplýsingar**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

([2]) og/eða [- aukaafurðir úr lagardýrum sem koma frá fyrirtækjum eða stöðvum sem framleiða afurðir til manneldis,]

([2]) og/eða [- eftirfarandi efni úr dýrum sem sýndu engin merki um sjúkdóm sem getur borist með því efni í menn eða dýr:

i. skeljar af skelfiski með mjúkvefjum eða kjöti,

ii. eftirfarandi efni úr landdýrum:

— aukaafurðir frá útungunarstöðvum,

— egg,

— eggjaafurðir, þ.m.t. eggjaskurn,

iii. dagsgamlir ungar sem eru aflífaðir af viðskiptalegum ástæðum,]

([2]) og/eða [- aukaafurðir úr vatna- eða landhryggleysingjum öðrum en tegundum sem valda sjúkdómum hjá mönnum eða dýrum,]

([2]) og/eða [- dýr af ættbálkum nagdýra (Rodentia) og nartara (Lagomorpha), og skrokkhlutar þeirra, að undanskildu efni í 1. flokki eins og um getur í iii., iv. og v. lið a-liðar 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 og efni í 2. flokki eins og um getur í a- til g-lið 9. gr. sömu reglugerðar]

II.4. hafa fengist og verið tilreiddar án þess að komast í snertingu við annað efni sem uppfyllir ekki þau skilyrði sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1069/2009 og verið meðhöndlaðar þannig að komist var hjá því að sjúkdómsvaldar menguðu þær,

II.5. hafa verið settar í lokaumbúðir með merkimiðum sem á stendur „HRÁTT GÆLUDÝRAFÓÐUR – ÓHÆFT TIL MANNELDIS“ eða „AUKAAFURÐIR ÚR DÝRUM Í FÓÐUR HANDA LOÐDÝRUM – ÓHÆFT TIL MANNELDIS“ og síðan í þétta og opinberlega innsiglaða kassa/gáma eða í nýjar umbúðir sem leka ekki og opinberlega innsiglaða kassa/gáma með merkimiðum sem á stendur „HRÁTT GÆLUDÝRAFÓÐUR – ÓHÆFT TIL MANNELDIS“ eða „AUKAAFURÐIR ÚR DÝRUM Í FÓÐUR HANDA LOÐDÝRUM – ÓHÆFT TIL MANNELDIS“, ásamt heiti og heimilisfangi viðtökustöðvarinnar,

II.6. ef um er að ræða hrátt gæludýrafóður:

a) hefur verið framleitt og geymt í stöð, sem hefur verið samþykkt og verið undir eftirliti af hálfu lögbærs yfirvalds í samræmi við 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 og

b) hefur verið greint með því að taka a.m.k. fimm slembisýni úr hverri lotu í geymslu (fyrir sendingu) og uppfyllir eftirfarandi staðla ([8]):

Salmonella: finnst ekki í 25 g: n=5, c=0, m=0, M=0,

Iðrabakteríur: n=5, c=2, m=10, M=300 í 1 g,

II.7.

([2]) annaðhvort [afurðin inniheldur ekki og er ekki fengin úr sérstöku áhættuefni, eins og skilgreint er í V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 ([9]), eða vélúrbeinuðu kjöti sem fengið er af beinum úr nautgripum, sauðfé eða geitum og að dýrunum, sem þessi afurð er úr hefur ekki verið slátrað eftir deyfingu með gasi, sem er sprautað inn í kúpuholið, eða þau verið aflífuð með sömu aðferð eða þeim verið slátrað með því að tæta vef miðtaugakerfisins í sundur með ílöngu, staflaga verkfæri, sem er stungið inn í kúpuholið,]

([2]) eða [afurðin inniheldur ekki og er ekki fengin úr efni úr nautgripum, sauðfé eða geitum, öðru en því sem fengið er úr dýrum sem voru fædd og síðan alin samfellt frá burði og slátrað í landi eða á landsvæði, sem með ákvörðun, sem er tekin í samræmi við 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 999/2001, er flokkað sem land eða landsvæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg,]

II.8. þar að auki, að því er varðar smitandi svampheilakvilla:

([2]) annaðhvort [ef um er að ræða aukaafurðir úr dýrum, sem eru ætlaðar til að fóðra jórturdýr og innihalda mjólk eða mjólkurafurðir úr sauðfé eða geitum, hefur sauðfénu og geitunum, sem þessar afurðir eru úr, verið haldið samfellt frá fæðingu eða næstliðin þrjú ár á bújörð þar sem ekki eru opinberar takmarkanir á flutningi vegna gruns um smitandi svampheilakvilla og þar sem eftirfarandi kröfur hafa verið uppfylltar næstliðin þrjú ár:

i. bújörðin hefur sætt reglubundnu, opinberu heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum,

ii. ekkert tilvik af dæmigerðri riðuveiki, eins og skilgreint er í g-lið 2. liðar I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001, hefur greinst eða, eftir að tilvik af dæmigerðri riðuveiki hefur verið staðfest:

– öll dýr, sem staðfest var að væru með dæmigerða riðuveiki, hafa verið aflífuð og þeim eytt og

– allt sauðfé og geitur á bújörðinni hafa verið aflífuð og þeim eytt, að frátöldum hrútum til undaneldis sem eru með arfgerðina ARR/ARR og ám til undaneldis sem eru með a.m.k. eina ARR-genasamsætu en enga VRQ-genasamsætu,

iii. að frátöldu sauðfé af príonarfgerð ARR/ARR má því aðeins koma með sauðfé og geitur inn á bújörðina að þau komi frá bújörð sem uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í i. og ii. lið.]

LAND **Hrátt gæludýrafóður til beinnar sölu eða aukaafurðir úr dýrum til fóðrunar loðdýra**

II. **Heilsufarsupplýsingar**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

([2]) eða [ef um er að ræða aukaafurðir úr dýrum, sem eru ætlaðar til að fóðra jórturdýr og innihalda mjólk eða mjólkurafurðir úr sauðfé eða geitum og ætlunin er að senda til aðildarríkis sem tilgreint er í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 546/2006 ([10]), hefur sauðfénu og geitunum, sem þessar afurðir eru úr, verið haldið samfellt frá fæðingu eða næstliðin sjö ár á bújörð þar sem ekki eru opinberar takmarkanir á flutningi vegna gruns um smitandi svampheilakvilla og þar sem eftirfarandi kröfur hafa verið uppfylltar næstliðin sjö ár:

i. bújörðin hefur sætt reglubundnu, opinberu heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum,

ii. ekkert tilvik af dæmigerðri riðuveiki, eins og skilgreint er í g-lið 2. liðar I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001, hefur greinst eða, eftir að tilvik af dæmigerðri riðuveiki hefur verið staðfest:

– öll dýr, sem staðfest var að væru með dæmigerða riðuveiki, hafa verið aflífuð og þeim eytt og

– allt sauðfé og geitur á bújörðinni hafa verið aflífuð og þeim eytt, að frátöldum hrútum til undaneldis sem eru með arfgerðina ARR/ARR og ám til undaneldis sem eru með a.m.k. eina ARR-genasamsætu en enga VRQ-genasamsætu,

iii. að frátöldu sauðfé af príonarfgerð ARR/ARR má því aðeins koma með sauðfé og geitur inn á bújörðina að þau komi frá bújörð sem uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í i. og ii. lið.]

Athugasemdir

I. hluti:

— Reitur I.6: Einstaklingur sem er ábyrgur fyrir sendingunni í Evrópusambandinu: þennan reit á eingöngu að fylla út ef um er að ræða vottorð fyrir umflutningsvöru; það má fylla hann út ef vottorðið er fyrir innflutningsvöru.

— Reitur I.12: Viðtökustaður: þennan reit á eingöngu að fylla út ef um er að ræða vottorð fyrir umflutningsvöru. Afurðir sem eru í umflutningi má eingöngu geyma á frísvæðum, í frígeymslum og í tollvörugeymslum.

— Reitur I.15: Gefa skal upp skráningarnúmer (járnbrautarvagnar eða gámar og vöruflutningabifreiðar), flugnúmer (loftfar) eða heiti (skip). Ef til af- og endurfermingar kemur skal sendandi upplýsa skoðunarstöðina á landamærum á komustað inn í Evrópusambandið um það.

— Reitur I.19: Nota skal viðeigandi kóða samræmdu tollskrárinnar (ST) undir eftirfarandi fyrirsögn: 05.11.

— Reitur I.23: tilgreina skal gámanúmer og innsiglisnúmer (ef við á), ef um er að ræða gáma fyrir efni í lausu.

— Reitur I.25: tæknileg notkun: öll notkun önnur en til fóðrunar dýra.

— Reitir I.26 og I.27: fyllið út eftir því hvort um er að ræða umflutnings- eða innflutningsvottorð.

— Reitur I.28:

Eðli verslunarvöru: veljið hrátt gæludýrafóður eða aukaafurð úr dýrum.

Ef um er að ræða hráefni til framleiðslu á hráu gæludýrafóðri skal tilgreina vísindaheiti tegundarinnar.

Ef um er að ræða hráefni til framleiðslu á loðdýrafóðri skal velja á milli eftirfarandi: Aves, Ruminantia, Mammalia - Ruminantia, Pesca, Mollusca, Crustacea, Invertebrata.

II. hluti:

([1a]) Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

([1b]) Stjtíð. ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1.

([2]) Strikið yfir það sem á ekki við.

([3]) Stjtíð. ESB L 73, 20.3.2010, bls. 1.

([4]) Stjtíð. ESB L 226, 23.8.2008, bls. 1.

([5]) Stjtíð. ESB L 39, 10.2.2009, bls. 12.

LAND **Hrátt gæludýrafóður til beinnar sölu eða aukaafurðir úr dýrum til fóðrunar loðdýra**

II. **Heilsufarsupplýsingar**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

([6]) Stjtíð. EB L 340, 31.12.1993, bls. 21.

([7]) Stjtíð. ESB L 320, 18.11.2006, bls. 53.

([8]) þar sem:

n = fjöldi sýna sem prófa skal,

m = viðmiðunargildi fyrir fjölda baktería; niðurstöðurnar teljast fullnægjandi ef fjöldi baktería í öllum sýnunum fer ekki yfir m,

M = hámarksgildi fyrir fjölda baktería; niðurstöðurnar teljast ófullnægjandi ef fjöldi baktería í einu eða fleiri sýnum er M eða meira og

c = fjöldi sýna þar sem fjöldi baktería getur verið milli m og M en sýnið telst engu að síður fullnægjandi ef fjöldi baktería í öðrum sýnum er m eða þar undir.

([9]) Stjtíð. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

([10]) Stjtíð. ESB L 94, 1.4.2006, bls. 28.

– Undirskrift og stimpill skulu vera í öðrum lit en prentaður texti.

– Athugasemd til einstaklingsins sem er ábyrgur fyrir sendingunni í Evrópusambandinu: Þetta vottorð varðar aðeins heilbrigði dýraafurða og verður að fylgja sendingunni þar til hún kemur í skoðunarstöð á landamærum.

Opinber dýralæknir eða opinber skoðunarmaður

Nafn (með hástöfum): Menntun, hæfi og titill:

Dagsetning: Undirskrift:

Stimpill.“

c) Í stað A-liðar 4. kafla komi eftirfarandi:

„A-LIÐUR 4. KAFLA

Heilbrigðisvottorð

Fyrir innflutning á blóði og blóðafurðum úr dýrum af hestaætt, til notkunar utan fóðurferlisins, vegna sendingar til eða umflutnings (2) um Evrópusambandið

LAND:

Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir sem eru flutt inn til ESB

I. hluti: Upplýsingar um vörusendingu

I.1. Sendandi Heiti Heimilisfang Sími			I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs	I.2.a.
			I.3. Lögbært stjórnvald	
			I.4. Lögbært staðaryfirvald	
I.5. Viðtakandi Heiti Heimilisfang Póstnúmer Sími			I.6. Einstaklingur sem er ábyrgur fyrir farminum í ESB Heiti Heimilisfang Póstnúmer Sími	
I.7. Uppruna-land	ISO-kóði	I.8. Upprunasvæði Kóði	I.9. Viðtökuland ISO-kóði	I.10. Viðtökusvæði Kóði
I.11. Upprunastaður Heiti Heimilisfang Heiti Heimilisfang Heiti Heimilisfang		Samþykkisnúmer Samþykkisnúmer Samþykkisnúmer	I.12 Viðtökustaður Heiti Heimilisfang Póstnúmer	Tollvörugeymsla ☐ Samþykkisnúmer
I.13. Fermingarstaður			I.14. Brottfarardagur	
I.15. Flutningatæki Flugvél ☐ Skip ☐ Járnbrautarvagn ☐ Ökutæki ☐ Annað ☐ Auðkenning Tilvísun í skjöl			I.16. Skoðunarstöð á landamærum við komu til ESB	
			I.17.	
I.18. Lýsing á vöru			I.19. Vörunúmer (ST-númer)	
				I.20. Magn
I.21. Hitastig afurðar Við umhverfishita ☐ Kældar ☐ Frystar ☐				I.22. Fjöldi pakkninga
I.23. Nr. innsiglis/gáms				I.24. Tegund umbúða
I.25. Vörur sem eru vottaðar: Til tæknilegra nota ☐				
I.26. Til umflutnings gegnum ESB til þriðja lands ☐ Þriðja land ISO-kóði			I.27. Til innflutnings eða inntöku í ESB ☐	
I.28. Auðkenning varanna Tegund (vísindaheiti)			Samþykkisnúmer starfsstöðva Framleiðslufyrirtæki	

LAND **Blóð og blóðafurðir úr dýrum af hestaætt til notkunar utan fóðurferlisins**

II. hluti: Vottorð

II.	**Upplýsingar um heilbrigði**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

Ég, undirritaður, opinber dýralæknir, lýsi því yfir að ég hef lesið og skilið reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 ([1a]), einkum c- og d-lið 8. gr. og 10. gr. hennar, og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 ([1b]), einkum IV. kafla XIII. viðauka, og votta að blóðið eða blóðafurðirnar úr dýrum af hestaætt sem lýst er hér að framan:

II.1. samanstanda af blóði eða blóðafurðum úr dýrum af hestaætt sem uppfylla heilbrigðiskröfurnar hér á eftir,

II.2. samanstanda eingöngu af blóði eða blóðafurðum úr dýrum af hestaætt sem hvorki eru ætlaðar til manneldis né í fóður,

II.3. eru fengnar úr dýrum frá aðildarríkjum ESB eða frá þriðja landi, yfirráðasvæði eða hluta þriðja lands, sem er tilgreint í dálkinum „Skrár yfir þriðju lönd" í 3. línu töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, þar sem eftirfarandi sjúkdómar eru tilkynningarskyldir: afríkuhrossapest, dúrín, sníf (Burkholderia mallei), heila- og mænubólga í hestum (allar tegundir, þ.m.t. venesúelaheila- og mænubólga í hestum), smitandi blóðleysi í hestum, munnblöðrubólga, hundaæði, miltisbrandur,

II.4. eru fengnar úr blóði úr dýrum af hestaætt, sem var safnað undir eftirliti dýralæknis í sláturhúsum sem hafa verið samþykkt í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 ([3]), í sláturhúsum sem lögbært yfirvald í landinu þar sem söfnunin fer fram hefur samþykkt og eru undir eftirliti þess og í starfsstöðvum sem lögbært yfirvald í landinu þar sem söfnunin fer fram hefur samþykkt til söfnunar á blóði úr dýrum af hestaætt til framleiðslu á blóðafurðum í öðrum tilgangi en til fóðrunar alidýra,

II.5. eru fengnar úr blóði sem var safnað úr dýrum af hestaætt:

II.5.1. sem við eftirlit á þeim degi sem blóðinu var safnað sýndu engin klínísk einkenni um neinn þeirra tilkynningarskyldu sjúkdóma, sem eru tilgreindir í I. viðauka við tilskipun ráðsins 2009/156/EB ([4]) og engin einkenni hestainflúensu, píróplasmósu í hestum, smitandi háls- og lungnakvefs í hestum og slagæðabólgu í hestum, sem eru tilgreindir í 4. lið gr. 1.2.3 í heilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigði sstofnunarinnar um landdýr, útgáfunni frá 2010,

II.5.2. sem hafa verið haldin, í a.m.k. 30 daga fyrir þann dag sem blóðsöfnunin fór fram og á meðan á henni stóð, á bújörðum sem eru undir eftirliti dýralækna og sem ekki sættu banni skv. 5. mgr. 4. gr. eða takmarkana vegna afríkuhrossapestar í samræmi við 5. gr. tilskipunar 2009/156/EB,

II.5.3. sem komust ekki í snertingu við dýr af hestaætt frá bújörð sem sætti banni af ástæðum sem varða heilbrigði dýra skv. 5. mgr. 4. gr. tilskipunar 2009/156/EB,

II.5.4. sem tímalengd bannsins, sem um getur í lið II.5.2 og II.5.3, hefur verið ákvörðuð fyrir sem hér segir:

([2]) annaðhvort [ef dýrum á bújörðinni af þeim tegundum sem eru næmar fyrir sjúkdómnum hefur ekki öllum verið slátrað skal banntímabilið vera a.m.k.:

- ef um er að ræða sníf (Burkholderia mallei): sex mánuðir frá þeim degi sem dýrum af hestaætt, sem voru smituð af sjúkdómnum, var slátrað,
- ef um er að ræða einhverja gerð heila- og mænubólgu í hestum, þ.m.t. venesúelaheila- og mænubólga í hestum: sex mánuðir frá þeim degi sem dýrum af hestaætt, sem voru smituð af sjúkdómnum, var slátrað,
- ef um er að ræða smitandi blóðleysi í hestum: fram að þeim degi þegar öllum sýktum dýrum hafði verið slátrað og eftirlifandi dýr sýndu neikvæða svörun í tveimur Coggins-prófunum sem gerðar voru með þriggja mánaða millibili,
- sex mánuðir frá þeim degi sem síðasta tilvik munnblöðrubólgu var skráð,
- einn mánuður frá þeim degi sem síðasta tilvik hundaæðis var skráð,
- 15 dagar frá þeim degi sem síðasta tilvik miltisbrands var skráð,]

([2]) eða [ef öllum dýrum á bújörðinni af þeim tegundum sem eru næmar fyrir sjúkdómnum hefur verið slátrað og athafnasvæðið sótthreinsað skal bannið standa í 30 daga frá þeim degi sem dýrunum var slátrað og athafnasvæðið sótthreinsað, nema um miltisbrand sé að ræða en þá skal bannið standa í 15 daga,]

II.6. blóðafurðirnar koma frá fyrirtæki eða stöð sem lögbært yfirvald þriðja landsins hefur samþykkt eða skráð og sem uppfyllir sértæku skilyrðin sem sett eru fram í 23. eða 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009,

II.7. blóðafurðirnar hafa verið framleiddar úr blóði sem uppfyllir skilyrðin sem um getur í lið II.4 og II.5 og

([2]) annaðhvort [hefur verið safnað úr dýrum af hestaætt sem hafa verið haldin í a.m.k. þrjá mánuði fram að söfnun, eða frá fæðingu ef þau eru yngri en þriggja mánaða, á bújörðum sem eru undir eftirliti dýralækna í landinu þar sem söfnunin fer fram og sem hafa, á því tímabili og þegar blóðsöfnunin fór fram, verið lausar við:

a) afríkuhrossapest í tvö ár,

LAND: **Blóð og blóðafurðir úr dýrum af hestaætt til notkunar utan fóðurferlisins**

II.	**Heilsufarsupplýsingar**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

b) venesúelaheila- og mænubólgu í hestum í a.m.k. 2 ár,

c) sníf

(2) annaðhvort [í þrjú ár,]

(2) eða [í sex mánuði ef dýrin hafa ekki sýnt nein klínísk einkenni um sníf við skoðun eftir slátrun í sláturhúsinu sem um getur í II.4, þ.m.t. nákvæm rannsókn á slímhúð barka, barkakýlis, nefhols og afholum nefs eftir að haus hefur verið klofinn eftir miðlínu og miðnesið fjarlægt,]

d) ef um er að ræða blóðafurðir aðrar en sermi og blóðvökva, munnblöðrubólgu í 6 mánuði,]]

(2) eða [hafa verið meðhöndlaðar með a.m.k. einni af eftirfarandi aðferðum til að óvirkja hugsanlega sjúkdómsvalda afríkuhrossapestar, allra tegunda heila- og mænubólgu í hestum, þ.m.t. venesúelaheila- og mænubólgu, smitandi blóðleysi, munnblöðrubólgu og sníf (Burkholderia mallei) og í kjölfarið fylgi könnun á árangri meðhöndlunarinnar:

(2) annaðhvort [hitameðhöndlun við 65 °C í a.m.k. þrjár klukkustundir,]

(2) og/eða [geislun með gammageislum við 25 kGy,]

(2) og/eða [breyting á pH-gildi í pH 5 í tvær klukkustundir,]

(2) og/eða [hitameðhöndlun þannig að allt efnið hitni í a.m.k. 80 °C,]]

II.8. allar varúðarráðstafanir hafi verið gerðar til að forðast að sjúkdómsvaldar mengi blóðið og blóðafurðirnar á meðan á framleiðslu, meðhöndlun og pökkun stendur,

II.9. blóði og blóðafurðum var pakkað í innsigluð og ógegndræp ílát sem eru merkt skýrum stöfum „ÓHÆFT TIL MANNELDIS EÐA Í DÝRAFÓÐUR" og bera:

a) samþykkisnúmer söfnunarstöðvarinnar ef um er að ræða blóð,

b) samþykkisnúmer framleiðslustöðvarinnar ef um er að ræða blóðafurðir,

II.10. afurðirnar voru geymdar í lokuðu rými.

Athugasemdir

I. hluti:

— Reitur I.6: Einstaklingur sem er ábyrgur fyrir sendingunni í Evrópusambandinu: þennan reit á eingöngu að fylla út ef um er að ræða vottorð fyrir umflutningsvöru; það má fylla hann út ef vottorðið er fyrir innflutningsvöru.

— Reitir I.11 og I.12: Samþykkisnúmer: skráningarnúmer fyrirtækisins eða stöðvarinnar, sem lögbært yfirvald hefur gefið út.

— Reitur I.12: Viðtökustaður: þennan reit á eingöngu að fylla út ef um er að ræða vottorð fyrir umflutningsvöru. Afurðir sem eru í umflutningi má eingöngu geyma á frísvæðum, í frígeymslum og í tollvörugeymslum.

— Reitur I.15: Gefa skal upp skráningarnúmer (járnbrautarvagnar eða gámar og vöruflutningabifreiðar), flugnúmer (loftfar) eða heiti (skip). Ef til af- og endurfermingar kemur skal sendandi upplýsa skoðunarstöðina á landamærum á komustað inn í Evrópusambandið um það.

— Reitur I.19: Nota skal viðeigandi kóða samræmdu tollskrárinnar (ST) undir eftirfarandi fyrirsögn: 30.02.

— Reitur I.23: tilgreina skal gámanúmer og innsiglisnúmer (ef við á), ef um er að ræða gáma fyrir efni í lausu.

— Reitur I.25: tæknileg notkun: öll notkun önnur en til fóðrunar dýra.

— Reitir I.26 og I.27: fyllið út eftir því hvort um er að ræða umflutnings- eða innflutningsvottorð.

— Reitur I.28:

a) Framleiðslufyrirtæki:

i. tilgreinið samþykkisnúmer skráðu söfnunarstöðvarinnar ef um er að ræða blóð,

ii. tilgreinið samþykkisnúmer framleiðslustöðvarinnar ef um er að ræða blóðafurðir,

b) Tegund: veljið á milli eftirfarandi: Equus cabalus, Equus asinus, Equus cabalus*asinus.

LAND: **Blóð og blóðafurðir úr dýrum af hestaætt til notkunar utan fóður-ferlisins**

II. **Heilsufarsupplýsingar**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

II. hluti:

([1a]) Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

([1b]) Stjtíð. ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1.

([2]) Strikið yfir það sem á ekki við.

([3]) Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55.

([4]) Stjtíð. ESB L 192, 23.7.2010, bls. 1.

— Undirskrift og stimpill skulu vera í öðrum lit en prentaður texti.

— Athugasemd til einstaklingsins sem er ábyrgur fyrir sendingunni í Evrópusambandinu: þetta vottorð varðar aðeins heilbrigði dýraafurða og verður að fylgja sendingunni þar til hún kemur í skoðunarstöð á landamærum.

Opinber dýralæknir eða opinber skoðunarmaður

Nafn (með hástöfum): Menntun, hæfi og titill:

Dagsetning: Undirskrift:

Stimpill:"

d) Í stað C-liðar 4. kafla komi eftirfarandi:

„C-LIÐUR 4. KAFLA

Heilbrigðisvottorð

Fyrir ómeðhöndlaðar blóðafurðir, þó ekki úr dýrum af hestaætt, til framleiðslu á afleiddum afurðum til notkunar utan fóðurferlis alidýra, vegna sendingar til eða umflutnings ([2]) um Evrópusambandið

LAND:

Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir sem eru flutt inn til ESB

I. hluti: Upplýsingar um vörusendingu

I.1. Sendandi Heiti Heimilisfang Sími			I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs	I.2.a.
			I.3. Lögbært stjórnvald	
			I.4. Lögbært staðaryfirvald	
I.5. Viðtakandi Heiti Heimilisfang Póstnúmer Sími			I.6. Einstaklingur sem er ábyrgur fyrir farminum í ESB Heiti Heimilisfang Póstnúmer Sími	
I.7. Upprunaland	ISO-kóði	I.8. Upprunasvæði Kóði	I.9. Viðtökuland	ISO-kóði I.10. Viðtökusvæði Kóði
I.11. Upprunastaður Heiti Heimilisfang Heiti Heimilisfang Heiti Heimilisfang		Samþykkisnúmer Samþykkisnúmer Samþykkisnúmer	I.12 Viðtökustaður Heiti Heimilisfang Póstnúmer	Tollvörugeymsla ☐ Samþykkisnúmer
I.13. Fermingarstaður			I.14. Brottfarardagur	
I.15. Flutningatæki Flugvél ☐ Skip ☐ Járnbrautarvagn ☐ Ökutæki ☐ Annað ☐ Auðkenning Tilvísun í skjöl			I.16. Skoðunarstöð á landamærum við komu til ESB	
			I.17.	
I.18. Lýsing á vöru			I.19. Vörunúmer (ST-númer)	
				I.20. Magn
I.21. Hitastig afurðar Við umhverfishita ☐ Kældar ☐ Frystar ☐				I.22. Fjöldi pakkninga
I.23. Nr. innsiglis/gáms				I.24. Tegund umbúða
I.25. Vörur sem eru vottaðar: Til tæknilegra nota ☐				
I.26. Til umflutnings gegnum ESB til þriðja lands ☐ Þriðja land		ISO-kóði	I.27. Til innflutnings eða inntöku í ESB ☐	
I.28. Auðkenning varanna Tegund (vísindaheiti)		Samþykkisnúmer starfsstöðva Framleiðslufyrirtæki		Númer framleiðslulotu

LAND **Ómeðhöndlaðar blóðafurðir, þó ekki úr dýrum af hestaætt, til framleiðslu á afleiddum afurðum til notkunar utan fóðurferlis alidýra**

II. hluti: Vottorð

II.	**Upplýsingar um heilbrigði**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

Ég, undirritaður, opinber dýralæknir, lýsi því yfir að ég hef lesið og skilið reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 ([1a]), einkum c- og d-lið 8. gr. og 10. gr. hennar, og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 ([1b]), einkum II. kafla XIV. viðauka, og votta að:

II.1. blóðafurðirnar sem lýst er hér að framan samanstanda af blóðafurðum sem uppfylla heilbrigðiskröfurnar sem koma fram hér á eftir,

5) Vegna þess að lítil áhætta er á að alidýr komist mögulega í snertingu við lífrænan áburð og jarðvegsbæta sem tilteknir rekstraraðilar og notendur meðhöndla, einkum við starfsemi sína utan matvæla- og fóðurferlisins, ætti að heimila lögbærum yfirvöldum að veita þessum rekstraraðilum og notendum undanþágu frá skráningarskyldunni skv. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009. Því ætti að bæta þessum rekstraraðilum og notendum við í skrána yfir rekstraraðila sem eru undanþegnir tilkynningaskyldu til lögbærra yfirvalda í samræmi við 4. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) nr. 142/2011. Breyta ætti 4. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.

6) Ekki er hætta á að ræktunarefni, þ.m.t. pottamold, sem inniheldur lítið magn aukaafurða úr dýrum eða afleiddum afurðum, pökkuð til notkunar fyrir lokaneytendur, sé notað sem fóður fyrir alidýr. Takmörkun við magn sem er innan við 5%, miðað við rúmmál, af afleiddum afurðum úr efnum í 2. flokki eða 3. flokki í ræktunarefninu, þ.m.t. pottamold, dregur úr áhættu á að það sé notað sem fóður fyrir alidýr þar eð mikið magn jarðvegs og annarra efna gerir slíkar vörur bragðvondar fyrir alidýr. Nota má unninn húsdýraáburð við framleiðslu ræktunarefnis. Unninn húsdýraáburður ætti þó ekki vera eini efnisþáttur ræktunarefnisins. Hann ætti ekki að nema meira en 50% af ræktunarefninu, miðað við rúmmál. Ekki ætti að nota unninn húsdýraáburð við framleiðslu á ræktunarefni ef upprunastaðurinn sætir takmörkunum vegna gruns um eða staðfestrar uppkomu alvarlegs smitsjúkdóms sem leggst á alidýr. Því má veita slíkum vörum, að undanskildum innfluttum vörum, undanþágu frá heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum við setningu á markað. Breyta ætti 2. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.

7) Til að komast hjá óréttmætum viðskiptahindrunum ætti að skýra skilgreiningarnar ‚millistigsafurðir' og ‚vörusýnishorn', annars vegar í 35. lið og hins vegar í 39. lið I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011. Skilgreiningin ‚millistigsafurðir' tekur einnig til ákvörðunarstaðar þessara millistigsafurða. Réttlætanlegt er að rýmka núverandi skilgreiningu til hugsanlegrar viðbótarnotkunar í snyrtivöruiðnaðinum. Afleiddar afurðir, sem uppfylla kröfurnar í tilskipun ráðsins 76/768/EBE ([3]), má tilgreina sem endapunkt í framleiðsluferlinu í samræmi við við 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009. Ennfremur er nauðsynlegt að skýra að heimilt er að flytja gæludýrafóður til ESB sem vörusýnishorn í tengslum við prófanir á fóðri, prófun vélbúnaðar eða tækja. Breyta ætti skilgreiningunni fyrir ‚millistigsafurðir' og ‚vörusýnishorn' í 35. og 39. lið I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.

8) Þrátt fyrir að dýr af hestaætt teljist til alidýra skv. 6. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, eru tiltekin dýr af hestaætt í mjög nánum tengslum við umsjónarmenn sína. Það er því réttlætanlegt að veita þann möguleika að sérbrenna (e. *cremate*) dauð dýr af hestaætt í brennsluofnum, sem lögbært yfirvald hefur viðurkennt til slíkrar notkunar, að því tilskildu að dýrin komi frá búum sem sæta ekki banni vegna tilkynningarskyldra sjúkdóma. Í tilskipun ráðsins 2009/156/EB ([4]) er kveðið á um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa m.a. áhrif á flutninga dýra af hestaætt, þ.m.t. skilyrði um auðkenningu dýra af hestaætt. Einungis má sérbrenna dauð dýr af hestaætt, sem uppfylla ákvæði þeirrar tilskipunar, hvert fyrir sig í afkastalitlum brennsluofnum. Því ætti að breyta III. kafla III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.

9) Í g-lið 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 er kveðið á um að verka megi aukaafurðir úr lagardýrum í 2. flokki í sílói, mylta þær eða umbreyta þeim í lífgas. Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) birti vísindalegt álit um mat á nýrri vinnsluaðferð fyrir aukaafurðir úr fiski í 2. flokki ([5]). Samkvæmt áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar er dregið nægilega úr áhættu, sem stafar af efni úr fiski úr 2. flokki, með vinnsluaðferðinni og því er leyfilegt að nota afleiddar afurðir í framleiðslu á lífrænum áburði, mylta þær, umbreyta í lífgas eða nota þær í framleiðslu á fóðri fyrir loðdýr eða önnur dýr sem ekki eru ætluð til manneldis. Í áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar er komist að þeirri niðurstöðu að áhætta aukist ekki ef vinnsluaðferðinni er einnig beitt við vinnslu á aukaafurðum úr lagardýrum í efni í 3. flokki. Því má nota efni í 3. flokki úr lagardýrum í þeim tilgangi sem er tilgreindur í 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009.

10) Í kjölfar jákvæðrar niðurstöðu úr áhættumati Matvælaöryggisstofnunarinnar ætti að bæta verkun á efni úr fiski í sílói við í skrána yfir staðgönguvinnsluaðferðir í IV. kafla IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011. Því ætti að breyta IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.

([3]) Tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur (Stjtíð. EB L 262, 27.9.1976, bls. 169).

([4]) Tilskipun ráðsins 2009/156/EB frá 30. nóvember 2009 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra, sem hafa áhrif á flutninga dýra af hestaætt og innflutning þeirra frá þriðju löndum (kerfisbundin útgáfa) (Stjtíð. ESB L 192, 23.7.2010, bls. 1).

([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9 (9), 2389, (11 bls.).

11) Heimilt er í reynd að blanda meltunarleifum og moltu úr dýraríkinu saman við efni sem eru ekki úr dýraríkinu. Rekstraraðilar ættu að vita hvað reglur gilda um förgun á slíkum meltunarleifum og moltu. Að auki er nauðsynlegt að skýra í hvaða tilvikum má farga moltu og meltunarleifum úr eldhúsúrgangi á viðurkenndum urðunarstað. Því ætti að breyta III. kafla V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.

12) Króatía lagði fram skrá yfir tegundir villtra hræfugla sem ættu að falla undir undanþágu frá sérstakri fóðrun sem mælt er fyrir um í 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009. Breyta ætti skránni yfir tegundir hræfugla í VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.

13) Matvælaöryggisstofnun Evrópu lagði mat á áhættu sem fylgir myltingarafmörkun og eftirfylgjandi brennslu á sjálfdauðum svínum ([6]) og komst að þeirri niðurstöðu að myltingarafmörkun, eins og um getur í öðrum vinnslubreytum sem mælt er fyrir um í 2. þætti III. kafla V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2001, sé ekki fullnægjandi meðhöndlun til að tryggja örugga förgun efnis úr 2. flokki og því má ekki lýsa henni sem annarri vinnsluaðferð í IV. kafla IV. viðauka við þá reglugerð. Í kjölfar framangreinds mats Matvælaöryggisstofnunarinnar ætti að líta á „loftháða meyrnun og geymslu sjálfdauðra svína með brennslu eða sambrennslu í kjölfarið“ sem sértæka afmörkunaraðferð fyrir geymslu aukaafurða úr dýrum meðan beðið er förgunar í kjölfarið í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1069/2009. Til að gera greinarmun á þeirri aðferð og viðurkenndu myltingaraðferðunum og til að koma í veg fyrir að myltingarstöðvarnar þurfi að lúta málsmeðferðinni við samþykki sem mælt er fyrir um í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, er við hæfi að fella þessa aðferð inn í nýjan kafla í IX. viðauka við þá reglugerð ásamt aðferðinni „Vatnsrof og förgun í kjölfarið“, sem nú er vísað til í H-lið 2. þáttar IV. kafla IV. viðauka, sem byggir á sömu meginreglum. Ennfremur ætti að aðlaga tilvísunina í IV. viðauka í 11. þætti II. kafla XVI. viðauka til samræmis við það. Því ætti að breyta IV., IX. og XVI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.

14) Brædd fita úr efni úr 3. flokki fellur undir sértækar kröfur skv. 3. þætti II. kafla X. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011. Þó er ekkert á grundvelli dýraheilbrigðis sem bannar vinnslu á efni í 3. flokki úr lagardýrum og aukaafurðum úr lagardýrum, eins og um getur í i- og j-lið 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, með aukaafurðum í 3. flokki, úr landdýrum, í blandaða brædda fitu. Þess vegna ætti að vera mögulegt að nota efni í 3. flokki úr lagardýrum og aukaafurðum úr lagardýrum, eins og um getur í i- og j-lið 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, til framleiðslu á bræddri fitu. Því ætti að breyta 1. lið A-liðar í 3. þætti II. kafla X. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.

15) Í III. hluta 4. þáttar II. kafla í X. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 eru settar fram kröfur um hitameðhöndlun á seyru úr skilvindum eða skiljum sem síðar má nota sem eða við framleiðslu á lífrænum áburði og setja á markað. Heppilegt er að innleiða undanþágu þess efnis að lögbært yfirvald geti heimilað aðrar vinnslubreytur við hitameðhöndlun á seyru úr skilvindum eða skiljum, sem ætlunin er er að nota innan aðildarríkjanna, að því tilskildu að rekstraraðilar geti sýnt fram á að öruggt sé að hitameðhöndlunin, sem er framkvæmd samkvæmt þessum öðrum vinnslubreytum, tryggi a.m.k. að dregið sé úr áhættu á sama hátt og með meðhöndlun sem fer fram samkvæmt þegar fastsettum vinnslubreytum sem gilda um setningu á markað. Því ætti að breyta III. hluta 4. þáttar II. kafla X. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.

16) Millistigsafurðir má m.a. nota við framleiðslu á prófefnum til notkunar á rannsóknarstofum eða til greininga í glasi vegna dýra. Að loknu eftirliti á skoðunarstöð á landamærum í samræmi við 4. gr. tilskipunar ráðsins 97/78/EB ([7]) verður að flytja afurðina beint til skráða fyrirtækisins eða stöðvarinnar sem er áfangastaður hennar. Í því skyni að skýra kröfur varðandi innflutning á millistigsafurðum ætti að breyta XII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.

17) Blóðafurðir, sem eru ætlaðar til framleiðslu á fóðri fyrir alidýr, þ.m.t. úðaþurrkað blóð og blóðvökvi úr svínum, skulu hafa verið framleiddar í samræmi við 2. þátt II. kafla X. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011. Með vísan í B-lið þessa þáttar ætti að vinna blóðafurðir með einhverri af vinnsluaðferðum 1 til 5 eða vinnsluaðferð 7, eins og sett er fram í III. kafla IV. viðauka við þá reglugerð, eða annarri aðferð sem tryggir að blóðafurðir uppfylli örverufræðilegu staðlana fyrir afleiddar afurðir sem settir eru fram í I. kafla X. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011. Í reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er einnig kveðið á um, einkum í 6. dálki 2. línu í töflu 1 í 1. þætti I. kafla XIV. viðauka, að blóðafurðum, sem ekki eru ætlaðar til manneldis, sem unnt er að nota sem fóður, skuli fylgja heilbrigðisvottorð í samræmi við fyrirmyndina að heilbrigðisvottorði sem sett er fram í B-lið 4. kafla XV. viðauka, vegna sendingar til eða umflutnings um Evrópusambandið.

([6]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(2), 2559, (11. bls.)

([7]) Tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum (Stjtíð. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9).

18) Tilkynnt hefur verið um skitufarsótt í svínum, þ.m.t. sýkingu í svínum af völdum veiru sem veldur skitufarsótt (e. *porcine epidemic diarrhoea virus* (PEDv)) og deltakórónaveiru í svínum (SDCv) í Asíu, Norður-Ameríku, á Karíbaeyjum og í Mið- og Suður-Ameríku. Deltakórónaveira í svínum hefur aldrei greinst í Sambandinu. Grunur beinist að því að útbreiðsla veirunnar sé vegna óhentugrar hitameðhöndlunar eða mengunar eftir hitameðhöndlun á úðaþurrkuðu blóði og blóðvökva úr svínum, sem er hefðbundið innihaldsefni í fóðri fyrir smágrísi.

19) Framkvæmdastjórnin samþykkti, að eigin frumkvæði, framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 483/2014 ([8]) sem tímabundna verndarráðstöfun að því er varðar öryggi úðaþurrkaðs blóðs og blóðvökva úr svínum sem er ætlað til framleiðslu á fóðri fyrir svín. Þar eð áhætta fyrir heilbrigði dýra mun haldast óbreytt er nauðsynlegt að endurskoða kröfur vegna innflutnings á úðaþurrkuðu blóði og blóðvökva úr svínum, sem ætluð eru til framleiðslu á fóðri fyrir svín, og hrinda tímabundnu ráðstöfununum í framkvæmd sem varanlegum kröfum.

20) Vísindalegar athuganir benda til þess að kórónaveirur í svínum verði óvirkar í svínasaur ef hann er hitaður upp í 71 °C og haldið við það hitastig í 10 mínútur eða látinn standa við 20 °C stofuhita í 7 daga. Veiran lifði ekki í þurrfóðri sem var smitað í tilraunaskyni og geymt við 24 °C stofuhita í a.m.k. 2 vikur. Í Sambandinu og þriðju löndum er hitastigið, sem er yfirleitt haft við úðaþurrkun á blóði og blóðvökva, þannig að allt efnið hitni í 80 °C.

21) Á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga er við hæfi að krefjast þess að úðaþurrkað blóð og blóðvökvi úr svínum, sem eru flutt inn frá þriðju löndum og ætluð til að fóðra svín, hafi verið meðhöndluð við háan hita og í kjölfarið látin standa við stofuhita í tiltekinn tíma til þess að draga úr hættu á mengun að meðhöndlun lokinni.

22) Einnig ætti að heimila innflutning á beinum og beinaafurðum (að undanskildu beinamjöli), hornum og hornafurðum (að undanskildu hornamjöli), hófum og klaufum og afurðum úr hófum og klaufum (að undanskildu mjöli úr hófum og klaufum), sem er ætlað til annarrar notkunar en sem fóðurefni, lífrænn áburður eða jarðvegsbætar, ef þessi efni eru flutt með flugvél, að því tilskildu að þau samrýmist kröfunum sem mælt er fyrir um í 41. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009. Því ætti að breyta XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.

23) Í kjölfar breytinga á skilgreiningunni á ‚millistigsafurðum' og viðbótarkröfunum vegna innflutnings á blóðafurðum ætti, til samræmis við það, að breyta fyrirmyndinni að yfirlýsingunni sem ætluð er til notkunar fyrir innflutning á millistigsafurðum frá þriðju löndum og fyrirmyndinni að heilbrigðisvottorði vegna innflutnings á blóðafurðum sem eru ætlaðar til notkunar sem fóðurefni. Því ætti að breyta B-lið 4. kafla og 20. kafla XV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.

24) Til að komast hjá röskun á viðskiptum ætti að mæla fyrir um umbreytingartímabil, en meðan á því stendur ættu aðildarríkin að samþykkja innflutning á þeim millistigsafurðum sem ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 142/2011, eins og þeim er breytt með þessari reglugerð, gilda um, í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir gildistöku þessarar reglugerðar.

25) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 15. gr.:

„Þrátt fyrir 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 geta aðildarríki leyft söfnun, flutning og förgun á litlu magni efnis úr 3. flokki, eins og um getur í f-lið 10. gr. þeirrar reglugerðar, með aðferðum sem um getur í d-lið 1. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar, með fyrirvara um farið sé að kröfunum um förgun með öðrum aðferðum sem settar eru fram í IV. kafla VI. viðauka við þessa reglugerð."

([8]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 483/2014 frá 8. maí 2014 um verndarráðstafanir vegna skitu í svínum af völdum deltakórónuveiru að því er varðar dýraheilbrigðiskröfur vegna aðflutnings til Sambandsins á úðaþurrkuðu blóði og blóðvökva úr svínum til framleiðslu á fóðri fyrir alisvín (Stjtíð. ESB L 138, 13.5.2014, bls. 52).

2) Í stað c-liðar 19. gr. komi eftirfarandi:

„c) III. kafla þegar um er að ræða geymslu á afleiddum afurðum sem fyrirhugað er að nota í sérstökum tilgangi, eins og um getur í j-lið 1. mgr. 24. gr. þeirrar reglugerðar,

d) V. kafla þegar um er að ræða geymslu á búinu á aukaafurðum úr alidýrum sem ætlaðar eru til förgunar í kjölfarið eins og um getur í 4. gr. þeirrar reglugerðar.“

3) Ákvæðum 4. mgr. 20. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað d-liðar komi eftirfarandi:

„d) rekstraraðila sem nota lítið magn af efnum í 2. og 3. flokki sem um getur í 9. og 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, eða afleiddum afurðum úr þeim, með það fyrir augun að afhenda afurðirnar beint til endanlegs notanda innan svæðisins, á staðbundinn markað eða til staðbundinna smásölufyrirtækja, ef lögbært yfirvald telur slíka starfsemi ekki valda áhættu á að alvarlegir smitsjúkdómar berist í menn eða dýr en þessi liður gildir ekki ef þessi efni eru notuð sem fóður fyrir alidýr önnur en loðdýr,“

b) Eftirfarandi e- og f-liður bætast við:

„e) notendur lífræns áburðar eða jarðvegsbæta á athafnasvæðum þar sem alidýr eru ekki haldin,

f) rekstraraðila sem meðhöndla og dreifa lífrænum áburði eða jarðvegsbætum, eingöngu í söluumbúðum sem eru að hámarki 50 kg að þyngd, til notkunar utan fóður- og matvælaferlisins.“

4) Í stað 2. mgr. 22. gr. komi eftirfarandi:

„2. Engin dýraheilbrigðisskilyrði gilda um setningu eftirfarandi á markað:

a) gúanó úr villtum sjófuglum sem er safnað í Sambandinu eða innflutt frá þriðju löndum,

b) ræktunarefni tilbúin til sölu, önnur en innflutt, sem innihalda minna en:

i. 5% miðað við rúmmál af afleiddum afurðum úr efni í 3. flokki eða efni úr 2. flokki, annað en unninn húsdýraáburð,

ii. 50% miðað við rúmmál af unnum húsdýraáburði.“

5) Í stað 3. mgr. 23. gr. komi eftirfarandi:

„3. Rekstraraðilinn eða eigandi fyrirtækisins eða stöðvarinnar sem tekur við millistigsafurðinni, eða fulltrúi hans, skal einungis nota og/eða afgreiða millistigsafurðina til notkunar við framleiðslu samkvæmt skilgreiningunni á millistigsafurðum í 35. lið í I. viðauka.“

6) Ákvæði 3. mgr. 36. gr. falli brott.

7) Ákvæðum I, III, IV, V, VI, IX, X, XI, XII, XIV, XV og XVI. viðauka er breytt til samræmis við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Á umbreytingartímabili, sem stendur til 27. september 2015, skal halda áfram að samþykkja innflutning til Sambandsins á sendingum af aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum ásamt meðfylgjandi fyrirmynd að yfirlýsingu, sem hefur verið fyllt út og undirrituð í samræmi við fyrirmynd sem kemur fram í 20. kafla XV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, í þeim útgáfum sem giltu fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar, að því tilskildu að slíkar fyrirmyndir að yfirlýsingu hafi verið fylltar út og undirritaðar fyrir 27. júlí 2015.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 23. febrúar 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. janúar 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

Jean-Claude JUNCKER

VIÐAUKI

Ákvæðum I., III., IV., V., VI., IX., X., XI., XII., XIV., XV. og XVI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað 35. liðar komi eftirfarandi:

„35. „**millistigsafurð**“**:** afleidd afurð:

a) sem er ætluð til notkunar við framleiðslu á lyfjum, dýralyfjum, lækningatækjum sem eru notuð í læknisfræðilegum tilgangi og til dýralækninga, virkum, ígræðanlegum lækningatækjum, lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi í læknisfræðilegum tilgangi og til dýralækninga, prófefnum til notkunar á rannsóknarstofum eða snyrtivörum sem hér segir:

i. sem efni í framleiðsluferlinu eða í endanlegri framleiðslu fullunnar vöru,

ii. við sannprófun eða fullgildingu í framleiðsluferlinu, eða

iii. við gæðaeftirlit með fullunninni vöru,

b) þar sem stigum hönnunar, ummyndunar og framleiðslu er lokið á fullnægjanlegan hátt til að líta megi á þær sem afleiddar afurðir og til að nota megi efnið beint eða sem efnisþátt í afurð í þeim tilgangi sem um getur í a-lið,

c) sem aftur á móti þarf frekari framleiðslu eða ummyndun, s.s. blöndun, hjúpun, samsetningu eða pökkun, til að gera hana hentuga til að setja á markað eða hefja notkun á henni, eftir því sem við á, sem lyf, dýralyf, lækningatæki til notkunar í læknisfræðilegum tilgangi og til dýralækninga, virkt, ígræðanlegt lækningatæki, lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi í læknisfræðilegum tilgangi og til dýralækninga, prófefni til notkunar á rannsóknarstofum eða snyrtivörur,“

b) Í stað 39. liðar komi eftirfarandi:

„39. „**vörusýnishorn**“: aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir sem eru ætlaðar til tiltekinna rannsókna eða greininga, leyfðar af lögbæru yfirvaldi í samræmi við 1. mgr. 17 .gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 með það fyrir augum að keyra vinnsluferli, þ.m.t. vinnslu á aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum, þróun á fóðri, gæludýrafóðri eða afleiddum afurðum eða prófun vélbúnaðar eða tækja,“

c) Í stað 58. liðar komi eftirfarandi:

„58. „**vinnslustöð**“: athafnasvæði eða aðstaða til vinnslu á aukaafurðum úr dýrum, eins og um getur í a-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, þar sem aukaafurðir úr dýrum eru unnar í samræmi við IV. og/eða X. viðauka,“

d) Eftirfarandi 59. liður bætist við:

„59. „**ræktunarefni**“: efni, þ.m.t. pottamold, annað en jarðvegur á staðnum, sem plöntur eru ræktaðar í og er notað óháð jarðvegi á staðnum.“

2) Í stað a-liðar III. kafla III. viðauka komi eftirfarandi:

„a) einungis notaðar til förgunar á:

i. dauðum gæludýrum sem um getur í iii. lið a-liðar 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009,

ii. efni í 1. flokki sem um getur í 8. gr. (b-, e- og f-lið), efni í 2. flokki sem um getur í 9. gr. eða efni í 3. flokki sem um getur í 10. gr. þeirrar reglugerðar, og

iii. dauðum dýrum af hestaætt, sem eru auðkennd hvert fyrir sig, frá búum sem sæta ekki takmörkunum varðandi heilbrigði í samræmi við við 5. mgr. 4. gr. eða 5. gr. tilskipunar 2009/156/EB, að fengnu leyfi frá aðildarríkinu,“

3) Ákvæðum IV. kafla IV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 2. þáttar er breytt sem hér segir:

i. H-liður falli brott,

ii. eftirfarandi liður bætist við:

„K. Verkun á efni úr fiski í sílói

1. Upphafsefni

Einungis má nota eftirfarandi aukaafurðir úr lagardýrum í þessu ferli:

a) Efni í 2. flokki sem um getur í i- og iii-lið f-liðar 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009,

b) efni í 3. flokki.

2. Vinnsluaðferð

2.1. Efni, sem á að meðhöndla, skal safnað saman á lagareldisstöðvum og matvælavinnslustöðvum, daglega og án ótilhlýðilegrar tafar, mulið eða saxað og því næst verkað í sílói við pH-gildið 4 eða lægra, með maurasýru eða annari lífrænni sýru sem er leyfð í samræmi við fóðurlöggjöfina. Fiskvotfóðrið sem fæst skal vera sviflausn úr hlutum lagardýra sem er breytt í vökva með verkun innrænna ensíma með aðstoð viðbættu sýrunnar. Prótínin úr lagardýrunum skulu brotin niður í minni uppleysanlegar einingar með ensímunum og sýrunni til að koma í veg fyrir skemmdir af völdum örvera. Efnið sem hefur verið verkað í sílói er flutt í vinnslustöð.

2.2. Í vinnslustöðinni er efnið úr lagardýrunum, sem hefur verið verkað í sílói, leitt í rörum inn í lokaða geymslutanka. Áður en unnt er að framkvæma hitameðhöndlunina þarf ræktunartíminn að vera a.m.k. 24 klukkustundir við pH-gildið 4 eða lægra. Fyrir hitameðhöndlunina þurfa lagardýrin, sem eru verkuð í sílóinu, að vera með pH-gildið 4 eða lægra og af agnarstærð sem nemur innan við 10 mm í kjölfar síunar eða lagnar í bleyti í vinnslustöðinni. Við vinnsluna þarf að forhita efnið að hitastigi sem er yfir 85 °C og láta það síðan standa í einangruðu íláti til þess að ná 85 °C í öllu fiskefninu í 25 mínútur. Ferlið skal fara fram í lokaðri framleiðslulínu með tönkum og leiðslum.

2.3. Áður en leyfi er veitt verður lögbært yfirvald að meta varanlega, skriflega málsmeðferð rekstraraðilans sem um getur í 1. til 3. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009.“

b) Í stað d-liðar 2. liðar í 3. þætti komi eftirfarandi:

„d) kalkmeðhöndluðu blönduna af húsdýraáburði frá svínum og alifuglum má bera á land sem unninn húsdýraáburð,“

c) Eftirfarandi e-liður 2. liðar bætist við í 3. þætti:

„e) Hvað varðar afleiddu lokaafurðina úr sílóverkuðu efni úr fiski má:

i. nota efni í 2. flokki í þeim tilgangi sem um getur í 13. gr. (a- til d-lið og g- til i-lið) reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 án frekari vinnslu eða sem fóður fyrir dýr sem um getur í 18. gr. eða 36. gr. (ii. lið a-liðar) þeirrar reglugerðar, eða

ii. nota efni í 3. flokki í þeim tilgangi sem um getur í 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009.“

4) Ákvæðum 2. þáttar III. kafla V. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað x-liðar í b-lið 2. liðar komi eftirfarandi:

„x. aukaafurðum úr dýrum sem um getur í f-lið 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 sem hafa farið í gegnum vinnslu eins og skilgreint er í m-lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 852/2004,“

b) Eftirfarandi xi. liður bætist við í b-lið 2. liðar:

„xi. blöndu úr aukaafurðum úr dýrum sem um getur í b-lið 2. liðar með efnum sem eru ekki úr aukaafurðum úr dýrum.“

c) Í stað b-liðar 3. liðar komi eftirfarandi:

b) meltunarleifarnar eða moltan séu óunnið efni og skyldi rekstraraðila til að fara með þau í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1069/2009, þessa reglugerð eða, ef um er að ræða moltu og meltunarleifar úr eldhússúrgangi, að endurnýta þau eða farga þeim í samræmi við umhverfislöggjöfina.

5) Ákvæðum VI. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað i. liðar a-liðar í 1. lið 2. þætti II. kafla komi eftirfarandi:

„i. einni af eftirtöldum tegundum hræfugla í eftirtöldum aðildarríkjum:

Landskóði	Aðildarríki	Dýrategund	
		Staðbundið heiti	Latneskt heiti
BG	Búlgaría	Lambagammur Kuflgammur Skarngammur Gæsagammur Gullörn Gammörn Haförn Vatnagleða Svölugleða	*Gypaetus barbatus* *Aegypius monachus* *Neophron percnopterus* *Gyps fulvus* *Aquila chrysaetos* *Aquila helíaca* *Haliaeetus albicilla* *Milvus migrans* *Milvus milvus*
EL	Grikkland	Lambagammur Kuflgammur Skarngammur Gæsagammur Gullörn Gammörn Haförn Vatnagleða	*Gypaetus barbatus* *Aegypius monachus* *Neophron percnopterus* *Gyps fulvus* *Aquila chrysaetos* *Aquila heliaca* *Haliaeetus albicilla* *Milvus migrans*
ES	Spánn	Lambagammur Kuflgammur Skarngammur Gæsagammur Gullörn Skassörn Vatnagleða Svölugleða	*Gypaetus barbatus* *Aegypius monachus* *Neophron percnopterus* *Gyps fulvus* *Aquila chrysaetos* *Aquila adalberti* *Milvus migrans* *Milvus milvus*
FR	Frakkland	Lambagammur Kuflgammur Skarngammur Gæsagammur Gullörn Haförn Vatnagleða Svölugleða	*Gypaetus barbatus* *Aegypius monachus* *Neophron percnopterus* *Gyps fulvus* *Aquila chrysaetos* *Haliaeetus albicilla* *Milvus migrans* *Milvus milvus*
HR	Króatía	Lambagammur Kuflgammur Skarngammur Gæsagammur	*Gypaetus barbatus* *Aegypius monachus* *Neophron percnopterus* *Gyps fulvus*

Landskóði	Aðildarríki	Dýrategund	
		Staðbundið heiti	Latneskt heiti
IT	Ítalía	Lambagammur Kuflgammur Skarngammur Gæsagammur Gullörn Vatnagleða Svölugleða	*Gypaetus barbatus* *Aegypius monachus* *Neophron percnopterus* *Gyps fulvus* *Aquila chrysaetos* *Milvus migrans* *Milvus milvus*
CY	Kýpur	Kuflgammur Gæsagammur	*Aegypius monachus* *Gyps fulvus*
PT	Portúgal	Kuflgammur Skarngammur Gæsagammur Gullörn	*Aegypius monachus* *Neophron percnopterus* *Gyps fulvus* *Aquila chrysaetos*
SK	Slóvakía	Gullörn Gammörn Haförn Vatnagleða Svölugleða	*Aquila chrysaetos* *Aquila heliaca* *Haliaeetus albicilla* *Milvus migrans* *Milvus milvus*“

b) Í IV. kafla falli önnur málsgrein brott.

6) Eftirfarandi V. kafli bætist við í IX. viðauka:

„V. KAFLI

AFMÖRKUNARAÐFERÐIR

1. þáttur

Almenn ákvæði

1. Efni, sem verður til með afmörkunaraðferð, má eingöngu nota eða farga innan aðildarríkisins þar sem lögbært yfirvald hefur veitt leyfi fyrir þeirri afmörkunaraðferð.

2. Sé þess óskað skal lögbært yfirvald aðildarríkis gera niðurstöður úr opinberu eftirliti aðgengilegar fyrir lögbært yfirvald annars aðildarríkis, þegar afmörkunaraðferð er notuð í fyrsta skipti í því aðildarríki, til að greiða fyrir upptöku nýju afmörkunaraðferðarinnar.

2. þáttur

Aðferðafræði

A. Loftháð meyrnun og geymsla á sjálfdauðum svínum og tilteknum öðrum efnum úr svínum og síðan brennsla eða sambrennsla.

1. Hlutaðeigandi aðildarríki

Nota má ferli með loftháðri meyrnun og geymslu á sjálfdauðum svínum og tilteknum öðrum efnum úr svínum og síðan brennslu eða sambrennslu í Frakklandi, á Írlandi, í Lettlandi, Portúgal og Bretlandi.

Í kjölfar loftháðrar meyrnunar og geymslu efna skal lögbært yfirvald hlutaðeigandi aðildarríkis tryggja að efnunum sé safnað saman og þeim fargað innan yfirráðasvæðis þess aðildarríkis.

2. Upphafsefni

Einungis má nota eftirfarandi efni úr svínum í þessu ferli:

a) Efni í 2. flokki sem um getur í i- til iii-lið f-liðar 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009.

b) Efni í 3. flokki sem um getur í h-lið 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009.

Þessi aðferð á einungis við um förgun á svínum sem koma frá sama búi að því tilskildu að búið sæti ekki takmörkunum vegna gruns um eða staðfestrar uppkomu alvarlegs smitsjúkdóms sem leggst á svín. Þessa aðferð má ekki nota vegna dýra, eða hluta dýra, sem hafa drepist úr þessum sjúkdómum eða verið aflífuð vegna sjúkdómsvarna.

3. Aðferðafræði

3.1. Almennar meginreglur

Aðferðin er ferli sem lögbært yfirvald heimilar.

Staðurinn skal byggður og skipulagður í samræmi við löggjöf Sambandsins um umhverfisvernd til að komið sé í veg fyrir ólykt og áhættu fyrir jarðveg og jarðvatn.

Rekstraraðilinn skal:

a) gera forvarnarráðstafanir gegn því að dýr komist inn og koma á fót skjalfestri áætlun um varnir gegn meindýrum,

b) koma á verklagsreglum til að koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdóma,

c) koma á verklagsreglum til að koma í veg fyrir að notað sag berist út fyrir lokaða kerfið.

Ferlið skal fara fram í lokuðu kerfi sem samanstendur af nokkrum hólfum, með vatnþéttu gólfi og afmarkað með gegnheilum veggjum. Öllu skólpi skal safnað saman; hólfin verða að vera tengd með frárennslisröri með 6 mm grind til að fanga föst efni.

Stærð og fjölda hólfa skal laga að fjölda dauðsfalla, sem skilgreindur er í varanlegri skriflegri málsmeðferð sem um getur í 1. til 3. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, með nægilegri afkastagetu sem miðast við afföll á býli á a.m.k. átta mánaða tímabili.

3.2. Stig

3.2.1. Fyllingar- og geymslustig

Þekja skal dauðu svínin og annað efni úr svínum hvert fyrir sig með sagi og stafla upp þar til hólfið er fullt. Til að byrja með skal koma a.m.k. 30 cm lagi af sagi fyrir á gólfinu. Síðan skal leggja skrokkana og annað efni úr svínum á þetta grunnlag úr sagi og hvert lag af skrokkum og öðru efni úr svínum skal þakið með a.m.k. 30 cm þykku lagi af sagi.

Starfsfólk skal ekki ganga á efninu sem er í geymslu.

3.2.2. Meyrnunarstig

Þegar hólfið er fullt og aukið hitastig gerir niðurbrot allra mjúkvefja mögulegt hefst meyrnunartíminn og hann skal standa yfir í a.m.k. 3 mánuði.

Við lok fyllingar- og geymslustigs og meðan meyrnunarstigið stendur yfir skal rekstraraðilinn vakta hitastigið í hverju hólfi með hitaskynjara sem er komið fyrir á 40 til 60 cm dýpi undir yfirborði lagsins sem er efst í staflanum.

Rekstraraðili skal skrásetja rafrænan aflestur og vöktun á hitastiginu.

Við lok fyllingar- og geymslustigs er vöktun á hitastiginu mælikvarði á fullnægjandi uppröðun í stafla. Hitastigið skal mælt með sjálfvirkum skráningarbúnaði. Markmiðið er að ná 55 °C hitastigi í þrjá daga samfellt sem sýnir að meyrnunarferlið er virkt, að uppröðun staflans sé áhrifarík og að meyrnunarstigið sé hafið.

Rekstraraðilinn skal vakta hitastigið einu sinni á dag og grípa skal til eftirfarandi ráðstafana, með hliðsjón af niðurstöðum þessara mælinga:

a) ef 55 °C hitastigi eða hærra er viðhaldið í þrjá daga samfellt má fjarlægja staflann eftir þriggja mánaða samfellt meyrnunarstig, eða geyma hann áfram á athafnasvæðinu þar til hann verður fjarlægður síðar,

b) ef 55 °C hitastig næst ekki í þrjá daga samfellt skal rekstraraðilinn grípa til ráðstafananna sem eru skilgreindar í varanlegu skriflegu málsmeðferðinni sem um getur í 1. til 3. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009; ef þörf krefur getur lögbært yfirvald stöðvað vinnsluaðferðina og efninu skal fargað í samræmi við 13. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.

Lögbæra yfirvaldið getur ákvarðað tímamörk fyrir geymslustigið.

3.2.3. Flutningur og brennsla- eða sambrennsla

Flutningur á efninu, sem verður til eftir meyrnunarstigið, til samþykktu brennslu- eða sambrennslustöðvarinnar er háður eftirliti sem um getur í reglugerð (EB) nr. 1069/2009 eða tilskipun 2008/98/EB.

B. Vatnsrof og förgun í kjölfarið

1. Hlutaðeigandi aðildarríki

Nota má ferli með vatnsrofi og förgun í kjölfarið á Írlandi, Spáni, í Lettlandi, Portúgal og Bretlandi.

Að vatnsrofi loknu skal lögbært yfirvald sem veitti leyfið sjá til þess að efnunum sé safnað saman og þeim fargað innan sama aðildarríkis og um getur hér að framan.

2. Upphafsefni

Einungis má nota eftirfarandi efni úr svínum í þessu ferli:

a) Efni í 2. flokki sem um getur í i. til iii. lið f-liðar 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009.

b) Efni í 3. flokki sem um getur í h-lið 10. gr. þeirrar reglugerðar.

Þessi aðferð á einungis við um förgun á svínum, sem koma frá sama búi og að því tilskildu að búið sæti ekki banni vegna gruns um eða staðfestrar uppkomu alvarlegs smitsjúkdóms sem leggst á svín, eða dýrum sem hafa verið aflífuð vegna sjúkdómsvarna.

3. Aðferðafræði

Vatnsrof og förgun í kjölfarið er tímabundin geymsla á staðnum. Ferlið skal fara fram samkvæmt eftirfarandi stöðlum:

a) Eftir að þeim er safnað saman á bú sem hefur leyfi frá lögbæru yfirvaldi til að nota vinnsluaðferðina, sem byggist á mati á þéttleika dýra á búinu, sennilegri dánartíðni þeirra og hugsanlegri áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra sem getur komið upp, skal setja aukaafurðirnar úr dýrunum í geymi sem hefur verið byggður í samræmi við b-lið (hér á eftir nefndur „geymirinn“) og komið fyrir á til þess ætluðum stað í samræmi við c- og d-lið (hér á eftir nefndur „til þess ætlaði staðurinn“).

b) Geymirinn skal:

i. hafa lokunarbúnað,

ii. vera vatnsþéttur, lekaþéttur og loftþéttur,

iii. vera húðaður til að verjast tæringu,

iv. vera búinn búnaði til að stýra losun í samræmi við e-lið.

c) Setja skal geyminn á til þess ætlaða staðinn sem er efnislega aðskilinn frá búinu.

Þar skulu vera sérstakar tengileiðir til flutnings efnis og fyrir söfnunarökutæki.

d) Geymirinn og staðurinn skulu vera byggðir og skipulagðir í samræmi við löggjöf Sambandsins um umhverfisvernd til að komið sé í veg fyrir ólykt og áhættu fyrir jarðveg og jarðvatn.

e) Geymirinn skal vera tengdur við rör til losunar lofttegunda sem skal búið viðeigandi síum til að koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdóma sem geta smitast í menn og dýr.

f) Geymirinn skal vera lokaður til að vatnsrofsferlið geti átt sér stað í a.m.k. þrjá mánuði og þannig að ekki sé hægt að opna hann í leyfisleysi.

g) Rekstraraðilinn skal koma sér upp verklagsreglum til að koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdóma sem geta smitast í menn og dýr með ferðum starfsmanna.

h) Rekstraraðilinn skal:

i. gera forvarnarráðstafanir gegn fuglum, nagdýrum, skordýrum og öðrum meindýrum,

ii. koma á fót skjalfestri áætlun um varnir gegn meindýrum.

i) Rekstraraðilinn skal halda skrár yfir:

i. hvert skipti sem efni er sett í geyminn,

ii. hvert skipti sem vatnsrofið efni er tekið úr geyminum.

j) Rekstraraðilinn skal tæma geyminn með reglulegu millibili til að:

i. athuga hvort tæring er í geyminum,

ii. finna og koma í veg fyrir hugsanlegan leka fljótandi efnis niður í jarðveginn.

k) Að loknu vatnsrofi skal safna efnunum saman, nota þau og farga þeim í samræmi við a-, b- eða c-lið 13. gr. eða i. lið e-liðar 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 eða 14. gr. þeirrar reglugerðar að því er varðar efni úr 3. flokki.

l) Vinnslan skal fara fram í lotum.

m) Öll önnur meðhöndlun eða notkun á vatnsrofnu efnunum er bönnuð, þ.m.t. að þau séu borin á land.□

7) Ákvæðum II. kafla X. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. liðar í A-lið 3. þáttar komi eftirfarandi:

„1. Brædd fita

Einungis má nota efni í 3. flokki, þó ekki efni í 3. flokki sem um getur í n-, o- og p-lið 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, til framleiðslu á bræddri fitu.“

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við í III. hluta 4. þáttar:

„Þrátt fyrir fyrstu málgreini geta lögbær yfirvöld heimilað aðrar vinnslubreytur við hitameðhöndlun á seyru úr skilvindum eða skiljum, sem ætlunin er er að nota innan aðildarríkja sem hafa heimilað þessar aðrar vinnslubreytur, að því tilskildu að rekstraraðilar geti sýnt fram á að öruggt sé að hitameðhöndlunin, sem er framkvæmd samkvæmt þessum öðrum vinnslubreytum, tryggi a.m.k. að dregið sé úr áhættu á sama hátt og með meðhöndlun sem fer fram samkvæmt vinnslubreytunum sem eru settar fram í fyrstu málsgrein.“

8) Í II. kafla XI. viðauka bætist nýr 3. þáttur við:

„3. þáttur

Kröfur er varða samþykki fyrir fyrirtæki eða stöðvar

Til þess að hljóta samþykki, í samræmi við f-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, skulu rekstraraðilar tryggja að fyrirtæki eða stöðvar, sem stunda starfsemi sem um getur í 1. lið 1. þáttar, uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 8. gr. þessarar reglugerðar og:

a) hafi yfir að ráða viðunandi aðstöðu til að geyma innihaldsefni sem koma inn til að koma í veg fyrir víxlmengun og til að forðast mengun meðan á geymslu stendur,

b) fargi ónotuðum aukaafurðum úr dýrum eða afleiddum afurðum í samræmi við 13. og 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009.

9) Í stað a-liðar 3. liðar í XII. viðauka komi eftirfarandi:

„3. Yfirfara skal millistigsafurðirnar, sem fluttar eru inn í Sambandið, á skoðunarstöðinni á landamærunum í samræmi við 4. gr. tilskipunar 97/78/EB, og skulu þær fluttar beint frá skoðunarstöðinni annaðhvort:

a) til skráðs fyrirtækis eða stöðvar til framleiðslu á prófefnum til notkunar á rannsóknarstofum, lækningatækjum og lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi til dýralækninga eða afleiddum afurðum, sem um getur í 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, þar sem millistigsafurðunum skal blandað frekar, þær notaðar til húðunar, settar saman eða þeim pakkað áður en þær eru settar á markað eða teknar í notkun í samræmi við þá löggjöf Sambandsins sem gildir um þá afleiddu afurð sem um ræðir,“.

10) Ákvæðum XIV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum I. kafla er breytt sem hér segir:

i. Í stað textans í fjórða dálki í línu 2 í töflu 1 í 1. þætti komi eftirfarandi:

„Blóðafurðirnar skulu hafa verið framleiddar í samræmi við 2. þátt II. kafla X. viðauka og 5. þátt I. kafla XIV. viðauka.“

ii. Nýr 5. þáttur bætist við:

„5. þáttur

Innflutningur á blóðafurðum til fóðrunar alidýra

Eftirfarandi kröfur gilda um innflutning á blóðafurðum, þ.m.t. úðaþurrkuðu blóði og blóðvökva úr svínum, sem eru ætlaðar til að fóðra svín:

Þessar afleiddu afurðir skulu:

a) hitameðhöndlaðar þannig að allt efnið hitni í a.m.k. 80 °C og þurrt blóð og blóðvökvi innihaldi ekki meira en 8% raka með vatnsvirkni sem er innan við 0,60,

b) geymdar við stofuhita á þurrum geymslustað í a.m.k. 6 vikur.“

b) Í stað b-liðar 1. liðar í 7. þætti II. kafla komi eftirfarandi:

„b) afurðirnar eru fluttar frá þriðja landi, sem er upprunaland, og beint til skoðunarstöðvar á landamærum í Sambandinu og þær ekki umfermdar utan Sambandsins, hvorki í höfnum né á öðrum stöðum,“

11) Ákvæðum XV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað B-liðar 4. kafla komi eftirfarandi:

„B-LIÐUR 4. KAFLA

Heilbrigðisvottorð

Fyrir blóðafurðir, sem ekki eru ætlaðar til manneldis, sem unnt er að nota sem fóðurefni, vegna sendingar til eða umflutnings ([2]) *um Evrópusambandið*

LAND: **Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir sem eru flutt inn í ESB**

I. hluti: Upplýsingar um vörusendingu

I.1. Sendandi Heiti Heimilisfang Sími			I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs	I.2.a
			I.3. Lögbært stjórnvald	
			I.4. Lögbært staðaryfirvald	
I.5. Viðtakandi Heiti Heimilisfang Póstnúmer Sími			I.6. Einstaklingur sem er ábyrgur fyrir farminum í ESB Heiti Heimilisfang Póstnúmer Sími	
I.7. Uppruna-land	ISO-kóði	I.8. Upprunasvæði Kóði	I.9. Viðtöku-land	ISO-kóði I.10. Viðtökusvæði Kóði
I.11. Upprunastaður Heiti Heimilisfang Heiti Heimilisfang Heiti Heimilisfang		Samþykkisnúmer Samþykkisnúmer Samþykkisnúmer	I.12. Ákvörðunarstaður Tollvörugeymsla ☐ Heiti Heimilisfang Póstnúmer	Samþykkisnúmer
I.13. Fermingarstaður			I.14. Brottfarardagur	
I.15. Flutningatæki Flugvél ☐ Skip ☐ Járnbrautarvagn ☐ Ökutæki ☐ Annað ☐ Auðkenning Tilvísun í skjöl			I.16. Skoðunarstöð á landamærum við komu til ESB I.17.	
I.18. Lýsing á vöru				I.19. Vörunúmer (ST-númer) I.20. Magn
I.21. Hitastig afurðar Við umhverfishita ☐ Kæld ☐ Fryst ☐				I.22. Fjöldi pakkninga
I.23. Nr. innsiglis/gáms				I.24. Tegund umbúða
I.25. Vörur sem eru vottaðar: Sem fóður ☐ Til tæknilegra nota ☐				

I.26.	Til umflutnings um ESB til þriðja lands ☐		I.27. Til innflutnings eða inntöku í ESB ☐	
	Þriðja land	ISO-kóði		
I.28.	Auðkenning varanna			
	Tegund (vísindaheiti)	Tegund vöru	Samþykkisnúmer starfsstöðva Framleiðslustöð	Númer framleiðslulotu

LAND **Blóðafurðir, sem ekki eru ætlaðar til manneldis, sem unnt er að nota sem fóðurefni**

II. **Upplýsingar um heilbrigði**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

II. hluti: Vottun

Ég, undirritaður, opinber dýralæknir, lýsi því yfir að ég hef lesið og skilið reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 ([1a]) og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 ([1b]) og votta að blóðafurðirnar sem lýst er hér að framan:

II.1. samanstanda af blóðafurðum sem uppfylla heilbrigðiskröfurnar hér á eftir,

II.2. samanstanda eingöngu af blóðafurðum sem eru ekki ætlaðar til manneldis,

II.3. hafa verið framleiddar og geymdar í stöð, sem hefur verið samþykkt og fullgilt af lögbæru yfirvaldi og verið undir eftirliti af hálfu þess í samræmi við 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009,

II.4. hafa verið framleiddar eingöngu úr eftirfarandi aukaafurðum úr dýrum, sem eru:

([2]) annaðhvort [blóð sláturdýra, sem nota má til manneldis í samræmi við löggjöf Sambandsins en er ekki ætlað til manneldis af viðskiptalegum ástæðum,]

([2]) og/eða [blóð sláturdýra, sem var hafnað og talið óhæft til manneldis í samræmi við löggjöf Sambandsins, en sýndi engin einkenni um sjúkdóma, sem geta smitast í menn eða dýr, fengið úr skrokkum dýra sem var slátrað í sláturhúsi og voru taldir hæfir til manneldis að lokinni skoðun fyrir slátrun í samræmi við löggjöf Sambandsins,]

II.5. hafa verið settar í vinnslu, í því skyni að gera sjúkdómsvalda óvirka:

([2]) annaðhvort [í samræmi við vinnsluaðferð ..... ([3]) sem sett er fram í III. kafla IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011,]

([2]) eða [með aðferð og vinnslubreytum sem tryggja að afurðin samræmist þeim örverufræðilegu stöðlum sem settir eru fram í I. kafla X. viðauka við reglugerð (EB) nr. 142/2011,]

([2]) eða [ef um er að ræða blóðafurðir, þ.m.t. úðaþurrkað blóð og blóðvökva úr svínum, sem eru ætlaðar til að fóðra svín: hitameðhöndlun þannig að allt efnið hitni í a.m.k. 80 °C og þurrt blóð og blóðvökvi innihaldi ekki meira en 8% raka með vatnsvirkni sem er innan við 0,60.]

II.6. lögbært yfirvald hefur rannsakað slembisýni rétt fyrir sendingu og sannreynt að það uppfyllir eftirfarandi staðla ([4]):

Salmonella: finnst ekki í 25g: n = 5, c = 0, m = 0, M = 0,

Iðrabakteríur: n = 5, c = 2, m = 10, M = 300 í 1 g,

II.7. fullunna afurðin var:

([2]) annaðhvort [í nýjum eða dauðhreinsuðum sekkjum,]

([2]) eða [flutt sem laust efni í gámum eða með öðrum flutningatækjum sem höfðu fyrir notkun verið hreinsuð rækilega og sótthreinsuð með sótthreinsiefni sem lögbært yfirvald samþykkti fyrir notkun,]

með merkimiðum sem á stendur „ÓHÆFT TIL MANNELDIS“,

II.8. fullunna afurðin var geymd í lokuðu rými,

II.9. allar varúðarráðstafanir hafa verið gerðar til að komast hjá því að sjúkdómsvaldar mengi afurðina að lokinni meðhöndlun,

([2]) og [ef um er að ræða blóðafurðir, þ.m.t. úðaþurrkað blóð og blóðvökva úr svínum, sem eru ætlaðar til að fóðra svín hafa þær verið geymdar við stofuhita á þurrum geymslustað í a.m.k. 6 vikur.]

II.10. innihalda ekki og eru ekki framleiddar úr:

([2]) annaðhvort [sérstöku áhættuefni eða vélúrbeinuðu kjöti sem fengið er af beinum úr nautgripum, sauðfé eða geitum og, að undanskildum dýrum sem eru fædd, alin samfellt og slátrað í landi eða á landsvæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er flokkuð sem óveruleg með ákvörðun í samræmi við 2. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, að dýrunum, sem þessar aukaafurðir eða afleiddu afurðir eru fengnar úr var ekki slátrað eftir deyfingu með gasi, sem er sprautað inn í kúpuholið, eða þau aflífuð með sömu aðferð eða þeim slátrað með því að tæta vef miðtaugakerfisins í sundur með ílöngu, staflaga verkfæri, sem er stungið inn í kúpuholið.]

([2]) eða [efni úr nautgripum, sauðfé og geitum, öðru en því sem fengið er úr dýrum sem voru fædd og síðan alin samfellt frá burði og slátrað í landi eða á landsvæði, sem með ákvörðun, sem er tekin í samræmi við 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 999/2001, er flokkað sem land eða landsvæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg.]

LAND **Blóðafurðir, sem ekki eru ætlaðar til manneldis, sem unnt er að nota sem fóðurefni**

II. **Upplýsingar um heilbrigði**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

Athugasemdir

I. hluti:

Reitur I.6: Einstaklingur sem er ábyrgur fyrir sendingunni í Evrópusambandinu: þennan reit á eingöngu að fylla út ef um er að ræða vottorð fyrir umflutningsvöru; það má fylla hann út ef vottorðið er fyrir innflutningsvöru.

– Reitur I.12: Viðtökustaður: þennan reit á eingöngu að fylla út ef um er að ræða vottorð fyrir umflutningsvöru. Afurðir sem eru í umflutningi má eingöngu geyma á frísvæðum, í frígeymslum og í tollvörugeymslum.

– Reitur I.15: Gefa skal upp skráningarnúmer (járnbrautarvagnar eða gámar eða vöruflutningabifreiðar), flugnúmer (loftfar) eða heiti (skip), ef til af- og endurfermingar kemur.

– Reitur I.19: nota skal viðeigandi ST-númer: 05.11.91 eða 05.11.99.

– Reitur I.23: tilgreina skal gámanúmer og innsiglisnúmer (ef við á), ef um er að ræða gáma fyrir efni í lausu.

– Reitur: I.25: tæknileg notkun: öll notkun önnur en til fóðrunar dýra.

– Reitir I.26 og I. 27: fyllið út eftir því hvort um er að ræða umflutnings- eða innflutningsvottorð.

– Reitur I.28: Tegund: veljið á milli eftirfarandi: Aves, Ruminantia, Suidae, aðrar Mammalia-tegundir en Ruminantia, Pesca, Reptilia.

II. hluti:

([1a]) Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

([1b]) Stjtíð. ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1.

([2]) Strikið yfir það sem á ekki við.

([3]) Setjið inn aðferð 1 til 5 eða 7 eftir því sem við á.

([4]) þar sem:

n = fjöldi sýna sem prófa skal,

m = viðmiðunargildi fyrir fjölda baktería; niðurstöðurnar teljast fullnægjandi ef fjöldi baktería í öllum sýnunum fer ekki yfir m,

M = hámarksgildi fyrir fjölda baktería; niðurstöðurnar teljast ófullnægjandi ef fjöldi baktería í einu sýni eða fleirum er M eða meira,

c = fjöldi sýna þar sem fjöldi baktería getur verið milli m og M en sýnið telst engu að síður fullnægjandi ef fjöldi baktería í öðrum sýnum er m eða þar undir.

([5]) Stjtíð. ESB L 147, 31.5. 2001, bls. 1.

– Undirskrift og stimpill skulu vera í öðrum lit en prentaður texti.

– Athugasemd til einstaklingsins sem er ábyrgur fyrir sendingunni í Evrópusambandinu: þetta vottorð varðar aðeins heilbrigði dýraafurða og verður að fylgja sendingunni þar til hún kemur í skoðunarstöð á landamærum.
– Undirskrift og stimpill skulu vera í öðrum lit en prentaður texti.

– Athugasemd til einstaklingsins sem er ábyrgur fyrir sendingunni í Evrópusambandinu: þetta vottorð varðar aðeins heilbrigði dýraafurða og verður að fylgja sendingunni þar til hún kemur í skoðunarstöð á landamærum.

Opinber dýralæknir

Nafn (með hástöfum): Menntun, hæfi og titill:

Dagsetning: Undirskrift:"

Stimpill:

b) Í stað 20. kafla komi eftirfarandi:

„20. KAFLI

Fyrirmynd að yfirlýsingu

Yfirlýsing vegna innflutnings frá þriðju löndum og vegna umflutnings um Evrópusambandið á millistigsafurðum sem á að nota til framleiðslu á lyfjum, dýralyfjum, lækningatækjum til notkunar í læknisfræðilegum tilgangi og til dýralækninga, virkum, ígræðanlegum lækningatækjum, lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi í læknisfræðilegum tilgangi og til dýralækninga, prófefni á rannsóknarstofum og snyrtivörur

LAND: **Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir sem eru flutt inn í ESB**

I. hluti: Upplýsingar um vörusendingu

I.1.	Sendandi Heiti Heimilisfang Sími			I.2.	Tilvísunarnúmer vottorðs	I.2.a	
				I.3.	Lögbært stjórnvald		
				I.4.	Lögbært staðaryfirvald		
I.5.	Viðtakandi Heiti Heimilisfang Póstnúmer Sími			I.6.	Einstaklingur sem er ábyrgur fyrir farminum í ESB Heiti Heimilisfang Póstnúmer Sími		
I.7.	Uppruna-land	ISO-kóði	I.8. Upprunasvæði Kóði	I.9.	Viðtöku-land	ISO-kóði	I.10. Viðtökusvæði Kóði
I.11.	Upprunastaður Heiti Heimilisfang Heiti Heimilisfang Heiti Heimilisfang		Samþykkisnúmer Samþykkisnúmer Samþykkisnúmer	I.12.	Ákvörðunarstaður Tollvörugeymsla ☐ Heiti Heimilisfang Póstnúmer		Samþykkisnúmer
I.13.	Fermingarstaður			I.14.	Brottfarardagur		
I.15.	Flutningatæki Flugvél ☐ Skip ☐ Járnbrautarvagn ☐ Ökutæki ☐ Annað ☐ Auðkenning Tilvísun í skjöl			I.16.	Skoðunarstöð á landamærum við komu til ESB		
				I.17.			
I.18.	Lýsing á vöru					I.19. Vörunúmer (ST-númer)	
							I.20. Magn
I.21.	Hitastig afurðar Við umhverfishita ☐ Kæld ☐ Fryst ☐						I.22. Fjöldi pakkninga
I.23.	Nr. innsiglis/gáms						I.24. Tegund umbúða
I.25.	Vörur sem eru vottaðar: Sem fóður ☐ Til tæknilegra nota ☐						

I.26.	Til umflutnings um ESB til þriðja lands ☐		I.27. Til innflutnings eða inntöku í ESB ☐	
	Þriðja land	ISO-kóði		
I.28.	Auðkenning varanna			
			Samþykkisnúmer starfsstöðva	
	Tegund (vísindaheiti)	Framleiðslustöð	Nettóþyngd	Númer framleiðslulotu

Millistigsafurðir sem er ætlaðar til notkunar við framleiðslu á lyfjum, dýralyfjum, lækningatækjum sem eru notuð í læknisfræðilegum tilgangi og til dýralækninga, virkum, ígræðanlegum lækningatækjum, lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi í læknisfræðilegum tilgangi og til dýralækninga, prófefnum til notkunar á rannsóknarstofum og snyrtivörum

LAND

II. hluti: Vottun

II. **Upplýsingar um heilbrigði**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

YFIRLÝSING

Ég, undirrituð/undirritaður, lýsi því yfir að millistigsafurðin, sem um getur hér að framan, er ætluð til innflutnings, af minni hálfu, til Sambandsins og að hún uppfyllir skilgreininguna sem kveðið er á um í 35. lið I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 ([1a]), og einkum að:

1. hún er ætluð til framleiðslu á:

([2]) annaðhvort [– lyfjum,]

([2]) og/eða [– dýralyfjum,]

([2]) og/eða [– lækningatækjum sem eru notuð í læknisfræðilegum tilgangi og til dýralækninga,]

([2]) og/eða [– virkum, ígræðanlegum lækningatækjum,]

([2]) og/eða [– lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi í læknisfræðilegum tilgangi og til dýralækninga,]

([2]) og/eða [– prófefnum til notkunar á rannsóknarstofum,]

([2]) og/eða [– snyrtivörum,]

2) stigum hönnunar, ummyndunar og framleiðslu hefur verið lokið á fullnægjandi hátt til að nota megi efnið beint eða sem efnisþátt í afurð í þeim tilgangi, að frátöldu því að það þarfnast frekari meðhöndlunar eða ummyndunar, t.d. blöndunar, húðunar, samsetningar eða pökkunar, til að það teljist hæft til setningar á markað eða til notkunar sem lyf, dýralyf, lækningatæki sem eru notuð í læknisfræðilegum tilgangi og til dýralækninga, virk, ígræðanleg lækningatæki, lækningatæki til sjúkdómsgreininga í glasi í læknisfræðilegum tilgangi og til dýralækninga eða snyrtivörur í samræmi við löggjöf Sambandsins ([1b]) sem gildir um þær afurðir, eða sem prófefni til notkunar á rannsóknarstofum,

3) hún er fengin úr:

([2]) annaðhvort [– efni sem hugsanlega er úr dýrum sem hafa fengið ólöglega meðferð eins og skilgreint er í d-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 96/22/EB eða í b-lið 2. gr. tilskipunar ráðsins 96/23/EB,]

([2]) og/eða [– skrokkum og skrokkhlutum sláturdýra eða, ef um er að ræða veiðidýr, skrokkum eða skrokkhlutum dýra sem hafa verið felld, sem eru hæfir til manneldis í samræmi við löggjöf Sambandsins, en eru ekki ætlaðir til manneldis af viðskiptalegum ástæðum,]

([2]) og/eða [– skrokkum og eftirfarandi skrokkhlutum sem annaðhvort eru af dýrum sem hefur verið slátrað í sláturhúsi og voru talin hæf til manneldis að lokinni skoðun fyrir slátrun eða skrokkum og eftirfarandi skrokkhlutum veiðidýra sem voru felld til manneldis í samræmi við löggjöf Sambandsins:

(i) skrokkum og skrokkhlutum dýra, sem var hafnað sem óhæfum til manneldis í samræmi við löggjöf Sambandsins, en sem ekki sýndu nein merki um sjúkdóma sem geta smitast í menn eða dýr,

(ii) hausum af alifuglum,

(iii) húðum og skinnum, þ.m.t. afskurðir og þynnur af þeim, hornum og löppum, þ.m.t. kjúkur, framleggir (fótleggir) og bein í hnjám á framfótum og kjúkubein, afturleggir (fótleggir) og hækilbein á afturfótum dýra, annarra en jórturdýra,

(iv) svínsburstum,

(v) fjöðrum,]

([2]) og/eða [– blóði dýra sem ekki sýndu nein merki um sjúkdóm sem getur smitast í menn eða dýr með blóði, fengið úr dýrum, öðrum en jórturdýrum, sem hefur verið slátrað í sláturhúsi og sem voru talin hæf til manneldis að lokinni skoðun fyrir slátrun í samræmi við löggjöf Sambandsins,]

([2]) og/eða [– aukaafurðum úr dýrum sem falla til við framleiðslu afurða sem eru ætlaðar til manneldis, þ.m.t. fituhreinsuð bein, hamsar og seyra úr skilvindum eða skiljum frá mjólkurvinnslu,]

Millistigsafurðir sem er ætlaðar til notkunar við framleiðslu á lyfjum, dýralyfjum, lækningatækjum sem eru notuð í læknisfræðilegum tilgangi og til dýralækninga, virkum, ígræðanlegum lækningatækjum, lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi í læknisfræðilegum tilgangi og til dýralækninga, prófefnum til notkunar á rannsóknarstofum og snyrtivörum

LAND

II. **Upplýsingar um heilbrigði**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

(2) og/eða [– afurðum úr dýraríkinu eða matvælum sem innihalda afurðir úr dýraríkinu, sem eru ekki lengur ætluð til manneldis af viðskiptalegum ástæðum eða vegna vanda sem rekja má til galla við framleiðslu eða pökkun eða annarra galla sem skapa ekki hættu fyrir heilbrigði manna eða dýra,]

(2) og/eða [– gæludýrafóðri og fóðri úr dýraríkinu eða fóðri sem inniheldur afurðir úr dýraríkinu eða afleiddar afurðir, sem eru ekki lengur ætlaðar til manneldis af viðskiptalegum ástæðum eða vegna vanda sem rekja má til galla við framleiðslu eða pökkun eða annarra galla sem skapa ekki hættu fyrir heilbrigði manna eða dýra,]

(2) og/eða [– blóði, fylgjum, ull, fjöðrum, hári, hornum, afskurði af hófum og klaufum og hrámjólk úr lifandi dýrum sem ekki sýndu nein merki um sjúkdóma sem geta borist með viðkomandi afurð í menn eða dýr,]

(2) og/eða [– lagardýrum og hlutum slíkra dýra, að undanteknum sjávarspendýrum, sem ekki sýndu nein merki um sjúkdóma sem geta smitast í menn eða dýr,]

(2) og/eða [– aukaafurðum úr lagardýrum sem koma frá fyrirtækjum eða stöðvum sem framleiða afurðir til manneldis,]

(2) og/eða [– eftirfarandi efni úr dýrum sem sýndu engin merki um sjúkdóm sem getur borist með því efni í menn eða dýr:

(i) skeljar af skelfiski með mjúkvefjum eða kjöti,

(ii) eftirfarandi efni úr landdýrum:

– aukaafurðir frá útungunarstöðvum,

– egg,

– eggjaafurðir, þ.m.t. eggjaskurn,

(iii) dagsgamlir ungar sem eru aflífaðir af viðskiptalegum ástæðum,]

(2) og/eða [– aukaafurðum úr vatna- eða landhryggleysingjum öðrum en tegundum sem valda sjúkdómum hjá mönnum eða dýrum,]

(2) og/eða [– dýrum af ættbálkum nagdýra (Rodentia) og nartara (Lagomorpha) og skrokkhlutum þeirra, að undanskildu efni í 1. flokki eins og um getur í iii., iv. og v. lið a-liðar 8. gr. og efni í 2. flokki eins og um getur í a- til g-lið 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009,]

(2) og/eða [– afurðum sem eru fengnar úr eða myndaðar af:

– lagardýrum, og hlutum slíkra dýra, annarra en sjávarspendýra, sem ekki sýndu nein merki um sjúkdóma sem geta smitast í menn eða dýr,

– vatna- og landhryggleysingjum öðrum en tegundum sem valda sjúkdómum hjá mönnum eða dýrum,

– dýrum af ættbálkum nagdýra (Rodentia) og nartara (Lagomorpha), og skrokkhlutum þeirra, að undanskildu efni í 1. flokki eins og um getur í iii., iv. og v. lið a-liðar 8. gr. og efni í 2. flokki eins og um getur í a- til g-lið 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009,]

(2) og/eða [– dýrum og skrokkhlutum dýra, öðrum en þeim sem um getur í 8. eða 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009,

(i) sem drápust á annan hátt en með slátrun eða aflífun til manneldis, þ.m.t. dýr sem eru aflífuð vegna sjúkdómsvarna,

(ii) fóstur,

(iii) eggfrumur, fósturvísar og sæði sem ekki er ætlað til undaneldis og

(iv) egg með dauðum alifuglaungum,]

(2) og/eða [– aukaafurðum úr dýrum, þó ekki efni úr 1. flokki eða efni úr 3. flokki,]

Millistigsafurðir sem er ætlaðar til notkunar við framleiðslu á lyfjum, dýralyfjum, lækningatækjum sem eru notuð í læknisfræðilegum tilgangi og til dýralækninga, virkum, ígræðanlegum lækningatækjum, lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi í læknisfræðilegum tilgangi og til dýralækninga, prófefnum til notkunar á rannsóknarstofum og snyrtivörum

LAND

II. **Upplýsingar um heilbrigði**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

4) ystu umbúðir hennar eru merktar „EINUNGIS ÆTLAÐ Í LYF/DÝRALYF/LÆKNINGATÆKI SEM ERU NOTUÐ Í LÆKNISFRÆÐILEGUM TILGANGI OG TIL DÝRALÆKNINGA/VIRK, ÍGRÆÐANLEG LÆKNINGATÆKI/LÆKNINGATÆKI TIL SJÚKDÓMSGREININGAR Í GLASI Í LÆKNISFRÆÐILEGUM TILGANGI OG TIL DÝRALÆKNINGA/PRÓFEFNI TIL NOTKUNAR Á RANNSÓKNARSTOFUM/SNYRTIVÖRUR“ og ekki má taka hana til neinnar annarrar notkunar innan Sambandsins,

5) sendingin verður flutt beint til ákvörðunarstaðar eins og tilgreint er í lið I.12 í þessari yfirlýsingu, þ.e.:

– fyrirtækis eða stöðvar til framleiðslu á lyfjum, dýralyfjum, lækningatækjum sem eru notuð í læknisfræðilegum tilgangi og til dýralækninga, virkum, ígræðanlegum lækningatækjum, lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi í læknisfræðilegum tilgangi og til dýralækninga, prófefnum til notkunar á rannsóknarstofum eða snyrtivörum, sem er skráð í samræmi við 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009,

– fyrirtækis eða stöðvar, sem hefur fengið samþykki í samræmi við i-lið. 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, þaðan sem einungis er leyfilegt að senda þær til fyrirtækis eða stöðvar sem um getur í undirliðnum hér að ofan.

Athugasemdir

– Reitur I.19: Nota skal viðeigandi númer úr samræmdri tollskrá (ST-númer) undir eftirfarandi fyrirsögnum: 02.06, 04.07, 04.08, 05.06, 05.07, 05.11, 12.12, 21.06, 30.01, 30.02, 31.01, 51.01, 51.02 eða 15.05.00.

– Reitur: I.25: tæknileg notkun: öll notkun önnur en til fóðrunar dýra.

([1a]) Stjtíð. ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1.

([1a]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/82/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um dýralyf (Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 1), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum (Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67), tilskipun ráðsins 93/42/EBE frá 14. júní 1993 um lækningatæki (Stjtíð. EB L 169, 12.7.1993, bls. 1) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/79/EB frá 27. október 1998 um lækningabúnað til sjúkdómsgreiningar í glasi (Stjtíð. EB L 331, 7.12.1998, bls. 1), tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur (Stjtíð. EB L 262, 27.9.1976, bls. 169), eftir því sem við á.

([2]) Strikið yfir það sem á ekki við.

Innflytjandi

Nafn (með hástöfum): Heimilisfang:

Dagsetning: Undirskrift:“

12) Í stað 11. þáttar III. kafla XVI. viðauka komi eftirfarandi:

„11. þáttur

Opinbert eftirlit sem varðar vatnsrof og förgun í kjölfarið

Lögbært yfirvald skal hafa eftirlit á stöðum þar sem fram fer vatnsrof og förgun í kjölfarið í samræmi við B-lið 2. þáttar V. kafla IX. viðauka.

Til að stemma megi af það magn vatnsrofins efnis sem er sent þaðan og fargað skal slíkt eftirlit m.a. fela í sér sannprófun skjala:

a) á magni efna sem eru vatnsrofin á staðnum,

b) hjá fyrirtækjunum eða stöðvunum þar sem vatnsrofnu efnunum er fargað.

Eftirlit skal vera reglubundið og byggjast á áhættumati.

Á fyrstu tólf mánuðum starfseminnar skal fara fram eftirlitsheimsókn á stað, þar sem geymir til vatnsrofs er staðsettur, í hvert skipti sem vatnsrofið efni er tekið úr geyminum.

Að loknum fyrstu tólf mánuðum starfseminnar skal fara fram eftirlitsheimsókn á slíka staði í hvert skipti sem geymir er tæmdur og hann skal skoðaður með tilliti til tæringar og leka í samræmi við j-lið 3. liðar B-liðar 2. þáttar V. kafla IX. viðauka.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 483/2014 **2015/EES/63/41**

frá 8. maí 2014

um verndarráðstafanir vegna skitu í svínum af völdum deltakórónuveiru að því er varðar dýraheilbrigðiskröfur vegna aðflutnings til Sambandsins á úðaþurrkuðu blóði og blóðvökva úr svínum til framleiðslu á fóðri fyrir alisvín

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum, einkum 3. mgr. 22. gr.([1]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 1. mgr. 22. gr. tilskipunar 97/78/EB er kveðið á um að ef sjúkdómur eða annað fyrirbæri eða aðstæður, sem geta stofnað heilbrigði dýra eða manna í alvarlega hættu, koma upp eða breiðast út eða ef einhver önnur alvarleg ástæða er varðar heilbrigði dýra gefur tilefni til eigi framkvæmdastjórnin, að eigin frumkvæði eða að beiðni aðildarríkis, að samþykkja þegar í stað ráðstafanir, þ.m.t. að setja sérstök skilyrði að því er varðar vörur sem koma frá hlutaðeigandi þriðja landi eða hluta þess.

2) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009([2]) er mælt fyrir um reglur um heilbrigði manna og dýra sem varða aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir, til að koma í veg fyrir og lágmarka áhættu sem af þessum afurðum stafar fyrir heilbrigði manna og dýra, þá einkum til að vernda öryggi fóðurferlisins. Þar eru þessar afurðir einnig flokkaðar í tiltekna flokka sem endurspegla áhættustigið fyrir heilbrigði manna og dýra.

3) Í 3. mgr. 41. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 er mælt fyrir um kröfur sem varða innflutning á aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum úr efnum í 3. flokki.

4) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011([3]) er mælt fyrir um framkvæmdarreglur fyrir reglugerð (EB) nr. 1069/2009, þ.m.t. sértækar kröfur sem varða meðhöndlun eða vinnslu á aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum, sem ætlaðar eru til fóðrunar alidýra, annarra en loðdýra.

5) Blóðafurðir, sem eru ætlaðar til framleiðslu á fóðri fyrir alidýr, þ.m.t. úðaþurrkað blóð og blóðvökvi úr svínum, skulu hafa verið framleiddar í samræmi við 2. þátt II. kafla X. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011. Með vísan í B-lið þessa þáttar ætti að vinna blóðafurðir með einhverri af vinnsluaðferðum 1 til 5 eða vinnsluaðferð 7, eins og sett er fram í III. kafla IV. viðauka við þá reglugerð, eða annarri aðferð sem tryggir að blóðafurðir uppfylli örverufræðilegu staðlana fyrir afleiddar afurðir sem settir eru fram í I. kafla X. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011. Í reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er einnig kveðið á um, einkum í 6. dálki 2. línu í töflu 1 í 1. þætti 1. kafla XIV. viðauka, að blóðafurðum, sem ekki eru ætlaðar til manneldis, sem unnt er að nota sem fóður, vegna sendingar til eða umflutnings um Evrópusambandið, skuli fylgja heilbrigðisvottorð í samræmi við fyrirmyndina að heilbrigðisvottorði sem sett er fram í B-lið 4. kafla XV. viðauka.

6) Skita í svínum af völdum deltakórónuveiru fyrirfinnst í Asíu og Norður-Ameríku. Þessi veira hefur aldrei greinst í Sambandinu. Úðaþurrkað blóð og blóðvökvi úr svínum er hefðbundið innihaldsefni í fóðri fyrir smágrísi. Óviðeigandi hitameðhöndlun eða mengun eftir hitameðhöndlun getur leitt til útbreiðslu veirunnar með slíkum afurðum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 138, 13.5.2014, bls. 52. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 201/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (Stjtíð ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 frá 25. febrúar 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun (Stjtíð ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1).

7) Því er nauðsynlegt að endurskoða kröfurnar fyrir innflutning á úðaþurrkuðu blóði og blóðvökva úr svínum sem eru ætluð til framleiðslu á fóðri fyrir alisvín.

8) Vísindalegar athuganir benda til þess að deltakórónuveira í svínum verði óvirk í svínasaur ef hann er hitaður upp í 71 °C og haldið við það hitastig í 10 mínútur eða látinn standa við 20 °C stofuhita í 7 daga. Veiran lifði ekki í þurrfóðri sem var smitað í tilraunaskyni og geymt við 24 °C í meira en 2 vikur. Í þriðju löndum er hitastigið, sem er yfirleitt haft við úðaþurrkun á blóði og blóðvökva, þannig að allt efnið hitni í 80 °C.

9) Á grundvelli þessara fyrirliggjandi upplýsinga er við hæfi að krefjast þess að úðaþurrkað blóð og blóðvökvi úr svínum, sem eru flutt inn frá þriðju löndum og ætluð til að fóðra svín, hafi verið meðhöndluð við háan hita og í kjölfarið látin standa við stofuhita í tiltekinn tíma til þess að draga úr hættu á mengun að meðhöndlun lokinni.

10) Sökum þess að þörf er á að vernda dýraheilbrigði í Sambandinu og vegna alvarlegrar hættu sem stafar af viðkomandi blóðafurðum ætti framkvæmdastjórnin að samþykkja verndarráðstafanir til bráðabirgða. Í samræmi við það ætti innflutningi á þessum vörum til Sambandsins að fylgja heilbrigðisvottorð sem er í samræmi við fyrirmyndina sem er sett fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

11) Verndarráðstafanir til bráðabirgða ættu að öðlast gildi daginn eftir birtingu þessarar reglugerðar og gilda í 12 mánuði. Þeim má breyta með hliðsjón af áhættumati sem byggist á nýjum, vísindalegum upplýsingum.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Þrátt fyrir 6. dálk í 2. línu í töflu 1 í 1. þætti 1. kafla XIV. viðauka og B-lið 4. kafla XV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 skulu blóðafurðum, sem ekki eru ætlaðar til manneldis, sem unnt er að nota sem fóðurefni, vegna sendingar til eða umflutnings um Evrópusambandið, fylgja heilbrigðisvottorð í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir fyrir allar vörusendingar sem eru vottaðar frá og með næsta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir til 31. maí 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. maí 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Heilbrigðisvottorð

Fyrir blóðafurðir, sem ekki eru ætlaðar til manneldis, sem unnt er að nota sem fóðurefni, vegna sendingar til eða umflutnings ([2]) um Evrópusambandið

LAND

Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir sem eru flutt inn í ESB

I. hluti: Upplýsingar um vörusendingu

I.1. Sendandi Heiti Heimilisfang Sími		I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs	I.2.a
		I.3. Lögbært stjórnvald	
		I.4. Lögbært staðaryfirvald	
I.5. Viðtakandi Heiti Heimilisfang Póstnúmer Sími		I.6. Einstaklingur sem er ábyrgur fyrir farminum í ESB Heiti Heimilisfang Póstnúmer Sími	
I.7. Upprunaland ISO-kóði	I.8. Upprunasvæði Kóði	I.9. Viðtökuland ISO-kóði	I.10. Viðtökusvæði Kóði
I.11. Upprunastaður Heiti Samþykkisnúmer Heimilisfang Heiti Samþykkisnúmer Heimilisfang Heiti Samþykkisnúmer Heimilisfang		I.12. Ákvörðunarstaður Tollvörugeymsla ☐ Heiti Samþykkisnúmer Heimilisfang Póstnúmer	
I.13. Fermingarstaður		I.14. Brottfarardagur	
I.15. Flutningatæki Flugvél ☐ Skip ☐ Járnbrautarvagn ☐ Ökutæki ☐ Annað ☐ Auðkenning Tilvísun í skjöl		I.16. Skoðunarstöð á landamærum við komu til ESB	
		I.17.	
I.18. Lýsing á vöru		I.19. Vörunúmer (ST-númer)	
			I.20. Magn
I.21. Hitastig afurða Við umhverfishita ☐	Kældar ☐	Frystar ☐	I.22. Fjöldi pakkninga
I.23. Nr. innsiglis/gáms			I.24. Tegund umbúða
I.25. Vörur sem eru vottaðar: Sem fóður ☐	Til tæknilegra nota ☐		
I.26. Til umflutnings um ESB til þriðja lands ☐ Þriðja land ISO-kóði		I.27. Til innflutnings eða inntöku í ESB ☐	
I.28. Auðkenning varanna Tegund (vísindaheiti) Tegund vöru	Samþykkisnúmer starfsstöðva Framleiðslustöð	Númer framleiðslulotu	

LAND

Fyrir blóðafurðir, sem ekki eru ætlaðar til manneldis, sem unnt er að nota sem fóðurefni

II. hluti: Vottorð

II.	**Upplýsingar um heilbrigði**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

Ég, undirritaður, opinber dýralæknir, lýsi því yfir að ég hef lesið og skilið reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 ([1a]) og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 ([1b]) og votta að blóðafurðirnar sem lýst er hér að framan:

II.1. samanstanda af blóðafurðum sem uppfylla heilbrigðiskröfurnar hér á eftir,

II.2. samanstanda eingöngu af blóðafurðum sem eru ekki ætlaðar til manneldis,

II.3. hafa verið framleiddar og geymdar í stöð, sem hefur verið samþykkt og fullgilt af lögbæru yfirvaldi og verið undir eftirliti af hálfu þess í samræmi við 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009,

II.4. hafa verið framleiddar eingöngu úr eftirfarandi aukaafurðum úr dýrum, sem eru:

([2]) annaðhvort [blóð sláturdýra, sem nota má til manneldis í samræmi við löggjöf Sambandsins en er ekki ætlað til manneldis af viðskiptalegum ástæðum,]

([2]) og/eða [blóð sláturdýra, sem var hafnað og talið óhæft til manneldis í samræmi við löggjöf Sambandsins, en sýndi engin einkenni um sjúkdóma, sem geta smitast í menn eða dýr, fengið úr skrokkum dýra sem var slátrað í sláturhúsi og voru taldir hæfir til manneldis að lokinni skoðun fyrir slátrun í samræmi við löggjöf Sambandsins,]

II.5. hafa verið settar í vinnslu, í því skyni að gera sjúkdómsvalda óvirka:

([2]) annaðhvort [í samræmi við vinnsluaðferð ..... ([3]) sem sett er fram í III. kafla IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011,]

([2]) eða [með aðferð og vinnslubreytum sem tryggja að afurðin samræmist þeim örverufræðilegu stöðlum sem settir eru fram í I. kafla X. viðauka við reglugerð (EB) nr. 142/2011,]

([2]) eða [ef um er að ræða blóðafurðir, þ.m.t. úðaþurrkað blóð og blóðvökva úr svínum, sem eru ætlaðar til að fóðra svín: hitameðhöndlun þannig að allt efnið hitni í a.m.k. 80 °C og þurrt blóð og blóðvökvi innihaldi ekki meira en 8% raka með vatnsvirkni sem er innan við 0,60.]

II.6. lögbært yfirvald hefur rannsakað slembisýni rétt fyrir sendingu og sannreynt að það uppfyllir eftirfarandi staðla ([4]):

Salmonella:finnst ekki í 25g: n = 5, c = 0, m = 0, M = 0,

Iðrabakteríur: n = 5, c = 2, m = 10, M = 300 í 1 g,

II.7. fullunna afurðin var:

([2]) annaðhvort [í nýjum eða dauðhreinsuðum sekkjum,]

([2]) eða [flutt sem laust efni í gámum eða með öðrum flutningatækjum sem höfðu fyrir notkun verið hreinsuð rækilega og sótthreinsuð með sótthreinsiefni sem lögbært yfirvald samþykkti fyrir notkun,]

með merkimiðum sem á stendur „ÓHÆFT TIL MANNELDIS“,

II.8. fullunna afurðin var geymd í lokuðu rými,

II.9. allar varúðarráðstafanir hafa verið gerðar til að komast hjá því að sjúkdómsvaldar mengi afurðina að lokinni meðhöndlun,

([2]) og [ef um er að ræða blóðafurðir, þ.m.t. úðaþurrkað blóð og blóðvökva úr svínum, sem eru ætlaðar til að fóðra svín hafa þær verið geymdar við stofuhita á þurrum geymslustað í a.m.k. 6 vikur.]

II.10. innihalda ekki og eru ekki framleiddar úr:

([2]) annaðhvort [sérstöku áhættuefni eða vélúrbeinuðu kjöti sem fengið er af beinum úr nautgripum, sauðfé eða geitum og, að undanskildum dýrum sem eru fædd, alin samfellt og slátrað í landi eða á landsvæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er flokkuð sem óveruleg með ákvörðun í samræmi við 2. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, að dýrunum, sem þessar aukaafurðir eða afleiddu afurðir eru fengnar úr var ekki slátrað eftir deyfingu með gasi, sem er sprautað inn í kúpuholið, eða þau aflífuð með sömu aðferð eða þeim slátrað með því að tæta vef miðtaugakerfisins í sundur með ílöngu, staflaga verkfæri, sem er stungið inn í kúpuholið.]

([2]) eða [efni úr nautgripum, sauðfé og geitum, öðru en því sem fengið er úr dýrum sem voru fædd og síðan alin samfellt frá burði og slátrað í landi eða á landsvæði, sem með ákvörðun, sem er tekin í samræmi við 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 999/2001, er flokkað sem land eða landsvæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg.]

LAND

Fyrir blóðafurðir, sem ekki eru ætlaðar til manneldis, sem unnt er að nota sem fóðurefni

II. **Upplýsingar um heilbrigði**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

Athugasemdir

I. hluti:

– Reitur I.6: Einstaklingur sem er ábyrgur fyrir sendingunni í Evrópusambandinu: þennan reit á eingöngu að fylla út ef um er að ræða vottorð fyrir umflutningsvöru; það má fylla hann út ef vottorðið er fyrir innflutningsvöru.

– Reitur I.12: Viðtökustaður: þennan reit á eingöngu að fylla út ef um er að ræða vottorð fyrir umflutningsvöru. Afurðir sem eru í umflutningi má eingöngu geyma á frísvæðum, í frígeymslum og í tollvörugeymslum.

– Reitur I.15: Gefa skal upp skráningarnúmer (járnbrautarvagnar eða gámar eða vöruflutningabifreiðar), flugnúmer (loftfar) eða heiti (skip), ef til af- og endurfermingar kemur.

– Reitur I.19: nota skal viðeigandi ST-númer: 05.11.91 eða 05.11.99.

– Reitur I.23: tilgreina skal gámanúmer og innsiglisnúmer (ef við á), ef um er að ræða gáma fyrir efni í lausu.

– Reitur: I.25: tæknileg notkun: öll notkun önnur en til fóðrunar dýra.

– Reitir I.26 og I. 27: fyllið út eftir því hvort um er að ræða umflutnings- eða innflutningsvottorð.

– Reitur I.28: Tegund: veljið á milli eftirfarandi: Aves, Ruminantia, Suidae, aðrar Mammalia-tegundir en Ruminantia, Pesca, Reptilia.

II. hluti:

([1a]) Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

([1b]) Stjtíð. ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1.

([2]) Strikið yfir það sem á ekki við.

([3]) Setjið inn aðferð 1 til 5 eða 7 eftir því sem við á.

([4]) þar sem:

n = fjöldi sýna sem prófa skal,

m = viðmiðunargildi fyrir fjölda baktería; niðurstöðurnar teljast fullnægjandi ef fjöldi baktería í öllum sýnunum fer ekki yfir m,

M = hámarksgildi fyrir fjölda baktería; niðurstöðurnar teljast ófullnægjandi ef fjöldi baktería í einu sýni eða fleirum er M eða meira,

c = fjöldi sýna þar sem fjöldi baktería getur verið milli m og M en sýnið telst engu að síður fullnægjandi ef fjöldi baktería í öðrum sýnum er m eða þar undir.

([5]) Stjtíð. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

– Undirskrift og stimpill skulu vera í öðrum lit en prentaður texti.

– Athugasemd til einstaklingsins sem er ábyrgur fyrir sendingunni í Evrópusambandinu: þetta vottorð varðar aðeins heilbrigði dýraafurða og verður að fylgja sendingunni þar til hún kemur í skoðunarstöð á landamærum.

Opinber dýralæknir eða opinber skoðunarmaður

Nafn (með hástöfum): Menntun, hæfi og titill:

Dagsetning: Undirskrift:

Stimpill:

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/186 **2015/EES/63/42**

frá 6. febrúar 2015

um breytingu á I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB að því er varðar hámarksgildi fyrir arsen, flúor, blý, kvikasilfur, endósúlfan og fræ af *Ambrosia*-tegundum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB frá 7. maí 2002 um óæskileg efni í fóðri ([1]), einkum 1. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2002/32/EB er kveðið á um að bannað sé að nota afurðir sem ætlaðar eru í fóður og innihalda óæskileg efni í styrk sem er yfir hámarksgildunum sem mælt er fyrir um í I. viðauka við þá tilskipun.

2) Ný gögn hafa verið lögð fram sem sýna að ekki sé lengur unnt að fara að núverandi hámarksgildum fyrir arsen, flúor og blý í kalkríkum sjávarskeljum. Því þykir rétt að hækka hámarksgildi fyrir arsen, flúor og blý í kalkríkum sjávarskeljum til að tryggja að kalkríkar sjávarskeljar séu ávallt tiltækar í fóður jafnframt því að viðhalda háu verndarstigi fyrir heilbrigði dýra og manna.

3) Í gæludýrafóðuriðnaði eru notaðar margar hliðarafurðir og aukaafurðir úr matvælaiðnaði sem hráefni til framleiðslu á gæludýrafóðri sem er rétt samsett fyrir ketti eða hunda og uppfyllir næringarþörf þeirra með tilliti til amínósýra, kolvetna, prótína, steinefna, snefilefna og vítamína. Núverandi hámarksgildi fyrir kvikasilfur að því er varðar þessar hliðarafurðir og aukaafurðir, sem eru ætlaðar í fóður, eru strangari en hámarksgildi fyrir kvikasilfur sem gildir um fiskhold til manneldis. Af þeim sökum er skortur á framboði á slíkum hliðarafurðum og aukaafurðum, sem eru í samræmi við hámarksgildi fyrir kvikasilfur til notkunar í gæludýrafóður, sem veldur því að nota þarf smærri fiska með lægra kvikasilfurmagn til framleiðslu á gæludýrafóðri, sem brýtur í bága við meginreglur sjálfbærs sjávarútvegs. Því þykir rétt að aðlaga hámarksgildið fyrir kvikasilfur að því er varðar fisk, önnur lagardýr og afurðir úr þeim sem eru ætluð til framleiðslu á fóðurblöndum fyrir hunda, ketti, skrautfiska og loðdýr, jafnframt því að viðhalda háu verndarstigi fyrir heilbrigði dýra.

4) Mat á nýlegum gögnum um endósúlfan í fóðurefnum hefur leitt í ljós að lækka megi hámarksgildin fyrir magn endósúlfans í olíufræjum og maís og afleiddum afurðum.

5) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1275/2013 ([2]) var neðanmálsgrein um tilvist fræja af *Ambrosia* -tegundum í fóðurefni fyrir mistök felld brott úr I. viðauka við tilskipun 2002/32/EB. Reynslan hefur sýnt að herða þurfi á tilteknum ákvæðum neðanmálsgreinarinnar til að forðast að fræ af *Ambrosia*-tegundum berist út í umhverfið. Því er rétt að setja neðanmálsgreinina aftur í þann viðauka.

6) Því ber að breyta tilskipun 2002/32/EB til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 31, 7.2.2015, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 202/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 140, 30.5.2002, bls. 10.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1275/2013 frá 6. desember 2013 um breytingu á I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB að því er varðar hámarksgildi fyrir arsen, kadmíum, blý, nítrít, rokgjarna mustarðsolíu og skaðleg grasafræðileg óhreinindi (Stjtíð. ESB L 328, 7.12.2013, bls. 86).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 2002/32/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. febrúar 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Breytingar á I. viðauka við tilskipun 2002/32/EB

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 2002/32/EB er breytt sem hér segir:

1) Í stað 1. línu, arsen, í I. þætti komi eftirfarandi:

Óæskilegt efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald
„1. Arsen ([1])	Fóðurefni	2
	að undanskildu:	
	– grasmjöli, úr þurrkuðum refasmára og þurrkuðum smára og þurrkuðu sykurrófumauki og þurrkuðu, melassabættu sykurrófumauki,	4
	– pálmakjarnaköku,	4 ([2])
	– fosfötum, kalkkenndum sjávarþörungum,	10
	– kalsíumkarbónati, kalsíum- og magnesíumkarbónati ([10]), kalkríkum sjávarskeljum,	15
	– magnesíumoxíði, magnesíumkarbónati,	20
	– fiski, öðrum lagardýrum og afurðum unnum úr þeim,	25 ([2])
	– þang- og þaramjöli og fóðurefnum úr þangi og þara.	40 ([2])
	Járnagnir notaðar sem sporefni.	50
	Fóðuraukefni sem tilheyra virkum hópi efnasambanda snefilefna	30
	að undanskildu:	
	– fimmvötnuðu kúprísúlfati, kúpríkarbónati, díkoparklóríðtríhýdroxíði, ferrókarbónati,	50
	– sinkoxíði, manganoxíði, kúpríoxíði.	100
	Fóðurbætir	4
	að undanskildu:	
	– steinefnafóðri,	12
	– fóðurbæti fyrir gæludýr sem inniheldur fisk, önnur lagardýr og afurðir unnar úr þeim og/eða þang- og þaramjöl og fóðurefni úr þangi og þara,	10 ([2])
	– seinleystum samsetningum fóðurs til sérstakra næringarlegra nota þar sem styrkur snefilefna er meiri en hundraðfalt hærri en fastsett hámarksinnihald í heilfóðri,	30
	Heilfóður	2
	að undanskildu:	
	– heilfóðri fyrir fisk og loðdýr,	10 ([2])
	– heilfóðri fyrir gæludýr sem inniheldur fisk, önnur lagardýr og afurðir unnar úr þeim og/eða þang- og þaramjöl og fóðurefni úr þangi og þara.	10 ([2])“

2) Í stað 3. línu, flúor, í I. þætti, 4. línu, blý, í I. þætti og 5. línu, kvikasilfur, í I. þætti komi eftirfarandi:

Óæskilegt efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald
„3. Flúor ([7])	Fóðurefni	150
	að undanskildu:	
	– fóðurefni úr dýraríkinu að undanskildum sjávarkrabbadýrum s.s. ljósátu; kalkríkum sjávarskeljum,	500
	– sjávarkrabbadýrum, s.s. ljósátu,	3000
	– fosfötum,	2000
	– kalsíumkarbónati, kalsíum- og magnesíumkarbónati ([10]),	350
	– magnesíumoxíði,	600
	– kalkkenndum sjávarþörungum.	1000
	Vermikúlít (E 561).	3000
	Fóðurbætir:	
	– sem inniheldur ≤ 4% fosfór ([8]),	500
	– sem inniheldur > 4% fosfór ([8]),	125 fyrir hvert 1% af fosfór ([8])
	Heilfóður	150
	að undanskildu:	
	– heilfóðri fyrir svín,	100
	– heilfóðri fyrir alifugla (að undanskildum ungum) og fisk,	350
	– heilfóðri fyrir unga,	250
	– heilfóðri fyrir nautgripi, sauðfé og geitur	
	– – á mjólkurskeiði,	30
	– – annað.	50
4. Blý ([11])	Fóðurefni	10
	að undanskildu:	
	– fóðurjurtum ([3]),	30
	– fosfötum, kalkkenndum sjávarþörungum og kalkríkum sjávarskeljum,	15
	– kalsíumkarbónati, kalsíum- og magnesíumkarbónati ([10]),	20
	– geri.	5
	Fóðuraukefni sem tilheyra virkum hópi efnasambanda snefilefna	100
	að undanskildu:	
	– sinkoxíði,	400
	– manganoxíði, ferrókarbónati, kúpríkarbónati.	200
	Fóðuraukefni sem tilheyra virkum hópum bindi- og kekkjavarnarefna	30
	að undanskildu:	
	– klínoptílólíti úr gosmyndunum, natrólítfónólíti,	60
	Forblöndur ([6])	200

Óæskilegt efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald
	Fóðurbætir	10
	að undanskildu:	
	– steinefnafóðri,	15
	– seinleystum samsetningum fóðurs til sérstakra næringarlegra nota þar sem styrkur snefilefna er meiri en hundraðfalt hærri en fastsett hámarksinnihald í heilfóðri,	60
	Heilfóður.	5
5. Kvikasilfur ([4])	Fóðurefni	0,1
	að undanskildu:	
	– fiski, öðrum lagardýrum og afurðum unnum úr þeim,	0,5 ([13])
	– kalsíumkarbónati, kalsíum- og magnesíumkarbónati ([10]),	0,3
	Fóðurblanda	0,1
	að undanskildu:	
	– steinefnafóðri,	0,2
	– fóðurblöndu fyrir fisk,	0,2
	– fóðurblöndu fyrir hunda, ketti, skrautfiska og loðdýr.	0,3“

3) Eftirfarandi 13. neðanmálsgrein bætist við í lok 1. þáttar:

„([13])hámarksgildið gildir á grundvelli blautvigtar um fisk, önnur lagardýr og afurðir úr þeim, sem eru ætlaðar til framleiðslu á fóðurblöndum fyrir hunda, ketti, skrautfiska og loðdýr.“

4) Í stað 6. línu, endósúlfan, í IV. þætti komi eftirfarandi:

Óæskilegt efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald
„6. Endósúlfan (summa alfa- og beta-myndbrigða og endósúlfansúlfats, gefið upp sem endósúlfan)	Fóðurefni og fóðurblanda	0,1
	að undanskildu:	
	– baðmullarfræjum og afurðum úr vinnslu þeirra, að undanskilinni óhreinsaðri baðmullarfræjaolíu,	0,3
	– sojabaunum og afurðum úr vinnslu þeirra, að undanskilinni óhreinsaðri sojaolíu,	0,5
	– óhreinsaðri jurtaolíu	1,0
	– heilfóðri fyrir fisk, að undanskildum laxfiski (*Salmonids)*	0,005
	– heilfóðri fyrir laxfiska (*Salmonids*)	0,05“

5) VI. þáttur: Í stað „skaðleg grasafræðileg óhreinindi“ komi eftirfarandi:

„VI. ÞÁTTUR: SKAÐLEG GRASAFRÆÐILEG ÓHREININDI

Óæskilegt efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald
1. Illgresisfræ og ómöluð og ómulin aldin sem innihalda beiskjuefni, glúkósíð eða önnur eiturefni, ein sér eða saman, þ.m.t.	Fóðurefni og fóðurblanda	3000
– *Datura* sp.		1000
2. Tegundir af ættkvíslinni *Crotalaria*	Fóðurefni og fóðurblanda	100
3. Fræ og hýði *Ricinus communis* L., *Croton tiglium* L. og *Abrus precatorius* L. og einnig unninna afleiða þeirra ([1]), einna sér eða saman	Fóðurefni og fóðurblanda	10 ([2])
4. Beykihnetur með hýði — *Fagus silvatica* L.	Fóðurefni og fóðurblanda	Fræ og aldin og unnar afleiður þeirra mega aðeins koma fyrir í fóðri í snefilmagni sem er ekki unnt að magnsetja
5. Purghera — *Jatropha curcas* L.	Fóðurefni og fóðurblanda	Fræ og aldin og unnar afleiður þeirra mega aðeins koma fyrir í fóðri í snefilmagni sem er ekki unnt að magnsetja
6. Fræ tegunda af *Ambrosia* spp.	Fóðurefni ([3]) að undanskildu	50
	– Hirsi (korn af tegundinni *Panicum miliaceum* L.) og dúrru (korn af tegundinni *Sorghum bicolor* (L) Moench s.l.) sem ekki eru gefin dýrum beint ([3]).	200
	Fóðurblanda sem inniheldur ómalað korn og fræ	50
7. Fræ af – sinnepskáli – *Brassica juncea* (L.) Czern. og Coss. ssp. *integrifolia* (West.) Thell. – sinnepskáli – *Brassica juncea* (L.) Czern. og Coss. ssp. *juncea* – sinnepskáli – *Brassica juncea* (L.) Czern. og Coss. ssp. *juncea* var. *lutea* Batalin	Fóðurefni og fóðurblanda	Fræ mega aðeins koma fyrir í fóðri í snefilmagni sem er ekki unnt að magnsetja“

Óæskilegt efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald
– svartmustarði – *Brassica nigra* (L.) Koch – eþíópíumustarði – *Brassica carinata* A. Braun		

([1]) Að svo miklu leyti sem ráða má með greinandi smásjárrannsókn.
([2]) Nær einnig til hismis.
([3]) Ef lögð verða fram ótvíræð sönnunargögn um að kornin og fræin séu ætluð til mölunar eða mulnings er ekki nauðsynlegt að hreinsa kornin og fræin sem innihalda fræ tegunda af ættkvíslinni *Ambrosia* í magni umfram hámarksmörkin fyrir mölun eða mulning með því skilyrði að:
– vörusendingin sé send í heilu lagi til mölunar- eða mulningarstöðvarinnar og — mölunar- eða mulningarstöðinni sé tilkynnt um það fyrirfram að mikið magn fræja tegunda af ættkvíslinni *Ambrosia* sé fyrir hendi svo unnt sé að gera viðbótarráðstafanir til að koma í veg fyrir að þau berist út í umhverfið, og
– lögð sé fram haldbær sönnun þess efnis að gerðar séu ráðstafanir til að koma í veg fyrir að fræ tegunda af ættkvíslinni *Ambrosia* berist út í umhverfið við flutning til mölunar- eða mulningarstöðvar og
– lögbært yfirvald samþykki flutninginn eftir að hafa gengið úr skugga um að framangreind skilyrði séu uppfyllt.
Hafi þessum skilyrðum ekki verið fullnægt skal vörusendingin hreinsuð fyrir flutning inn til Sambandsins og sáldi skal eytt á viðeigandi hátt.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/661 **2015/EES/63/43**

frá 28. apríl 2015

um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa og endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem eru framleiddir með *Talaromyces versatilis* sp. nov. IMI CC 378536 og *Talaromyces versatilis* sp. nov. DSM 26702, sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og aukategundir alifugla til eldis og sem eru aldar til varps (leyfishafi er Adisseo France S.A.S.) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa EC 3.2.1.8 og endó-1,3(4)-betaglúkanasa EC 3.2.1.6, sem eru framleiddir með *Talaromyces versatilis* sp. nov. (áður *Penicillium funiculosum*) IMI CC 378536 og *Talaromyces versatilis* sp. nov. DSM 26702. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa EC 3.2.1.8 og endó-1,3(4)-betaglúkanasa EC 3.2.1.6, sem eru framleiddir með *Talaromyces versatilis* sp. nov. (áður *Penicillium funiculosum*) IMI CC 378536 og *Talaromyces versatilis* sp. nov. DSM 26702, í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og aukategundir alifugla til eldis og sem eru aldar til varps.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 2. júlí 2014 ([2]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með endó-1,4-betaxýlanasa EC 3.2.1.8 og endó-1,3-(4)-betaglúkanasa EC 3.2.1.6, sem eru framleiddir með *Talaromyces versatilis* (áður *Penicillium funiculosum*) IMI CC 378536 og *Talaromyces versatilis* sp. nov. DSM 26702, ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og að hún geti mögulega bætt þyngdaraukningu í eldiskjúklingum. Þessi niðurstaða getur átt við kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur. Þar eð verkunarháttur getur talist svipaður hjá öllum tegundum alifugla má yfirfæra þessa niðurstöðu á aukategundir alifugla til eldis eða sem eru aldar eru til varps. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 110, 29.4.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 203/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(7), 3793.

5) Mat á blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa EC 3.2.1.8 og endó-1,3(4)-betaglúkanasa EC 3.2.1.6, sem eru framleiddir með *Talaromyces versatilis* (áður *Penicillium funiculosum*) IMI CC 378536 og *Talaromyces versatilis* sp. nov. DSM 26702, sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. apríl 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenni-númer auk-efnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni.									
4a22	Adisseo France S.A.S.	Endó-1,4-betaxýlanasi EC 3.2.1.8 og Endó-1,3(4)-betaglúkanasi EC 3.2.1.6	*Samsetning aukefnis* Blanda með endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8) og endó-1,3(4)-betaglúkanasa (EC 3.2.1.6), sem eru framleiddir með *Talaromyces versatilis* sp. nov. IMI CC 378536 og *Talaromyces versatilis* sp. nov. DSM 26702, með virkni að lágmarki: — fast form: endó-1,4-betaxýlanasi 22 000 VU/g og endó-1,3(4)-betaglúkanasi 15 200 VU[(1)]/g, — vökvaform: endó-1,4-betaxýlanasi, virkni 5 500 VU/ml og endó-1,3(4)-betaglúkanasi, 3 800 VU/ml. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Endó-1,4-betaxýlanasi (EC 3.2.1.8) og endó-1,3(4)-betaglúkanasi (EC 3.2.1.6), sem eru framleiddir með *Talaromyces versatilis* sp. nov. IMI CC 378536 og *Talaromyces versatilis* sp. nov. DSM 26702. *Greiningaraðferð*[(2)] Til að magnákvarða virkni endó-1,4-betaxýlanasa: — seigjumælingaraðferð byggð á minnkandi seigju sem næst fram með verkun endó-1,4-betaxýlanasa á hvarfefni sem í er xýlan (arabínoxýlan úr hveiti).	Eldiskjúklingar Kjúklingar sem eru aldir til að verða varphænur Aukategundir alifugla til eldis og sem eru aldar til varps	—	endó-1,4-betaxýlanasi 1 100 VU endó-1,3(4)-betaglúkanasi 760 VU	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og kögglafestu. 2. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, gleraugu og hlífðarhanska.	19. maí 2025

Kenni-númer auk-efnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			Til að magnákvarða virkni endó-1,3(4)-betaglúkanasa: — seigjumælingaraðferð byggð á minnkandi seigju sem næst fram með verkun endó-1,3(4)-betaglúkanasa á hvarfefni glúkans, betaglúkan úr byggi, við pH-gildið 5,5 og 30 °C.						

([1]) 1 VU (seigjumælingareining) er það magn ensíms sem vatnsrýfur hvarfefnið (betaglúkan úr byggi annars vegar og arabínoxýlan úr hveiti hins vegar) og minnkar með því seigju lausnarinnar til að breyta jöfnu flæði 1 (víddarlaus eining)/mín við 30 °C og pH-gildið 5,5.

([2]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/662 **2015/EES/63/44**

frá 28. apríl 2015

um leyfi fyrir L-karnitíni og L-karnitín-L-tartrati sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) L-karnitín og L-karnitín L-tartrat voru leyfð án tímamarka, í samræmi við tilskipun 70/524/EBE, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Þessar vörur voru síðan færðar inn í skrá yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vörur í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, voru lagðar fram tvær umsóknir um endurmat á L-karnitíni og blöndum með því og L-karnitín L-tartrati fyrir allar dýrategundir og, í samræmi við 7. gr. þeirrar reglugerðar, um nýja notkun í drykkjarvatn. Umsækjendurnir óskuðu eftir að þessi aukefni yrðu sett í aukefnaflokkinn „næringaraukefni“. Umsóknunum fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 24. apríl 2012 ([3]) að við tillögð skilyrði fyrir notkun í fóður og drykkjarvatn hafi L-karnitín og L-karnitín L-tartrat ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að L-karnitín og L-karnitín L-tartrat teljist áhrifaríkir gjafar L-karnitíns. Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að enginn öryggisvandi myndi skapast fyrir notendur. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnin í fóðri og vatni sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á L-karnitíni og L-karnitín L-tartrati sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessara efna eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

7) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 110, 29.4.2015, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 203/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2012 10(5),2676* og *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2012 10(5),2677*.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnin, sem tilheyra aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með áþekka verkun“ og eru tilgreind í viðaukanum, eru leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

1. Efnin, sem eru tilgreind í viðaukanum, og forblöndur sem innihalda efnin, sem eru framleidd og merkt fyrir 19. nóvember 2015 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 19. maí 2015, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda efnin, sem eru tilgreind í viðaukanum og eru framleidd og merkt fyrir 19. nóvember 2015 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 19. maí 2015, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.

3. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda efnin, sem eru tilgreind í viðaukanum og eru framleidd og merkt fyrir 19. maí 2017 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 19. maí 2015, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem ekki gefa af sér afurðir til manneldis.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. apríl 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald eða mg af virku efni/l vatns			
Flokkur næringaraukefna. Virkur hópur: vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með áþekka verkun									
3a910	—	L-karnitín	*Samsetning aukefnis* L-karnitín *Virkt efni* L-karnitín $C_7H_{15}NO_3$ CAS-nr.: 541-15-1 L-karnitín, fast form, framleitt með efnasmíði: að lágmarki 97%. *Greiningaraðferð* ([1]) Til að ákvarða L-karnitín í fóðuraukefninu: títrun með perklórsýru (Evrópska lyfjaskráin, 6. útgáfa, gæðalýsing efnis 1339) Til að ákvarða L-karnitín í forblöndum: jónagreining með rafleiðniskynjun (IC-ECD) eða litrófsmæling eftir ensímefnahvörf með karnitínasetýltransferasa. Til að ákvarða L-karnitín í fóðri: Háþrýstivökvaskiljun með óskautuðum stöðufasa (RP-HPLC) með flúrmælingu eða litrófsmæling eftir ensímefnahvörf með karnitínasetýltransferasa. Til að ákvarða L-karnitín í vatni: spennutítrun eða litrófsmæling eftir ensímefnahvörf með karnitínasetýltransferasa.	Allar dýrategundir	—	—	—	1. Setja má L-karnitín á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. 3. Til að tryggja öryggi skal við meðhöndlun nota öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska. 4. Aukefnið má nota í drykkjarvatn.	19. maí 2025

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald eða mg af virku efni/l vatns			
3a911	—	L-karnitín L-tartrat	*Samsetning aukefnis* L-karnitín L-tartrat *Virkt efni* L-karnitín L-tartrat $C_{18}H_{36}N_2O_{12}$ CAS-nr.: 36687-82-8 L-karnitín L-tartrat, fast form, framleitt með efnasmíði: að lágmarki 97%. *Greiningaraðferð* ([1]) Til að ákvarða L-karnitín L-tartrat í fóðuraukefninu: bakspennutítrun (e. *potentiometric back-titration*). Til að ákvarða L-karnitín L-tartrat (gefið upp sem L-karnitín) í forblöndum: jónagreining með rafleiðni-skynjun (IC-ECD) eða litrófsmæling eftir ensímefnahvörf með karnitínasetýltransferasa. Til að ákvarða L-karnitín L-tartrat (gefið upp sem L-karnitín) í fóðri: Háþrýstivökvaskiljun með óskautuðum stöðufasa (RP-HPLC) með flúrmælingu eða litrófsmæling eftir ensímefnahvörf með karnitínasetýltransferasa. Til að ákvarða L-karnitín L-tartrat (gefið upp sem L-karnitín) í vatni: spennutítrun eða litrófsmæling eftir ensímefnahvörf með karnitínasetýltransferasa.	Allar dýrateg-undir	—	—	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. 2. Til að tryggja öryggi skal við meðhöndlun nota öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska. 3. Aukefnið má nota í drykkjarvatn.	19. maí 2025

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðir eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir fóðuraukefni: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/722 **2015/EES/63/45**

frá 5. maí 2015

um leyfi fyrir táríni sem fóðuraukefni fyrir dýr af hundaætt, kattaætt og marðarætt og fisktegundir sem eru kjötætur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Tárín var leyft án tímamarka, í samræmi við tilskipun 70/524/EBE, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Efnið var síðan fært inn í skrána yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á táríni og blöndum með táríni sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og, í samræmi við 7. gr. þeirrar reglugerðar, um nýja notkun í drykkjarvatn. Umsækjandinn óskaði eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „næringaraukefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 22. maí 2012 ([3]) að tilbúið tárín sé talið áhrifaríkt við notkun í fóður fyrir ketti, hunda og fisktegundir sem eru kjötætur. Hefðbundin notkun á fóðri, sem inniheldur allt að 20% af fóðri úr dýraríkinu, leiddi til þeirrar niðurstöðu að allar dýrategundir þoli allt að 0,2% af táríni í heilfóðri. Matvælaöryggisstofnunin mælir með því að tárín verði ekki lengur leyft til notkunar fyrir alifugla, svín og jórturdýr. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að við tillögð skilyrði fyrir notkun í fóður og drykkjarvatn hafi tárín ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, manna eða á umhverfið.

5) Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að enginn öryggisvandi myndi skapast fyrir notendur. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnin í fóðri og vatni sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

6) Hægt er að yfirfæra niðurstöður fyrir ketti og hunda á tegundir af sömu ætt, þ.e. á dýr af kattaætt og hundaætt, þar eð um er að ræða lífeðlisfræðilega skyldar tegundir með tilliti til starfsemi maga og þarma.

7) Dýr af marðarætt tilheyra ættbálki rándýra, sem og dýr af kattaætt og hundaætt. Dýr af marðarætt eru tegund rándýra og mörg þeirra eru þar af leiðandi kjötætur. Þau þarfnast táríns og forefna þess, meþíóníns eða systeíns, í fóðrinu til að viðhalda eðlilegu magni táríns í skrokknum. Hefðbundnar uppsprettur táríns eru vöðvavefur, heili eða innyfli. Þar eð hitameðhöndlun og notkun annarra prótíngjafa (sem innihalda lítið af þessari amínósýru) leiða til skorts á táríni og forefna þess í fóðri tryggir hefðbundin notkun fóðurs, sem inniheldur tárín sem fóðuraukefni, að tárínþörfum dýra af marðarætt sé fullnægt.

8) Mat á táríni sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessa efnis eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 115, 6.5.2015, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 203/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2012 10(6), 2736.*

9) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með áþekka verkun“ og eru tilgreind í viðaukanum, er leyft sem aukefni í fóðri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

1. Efnið, sem er tilgreint í viðaukanum, og forblöndur sem innihalda efnið, sem eru framleidd og merkt fyrir 26. nóvember 2015 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 26. maí 2015, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda efnið, sem eru tilgreind í viðaukanum og eru framleidd og merkt fyrir 26. nóvember 2015 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 26. maí 2015, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir fisktegundir sem eru kjötætur.

3. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda efnið, sem eru tilgreind í viðaukanum og eru framleidd og merkt fyrir 26. maí 2017 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 26. maí 2015, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr af hundaætt, kattaætt og marðarætt.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. maí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald eða mg af virku efni/l vatns			
Flokkur næringaraukefna. Virkur hópur: vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með áþekka verkun									
3a370	—	Tárín	*Samsetning aukefnis* Tárín *Virkt efni* Tárín IUPAC-heiti: 2-amínóetansúlfónsýra $C_2H_7NO_3S$ CAS-númer: 107-35-7 Tárín, fast form, framleitt með efnasmíði: að lágmarki 98%. *Greiningaraðferð* ([1]) Til að ákvarða tárín í fóðuraukefninu: jónagreining með afleiðumyndun nínhýdríns eftir súlu (aðferð Evrópsku lyfjaskrárinnar til að ákvarða amínósýrur (Ph. Eur. 6.6, 2.2.56, aðferð 1)). Til að ákvarða tárín í forblöndum og fóðri: jónagreining með afleiðumyndun nínhýdríns eftir súlu og liósmæligreiningu: á grundvelli reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 (F-lið III. viðauka) eða háþrýstivökvaskiljun með óskautuðum stöðufasa (RP-HPLC) með flúrskinsnema (Samtök aðila í efnagreiningu 999.12).	Dýr af hundaætt, kattaætt, marðarætt og fisk-tegundir sem eru kjötætur	—	—	—	1. Setja má tárín á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. 3. Tillagt hámarksinnihald í mg af táríni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald: – Dýr af kattaætt: 2 500 – Fiskar sem eru kjötætur: 25 000 – Dýr af hundaætt og marðarætt: 2 000. 4. Til að tryggja öryggi skal við meðhöndlun nota öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska. 5. Aukefnið má nota í drykkjarvatn.	26. maí 2025

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald eða mg af virku efni/l vatns			
			Til að ákvarða tárín í vatni: Vökvaskiljun með ísogsnema fyrir útfjólublátt ljós eða flúrskinsnema (Samtök aðila í efnagreiningu 997.05).						

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðir eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir fóðuraukefni: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/723 **2015/EES/63/46**

frá 5. maí 2015

um leyfi fyrir bíótíni sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Bíótín var leyft án tímamarka, í samræmi við tilskipun 70/524/EBE, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Varan var síðan færð inn í skrána yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, voru lagðar fram tvær umsóknir um endurmat á bíótíni og blöndum með bíótíni fyrir allar dýrategundir og, í samræmi við 7. gr. þeirrar reglugerðar, um nýja notkun í drykkjarvatn. Umsækjendurnir óskuðu eftir að þessi aukefni yrðu sett í aukefnaflokkinn „næringaraukefni“. Umsóknunum fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínu frá 16. og 17. október 2012 ([3]) að við tillögð skilyrði fyrir notkun í fóður og drykkjarvatn hafi bíótín ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að tilbúið bíótín teljist áhrifaríkur bíótíngjafi í fóðri og að enginn öryggisvandi myndi skapast fyrir notendur. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnin í fóðri og drykkjarvatni sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á bíótíni sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessa efnis eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með áþekka verkun“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 115, 6.5.2015, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 203/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(11), 2925, *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(11), 2926.

2. gr.

1. Efnið, sem er tilgreint í viðaukanum, og forblöndur sem innihalda efnið, sem eru framleidd og merkt fyrir 26. nóvember 2015 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 26. maí 2015, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda efnið, sem eru tilgreind í viðaukanum og eru framleidd og merkt fyrir 26. nóvember 2015 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 26. maí 2015, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.

3. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda efnið, sem eru tilgreind í viðaukanum og eru framleidd og merkt fyrir 26. maí 2017 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 26. maí 2015 má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem ekki gefa af sér afurðir til manneldis.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. maí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald eða mg af virku efni/l vatns.			
Flokkur næringaraukefna. Virkur hópur: vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með áþekka verkun									
3a880	—	Bíótín	*Samsetning aukefnis* Bíótín *Virkt efni* D-(+)-bíótín $C_{10}H_{16}N_2O_3S$ – CAS-nr.: 58-85-5 – Bíótín, fast form, framleitt með efnasmíði – Hreinleikaskilyrði: að lágmarki 97% *Greiningaraðferð* (1) Til að ákvarða D-(+)-bíótín í fóðuraukefni: spennutítrunargreining og sanngreining með skautsnúningi (e. *optical rotation identification*) (Evrópska lyfjaskráin 6.0, aðferð 01/2008, 1073). Til að ákvarða D-(+)-bíótín í forblöndum og fóðri: Háþrýstivökvaskiljun með óskautuðum stöðufasa með massagreiningu (RP-HPLC-MS/MS). Til að ákvarða D-(+)-bíótín í vatni: örverufræðileg greining (*US Pharmacopoeia 21, 3rd supplement*, aðferð (88), 1986)	Allar dýrategundir	—	—	—	1. Setja má bíótín á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. 3. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn. 4. Aukefnið má nota í drykkjarvatn.	26. maí 2025

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðir eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir fóðuraukefni: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/724 **2015/EES/63/47**

frá 5. maí 2015

um leyfi fyrir retínýlasetati, retínýlpalmítati og retínýlpróþíónati sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) A-vítamín var leyft án tímamarka, í samræmi við tilskipun 70/524/EBE, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Varan var síðan færð inn í skrána yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á A-vítamíni í formi retínýlasetats, retínýlpalmítats og retínýlpróþíónats sem fóðuraukefni og blöndum með þeim fyrir allar dýrategundir og, í samræmi við 7. gr. þeirrar reglugerðar, um nýja notkun í drykkjarvatn. Umsækjandinn óskaði eftir að þessi aukefni yrðu sett í aukefnaflokkinn „næringaraukefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 12. desember 2012 ([3]) að við tillögð skilyrði fyrir notkun í fóður hafi retínýlasetat, retínýlpalmítat og retínýlpróþíónat ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið.

5) Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að retínýlasetat, retínýlpalmítat og retínýlpróþíónat séu áhrifaríkir A-vítamíngjafar og að enginn öryggisvandi myndi skapast fyrir notendur. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnin í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

6) Mat á retínýlasetati, retínýlpalmítati og retínýlpróþíónati sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt, að undanskildu drykkjarvatni. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessara efna í fóður eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð. Fastsetja ætti hámarksinnihald fyrir A-vítamín, óháð því í hvaða formi það er. Ekki ætti að gefa A-vítamín beint með drykkjarvatni enda myndi ein íkomuleið til viðbótar auka áhættu fyrir neytendur. Því ætti að synja um leyfi fyrir retínýlasetati, retínýlpalmítati og retínýlpróþíónati sem næringaraukefnum sem tilheyra virka hópnum „vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með áþekka verkun“ að því er varðar notkun þeirra í vatn. Bann þetta gildir ekki um þau aukefni í fóðurblöndu sem er síðan gefin með vatni.

7) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 115, 6.5.2015, bls. 25. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 203/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2013 11(1), 3037.*

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnin, sem tilheyra aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með áþekka verkun“ og eru tilgreind í viðaukanum, eru leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Synjað er um leyfi fyrir retínýlasetati, retínýlpalmítati og retínýlprópíónati sem næringaraukefnum sem tilheyra virka hópnum „vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með áþekka verkun“ að því er varðar notkun þeirra í vatn.

3. gr.

Efnin, sem eru tilgreind í viðaukanum og forblöndur sem innihalda efnin, sem eru framleidd og merkt 26. nóvember 2015 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 26. maí 2015, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda efnin, sem eru tilgreind í viðaukanum og eru framleidd og merkt fyrir 26. maí 2016 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 26. maí 2015, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.

Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda efnin, sem eru tilgreind í viðaukanum og eru framleidd og merkt fyrir 26. maí 2017 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 26. maí 2015 má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem ekki gefa af sér afurðir til manneldis.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. maí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar A-vítamíns/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur næringaraukefna. Virkur hópur: vítamín, forvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni með áþekka verkun									
3a672a	—	„Retínýl-asetat“ eða „A-víta-mín“	*Samsetning aukefnis* Retínýlasetat Trífenýlfosfínoxíð ≤ 100 mg/kg *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Retínýlasetat $C_{22}H_{32}O_2$ CAS-nr.: 127-47-9 Retínýlasetat, fast form, framleitt með efnasmíði. Hreinleikaskilyrði: að lágmarki 95% (að lágmarki 2,76 ma.e./g) *Greiningaraðferðir* ([1]) Til að ákvarða A-vítamín í fóðuraukefninu: þunnlagsskiljun og greining þar sem notast er við útfjólublátt ljós (TLC-UV) (Evrópska Lyfjaskráin, 6. útgáfa, gæðalýsing efnis 0217). Til að ákvarða A-vítamín í forblöndum og fóðri: Háþrýstivökvaskiljun með óskautuðum stöðufasa (RP-HPLC) með greiningu þar sem notast er við útfjólublátt ljós eða flúrskinsgreiningu — Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 ([2])	Smágrísir (spenagrísir og fráfærugrísir)	—	—	16 000	1. Aukefnið skal notað í fóðrið í forblöndu. 2. Setja má retínýlasetat á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 3. Að því er varðar innihald skal nota eftirfarandi jafngildi eins og sett er fram á merkimiðanum: 1 a.e. = 0,344 µg retínýlasetat. 4. Blanda með retínýlasetati, retínýlpalmítati eða retínýlprópíónati skal ekki fara yfir hámarksinnihald fyrir viðkomandi tegundir og flokka. 5. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. 6. Til að tryggja öryggi skal við meðhöndlun nota öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska.	26. maí 2025
				Eldissvín	—	—	6 500		
				Gyltur	—	—	12 000		
				Önnur svín	—	—	—		
				Kjúklingar og aukategundir alifugla	≤ 14 dagar	—	20 000		
					> 14 dagar	—	10 000		
				Kalkúnar	≤ 28 dagar	—	20 000		
					> 28 dagar	—	10 000		
				Aðrir alifuglar	—	—	10 000		
				Mjólkurkýr og kýr til undaneldis		—	9 000		
				Kálfar til eldis	4 mánuðir	—	16 000		
				Aðrir kálfar og kýr	—	—	25 000		

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar A-vítamíns/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
				Lömb og kiðlingar til eldis	≤ 2 mánuðir	—	16 000		
					> 2 mánuðir	—	—		
				Nautgripir, sauðfé og geitur til eldis	—	—	10 000		
				Aðrir nautgripir, sauðfé og geitur	—	—	—		
				Spendýr	—	—	Eingöngu staðgöngu-mjólk: 25 000		
				Aðrar dýrategundir	—	—	—		
3a672b		„Retínýl-palmítat“ eða „A-víta-mín“	*Samsetning aukefnis* Retínýlpalmítat Trífenýlfosfínoxíð ≤ 100 mg/kg af aukefninu *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Retínýlpalmítat $C_{36}H_{60}O_2$ CAS-nr.: 79-81-2 Retínýlpalmítat, fast form og vökvaform, framleitt með efnasmíði: að lágmarki 90% eða 1,64 ma.e./g.	Smágrísir (spenagrísir og fráfærugrísir)	—	—	16 000	1. Aukefnið skal notað í fóðrið í forblöndu. 2. Setja má retínýlpalmítat á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 3. Að því er varðar innihald skal nota eftirfarandi jafngildi eins og sett er fram á merkimiðanum: 1 a.e. = 0,5458 µg retínýlpalmítat.	26. maí 2025
				Eldissvín	—	—	6 500		
				Gyltur	—	—	12 000		
				Önnur svín	—	—	—		
				Kjúklingar og aukategundir alifugla	≤ 14 dagar	—	20 000		
					> 14 dagar	—	10 000		

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar A-vítamíns/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			Greiningaraðferðir ([1]) Til að ákvarða A-vítamín í fóðuraukefninu: þunnlagsskiljun og greining þar sem notast er við útfjólublátt ljós (TLC-UV) (Evrópska Lyfjaskráin, 6. útgáfa, gæðalýsing efnis 0217). Til að ákvarða A-vítamín í forblöndum og fóðri: Háþrýstivökvaskiljun með óskautuðum stöðufasa (RP-HPLC) með greiningu þar sem notast er við útfjólublátt ljós eða flúrskinsgreiningu — Reglugerð (EB) nr. 152/2009.	Kalkúnar	≤ 28 dagar	—	20 000	4. Blanda með retínýlasetati, retínýlpalmítati eða retínýlprópíónati skal ekki fara yfir hámarksinnihald fyrir viðkomandi tegundir og flokka. 5. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. 6. Til að tryggja öryggi skal við meðhöndlun nota öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska.	
					> 28 dagar	—	10 000		
				Aðrir alifuglar	—	—	10 000		
				Mjólkurkýr og kýr til undaneldis	—	—	9 000		
				Kálfar til eldis	4 mánuðir	—	16 000		
				Aðrir kálfar og kýr	—	—	25 000		
				Lömb og kiðlingar til eldis	≤ 2 mánuðir	—	16 000		
					> 2 mánuðir	—	—		
				Nautgripir, sauðfé og geitur til eldis	—	—	10 000		
				Aðrir nautgripir, sauðfé og geitur	—	—	—		
				Spendýr	—	—	Eingöngu staðgöngu-mjólk: 25 000		
				Aðrar dýrategundir	—	—	—		

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar A-vítamíns/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
3a672c		„Retínýl-própíónat“ eða „A-vítamín“	*Samsetning aukefnis* Retínýlpróþíónat Trífenýlfosfínoxíð ≤ 100 mg/kg af aukefninu *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Retínýlpróþíónat $C_{23}H_{34}O_2$ CAS-nr.: 7069-42-3 Retínýlpróþíónat, vökvaform, framleitt með efnasmíði: að lágmarki 95% eða 2,64 ma.e./g *Greiningaraðferðir* ([1]) Til að ákvarða A-vítamín í fóðuraukefninu: þunnlagsskiljun og greining þar sem notast er við útfjólublátt ljós (TLC-UV) (Evrópska Lyfjaskráin, 6. útgáfa, gæðalýsing efnis 0217). Til að ákvarða A-vítamín í forblöndum og fóðri: Háþrýstivökvaskiljun með óskautuðum stöðufasa (RP-HPLC) með greiningu þar sem notast er við útfjólublátt ljós eða flúrskinsgreiningu — Reglugerð (EB) nr. 152/2009.	Smágrísir (spenagrísir og fráfærugrísir)	—	—	16 000	1. Aukefnið skal notað í fóðrið í forblöndu. 2. Setja má retínýlpróþíónat á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 3. Að því er varðar innihald skal nota eftirfarandi jafngildi eins og sett er fram á merkimiðanum: 1 a.e. = 0,3585 µg retínýlpróþíónat. 4. Blanda með retínýlasetati, retínýlpalmítati eða retínýlpróþíónati skal ekki fara yfir hámarksinnihald fyrir viðkomandi tegundir og flokka. 5. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. 6. Til að tryggja öryggi skal við meðhöndlun nota öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska.	26. maí 2025
				Eldissvín	—	—	6 500		
				Gyltur	—	—	12 000		
				Önnur svín	—	—	—		
				Kjúklingar og aukategundir alifugla	≤ 14 dagar	—	20 000		
					> 14 dagar	—	10 000		
				Kalkúnar	≤ 28 dagar	—	20 000		
					> 28 dagar	—	10 000		
				Aðrir alifuglar	—	—	10 000		
				Mjólkurkýr og kýr til undaneldis	—	—	9 000		
				Kálfar til eldis	4 mánuðir	—	16 000		
				Aðrir kálfar eða kýr	—	—	25 000		
				Lömb og kiðlingar til eldis	≤ 2 mánuðir	—	16 000		
					> 2 mánuðir	—	—		

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar A-vítamíns/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
				Nautgripir, sauðfé og geitur til eldis	—	—	10 000		
				Aðrir nautgripir, sauðfé og geitur	—	—	—		
				Spendýr	—	—	Eingöngu staðgöngu-mjólk: 25 000		
				Aðrar dýrategundir	—	—	—		

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðir eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir fóðuraukefni: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 frá 27. janúar 2009 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með fóðri (Stjtíð. ESB L 54, 26.2.2009, bls. 1).

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/165 **2015/EES/63/48**

frá 3. febrúar 2015

um breytingu á IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir mjólkursýru, Lecanicillium muscarium af stofni Ve6, kítósanhýdróklóríð og Equisetum arvense L. í eða á tilteknum afurðum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Að því er varðar *Lecanicillium muscarium* af stofni Ve6, kítósanhýdróklórið og *Equisetum arvense* L. voru hvorki fastsett tiltekin hámarksgildi leifa né voru efnin færð á skrá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 og þar af leiðandi gildir staðalgildið 0,01 mg/kg sem mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr. 18. gr. þeirrar reglugerðar.

2) Kítósanhýdróklóríð er samþykkt sem grunnefni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 ([2]). Með tilliti til framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 563/2014 ([3]) telur framkvæmdastjórnin að rétt sé að færa efnið á skrá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005.

3) *Equisetum arvense* L. er samþykkt sem grunnefni í samræmi við reglugerð nr. 1107/2009. Með tilliti til framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 462/2014 ([4]) telur framkvæmdastjórnin að rétt sé að færa efnið á skrá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005.

4) Mjólkursýra er samþykkt sem matvælaaukefni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 ([5]). Með tilliti til reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1129/2011 ([6]) telur framkvæmdastjórnin að rétt sé að færa mjólkursýru á skrá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005.

5) Að því er varðar *Lecanicillium muscarium* af stofni Ve6 komst Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) að þeirri niðurstöðu ([7]) að rétt sé að færa það á skrá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005.

6) Á grundvelli niðurstöðu Matvælaöryggisstofnunarinnar og að teknu tilliti til þeirra þátta sem skipta máli í þessu tilliti uppfylla viðeigandi breytingar á hámarksgildum leifa viðeigandi kröfur í 1. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 14 gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

7) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 28, 4.2.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 204/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls.1).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 563/2014 frá 23. maí 2014 um samþykki fyrir grunnefninu kítósanhýdróklóríði, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtíð. ESB L 156, 24.5.2014, bls. 5).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 462/2014 frá 5. maí 2014 um samþykki fyrir grunnefninu *Equisetum arvense* L., í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 (Stjtíð. ESB L 134, 7.5.2014, bls. 28).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum (Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16).

([6]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1129/2011 frá 11. nóvember 2011 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 með því að koma á fót skrá Evrópusambandsins yfir aukefni í matvælum (Stjtíð. ESB L 295, 12.11.2011, bls. 1).

([7]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance *Lecanicillium muscarium* strain Ve6, notified as *Verticillium lecanii*.“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2010 8(1), 1446. [45 bls.]. doi:10.2903/j.efsa.2010.1446.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í IV. viðauka bætast færslurnar: „mjólkursýra ([2])“, „*Lecanicillium muscarium* af stofni Ve6“, „kítósanhýdróklóríð“ og „*Equisetum arvense* L.“, við í stafrófsröð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/401 **2015/EES/63/49**

frá 25. febrúar 2015

um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir asetamípríð, krómafenósíð, sýasófamíð, díkamba, dífenókónasól, fenpýrasamín, flúasínam, formetanat, nikótín, penkónasól, pýmetrósín, pýraklóstróbín, táflúvalínat og tebúkónasól í eða á tilteknum afurðum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([1]), einkum a-lið 1. mgr. 14. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir asetamípríð, sýasófamíð, formetanat, pýmetrósín, pýraklóstróbín og tebúkónasól. Í II. viðauka og B-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir penkónasól. Í A-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir krómafenósíð, díkamba, dífenókónasól, fenpýrasamín, flúasínam, nikótín og táflúvalínat.

2) Í tengslum við málsmeðferð sem varðaði leyfi fyrir plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið krómafenósíð til notkunar á kjarnaávexti og þrúgur var sótt um, skv. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, að fá að breyta gildandi hámarksgildum leifa.

3) Að því er varðar sýasófamíð var slík umsókn lögð fram varðandi þrúgur. Að því er varðar dífenókónasól var slík umsókn lögð fram varðandi paprikur og eggaldin. Að því er varðar fenpýrasamín var slík umsókn lögð fram varðandi apríkósur, kirsuber, ferskjur og plómur. Að því er varðar formetanat var slík umsókn lögð fram varðandi jarðarber. Að því er varðar penkónasól var slík umsókn lögð fram varðandi brómber og hindber. Að því er varðar pýmetrósín var slík umsókn lögð fram varðandi eplaþyrniber. Að því er varðar pýraklóstróbín var slík umsókn lögð fram varðandi kaffififlarætur. Að því er varðar táflúvalínat var slík umsókn lögð fram varðandi kjarnaávexti, ferskjur, apríkósur, þrúgur, tómata, eggaldin, melónur, spergilkál, rósakál, hnúðkál, ætiþistla, salat og aðrar salatplöntur. Að því er varðar tebúkónasól var slík umsókn lögð fram varðandi valmúafræ.

4) Í samræmi við 2. og 4. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 var lögð fram umsókn varðandi asetamípríð á apríkósur og trjáhnetur. Umsækjandinn fullyrðir að viðurkennd notkun efnisins á slíkar nytjaplöntur í Bandaríkjunum leiði til þess að styrkur leifa verður meiri en hámarksgildi leifa í reglugerð (EB) nr. 396/2005 segir til um og að nauðsynlegt sé að setja hærra hámarksgildi leifa til að komast hjá viðskiptahindrunum við innflutning á þessum nytjaplöntum.

5) Slíkar umsóknir voru einnig lagðar fram að því er varðar díkamba á erfðabreyttar sojabaunir og að því er varðar flúasínam á ginsengrætur. Umsækjendurnir fullyrða að viðurkennd notkun efnanna á slíkar nytjaplöntur í Bandaríkjunum leiði til þess að styrkur leifa verður meiri en hámarksgildi leifa í reglugerð (EB) nr. 396/2005 segir til um og að nauðsynlegt sé að setja hærra hámarksgildi leifa til að komast hjá viðskiptahindrunum við innflutning á þessum nytjaplöntum.

6) Viðkomandi aðildarríki mátu þessar umsóknir í samræmi við 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 og matsskýrslurnar voru sendar framkvæmdastjórninni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 71, 14.3.2015, bls. 114. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 204/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

7) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin, lagði mat á umsóknirnar og matsskýrslurnar og rannsakaði einkum áhættu fyrir neytendur og, þar sem við átti, fyrir dýr og skilaði rökstuddum álitum um tillögð hámarksgildi leifa ([2]). Matvælaöryggisstofnunin sendi þessi álit til framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna og gerði þau aðgengileg almenningi.

8) Að því er varðar notkun fenpýrasamíns á ferskjur komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu í rökstuddum álitum sínum að ekki sé þörf á breytingum á gildandi hámarksgildum leifa. Að því er varðar notkun táflúvalínats á kjarnaávexti, apríkósur, ferskjur og tómata voru framlögð gögn ekki fullnægjandi til að fastsetja ný hámarksgildi leifa. Gildandi hámarksgildi leifa ættu því að haldast óbreytt.

9) Að því er varðar díkamba greindust engar leifar við uppskeru á díkamba-þolnum sojabaunum. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að mikilvægur efnisþáttur efnaleifanna sem greindust í díkamba-þolnum sojabaunum sé umbrotsefnið 3,6-díklórsalísýlsýra (DCSA).

10) Að því er varðar allar aðrar umsóknir komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að allar kröfur um gögn hefðu verið uppfylltar og að breytingarnar, sem umsækjendurnir óskuðu eftir að yrðu gerðar á hámarksgildunum, væru viðunandi að því er varðar öryggi neytenda á grundvelli mats fyrir 27 sérstaka evrópska neytendahópa á váhrifum sem neytendur verða fyrir. Hún tók tillit til nýjustu upplýsinga um eiturefnafræðilega eiginleika efnanna. Hvorki þótti sýnt að ævilöng váhrif af völdum þessara efna vegna neyslu á öllum matvælum, sem geta innihaldið þau, né skammtímaváhrif vegna mikillar neyslu á viðkomandi nytjaplöntum og afurðum sköpuðu hættu á að farið yrði yfir ásættanlega, daglega inntöku eða viðmiðunarskammt bráðrar eitrunar.

11) Að því er varðar nikótín voru tímabundin hámarksgildi leifa fyrir villta ætisveppi sett fram í reglugerð (ESB) nr. 897/2012 ([3]) til 30. nóvember 2013 skv. a-lið 1. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 meðan beðið er framlagningar og mats á nýjum gögnum og upplýsingum um það hvort nikótín kemur fyrir frá náttúrunnar hendi í viðkomandi afurðum eða myndast í þeim. Framkvæmdastjórninni var tilkynnt um rannsóknarverkefni, sem er hafið, þar sem upptök nikótíns í þessum nytjaplöntum eru rannsökuð. Í ljósi fyrirhugaðrar tímalengdar rannsóknarinnar og

([2]) Vísindaskýrslur Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (EFSA) eru aðgengilegar á: http://www.efsa.europa.eu:
„Reasoned opinion on the modification of the existing maximum residue level (MRL) for acetamiprid in apricots and tree nuts.“ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2013 11(12), 3506 [30 bls.] doi:10.2903/j.efsa.2013.3506.
„Reasoned opinion on the modification of the existing MRL for chromafenozide in pome fruits and grapes.“ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2014 12(2), 3569 [25 bls.] doi:10.2903/j.efsa.2014.3569.
„Reasoned opinion on the modification of the existing MRLs for cyazofamid in grapes.“ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2013 11(10), 3402 [23 bls.] doi:10.2903/j.efsa.2013.3402.
„Reasoned opinion on the modification of the MRL for dicamba in genetically modified soybean.“ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2013 11(10), 3440 [38 bls.] doi:10.2903/j.efsa.2013.3440.
Reasoned opinion on the modification of the existing MRLs for difenoconazole in peppers and aubergines. Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2014 12(4), 3676 [27 bls.] doi:10.2903/j.efsa.2014.3676.
„Reasoned opinion on the modification of the existing MRL for fenpyrazamine in apricots, cherries, peaches and plums.“ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2014 12(3), 3619 [25 bls.] doi:10.2903/j.efsa.2014.3619.
„Reasoned opinion on modification of the existing MRL for fluazinam in ginseng root.“ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2014 12(5), 3690 [20 bls.] doi:10.2903/j.efsa.2014.3690.
„Reasoned Opinion on the modification of the existing MRL for formetanate in strawberries.“ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2014 12(3), 3596 [23 bls.] doi:10.2903/j.efsa.2014.3596.
„Reasoned opinion on the setting of new MRLs for penconazole in blackberries and raspberries.“ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2014 12(3), 3618 [24 bls.] doi:10.2903/j.efsa.2014.3618.
„Reasoned opinion on the modification of the existing MRLs for pymetrozine in azaroles, celery and fennel.“ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2013 11(8), 3348 [27 bls.] doi:10.2903/j.efsa.2013.3348.
„Reasoned opinion on the modification of the existing MRL for pyraclostrobin in chicory roots.“ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2014 12(5), 3685 [23 bls.] doi:10.2903/j.efsa.2014.3685.
„Reasoned opinion on the modification of the existing MRLs for tau-fluvalinate in various crops.“ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2014 12(1), 3548 [49 bls.] doi:10.2903/j.efsa.2014.3548.
„Reasoned opinion on the modification of the existing MRL for tebuconazole in poppy seed.“ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2013 11(5), 3248 [31 bls.] doi:10.2903/j.efsa.2013.3248.

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 897/2012 frá 1. október 2012 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir asíbensólar-S-metýl, amísúlbróm, sýasófamíð, díflúfeníkan, dímoxýstróbín, metoxýfenósíð og nikótín í eða á tilteknum afurðum (Stjtíð. ESB L 266, 2.10.2012, bls. 1).

til að veita framkvæmdastjórninni nauðsynlegan tíma til að taka ákvörðun þykir rétt að framlengja gildi þessara hámarksgilda leifa til 19. október 2016.

12) Að því er varðar formetanat var nokkrum hámarksgildum leifa breytt með reglugerð (ESB) nr. 61/2014 ([4]). Í þeirri reglugerð er hámarksgildi leifa fyrir jarðarber lækkað í magngreiningarmörk frá og með 14. ágúst 2014. Í þágu réttarvissu þykir rétt að hámarksgildi leifa, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, gildi frá og með sama degi.

13) Á grundvelli rökstuddra álita Matvælaöryggisstofnunarinnar og að teknu tilliti til þeirra þátta sem skipta máli í þessu tilliti uppfylla viðeigandi breytingar á hámarksgildum leifa kröfurnar í 2. mgr. 14 gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

14) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. nóvember 2014. Hún skal þó gilda frá 14. ágúst 2014 um hámarksgildi leifa fyrir formetanat í jarðarberjum.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. febrúar 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 61/2014 frá 24. janúar 2014 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir sýrómasín, fenprópidín, formetanat, oxamýl og tebúkónasól í eða á tilteknum afurðum (Stjtíð ESB L 22, 25.1.2014, bls. 1).

VIÐAUKI

Ákvæðum II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt sem hér segir:

1) Í stað dálkanna fyrir asetamípríð, sýasófamíð, formetanat, penkónasól, pýmetrósín, pýraklóstróbín og tebúkónasól í II. viðauka komi eftirfarandi:

„Varnarefnaleifar og hámarksgildi leifa (mg/kg)

Kenni-númer	Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um ([a])	Asetamípríð (R)	Sýasófamíð	Formetanat: Summa formetanats og salta þess, gefin upp sem formetanat(hýdróklóríð)	Penkónasól (F)	Pýmetrósín (A) (R)	Pýraklóstróbín (F)	Tebúkónasól (R)
0100000	1. **NÝ EÐA FRYST ALDIN, HNETUR**							
0110000	i. **Sítrusávextir**	0,9	0,01*	0,01*	0,05*	0,3 (+)		
0110010	Greipaldin (pómelónur, sætugreipaldin, tangeló (að undanskildum minneólum), ljótaldin og aðrir blendingar)						1	5
0110020	Appelsínur (ilmappelsínur, beiskjuappelsínur, myrtuappelsínur og aðrir blendingar)						2	0,9
0110030	Sítrónur (skrápsítróna, sítróna, fingursítróna (*Citrus medica* var. *sarcodactylis*))						1	5
0110040	Súraldin						1	5
0110050	Mandarínur (klementínur, tangarínur, minneólur og aðrir blendingar tangórínu (Citrus reticulata x sinensis))						1	5
0110990	Annað						1	5
0120000	ii. **Trjáhnetur**	**0,07**	0,02*	0,01*	0,05*			0,05
0120010	Möndlur					0,02*	0,02*	
0120020	Parahnetur					0,02*	0,02*	
0120030	Kasúhnetur					0,02*	0,02*	
0120040	Kastaníuhnetur					0,05	0,02*	
0120050	Kókoshnetur					0,02*	0,02*	
0120060	Heslihnetur (stórheslihnetur)					0,05	0,02*	
0120070	Goðahnetur					0,02*	0,02*	
0120080	Pekanhnetur					0,02*	0,02*	
0120090	Furuhnetur					0,02*	0,02*	
0120100	Pistasíuhnetur					0,02*	1	
0120110	Valhnetur					0,05	0,02*	
0120990	Annað					0,02*	0,02*	
0130000	iii. **Kjarnaávextir**	0,8	0,01*	0,01*	0,2	0,02*	0,5	
([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/35/EB frá 30. júní 1994 um sætuefni til notkunar í matvælum (Stjtíð. EB L 237, 10.9.1994, bls. 3).

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/36/EB frá 30. júní 1994 litarefni til notkunar í matvælum (Stjtíð. EB L 237, 10.9.1994, bls. 13).

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 95/2/EB frá 20. febrúar 1995 um aukefni í matvælum önnur en litarefni og sætuefni (Stjtíð. EB L 61, 18.3.1995, bls. 1).

(E 331 (i)), dínatríumsítrats (E 331 (ii)) og trínatríumsítrats (E 331 (iii)). Þessi form eru tilgreind í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 ([6]). Koma ætti skýrt fram að nota megi þessi ólíku form leyfðra matvælaaukefna.

7) Kantaxantín (E 161g) ætti ekki að selja beint til neytenda. Því ætti að breyta 5. lið 2. liðar A-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008.

8) Konjak (E 425) ætti ekki að nota til að framleiða vatnssneydd matvæli sem eiga að endurvatnast fyrir neyslu. Því ætti að bæta 2. neðanmálsgrein við færsluna fyrir E 425 í I. flokki í 1. lið í C-hluta II. viðauka.

9) Í matvælaflokkum 01.7.2: „Þroskaður ostur“ og 01.7.6: „Ostaafurðir“ (að undanskildum afurðum sem falla undir flokk 16) ætti að koma skýrt fram að natamýsín (E 235) megi eingöngu nota til yfirborðsmeðhöndlunar á óskornum osti og óskornum ostaafurðum.

10) Beita ætti samræmdri nálgun að því er varðar orðalag neðanmálsgreina sem vísa í hámarksgildi fyrir ál sem kemur úr álsetlitarefnum og voru innleidd með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 380/2012 ([7]). Bæta ætti setningunni „Ekki má nota önnur álsetlitarefni“ við allar neðanmálsgreinar sem vísa í sérstök matvælaaukefni í flokkunum: 01.7.3: „Ætar ostaskorpur“, 01.7.5: „Bræddur ostur“, 04.2.5.2: „Sultur, hlaup og marmelaði og sykrað kastaníuhnetumauk eins og skilgreint er í tilskipun 2001/113/EB“, 08.2: „Unnar kjötvörur eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 853/2004“, 08.3.1: „Kjötafurðir sem ekki eru hitameðhöndlaðar“, 08.3.2: „Hitameðhöndlaðar kjötafurðir“, 08.3.3: „Garnir og gervigarnir, þekjuefni og skraut fyrir kjöt“ og 09.3: „Fiskhrogn“.

11) Í flokki 02.1: „Fita og olíur sem eru að mestu leyti vatnsfríar (að undanskildri vatnsfrírri mjólkurfitu)“ ætti ekki að nota tiltekin aukefni í jómfrúarolíu og ólífuolíu.

12) Í flokki 04.2.3: „Aldin og grænmeti, niðursoðin í dósir eða krukkur“ ætti að leyfa notkun brennisteinsdíoxíðs — súlfíta (E 220–228) í unnum sveppum.

13) Í matvælaflokki 05.2: „Annað sælgæti, þ.m.t. smátöflur sem gefa frískandi andardrátt“ og í matvælaflokki 0.5.4: „Skreytingar, hjúpur og fyllingar, að undanskildum fyllingum sem eru að stofni til úr aldinum og falla undir flokk 4.2.4“ ætti að fastsetja hámarksgildi neótams (E 961) við 3 mg/kg þegar það er notað sem bragðaukandi efni í sælgæti sem er að stofni til úr sterkju.

14) Í matvælaflokki 05.4: „Skreytingar, hjúpur og fyllingar, að undanskildum fyllingum sem eru að stofni til úr aldinum og falla undir flokk 4.2.4“ ætti að leyfa notkun sýklamínsýru og natríum- og kalsíumsalta þess (E 952) í bragðbættan rjóma í sprautubrúsum.

15) Í matvælaflokki 06.4.4: „Kartöflubollur (ít. *gnocchi*)“ ætti að takmarka notkun aukefna í ferskum kældum kartöflubollum við takmarkaðan fjölda aukefna sem tilheyra I. flokki.

16) Í matvælaflokki 07.2: „Fínt kaffibrauð“ ætti að skýra notkun brennisteinsdíoxíðs — súlfíta (E 220–228).

17) Í matvælaflokki 08.2: „Unnar kjötvörur eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 853/2004“ ætti að leiðrétta færsluna fyrir kalíumasetat (E 261) í kalíumasetöt.

18) Í matvælaflokki 08.3.1: „Kjötafurðir sem ekki eru hitameðhöndlaðar“ ætti að fjarlægja bæði færsluna fyrir ísóaskorbínsýru (E 315) og natríumísóaskorbat (E 316).

19) Í matvælaflokki 08.2: „Unnar kjötvörur eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 853/2004“, 08.3.1: „Kjötafurðir sem ekki eru hitameðhöndlaðar“, 08.3.2: „Hitameðhöndlaðar kjötafurðir“ og 08.3.4: „Kjötafurðir sem eru verkaðar á hefðbundinn hátt, með sérstökum ákvæðum um nítrít og nítröt“ ætti að skýra framsetningu hámarksgilda fyrir nítrít (E 249–250) og/eða nítröt (E 251–252).

20) Í matvælaflokki 08.3.2: „Hitameðhöndlaðar kjötafurðir“ ætti að leyfa notkun gallata, þrígreinds bútýlhýdrókínóns (TBHQ) og bútýlhýdroxýanisóls (BHA) (E 310–320) í vatnssneyddu kjöti.

([6]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 frá 9. mars 2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 (Stjtíð ESB L 83, 22.3.2012, bls. 1).

([7]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 380/2012 frá 3. maí 2012 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar skilyrði fyrir notkun matvælaaukefna sem innihalda ál og magnið sem er heimilt að nota (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2012, bls. 14).

21) Í matvælaflokki 08.3.3: „Garnir og gervigarnir, þekjuefni og skraut fyrir kjöt“ ætti að leiðrétta númer neðanmálsgreinar úr 80 í 89.

22) Í matvælaflokki 08.3.4.2: „Hefðbundnar þurrsaltaðar afurðir“ ætti að endurinnleiða hámarksgildi fyrir nítrít (E 249–250) fyrir *jamón curado, paleta curada, lomo embuchado* og *cecina* og svipaðar afurðir.

23) Í matvælaflokkum 09.1.2: „Óunnin lindýr og krabbadýr“ og 09.2: „Unninn fiskur og lagarafurðir, þ.m.t. lindýr og krabbadýr“ ætti að koma skýrt fram að einingarnar, sem hámarksgildi fyrir brennisteinsdíoxíð og súlfít (E 220–228) fara eftir, eru gefnar upp á hvert kíló og skýra og leiðrétta ætti neðanmálsgreinina varðandi 4-hexýlresorsínóli (E 586).

24) Í matvælaflokki 09.2: „Unninn fiskur og lagarafurðir, þ.m.t. lindýr og krabbadýr“ ætti að takmarka notkun títandíoxíðs (E 171) og járnoxíða og hýdroxíða (E 172) við reyktan fisk.

25) Í matvælaflokki 09.2: „Unninn fiskur og lagarafurðir, þ.m.t. lindýr og krabbadýr“ ætti að koma skýrt fram að hámarksgildi fyrir sorbínsýru — sorböt, bensósýru — bensóöt (E 200–213) gildi um aukefnin hvert um sig eða í samsetningum og um summuna og að gildin séu gefin upp sem óbundin sýra.

26) Í matvælaflokki 10.2: „Unnin egg og eggjaafurðir“ ætti hámarksgildi fyrir tríetýlsítrat (E 1505) að gilda eingöngu um þurrkaðar eggjahvítur.

27) Í matvælaflokkum 14.2.7.1: „Kryddvín“ og 14.2.7.2: „Drykkir, að stofni til úr kryddvíni“ ætti að leiðrétta notkun litarefna sem tilheyra II. flokki og III. flokki í samræmi við notkun litarefna sem leyfð voru með tilskipun 94/36/EB.

28) Í matvælaflokki 17.1: „Fæðubótarefni gefin í föstu formi, þ.m.t. hylki og töflur og svipuð form, að undanskildum tyggjanlegum formum“ ætti að breyta númeri 79. neðanmálsgreinar og bæta henni við færsluna fyrir matvælaaukefnið dímetýlpólýsíloxan (E 900).

29) Í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 í 4. hluta „Matvælaaukefni, þ.m.t. burðarefni í matvælabragðefni“ ætti hámarksgildi fyrir arabískt gúmmí sem er umbreytt með oktenýlrafsýru (E 423) að gilda um endanleg matvæli. Í töflu 7 „Algínsýra — algínöt“ í 6. hluta „Skilgreiningar á flokkum matvælaaukefna að því er varðar 1. til 5. hluta“ ætti að bæta við kalsíumalgínati (E 404).

30) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) áður en hún uppfærir skrá Sambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar ólíklegt er að uppfærslan, sem um er að ræða, hafi áhrif á heilbrigði manna. Þar eð skrá Sambandsins er breytt til að hún taki til notkunar aukefna sem þegar eru leyfð í samræmi við tilskipun 94/35/EB, tilskipun 94/36/EB og tilskipun 95/2/EB telst það vera uppfærsla á þeirri skrá sem ólíklegt er talið að hafi áhrif á heilbrigði manna. Af þessum sökum er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.

31) Því ætti að breyta og leiðrétta II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.

32) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. apríl 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

I. Ákvæðum A-hluta er breytt sem hér segir:

1) Í stað fyrsta undirliðar 1. liðar komi eftirfarandi:

„— heiti matvælaaukefnisins og E-númer þess, þess í stað má nota sértækari E-númer og heiti sem eru skráð í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 (*), að undanskildum samheitum, ef upptöldu matvælaaukefnunum hefur í raun verið bætt í tiltekin matvæli.

(*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 frá 9. mars 2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 (Stjtíð ESB L 83, 22.3.2012, bls. 1).

2) Í stað 1. liðar í 2. lið komi eftirfarandi:

„1. Eingöngu má nota efnin sem eru skráð í B-hluta, eins og tilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 231/2012, sem aukefni í matvæli nema nánar sé kveðið á um það í E-hluta.“

3) Í stað 5. liðar í 2. lið komi eftirfarandi:

„5. Ekki má selja litarefnin E 123, E 127, E 160b, E 161g, E 173 og E 180 og blöndur úr þeim beint til neytandans.“

II. Í stað færslunnar fyrir aukefnið E 425 í I. flokki í 1. lið C-hluta komi eftirfarandi:

„E 425	Konjak i. Konjakgúmmí ii. Konjakglúkómannan	10 g/kg, hvert efni fyrir sig eða í samsetningum ([1]) ([2]) ([3])“

III. Ákvæðum E-hluta er breytt sem hér segir:

1) Í flokki 01.7.2 — „Þroskaður ostur“ er færslunni fyrir E 235 breytt sem hér segir:

a) Í stað færslunnar fyrir E 235 komi eftirfarandi:

	„E 235	Natamýsín	Miðað við mg/dm^2 yfirborð (finnst ekki á 5 mm dýpi)		Einungis til yfirborðsmeðferðar á óskornum hörðum, meðalhörðum og meðalmjúkum osti“

b) 8. neðanmálsgrein falli brott.

2) Í stað 67. neðanmálsgreinar í flokki 01.7.3 — „Ætar ostaskorpur“ komi eftirfarandi:

„(67): Hámarksgildi fyrir ál sem kemur úr álsetlitarefnum úr E 120 kókíníli, karmínsýru, karmíni og E 180 líþólrúbíni BK er 10 mg/kg. Ekki má nota önnur álsetlitarefni. Að því er varðar g-lið 1. mgr. 22. gr. þessarar reglugerðar gildir þetta gildi frá 1. febrúar 2013.“

3) Í stað 66. neðanmálsgreinar í flokki 01.7.5 — „Bræddur ostur“ komi eftirfarandi:

„(66): Hámarksgildi fyrir ál sem kemur úr álsetlitarefnum úr E 120 kókíníli, karmínsýru, karmíni er 1,5 mg/kg. Ekki má nota önnur álsetlitarefni. Að því er varðar g-lið 1. mgr. 22. gr. þessarar reglugerðar gildir þetta gildi frá 1. febrúar 2013.“

4) Í stað færslunnar fyrir E 235 í flokki 01.7.6 — „Ostaafurðir (að undanskildum afurðum sem falla undir flokk 16)“ komi eftirfarandi:

	„E 235	Natamýsín	Miðað við mg/dm^2 yfirborð (finnst ekki á 5 mm dýpi)		Einungis til yfirborðsmeðferðar á óskornum hörðum, meðalhörðum og meðalmjúkum afurðum“

5) Flokki 02.1 — „Fita og olíur sem eru að mestu leyti vatnsfríar (að undanskildri vatnsfrírri mjólkurfitu)“ er breytt sem hér segir:

a) Í stað færslunnar fyrir E 270 komi eftirfarandi:

	„E 270	Mjólkursýra	eftir þörfum		Einungis til notkunar við eldun og/eða steikingu eða tilreiðslu á soðsósum, að undanskildum jómfrúarolíum og ólífuolíum“

b) Í stað færslunnar fyrir E 300 komi eftirfarandi:

	„E 300	Askorbínsýra	eftir þörfum		Einungis til notkunar við eldun og/eða steikingu eða tilreiðslu á soðsósum, að undanskildum jómfrúarolíum og ólífuolíum“

c) Í stað færslunnar fyrir E 472c komi eftirfarandi:

	„E 472c	Sítrónusýruesterar ein- og tvíglýseríða af fitusýrum	eftir þörfum		Einungis til notkunar við eldun og/eða steikingu eða tilreiðslu á soðsósum, að undanskildum jómfrúarolíum og ólífuolíum“

6) Í stað fyrstu færslu fyrir E 220–228 í flokki 04.2.3 „Aldin og grænmeti, niðursoðin í dósir eða krukkur“ komi eftirfarandi:

	„E 220–228	Brennisteinsdíoxíð — súlfít	50	(3)	Einungis hvítt grænmeti, þ.m.t. belgávextir og unnir sveppir“

7) Í stað 66. neðanmálsgreinar í flokki 04.2.5.2 — „Sultur, hlaup og marmelaði og sykrað kastaníuhnetumauk eins og skilgreint er í tilskipun 2001/113/EB“ komi eftirfarandi:

„(66): Hámarksgildi fyrir ál sem kemur úr álsetlitarefnum úr E 120 kókíníli, karmínsýru, karmíni er 1,5 mg/kg. Ekki má nota önnur álsetlitarefni. Að því er varðar g-lið 1. mgr. 22. gr. þessarar reglugerðar gildir þetta gildi frá 1. febrúar 2013.“

8) Í stað fimmtu færslu fyrir E 961 í flokki 05.2. „Annað sælgæti, þ.m.t. smátöflur sem gefa frískandi andardrátt“ komi eftirfarandi:

	„E 961	Neótam	3	(3)	Einungis sem bragðaukandi efni í sælgæti, að stofni til úr sterkju, orkuskert eða án viðbætts sykurs“

9) Flokki 05.4 — „Skreytingar, hjúpur og fyllingar, að undanskildum fyllingum sem eru að stofni til úr aldinum og falla undir flokk 4.2.4“ er breytt sem hér segir:

a) Í stað annarrar færslu fyrir E 961 komi eftirfarandi:

	„E 961	Neótam	3		Einungis sem bragðaukandi efni í sælgæti, að stofni til úr sterkju, orkuskert eða án viðbætts sykurs“

b) Eftirfarandi ný færsla E 952 bætist við á eftir færslunni fyrir E 951:

	„E 952	Sýklamínsýra og natríum- og kalsíumsölt hennar	250	(51)	Einungis bragðbættur rjómi í sprautubrúsum sem er orkuskertur eða án viðbætts sykurs“

10) Flokki 06.4.4 — „Kartöflubollur“er breytt sem hér segir:

a) Í stað færslunnar fyrir I. flokk komi eftirfarandi:

	„I. flokkur	Aukefni			Að undanskildum ferskum kældum kartöflubollum“

b) Eftirfarandi nýjar færslur bætist við á eftir færslunni fyrir E 200–203:

	„E 270	Mjólkursýra	eftir þörfum		Einungis ferskar kældar kartöflubollur
	E 304	Fitusýruesterar askorbínsýru	eftir þörfum		Einungis ferskar kældar kartöflubollur
	E 330	Sítrónusýra	eftir þörfum		Einungis ferskar kældar kartöflubollur
	E 334	Vínsýra (L(+)-)	eftir þörfum		Einungis ferskar kældar kartöflubollur
	E 471	Ein- og tvíglýseríð af fitusýrum	eftir þörfum		Einungis ferskar kældar kartöflubollur“

11) Flokki 07.2 — „Fínt kaffibrauð“ er breytt sem hér segir:

a) Í stað færslu fyrir E 220–228 komi eftirfarandi:

	„E 220–228	Brennisteinsdíoxíð — súlfít	50	(3)	Einungis þurrt kex“

b) Eftirfarandi 3. neðanmálsgrein bætist við á eftir 2. neðanmálsgrein:

„(3): Hámarksgildi eru gefin upp sem heildarmagn SO_2 frá öllum uppsprettum; SO_2 innihald sem er 10 mg/kg eða 10 mg/l eða minna er ekki reiknað með.“

12) Flokki 08.2 — „Unnar kjötvörur eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 853/2004“ er breytt sem hér segir:

a) Í stað færslnanna fyrir E 249–250 og E 261 komi eftirfarandi:

	„E 249–250	Nítrít	150	(7)	Einungis *lomo de cerdo adobado, pincho moruno, careta de cerdo adobada, costilla de cerdo adobada, Kasseler, Bräte, Surfleisch, toorvorst, šašlõkk, ahjupraad, kiełbasa surowa biała, kiełbasa surowa metka*, og *tatar wołowy (danie tatarskie)*
	E 261	Kalíumasetöt	eftir þörfum		Einungis pakkað, nýtt hakkað kjöt og unnar kjötvörur sem öðrum innihaldsefnum en aukefnum eða salti hefur verið bætt í“

b) Í stað 7. neðanmálsgreinar komi eftirfarandi:

„(7): Hámarksmagn sem má bæta við á meðan á framleiðslu stendur, gefið upp sem $NaNO_2$ eða $NaNO_3$“

c) 7. neðanmálsgrein falli brott

d) Í stað 66. neðanmálsgreinar komi eftirfarandi:

„(66): Hámarksgildi fyrir ál sem kemur úr álsetlitarefnum úr E 120 kókíníli, karmínsýru, karmíni er 1,5 mg/kg. Ekki má nota önnur álsetlitarefni. Að því er varðar g-lið 1. mgr. 22. gr. þessarar reglugerðar gildir þetta gildi frá 1. febrúar 2013.“

13) Flokki 08.3.1 — „Kjötafurðir sem ekki eru hitameðhöndlaðar“ er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi færslur fyrir E 315 og E 316 falli brott:

	„E 315	Ísóaskorbínsýra	500		Einungis verkaðar kjötafurðir og rotvarðar kjötafurðir
	E 316	Natríumísóaskorbat	500		Einungis verkaðar kjötafurðir og rotvarðar kjötafurðir“

b) Í stað 7. neðanmálsgreinar komi eftirfarandi:

„(7): Hámarksmagn sem má bæta við á meðan á framleiðslu stendur, gefið upp sem $NaNO_2$ eða $NaNO_3$“

c) Í stað 66. neðanmálsgreinar komi eftirfarandi:

„(66): Hámarksgildi fyrir ál sem kemur úr álsetlitarefnum úr E 120 kókíníli, karmínsýru, karmíni er 1,5 mg/kg. Ekki má nota önnur álsetlitarefni. Að því er varðar g-lið 1. mgr. 22. gr. þessarar reglugerðar gildir þetta gildi frá 1. febrúar 2013.“

14) Flokki 08.3.2 — „Hitameðhöndlaðar kjötafurðir“ er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi ný færsla E 310–320 bætist við á eftir færslunni fyrir E 316:

	„E 310–320	Gallöt, TBHQ og BHA	200	(1) (13)	Einungis vatnssneytt kjöt“

b) Í stað 7. neðanmálsgreinar komi eftirfarandi:

„(7): Hámarksmagn sem má bæta við á meðan á framleiðslu stendur, gefið upp sem $NaNO_2$ eða $NaNO_3$“

c) Eftirfarandi 13. neðanmálsgrein bætist við á eftir 9. neðanmálsgrein:

„(13): Hámarksgildi gefið upp út frá fituinnihaldi“

d) Í stað 66. neðanmálsgreinar komi eftirfarandi:

„(66): Hámarksgildi fyrir ál sem kemur úr álsetlitarefnum úr E 120 kókíníli, karmínsýru, karmíni er 1,5 mg/kg. Ekki má nota önnur álsetlitarefni. Að því er varðar g-lið 1. mgr. 22. gr. þessarar reglugerðar gildir þetta gildi frá 1. febrúar 2013.“

15) Flokki 08.3.3 — „Garnir og gervigarnir, þekjuefni og skraut fyrir kjöt“ er breytt sem hér segir

a) Í stað færslunnar fyrir E 339 komi eftirfarandi:

	„E 339	Natríumfosföt	12600	(4) (89)	Einungis í náttúrulegar garnir fyrir pylsur“

b) Í stað 78. neðanmálsgreinar komi eftirfarandi:

„(78): Hámarksgildi fyrir ál sem kemur úr álsetlitarefnum úr E 120 kókíníli, karmínsýru, karmíni er 10 mg/kg. Ekki má nota önnur álsetlitarefni. Að því er varðar g-lið 1. mgr. 22. gr. þessarar reglugerðar gildir þetta gildi frá 1. febrúar 2013.“

c) Í stað 80. neðanmálsgreinar komi eftirfarandi:

„(89): Yfirfærsla í fullunninni vöru skal ekki fara yfir 250 mg/kg“

16) Flokki 08.3.4.1 — „Hefðbundnar, pækilverkaðar kjötafurðir (kjötafurðirnar eru verkaðar með því að leggja þær í pækil sem inniheldur nítrít og/eða nítröt, salt og aðra efnisþætti“ er breytt sem hér segir:

a) Í stað 7. neðanmálsgreinar komi eftirfarandi:

„(7): Hámarksmagn sem bætt er við, gefið upp sem $NaNO_2$ eða $NaNO_3$“

b) Í stað 39. neðanmálsgreinar komi eftirfarandi:

„(39): Hámarksmagn efnaleifa, gildi efnaleifa í lok framleiðsluferlisins, gefið upp sem $NaNO_2$ eða $NaNO_3$“

17) Flokki 08.3.4.2 — „Hefðbundnar þurrsaltaðar afurðir. (Við þurrsöltun er þurr saltblanda, sem inniheldur nítrít og/eða nítröt, salt og aðra efnisþætti, sett á allt yfirborð kjötsins og því næst kemur jöfnunar-þroskunar-tími)“ er breytt sem hér segir:

a) Í stað þriðju færslu fyrir E 249–250 komi eftirfarandi:

	„E 249–250	Nítrít	100	(39)	Einungis *presunto, presunto da pa* og *paio do lombo* og svipaðar afurðir: Þurrsöltun í 10 til 15 daga og því næst kemur 30 til 45 daga jöfnunartími og þroskunartími sem er a.m.k. tveir mánuðir; *jamón curado, paleta curada, lomo embuchado* og *cecina* og svipaðar afurðir: Þurrsöltun með jöfnunartíma sem er a.m.k. 10 dagar og þroskunartíma sem er lengri en 45 dagar“

b) Í stað 39. neðanmálsgreinar komi eftirfarandi:

„(39): Hámarksmagn efnaleifa, gildi efnaleifa í lok framleiðsluferlisins, gefið upp sem $NaNO_2$ eða $NaNO_3$“

18) Flokki 08.3.4.3 — „Aðrar afurðir sem eru verkaðar á hefðbundinn hátt. (Pæklun og þurrsöltun eru notaðar saman eða nítrít og/eða nítrat er sett í samsetta vöru eða pæklinum er sprautað í afurðina áður en hún er soðin)“ er breytt sem hér segir:

a) Í stað 7. neðanmálsgreinar komi eftirfarandi:

„(7): Hámarksmagn sem bætt er við, gefið upp sem $NaNO_2$ eða $NaNO_3$“

b) Í stað 39. neðanmálsgreinar komi eftirfarandi:

„(39): Hámarksmagn efnaleifa, gildi efnaleifa í lok framleiðsluferlisins, gefið upp sem $NaNO_2$ eða $NaNO_3$“

19) Flokkum 09.1.2 — „Óunnin lindýr og krabbadýr“ er breytt sem hér segir:

a) Í stað færslnanna fyrir E 220–228 og E 586 komi eftirfarandi:

	„E 220–228	Brennisteinsdíoxíð — súlfít	150	(3) (10)	Einungis fryst og djúpfryst óunnin krabbadýr og smokkar; krabbadýr af ættunum Penaeidae, Solenoceridae og Aristaeidae upp að 80 einingum á hvert kíló
	E 220–228	Brennisteinsdíoxíð — súlfít	200	(3) (10)	Einungis krabbadýr af ættunum Penaeidae, Solenoceridae og Aristaeidae á bilinu 80 til 120 einingar á hvert kíló
	E 220–228	Brennisteinsdíoxíð — súlfít	300	(3) (10)	Einungis krabbadýr af ættunum Penaeidae, Solenoceridae og Aristaeidae yfir 120 einingar á hvert kíló
	E 586	4-hexýlresorsínól	2	(90)	Einungis fersk, fryst eða djúpfryst krabbadýr“

b) Í stað 42. neðanmálsgreinar komi eftirfarandi:

„(90): Sem efnaleif í kjötinu“

20) Flokki 09.2 — „Unninn fiskur og lagarafurðir, þ.m.t. lindýr og krabbadýr“ er breytt sem hér segir:

a) Í stað þriðju færslu fyrir E 171 komi eftirfarandi:

	„E 171	Títandíoxíð	eftir þörfum		Einungis reyktur fiskur“

b) Í stað annarrar færslu fyrir E 172 komi eftirfarandi:

	„E 172	Járnoxíð og -hýdroxíð	eftir þörfum		Einungis reyktur fiskur“

c) Í stað þriðju færslu fyrir E 200–213 komi eftirfarandi:

	„E 200–213	Sorbínsýra — sorböt; bensósýra — bensóöt	6000	(1) (2)	Einungis soðnar rækjur af tegundunum *Crangon crangon* og *Crangon vulgaris*“

d) Í stað annarrar færslu fyrir E 220–228 komi eftirfarandi:

	„E 220–228	Brennisteinsdíoxíð — súlfít	135	(3) (10)	Einungis soðin krabbadýr af ættunum Penaeidae, Solenoceridae og Aristaeidae upp að 80 einingum á hvert kíló“

e) Í stað þriðju færslu fyrir E 220–228 komi eftirfarandi:

	„E 220–228	Brennisteinsdíoxíð — súlfít	180	(3) (10)	Einungis soðin krabbadýr af ættunum Penaeidae, Solenoceridae og Aristaeidae á bilinu 80 til 120 einingar á hvert kíló“

f) Í stað fimmtu færslu fyrir E 220–228 komi eftirfarandi:

	„E 220–228	Brennisteinsdíoxíð — súlfít	270	(3) (10)	Einungis soðin krabbadýr af ættunum Penaeidae, Solenoceridae og Aristaeidae yfir 120 einingar á hvert kíló“

21) Í stað 68. neðanmálsgreinar í flokki 09.3 — „Fiskhrogn“ komi eftirfarandi:

„(68): Hámarksgildi fyrir ál sem kemur úr álsetlitarefnum úr E 123 amarant er 10 mg/kg. Ekki má nota önnur álsetlitarefni. Að því er varðar g-lið 1. mgr. 22. gr. þessarar reglugerðar gildir þetta gildi frá 1. febrúar 2013.“

22) Matvælaflokki 10.2 — „Unnin egg og eggjaafurðir“ er breytt sem hér segir:

a) Fyrsta færsla fyrir E 1505 falli brott;

b) Í stað annarrar færslu fyrir E 1505 komi eftirfarandi:

	„E 1505	Tríetýlsítrat	eftir þörfum		Einungis þurrkuð eggjahvíta“

23) Matvælaflokki 14.2.7.1 — „Kryddvín“ er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi færslur fyrir II. flokk, III. flokk og matvælaaukefni E 104, E 110, E 124 og E 160d falli brott:

	„II. flokkur	Litarefni eftir þörfum			Að undanskildu *americano, bitter vino*
	III. flokkur	Litarefni með samsett hámarksgildi	200		Að undanskildu *americano, bitter vino*
	E 104	Kínólíngult	50	(61)	Að undanskildu *americano, bitter vino*
	E 110	Sólsetursgult FCF/appelsínugult S	50	(61)	Að undanskildu *americano, bitter vino*
	E 124	Ponseau 4R, kókínílrautt A	50	(61)	Að undanskildu *americano, bitter vino*
	E 160d	Lýkópen	10		Að undanskildu *americano, bitter vino*“

b) Eftirfarandi færsla fyrir E 163 bætist við á eftir E 160d:

	„E 163	Antósýanín	eftir þörfum		Einungis *americano*“

24) Matvælaflokki 14.2.7.2 — „Drykkir, að stofni til úr kryddvíni“ er breytt sem hér segir:

a) Færslurnar fyrir II. og III. flokk og fyrir E 160d falli brott.

b) Í stað færslnanna fyrir E 104 komi eftirfarandi:

	„E 104	Kínólíngult	50	(61)	Einungis *bitter soda*“

c) Í stað færslnanna fyrir E 110 komi eftirfarandi:

	„E 110	Sólsetursgult FCF/appelsínugult S	50	(61)	Einungis *bitter soda*“

d) Í stað færslnanna fyrir E 124 komi eftirfarandi:

	„E 124	Ponseau 4R, kókínílrautt A	50	(61)	Einungis *bitter soda*“

e) Í stað færslunnar fyrir E 150a-d komi eftirfarandi:

	„E 150a–d	Karamellubrún litarefni	eftir þörfum		Að undaskildu *sangria, clarea, zurra*“

25) Flokki 17.1 — „Fæðubótarefni gefin í föstu formi, þ.m.t. hylki og töflur og svipuð form, að undanskildum tyggjanlegum formum“ er breytt sem hér segir:

a) Í stað færslunnar fyrir E 900 komi eftirfarandi:

	„E 900	Dímetýlpólýsíloxan	10	(91)	Einungis fæðubótarefni í formi freyðandi taflna“

b) Í stað 79. neðanmálsgreinar komi eftirfarandi:

„(91): Hámarksgildi á við um uppleyst fæðubótarefni tilbúið til neyslu þegar það er þynnt með 200 ml af vatni“

II. VIÐAUKI

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í stað færslunnar fyrir E 423 „Arabískt gúmmí sem er umbreytt með oktenýlrafsýru“ í 4. hluta „Matvælaaukefni, þ.m.t. burðarefni í matvælabragðefni“ komi eftirfarandi:

„E 423	Arabískt gúmmí sem er umbreytt með oktenýlrafsýru	Ýrulausnir með bragðgefandi olíum notaðar í flokkum 03: Ís til neyslu, 07.2: Fínt kaffibrauð, 08.3: Kjötafurðir, einungis unnið alifuglakjöt; 09.2: Unninn fiskur og lagarafurðir, þ.m.t. lindýr og krabbadýr og í flokki 16: Eftirréttir að undanskildum afurðum sem falla í flokk 1, 3 og 4.	500 mg/kg í endanlegum matvælum
		Ýrulausnir með bragðgefandi olíum notaðar í flokki 14.1.4: Bragðbættar drykkjarvörur, einungis bragðbætt drykkjarvara sem inniheldur ekki aldinsafa og í kolsýrðum bragðbættum drykkjarvörum sem innihalda aldinsafa og í flokki 14.2: Áfengir drykkir, að meðtöldum óáfengum og lítið áfengum hliðstæðum drykkjum.	220 mg/kg í endanlegum matvælum
		Ýrulausnir með bragðgefandi olíum notaðar í flokkum 05.1: Kakó- og súkkulaðivörur sem falla undir tilskipun 2000/36/EB, 05.2: Annað sælgæti, þ.m.t. smátöflur sem gefa frískandi andardrátt, 05.4: Skreytingar, hjúpur og fyllingar, að undanskildum fyllingum sem eru að stofni til úr aldinum og falla undir flokk 4.2.4 og í flokki 06.3: Morgunkorn.	300 mg/kg í endanlegum matvælum
		Ýrulausnir með bragðgefandi olíum notaðar í flokki 01.7.5: Bræddur ostur.	120 mg/kg í endanlegum matvælum
		Ýrulausnir með bragðgefandi olíum notaðar í flokki 05.3: Tyggigúmmí.	60 mg/kg í endanlegum matvælum
		Ýrulausnir með bragðgefandi olíum notaðar í flokkum 01.8: Mjólkurvöruhliðstæður, þ.m.t. þurrmjólkurlíki, 04.2.5: Sultur, hlaup og marmelaði og svipaðar vörur, 04.2.5.4: Hnetusmjör og smurálegg úr hnetum, 08.3: Kjötafurðir, 12.5: Súpur og seyði, 14.1.5.2: Annað, einungis skyndikaffi og te og í rétti, með korn sem uppistöðu, sem eru tilbúnir til átu.	240 mg/kg í endanlegum matvælum
		Ýrulausnir með bragðgefandi olíum notaðar í flokki 10.2: Unnin egg og eggjaafurðir.	140 mg/kg í endanlegum matvælum
		Ýrulausnir með bragðgefandi olíum notaðar í flokkum 14.1.4: Bragðbættar drykkjarvörur, einungis bragðbætt drykkjarvara, án kolsýrings, sem inniheldur aldinsafa, 14.1.2: Aldinsafar eins og skilgreint er í tilskipun 2001/112/EB og grænmetissafar, einungis grænmetissafar og í flokki 12.6: Sósur, einungis soðsósur og sætar sósur.	400 mg/kg í endanlegum matvælum
		Ýrulausnir með bragðgefandi olíum notaðar í flokki 15: Kryddaðir smáréttir, tilbúnir til átu, og nasl.	440 mg/kg í endanlegum matvælum“

2) Í töflu 7 í 6. hluta „Algínsýra — algínöt“ bætist við ný færsla, E 404, á eftir færslunni fyrir E 403:

„E 404	Kalsíumalgínat“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/648 **2015/EES/63/57**

frá 24. apríl 2015

um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 að því er varðar að taka bragðefnið N-etýl-(2E,6Z)-nónadíenamíð af skrá Sambandsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla, sem hafa bragðgefandi eiginleika, til notkunar í og á matvæli og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91, reglugerðum (EB) nr. 2232/96 og (EB) nr. 110/2008 og tilskipun 2000/13/EB ([1]), einkum 3. mgr. 11. gr. og 3. mgr. 25. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum ([2]), einkum 4. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er sett fram skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni sem samþykkt eru til notkunar í og á matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.

2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 ([3]) var samþykkt skrá yfir bragðefni og var sú skrá færð inn í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008.

3) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar aðildarríkis eða hagsmunaaðila.

4) Skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni inniheldur nokkur efni sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu hefur ekki lokið við að meta eða hefur farið fram á að frekari vísindagögn verði lögð fram fyrir með það að markmiði að ljúka matinu. Að því er varðar eitt af þessum efnum, þ.e. N-etýl-(2E,6Z)-nónadíenamíð, hefur aðilinn, sem ber ábyrgð á að setja þetta bragðefni á markað, nú dregið umsóknina til baka. Af þeim sökum ætti að fjarlægja þetta bragðefni af skrá Sambandsins.

5) Því ætti að breyta A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 til samræmis við það.

6) Í 1. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 873/2012 ([4]) er mælt fyrir um umbreytingarráðstafanir vegna matvæla, sem innihalda bragðefni, sem eru sett löglega á markað eða merkt fyrir 22. október 2014. Ef til vill nægja þessar umbreytingarráðstafanir ekki vegna matvæla sem innihalda bragðefni sem á að fjarlægja af skrá Sambandsins eftir 22. október 2014. Af þeim sökum ætti að kveða á um viðbótarumbreytingartímabil fyrir matvæli sem innihalda N-etýl-(2E,6Z)-nónadíenamíð til að gera stjórnendum matvælafyrirtækja kleift að aðlagast kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

7) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 107, 25.4.2015, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 209/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 34.

([2]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 frá 1. október 2012 um samþykkt skrárinnar yfir bragðefni, sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96, og upptöku hennar í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 og um niðurfellingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1565/2000 og ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/217/EB. Stjtíð. ESB L 267, 2.10.2012, bls. 1.

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 873/2012 frá 1. október 2012 um umbreytingarráðstafanir varðandi skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008. Stjtíð. ESB L 267, 2.10.2012, bls. 162.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Matvæli sem innihalda bragðefnið N-etýl-(2E,6Z)-nónadíenamíð (FL-nr. 16.094), sem eru sett löglega á markað eða merkt innan sex mánaða frá gildistökudegi þessarar reglugerðar en uppfylla ekki kröfurnar í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008, má setja á markað til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða síðasta notkunardags.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. apríl 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 falli eftirfarandi færsla brott:

„16.094	N-etýl-(2E,6Z)-nónadíenamíð	608514-56-3	1596				4	Matvælaöryggisstofnun Evrópu“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/649 **2015/EES/63/58**

frá 24. apríl 2015

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 og viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 að því er varðar notkun á L-lefsíni sem burðarefni fyrir borðsætuefni í töfluformi (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum([1]), einkum 10. gr. (3. mgr.), 14. gr. og 30. gr. (5. mgr.),

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum ([2]), einkum 5. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.

2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 ([3]) er mælt fyrir um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008.

3) Þessar skrár má uppfæra í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.

4) Hinn 9. september 2010 lagði Þýskaland fram umsókn um leyfi fyrir notkun á L-lefsíni sem burðarefni (hjálparefni við töflugerð (e. *tableting aid*)) fyrir borðsætuefni í töfluformi, þar sem slík notkun var leyfð. Umsóknin var gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.

5) L-lefsín gegnir tæknilegu hlutverki og notkun þess er nauðsynleg í borðsætuefni í töfluformi. L-lefsíni er blandað með einsleitum hætti við sætuefni áður en töflur eru pressaðar úr blöndunni og það stuðlar að töflugerðinni með því að tryggja að töflurnar festist ekki við pressunaráhöldin.

6) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) mat öryggi amínósýrna og skyldra efna þegar þau eru notuð sem bragðefni og skilaði áliti sínu 29. nóvember 2007 ([4]). Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að váhrif á menn af völdum amínósýrna í matvælum séu meiri en þau váhrif sem búast má við vegna notkunar þeirra sem bragðefna og að níu af þessum efnum, þ.m.t. L-lefsín, teljist ekki hafa öryggisvanda í för með sér miðað við áætlað inntekið magn sem bragðefni.

7) Í umsókninni var sýnt fram á að m.a.s. mikil neysla á sætuefni í töfluformi færi ekki yfir 4% af innteknu magni sem mælt er með fyrir L-lefsín.

8) Því þykir rétt að leyfa notkun á L-lefsíni sem burðarefni fyrir borðsætuefni í töfluformi, eins og tilgreint er í I. viðauka við þessa reglugerð, og úthluta því matvælaaukefni E-númerinu E 641.

9) Reglugerð (ESB) nr. 231/2012 ætti að innihalda nákvæma skilgreiningu fyrir L-lefsín þegar það er fært í skrár Sambandsins í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 í fyrsta sinn. Að því er þetta varðar þykir rétt að taka tillit til hreinleikaskilyrða Evrópsku lyfjaskrárinnar fyrir L-lefsín.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 107, 25.4.2015, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 209/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

([2]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 frá 9. mars 2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 (Stjtíð ESB L 83, 22.3.2012, bls. 1).

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2008) 870, 1–46.

10) Því ætti að breyta reglugerðum (EB) nr. 1333/2008 og (ESB) nr. 231/2012 til samræmis við það.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Ákvæðum viðaukans við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. apríl 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í 3. lið í B-hluta „Matvælaaukefni önnur en litarefni og sætuefni“ bætist eftirfarandi ný færsla við á eftir færslunni fyrir matvælaaukefni E 640:

„E 641	L-lefsín“

2) Í E-hluta í matvælaflokki 11.4.3 □Borðsætuefni í töfluformi□ bætist eftirfarandi ný færsla við á eftir færslunni fyrir matvælaaukefni E 640:

	„E 641	L-lefsín	50 000“		

II. VIÐAUKI

Í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 bætist eftirfarandi ný færsla við á eftir færslunni fyrir E 640:

„E 641 L-LEFSÍN

Samheiti	2-amínóísóbútýlediksýra; L-2-amíno-4-metýlvalerínsýra; α-amínóísókaprónsýra; (S)-2-amíno-4-metýlpentansýra; L-Leu
Skilgreining	
EINECS-númer	200-522-0
CAS-númer	61-90-5
Efnaheiti	L-lefsín; L-2-amíno-4-metýlpentansýra
Efnaformúla	C6H13NO2
Mólþyngd	131,17
Magngreining	Innihald ekki minna en 98,5% og ekki meira en 101,0% miðað við vatnsfrítt form
Lýsing	Hvítt, eða næstum hvítt, kristallað duft eða glansandi flögur
Sanngreining	
Leysni	Leysanlegt í vatni, ediksýru, þynntri HCl og basískum hýdroxíðum og karbónötum; lítillega leysanlegt í etanóli
Eðlissnúningur	[α]D20 á bilinu + 14,5° til + 16,5° (4% lausn (miðað við vatnsfrítt form) í 6N HCl)
Hreinleiki	
Efnistap við þurrkun	Ekki meira en 0,5% (100–105 °C)
Súlfataska	Ekki meira en 0,1%
Klóríð	Ekki meira en 200 mg/kg
Súlföt	Ekki meira en 300 mg/kg
Ammóníum	Ekki meira en 200 mg/kg
Járn	Ekki meira en 10 mg/kg
Arsen	Ekki meira en 3 mg/kg
Blý	Ekki meira en 5 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki meira en 1 mg/kg“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/539 **2015/EES/63/59**

frá 31. mars 2015

um leyfi fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 432/2012 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 frá 20. desember 2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli ([1]), einkum 4. mgr. 18.gr. og 19. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 er kveðið á um að heilsufullyrðingar er varða matvæli séu bannaðar nema framkvæmdastjórnin leyfi þær í samræmi við þá reglugerð og að þær séu á lista yfir leyfðar fullyrðingar.

2) Samkvæmt 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 var samþykkt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 432/2012 ([2]) um að taka saman lista yfir leyfilegar heilsufullyrðingar er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna.

3) Í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 er kveðið á um að stjórnendur matvælafyrirtækja skuli senda lögbærum landsyfirvöldum aðildarríkis umsóknir um leyfi fyrir heilsufullyrðingum. Lögbær landsyfirvöld skulu framsenda tækar umsóknir til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu, hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“, til vísindalegs mats og einnig til framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna til upplýsingar.

4) Framkvæmdastjórnin skal ákveða hvort heilsufullyrðingar skuli leyfðar, að teknu tilliti til álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.

5) Til að hvetja til nýsköpunar ætti enn fremur að flýta fyrir málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir þær heilsufullyrðingar sem byggjast á nýlegum, vísindalegum sönnunargögnum og/eða fela í sér kröfu um vernd gagna sem njóta einkaleyfisverndar.

6) Í kjölfar umsóknar frá Barry Callebaut Belgium NV, sem lögð var fram skv. 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 og felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti á breytingu á leyfinu fyrir heilsufullyrðingunni „Flavanólar úr kakói stuðla að því að viðhalda þanþoli æða sem stuðlar að eðlilegu blóðflæði“. Þessi heilsufullyrðing var leyfð skv. 5. mgr. 13. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 851/2013 ([3]). Umsækjandinn óskaði eftir rýmkun leyfilegra skilyrða fyrir notkun fullyrðingarinnar svo að hún næði einnig yfir kakókjarna með háu innihaldi flavanóla sem ætlaðir eru til inntöku í hylkjum, töflum eða bætt við „önnur matvæli, þ.m.t. drykkjarvörur“.

7) Hinn 5. maí 2014 barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar (spurning nr. EFSA-Q-2013-00832) ([4]), þar sem ályktað var á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram að sýnt hefði verið fram á orsakatengsl milli neyslu á flavanólum úr kakói í kakókjörnum með háu innihaldi flavanóla (þ.e. í hylkjum eða töflum) og fullyrtu áhrifanna.

8) Matvælaöryggisstofnunin tók fram í áliti sínu að hún hefði ekki getað komist að þessari niðurstöðu án þess að taka eina íhlutunarrannsókn, gerða á mönnum, sem umsækjandinn hélt fram að nyti einkaleyfaverndar, til athugunar. ([5])

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 88, 1.4.2015, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 210/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 9.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 432/2012 frá 16. maí 2012 um samantekt lista yfir leyfilegar heilsufullyrðingar er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna (Stjtíð. ESB L 136, 25.5.2012, bls. 1).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 851/2013 frá 3. september 2013 um leyfi fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 432/2012 (Stjtíð. ESB L 235, 4.9.2013, bls. 3)

([4]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2014 12(5), 3654.

([5]) ProDigest, 2012. Pharmacokinetic study to assess the bioavailability of the cocoa flavanol epicatechin from different matrices. ProDigest Report nr. PD-2015009/C1-11.

9) Framkvæmdastjórnin hefur metið allar upplýsingarnar sem umsækjandinn lagði fram til rökstuðnings og litið er svo á að kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, séu uppfylltar að því er varðar rannsóknina sem fullyrt er að njóti einkaleyfaverndar. Til samræmis við það má ekki nota vísindagögnin og aðrar upplýsingar í þessari rannsókn í þágu umsækjanda, sem leggur síðar fram umsókn, í fimm ár eftir gildistöku þessarar reglugerðar í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006.

10) Eitt af markmiðum reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 er að tryggja að heilsufullyrðingar séu sannar, skýrar, áreiðanlegar og gagnlegar fyrir neytendur og að tekið sé tillit til orðalags og framsetningarinnar að því er þetta varðar. Ef orðalag fullyrðinga sem umsækjandi notar felur í sér sömu merkingu fyrir neytendur og leyfð heilsufullyrðing vegna þess að þær staðfesta sömu tengsl og eru fyrir hendi milli matvælaflokks, matvæla eða eins af innihaldsefnum þeirra annars vegar og heilbrigðis hins vegar ættu þær því að lúta sömu skilyrðum fyrir notkun og eru tilgreind í viðaukanum við þessa reglugerð.

11) Í samræmi við 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 ætti að uppfæra fullyrðingaskrána yfir næringar- og heilsufullyrðingar, sem inniheldur allar leyfðar heilsufullyrðingar, til þess að taka tillit til þessarar reglugerðar.

12) Þar eð umsækjandinn ber fyrir sig vernd einkaleyfisverndaðra gagna telst rétt að takmarka notkun þessarar fullyrðingar við umsækjandann í fimm ár. Leyfið fyrir þessari fullyrðingu, sem er takmarkað til notkunar fyrir einstakan rekstraraðila, ætti þó ekki að koma í veg fyrir að aðrir umsækjendur geti sótt um leyfi til að nota sömu fullyrðingu ef umsóknin er byggð á öðrum gögnum og rannsóknum en þeim sem njóta verndar skv. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006.

13) Tekið hefur verið tillit til athugasemda frá umsækjenda sem bárust framkvæmdastjórninni í tengslum við 6. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 við ákvörðun þeirra ráðstafana sem kveðið er á um í þessari reglugerð.

14) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 432/2012 til samræmis við það.

15) Samráð var haft við aðildarríkin.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Heilsufullyrðinguna, sem sett er fram í viðaukanum við þessa reglugerð, skal færa á lista Sambandsins yfir leyfðar fullyrðingar sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006.

2. Notkun heilsufullyrðingarinnar sem um getur í fyrstu málsgrein skal takmörkuð við umsækjandann í fimm ár frá gildistöku þessarar reglugerðar. Eftir að það tímabil rennur út er öllum stjórnendum matvælafyrirtækja heimilt að nota þessa heilsufullyrðingu í samræmi við skilyrðin sem gilda um hana.

2. gr.

Notkun vísindagagna og annarra upplýsinga sem fylgja umsókninni, sem umsækjandi fullyrðir að njóti einkaleyfaverndar og sem varð að leggja fram til að unnt væri að leyfa heilsufullyrðinguna, er takmörkuð í þágu umsækjandans í fimm ár frá gildistökudegi þessarar reglugerðar samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006.

3. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 432/2012 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. mars 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í stað færslunnar fyrir flavanóla úr kakói í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 432/2012 komi eftirfarandi:

Næringarefni, annað efni, matvæli eða matvælaflokkur	Fullyrðing	Skilyrði fyrir notkun fullyrðingar	Skilyrði og/eða takmarkanir á notkun matvælanna og/eða viðbótaryfirlýsing eða viðvörun	Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu nr.	Númer viðeigandi færslu í samsteypta listanum sem er lagður fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu til mats
„Flavanólar úr kakói	Flavanólar úr kakói stuðla að því að viðhalda þanþoli æða sem stuðlar að eðlilegu blóðfræði (*****) (******)	Veita skal neytendum upplýsingar þess efnis að dagleg inntaka flavanóla úr kakói þurfi að vera 200 mg til að fá fram jákvæðu áhrifin. Einungis má nota fullyrðinguna um kakódrykki (með kakódufti) eða um dökkt súkkulaði sem veitir a.m.k. 200 mg daglega inntöku af flavanólum úr kakói með stig fjölliðunar 1–10. (*****) Einungis má nota fullyrðinguna um hylki eða töflur sem innihalda kakókjarna með háu innihaldi flavanóla sem veita a.m.k. 200 mg daglega inntöku af flavanólum úr kakói með stig fjölliðunar 1–10. (*****)	—	2012 10(7), 2809 (*****) 2014 12(5), 3654 (******)	—

(*****) Leyfi veitt 24. september 2013 og notkun er takmörkuð við Barry Callebaut Belgium NV, Aalstersestraat 122, B-9280 Lebbeke-Wieze, Belgíu, í fimm ár.
(******) Leyfi veitt 21. apríl 2015 og notkun er takmörkuð við Barry Callebaut Belgium NV, Aalstersestraat 122, B-9280 Lebbeke-Wieze, Belgíu, í fimm ár.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/446 **2015/EES/63/60**

frá 17. mars 2015

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið baríumselenat (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 ([1]), einkum 14. gr. í tengslum við 17. gr.,

með hliðsjón af áliti Lyfjastofnunar Evrópu sem dýralyfjanefndin setur fram,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hámarksgildi leifa fyrir lyfjafræðilega virk efni, sem ætluð eru til notkunar innan Evrópusambandsins í lyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis eða í sæfivörur sem eru notaðar í búfjárrækt, skulu ákvörðuð í samræmi við reglugerð (EB) nr. 470/2009.

2) Lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra, að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu, eru sett fram í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 ([2]).

3) Baríumselenat er sem stendur tilgreint í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 sem leyft efni fyrir nautgripi og sauðfé með stöðuna „hámarksgildis leyfa ekki krafist“.

4) Í samræmi við 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009 var umsókn um endurskoðun á áliti varðandi baríumselenat lögð fyrir Lyfjastofnun Evrópu.

5) Dýralyfjanefndin staðfesti upphaflega tillögu sína um að engin þörf sé á að ákvarða hámarksgildi leifa fyrir baríumselenat fyrir nautgripi og sauðfé. Dýralyfjanefndin komst þó að þeirri niðurstöðu að sökum þess að brotthvarf efnisins og selenefnaleifa þess úr inndælingarstað gerist afar hægt er áhætta á að neysla kjöts af inndælingarstað leiði til inntöku selens í meira magni en fastsett er að sé öruggt. Af þeim sökum mælti dýralyfjanefndin með því, til að tryggja að váhrif á neytendur af völdum selens fari ekki yfir efri mörk fyrir þolanlega inntöku, að baríumselenat, sem notað er í dýralyf, sé ekki gefið með innsprautun.

6) Í samræmi við 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009 skal Lyfjastofnun Evrópu íhuga að nota hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í tilteknum matvælum, fyrir önnur matvæli, sem unnin eru úr sömu dýrategund, eða hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í einni eða fleiri dýrategundum, fyrir aðrar tegundir dýra. Dýralyfjanefndin mælti með því að yfirfæra gildandi stöðu baríumselenats, „hámarksgildis leyfa ekki krafist“, í tengslum við nautgripi og sauðfé yfir á allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis.

7) Því ætti að breyta færslunni fyrir baríumselenat í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 74, 18.3.2015, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 211/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1).

8) Rétt þykir að veita viðkomandi hagsmunaaðilum hæfilegan frest til að gera ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að fara ákvæðum þessarar reglugerðar.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Hún gildir frá og með 17. maí 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. mars 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í stað færslunnar fyrir efnið baríumselenat í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 komi eftirfarandi:

Lyfjafræðilega virkt efni	Leifamerki	Dýrategund	Hámarksgildi leifa	Markvefir	Önnur ákvæði (skv. 7. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009)	Meðferðarfræðileg flokkun
„Baríumselenat	Á EKKI VIÐ	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis	Hámarksgildis leifa ekki krafist	Á EKKI VIÐ	Má ekki gefa með innsprautun	Meltingarvegur og efnaskipti/ steinefni“

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/565 **2015/EES/63/61**

frá 8. apríl 2015

um breytingu á tilskipun 2006/86/EB að því er varðar tilteknar, tæknilegar kröfur varðandi kóðun vefja og frumna úr mönnum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/23/EB frá 31. mars 2004 um setningu gæða- og öryggiskrafna um gjöf, öflun, prófun, vinnslu, varðveislu, geymslu og dreifingu vefja og frumna úr mönnum ([1]), einkum 28. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2004/23/EB er þess krafist að aðildarríki tryggi rekjanleika vefja og frumna úr mönnum frá gjafa til þega og öfugt.

2) Til að auðvelda rekjanleika er nauðsynlegt koma á einkvæmu auðkenni fyrir vefi og frumur sem eru til dreifingar innan Sambandsins (hér á eftir nefnt samræmdur, evrópskur kóði) sem veitir upplýsingar um helstu einkenni og eiginleika þessara vefja og frumna.

3) Til að tryggja samræmda beitingu samræmda, evrópska kóðans í öllu Sambandinu ætti að setja fram skyldur lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna og vefjamiðstöðvanna varðandi notkun samræmda, evrópska kóðans. Eingöngu þessi nálgun mun tryggja samræmda og samfellda notkun kóðans í Sambandinu.

4) Rekjanleiki frá gjafa til þega og öfugt ætti að vera tryggður með kóðun vefja og frumna og með gögnum er með fylgja. Fyrir þega veitir samræmdi, evrópski kóðinn upplýsingar um gjöfina og um vefjamiðstöðina sem ber ábyrgð á öflun vefja og frumna. Fyrir gjafa getur vefjamiðstöðin, sem ber ábyrgð á öflun vefja og frumna, rakið vefina og frumurnar sem er dreift til notkunar í mönnum með því að biðja næstu aðila í keðjunni um að veita gögn í tengslum við notkun vefjanna og frumnanna á grundvelli gjafarauðkennisþáttanna í samræmda, evrópska kóðanum sem er að finna í meðfylgjandi gögnum.

5) Snið samræmda, evrópska kóðans ætti að vera samræmt til að auðvelda smáum og stórum fyrirtækjum notkun hans jafnframt því að veita fyrirtækjum sveigjanleika til að notast áfram við núverandi kóða.

6) Úthluta ætti öllum vefjum og frumum, sem er dreift til notkunar í mönnum, samræmdum, evrópskum kóða sem gerir ráð fyrir auðkenningu gjafar og afurðar, þ.m.t. þeim sem eru flutt inn frá þriðju löndum. Aðildarríkin geta leyft tilteknar undanþágur frá notkun kóðans.

7) Ef vefir og frumur eru undanskilin eða undanþegin notkun samræmda, evrópska kóðans ættu aðildarríkin að sjá til þess að viðeigandi rekjanleiki þessara vefja og frumna sé tryggður í allri keðjunni frá gjöf og öflun til notkunar í mönnum.

8) Þegar vefir og frumur eru sett í umferð til annars en til dreifingar (s.s. flutningur til annars aðila til frekari vinnslu, hvort sem þau eru send til baka eða ekki) ætti að lágmarki að nota auðkennisrunu gjafar a.m.k. í meðfylgjandi gögnum. Ef vefir og frumur eru flutt frá vefjamiðstöð til annars aðila eingöngu til geymslu og/eða til frekari dreifingar getur vefjamiðstöðin strax notað samræmda, evrópska kóðann á endanlegum merkimiða sínum til viðbótar við auðkennisrunu gjafar sem ætti að nota a.m.k. í meðfylgjandi gögnum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 93, 9.4.2015, bls. 43. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 212/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 102, 7.4.2004, bls. 48

9) Ef um er að ræða vefi og frumur sem öflunarteymi, sem starfa fyrir tvær eða fleiri vefjamiðstöðvar, hafa tekið úr látnum gjafa skulu aðildarríkin tryggja viðeigandi rekjanleikakerfi fyrir alla öflun. Það má tryggja með því að þróa miðlægt kerfi til úthlutunar á einkvæmu númeri gjafar fyrir hverja gjöf sem skráð er á landsvísu, eða með því að krefjast þess að allar vefjamiðstöðvar tryggi traustan rekjanleika milli gjafarauðkennisnúmeranna sem er úthlutað af hverri vefjamiðstöð sem aflar eða tekur vefi og frumur úr sama látna gjafanum.

10) Framkvæmdastjórnin ætti að tryggja framkvæmd samræmda, evrópska kóðans með því að veita lögbærum yfirvöldum og vefjamiðstöðvum aðildarríkja viðeigandi tæki. Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna ættu að uppfæra skrána yfir vefjamiðstöðvar þegar breytingar verða á faggildingum, tilnefningum eða leyfum vefjamiðstöðva og framkvæmdastjórnin ætti að tryggja uppfærslu skrárinnar um vefina og frumurnar þegar þörf er á að færa inn nýjar afurðir. Framkvæmdastjórnin ætti að ráðfæra sig við sérfræðingahóp hvað þetta varðar, einkum sérfræðinga sem tilnefndir eru af lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna.

11) Að því er varðar gjafarauðkennisrununa í samræmda, evrópska kóðanum ætti vefjainnflutningsmiðstöðin að nota vefjamiðstöðvarkóðann sem henni er úthlutaður í yfirliti ESB yfir vefjamiðstöðvar og úthluta einkvæmu gjafarnúmeri ef gjafarnúmerið á innfluttu afurðinni er ekki einkvæmt á heimsvísu.

12) Hópun vefja og frumna er leyfð í sumum aðildarríkjum. Því er einnig fjallað um notkun samræmda, evrópska kóðans í þessari tilskipun ef um hópun er að ræða.

13) Innleiða ætti umbreytingarfyrirkomulag vegna vefja og frumna sem eru þegar í geymslu við lok lögleiðingartíma-bilsins.

14) Þessi tilskipun kemur ekki í veg fyrir að aðildarríki viðhaldi eða innleiði strangari ráðstafanir varðandi kóðun vefja og frumna að því tilskildu að farið sé að ákvæðum sáttmálans.

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 29. gr. tilskipunar 2004/23/EB.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/86/EB ([2]) er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi k- til y-liður bætist við 2. gr.:

„k) „samræmdur, evrópskur kóði“ eða „SEC“ (e. *Single European Code*): einkvæmt auðkenni fyrir vefi og frumur sem eru til dreifingar innan Sambandsins. Samræmdi, evrópski kóðinn samanstendur af auðkennisrunu gjafar og auðkennisrunu afurðar eins og nánar er tilgreint í VII. viðauka við þessa tilskipun,

l) „auðkennisruna gjafar“: fyrsti hluti kóðans sem samanstendur af vefjamiðstöðvarkóða ESB og einkvæmu númeri gjafar,

m) „vefjamiðstöðvarkóði ESB“: einkvæmt auðkenni fyrir vefjamiðstöðvar í Sambandinu sem eru með faggildingu, tilnefningu eða leyfi. Vefjamiðstöðvarkóðinn samanstendur af ISO landskóða og vefjamiðstöðvarnúmerinu sem sett er fram í ESB-yfirlitinu yfir vefjamiðstöðvar, eins og nánar er tilgreint í VII. viðauka við þessa tilskipun,

n) „einkvæmt númer gjafar“: einkvæmt númer sem tiltekinni gjöf vefja og frumna er úthlutað í samræmi við það kerfi sem hvert aðildarríki ræður yfir til að úthluta slíkum númerum, eins og skilgreint er nánar í VII. viðauka við þessa reglugerð,

([2]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/86/EB frá 24. október 2006 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/23/EB að því er varðar kröfur varðandi rekjanleika, tilkynningar um alvarlegar aukaverkanir og meintilvik og tilteknar, tæknilegar kröfur varðandi kóðun, vinnslu, varðveislu, geymslu og dreifingu vefja og frumna úr mönnum (Stjtíð. ESB L 294, 25.10.2006, bls. 32).

o) „auðkennisruna afurðar“: seinni hluti samræmda, evrópska kóðans sem samanstendur af kóða afurðar, undirnúmeri og fyrningardagsetningu,

p) „kóði afurðar“: auðkenni fyrir tiltekna tegund vefja og frumna sem um er að ræða Kóði afurðar samanstendur af auðkenni afurðarkóðunarkerfis sem gefur til kynna kóðunarkerfið sem vefjamiðstöðin notar („E“ fyrir EUTC, „A“ fyrir ISBT128, „B“ fyrir Eurocode) og afurðanúmer vefja og frumna sem kveðið er á um í viðkomandi kóðunarkerfi fyrir afurðategundina, eins og skilgreint er nánar í VII. viðauka við þessa tilskipun,

q) „undirnúmer“ [áður númer framleiðsluhluta]: númer sem aðgreinir og auðkennir sérstaklega vefi og frumur sem hafa sama einkvæma númer gjafar og sama kóða afurðar og eru frá sömu vefjamiðstöð, eins og skilgreint er nánar í VII. viðauka við þessa tilskipun,

r) „fyrningardagsetning“: síðasti dagurinn sem nota má vefina og frumurnar, eins og skilgreint er nánar í VII. viðauka við þessa tilskipun,

s) „kóðunarverkvangur ESB“: verkvangur framkvæmdastjórnarinnar fyrir upplýsingatækni sem inniheldur ESB-yfirlitið yfir vefjamiðstöðvar og ESB-yfirlitið yfir vefja- og frumuafurðir,

t) „ESB-yfirlit yfir vefjamiðstöðvar“: skrá yfir allar vefjamiðstöðvar sem hafa fengið leyfi, tilnefningu eða faggildingu lögbærs yfirvalds eða lögbærra yfirvalda aðildarríkja og inniheldur upplýsingar um þessar vefjamiðstöðvar eins og sett er fram í VIII. viðauka við þessa tilskipun,

u) „ESB-yfirlit yfir vefja- og frumuafurðir“: skrá yfir allar tegundir vefja og frumna sem eru í umferð innan Sambandsins og viðkomandi afurðakóða þeirra samkvæmt þremur leyfilegum kóðunarkerfum (EUTC, ISBT128 og Eurocode),

v) „EUTC“: afurðakóðunarkerfi fyrir vefi og frumur sem Sambandið hannar og samanstendur af skrám yfir allar tegundir vefja og frumna sem eru í umferð innan Sambandsins og samsvarandi afurðakóða þeirra,

w) „sett í umferð“: dreifing til notkunar í mönnum eða til flutninga til annars aðila, t.d. til frekari vinnslu, til endursendingar eða án hennar,

x) „innan sömu miðstöðvar“: öll skref, frá öflun til notkunar í mönnum, eru framkvæmd undir sama ábyrgðaraðila, gæðastjórnunarkerfi og rekjanleikakerfi, innan heilsugæslustöðvar sem felur í sér a.m.k. vefjamiðstöð sem hefur fengið faggildingu, tilnefningu eða leyfi og stofnun sem ber ábyrgð á notkun í mönnum er að finna á sama stað,

y) „hópun“: bein snerting eða blöndun vefja eða frumna úr fleiri en einni öflun frá sama gjafa, eða úr tveimur eða fleiri gjöfum, í einu íláti.“

2) Í stað 9. gr. komi eftirfarandi:

„9. gr.

Rekjanleiki

1. Aðildarríki skulu tryggja að vefir og frumur séu rekjanleg, einkum með gögnum og notkun samræmda, evrópska kóðans, allt frá öflun til notkunar í mönnum eða förgunar, og öfugt. Vefir og frumur sem notuð eru í hátæknimeðferðarlyf skulu vera rekjanleg samkvæmt þessari tilskipun að lágmarki þar til þau eru flutt til framleiðanda hátæknimeðferðarlyfjanna.

2. Aðildarríki skulu tryggja að vefjamiðstöðvar og stofnanir, sem bera ábyrgð á notkun í mönnum, skulu geyma gögnin, sem sett eru fram í VI. viðauka, í a.m.k. 30 ár á viðeigandi og læsilegum geymslumiðli.

3. Ef um er að ræða vefi og frumur sem öflunarteymi, sem starfa fyrir tvær eða fleiri vefjamiðstöðvar, hafa tekið úr látnum gjafa skulu aðildarríkin tryggja viðeigandi rekjanleikakerfi fyrir alla öflun.“

3) Í stað 10. gr. komi eftirfarandi:

„10. gr.

Evrópskt kóðunarkerfi

1. Með fyrirvara um 2. eða 3. mgr. þessarar greinar skal nota samræmda, evrópska kóðann á alla vefi og frumur sem dreift er til notkunar í mönnum. Í öðrum tilvikum þar sem vefir og frumur eru sett í umferð skal að lágmarki nota auðkennisrunu gjafar í a.m.k. meðfylgjandi gögnum.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um:

   a) gjöf frá maka á æxlunarfrumum,

   b) vefi og frumur sem er dreift beint til tafarlausrar ígræðslu til þega, eins og um getur í 5. mgr. 6. gr. tilskipunar 2004/23/EB,

   c) vefi og frumur sem eru flutt inn í Sambandið þegar um neyðartilvik er að ræða og lögbært yfirvald eða yfirvöld veita beint leyfi, eins og um getur í b-lið 3. mgr. 9. gr. tilskipunar 2004/23/EB.

3. Aðildarríki geta einnig leyft undanþágur frá kröfunum sem kveðið er á um í 1. mgr. fyrir:

   a) vefi og frumur, aðrar en æxlunarfrumur sem eru gjöf frá maka, þegar þessir vefir og frumur eru áfram innan sömu miðstöðvar,

   b) vefi og frumur sem eru flutt inn í Sambandið þegar þessir vefir og frumur eru áfram innan sömu miðstöðvar frá innflutningi til notkunar, að því tilskildu að miðstöðin feli í sér af vefjamiðstöð með faggildingu, tilnefningu eða leyfi til að annast innflutningsstarfsemi.“

4) Eftirfarandi greinar bætist við:

„10. gr. a

Snið samræmda, evrópska kóðans

1. Samræmdi, evrópski kóðinn, sem um getur í 1. mgr. 10. gr., skal vera í samræmi við forskriftirnar sem settar eru fram í þessari grein og í VII. viðauka.

2. Samræmdi, evrópski kóðinn skal vera með því sniði að hann má lesa með berum augum og á undan honum skal koma upphafsstafaorðið „SEC“. Hægt er að nota önnur merkingar- og rekjanleikakerfi samhliða þessu.

3. Samræmdi, evrópski kóðinn skal prentaður þannig að auðkennisruna gjafar og auðkennisruna afurðar séu aðskildar með einu bili eða sem tvær línur í röð.

10. gr. b

Kröfur varðandi notkun samræmda, evrópska kóðans

1. Aðildarríkin skulu tryggja að vefjamiðstöðvar, þ.m.t. vefjainnflutningsmiðstöðvar eins og þær eru skilgreindar í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/566 (*), uppfylli eftirfarandi lágmarkskröfur:

   a) úthluti samræmdum, evrópskum kóða til allra vefja og frumna, sem krefjast þess að sá kóði sé notaður, eigi síðar en áður en þeim er dreift til notkunar í mönnum,

   b) úthluti auðkennisrunu gjafar að lokinni öflun vefjanna og frumanna eða þegar tekið er á móti þeim frá öflunarstofnun eða þegar vefir og frumur eru flutt inn frá birgi í þriðja landi. Auðkennisruna gjafar skal fela í sér:

      1) vefjamiðstöðvarkóða ESB sem henni er úthlutað í ESB-yfirlitinu yfir vefjamiðstöðvar,

      2) einkvæmt númer gjafar sem vefjamiðstöðin úthlutar, nema slíku númeri sé úthlutað miðlægt á landsvísu, eða það sé einkvæmt númer á heimsvísu sem er notað í ISBT128 kóðunarkerfinu. Ef hópun vefja og frumna er leyfð skal úthluta lokaafurðinni nýju auðkennisnúmeri gjafar; vefjamiðstöðin þar sem hópunin er framkvæmd skal tryggja rekjanleika einstakra gjafa,

   c) breyti ekki auðkennisrunu gjafar þegar búið er að úthluta henni til vefja og frumna sem sett hafa verið í umferð nema það sé nauðsynlegt til að leiðrétta mistök við kóðun; allar leiðréttingar þarf að skjalfesta með tilhlýðilegum hætti,

   d) noti eitt af leyfilegu kóðunarkerfunum og samsvarandi vefja- og frumuafurðarnúmer sem er að finna í yfirliti ESB yfir vefja- og frumuafurðir eigi síðar en áður en þeim er dreift til notkunar í mönnum,

   e) noti viðeigandi undirnúmer og fyrningardagsetningu. Þegar fyrningardagsetning er ekki tilgreind fyrir vefi og frumur skal fyrningardagsetningin vera 00000000 eigi síðar en áður en þeim er dreift til notkunar í mönnum,

f) setji samræmda, evrópska kóðann á merkimiða viðkomandi afurðar með óafmáanlegum og varanlegum hætti og tiltaki þann kóða í viðkomandi meðfylgjandi gögnum eigi síðar en áður en þeim er dreift til notkunar í mönnum. Vefjamiðstöðin getur falið þriðja aðila, eða þriðju aðilum, þetta verk að því tilskildu að vefjamiðstöðin tryggi að farið sé að ákvæðum þessarar tilskipunar, einkum með tilliti til þess að kóðinn sé einkvæmur. Ef ekki er hægt að nota samræmda, evrópska kóðann á merkimiðann, þar sem stærð merkimiðans kemur í veg fyrir það, skulu meðfylgjandi gögn tengja kóðann með ótvíræðum hætti við vefi og frumur sem er pakkað með slíkum merkimiða,

g) tilkynni lögbæru yfirvaldi eða lögbærum yfirvöldum þegar:

1) uppfæra þarf eða leiðrétta upplýsingar í ESB-yfirlitinu yfir vefjamiðstöðvar,

2) uppfæra þarf yfirlit ESB yfir vefja- og frumuafurðir,

3) vefjamiðstöð kemst að raun um að veruleg frávik eru frá kröfum varðandi samræmda, evrópska kóðann að því er varðar vefi og frumur sem koma frá öðrum vefjamiðstöðvum í ESB.

h) geri nauðsynlegar ráðstafanir ef samræmdi, evrópski kóðinn er notaður með röngum hætti á merkimiðanum.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að öll lögbær yfirvöld virði eftirfarandi lágmarkskröfur:

a) tryggi að öllum vefjamiðstöðvum sem hafa faggildingu, tilnefningu eða leyfi í aðildarríkjum sé úthlutað einkvæmt vefjamiðstöðvarnúmer. Ef vefjamiðstöð er staðsett á mismunandi stöðum, en er með eitt kerfi til úthlutunar einkvæmra gjafarnúmera, telst hún ein og sama vefjamiðstöðin. Ef vefjamiðstöð notar tvö eða fleiri kerfi til úthlutunar einkvæmra gjafarnúmera skal úthluta slíkri stofnun mismunandi vefjamiðstöðvarnúmerum sem eru jafn mörg þeim úthlutunarkerfum sem notuð eru,

b) ákveði hvaða kerfi skal notað, eða skulu notuð, til úthlutunar einkvæmra gjafarnúmera í eigin aðildarríki. Leyfileg úthlutunarkerfi ná yfir landsbundin kerfi sem koma á miðlægri úthlutun á landsbundnu einkvæmu gjafarnúmeri, kerfi sem krefjast þess að hver vefjamiðstöð úthluti einkvæmum gjafarnúmerum eða alþjóðleg kerfi sem úthluta einkvæmum gjafarnúmerum á heimsvísu, sem samrýmast samræmda, evrópska kóðanum,

c) vakti og framfylgi fullri innleiðingu samræmda, evrópska kóðans í eigin aðildarríki,

d) tryggi fullgildingu gagnanna um vefjamiðstöðvarnar sem eru í ESB-yfirlitinu yfir vefjamiðstöðvar fyrir eigin aðildarríki og uppfæri yfirlitið án ástæðulausrar tafar, einkum í eftirfarandi tilvikum:

1) þegar ný vefjamiðstöð fær tilnefningu, faggildingu eða leyfi,

2) þegar upplýsingar um vefjamiðstöð breytast eða eru ekki skráðar með réttum hætti í ESB-yfirlitinu yfir vefjamiðstöðvar,

3) þegar upplýsingar um faggildingu, tilnefningu eða leyfi vefjamiðstöðvar, sem skráðar eru í VIII. viðauka við þessa tilskipun, breytast, þ.m.t.:

— faggilding, tilnefning eða leyfi fyrir nýjum tegundum vefja og frumna,

— faggilding, tilnefning eða leyfi fyrir nýrri fyrirskipaðri starfsemi,

— upplýsingar um öll skilyrði og/eða undanþágur sem bætt er við leyfi,

— tímabundin niðurfelling, að hluta til eða öllu leyti, á tiltekinni faggildingu, tilnefningu eða leyfi fyrir sérstakri starfsemi eða tegund vefja eða frumna,

— afturköllun, að hluta til eða öllu leyti, á faggildingu, tilnefningu eða leyfi fyrir vefjamiðstöð,

— tilvikum þegar vefjamiðstöð hættir að eigin frumkvæði starfseminni sem hún hefur faggildingu, tilnefningu eða leyfi fyrir, að hluta til eða að öllu leyti.

Án ástæðulausrar tafar þýðir eigi síðar en innan tíu virkra daga að því er varðar allar breytingar sem hafa veruleg áhrif á faggildingu, tilnefningu eða leyfi viðkomandi vefjamiðstöðvar.

Þegar leyfi vefjamiðstöðvar vegna mismunandi tegunda vefja og frumna, eða mismunandi starfsemi, er veitt af tveimur eða fleiri lögbærum yfirvöldum skal hvert lögbært yfirvald uppfæra upplýsingarnar varðandi starfsemina sem það ber ábyrgð á,

e) láta lögbær yfirvöld annars aðildarríkis vita þegar þau finna rangar upplýsingar í ESB-yfirlitinu yfir vefjamiðstöðvar sem tengjast hinu aðildarríkinu eða þegar þau komast að raun um að veruleg frávik eru frá því að farið sé að tilskildum ákvæðum varðandi samræmda, evrópska kóðann í tengslum við hitt aðildarríkið,

f) gera framkvæmdastjórninni og öðrum lögbærum yfirvöldum viðvart þegar ESB-yfirlitið yfir vefja- og frumuafurðir þarfnast uppfærslu að þeirra mati.

3. Notkun samræmda, evrópska kóðans útilokar ekki notkun annarra kóða til viðbótar í samræmi við landsbundnar kröfur aðildarríkis.

10. gr. c

Aðgengileiki að evrópska kóðunarkerfinu og viðhald þess

1. Framkvæmdastjórnin skal hýsa verkvang fyrir upplýsingatækni („kóðunarverkvangur ESB“), og viðhalda honum, sem inniheldur:

a) ESB-yfirlitið yfir vefjamiðstöðvar,

b) ESB-yfirlitið yfir vefja- og frumuafurðir.

2. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að upplýsingarnar sem kóðunarverkvangur ESB inniheldur séu aðgengilegar öllum fyrir 29. október 2016.

3. Framkvæmdastjórnin skal uppfæra EUTC eftir þörfum og tryggja heildaruppfærslu ESB-yfirlitsins yfir vefja- og frumuafurðir. Framkvæmdastjórnin telur nauðsynlegt að koma á samkomulagi milli stofnananna sem hafa umsjón með ISBT128 og Eurocode til að tryggja að uppfærðir afurðakóðar séu reglulega gerðir aðgengilegir framkvæmdastjórninni til færslu í ESB-yfirlitið yfir vefja- og frumuafurðir. Ef slíkar stofnanir fara ekki að skilmálum samkomulagsins er framkvæmdastjórninni heimilt að ógilda tímabundið, að hluta til eða að öllu leyti, frekari notkun viðkomandi afurðakóða þeirra eftir að hafa metið hvort nægjanlegt magn af viðkomandi afurðartegund sé til staðar í aðildarríkinu, þ.m.t. umbreytingartímabil, og að höfðu samráði við sérfræðinga aðildarríkisins í gegnum sérfræðingahóp lögbærra aðila um efni úr mönnum (e. *Competent Authorities on Substances of Human Origin Expert Group*).

10. gr. d

Umbreytingartímabil

Vefir og frumur sem eru þegar í geymslu 29. október 2016 skulu vera undanþegnar skuldbindingunum í tengslum við samræmda, evrópska kóðann að því tilskildu að vefirnir og frumurnar séu sett í umferð í Sambandinu innan fimm ára frá þeirri dagsetningu og með því skilyrði að fullur rekjanleiki sé tryggður með öðrum aðferðum. Vefjamiðstöðvarnar skulu nota aðferðirnar sem gilda um afurðir með litla merkimiða, eins og mælt er fyrir um í f-lið 1. mgr. 10. gr. b vegna vefja og frumna sem eru áfram í geymslu og eru eingöngu sett í umferð að loknu þessu fimm ára tímabili og ekki er hægt að nota samræmda evrópska kóðann á, einkum vegna þess að vefirnir og frumurnar eru geymdar við djúpfrystingu.

(*) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/566 frá 8. apríl 2015 um framkvæmd tilskipunar 2004/23/EB að því er varðar verklagsreglur til að sannprófa hvort gæða- og öryggiskröfur varðandi innflutta vefi og frumur eru sambærilegar (Stjtíð. ESB L 93, 9.4.2015, bls. 56).“

5) Ákvæðum viðaukanna er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa tilskipun.

6) Nýr VIII. viðauki bætist við og texti hans kemur fram í II. viðauka við þessa tilskipun.

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til þess að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 29. október 2016. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða. Þau skulu beita löggjöfinni frá 29. apríl 2017.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 8. apríl 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Viðaukunum við tilskipun 2006/86/EB er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum E-hluta II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi g-liður bætist við 1. lið:

„g) samræmdur, evrópskur kóði fyrir þá vefi og frumur sem er dreift til notkunar í mönnum eða auðkennisruna gjafar fyrir þá vefi og frumur sem eru sett í umferð til annars en til dreifingar til notkunar í mönnum“,

b) í stað annarrar undirgreinar í 1. lið komi eftirfarandi:

„Ef eitthvað af upplýsingunum í d-, e- og g-lið hér að framan kemst ekki fyrir á merkimiða grunnílátsins skulu þær veittar á sérblaði sem fylgir með grunnílátinu. Þessu blaði skal pakkað með grunnílátinu á þann hátt að tryggt sé að þau haldist saman.“

c) eftirfarandi j-liður bætist við 2. lið:

„j) að því er varðar vefi og frumur sem eru innflutt, landið þar sem öflun fer fram og útflutningsland (ef það er annað en landið þar sem öflun fer fram)“.

2) Í stað III. og IV. viðauka komi eftirfarandi:

„III. viðauki

TILKYNNING UM ALVARLEGAR AUKAVERKANIR

A-HLUTI

Hraðtilkynning um alvarlegar aukaverkanir sem grunur er um

Vefjamiðstöð
Vefjamiðstöðvarkóði ESB (ef við á)
Auðkenni skýrslu
Dagsetning skýrslugjafar (ár/mánuður/dagur)
Einstaklingurinn sem um er að ræða (þegi eða gjafi)
Dagsetning og staður öflunar eða notkunar í mönnum (ár/mánuður/dagur)
Einkvæmt auðkennisnúmer gjafar
Dagsetning alvarlegrar aukaverkunar sem grunur er um (ár/mánuður/dagur)
Tegund vefja og frumna sem tengjast grun um alvarlega aukaverkun
Samræmdur, evrópskur kóði vefja eða frumna sem tengjast grun um alvarlega aukaverkun (ef við á)

Tegund alvarlegrar aukaverkunar eða aukaverkana sem grunur er um

B-HLUTI

Niðurstöður rannsókna á alvarlegum aukaverkunum

Vefjamiðstöð
Vefjamiðstöðvarkóði ESB (ef við á)
Auðkenni skýrslu
Dagsetning staðfestingar (ár/mánuður/dagur)
Dagsetning alvarlegrar aukaverkunar (ár/mánuður/dagur)
Einkvæmt auðkennisnúmer gjafar
Staðfesting alvarlegrar aukaverkunar (já/nei)
Samræmdur, evrópskur kóði vefja eða frumna sem tengjast staðfestri alvarlegri aukaverkun (ef við á)
Breyting á tegund alvarlegrar aukaverkunar (já/nei), tilgreinið nánar ef svarið er jákvætt
Klínísk niðurstaða (ef hún er þekkt) — Fullur bati — Minni háttar afleiðingar — Alvarlegar afleiðingar — Dauði
Afrakstur rannsóknarinnar og endanleg niðurstaða
Tilmæli um fyrirbyggjandi aðgerðir og úrbætur“

IV. VIÐAUKI

TILKYNNING UM ALVARLEG MEINTILVIK [áður alvarlegir meinlegir atburðir]

A-HLUTI

Hraðtilkynning um alvarleg meintilvik sem grunur er um

Vefjamiðstöð				
Vefjamiðstöðvarkóði ESB (ef við á)				
Auðkenni skýrslu				
Dagsetning skýrslugjafar (ár/mánuður/dagur)				
Dagsetning alvarlegs meintilviks (ár/mánuður/dagur)				
Alvarlegt meintilvik sem getur haft áhrif á gæði og öryggi vefja og frumna og stafar af fráviki í tengslum við:	Forskrift			
	Galli í vefjum og frumum	Bilun í búnaði	Mannleg mistök	Annað (tilgreinið)
öflun				
prófun				
flutning				
vinnslu				
geymslu				
dreifingu				
efni				
annað (tilgreinið)				

B-HLUTI

Niðurstöður rannsókna á alvarlegum meintilvikum

Vefjamiðstöð
Vefjamiðstöðvarkóði ESB (ef við á)
Auðkenni skýrslu
Dagsetning staðfestingar (ár/mánuður/dagur)
Dagsetning alvarlegs meintilviks (ár/mánuður/dagur)
Greining frumorsakar (nánari upplýsingar)
Ráðstafanir til úrbóta (nánari upplýsingar)“

3) Í stað VI. og VII. viðauka komi eftirfarandi:

„VI. VIÐAUKI

Lágmarksgögn sem skal geyma í samræmi við 2. mgr. 9. gr.

A. HJÁ VEFJAMIÐSTÖÐVUM

1) Auðkenni gjafa

2) Auðkenni gjafa sem skal a.m.k. innihalda:

— auðkenni öflunarstofnunarinnar (þ.m.t. samskiptaupplýsingar) eða vefjamiðstöðvarinnar

— einkvæmt númer gjafar

— dagsetningu öflunar

— stað öflunar

— tegund gjafar (t.d. einn eða fleiri vefir, samgena eða ósamgena, frá látnum eða lifandi)

3) Auðkenni afurðar sem skal a.m.k. innihalda:

— auðkenni vefjamiðstöðvarinnar

— tegund vefjar og frumu/afurðar (grunnflokkunarkerfi)

— hópunarnúmer (ef við á)

— undirnúmer (ef við á)

— fyrningardagsetningu

— stöðu vefjar/frumu (t.d. á bannlager, hentar til notkunar o.s.frv.)

— lýsingu á afurðunum og uppruna þeirra, vinnsluþrepin sem notuð eru og efni og aukefni sem komast í snertingu við vefi og frumur og hafa áhrif á gæði þeirra og/eða öryggi

— auðkenni stöðvarinnar þar sem gengið er endanlega frá merkimiðanum

4) Samræmdan, evrópskan kóða (ef við á)

5) Auðkenningu vegna notkunar í mönnum sem skal a.m.k. innihalda:

— dagsetningu dreifingar eða förgunar

— auðkenni læknis eða endanlegs notanda/stöðvar

B. HJÁ STOFNUNUM SEM BERA ÁBYRGÐ Á NOTKUN Í MÖNNUM

1) Auðkenni vefjamiðstöðvarinnar sem sér fyrir birgðum

2) Auðkenni læknis eða endanlegs notanda/stöðvar

3) Tegund vefja og frumna

4) Auðkenni afurðar

5) Auðkenni þegans

6) Dagsetningu notkunar

7) Samræmdan, evrópskan kóða (ef við á)

_____

VII. VIÐAUKI

UPPBYGGING SAMRÆMDA, EVRÓPSKA KÓÐANS

AUÐKENNISRUNA GJAFAR			**AUÐKENNISRUNA AFURÐAR**			
VEFJAMIÐSTÖÐVARKÓÐI ESB		EINKVÆMT NÚMER GJAFAR	KÓÐI AFURÐAR		UNDIRNÚMER	FYRNINGAR-DAGSETNING
ISO-landskóði	Númer vefjamiðstöðvar		Auðkenni afurðakóðunarkerfis	Númer afurðar		(ÁÁÁÁMMDD)
2	6	13	1	7	3	8
bókstafir	alstafir	alstafir	bókstafur	alstafir	alstafir	tölustafir

II. VIÐAUKI

„VIII. VIÐAUKI

Gögn sem skal skrá í ESB-yfirlitinu yfir vefjamiðstöðvar

A. Upplýsingar um vefjamiðstöð

1. Heiti vefjamiðstöðvarinnar
2. Lands- eða alþjóðakóði vefjamiðstöðvarinnar
3. Heiti stofnunarinnar þar sem vefjamiðstöðin er staðsett (ef við á)
4. Heimilisfang vefjamiðstöðvarinnar
5. Samskiptaupplýsingar sem hægt er að birta: virkt tölvupóstfang, sími og bréfsími

B. Upplýsingar um faggildingu, tilnefningu eða leyfi vefjamiðstöðvarinnar

1. Heiti lögbæra yfirvaldsins eða yfirvaldanna sem faggilda, tilnefna eða veita leyfi
2. Heiti lögbærs landsyfirvalds, eða landsyfirvaldanna, sem bera ábyrgð á viðhaldi ESB-yfirlitsins yfir vefjamiðstöðvar
3. Upplýsingar um handhafa faggildingar, tilnefningar eða leyfis (ef við á)
4. Vefir og frumur sem faggilding, tilnefning eða leyfi var veitt fyrir
5. Starfsemi sem í reynd hefur farið fram og sem faggilding, tilnefning eða leyfi var veitt fyrir
6. Staða faggildingar, tilnefningar eða leyfis (heimilað, ógilt tímabundið, afturkallað, að hluta til eða að öllu leyti, starfsemi hætt að eigin frumkvæði)
7. Upplýsingar um öll skilyrði og undanþágur sem bætt er við leyfið (ef við á).“

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/566 **2015/EES/63/62**

frá 8. apríl 2015

um framkvæmd tilskipunar 2004/23/EB að því er varðar verklagsreglur til að sannprófa hvort gæða- og öryggiskröfur varðandi innflutta vefi og frumur eru sambærilegar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/23/EB frá 31. mars 2004 um setningu gæða- og öryggiskrafna um gjöf, öflun, prófun, vinnslu, varðveislu, geymslu og dreifingu vefja og frumna úr mönnum ([1]), einkum 4. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að tryggja góða heilsuvernd manna innan Sambandsins er í tilskipun 2004/23/EB mælt fyrir um gæða- og öryggiskröfur varðandi gjöf, öflun, prófun, vinnslu, varðveislu, geymslu og dreifingu allra vefja og frumna úr mönnum, sem ætlaðar eru til notkunar í mönnum, sem og varðandi gjöf, öflun og prófun á vefjum og frumum úr mönnum í framleiðsluvörum sem eru ætlaðar til notkunar í mönnum, svo fremi umræddar vörur falli undir aðra löggjöf Sambandsins.

2) Skipti á vefjum og frumum fara í auknum mæli fram á heimsvísu og í tilskipun 2004/23/EB er þess því krafist að innflutningur á vefjum og frumum sé í höndum vefjamiðstöðva sem hafa fengið faggildingu, tilnefningu eða leyfi frá aðildarríki til að stunda þá starfsemi. Mælt er fyrir um undanþágur frá þeirri kröfu í 3. mgr. 9. gr. tilskipunar 2004/23/EB til að heimila lögbærum yfirvöldum að veita beint leyfi fyrir innflutningi á tilteknum vefjum og frumum samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 6. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/17/EB ([2]) eða í neyðartilvikum. Undanþágur þessar eru nýttar reglulega til, en takmarkast þó ekki við, að leyfa innflutning á blóðmyndandi stofnfrumum úr beinmerg, útæðablóði eða naflastrengsblóði sem eru notaðar til að meðhöndla ýmiss konar lífshættulegt ástand.

3) Í tilskipun 2004/23/EB er þess enn fremur krafist að aðildarríki og vefjainnflutningsmiðstöðvar tryggi að innfluttir vefir og frumur uppfylli gæða- og öryggiskröfur sem eru jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í tilskipun 2004/23/EB og mælst til að settar verði málsmeðferðarreglur til að sannprófa jafngildi gæða- og öryggiskrafnanna fyrir innflutta vefi og frumur. Mæla skal fyrir um þær málsmeðferðarreglur í þessari tilskipun með fyrirvara um tollalöggjöf Sambandsins.

4) Einkum þykir viðeigandi að koma upp leyfisveitinga- og eftirlitskerfum sem endurspegla sannprófunarferlið sem þegar er fyrir hendi fyrir starfsemi, sem tengist vefjum og frumum, sem fer fram innan Sambandsins. Einnig er viðeigandi að mæla fyrir um málsmeðferðarreglur sem vefjainnflutningsmiðstöðvar skulu fara eftir í samskiptum sínum við birgja sína í þriðju löndum.

5) Að undanskildum innflutningi með leyfi beint frá lögbærum yfirvöldum skv. 3. mgr. 9. gr. tilskipunar 2004/23/EB skal allur innflutningur á vefjum og frumum frá þriðju löndum fara fram í gegnum vefjainnflutningsmiðstöðvar. Þegar lögbær yfirvöld gefa beint leyfi fyrir innflutningi skv. 3. mgr. 9. gr. tilskipunar 2004/23/EB bera lögbæru yfirvöldin ábyrgðina á að tryggja að slíkur innflutningur uppfylli gæða- og öryggiskröfur sem jafngilda þeim sem mælt er fyrir um í þeirri tilskipun.

6) Vefir og frumur ættu vanalega að vera flutt inn af vefjabönkum eða deildum á sjúkrahúsum sem hafa faggildingu, tilnefningu eða leyfi til að stunda innflutningsstarfsemi sína sem vefjainnflutningsmiðstöðvar. Vefjabankar eða deildir sjúkrahúsa ættu að teljast vera vefjainnflutningsmiðstöðvar þegar þær eru aðilar að samningsbundnu samkomulagi við birgi í þriðja landi um innflutning á vefjum og frumum. Ef fyrirtæki sem býður upp á miðlunarþjónustu er aðili að samningsbundnu samkomulagi við birgi í þriðja landi um að greiða fyrir innflutningi á vefjum og frumum en ekki til að stunda sjálfan innflutninginn skal það ekki teljast vera vefjainnflutningsmiðstöð. Aðildarríkin geta valið að setja reglur um slíka þjónustu utan gildissviðs þessarar tilskipunar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 93, 9.4.2015, bls. 56. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 212/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 102, 7.4.2004, bls. 48.

([2]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/17/EB frá 8. febrúar 2006 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/23/EB að því er varðar tilteknar, tæknilegar kröfur varðandi gjöf, öflun og prófun vefja og frumna úr mönnum (Stjtíð. ESB L 38, 9.2.2006, bls. 40).

7) Þegar aðrir aðilar, s.s. stofnanir sem bera ábyrgð á notkun í mönnum, framleiðendur hátæknimeðferðarlyfja, klíníska læknar eða einstaklingar, eru aðilar að samningsbundnu samkomulagi við birgi í þriðja landi um innflutning á vefjum og frumum ættu þeir að teljast vera vefjainnflutningsmiðstöðvar. Þeir skulu fara að kröfunum í þessari tilskipun, sem og öllum ákvæðum sem að málinu lúta í tilskipun 2004/23/EB, og hafa fengið, frá viðkomandi lögbærum yfirvöldum, faggildingu, tilnefningu eða leyfi til að stunda innflutningsstarfsemi sína sem vefjainnflutningsmiðstöðvar. Þegar þeir, að loknum innflutningi, sjá einnig um prófun, vinnslu, varðveislu, geymslu eða dreifingu innfluttu vefjanna og frumnanna verða þeir einnig að hafa fengið, frá viðkomandi lögbærum yfirvöldum, faggildingu, tilnefningu eða leyfi til að stunda þá starfsemi og uppfylla kröfurnar í tilskipun 2004/23/EB. Annar kostur fyrir þá er að afla sér vefja og frumna, sem eru upprunnin í þriðju löndum, frá vefjabönkum eða einingum á sjúkrahúsum sem eru staðsett innan Sambandsins og sem hafa fengið, frá viðkomandi lögbærum yfirvöldum, faggildingu, tilnefningu eða leyfi til að starfa sem vefjainnflutningsmiðstöðvar.

8) Þegar vefjainnflutningsmiðstöðvar hafa einnig faggildingu, tilnefningu eða leyfi til að starfa sem vefjamiðstöðvar vegna starfsemi sinnar innan Sambandsins geta aðildarríkin samræmt málsmeðferðarreglur sínar um veitingu leyfa, eftirlit og skýrslugjöf, að því tilskildu að farið sé að málsmeðferðarreglunum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

9) Til að auðvelta dreifingu innfluttra vefja og frumna innan Sambandsins, þ.m.t. þegar slík dreifing fer fram yfir landamæri, ætti lögbæra yfirvaldið eða yfirvöldin að gefa út vottorð til að staðfesta faggildingu, tilnefningu eða leyfi vefjainnflutningsmiðstöðvarinnar.

10) Eftirlitsráðstafanir gegna mikilvægu hlutverki í sannprófun á jafngildi innfluttra vefja og frumna við gæða- og öryggiskröfurnar sem mælt er fyrir um í tilskipun 2004/23/EB. Því eru aðildarríkin hvött til þess að hafa einnig, þegar slíkt á við, eftirlit með birgjum í þriðju löndum og vinna með öðrum aðildarríkjum þar sem líklegt er að innfluttir vefir og frumur fari í dreifingu. Aðildarríki þar sem vefjainnflutningsmiðstöðvarnar eru staðsettar bera áfram ábyrgð á því að taka ákvarðanir um mest viðeigandi ráðstafanirnar sem skal gera ásamt ákvörðunum um hvort einnig sé þörf fyrir vettvangsskoðanir hjá birgjum í þriðju löndum.

11) Handbókin fyrir lögbær yfirvöld um skoðanir hefur verið uppfærð til að taka tillit til skoðana hjá vefjainnflutningsmiðstöðvum og birgjum þeirra í þriðju löndum og stendur aðildarríkjunum til boða sem leiðbeiningarskjal þegar þau framkvæma slíkar skoðanir.

12) Vefjainnflutningsmiðstöðvar ættu að sannprófa að kröfur um gæði og öryggi vefja og frumna sem þær flytja inn til Sambandsins jafngildi þeim kröfum um gæði og öryggi sem mælt er fyrir um í tilskipun 2004/23/EB. Skriflegir samningar við birgja í þriðju löndum og þau gögn sem skal leggja fram og gera lögbærum yfirvöldum aðgengileg eru lykilatriði í því að tryggja að slík sannprófun fari fram og einkum til að skapa rekjanleika til gjafans og til að tryggja að farið sé að meginreglunni um að gjöfin sé af fúsum og frjálsum vilja og án endurgjalds í samræmi við tilskipun 2004/23/EB. Vefjainnflutningsmiðstöðvar eru einnig hvattar til að gera úttekt á birgjum sínum í þriðju löndum sem hluta af þessu sannprófunarferli.

13) Vefjainnflutningsmiðstöðvar ættu að sjá til þess að samræmda, evrópska kóðanum sé beitt gagnvart innfluttum vefjum og frumum í samræmi við tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/86/EB ([3]), annaðhvort með því að sinna því verki sjálfar eða úthluta verkinu til birgja í þriðju löndum sem hluta af skilmálum skriflegra samninga þeirra við slíka birgja.

14) Aðildarríkjum ætti að vera heimilt að undanþiggja stakan innflutning frá kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun að því er varðar upplýsingaskjöl og skriflega samninga. Slíkur stakur innflutningur ætti hins vegar að eiga sér stað fyrir tilstilli vefjainnflutningsmiðstöðva sem eru faggiltar, tilnefndar eða hafa leyfi til þess og ætti almennt séð ekki að eiga sér stað á reglubundinn eða endurtekinn hátt frá sama birgi í þriðja landi. Nýting slíkra undanþágna ætti að takmarkast við aðstæður þar sem einn eða fleiri einstaklingar hafa látið geyma vefi og frumur í þriðja landi til eigin notkunar í framtíðinni, einkum í tilvikum þar sem um er að ræða gjafir æxlunarfrumna frá maka, samgena gjafir, eða gjafir ætlaðar nánum ættingjum, og óska síðar meir eftir því að láta flytja slíka vefi eða frumur inn til Sambandsins fyrir sína hönd. Slíkur innflutningur á einhverri tiltekinni tegund af vef eða frumum ætti vanalega ekki að eiga sér stað oftar en einu sinni fyrir hvern tiltekinn þega og ætti ekki að fela í sér innflutning á vefjum eða frumum fyrir þriðja aðila.

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/86/EB frá 24. október 2006 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/23/EB að því er varðar kröfur varðandi rekjanleika, tilkynningar um alvarlegar aukaverkanir og meintilvik og tilteknar, tæknilegar kröfur varðandi kóðun, vinnslu, varðveislu, geymslu og dreifingu vefja og frumna úr mönnum (Stjtíð. ESB L 294, 25.10.2006, bls. 32).

15) Þessi tilskipun kemur ekki í veg fyrir að aðildarríki viðhaldi eða innleiði strangari ráðstafanir varðandi innflutning vefja og frumna, einkum til að tryggja að farið sé að meginreglunni um að gjöfin sé af fúsum og frjálsum vilja og án endurgjalds, að því tilskildu að farið sé að ákvæðum sáttmálans.

16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit stjórnsýslunefndarinnar um vefi og frumur sem komið var á fót skv. 3. mgr. 29. gr. tilskipunar 2004/23/EB.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Gildissvið

1. Tilskipun þessi gildir um innflutning til Sambandsins á:

a) vefjum og frumum úr mönnum, sem ætlaðar eru til notkunar í mönnum og

a) framleiðsluvörum, fengnum úr vefjum og frumum úr mönnum, sem ætlaðar eru til notkunar í mönnum, þegar þessar afurðir falla ekki undir aðra löggjöf Sambandsins.

2. Þegar eingöngu á að nota innflutta vefi og frumur úr mönnum í framleiðsluvörur sem falla undir aðra löggjöf Sambandsins gildir þessi tilskipun einungis um gjöf, öflun og prófun sem á sér stað utan Sambandsins, auk þess að vera framlag til þess að tryggja rekjanleika frá gjafa til þega og öfugt.

3. Tilskipun þessi gildir ekki um:

a) innflutning á vefjum og frumum, sem um getur í a-lið 3. mgr. 9. gr. tilskipunar 2004/23/EB, með beinu leyfi lögbærs yfirvalds eða yfirvalda,

b) innflutning á vefjum og frumum, sem um getur í b-lið 3. mgr. 9. gr. tilskipunar 2004/23/EB, sem veitt er beint leyfi fyrir í neyðartilvikum,

c) blóð og blóðhluta eins og skilgreint er í tilskipun 2002/98/EB,

d) líffæri eða hluta líffæra eins og skilgreint er í tilskipun 2004/23/EB.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „neyðartilvik“: allt ófyrirséð ástand þar sem ekki er til neinn raunhæfur valkostur annar en að flytja vefi og frumur í skyndingu frá þriðja landi til Sambandsins til tafarlausrar notkunar fyrir þekktan viðtakanda eða viðtakendur sem myndu vera í bráðri heilbrigðisáhættu án slíks innflutnings,

b) „vefjainnflutningsmiðstöð“: vefjabanki eða eining á sjúkrahúsi eða önnur stofnun með staðfestu innan Sambandsins sem er aðili að samningsbundnu samkomulagi við birgi í þriðja landi um innflutning til Sambandsins á vefjum og frumum frá þriðja landi til notkunar í mönnum,

c) „stakur innflutningur“: innflutningur á einhverri tiltekinni tegund af vef eða frumu til einkanotkunar eins eða fleiri tiltekinna þega sem vefjainnflutningsmiðstöðin og birgirinn í þriðja landinu vita deili á áður en innflutningur á sér stað. Slíkur innflutningur á einhverri tiltekinni tegund af vef eða frumu skal vanalega ekki að eiga sér stað oftar en einu sinni fyrir hvern tiltekinn þega. Reglubundinn eða endurtekinn innflutningur frá sama birgi í þriðja landi skal ekki teljast vera „stakur innflutningur“,

d) „birgir í þriðja landi“: vefjamiðstöð eða önnur stofnun með staðfestu í þriðja landi sem ber ábyrgð á útflutningi til Sambandsins á vefjum og frumum sem hún miðlar til vefjainnflutningsmiðstöðvar. Birgir í þriðja landi má einnig stunda eitthvað af eftirfarandi starfsemi sem á sér stað utan Sambandsins: gjöf, öflun, prófun, vinnslu, varðveislu, geymslu eða dreifingu vefja og frumna sem eru flutt til Sambandsins,

II. KAFLI

SKULDBINDINGAR YFIRVALDA AÐILDARRÍKJANNA

3. gr.

Faggilding, tilnefning eða leyfi fyrir starfsemi vefjainnflutningsmiðstöðva

1. Aðildarríkin skulu, með fyrirvara um 3. mgr. 1. gr., tryggja að allur innflutningur á vefjum og frumum frá þriðju löndum fari fram á vegum vefjainnflutningsmiðstöðva sem hafa verið faggiltar, tilnefndar eða fengið leyfi frá lögbæru yfirvaldi eða yfirvöldum til að stunda þessa starfsemi.

2. Þegar lögbært yfirvald eða yfirvöld hafa aflað þeirra upplýsinga sem taldar eru upp í I. viðauka við þessa tilskipun og hafa sannprófað að vefjainnflutningsmiðstöðin uppfylli kröfurnar í þessari tilskipun skulu þau faggilda, tilnefna eða leyfa vefjainnflutningsmiðstöðinni að flytja inn vefi og frumur og tilgreina skilyrði sem gilda þar um, s.s. takmarkanir á því hvaða tegundir vefja og frumna má flytja inn eða hvaða birgja í þriðju löndum megi nota. Lögbæra yfirvaldið eða yfirvöldin skulu gefa út og afhenda faggiltu, tilnefndu eða leyfðu vefjainnflutningsmiðstöðinni vottorðið sem sett er fram í II. viðauka við þessa tilskipun.

3. Vefjainnflutningsmiðstöðin skal ekki gera neinar veigamiklar breytingar á innflutningsstarfsemi sinni án þess að hafa áður fengið til þess skriflegt samþykki lögbærs yfirvalds eða yfirvalda. Einkum skulu allar breytingar á þeim tegundum vefja og frumna sem eru flutt inn, þeirri starfsemi sem er stunduð í þriðju löndum sem gæti haft áhrif á gæði og öryggi innfluttra vefja og frumna eða hvaða birgjar í þriðju löndum eru notaðir teljast vera umtalsverðar breytingar. Þegar vefjainnflutningsmiðstöð tekur að sér stakan innflutning á vefjum eða frumum, sem koma frá birgi í þriðja landi sem gildandi faggilding, tilnefning eða leyfi hennar nær ekki til, skal slíkur innflutningur ekki teljast vera umtalsverð breyting ef vefjainnflutningsmiðstöðin hefur leyfi til að flytja inn samskonar vefi eða frumur frá öðrum birgi eða birgjum í þriðja landi.

4. Lögbæra yfirvaldið eða yfirvöldin geta dregið til baka tímabundið eða afturkallað faggildingu, tilnefningu eða leyfi vefjainnflutningsmiðstöðvar, að hluta til eða öllu leyti, einkum ef fram kemur í skoðunum eða öðrum eftirlitsaðgerðum að slík miðstöð uppfyllir ekki lengur kröfurnar í þessari tilskipun.

4. gr.

Skoðanir og aðrar eftirlitsaðgerðir

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að lögbæra yfirvaldið eða yfirvöldin skipuleggi skoðanir og aðrar eftirlitsráðstafanir hjá vefjainnflutningsmiðstöðvum og, þegar við á, birgjum þeirra í þriðju löndum, og að vefjainnflutningsmiðstöðvar framkvæmi viðeigandi eftirlit til að tryggja að gæða- og öryggiskröfur til vefjanna og frumnanna, sem á að flytja inn, séu jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í tilskipun 2004/23/EB. Bil á milli skoðana á hverri vefjainnflutningsmiðstöð skal ekki vera lengra en tvö ár.

2. Slík skoðun skal vera í höndum fulltrúa lögbærs yfirvalds eða yfirvalda sem skulu:

a) hafa vald til að skoða vefjainnflutningsmiðstöðvar og, eftir því sem við á, starfsemi birgja í þriðju löndum,

b) meta og sannprófa verklagsreglur og starfsemi, sem fram fer hjá vefjainnflutningsmiðstöðvum, og aðstöðuna hjá birgjum í þriðju löndum sem skipta máli varðandi það að tryggja að gæða- og öryggiskröfur til vefjanna og frumnanna, sem á að flytja inn, séu jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í tilskipun 2004/23/EB,

c) rannsaka öll skjöl eða aðrar skrár sem skipta máli fyrir þetta mat og þessa sannprófun.

3. Aðildarríkin skulu, að fenginni tilhlýðilega rökstuddri beiðni frá öðru aðildarríki eða frá framkvæmdastjórninni, leggja fram upplýsingar um niðurstöður skoðana og annarra eftirlitsráðstafana sem tengjast vefjainnflutningsmiðstöðvum og birgjum í þriðju löndum.

4. Aðildarríki þangað sem vefir og frumur eru flutt inn skulu, að fenginni tilhlýðilega rökstuddri beiðni frá öðru aðildarríki þar sem innfluttir vefir og frumur fara síðan í dreifingu, íhuga að framkvæma skoðanir eða aðrar eftirlitsráðstafanir á vefjainnflutningsmiðstöðvum og starfsemi birgja í þriðju löndum. Aðildarríkið þar sem vefjainnflutningsmiðstöðin er staðsett skal, í kjölfar samráðs við aðildarríkið sem lagði fram beiðnina, taka ákvörðun um viðeigandi ráðstafanir sem skal gera.

5. Þegar vettvangsskoðun á sér stað í kjölfar slíkrar beiðni skal lögbæra yfirvaldið eða yfirvöldin í aðildarríkinu þar sem vefjainnflutningsmiðstöðin er staðsett komast að samkomulagi við lögbæra yfirvaldið eða yfirvöldin í aðildarríkinu sem lagði fram beiðnina um það hvort og hvernig aðildarríkið sem lagði fram beiðnina skuli taka þátt í slíkri skoðun. Endanleg ákvörðun um slíka þátttöku skal vera í höndum aðildarríkisins þar sem vefjainnflutningsmiðstöðin er staðsett. Ef slíkri þátttöku er hafnað skal gera aðildarríkinu sem lagði fram beiðnina grein fyrir ástæðunum fyrir því.

III. KAFLI

SKULDBINDINGAR ER VARÐA VEFJAINNFLUTNINGSMIÐSTÖÐVAR

5. gr.

Kröfur varðandi faggildingu, tilnefningu eða leyfi til að starfa sem vefjainnflutningsmiðstöð

1. Vefjainnflutningsmiðstöðvar, sem hafa gert ráðstafanir til að tryggja að allur innflutningur á vefjum og frumum uppfylli kröfur um gæði og öryggi sem jafngilda þeim sem mælt er fyrir um í tilskipun 2004/23/EB og að rekja megi innfluttu vefina og frumurnar frá gjafa til þega og öfugt, skulu sækja um faggildingu, tilnefningu eða leyfi til að starfa sem vefjainnflutningsmiðstöð með því að:

a) leggja fyrir lögbæra yfirvaldið eða yfirvöldin tilskildar upplýsingar og gögn sem tilgreind eru í I. viðauka við þessa tilskipun,

b) gera aðgengileg þau gögn sem talin eru upp í III. viðauka við þessa tilskipun og leggja þau fyrir lögbæra yfirvaldið eða yfirvöldin ef þau krefjast þess.

2. Aðildarríkin geta valið að beita ekki kröfunum um gögn í F-hluta I. viðauka og í III. viðauka við þessa tilskipun að því er varðar stakan innflutning eins og hann er skilgreindur í 2. gr. þessarar tilskipunar, að því tilskildu að fyrir hendi séu viðeigandi landsráðstafanir til að stýra slíkum innflutningi. Með umræddum landsráðstöfunum skal tryggja eftirfarandi:

a) rekjanleika frá gjafa til þega og öfugt og

b) að engir aðrir en fyrirhugaðir þegar fái innfluttu vefina og frumurnar.

6. gr.

Uppfærðar upplýsingar

1. Vefjainnflutningsmiðstöðvar skulu sækja fyrirfram um skriflegt samþykki lögbæra yfirvaldsins eða yfirvaldanna fyrir öllum fyrirhuguðum umtalsverðum breytingum á innflutningsstarfsemi sinni, einkum þeim umtalsverðu breytingum sem lýst er í 3. mgr. 3. gr., og tilkynna lögbæra yfirvaldinu eða yfirvöldunum um það ef þau ákveða að hætta innflutningsstarfsemi sinni að hluta til eða öllu leyti.

2. Vefjainnflutningsmiðstöðvar skulu tafarlaust tilkynna lögbæra yfirvaldinu eða yfirvöldunum um grun um eða staðfest alvarleg meintilvik eða aukaverkanir sem birgjar í þriðja landi tilkynna þeim um og sem geta haft áhrif á gæði og öryggi vefjanna og frumnanna sem þær flytja inn. Þær upplýsingar sem tilgreindar eru í III. og IV. viðauka við tilskipun 2006/86/EB skulu fylgja með í slíkum tilkynningum.

3. Vefjainnflutningsmiðstöðvar skulu tafarlaust tilkynna lögbæra yfirvaldinu eða yfirvöldunum um:

a) afturköllun eða tímabundna niðurfellingu leyfis birgis, að hluta eða öllu leyti, í þriðja landi til að flytja út vefi og frumur og

b) aðrar ákvarðanir sem lögbært yfirvald eða yfirvöld landsins, þar sem birgirinn í þriðja landinu hefur staðfestu, kunna að taka vegna þess að ekki er farið að ákvæðum og sem geta tengst gæðum og öryggi innfluttu vefjanna og frumnanna.

7. gr.

Skriflegir samningar

1. Vefjainnflutningsmiðstöðvar skulu hafa til staðar skriflega samninga við birgja í þriðju löndum þegar eitthvað af eftirfarandi starfsemi fer fram utan Sambandsins: gjöf, öflun, prófun, vinnsla, varðveisla, geymsla eða útflutningur til Sambandsins á vefjum og frumum.

Aðildarríkin geta valið að beita ekki þessari kröfu að því er varðar stakan innflutning eins og hann er skilgreindur í 2. gr. þessarar tilskipunar, að því tilskildu að fyrir hendi séu viðeigandi landsráðstafanir til að stýra slíkum innflutningi. Með umræddum landsráðstöfunum skal tryggja eftirfarandi:

a) rekjanleika frá gjafa til þega og öfugt og

b) að engir aðrir en fyrirhugaðir þegar fái innfluttu vefina og frumurnar.

2. Í skriflega samningnum milli vefjainnflutningsmiðstöðvarinnar og birgisins í þriðja landinu skal tilgreina gæða- og öryggiskröfur sem þarf að uppfylla til að tryggja að þær gæða- og öryggiskröfur, sem eru gerðar til vefjanna og frumnanna sem á að flytja inn, séu jafngildar þeim kröfum sem mælt er fyrir um í tilskipun 2004/23/EB. Einkum skal í skriflega samningnum koma fram að lágmarki það sem talið er upp í IV. viðauka við þessa tilskipun.

3. Með skriflega samningnum skal veita lögbæru yfirvaldi eða yfirvöldum rétt til að skoða starfsemi, þ.m.t. aðstöðu, allra birgja í þriðju löndum á gildistíma skriflega samningsins og í tvö ár eftir að hann rennur út.

4. Vefjainnflutningsmiðstöðvar skulu leggja afrit af skriflegum samningum við birgja í þriðju löndum fyrir lögbært yfirvald eða yfirvöld sem hluta af umsókn sinni um faggildingu, tilnefningu eða leyfi.

8. gr.

Skrá yfir vefjainnflutningsmiðstöðvar

1. Hver vefjainnflutningsmiðstöð skal halda skrá yfir starfsemi sína, þ.m.t. tegundir og magn vefja og frumna sem þær flytja inn, og um uppruna þeirra og ákvörðunarstað. Skrá þessi skal einnig innihalda sömu upplýsingar um allan stakan innflutning sem fer fram. Í ársskýrslunni, sem um getur í 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 2004/23/EB, skulu koma fram upplýsingar um þessa starfsemi.

2. Lögbæra yfirvaldið eða yfirvöldin skulu taka vefjainnflutningsmiðstöðvar með í skrána yfir vefjamiðstöðvar, sem er aðgengileg almenningi, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 10. gr. tilskipunar 2004/23/EB.

3. Upplýsingar um faggildingar, tilnefningar og leyfi vefjainnflutningsmiðstöðva skulu einnig gerðar aðgengilegar í gegnum skráanetið sem um getur í 3. mgr. 10. gr. tilskipunar 2004/23/EB.

IV. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

9. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 29. október 2016. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 29. apríl 2017.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

10. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

11. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 8. apríl 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Lágmarkskröfur sem varða þær upplýsingar og gögn sem vefjainnflutningsmiðstöðvar skulu afhenda þegar þær sækja um faggildingu, tilnefningu eða leyfi til að stunda innflutningsstarfsemi

Þegar vefjainnflutningsmiðstöðvar sækja um faggildingu, tilnefningu eða leyfi til að stunda innflutningsstarfsemi skulu þær leggja fram nýjustu upplýsingar, nema þær hafi þegar verið lagðar fram sem hluti af fyrri umsókn um faggildingu, tilnefningu eða leyfi til að starfa sem vefjamiðstöð eða vefjainnflutningsmiðstöð og, að því er varðar F-hluta, gögn yfir eftirfarandi:

A. **Almennar upplýsingar um vefjainnflutningsmiðstöðina**

1. Heiti vefjainnflutningsmiðstöðvarinnar (heiti fyrirtækis).
2. Móttökuheimilisfang vefjainnflutningsmiðstöðvarinnar.
3. Póstfang vefjainnflutningsmiðstöðvarinnar *(ef það er annað en móttökuheimilisfang)*.
4. Staða vefjainnflutningsmiðstöðvarinnar sem leggur fram umsóknina: Tilgreina skal hvort þetta sé fyrsta umsókn hennar um faggildingu, tilnefningu eða leyfi til að starfa sem vefjainnflutningsmiðstöð eða, eftir atvikum, hvort þetta sé endurnýjuð umsókn. Ef umsækjandi er þegar faggiltur, tilnefndur eða hefur leyfi til að starfa sem vefjamiðstöð skal gefa upp kóðann úr yfirlitinu yfir vefjamiðstöðvar.
5. Heiti einingarinnar sem sækir um *(ef það er annað en heiti fyrirtækisins)*.
6. Móttökuheimilisfang einingarinnar sem sækir um.
7. Póstfang einingarinnar sem sækir um *(ef það er annað en móttökuheimilisfang)*.
8. Heiti staðarins þar sem tekið er við innfluttum vörum *(ef það er annað en heiti fyrirtækisins og einingarinnar sem sækir um)*.
9. Móttökuheimilisfang móttökustaðarins.
10. Póstfang móttökustaðarins *(ef annað en móttökuheimilisfang)*.

B. **Samskiptaupplýsingar vegna umsóknarinnar**

1. Nafn tengiliðar vegna umsóknarinnar.
2. Símanúmer.
3. Tölvupóstfang.
4. Nafn ábyrgðarmanns *(ef hann er annar en tengiliðurinn)*.
5. Símanúmer.
6. Tölvupóstfang.
7. Slóð á vefsetur vefjainnflutningsmiðstöðvarinnar *(ef það er til staðar)*.

C. **Ítarlegar upplýsingar um vefi og frumur sem á að flytja inn**

1. Skrá yfir þær tegundir vefja og frumna sem ætlunin er að flytja inn, þ.m.t. stakur innflutningur á tilgreindum tegundum vefja eða frumna.
2. Vöruheiti *(eftir atvikum í samræmi við skrá ESB yfir almenn heiti)* allra tegunda vefja og frumna sem á að flytja inn.
3. Viðskiptaheiti *(ef það er annað en heiti vörunnar)* allra tegunda vefja og frumna sem á að flytja inn.
4. Heiti birgisins í þriðja landinu fyrir hverja tegund vefja og frumna sem á að flytja inn.

D. **Staðsetning starfsemi**

1. Skrá þar sem tilgreint er hverjar af eftirfarandi aðgerðum eru framkvæmdar af birginum í þriðja landinu fyrir innflutning, sundurliðað fyrir hverja tegund vefjar eða frumu: gjöf, öflun, prófun, vinnsla, varðveisla eða geymsla.
2. Skrá þar sem tilgreint er hverjar af eftirfarandi aðgerðum eru framkvæmdar af undirverktökum birgisins í þriðja landinu fyrir innflutning, sundurliðað fyrir hverja tegund vefjar eða frumu: gjöf, öflun, prófun, vinnsla, varðveisla eða geymsla.
3. Skrá yfir alla starfsemi vefjainnflutningsmiðstöðvarinnar eftir innflutning, sundurliðað eftir tegund vefjar eða frumu.
4. Heiti þeirra þriðju landa þar sem starfsemi fyrir innflutning á sér stað, sundurliðað fyrir hverja tegund vefjar eða frumu.

E. **Ítarlegar upplýsingar um birgja í þriðju löndum**

1. Heiti birgis eða birgja í þriðja landi (heiti fyrirtækis).
2. Nafn tengiliðar.
3. Móttökuheimilisfang.
4. Póstfang *(ef það er annað en móttökuheimilisfang)*.
5. Símanúmer, þ.m.t. landsnúmer.
6. Neyðarsímanúmer *(ef það er annað en símanúmerið)*
7. Tölvupóstfang.

F. **Gögn sem skulu fylgja umsókninni**

1. Afrit af skriflega samningnum við birginn eða birgjana í þriðja landinu.
2. Ítarleg lýsing á flæði innfluttra vefja og frumna allt frá öflun þeirra þangað til tekið er við þeim hjá vefjainnflutningsmiðstöðinni.
3. Afrit af útflutningsleyfisvottorði birgisins í þriðja landinu eða, ef sérstakt útflutningsleyfisvottorð er ekki gefið út, vottorð frá viðeigandi lögbæru yfirvaldi eða yfirvöldum í þriðja landinu um að birgirinn í þriðja landinu hafi leyfi til að stunda starfsemi í vefja- og frumugeiranum, þ.m.t. útflutning. Í þessum gögnum skulu einnig vera samskiptaupplýsingar lögbæra yfirvaldsins eða yfirvaldanna í þriðja landinu. Í þriðju löndum þar sem slík gögn eru ekki tiltæk skal leggja fram annars konar gögn, s.s. endurskoðunarskýrslur birgisins í þriðja landinu.

II. VIÐAUKI

Vottorð um faggildingu, tilnefningu eða veitingu leyfis sem lögbært yfirvald eða yfirvöld gefa út til vefjainnflutningsmiðstöðva

Vottorð vefjainnflutningsmiðstöðvar um faggildingu, tilnefningu eða starfsleyfi							
1. **Ítarlegar upplýsingar um vefjainnflutningsmiðstöðina**							
1.1. Heiti vefjainnflutningsmiðstöðvarinnar							
1.2. Kóði úr ESB-yfirlitinu yfir vefjamiðstöðvar							
1.3. Móttökuheimilisfang og póstfang vefjainnflutningsmiðstöðvarinnar *(ef þau eru mismunandi)*							
1.4. Móttökustaður innflutnings *(ef hann er annar en heimilisfangið hér á undan)*							
1.5. Nafn handhafa faggildingar, tilnefningar eða leyfis							
1.6. Heimilisfang handhafa faggildingar, tilnefningar eða leyfis							
1.7. Símanúmer handhafa faggildingar, tilnefningar eða leyfis *(valkvætt)*							
1.8. Tölvupóstfang handhafa faggildingar, tilnefningar eða leyfis *(valkvætt)*							
1.9. Slóð á vefsetur vefjainnflutningsmiðstöðvarinnar							
2. **Umfang starfseminnar**							
2.1. Tegund vefja og frumna *(Skrá hér á eftir með flokkum vefja og frumna sem eru taldir upp í ESB-yfirlitinu yfir vefjamiðstöðvar, með viðbættum línum eftir þörf)*	Starfsemi í þriðju löndum						Staða með tilliti til faggildingar, tilnefningar eða leyfis
	Gjöf	Öflun	Prófun	Varðveisla	Vinnsla	Geymsla	
	BL3 — Birgir í þriðja landi *UV — Undirverktaki birgis í þriðja landi*						*V — Veitt* *T — Tímabundin niðurfelling* *A — Afturkallað* *S — Stöðvun*
2.2. Stakur innflutningur							☐
2.3. Vöruheiti innfluttra vefja og frumna							
2.4. Skilyrði fyrir innflutningnum, ef einhver eru, eða skýringar							

2.5. Þriðja land eða lönd öflunar *(sundurliðað fyrir hverja tegund innfluttra vefja og frumna)*		
2.6. Þriðja land eða lönd þar sem önnur starfsemi fer fram *(ef annað/önnur en hér á undan)*		
2.7. Heiti og land birgis eða birgja í þriðja landi *(sundurliðað fyrir hverja tegund innfluttra vefja og frumna)*		
2.8. Aðildarríki ESB þar sem innfluttir vefir og frumur munu fara í dreifingu *(ef þekkt)*		
3. **Faggilding, tilnefning eða leyfi frá lögbæru yfirvaldi**		
3.1. Landsbundið númer faggildingar, tilnefningar eða starfsleyfis		
3.2. Lagagrundvöllur faggildingar, tilnefningar eða starfsleyfis		
3.3. Dagsetning þegar faggilding, tilnefning eða starfsleyfi fellur úr gildi *(ef einhver)*		
3.4. Fyrsta faggilding, tilnefning eða starfsleyfi sem vefjainnflutningsmiðstöð, eða endurnýjun	Fyrsta skipti ☐	Endurnýjun ☐
3.5. Aðrar athugasemdir		
3.6. Heiti lögbærs yfirvalds		
3.7. Nafn fulltrúa lögbærs yfirvalds		
3.8. Undirskrift fulltrúa lögbærs yfirvalds *(rafræn eða önnur)*		
3.9. Dagsetning faggildingar, tilnefningar eða starfsleyfis		
3.10. Stimpill lögbærs yfirvalds		

III. VIÐAUKI

Lágmarkskröfur sem varða þau gögn sem vefjainnflutningsmiðstöðvar, sem ætla sér að flytja inn vefi og frumur frá þriðju löndum, skulu gera aðgengileg fyrir lögbært yfirvald eða yfirvöld

Að undanskildum stökum innflutningi, eins og hann er skilgreindur í 2. gr. þessarar tilskipunar, sem er undanþeginn frá þessum kröfum um gögn, skal vefjainnflutningsmiðstöð, sem er umsækjandi, gera aðgengilegar og, nema þær hafi áður verið lagðar fram sem hluti af fyrri umsóknum um faggildingu, tilnefningu eða leyfi til að starfa sem vefjainnflutningsmiðstöð, leggja fram, ef lögbæra yfirvaldið eða yfirvöldin krefjast þess, nýjustu uppfærðu útgáfuna af eftirfarandi gögnum um umsækjandann og birgi eða birgja hans í þriðja landi.

A. **Gögn sem varða vefjainnflutningsmiðstöðina**

1. Starfslýsing ábyrgðarmannsins og ítarlegar upplýsingar um viðeigandi réttindi og hæfi og þjálfunarskrá hans, eins og mælt er fyrir um í tilskipun 2004/23/EB,
2. Afrit af eða lýsing á aðalvörumiðanum, endurpökkunarmiðanum, ytri pakkningu og flutningsíláti,
3. Skrá yfir viðeigandi og uppfærðar útgáfur af stöðluðum verklagsreglum sem varða innflutningsstarfsemi fyrirtækisins, þ.m.t. staðlaðar verklagsreglur um beitingu samræmda, evrópska kóðans, móttöku og geymslu innfluttra vefja og frumna hjá vefjainnflutningsmiðstöðinni, meðhöndlun meintilvika og aukaverkana, stjórnun afturkallana og rekjanleika frá gjafa til þega.

B. **Gögn sem varða birgi eða birgja í þriðja landi**

1. Ítarleg lýsing á viðmiðununum fyrir auðkenningu og mat gjafa, upplýsingar sem gjafa eða fjölskyldu gjafa eru veittar, hvernig samþykkis er aflað hjá gjafa eða fjölskyldu hans og hvort gjöfin var gerð af fúsum og frjálsum vilja og án endurgjalds.
2. Ítarlegar upplýsingar um prófunarmiðstöð eða -miðstöðvar sem birgjar í þriðja landinu nota og þær prófanir sem eru gerðar á slíkum stöðvum.
3. Ítarlegar upplýsingar um aðferðir sem eru notaðar við vinnslu á vefjunum og frumunum, þ.m.t. ítarlegar upplýsingar um fullgildingu mikilvægra verklagsreglna við vinnslu.
4. Ítarleg lýsing á aðstöðu, mikilvægum búnaði og efnivið ásamt viðmiðunum fyrir gæðastýringu og umhverfiseftirlit þar sem hver þáttur starfsemi birgisins í þriðja landinu fer fram.
5. Ítarlegar upplýsingar um skilyrðin fyrir afhendingu birgisins eða birgjanna í þriðja landinu á vefjum og frumum.
6. Upplýsingar um undirverktaka, ef einhverjir eru, sem birgirinn í þriðja landinu notar, þ.m.t. heiti þeirra, staðsetning og starfsemi sem þeir annast.
7. Samantekt á nýjustu skoðun lögbæra yfirvaldsins eða yfirvaldanna í þriðja landinu á birginum í þriðja landinu, þ.m.t. dagsetning skoðunar, tegund skoðunar og helstu niðurstöður.
8. Samantekt á nýjustu úttekt sem vefjainnflutningsmiðstöðin hefur gert eða látið gera á birginum í þriðja landinu.
9. Öll viðeigandi landsbundin eða alþjóðleg faggilding.

IV. VIÐAUKI

Lágmarkskröfur um innihald skriflegra samninga milli vefjainnflutningsmiðstöðva og birgja þeirra í þriðju löndum.

Að undanskildum stökum innflutningi, eins og hann er skilgreindur í 2. gr. þessarar tilskipunar, sem er undanþeginn frá þessum kröfum, skal skriflegi samningurinn milli vefjainnflutningsmiðstöðvarinnar og birgis hennar í þriðja landi innihalda að minnsta kosti eftirfarandi ákvæði.

1. Ítarlegar upplýsingar um nákvæmar skilgreiningar vefjainnflutningsmiðstöðvarinnar sem hafa þann tilgang að tryggja að gæða- og öryggiskröfurnar sem mælt er fyrir um í tilskipun 2004/23/EB séu uppfylltar og um gagnkvæmt samþykki um hlutverk og ábyrgð beggja aðila á því að tryggja að innfluttir vefir og frumur standist jafngildar kröfur um gæði og öryggi

2. Ákvæði til að tryggja að birgirinn í þriðja landinu leggi fyrir vefjainnflutningsmiðstöðina þær upplýsingar sem taldar eru upp í III. viðauka B við þessa tilskipun.

3. Ákvæði til að tryggja að birgirinn í þriðja landinu upplýsi vefjainnflutningsmiðstöðina um grun um eða staðfest alvarleg meintilvik eða aukaverkanir sem geta haft áhrif á gæði og öryggi vefja og frumna sem vefjainnflutningsmiðstöðin hefur flutt inn eða ætlar að flytja inn.

4. Ákvæði til að tryggja að birgirinn í þriðja landinu upplýsi vefjainnflutningsmiðstöðina um allar umtalsverðar breytingar á starfsemi sinni, þ.m.t. afturköllun eða tímabundna niðurfellingu, að hluta til eða öllu leyti, á leyfi sínu til að flytja út vefi og frumur, eða aðrar slíka ákvarðanir sem lögbæra yfirvaldið eða yfirvöldin taka um að ekki hafi verið farið að ákvæðum, sem geta haft áhrif á gæði og öryggi vefja og frumna sem vefjainnflutningsmiðstöðin hefur flutt inn eða ætlar að flytja inn.

5. Ákvæði til að ábyrgjast rétt lögbæra yfirvaldsins eða yfirvaldanna til að skoða starfsemi birgisins í þriðja landinu, þ.m.t. vettvangsskoðanir, ef þau óska þess sem hluta af skoðuninni á vefjainnflutningsmiðstöðinni. Með því ákvæði ætti einnig að ábyrgjast rétt vefjainnflutningsmiðstöðvarinnar til að endurskoða birgi sinn í þriðja landinu með reglulegu millibili.

6. Gagnkvæmt samþykkt skilyrði sem skal uppfylla um flutning vefja og frumna milli birgisins í þriðja landinu og vefjainnflutningsmi östöðvarinnar.

7. Ákvæði til að tryggja að birgirinn í þriðja landinu eða undirverktaki hans haldi skrár yfir gjafa í tengslum við innfluttu vefina og frumurnar, í samræmi við gagnaverndarreglur ESB, í 30 ár að öflun lokinni og að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar til að varðveita þær ef birgirinn í þriðja landinu hættir starfsemi.

8. Ákvæði um reglulega endurskoðun og, ef nauðsyn krefur, breytingar á skriflega samningum, þ.m.t. til að endurspegla breytingar á kröfum ESB um gæði og öryggi sem mælt er fyrir um í tilskipun 2004/23/EB.

9. Skrá yfir allar staðlaðar verklagsreglur birgisins í þriðja landinu sem tengjast gæðum og öryggi innfluttu vefjanna og frumnanna og skuldbinding um að leggja þær fram sé þess óskað.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 536/2014 **2015/EES/63/63**

frá 16. apríl 2014

um klíníska prófanir á mannalyfjum og niðurfellingu á tilskipun 2001/20/EB (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RAÐ EVROPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr. og c-lið 4. mgr. 168. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í klínískum prófunum ættu réttindi, öryggi, virðing og velsæld þátttakenda að vera tryggð og gögnin sem fást skulu vera áreiðanleg og traust. Hagsmunir þátttakendanna ættu alltaf að ganga fyrir öllum öðrum hagsmunum.

2) Til að gefa færi á óháðu eftirliti með því hvort farið sé að þessum meginreglum ætti klínísk prófun að vera háð fyrirfram veittu leyfi.

3) Skýra ætti núverandi skilgreiningu á klínískri prófun eins og hún er í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/20/EB ([3]). Í þeim tilgangi ætti að skilgreina hugtakið „klínísk prófun“ af meiri nákvæmni með því að taka upp hugtakið „klínísk rannsókn“ sem er víðtækara og klínísk prófun flokkast undir. Skilgreina ætti þann flokk á grundvelli sértækra viðmiðana. Þessi nálgun tekur tilhlýðilegt tillit til alþjóðlegra viðmiðunarregla og er í samræmi við löggjöf Sambandsins um lyf sem byggir á skiptingunni milli klínískrar prófunar og rannsóknar án inngrips.

4) Með tilskipun 2001/20/EB er miðað að því að einfalda og samhæfa stjórnsýsluákvæði sem gilda um klíníska prófanir innan Sambandsins. Reynslan hefur þó sýnt að samhæfð nálgun við reglusetningu um klíníska prófanir hefur aðeins náðst að hluta til. Það gerir framkvæmd tiltekinna klínískra prófana sérlega erfiða í mörgum aðildarríkjum. Þróun

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 158, 27.5.2014, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 213/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 44, 15.2.2013, bls. 99.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 3. apríl 2014 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 14. apríl 2014.

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/20/EB frá 4. apríl 2001 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um góðar klínískar starfsvenjur við framkvæmd klínískra prófana á lyfjum sem ætluð eru mönnum (Stjtíð. EB L 121, 1.5.2001, bls. 34).

á sviði vísinda gefur þó til kynna að klínískar prófanir í framtíðinni muni beinast í auknum mæli að sértækara sjúklingaþýði, s.s. undirhópum sem borin eru kennsl á í upplýsingum um genamengi. Til að nægilega margir sjúklingar séu í slíkum klínískum prófunum kann að vera nauðsynlegt að mörg eða öll aðildarríki taki þátt. Nýju málsmeðferðarreglurnar við veitingu leyfa fyrir klínískum prófunum ættu að stuðla að því að eins mörg aðildarríki taki þátt og unnt er. Til að einfalda málsmeðferðina við framlagningu umsóknargagna varðandi veitingu leyfis fyrir klínískri prófun ætti því að forðast að upplýsingar, sem eru að stórum hluta eins, séu lagðar fram margsinnis og þess í stað að leggja fram umsóknargögn í einu lagi fyrir öll hlutaðeigandi aðildarríki um eina umsóknargátt. Þar sem klínískar prófanir, sem framkvæmdar eru í einu aðildarríki, eru sömuleiðis mikilvægar fyrir klínískar rannsóknir í Evrópu ætti einnig að leggja fram umsóknargögnin fyrir slíkar klínískar prófanir um þessa einu vefgátt.

5) Að því er varðar tilskipun 2001/20/EB hefur reynslan einnig sýnt að lagalegt form reglugerðar myndi gagnast bakhjörlum og rannsakendum, t.d. í tengslum við klínískar prófanir sem framkvæmdar eru í fleiri en einu aðildarríki, þar sem þeir geta stuðst við ákvæði þeirra beint, en einnig í tengslum við öryggistilkynningar og merkingar rannsóknarlyfja. Af þessum sökum verður mun á nálgun milli aðildarríkja haldið í lágmarki.

6) Hlutaðeigandi aðildarríki ættu að vinna saman að mati á beiðni um veitingu leyfis fyrir klíníski prófun. Þessi samvinna ætti ekki að ná yfir atriði sem eru í eðli sínu landsbundin, s.s. upplýst samþykki.

7) Til að forðast stjórnsýslulegar tafir á því að hefja klíníska prófun ætti málsmeðferðin að vera sveigjanleg og skilvirk án þess að það dragi úr öryggi sjúklinga eða lýðheilsu.

8) Tímamörk fyrir mat á umsóknargögnum fyrir klínískar prófanir ættu að vera nægilega rúm til að hægt sé að meta gögnin ásamt því að tryggja skjótan aðgang að nýjum meðferðum með nýbreytni og tryggja að Sambandið sé ákjósanlegur staður til að framkvæma klínískar prófanir. Í tilskipun 2001/20/EB, með hliðsjón af þessu, var hugtakið um þegjandi samþykki (e. *tacit authorisation*) innleitt. Þessu hugtaki ætti að halda til að tryggja að tímamörkum verði fylgt. Ef hættuástand á sviði lýðheilsu skapast ættu aðildarríkin að eiga þess kost að geta metið og samþykkt umsókn um klíníska prófun með skjótum hætti. Því ætti ekki að fastsetja nein lágmarkstímamörk fyrir samþykki.

9) Efla ætti klínískar prófanir til að þróa lyf við fátíðum sjúkdómum, eins og þau eru skilgreind í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 141/2000 ([4]), og lyf sem ætluð eru þátttakendum sem hafa orðið fyrir áhrifum af alvarlegum, lamandi og oft lífshættulegum sjúkdómum sem hafa áhrif á mest einn einstakling af 50 000 í Sambandinu (afar sjaldgæfir sjúkdómar).

10) Aðildarríkin ættu að meta á skilvirkan hátt allar umsóknir um klínískar prófanir innan tilgreindra tímamarka. Einkum er mikilvægt að mat sé fljótlegt og ítarlegt fyrir klínískar prófanir varðandi heilsufarsástand sem er mjög hamlandi og/eða lífshættulegt og meðferðarúrræði eru takmörkuð eða ekki fyrir hendi, eins og ef um er að ræða sjaldgæfa og afar sjaldgæfa sjúkdóma.

11) Áhættan að því er varðar öryggi þátttakenda í klíníski prófun á sér aðallega tvenn upptök: rannsóknarlyfið og inngripið. Margar klínískar prófanir leggja þó ekki meira en lágmarksáhættu til viðbótar á öryggi þátttakenda í samanburði við venjulegar klínískar starfsvenjur. Þetta á einkum við þegar rannsóknarlyfið fellur undir markaðsleyfi, þ.e. gæði, öryggi og verkun hafa þegar verið metin í málsmeðferðinni við veitingu markaðsleyfa eða, ef lyfið er ekki notað í samræmi við skilmála markaðsleyfisins, notkunin er gagnreynd og studd útgefnum rannsóknarniðurstöðum um öryggi og verkun lyfsins og inngripinu fylgir aðeins takmörkuð viðbótaráhætta fyrir þátttakandann í samanburði við venjulegar klínískar starfsvenjur. Þessar klínísku prófanir með litlu inngripi eru oft afar mikilvægar til að meta hefðbundnar meðferðir og sjúkdómsgreiningar og hámarka þannig notkun lyfja og stuðla að öflugri lýðheilsuvernd. Gera ætti vægari kröfur varðandi þessar klínísku prófanir að því er varðar vöktun, kröfur um innihald grunnskjalsins og rekjanleika rannsóknarlyfjanna. Til að tryggja öryggi þátttakenda ættu þær þó að vera háðar sama umsóknarferli og allar aðrar klínískar prófanir. Útgefnu rannsóknarniðurstöðurnar til stuðnings öryggi og verkun rannsóknarlyfs, sem er ekki notað í samræmi við skilmála markaðsleyfa, geta verið hágæða gögn sem eru birt í greinum í vísindaritum sem og landsbundnar, svæðisbundnar eða stofnanabundnar rannsóknaráætlanir meðferðar, matsskýrslur um heilbrigðistækni eða önnur viðeigandi gögn.

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 141/2000 frá 16. desember 1999 um lyf við fátíðum sjúkdómum (Stjtíð. EB L 18, 22.1.2000, bls. 1).

12) Í tilmælum ráðsins sem heyrir undir Efnahags- og framfarastofnunina (OECD), um stjórnunarhætti í klínískum prófunum frá 10. desember 2012, var greint frá mismunandi áhættuflokkum í tengslum við klíníska prófanir. Þessir flokkar samrýmast flokkum klínískra prófana sem skilgreindir eru í þessari reglugerð þar sem flokkar Efnahags- og framfarastofnunarinnar, A og B(1), samsvara skilgreiningunni á klínískri prófun með litlu inngripi, eins og sett er fram í þessari reglugerð, og flokkar Efnahags- og framfarastofnunarinnar, B(2) og C, samsvara skilgreiningunni á klínískum prófunum, eins og sett er fram í þessari reglugerð.

13) Matið á umsókninni fyrir klíníska prófun ætti einkum að taka til væntanlegs meðferðarlegs ávinnings og ávinnings fyrir lýðheilsu (mikilvægi) og áhættunnar og óþægindanna fyrir þátttakandann. Taka ætti tillit til ýmissa atriða að því er varðar mikilvægi, þ.m.t. hvort stjórnvaldið, sem ber ábyrgð á matinu á lyfjunum og veitingu leyfis fyrir setningu þeirra á markað, hafi mælt með eða gefið fyrirmæli um klínísku prófunina, og hvort staðgönguendapunktar, ef þeir eru notaðir, eru rökstuddir.

14) Þátttakendur í klínískri prófun ættu að vera lýsandi fyrir þýðishópana, t.d. kyn og aldurshópa, sem líklegt er að noti lyfið sem rannsakað er í klínísku prófuninni, nema færð séu rök fyrir öðru í rannsóknaráætluninni.

15) Til að bæta meðferðir sem eru aðgengilegar viðkvæmari hópum, s.s. veikburða eða eldra fólki, fólki sem þjáist af margskonar langvinnum sjúkdómum og fólki sem er með geðrænar raskanir, ætti að rannsaka til fulls og á viðeigandi hátt verkun lyfjanna sem eru líkleg til að hafa verulegt meðferðarlegt gildi fyrir þessa sérhópa þ.m.t. að því er varðar kröfur í tengslum við tiltekna eiginleika þeirra og verndun heilsu og velsældar þátttakendanna sem tilheyra þessum hópum.

16) Málsmeðferðin við leyfisveitingu ætti að gefa möguleika á að framlengja tímamörkin fyrir matið til að bakhjarlinn geti fjallað um spurningar eða athugasemdir sem settar eru fram meðan á matinu á umsóknargögnunum stendur. Að auki ætti að tryggja að innan framlengingartímabilsins sé ætíð nægur tími til að meta viðbótarupplýsingarnar sem lagðar eru fram.

17) Veiting leyfisins til að framkvæma klíníska prófun ætti að varða alla þætti verndar þátttakenda og áreiðanleika gagna og traustleika. Veiting leyfisins ætti því að vera í formi einnar stjórnsýsluákvörðunar hlutaðeigandi aðildarríkis.

18) Hlutaðeigandi aðildarríki ætti að ákveða hvaða viðeigandi aðili, eða aðilar, taka þátt í matinu á umsókninni um að framkvæma klíníska prófun og skipuleggja þátttöku siðanefnda innan þeirra tímamarka sem gefin eru varðandi veitingu leyfis fyrir klínísku prófuninni, eins og sett er fram í þessari reglugerð. Slíkar ákvarðanir eru háðar innra skipulagi hvers aðildarríkis. Þegar ákveðið er hvaða viðeigandi aðili, eða aðilar, taka þátt ættu aðildarríki að tryggja aðkomu leikmanna, einkum sjúklinga eða samtaka sjúklinga. Einnig ætti að tryggja aðgengi að nauðsynlegri sérþekkingu. Í samræmi við alþjóðlegar viðmiðunarreglur ætti hæfilegur fjöldi aðila, sem sameiginlega búa yfir nauðsynlegri menntun, hæfi og reynslu, að framkvæma matið í sameiningu. Aðilarnir sem meta umsóknina ættu að vera óháðir bakhjarli, klíníska rannsóknarsetrinu og rannsakendum sem taka þátt og vera óháðir hvers konar ótilhlýðilegum áhrifum.

19) Matið á umsóknum um leyfi fyrir klínískum prófunum ætti að fara fram á grundvelli viðeigandi sérþekkingar. Hafa ætti sértæka sérþekkingu í huga þegar klínísk prófun varðar þátttakendur sem eru í neyð, ólögráða börn, þátttakendur sem skortir gerhæfi, konur sem eru þungaðar eða hafa barn á brjósti og, eftir því sem við á, aðra skilgreinda þýðishópa, s.s. aldraða eða fólk sem þjáist af sjaldgæfum og afar sjaldgæfum sjúkdómum.

20) Í raun hafa bakhjarlar ekki alltaf allar upplýsingarnar sem þarf til að leggja fram fullgerða umsókn um leyfi fyrir klínískri prófun í öllum aðildarríkjunum þar sem klíníska prófunin mun að lokum verða framkvæmd. Bakhjörlum ætti að vera kleift að leggja fram umsókn, eingöngu á grundvelli gagna sem metin eru í sameiningu af þeim aðildarríkjum þar sem klíníska prófunin yrði mögulega framkvæmd.

21) Bakhjarlinum ætti að vera heimilt að draga til baka umsókn um leyfi fyrir klínískri prófun. Til að tryggja að matsferlið sé áreiðanlegt ætti þó eingöngu að vera hægt að draga til baka umsókn um leyfi fyrir klínísku prófuninni í heild sinni. Bakhjarlinn ætti að geta lagt fram nýja umsókn um leyfi fyrir klínískri prófun eftir afturköllun umsóknar.

22) Í raun geta bakhjarlar haft áhuga á að útvíkka klínísku prófunina svo hún nái til fleiri aðildarríkja eftir að upphaflega leyfið fyrir klínískri prófun er veitt, til að ná nýskráningarmarkmiðum eða af öðrum ástæðum. Setja ætti fram fyrirkomulag varðandi veitingu leyfis til að slík útvíkkun sé möguleg en jafnframt forðast að öll hlutaðeigandi aðildarríki sem áttu aðild að upphaflega leyfinu fyrir klínísku prófuninni endurmeti umsóknina.

23) Klínískar prófanir eru yfirleitt háðar mörgum breytingum eftir að þær hafa verið leyfðar. Þessar breytingar geta tengst framkvæmdinni, hönnuninni, aðferðafræðinni, rannsóknarlyfinu eða aukalyfinu, rannsakandanum eða klíníska rannsóknarsetrinu. Ef þessar breytingar hafa veruleg áhrif á öryggi eða réttindi þátttakenda eða á áreiðanleika eða traustleika gagnanna sem fást úr klínísku prófuninni ættu þær að falla undir málsmeðferð við leyfisveitingu sem er svipuð málsmeðferðinni við upphaflegu leyfisveitinguna.

24) Innihald umsóknargagnanna varðandi leyfi fyrir klínískri prófun ættu að vera samræmd til að tryggja að öll aðildarríkin hafi aðgang að sömu upplýsingum og til að einfalda umsóknarferlið vegna klínískra prófana.

25) Til að auka gagnsæi á sviði klínískra prófana ætti eingöngu að leggja fram gögn úr klínískri prófun til stuðnings umsókn um klíníska prófun ef sú prófun hefur verið skráð í gagnagrunn sem er aðgengilegur almenningi og er án endurgjalds og er aðal- eða samstarfsskrá eða gagnaveitandi alþjóðlegs skráningarkerfis Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar fyrir klínískar prófanir (WHO ICTRP). Gagnaveitendur alþjóðlegs skráningarkerfis Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar fyrir klínískar prófanir stofna og sjá um skrár klínískra prófana í samræmi við viðmiðanir Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um skrásetningu. Setja ætti sértæk ákvæði fyrir gögn úr klínískum prófunum sem hófust fyrir þann dag sem þessi reglugerð kom til framkvæmda.

26) Það ætti að vera undir aðildarríkjunum komið að fastsetja tungumálakröfurnar vegna umsóknargagnanna. Til að tryggja að matið á umsókninni um veitingu leyfis fyrir klínískri prófun gangi greiðlega fyrir sig ættu aðildarríki að íhuga að samþykkja tungumál sem skilst almennt á sviði læknavísindanna fyrir skjöl sem ekki eru ætluð þátttakandanum.

27) Mannleg reisn og réttur manna til friðhelgi eru viðurkennd í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi (hér á eftir nefndur „sáttmálinn“). Í sáttmálanum er einkum gerð sú krafa að hvers kyns inngrip á sviði líffræði og læknavísinda geti ekki farið fram án þess að fá frjálst og upplýst samþykki hlutaðeigandi einstaklings. Í tilskipun 2001/20/EB eru ítarlegar reglur um vernd þátttakenda. Þessar reglur ætti að staðfesta. Reglur varðandi ákvörðun á skipuðum lögráðamanni einstaklinga sem skortir gerhæfi og ólögráða barna eru mismunandi eftir aðildarríkjum. Því ættu aðildarríkin að ákveða hver er skipaður lögráðamaður fyrir einstaklinga sem skortir gerhæfi og ólögráða börn. Þátttakendur sem skortir gerhæfi, ólögráða börn, þungaðar konur eða konur með barn á brjósti þurfa sértækar verndarráðstafanir.

28) Læknir sem hefur til þess menntun og hæfi eða, eftir því sem við á, tannlæknir sem hefur til þess menntun og hæfi ætti að bera ábyrgð á allri læknishjálp sem þátttakandanum er veitt, þ.m.t. læknishjálp sem annað heilbrigðisstarfsfólk annast.

29) Við tilteknar aðstæður, sem eru í samræmi við gildandi lög um gagnavernd, þykir rétt að háskólar og aðrar rannsóknastofnanir geti safnað gögnum úr klínískum prófunum í þeim tilgangi að nota þau í vísindarannsóknum í framtíðinni, t.d. vegna læknisfræðilegra, náttúrufræðilegra eða félagsvísindalegra rannsókna. Til að safna gögnum í því skyni er nauðsynlegt að þátttakandinn gefi samþykki sitt fyrir því að gögn hans verði notuð utan rannsóknaráætlunarinnar fyrir klínísku prófunina og hafi rétt til að draga samþykki sitt til baka hvenær sem er. Einnig er nauðsynlegt að rannsóknarverkefni sem byggja á slíkum gögnum séu háð endurskoðun sem er viðeigandi fyrir rannsókn á gögnum um menn, t.d. vegna siðfræðilegra atriða, áður en þau eru framkvæmd.

30) Upplýst samþykki þátttakanda ætti að vera skriflegt í samræmi við alþjóðlegar viðmiðunarreglur. Ef þátttakandinn er ekki fær um að skrifa er hægt að skrá það með öðrum viðeigandi hætti, t.d. með hljóð- eða myndbandsupptökutækjum. Áður en upplýst samþykki fæst ætti væntanlegur þátttakandi að fá upplýsingar í undanfarandi viðtali á tungumáli sem viðkomandi skilur auðveldlega. Þátttakandinn ætti að hafa tækifæri til að spyrja spurninga hvenær sem er. Þátttakandinn ætti að fá nægan tíma til að íhuga ákvörðun sína. Í ljósi þess að í tilteknum aðildarríkjum er læknir eini aðilinn sem hefur til þess menntun og hæfi samkvæmt landslögum að taka viðtal við væntanlegan þátttakanda, en í öðrum aðildarríkjum eru það aðrir heilbrigðisstarfsmenn, telst rétt að kveða á um að aðili í rannsóknarhópnum, sem hefur menntun og hæfi til þessa verks samkvæmt landslögum þess aðildarríkis þar sem nýskráning fer fram, taki undanfarandi viðtal við væntanlegan þátttakanda.

31) Til að votta að upplýst samþykki hafi verið gefið af fúsum og frjálsum vilja ætti rannsakandinn að taka tillit til allra viðeigandi aðstæðna sem gætu haft áhrif á ákvörðun væntanlegs þátttakanda um að taka þátt í klínískri prófun, einkum hvort væntanlegur þátttakandi tilheyri hópi sem er illa settur fjárhagslega eða félagslega, eða er í þeim aðstæðum að vera háður stofnunum eða stigskiptingu sem gæti haft óviðeigandi áhrif á ákvörðun hans um að taka þátt.

32) Þessi reglugerð ætti ekki að hafa áhrif á landslög þar sem gerð er sú krafa, til viðbótar við upplýsta samþykkið sem skipaður lögráðamaður veitir, að ólögráða barn, sem er fært um að mynda sér skoðun og meta upplýsingarnar sem það fær, ætti sjálft að veita samþykki fyrir að taka þátt í klínískri prófun.

33) Rétt þykir að leyfa að upplýst samþykki geti fengist með einfölduðum hætti fyrir tilteknar klínískar prófanir ef aðferðafræði prófunarinnar krefst þess að hópum þátttakenda, fremur en einstökum þátttakendum, sé úthlutað mismunandi rannsóknarlyfjum. Í þessum klínísku prófunum eru rannsóknarlyfin notuð í samræmi við markaðsleyfin og hver og einn þátttakandi fær staðlaða meðferð, hvort sem hann samþykkir eða neitar að taka þátt í klínísku prófuninni eða dregur þátttökuna til baka, svo að einu afleiðingarnar af því að taka ekki þátt eru að þau gögn sem tengjast honum verða ekki notuð í klínísku prófuninni. Slíkar klínískar prófanir, sem eru gerðar til að bera saman hefðbundnar meðferðir, ætti alltaf að framkvæma í einu aðildarríki.

34) Skilgreina ætti sértæk ákvæði til verndar konum sem eru þungaðar eða hafa barn á brjósti og taka þátt í klínískum prófunum og einkum þegar ekki er líklegt að klínísku prófanirnar leiði af sér niðurstöður sem eru beinn ávinningur fyrir hana eða fósturvísi hennar, fóstur eða barn eftir fæðingu.

35) Einstaklingar sem gegna herskyldu, einstaklingar sem sviptir hafa verið frelsi, einstaklingar sem vegna dómsniðurstöðu geta ekki tekið þátt í klínískum prófunum og einstaklingar sem vegna aldurs, fötlunar eða heilsufars reiða sig á umönnun og eru af þeim sökum vistaðir á dvalarstofnunum, þ.e. vistarverum þar sem einstaklingar sem þurfa á aðstoð að halda hafa stöðugan aðgang að slíkri aðstoð, eru undir aðra settir eða eru öðrum háðir og kunna því að þurfa á sérstökum verndarráðstöfunum að halda. Aðildarríki ættu að hafa heimild til að viðhalda slíkum viðbótarráðstöfunum.

36) Í þessari reglugerð ætti að kveða á um skýrar reglur varðandi upplýst samþykki í neyðartilvikum. Slík tilvik eru t.d. aðstæður þar sem sjúklingur þjáist af heilsufarsástandi sem veldur skyndilegri lífshættu, vegna fjölda áverka, heilablóðfalls eða hjartaáfalls, og krefst tafarlausrar læknishjálpar. Inngrip innan klínískrar prófunar, sem hefur þegar verið samþykkt, getur verið viðeigandi í slíkum tilvikum Í tilteknum neyðartilvikum er þó ekki mögulegt að fá upplýst samþykki áður en inngripið á sér stað. Því ætti að setja fram skýrar reglur í þessari reglugerð um að hægt sé að skrá slíka sjúklinga í klínísku prófunina samkvæmt afar ströngum skilyrðum. Að auki ætti fyrrnefnd klínísk prófun að tengjast beint heilsufarsástandinu sem veldur því að ekki er hægt, innan meðferðarfræðilegs ramma, að fá fyrirframupplýst samþykki frá þátttakandanum eða skipuðum lögráðamanni hans. Virða ætti öll fyrri andmæli sem sjúklingur hefur lagt fram og leita ætti eftir upplýstu samþykki frá þátttakandanum eða skipuðum lögráðamanni hans eins fljótt og auðið er.

37) Til að sjúklingar geti metið möguleika á þátttöku í klínískri prófun og til að veita hlutaðeigandi aðildarríki möguleika á skilvirku eftirliti með klínískri prófun, ætti að tilkynna upphaf klínísku prófunarinnar, lok nýskráningar þátttakenda í klínísku prófuninni og lok klínísku prófunarinnar. Í samræmi við alþjóðlega staðla ætti að tilkynna niðurstöður klínísku prófunarinnar innan árs frá lokum klínísku prófunarinnar.

38) Dagsetning fyrsta þáttar í nýskráningu væntanlegra þátttakenda er dagsetningin þegar fyrsti þáttur nýskráningaráætlunarinnar sem lýst er í rannsóknaráætluninni var framkvæmdur, t.d. dagsetningin þegar samband var haft við væntanlegan þátttakanda eða birtingardagur auglýsingar fyrir tiltekna klíníska prófun.

39) Bakhjarlinn ætti að leggja fram samantekt um niðurstöðurnar úr klínísku prófuninni ásamt samantekt sem er skiljanleg fyrir leikmann og, eftir atvikum, skýrslunni um klínísku rannsóknina innan skilgreindra tímamarka. Ef ekki er mögulegt að leggja fram niðurstöðurnar innan skilgreindra tímamarka af vísindalegum ástæðum, t.d. ef klínísk prófun stendur enn yfir í þriðju löndum og gögnin úr þeim hluta prófunarinnar eru ekki aðgengileg, sem þýðir að tölfræðileg greining á ekki við, ætti bakhjarlinn að færa rök fyrir því í rannsóknaráætluninni og tilgreina hvenær niðurstöðurnar verða lagðar fram.

40) Til að bakhjarlinn geti metið allar mögulegar upplýsingar um öryggi sem skipta máli ætti rannsakandinn almennt að tilkynna honum um öll alvarleg meintilvik.

41) Bakhjarlinn ætti að meta upplýsingarnar frá rannsakandanum og tilkynna Lyfjastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Lyfjastofnunin“) um öryggisupplýsingar vegna alvarlegra meintilvika sem grunur leikur á að séu óvæntar, alvarlegar aukaverkanir.

42) Lyfjastofnunin ætti að áframsenda aðildarríkjunum þessar upplýsingar til að þau geti metið þær.

43) Aðilar alþjóðaráðstefnunnar um samhæfingu tæknilegra krafna varðandi skráningu mannalyfja (ICH) hafa samþykkt ítarlegt safn viðmiðunarreglna um góðar, klínískar starfsvenjur, sem eru alþjóðlega viðurkenndur staðall fyrir hönnun, framkvæmd, skráningu og skýrslugjöf að því er varðar klínískar prófanir, í samræmi við meginreglurnar sem upprunnar eru í Helsinkiyfirlýsingu Alþjóðasamtaka lækna. Spurningar varðandi viðeigandi gæðastaðal kunna að vakna við hönnun, framkvæmd, skráningu og skýrslugjöf. Í slíkum tilvikum ætti að taka tillit til ICH-viðmiðunarreglnanna um góðar, klínískar starfsvenjur við beitingu reglnanna sem settar eru fram í þessari reglugerð að því tilskildu að framkvæmdastjórnin hafi ekki gefið út neinar aðrar sérstakar leiðbeiningar og að viðmiðunarreglurnar séu í samræmi við þessa reglugerð.

44) Bakhjarlinn ætti að vakta með fullnægjandi hætti framkvæmd klínísku prófunarinnar til að tryggja áreiðanleika og traustleika niðurstaðnanna. Vöktunin getur einnig stuðlað að öryggi þátttakenda með tilliti til eiginleika klínísku prófunarinnar og virðingar fyrir grundvallarréttindum þátttakenda. Þegar ákvarðað er hversu víðtæk vöktunin á að vera ætti að taka tillit til eiginleika klínísku prófunarinnar.

45) Einstaklingarnir sem taka þátt í framkvæmd klínískrar prófunar, einkum rannsakendur og aðrir faglærðir heilbrigðisstarfsmenn, ættu að hafa fullnægjandi menntun og hæfi til að framkvæma verkefnin og aðstaða þar sem klínísk prófun á að fara fram ætti að vera við hæfi.

46) Til að tryggja öryggi þátttakanda og áreiðanleika og traustleika gagnanna úr klínísku prófununum þykir rétt að kveða á um fyrirkomulag fyrir rekjanleika, geymslu, endursendingu og eyðingu rannsóknarlyfja, háð eðli klínísku rannsóknarinnar. Af sömu ástæðu ætti einnig að vera fyrirkomulag fyrir aukalyf án markaðsleyfis.

47) Meðan á klínískri prófun stendur getur bakhjarl orðið var við alvarlegt brot á reglum um framkvæmd klínísku prófunarinnar. Tilkynna ætti hlutaðeigandi aðildarríki um slíkt til að aðildarríkin geti gripið til aðgerða ef nauðsyn krefur.

48) Auk tilkynningarinnar um óvæntar, alvarlegar aukaverkanir sem grunur er um geta verið aðrir atburðir sem skipta máli vegna sambands milli ávinnings og áhættu og sem ætti að tilkynna hlutaðeigandi aðildarríkjum tímanlega. Það er mikilvægt vegna öryggis þátttakanda að allir óvæntir atburðir, til viðbótar við alvarleg meintilvik og aukaverkanir, sem gætu haft veigamikil áhrif á matið á sambandinu milli ávinnings og áhættu af lyfinu eða sem myndu leiða til breytinga á lyfjagjöf eða á heildarframkvæmd klínískrar prófunar, séu tilkynntir hlutaðeigandi aðildarríkjum. Dæmi um slíka óvænta atburði geta verið aukin tíðni væntra, alvarlegra aukaverkana sem geta verið mikilvægar í klínísku tilliti, umtalsverð hætta fyrir sjúklingaþýðið, s.s. ófullnægjandi verkun lyfs, eða mikilvægar niðurstöður varðandi öryggi úr nýlokinni dýrarannsókn (t.d. um krabbameinsvaldandi áhrif).

49) Ef mikilvægra breytinga er krafist á klínísku prófuninni vegna óvæntu atburðanna ætti bakhjarlinum og rannsakandanum að vera gert kleift að gera mikilvægar öryggisráðstafanir án þess að þurfa að bíða eftir fyrirfram veittu leyfi. Ef slíkar ráðstafanir valda tímabundinni stöðvun klínísku prófunarinnar ætti bakhjarlinn að sækja um verulega breytingu áður en klíníska prófunin hefst aftur.

50) Til að tryggja að framkvæmd klínísku prófunarinnar sé í samræmi við rannsóknaráætlunina og til að rannsakendur séu upplýstir um rannsóknarlyfin sem þeir gefa ætti bakhjarlinn að útvega þeim upplýsingarit rannsakanda.

51) Upplýsingarnar sem fást úr klínísku prófuninni ætti að skrásetja, meðhöndla og geyma á fullnægjandi hátt í þeim tilgangi að tryggja réttindi og öryggi þátttakenda, traustleika og áreiðanleika gagnanna sem fást úr klínísku rannsókninni, nákvæma skýrslugjöf og túlkun, skilvirka vöktun bakhjarlsins og skilvirka eftirlitsúttekt aðildarríkjanna.

52) Til að hægt sé að sýna fram á að farið sé að rannsóknaráætluninni og ákvæðum þessarar reglugerðar ættu bakhjarlinn og rannsakandinn að halda grunnskjal fyrir klíníska prófun sem inniheldur viðeigandi gögn sem gera kleift að framkvæma skilvirka eftirlitsúttekt (vöktun bakhjarlsins og eftirlitsúttekt aðildarríkjanna). Geyma ætti grunnskjalið fyrir klínísku rannsóknina á viðeigandi hátt til að gefa færi á eftirliti eftir að klínísku prófuninni er lokið.

53) Ef upp koma vandamál að því er varðar aðgengi að aukalyfjum með markaðsleyfi er heimilt að nota aukalyf án markaðsleyfis í klínískum prófunum í rökstuddum tilvikum. Verð á aukalyfjum með markaðsleyfi ætti ekki að teljast hafa áhrif á aðgengi að slíkum lyfjum.

54) Lyf sem ætluð eru í prófanir fyrir rannsóknir og þróunarstarfsemi falla utan gildissviðs tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB ([5]). Meðal slíkra lyfja eru lyf sem notuð eru í tengslum við klíníska prófanir. Sértækar reglur ættu að ná yfir þau að teknu tilliti til sérkenna þeirra. Þegar þessar reglur eru settar ætti að gera greinarmun á rannsóknarlyfjum (prófaða lyfinu og samanburðarlyfjum þess, þ.m.t. lyfleysur) og aukalyfjum (lyf sem notuð eru í tengslum við klíníska prófanir en ekki sem rannsóknarlyf), s.s. lyf sem notuð eru í bakgrunnsmeðferð, áreitislyf (e. *challenge agents*), viðbragðslyf (e. *rescue medication*) eða til að meta endapunkta í klínískri prófun. Aukalyf ættu ekki að ná yfir lyf sem eru notuð samhliða, þ.e. lyf sem tengjast ekki klínísku prófuninni og varða ekki hönnun klínísku prófunarinnar.

55) Til að tryggja öryggi þátttakenda og áreiðanleika og traustleika gagnanna sem fást úr klínískri prófun og til að hægt sé að dreifa rannsóknarlyfjum og aukalyfjum til klínískra rannsóknarsetra í öllu Sambandinu ætti að setja reglur um framleiðslu og innflutning á bæði rannsóknarlyfjum og aukalyfjum. Eins og þegar er raunin í tilskipun 2001/20/EB ættu þessar reglur að endurspegla gildandi reglur um góða framleiðsluhætti fyrir lyf sem falla undir tilskipun 2001/83/EB. Í sumum tilgreindum tilvikum ætti að vera mögulegt að leyfa frávik frá þessum reglum til að auðvelda framkvæmd klínískrar prófunar. Því ættu gildandi reglur að leyfa nokkurn sveigjanleika að því tilskildu að það stefni ekki öryggi þátttakenda, ásamt áreiðanleika og traustleika gagnanna sem fást úr klínísku prófuninni, í hættu.

56) Krafan um að hafa heimild til framleiðslu eða innflutnings á rannsóknarlyfjum ætti ekki að gilda um efnablöndur geislavirkra rannsóknarlyfja úr geislageit, samstæðum (e. *kits*) eða forefni geislavirkra kjarnategunda í samræmi við notkunarleiðbeiningar framleiðandans á sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum eða læknastofum sem taka þátt í sömu klínísku prófuninni í sama aðildarríkinu.

57) Rannsóknarlyf og aukalyf ættu að vera merkt með viðeigandi hætti til að tryggja öryggi þátttakenda og áreiðanleika og traustleika gagnanna sem fást úr klínísku prófununum og til að hægt sé að dreifa þessum lyfjum til klínískra rannsóknarsetra í öllu Sambandinu. Laga ætti merkingarreglurnar að áhættu vegna öryggis þátttakenda og að áreiðanleika og traustleika gagnanna sem fást úr klínísku prófununum. Ef rannsóknarlyfin eða aukalyfin hafa þegar verið sett á markað sem lyf með markaðsleyfi, í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 ([6]), ætti almenna reglan vera sú að ekki er þörf á frekari merkingum vegna klínískra prófana sem fela ekki í sér blindun merkimiða. Að auki eru sértæk lyf, s.s. geislavirk lyf sem notuð eru sem rannsóknarlyf til greiningar, sem almennu reglurnar eiga ekki við um vegna hinna nákvæmlega stýrðu aðstæðna við notkun geislavirkra lyfja í klínískum rannsóknum.

58) Til að tryggja skýra ábyrgð var hugtakið „bakhjarl“ klínískrar prófunar, í samræmi við alþjóðlegar viðmiðunarreglur, sett fram í tilskipun 2001/20/EB. Þetta hugtak ætti að staðfesta.

59) Í raun getur verið að rannsakendur eða rannsóknastofnanir innan lauslegra, óformlegra tengslaneta framkvæmi klínískar rannsóknir sameiginlega. Þessi tengslanet ættu að geta verið sameiginlegir bakhjarlar klínískrar prófunar.

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum (Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67).

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB nr. 726/2004 frá 31. mars 2004 um málsmeðferð Bandalagsins við veitingu leyfa fyrir manna- og dýralyfjum og eftirlit með þeim lyfjum og um stofnun Lyfjastofnunar Evrópu (Stjtíð. ESB L 136, 30.4.2004, bls. 1).

Til að veikja ekki hugtakið um ábyrgð í klínískri prófun ættu allir bakhjarlar í klínískri prófun, sem hefur marga bakhjarla, að falla undir skuldbindingar bakhjarls samkvæmt þessari reglugerð. Sameiginlegir bakhjarlar ættu þó að geta skipt upp skuldbindingum bakhjarlsins með samningsbundnu samkomulagi.

60) Til að tryggja að aðildarríkin geti gripið til aðgerða til framfylgdar og í viðeigandi tilvikum höfðað mál þykir rétt að kveða á um að bakhjarlar, sem ekki eru með staðfestu í Sambandinu, hafi lagalegan fyrirsvarsmann í Sambandinu. Í ljósi ólíkra nálgana aðildarríkjanna að því er varðar einkaréttar- og refsiábyrgð þykir þó rétt að láta hverju hlutaðeigandi aðildarríki eftir að ákveða hvort það óski eftir slíkum lagalegum fyrirsvarsmanni, að því er varðar yfirráðasvæði þess, að því tilskildu að a.m.k. tengiliður sé með staðfestu í Sambandinu.

61) Ef þátttakandinn verður fyrir skaða meðan á klínískri prófun stendur og lætur reyna á einkaréttar- eða refsiábyrgð rannsakandans eða bakhjarlsins ættu skilyrði fyrir bótaábyrgð í slíkum tilvikum, þ.m.t. álitaefni varðandi orsakatengsl og umfang skaðabóta og viðurlög, að falla undir gildissvið landslaga.

62) Í klínískum prófunum ætti að tryggja bætur vegna tjóns ef viðurkennd krafa er gerð í samræmi við gildandi lög. Aðildarríki ættu því að tryggja að kerfi fyrir bætur vegna skaða sem þátttakandi verður fyrir séu til staðar og séu í samræmi við eðli og umfang áhættunnar.

63) Hlutaðeigandi aðildarríki ætti að hafa heimild til að afturkalla leyfi fyrir klínískri prófun, stöðva tímabundið klíníska prófun eða krefjast þess að bakhjarlinn breyti klínískri prófun.

64) Til að tryggja að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar ættu aðildarríkin að geta gert eftirlitsúttektir og ættu að hafa fullnægjandi viðbúnað til eftirlitsúttekta.

65) Framkvæmdastjórnin ætti að geta haft eftirlit með því hvort aðildarríki fylgist rétt með því að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar. Að auki ætti framkvæmdastjórnin að geta haft eftirlit með því hvort reglukerfi þriðju landa tryggja að farið sé að sértækum ákvæðum þessarar reglugerðar og tilskipunar 2001/83/EB varðandi klínískar prófanir sem framkvæmdar eru í þriðju löndum.

66) Til að hagræða og greiða fyrir upplýsingaflæði milli bakhjarla og aðildarríkja, og einnig milli aðildarríkjanna innbyrðis, ætti Lyfjastofnunin að koma á fót og viðhalda ESB-gagnagrunni með aðgengi um ESB-gátt í samstarfi við aðildarríkin og framkvæmdastjórnina.

67) Til að tryggja nægilegt gagnsæi í klínísku prófununum ætti ESB-gagnagrunnurinn að innihalda allar viðkomandi upplýsingar, að því er varðar klínísku prófunina, sem lagðar voru fram um ESB-gáttina. ESB-gagnagrunnurinn ætti að vera aðgengilegur almenningi og gögn ættu að vera lögð fram í formi sem auðvelt er að leita í þannig að skyld gögn og skjöl séu tengd saman með ESB-prófunarnúmeri og tenglum sem tengja t.d. saman samantektina, samantekt leikmannsins, rannsóknaráætlunina og skýrsluna um klínísku rannsóknina ásamt því að tengja við gögn úr öðrum klínískum prófunum þar sem notuð eru sömu rannsóknarlyf. Allar klínískar prófanir ætti að skrá í ESB-gagnagrunninn áður þær hefjast. Almennt ætti einnig að birta upphafs- og lokadagsetningar fyrir nýskráningu þátttakenda í ESB-gagnagrunninum. Ekki ætti að skrá persónuupplýsingar skráðra aðila sem taka þátt í klínískri prófun í ESB-gagnagrunninn. Upplýsingarnar í ESB-gagnagrunninum ættu að vera öllum aðgengilegar nema þörf sé á því af sérstökum ástæðum að einhverjar upplýsingar séu ekki birtar til að vernda rétt einstaklingsins til einkalífs og réttinn til verndar persónuupplýsingum, eins og viðurkennt er í 7. og 8. gr. sáttmálans. Upplýsingar sem geymdar eru í ESB-gagnagrunninum og eru öllum aðgengilegar ættu að stuðla að verndun lýðheilsu og styðja nýsköpunarhæfni í evrópskum rannsóknum í lækningum og jafnframt viðurkenna lögmæta efnahagslega hagsmuni bakhjarla.

68) Að því er varðar þessa reglugerð teljast gögn í skýrslu um klíníska rannsókn almennt ekki háð viðskiptaleynd þegar markaðsleyfi hefur verið veitt, málsmeðferð við veitingu markaðsleyfis hefur verið lokið eða umsókn um markaðsleyfi

hefur verið dregin til baka. Að auki ættu helstu eiginleikar klínískrar prófunar, niðurstaðan í I. hluta matsskýrslunnar vegna veitingar leyfis fyrir klínískri prófun, ákvörðunin um veitingu leyfis fyrir klínískri prófun, veruleg breyting á klínískri prófun og niðurstöður úr klínískri prófun, þ.m.t. ástæður fyrir tímabundinni stöðvun og slitum fyrir lok klínísku prófunarinnar, almennt ekki að teljast trúnaðarmál.

69) Það geta verið margir aðilar innan aðildarríkis sem taka þátt í að veita leyfi fyrir klínískri prófun. Til að gefa færi á árangursríkri og skilvirkri samvinnu aðildarríkja ætti hvert aðildarríki að tilnefna einn tengilið.

70) Málsmeðferðin við leyfisveitingu sem sett er fram í þessari reglugerð er að mestu undir stjórn aðildarríkjanna. Framkvæmdastjórnin og Lyfjastofnunin ættu engu að síður að styðja góða framkvæmd málsmeðferðarinnar, í samræmi við þessa reglugerð.

71) Til að aðildarríkin geti sinnt starfseminni sem kveðið er á um í þessari reglugerð ætti þeim að vera heimilt að innheimta gjöld. Aðildarríki ættu þó ekki að fara fram á margar greiðslur til mismunandi aðila sem taka þátt í matinu á umsókninni um leyfi fyrir klínískri prófun í tilteknu aðildarríki.

72) Til að tryggja samræmd skilyrði við framkvæmd þessarar reglugerðar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald varðandi setningu reglna og breytinga á þeim að því er varðar samvinnu milli aðildarríkja við mat á upplýsingunum sem bakhjarlinn veitir um Eudravigilance-gagnagrunninn og forskriftina fyrir ítarlegu fyrirkomulagi varðandi tilhögun við eftirlitsúttekt. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ([7]).

73) Til að bæta við tiltekna veigalitla þætti þessarar reglugerðar, eða breyta þeim, ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar: breytingar á I., II., IV. og V. viðauka við þessa reglugerð til að laga þá að tækniframförum eða til að taka til greina alþjóðlega þróun á sviði reglusetningar vegna klínískra prófana sem Sambandið eða aðildarríkin eiga þátt í; breytingar á III. viðauka til að bæta upplýsingarnar um öryggi lyfja, til að laga tæknilegar kröfur að tækniframförum eða til að taka til greina alþjóðlega þróun á sviði reglusetningar vegna öryggiskrafna í klínískum prófunum sem er studd af stofnunum sem Sambandið eða aðildarríkin eiga hlut að; skilgreininguna á meginreglum og viðmiðunarreglum um góða framleiðsluhætti og ítarlegt fyrirkomulag eftirlitsúttektar til að tryggja gæði rannsóknarlyfja; breytingar á VI. viðauka til að tryggja öryggi þátttakenda og áreiðanleika og traustleika gagnanna sem fást úr klínískri prófun eða til að taka til greina tækniframfarir. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu framseldra gerða ætti framkvæmdastjórnin að tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.

74) Í tilskipun 2001/83/EB er kveðið á um að tilskipunin hafi ekki áhrif á beitingu innlendrar löggjafar sem bannar eða takmarkar sölu, afhendingu eða notkun lyfja til að framkalla fósturlát. Í tilskipun 2001/83/EB er kveðið á um að tilskipunin eða þær reglugerðir sem þar er getið um hafi almennt ekki áhrif á innlenda löggjöf sem bannar eða takmarkar notkun einhverrar tiltekinnar tegundar manna- eða dýrafruma. Á sama hátt ætti þessi reglugerð ekki að hafa áhrif á landslög sem banna eða takmarka notkun einhverrar tiltekinnar tegundar manna- eða dýrafruma eða sölu, afhendingu eða notkun lyfja til að framkalla fósturlát. Að auki ætti þessi reglugerð ekki að hafa áhrif á landslög sem banna eða takmarka sölu, afhendingu eða notkun lyfja sem innihalda ávana- og fíkniefni í skilningi viðkomandi gildandi alþjóðasamninga, s.s. alþjóðasamnings Sameinuðu þjóðanna frá 1961 um ávana- og fíkniefni. Aðildarríkin ættu að tilkynna um slík innlend ákvæði til framkvæmdastjórnarinnar.

75) Í tilskipun 2001/20/EB er kveðið á um að óheimilt er að gera genameðferðarprófanir sem leiða til breytinga á erfðaauðkennum kímlínu þátttakandans. Rétt þykir að halda því ákvæði.

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

76) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB ([8]) gildir um vinnslu persónuupplýsinga í aðildarríkjunum innan ramma þessarar reglugerðar, undir eftirliti lögbærra yfirvalda í aðildarríkinu, einkum opinberra óháðra yfirvalda sem aðildarríkin hafa tilnefnt, og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 ([9]) gildir um vinnslu framkvæmdastjórnarinnar og Lyfjastofnunarinnar á persónuupplýsingum innan ramma þessarar reglugerðar, undir eftirliti Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar. Þessir gerningar styrkja rétt til verndar persónuupplýsinga og ná yfir réttinn til aðgangs, leiðréttingar og afturköllunar ásamt því að tilgreina við hvaða aðstæður takmörkun þessara réttinda gæti átt sér stað. Með það fyrir augum að virða þessi réttindi og vernda um leið áreiðanleika og traustleika gagnanna úr klínískum prófunum, sem eru notuð í vísindaskyni, og öryggi þátttakenda sem taka þátt í klínískum prófunum þykir rétt að kveða á um að afturköllun upplýsts samþykkis ætti ekki að hafa áhrif á niðurstöður starfsemi sem þegar hefur farið fram, s.s. geymslu og notkun gagna sem fást á grundvelli upplýsts samþykkis áður en það var afturkallað, með fyrirvara um tilskipun 95/46/EB.

77) Þátttakendur ættu ekki að þurfa að borga fyrir rannsóknarlyf, aukalyf, lækningatæki sem notuð eru við inngjöf þeirra og aðgerðir, sem sérstaklega er kveðið á um í rannsóknaráætluninni, nema kveðið sé á um annað í löggjöf hlutaðeigandi aðildarríkis.

78) Málsmeðferðin við leyfisveitingu sem sett er fram í þessari reglugerð ætti að taka gildi eins fljótt og hægt er til að bakhjarlar geti nýtt sér ávinninginn af einfaldari málsmeðferð. Í ljósi þess hve víðtæk virkni upplýsingatækni er mikilvæg vegna málsmeðferðarinnar við leyfisveitingu þykir þó rétt að kveða á um að þessi reglugerð ætti aðeins að koma til framkvæmda þegar staðfest er að ESB-gáttin og ESB-gagnagrunnurinn séu fullkomlega starfhæf.

79) Fella ætti tilskipun 2001/20/EB úr gildi til að tryggja að aðeins einn bálkur reglna gildi um framkvæmd klíniskra prófana í Sambandinu. Til að auðvelda umbreytinguna yfir í reglurnar sem settar eru fram í þessari reglugerð ættu bakhjarlar að fá að hefja og framkvæma klíníska prófun í samræmi við tilskipun 2001/20/EB á umbreytingartímabilinu.

80) Þessi reglugerð er í samræmi við helstu alþjóðlegu leiðbeiningarskjöl um klínískar prófanir, s.s. Helsinkiyfirlýsingu Alþjóðasamtaka lækna, útgáfuna frá 2008, og góðar, klínískar starfsvenjur sem upprunnar eru í Helsinkiyfirlýsingunni.

81) Reynslan sýnir einnig, að því er varðar tilskipun 2001/20/EB, að stór hluti klíniskra prófana er framkvæmdur af bakhjörlum án viðskiptahagsmuna. Bakhjarlar án viðskiptahagsmuna eru oft háðir fjármögnun sem er að hluta til eða öllu leyti úr opinberum framlögum eða frá góðgerðastofnunum. Til að hámarka hið mikilvæga framlag slíkra bakhjarla án viðskiptahagsmuna og til að örva enn frekar rannsóknir þeirra en án þess að draga úr gæðum klínísku prófananna ættu aðildarríki að gera ráðstafanir til að hvetja þessa bakhjarla til að framkvæma klínískar prófanir.

82) Þessi reglugerð byggir á hinum tvöfalda lagagrundvelli 114. gr. og c-liðar 4. mgr. 168. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Með henni er stefnt að því að skapa innri markað að því er varðar klínískar prófanir og mannalyf þar sem tekið er mið af öflugri heilsuvernd. Í þessari reglugerð eru um leið settar fram strangar kröfur um gæði og öryggi lyfja til að takast á við sameiginleg viðfangsefni á sviði öryggismála að því er varðar þessi lyf. Báðum markmiðum verður framfylgt samtímis. Þessi tvö markmið eru óaðskiljanlega tengd og annað er ekki síðra en hitt. Að því er varðar 114. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins samræmir þessi reglugerð reglurnar um framkvæmd klíniskra prófana í Sambandinu og tryggir þannig starfsemi innri markaðarins í ljósi framkvæmdar klínískrar prófunar í nokkrum aðildarríkjum, viðurkenningu í öllu Sambandinu á gögnum sem fást úr klínískri prófun og eru lögð fram í umsókninni um leyfi fyrir klínískri prófun eða um setningu lyfja á markað og frjálsan flutning lyfja sem notuð eru í tengslum við klínískar prófanir. Að því er varðar c-lið 4. mgr. 168. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins eru í þessari reglugerð settar fram strangar kröfur um gæði og öryggi lyfja með því að tryggja að gögn sem fást úr klínískum prófunum séu áreiðanleg og traust og tryggja þannig að meðferð og lyf sem ætluð eru til að bæta meðferð sjúklinga séu byggð á áreiðanlegum og traustum gögnum. Að auki er í þessari reglugerð settar fram strangar kröfur um gæði og öryggi lyfja sem notuð eru í tengslum við klínískar prófanir og þannig er öryggi þátttakenda í klínískri prófun tryggt.

([8]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

83) Með reglugerð þessari eru grundvallarréttindi virt og meginreglum fylgt, einkum þeim sem eru viðurkenndar í sáttmálanum, nánar tiltekið mannleg reisn, friðhelgi einstaklingsins, réttindi barna, friðhelgi einkalífs og fjölskyldu, vernd persónuupplýsinga og frelsi í listum og vísindum. Aðildarríkin ættu að beita ákvæðum þessarar reglugerðar með hliðsjón af þessum réttindum og meginreglum.

84) Evrópska persónuverndarstofnunin skilaði áliti ([10]) skv. 2. mgr. 28. gr. reglugerðar (EB) nr. 45/2001.

85) Þar eð aðildarríkin geta ekki náð markmiði þessarar reglugerðar nægilega vel, þ.e. að tryggja að gögn úr klínískum prófunum séu áreiðanleg og traust um leið og tryggt er að réttindi, öryggi, virðing og velsæld þátttakenda séu virt í öllu Sambandinu og þar eð þessum markmiðum verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs þeirra, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og fram kemur í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessu markmiði.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Gildissvið

Þessi reglugerð gildir um allar klínískar prófanir sem eru framkvæmdar innan Sambandsins.

Hún gildir ekki um rannsóknir án inngrips.

2. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessari reglugerð gilda skilgreiningarnar á „lyf“, „geislavirkt lyf“, „aukaverkun“, „alvarleg aukaverkun“, „innri umbúðir“ og „ytri umbúðir“, eins og þær eru settar fram í 2., 6., 11., 12., 23. og 24. lið, eftir því sem við á, í 1. gr. tilskipunar 2001/83/EB.

2. Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „Klínísk rannsókn“: allar rannsóknir í tengslum við menn sem eru gerðar í þeim tilgangi að:

   a) leiða í ljós eða sannprófa klínísk, lyfjafræðileg eða önnur lyfhrifafræðileg áhrif eins eða fleiri lyfja,

   b) sanngreina sérhverjar aukaverkanir eins eða fleiri lyfja, eða

   c) rannsaka upptöku, dreifingu, umbrot og útskilnað eins eða fleiri lyfja,

   með það að markmiði að tryggja öryggi og/eða verkun lyfjanna.

2) „Klínísk prófun“: klínísk rannsókn sem uppfyllir eitthvað af eftirfarandi skilyrðum:

   a) aðferðin við meðferð þátttakandans ákvarðast fyrirfram og fellur ekki undir venjulegar klínískar starfsvenjur í hlutaðeigandi aðildarríki,

   b) ákvörðunin um að ávísa rannsóknarlyfinu er tekin samtímis þeirri ákvörðun að þátttakandinn skuli vera hluti af klínísku rannsókninni, eða

   c) greiningar- eða vöktunaraðferðir, sem eru umfram venjulegar klínískar starfsvenjur, eru notaðar á þátttakendurna.

([10]) Stjtíð. ESB C 253, 3.9.2013, bls. 10.

3) „Klínísk prófun með litlu inngripi“: klínísk prófun sem uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði:

   a) rannsóknarlyfin, að undanskildum lyfleysunum, eru með markaðsleyfi,

   b) samkvæmt rannsóknaráætlun klínísku prófunarinnar

      i. eru rannsóknarlyfin notuð í samræmi við skilmála markaðsleyfisins, eða

      ii. er notkun rannsóknarlyfsins gagnreynd og studd útgefnum rannsóknaniðurstöðum um öryggi og verkun þessara rannsóknarlyfja í hlutaðeigandi aðildarríki, og

   c) greiningar- eða vöktunaraðferðirnar sem eru umfram leggja ekki meira en lágmarksáhættu eða -álag á öryggi þátttakenda í samanburði við venjulegar klínískar starfsvenjur í hlutaðeigandi aðildarríki.

4) „Rannsókn án inngrips“: klínísk rannsókn önnur en klínísk prófun.

5) „Rannsóknarlyf“: lyf sem verið er að prófa eða er notað til samanburðar, þ.m.t. sem lyfleysa, í klínískri prófun.

6) „Venjulegar klínískar starfsvenjur“: það fyrirkomulag meðferðar sem er að jafnaði fylgt til að meðhöndla, koma í veg fyrir eða greina sjúkdóma eða röskun.

7) „Rannsóknarlyf fyrir hátæknimeðferð“: rannsóknarlyf sem er hátæknimeðferðarlyf eins og það er skilgreint í a-lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1394/2007 ([11]).

8) „Aukalyf“: lyf sem er notað í klínískri prófun eins og lýst er í rannsóknaráætluninni en er ekki rannsóknarlyf.

9) „Rannsóknarlyf með markaðsleyfi“: lyf sem hlotið hefur markaðsleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 726/2004 eða í hlutaðeigandi aðildarríki í samræmi við tilskipun 2001/83/EB, þrátt fyrir breytingar á merkingu lyfsins, sem er notað sem rannsóknarlyf.

10) „Aukalyf með markaðsleyfi“: lyf sem hlotið hefur markaðsleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 726/2004 eða í hlutaðeigandi aðildarríki í samræmi við tilskipun 2001/83/EB, þrátt fyrir breytingar á merkingu lyfsins, sem er notað sem aukalyf.

11) „Siðanefnd“: óháð nefnd sem komið hefur verið á fót í aðildarríki í samræmi við lög viðkomandi aðildarríkis og hefur umboð til að veita álit að því er varðar þessa reglugerð, með tilliti til álits leikmanna, einkum sjúklinga eða samtaka sjúklinga.

12) „Hlutaðeigandi aðildarríki“: aðildarríki þar sem umsókn um leyfi fyrir klínískri prófun eða verulegri breytingu hefur verið lögð fram samkvæmt II. eða III. kafla þessarar reglugerðar, eftir því sem við á.

13) „Veruleg breyting“: sérhver breyting á sérhverju atriði klínísku prófunarinnar sem gerð er eftir tilkynningu um ákvörðun, eins og um getur í 8., 14., 19., 20. eða 23. gr., og líkleg er til að hafa veruleg áhrif á öryggi eða réttindi þátttakendanna eða á áreiðanleika og traustleika gagnanna sem fást úr klínísku prófuninni.

14) „Bakhjarl“: einstaklingur, félag, stofnun eða samtök sem taka ábyrgð á tilurð og stjórnun klínísku prófunarinnar og á fjármögnuninni.

([11]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1394/2007 frá 13. nóvember 2007 um hátæknimeðferðarlyf og breytingu á tilskipun 2001/83/EB og reglugerð (EB) nr. 726/2004 (Stjtíð. ESB L 324, 10.12.2007, bls. 121).

15) „Rannsakandi“: einstaklingur sem ber ábyrgð á framkvæmd klínískrar prófunar á klínísku rannsóknarsetri.

16) „Yfirrannsakandi“: rannsakandi sem er ábyrgur yfirmaður hóps rannsakenda sem framkvæmir klínískar prófanir á klínísku rannsóknarsetri.

17) „Þátttakandi“: einstaklingur sem tekur þátt í klínískri prófun, annað hvort sem viðtakandi rannsóknarlyfs eða til samanburðar.

18) „Ólögráða barn“: þátttakandi sem samkvæmt lögum í hlutaðeigandi aðildarríki skortir lögræði fyrir æsku sakir til að veita upplýst samþykki.

19) „Þátttakandi sem skortir gerhæfi“: þátttakandi sem, vegna skorts á lögræði af öðrum sökum en fyrir æsku sakir, er ófær um að veita upplýst samþykki samkvæmt lögum í hlutaðeigandi aðildarríki.

20) „Skipaður lögráðamaður“: einstaklingur eða lögaðili, yfirvald eða stofnun sem samkvæmt lögum hlutaðeigandi aðildarríkis hefur heimild til að veita upplýst samþykki fyrir hönd þátttakanda sem skortir gerhæfi eða ólögráða barns.

21) „Upplýst samþykki“: yfirlýsing sem þátttakandi gefur af fúsum og frjálsum vilja um að hann vilji taka þátt í tiltekinni klínískri prófun eftir að hafa verið upplýstur um öll atriði klínísku prófunarinnar sem skipta máli varðandi ákvörðun þátttakandans um að taka þátt eða, ef um er að ræða ólögráða börn og þátttakendur sem skortir gerhæfi, leyfi eða samþykki fyrir að þau séu með í klínísku prófuninni frá skipuðum lögráðamanni þeirra.

22) „Rannsóknaráætlun“: skjal þar sem lýst er markmiðum, hönnun, aðferðafræði, tölfræðilegum atriðum og skipulagi klínískrar prófunar. Hugtakið „rannsóknaráætlun“ nær yfir síðari útgáfur rannsóknaráætlunarinnar og breytingar á henni.

23) „Upplýsingarit rannsakanda“: samantekt á klínískum og óklínískum gögnum um rannsóknarlyfið eða rannsóknarlyfin sem skipta máli fyrir rannsókn á virkni lyfsins eða lyfjanna í mönnum.

24) „Framleiðsla“: framleiðsla í heild eða að hluta ásamt ýmsum ferlum við skiptingu, pökkun og merkingu (þ.m.t. blindun).

25) „Upphaf klínískrar prófunar“: fyrsti þáttur í nýskráningu væntanlegs þátttakanda fyrir sértæka klíníska prófun nema annað sé skilgreint í rannsóknaráætluninni.

26) „Lok klínískrar prófunar“: síðasta heimsókn síðasta þátttakanda, eða síðar, eins og skilgreint er í rannsóknaráætluninni.

27) „Slit fyrir lok klínískrar prófunar“: ótímabær lok klínískrar prófunar af einhverjum orsökum áður en skilyrðin sem tilgreind eru í rannsóknaráætluninni eru uppfyllt.

28) „Tímabundin stöðvun klínískrar prófunar“: bakhjarlinn gerir hlé, sem ekki er kveðið á um í rannsóknaráætluninni, á framkvæmd klínísku prófunarinnar með það í huga að hefja hana aftur síðar.

29) „Frestun klínískrar prófunar“: aðildarríki gerir hlé á framkvæmd klínískrar prófunar.

30) „Góðar, klínískar starfsvenjur“: safn ítarlegra siðareglna og vísindalegra gæðakrafna fyrir hönnun, framkvæmd, vöktun, úttekt, skráningu, greiningu og skýrslugjöf að því er varðar klínískar prófanir sem tryggja að réttindi, öryggi og velsæld þátttakenda séu vernduð og að gögnin sem fást í klínísku prófuninni séu áreiðanleg og traust.

31) „Eftirlitsúttekt“: sú aðgerð lögbærs yfirvalds að láta fara fram opinbera endurskoðun á skjölum, aðstöðu, skrám, fyrirkomulagi gæðatrygginga og öllum öðrum tilföngum sem lögbæra yfirvaldið telur að tengist klínísku prófuninni og sem kunna að vera staðsett á rannsóknarsetrinu, í starfsstöðvum bakhjarlsins og/eða samningsbundinnar rannsóknarstofnunar eða á öðrum stöðum sem lögbæra yfirvaldið telur að þurfi að gera eftirlitsúttekt á.

32) „Meintilvik“: sérhver óæskilegur læknisfræðilegur atburður hjá þátttakanda sem er gefið lyf og sem er ekki endilega í orsakatengslum við þá meðferð.

33) „Alvarlegt meintilvik“: óæskilegur læknisfræðilegur atburður sem, án tillits til lyfjaskammts, getur leitt til innlagnar á legudeild sjúkrahúss eða lengt sjúkrahúsvist, leitt til viðvarandi eða alvarlegrar fötlunar eða vanhæfni, komið fram sem meðfætt frávik eða fæðingargalli, er lífshættulegur eða banvænn.

34) „Óvænt, alvarleg aukaverkun“: alvarleg aukaverkun þar sem eðli hennar, alvarleiki eða niðurstaða samræmist ekki því sem segir í tilvísunarupplýsingunum um öryggi.

35) „Skýrsla um klíníska rannsókn“: skýrsla um klínísku rannsóknina sem lögð er fram í formi sem auðvelt er að leita í og er útbúin í samræmi við einingu 5 í I. hluta I. viðauka við tilskipun 2001/83/EB og fylgir umsókn um markaðsleyfi.

3. Í þessari reglugerð skal þátttakandi, sem fellur bæði undir skilgreininguna á ólögráða barni og þátttakanda sem skortir gerhæfi, teljast þátttakandi sem skortir gerhæfi.

3. gr.

Almenn meginregla

Klíníska prófun má aðeins framkvæma ef:

a) réttindi, öryggi, virðing og velsæld þátttakenda eru tryggð og ganga framar öllum öðrum hagsmunum og

b) hún er hönnuð þannig að hún afli áreiðanlegra og traustra gagna.

II. KAFLI

MÁLSMEÐFERÐ VIÐ LEYFISVEITINGU FYRIR KLÍNÍSKRI PRÓFUN

4. gr.

Fyrirframveitt leyfi

Klínísk prófun skal vera með fyrirvara um vísindalega og siðferðilega endurskoðun og skal veitt leyfi fyrir henni í samræmi við þessa reglugerð.

Siðanefnd skal framkvæma siðferðilegu endurskoðunina í samræmi við lög hlutaðeigandi aðildarríkis. Endurskoðun siðanefndarinnar getur náð yfir atriðin sem fjallað er um í I. hluta matsskýrslunnar vegna veitingar leyfisins fyrir klínískri prófun, eins og um getur í 6. gr., og í II. hluta matsskýrslunnar, eins og um getur í 7. gr., eins og við á fyrir hvert hlutaðeigandi aðildarríki.

Aðildarríki skulu tryggja að tímamörkin og verklagsreglurnar við endurskoðun siðanefnda séu sambærilegar tímamörkunum og verklagsreglunum sem settar eru fram í þessari reglugerð vegna matsins á umsókninni um leyfi fyrir klínískri prófun.

5. gr.

Framlagning umsóknar

1. Til að fá leyfi skal bakhjarlinn leggja umsóknargögn fyrir hlutaðeigandi aðildarríki um gáttina sem um getur í 80. gr. (hér á eftir nefnd „ESB-gáttin“).

Bakhjarlinn skal stinga upp á einu af hlutaðeigandi aðildarríkjum sem aðildarríki sem gefur skýrslu.

Ef hlutaðeigandi aðildarríki, annað en það aðildarríki sem lagt var til að gæfi skýrsluna, vill vera aðildarríkið sem gefur skýrslu eða ef aðildarríkið, sem lagt var til, vill ekki vera aðildarríkið sem gefur skýrsluna skal það tilkynnt öllum hlutaðeigandi aðildarríkjum, um ESB-gáttina, eigi síðar en þremur dögum eftir að umsóknargögnin eru lögð fram.

Ef aðeins eitt hlutaðeigandi aðildarríki vill vera aðildarríkið sem gefur skýrslu eða ef klíníska prófunin nær aðeins yfir eitt aðildarríki þá skal það aðildarríki vera aðildarríkið sem gefur skýrslu.

Ef ekkert hlutaðeigandi aðildarríki vill vera aðildarríkið sem gefur skýrslu eða ef fleiri en eitt hlutaðeigandi aðildarríki vill vera aðildarríkið sem gefur skýrslu skal það ríki valið með samkomulagi hlutaðeigandi aðildarríkja með tilliti til tilmælanna sem um getur í c-lið 2. mgr. 85. gr.

Ef ekki næst samkomulag milli hlutaðeigandi aðildarríkja skal tillagða aðildarríkið vera aðildarríkið sem gefur skýrslu.

Aðildarríkið sem gefur skýrslu skal tilkynna bakhjarlinum og öðrum hlutaðeigandi aðildarríkjum, um ESB-gáttina, að það sé aðildarríkið sem gefur skýrslu, innan sex daga frá framlagningu umsóknargagnanna.

2. Bakhjarlinn skal, þegar sótt er um klíníska prófun með litlu inngripi þar sem rannsóknarlyfið er ekki notað í samræmi við skilmála markaðsleyfa en notkunin á lyfinu er gagnreynd og studd útgefnum rannsóknaniðurstöðum um öryggi og verkun þessa lyfs, stinga upp á einu af hlutaðeigandi aðildarríkjunum, þar sem notkunin er gagnreynd, sem aðildarríkinu sem gefur skýrsluna.

3. Innan tíu daga frá framlagningu umsóknargagnanna skal aðildarríkið sem gefur skýrslu staðfesta gildi umsóknar, að teknu tilliti til athugasemda sem önnur hlutaðeigandi aðildarríki hafa látið í ljós, og tilkynna bakhjarlinum eftirfarandi um ESB-gáttina:

a) hvort klíníska prófunin sem sótt er um falli undir gildissvið þessarar reglugerðar,

b) hvort umsóknargögn eru fullgerð í samræmi við I. viðauka.

Hlutaðeigandi aðildarríkjum er heimilt að senda aðildarríkinu sem gefur skýrslu athugasemdir varðandi staðfestingu á gildi umsóknarinnar innan sjö daga frá framlagningu umsóknargagnanna.

4. Ef aðildarríkið sem gefur skýrslu hefur ekki sent bakhjarlinum tilkynningu innan þess tímabils sem um getur í fyrstu undirgrein 3. mgr. skal klíníska prófunin, sem sótt var um, teljast falla undir gildissvið þessarar reglugerðar og umsóknargögnin skulu teljast fullnægjandi.

5. Ef aðildarríkið sem gefur skýrslu kemst að þeirri niðurstöðu, að teknu tilliti til athugasemdanna sem önnur hlutaðeigandi aðildarríki hafa látið í ljós, að umsóknargögnin teljist ekki fullgerð eða að klíníska prófunin sem sótt er um falli ekki undir gildissvið þessarar reglugerðar skal það upplýsa bakhjarlinn um það, um ESB-gáttina, og veita bakhjarlinum að hámarki 10 daga frest til að leggja fram athugasemdir varðandi umsóknina eða til að fullgera umsóknargögnin um ESB-gáttina.

Innan fimm daga frá viðtöku athugasemdanna eða fullgerðu umsóknargagnanna skal aðildarríkið sem gefur skýrslu tilkynna bakhjarlinum um hvort umsóknin uppfylli þær kröfur sem settar eru fram í a- og b-lið fyrstu undirgreinar 3. mgr.

Ef aðildarríkið sem gefur skýrslu hefur ekki sent bakhjarlinum tilkynningu innan þess tímabils sem um getur í annarri undirgrein skal klíníska prófunin, sem sótt var um, teljast falla undir gildissvið þessarar reglugerðar og umsóknargögnin skulu teljast fullgerð.

Ef bakhjarlinn hefur hvorki lagt fram athugasemdir né fullgert umsóknargögnin innan þess tímabils sem um getur í fyrstu undirgrein skal umsóknin teljast fallin úr gildi í öllum hlutaðeigandi aðildarríkjum.

6. Að því er varðar þennan kafla skal dagsetning tilkynningarinnar til bakhjarlsins, í samræmi við 3. eða 5. mgr., vera dagurinn þegar gildi umsóknarinnar er staðfest. Ef bakhjarlinn fær ekki tilkynningu skal dagurinn þegar gildi umsóknar er staðfest vera síðasti dagur innan þess tímabils sem við á og um getur í 3. og 5. mgr.

6. gr.

Matsskýrsla — atriði sem falla undir I. hluta

1. Aðildarríkið sem gefur skýrslu skal meta umsóknina með tilliti til eftirfarandi atriða:

a) hvort lítið inngrip fylgi klínísku prófuninni, ef bakhjarlinn heldur því fram,

b) að farið sé að ákvæðum V. kafla að því er varðar eftirfarandi:

i. væntanlegan meðferðarlegan ávinning og ávinning fyrir lýðheilsu að teknu tilliti til eftirfarandi:

— eiginleika rannsóknarlyfjanna og þekkingar á þeim,

— mikilvægis klínísku prófunarinnar, þ.m.t. hvort þátttakendahóparnir í klínísku prófuninni séu lýsandi fyrir það þýði sem skal meðhöndlað eða, ef ekki, útskýringa og rökstuðnings sem eru veitt í samræmi við y-lið 17. liðar í I. viðauka við þessa reglugerð; núverandi vísindaþekkingar; hvort stjórnvaldið sem ber ábyrgð á matinu og leyfinu fyrir setningu lyfja á markað hafi mælt með eða gefið fyrirmæli um klínísku prófunina og, eftir atvikum, sérhvers álits sem barnalyfjanefnd setur fram varðandi rannsóknaráætlun um notkun lyfs fyrir börn í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1901/2006 ([12]),

— áreiðanleika og traustleika gagnanna sem fást úr klínísku prófuninni, að teknu tilliti til tölfræðilegra nálgana, hönnunar klínísku prófunarinnar og aðferðarfræði, þ.m.t. úrtaksstærð og slembiröðun, samberi og endapunktar,

ii. áhættu og óþæginda fyrir þátttakandann, að teknu tilliti til alls eftirfarandi:

— eiginleika rannsóknar- og aukalyfjanna og þekkingar á þeim,

— eiginleika inngripsins í samanburði við venjulegar klínískar starfsvenjur,

— öryggisráðstafana, þ.m.t. ákvæði fyrir ráðstafanir til að lágmarka áhættu, vöktun, öryggistilkynningar og öryggisáætlunin,

— áhættunnar fyrir heilbrigði þátttakanda sem stafar af heilsufarsástandinu sem er ástæða þess að verið er að rannsaka rannsóknarlyfið,

c) að farið sé að kröfum varðandi framleiðslu og innflutning á rannsóknarlyfjum og aukalyfjum sem settar eru fram í IX. kafla,

d) að farið sé að kröfum um merkingar sem settar eru fram í X. kafla,

e) að upplýsingarit rannsakandans sé tæmandi og fullnægjandi.

2. Aðildarríkið sem gefur skýrslu skal semja matsskýrslu. I. hluti í matsskýrslunni skal samanstanda af atriðunum sem um getur í 1. mgr.

3. Matsskýrslan skal innihalda eina af eftirfarandi niðurstöðum varðandi atriðin sem fjallað er um í matsskýrslunni:

a) framkvæmd klínísku prófunarinnar er viðunandi í ljósi krafnanna sem settar eru fram í þessari reglugerð,

b) framkvæmd klínísku prófunarinnar er viðunandi í ljósi krafnanna sem settar eru fram í þessari reglugerð en með fyrirvara um samræmi við sérstök skilyrði sem skulu tilgreind sérstaklega í niðurstöðunni, eða

c) framkvæmd klínísku prófunarinnar er ekki viðunandi í ljósi krafnanna sem settar eru fram í þessari reglugerð.

4. Aðildarríkið sem gefur skýrslu skal leggja fram lokaútgáfu I. hluta matsskýrslunnar, þ.m.t. niðurstöðu sína, fyrir bakhjarlinn og önnur hlutaðeigandi aðildarríki innan 45 daga frá deginum þegar gildi umsóknar er staðfest, um ESB-gáttina.

([12]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1901/2006 frá 12. desember 2006 um lyf fyrir börn og um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1768/92, tilskipun 2001/20/EB, tilskipun 2001/83/EB og reglugerð (EB) nr. 726/2004 (Stjtíð. ESB L 387, 27.11.2006, bls. 1).

5. Ef fleiri en eitt aðildarríki taka þátt í klínískum prófunum skal matsferlið vera í þremur áföngum:

a) upphafsmatsáfanga sem aðildarríkið sem gefur skýrslu annast innan 26 daga frá deginum þegar gildi umsóknar er staðfest,

b) samræmdum endurskoðunaráfanga allra hlutaðeigandi aðildarríkja sem fer fram innan 12 daga frá því að upphafsmatsáfanga lýkur,

c) sameiningaráfanga sem aðildarríkið sem gefur skýrslu annast innan sjö daga frá því að samræmda endurskoðunaráfanganum lýkur.

Á meðan upphafsmatsáfangi stendur yfir skal aðildarríkið sem gefur skýrslu gera drög að I. hluta matsskýrslunnar og dreifa til allra annarra hlutaðeigandi aðildarríkja.

Á meðan samræmdi endurskoðunaráfanginn stendur yfir skulu öll hlutaðeigandi aðildarríki endurskoða í sameiningu umsóknina sem byggð er á drögunum að I. hluta matsskýrslunnar og skulu deila öllum athugasemdum varðandi umsóknina.

Á meðan sameiningaráfanginn stendur yfir skal aðildarríkið sem gefur skýrslu taka tilhlýðilegt tillit til athugasemda annarra hlutaðeigandi aðildarríkja í lokaútgáfu I. hluta matsskýrslunnar og skal skrá hvernig brugðist var við öllum slíkum athugasemdum. Aðildarríkið sem gefur skýrslu skal leggja lokaútgáfu I. hluta matsskýrslunnar fyrir bakhjarlinn og öll önnur hlutaðeigandi aðildarríki innan þess tímabils sem um getur í 4. mgr.

6. Að því er varðar þennan kafla skal dagsetningin þegar aðildarríkið sem gefur skýrslu leggur lokaútgáfu I. kafla matsskýrslunnar fyrir bakhjarlinn og önnur hlutaðeigandi aðildarríki vera dagsetning skýrslugjafarinnar (e. *reporting date*).

7. Aðildarríkið sem gefur skýrslu getur einnig framlengt tímabilið, sem um getur í 4. mgr., um 50 daga vegna klínískra prófana sem fela í sér rannsóknarlyf fyrir hátæknimeðferð eða lyf, eins og þau eru skilgreind í 1. lið viðaukans við reglugerð (EB) nr. 726/2004, í þeim tilgangi að hafa samráð við sérfræðinga. Í slíkum tilvikum skulu tímabilin sem um getur í 5. og 8. mgr. þessarar greinar gilda að breyttu breytanda.

8. Á milli dagsins þegar gildi umsóknar er staðfest og skýrslugjafardags getur eingöngu aðildarríkið sem gefur skýrslu óskað eftir viðbótarupplýsingum frá bakhjarlinum, með tilliti til athugasemdanna sem um getur í 5. mgr.

Aðildarríkinu sem gefur skýrslu er heimilt að framlengja tímabilið, sem um getur í 4. mgr., um 31 dag hið mesta í þeim tilgangi að nálgast og endurskoða þessar viðbótarupplýsingar frá bakhjarlinum í samræmi við þriðju og fjórðu undirgrein.

Bakhjarlinn skal leggja fram viðbótarupplýsingarnar sem óskað er eftir innan þess tímabils sem aðildarríkið sem gefur skýrslu ákveður, sem skal ekki vera lengra en 12 dagar frá viðtöku beiðninnar.

Við viðtöku viðbótarupplýsinganna skulu hlutaðeigandi aðildarríki endurskoða í sameiningu allar viðbótarupplýsingar sem bakhjarlinn leggur fram ásamt upprunalegu umsókninni og skulu deila öllum athugasemdum sem skipa máli vegna umsóknarinnar. Samræmda endurskoðunin skal framkvæmd innan 12 daga hið mesta frá viðtöku viðbótarupplýsinganna og frekari sameining skal framkvæmd innan sjö daga frá því að samræmdu endurskoðuninni lýkur. Aðildarríkið sem gefur skýrslu skal taka tilhlýðilegt tillit til athugasemda annarra hlutaðeigandi aðildarríkja í lokaútgáfu I. hluta matsskýrslunnar og skal skrá hvernig brugðist var við öllum slíkum athugasemdum.

Ef bakhjarlinn leggur ekki fram viðbótarupplýsingar innan þess tímabils sem aðildarríkið sem gefur skýrslu ákveður, í samræmi við þriðju undirgrein, skal umsóknin teljast fallin úr gildi í öllum hlutaðeigandi aðildarríkjum.

Beiðnin um viðbótarupplýsingar og viðbótarupplýsingarnar skulu lagðar fram um ESB-gáttina.

7. gr.

Matsskýrsla — atriði sem falla undir II. hluta

1. Hvert hlutaðeigandi aðildarríki skal meta umsóknina fyrir sitt yfirráðasvæði að því er varðar eftirfarandi atriði:

a) að kröfurnar um upplýst samþykki, sem settar eru fram í V. kafla, séu uppfylltar,

b) að fyrirkomulagið varðandi greiðslu launa eða skaðabóta til þátttakenda uppfylli þær kröfur sem settar eru fram í V. kafla, og til rannsakenda,

c) að fyrirkomulagið varðandi nýskráningu þátttakenda uppfylli þær kröfur sem settar eru fram í V. kafla,

d) að farið sé að ákvæðum tilskipunar 95/46/EB,

e) að farið sé að ákvæðum 49. gr.,

f) að farið sé að ákvæðum 50. gr.,

g) að farið sé að ákvæðum 76. gr.,

h) að farið sé að gildandi reglum fyrir söfnun, geymslu og síðari notkun á líffræðilegum sýnum úr þátttakandanum.

Matið á atriðunum sem um getur í fyrstu undirgrein skal mynda II. hluta matsskýrslunnar.

2. Hvert hlutaðeigandi aðildarríki skal ljúka mati sínu innan 45 daga frá deginum þegar gildi umsóknar er staðfest og leggja fram II. hluta matsskýrslunnar, þ.m.t. niðurstöðu sína, fyrir bakhjarlinn um ESB-gáttina.

Öllum hlutaðeigandi aðildarríkjum er heimilt, af rökstuddum ástæðum, að óska eftir viðbótarupplýsingum frá bakhjarlinum varðandi atriðin sem um getur í 1. mgr. en aðeins innan þess tímabils sem um getur í fyrstu undirgrein.

3. Hlutaðeigandi aðildarríki er heimilt að framlengja tímabilið, sem um getur í fyrstu undirgrein 2. mgr., um 31 dag hið mesta í þeim tilgangi að nálgast og endurskoða viðbótarupplýsingarnar, sem um getur í annarri undirgrein 2. mgr., frá bakhjarlinum í samræmi við aðra og þriðju undirgrein.

Bakhjarlinn skal leggja fram viðbótarupplýsingarnar sem óskað er eftir innan þess tímabils sem hlutaðeigandi aðildarríki ákveður, sem skal ekki vera lengra en 12 dagar frá viðtöku beiðninnar.

Hlutaðeigandi aðildarríki skal ljúka mati sínu innan 19 daga hið mesta frá viðtöku viðbótarupplýsinganna.

Ef bakhjarlinn leggur ekki fram viðbótarupplýsingar innan þess tímabils sem hlutaðeigandi aðildarríki ákveður, í samræmi við aðra undirgrein, skal umsóknin teljast fallin úr gildi í því hlutaðeigandi aðildarríki.

Beiðnin um viðbótarupplýsingar og viðbótarupplýsingarnar skulu lagðar fram um ESB-gáttina.

8. gr.

Ákvörðun um klíníska prófun

1. Hvert hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna bakhjarlinum, um ESB-gáttina, hvort veitt hafi verið leyfi fyrir klínísku prófuninni, hvort veitt hafi verið leyfi fyrir henni með fyrirvara um skilyrði eða hvort synjað hafi verið um veitingu leyfis.

Tilkynning skal vera í formi einnar ákvörðunar innan fimm daga frá dagsetningu skýrslugjafar eða frá síðasta degi matstímabilsins sem um getur í 7. gr., hvort sem síðar verður.

Leyfi fyrir klínískri prófun með fyrirvara um skilyrði takmarkast við skilyrði sem eðlis þeirra vegna er ekki hægt að uppfylla á þeim tíma þegar leyfið er veitt.

2. Ef niðurstaða aðildarríkisins sem gefur skýrslu, að því er varðar I. hluta matsskýrslunnar, er sú að framkvæmd klínísku prófunarinnar sé viðunandi, eða viðunandi með fyrirvara um samræmi við sérstök skilyrði, telst sú niðurstaða vera niðurstaða hlutaðeigandi aðildarríkis.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein getur hlutaðeigandi aðildarríki verið ósammála niðurstöðu aðildarríkisins sem gefur skýrsluna, að því er varðar I. hluta matsskýrslunnar, á eftirfarandi forsendum eingöngu:

a) ef það telur að þátttaka í klínísku prófuninni muni leiða til þess að þátttakandi fái meðferð sem er ekki jafngóð og við venjulegar klínískar starfsvenjur í hlutaðeigandi aðildarríki,

b) vegna brots á landslögum þess, eins og um getur í 90. gr.,

c) vegna athugasemda, að því er varðar öryggi þátttakanda og áreiðanleika og traustleika gagna, sem lagðar eru fram skv. 5. eða 8. mgr. 6. gr.

Ef hlutaðeigandi aðildarríki er ósammála niðurstöðunni á grundvelli annarrar undirgreinar skal það tilkynna það framkvæmdastjórninni, öllum aðildarríkjunum og bakhjarlinum, um ESB-gáttina, og leggja fram ítarlegan rökstuðning.

3. Ef klíníska prófunin er viðunandi eða viðunandi með fyrirvara um samræmi við sérstök skilyrði, að því er varðar atriðin sem falla undir I. hluta matsskýrslunnar, skal ákvörðun hlutaðeigandi aðildarríkis fela í sér niðurstöðu þess varðandi II. hluta matsskýrslunnar.

4. Hlutaðeigandi aðildarríki skal neita að veita leyfi fyrir klínískri prófun ef það er ósammála niðurstöðu aðildarríkisins sem gefur skýrslu að því er varðar I. hluta matsskýrslunnar á einhverri af þeim forsendum sem um getur í annarri undirgrein 2. mgr. eða ef það telur, af tilhlýðilega rökstuddum ástæðum, að ekki sé farið að þeim atriðum sem fjallað er um í II. hluta matsskýrslunnar eða ef siðanefnd hefur skilað neikvæðu áliti sem, í samræmi við löggjöf hlutaðeigandi aðildarríkis, gildir fyrir allt það aðildarríki. Aðildarríkið skal sjá fyrir kærumeðferð að því er varðar slíka synjun.

5. Ef niðurstaða aðildarríkisins sem gefur skýrslu, að því er varðar I. hluta matsskýrslunnar, er sú að klíníska prófunin sé ekki viðunandi telst sú niðurstaða vera niðurstaða allra hlutaðeigandi aðildarríkja.

6. Ef hlutaðeigandi aðildarríki hefur ekki tilkynnt bakhjarlinum um ákvörðun sína innan viðeigandi tímabils, sem um getur í 1. mgr., skal niðurstaðan varðandi I. hluta matsskýrslunnar teljast ákvörðun hlutaðeigandi aðildarríkis um umsóknina um leyfi fyrir klínísku prófuninni.

7. Hlutaðeigandi aðildarríki skulu ekki óska eftir viðbótarupplýsingum varðandi atriði sem fjallað er um í I. hluta matsskýrslunnar frá bakhjarlinum eftir skýrslugjafardaginn.

8. Að því er varðar þennan kafla skal tilkynningardagurinn vera sú dagsetning þegar bakhjarlinum er tilkynnt um ákvörðunina sem um getur í 1. mgr. Ef bakhjarl hefur ekki fengið tilkynningu í samræmi við 1. mgr. skal tilkynningardagurinn teljast síðasti dagurinn í tímabilinu sem kveðið er á um í 1. mgr.

9. Ef enginn þátttakandi hefur verið í klínísku prófuninni í hlutaðeigandi aðildarríki innan tveggja ára frá tilkynningardegi leyfisins skal leyfið falla úr gildi í því hlutaðeigandi aðildarríki nema framlenging, að beiðni bakhjarlsins, hafi verið samþykkt í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í III. kafla.

9. gr.

Aðilar sem meta umsóknina

1. Aðildarríki skulu tryggja að ekki sé um hagsmunaárekstra að ræða hjá aðilunum sem staðfesta gildi umsóknar og meta hana, þeir séu óháðir bakhjarli, klíníska rannsóknarsetrinu og rannsakendum sem taka þátt og aðilum sem fjármagna klínísku prófunina ásamt því að vera lausir við hvers konar ótilhlýðileg áhrif.

Til að tryggja óhæði og gagnsæi skulu aðildarríkin tryggja að aðilar sem viðurkenna og meta umsóknina að því er varðar atriðin sem fjallað er um í I. og II. hluta matsskýrslunnar hafi ekki fjárhagslegra eða persónulegra hagsmuna að gæta sem gætu haft áhrif á óhlutdrægni þeirra. Þessir aðilar skulu árlega gefa yfirlýsingu um fjárhagslega hagsmuni sína.

2. Aðildarríki skulu tryggja að hæfilegur fjöldi aðila, sem sameiginlega búa yfir nauðsynlegri menntun, hæfi og reynslu, framkvæmi matið í sameiningu.

3. Að minnsta kosti einn leikmaður skal taka þátt í matinu.

10. gr.

Sérstök atriði sem taka þarf tillit til varðandi viðkvæm þýði

1. Ef þátttakendurnir eru ólögráða börn skal, við matið á umsókninni um leyfi fyrir klínískri prófun, leggja sérstaka áherslu á sérþekkingu í barnalækningum eða á ráðgjöf varðandi klínísk, siðfræðileg og sálfélagsleg vandamál á sviði barnalækninga.

2. Ef þátttakendurna skortir gerhæfi skal, við matið á umsókninni um leyfi fyrir klínískri prófun, leggja sérstaka áherslu á sérþekkingu á viðkomandi sjúkdómi og á því sjúklingaþýði sem um er að ræða eða á ráðgjöf varðandi klíníska, siðfræðilegar og sálfélagslegar spurningar á sviði viðkomandi sjúkdóms og þess sjúklingaþýðis sem um er að ræða.

3. Ef þátttakendurnir eru konur sem eru þungaðar eða hafa barn á brjósti skal, við matið á umsókninni um leyfi fyrir klínískri prófun, leggja sérstaka áherslu á sérþekkingu á viðkomandi ástandi og á þýðinu sem viðkomandi þátttakandi er lýsandi fyrir.

4. Ef í rannsóknaráætluninni er kveðið á um þátttöku sérhópa eða undirhópa þátttakenda í klínískri prófun, eftir því sem við á, skal, við matið á umsókninni um leyfi fyrir klínísku prófuninni, leggja sérstaka áherslu á sérþekkingu á þýðinu sem viðkomandi þátttakendur eru lýsandi fyrir.

5. Í öllum umsóknum um leyfi fyrir klínískri prófun, sem um getur í 35. gr., skal leggja sérstaka áherslu á aðstæðurnar við framkvæmd klínísku prófunarinnar.

11. gr.

Framlagning og mat á umsóknum sem varða aðeins atriðin sem falla undir I. eða II. hluta matsskýrslunnar

Bakhjarlinn getur óskað eftir því að umsóknin um leyfi fyrir klínískri prófun, matið á henni og niðurstaðan varði aðeins atriðin sem falla undir I. hluta matsskýrslunnar.

Eftir tilkynningu um niðurstöðuna varðandi atriðin sem falla undir I. hluta matsskýrslunnar er bakhjarlinum heimilt, innan tveggja ára, að sækja um leyfi sem varða aðeins atriðin sem falla undir II. hluta matsskýrslunnar. Í slíkri umsókn skal bakhjarlinn lýsa því yfir að honum sé ekki kunnugt um neinar umtalsverðar nýjar vísindalegar upplýsingar sem myndu breyta gildi þeirra þátta sem lagðir voru fram með umsókninni vegna atriðanna sem falla undir I. hluta matsskýrslunnar. Í því tilviki skal umsóknin metin í samræmi við 7. gr. og hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna ákvörðun sína um klínísku prófunina í samræmi við 8. gr. Í þeim aðildarríkjum þar sem bakhjarlinn sækir ekki innan tveggja ára um leyfi sem varðar aðeins atriðin sem falla undir II. hluta matsskýrslunnar skal umsóknin um atriðin sem falla undir I. hluta matsskýrslunnar teljast fallin úr gildi.

12. gr.

Afturköllun

Bakhjarlinn getur afturkallað umsóknina hvenær sem er fram að skýrslugjafardeginum. Í slíku tilviki er aðeins hægt að afturkalla umsóknina gagnvart öllum hlutaðeigandi aðildarríkjunum. Ástæður afturköllunarinnar skal tilkynna um ESB-gáttina.

13. gr.

Umsókn lögð fram að nýju

Þessi kafli hefur ekki áhrif á möguleika bakhjarlsins á að leggja aftur fram umsókn um leyfi fyrir sérhvert fyrirhugað hlutaðeigandi aðildarríki eftir að hafa fengið synjun um leyfi eða eftir að hafa afturkallað umsókn. Sú umsókn skal teljast ný umsókn um leyfi fyrir annarri klínískri prófun.

14. gr.

Hlutaðeigandi aðildarríki bætt við síðar

1. Ef bakhjarlinn vill stækka klíníska rannsókn sem hefur fengið leyfi svo hún nái til annars aðildarríkis (hér á eftir nefnt „nýtt hlutaðeigandi aðildarríki“) skal bakhjarlinn leggja fram umsóknargögn fyrir það aðildarríki um ESB-gáttina.

Aðeins er heimilt að leggja fram umsóknargögnin eftir tilkynningardag ákvörðunarinnar um upphaflega leyfið.

2. Aðildarríkið sem gefur skýrslu vegna umsóknargagnanna, sem um getur í 1. mgr., skal vera aðildarríkið sem gefur skýrslu vegna málsmeðferðarinnar við upphaflegu leyfisveitinguna.

3. Innan 52 daga frá framlagningu umsóknargagnanna, sem um getur í 1. mgr., skal nýja hlutaðeigandi aðildarríkið tilkynna bakhjarlinum um það um ESB-gáttina, í formi einnar ákvörðunar, hvort veitt hafi verið leyfi fyrir klínísku prófuninni, hvort veitt hafi verið leyfi fyrir henni með fyrirvara um skilyrði eða hvort synjað hafi verið um veitingu leyfisins.

Leyfi fyrir klíniskri prófun með fyrirvara um skilyrði takmarkast við skilyrði sem eðlis þeirra vegna er ekki hægt að uppfylla á þeim tíma þegar leyfið er veitt.

4. Ef niðurstaða aðildarríkisins sem gefur skýrslu, að því er varðar I. hluta matsskýrslunnar, er sú að framkvæmd klínísku prófunarinnar sé viðunandi, eða viðunandi með fyrirvara um samræmi við sérstök skilyrði, telst sú niðurstaða vera niðurstaða nýja hlutaðeigandi aðildarríkisins.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein getur nýtt hlutaðeigandi aðildarríki verið ósammála niðurstöðu aðildarríkisins sem gefur skýrslu, að því er varðar I. hluta matsskýrslunnar, á eftirfarandi forsendum eingöngu:

a) ef það telur að þátttaka í klínísku prófuninni muni leiða til þess að þátttakandi fái meðferð sem er ekki jafngóð og við venjulegar klíniskar starfsvenjur í hlutaðeigandi aðildarríki,

b) vegna brots á landslögum þess, eins og um getur í 90. gr.,

c) athugasemda, að því er varðar öryggi þátttakanda og áreiðanleika og traustleika gagna, sem lagðar eru fram skv. 5. eða 6. mgr.

Ef nýtt hlutaðeigandi aðildarríki er ósammála niðurstöðunni á grundvelli annarrar undirgreinar skal það tilkynna það framkvæmdastjórninni, öllum aðildarríkjunum og bakhjarlinum, um ESB-gáttina, og leggja fram ítarlegan rökstuðning.

5. Nýja hlutaðeigandi aðildarríkinu er heimilt að tilkynna, um ESB-gáttina, aðildarríkinu sem gefur skýrslu og öðrum hlutaðeigandi aðildarríkjum um allar athugasemdir varðandi umsóknina frá þeim degi þegar umsóknargögnin, sem um getur í 1. mgr., eru lögð fram og þar til fimm dögum áður en tímabilið, sem um getur í 3. mgr., rennur út.

6. Frá þeim degi þegar umsóknargögnin, sem um getur í 1. mgr., eru lögð fram og þar til tímabilið, sem um getur í 3. mgr., rennur úr er aðeins aðildarríkinu sem gefur skýrslu heimilt að fara fram á viðbótarupplýsingar frá bakhjarlinum varðandi atriðin sem fjallað er um í I. hluta matsskýrslunnar, að teknu tilliti til athugasemdanna sem um getur í 5. mgr.

Aðildarríkinu sem gefur skýrslu er heimilt að framlengja tímabilið, sem um getur í fyrstu undirgrein 3. mgr., um 31 dag hið mesta í þeim tilgangi að nálgast og endurskoða þessar viðbótarupplýsingar frá bakhjarlinum í samræmi við þriðju og fjórðu undirgrein.

Bakhjarlinn skal leggja fram viðbótarupplýsingarnar sem óskað er eftir innan þess tímabils sem aðildarríkið sem gefur skýrslu ákveður, sem skal ekki vera lengra en 12 dagar frá viðtöku beiðninnar.

Við viðtöku viðbótarupplýsinganna skulu ný hlutaðeigandi aðildarríki, ásamt öllum öðrum hlutaðeigandi aðildarríkjum, endurskoða í sameiningu allar viðbótarupplýsingar sem bakhjarlinn leggur fram ásamt upprunalegu umsókninni og skulu deila öllum athugasemdum sem skipta máli varðandi umsóknina. Samræmda endurskoðunin skal framkvæmd innan 12 daga hið mesta frá viðtöku viðbótarupplýsinganna og frekari sameining skal framkvæmd innan sjö daga frá því að samræmdu endurskoðuninni lýkur. Aðildarríkið sem gefur skýrslu skal taka tilhlýðilegt tillit til athugasemda hlutaðeigandi aðildarríkja og skal skrá hvernig brugðist var við öllum slíkum athugasemdum.

Ef bakhjarlinn leggur ekki fram viðbótarupplýsingar innan þess tímabils sem aðildarríkið sem gefur skýrslu ákveður, í samræmi við þriðju undirgrein, skal umsóknin teljast fallin úr gildi í nýja hlutaðeigandi aðildarríkinu.

Beiðnin um viðbótarupplýsingar og viðbótarupplýsingarnar skulu lagðar fram um ESB-gáttina.

7. Nýja hlutaðeigandi aðildarríkið skal meta, að því er varðar yfirráðasvæði þess, atriðin sem fjallað er um í II. hluta matsskýrslunnar innan þess tímabils sem um getur í 3. mgr. og leggja fyrir bakhjarlinn, um ESB-gáttina, II. hluta matsskýrslunnar, þ.m.t. niðurstöðu sína. Innan þessa tímabils er því heimilt, af rökstuddum ástæðum, að óska eftir viðbótarupplýsingum frá bakhjarlinum varðandi atriðin sem fjallað er um í II. hluta matsskýrslunnar, að því er yfirráðasvæði þess varðar.

8. Nýja hlutaðeigandi aðildarríkinu er heimilt að framlengja tímabilið, sem um getur í 7. mgr., um 31 dag hið mesta í þeim tilgangi að nálgast og endurskoða viðbótarupplýsingarnar, sem um getur í 7. mgr., frá bakhjarlinum í samræmi við aðra og þriðju undirgrein.

Bakhjarlinn skal leggja fram viðbótarupplýsingarnar sem óskað er eftir innan þess tímabils sem nýja hlutaðeigandi aðildarríkið ákveður, sem skal ekki vera lengra en 12 dagar frá viðtöku beiðninnar.

Hlutaðeigandi aðildarríki skal ljúka mati sínu innan 19 daga hið mesta frá viðtöku viðbótarupplýsinganna.

Ef bakhjarlinn leggur ekki fram viðbótarupplýsingar innan þess tímabils sem nýja hlutaðeigandi aðildarríkið ákveður, í samræmi við aðra undirgrein, skal umsóknin teljast fallin úr gildi í nýja hlutaðeigandi aðildarríkinu.

Beiðnin um viðbótarupplýsingar og viðbótarupplýsingarnar skulu lagðar fram um ESB-gáttina.

9. Ef framkvæmd klínísku prófunarinnar er viðunandi eða viðunandi með fyrirvara um samræmi við sérstök skilyrði, að því er varðar atriðin sem falla undir I. hluta matsskýrslunnar skal ákvörðun nýja hlutaðeigandi aðildarríkisins fela í sér niðurstöðu þess varðandi II. hluta matsskýrslunnar.

10. Nýja hlutaðeigandi aðildarríkið skal neita að veita leyfi fyrir klínísku prófuninni ef það er ósammála niðurstöðu aðildarríkisins sem gefur skýrslu að því er varðar I. hluta matsskýrslunnar á einhverri af þeim forsendum sem um getur í annarri undirgrein 4. mgr. eða ef það telur, af tilhlýðilega rökstuddum ástæðum, að ekki sé farið að þeim atriðum sem fjallað er um í II. hluta matsskýrslunnar eða ef siðanefnd hefur skilað neikvæðu áliti sem, í samræmi við löggjöf nýja hlutaðeigandi aðildarríkisins, gildir fyrir allt það aðildarríki. Nýja hlutaðeigandi aðildarríkið skal sjá fyrir kærumeðferð að því er varðar slíka synjun.

11. Ef nýja hlutaðeigandi aðildarríkið hefur ekki tilkynnt bakhjarlinum um ákvörðun sína innan þess tímabils sem um getur í 3. mgr., eða ef tímabilið hefur verið framlengt í samræmi við 6. eða 8. mgr. og nýja hlutaðeigandi aðildarríkið hefur ekki tilkynnt bakhjarlinum um ákvörðun sína innan framlengda tímabilsins, skal niðurstaðan varðandi I. hluta matsskýrslunnar teljast ákvörðun nýja hlutaðeigandi aðildarríkisins um umsóknina um leyfi fyrir klínísku prófuninni.

12. Bakhjarl skal ekki leggja fram umsóknargögn í samræmi við þessa grein ef málsmeðferð, sem sett er fram í III. kafla, að því er varðar klínísku prófunina, er ekki lokið.

III. KAFLI

MÁLSMEÐFERÐ VIÐ LEYFISVEITINGU FYRIR VERULEGRI BREYTINGU Á KLÍNÍSKRI PRÓFUN

15. gr.

Almennar meginreglur

Eingöngu er hægt að framkvæma verulega breytingu, þ.m.t. þegar klínísku rannsóknarsetri er bætt við eða skipt er um yfirrannsakanda á klínísku rannsóknarsetri, hafi hún verið samþykkt í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í þessum kafla.

16. gr.

Framlagning umsóknar

Til að fá leyfi skal bakhjarlinn leggja fram umsóknargögn fyrir hlutaðeigandi aðildarríki um ESB-gáttina.

17. gr.

Staðfesting á gildi umsóknar um leyfi fyrir verulegri breytingu á atriði sem fellur undir I. hluta matsskýrslunnar

1. Aðildarríkið sem gefur skýrslu vegna veitingar leyfis fyrir verulegri breytingu skal vera aðildarríkið sem gefur skýrslu vegna málsmeðferðarinnar við upphaflegu leyfisveitinguna.

Hlutaðeigandi aðildarríkjum er heimilt að senda aðildarríkinu sem gefur skýrslu allar athugasemdir varðandi staðfestingu á gildi umsóknar um verulega breytingu innan fimm daga frá framlagningu umsóknargagnanna.

2. Innan sex daga frá framlagningu umsóknargagnanna skal aðildarríkið sem gefur skýrslu staðfesta gildi umsóknarinnar, með tilliti til athugasemda sem önnur hlutaðeigandi aðildarríki hafa látið í ljós, og tilkynna bakhjarlinum um ESB-gáttina:

a) hvort verulega breytingin varði atriði sem falla undir I. hluta matsskýrslunnar og

b) hvort umsóknargögnin séu fullgerð í samræmi við II. viðauka.

3. Ef aðildarríkið sem gefur skýrslu hefur ekki sent bakhjarlinum tilkynningu innan þess tímabils sem um getur í 2. mgr. skal sú verulega breyting sem sótt er um teljast varða atriði sem falla undir I. hluta matsskýrslunnar og umsóknargögnin skulu teljast fullgerð.

4. Ef aðildarríkið sem gefur skýrsluna kemst að þeirri niðurstöðu, að teknu tilliti til athugasemdanna sem önnur hlutaðeigandi aðildarríki hafa látið í ljós, að umsóknin varði ekki atriði sem falla undir I. hluta matsskýrslunnar eða að umsóknargögnin teljist ekki fullgerð skal það upplýsa bakhjarlinn um það, um ESB-gáttina, og veita bakhjarlinum að hámarki 10 daga frest til að leggja fram athugasemdir varðandi umsóknina eða til að fullkomna umsóknargögnin um ESB-gáttina.

Innan fimm daga frá viðtöku athugasemdanna eða fullgerðu umsóknargagnanna skal aðildarríkið sem gefur skýrslu tilkynna bakhjarlinum um hvort umsóknin uppfylli þær kröfur sem settar eru fram í a- og b-lið 2. mgr.

Ef aðildarríkið sem gefur skýrslu hefur ekki sent bakhjarlinum tilkynningu innan þess tímabils sem um getur í annarri undirgrein skal sú verulega breyting sem sótt er um teljast varða atriði sem falla undir I. hluta matsskýrslunnar og umsóknargögnin skulu teljast fullgerð.

Ef bakhjarlinn hefur hvorki lagt fram athugasemdir né fullgert umsóknargögnin innan þess tímabils sem um getur í fyrstu undirgrein skal umsóknin teljast fallin úr gildi í öllum hlutaðeigandi aðildarríkjum.

5. Að því er varðar 18., 19. og 22. gr. skal dagsetning tilkynningarinnar til bakhjarlsins í samræmi við 2. eða 4. mgr. vera dagurinn þegar gildi umsóknar er staðfest. Ef bakhjarlinn fær ekki tilkynningu skal dagurinn þegar gildi umsóknar er staðfest vera síðasti dagur innan þess tímabils sem við á og um getur í 2. og 4. mgr.

18. gr.

Mat á verulegri breytingu á atriði sem fellur undir I. hluta matsskýrslunnar

1. Aðildarríkið sem gefur skýrslu skal meta umsóknina með tilliti til atriða sem falla undir I. hluta matsskýrslunnar, þ.m.t. hvort klíníska prófunin verði áfram með litlu inngripi eftir þessa verulegu breytingu, og semja matsskýrslu.

2. Matsskýrslan skal innihalda eina af eftirfarandi niðurstöðum varðandi atriðin sem fjallað er um í I. hluta matsskýrslunnar:

a) verulega breytingin er viðunandi í ljósi krafnanna sem settar eru fram í þessari reglugerð,

b) verulega breytingin er viðunandi í ljósi krafnanna sem settar eru fram í þessari reglugerð en með fyrirvara um samræmi við sérstök skilyrði sem skulu tilgreind sérstaklega í niðurstöðunni, eða

c) verulega breytingin er ekki viðunandi í ljósi krafnanna sem settar eru fram í þessari reglugerð.

3. Aðildarríkið sem gefur skýrslu skal leggja lokamatsskýrsluna, þ.m.t. niðurstöðu sína, fyrir bakhjarlinn og önnur hlutaðeigandi aðildarríki innan 38 daga frá deginum þegar gildið er staðfest, um ESB-gáttina.

Að því er varðar þessa grein og 19. og 23. gr. skal dagsetning skýrslugjafar vera sú dagsetning þegar lokamatsskýrslan er lögð fyrir bakhjarlinn og önnur hlutaðeigandi aðildarríki.

4. Ef fleiri en eitt aðildarríki taka þátt í klínískum prófunum skal matsferlið vegna verulegrar breytingar vera í þremur áföngum:

a) upphafsmatsáfanga sem aðildarríkið sem gefur skýrslu annast innan 19 daga frá deginum þegar gildi umsóknar er staðfest,

b) samræmdum endurskoðunaráfanga allra hlutaðeigandi aðildarríkja sem fer fram innan 12 daga frá því að upphafsmatsáfanganum lýkur, og

c) sameiningaráfanga sem aðildarríkið sem gefur skýrslu annast innan sjö daga frá því að samræmda endurskoðunaráfanganum lýkur.

Á meðan upphafsmatsáfanginn stendur yfir skal aðildarríkið sem gefur skýrslu gera drög að matsskýrslu og dreifa til allra hlutaðeigandi aðildarríkja.

Á meðan samræmdi endurskoðunaráfanginn stendur yfir skulu öll hlutaðeigandi aðildarríki endurskoða í sameiningu umsóknina sem byggð er á drögunum að matsskýrslunni og skulu deila öllum athugasemdum sem skipta máli vegna umsóknarinnar.

Á meðan sameiningaráfanginn stendur yfir skal aðildarríkið sem gefur skýrslu taka tilhlýðilegt tillit til athugasemda annarra hlutaðeigandi aðildarríkja í lokamatsskýrslunni og skal skrá hvernig brugðist var við öllum slíkum athugasemdum. Aðildarríkið sem gefur skýrslu skal leggja lokamatsskýrsluna fyrir bakhjarlinn og öll önnur hlutaðeigandi aðildarríki fyrir skýrslugjafardaginn.

5. Aðildarríkið sem gefur skýrslu getur framlengt tímabilið, sem um getur í 3. mgr., um 50 daga vegna klínískra prófana sem fela í sér rannsóknarlyf fyrir hátæknimeðferð eða lyf eins og fram kemur í 1. lið viðaukans við reglugerð (EB) nr. 726/2004, í þeim tilgangi að hafa samráð við sérfræðinga. Í slíkum tilvikum skulu tímabilin sem um getur í 4. og 6. mgr. þessarar greinar gilda að breyttu breytanda.

6. Á milli dagsins þegar gildi umsóknar er staðfest og skýrslugjafardags getur eingöngu aðildarríkið sem gefur skýrslu óskað eftir viðbótarupplýsingum frá bakhjarlinum, með tilliti til athugasemdanna sem um getur í 4. mgr.

Aðildarríkinu sem gefur skýrslu er heimilt að framlengja tímabilið, sem um getur í fyrstu undirgrein 3. mgr., um 31 dag hið mesta í þeim tilgangi að nálgast og endurskoða þessar viðbótarupplýsingar frá bakhjarlinum í samræmi við þriðju og fjórðu undirgrein.

Bakhjarlinn skal leggja fram viðbótarupplýsingarnar sem óskað er eftir innan þess tímabils sem aðildarríkið sem gefur skýrslu ákveður, sem skal ekki vera lengra en 12 dagar frá viðtöku beiðninnar.

Við viðtöku viðbótarupplýsinganna skulu hlutaðeigandi aðildarríki endurskoða í sameiningu allar viðbótarupplýsingar sem bakhjarlinn leggur fram ásamt upprunalegu umsókninni og skulu deila öllum athugasemdum sem skipa máli vegna umsóknarinnar. Samræmda endurskoðunin skal framkvæmd innan 12 daga hið mesta frá viðtöku viðbótarupplýsinganna og frekari sameining skal framkvæmd innan sjö daga frá því að samræmdu endurskoðuninni lýkur. Aðildarríkið sem gefur skýrslu skal taka tilhlýðilegt tillit til athugasemda annarra hlutaðeigandi aðildarríkja í lokamatsskýrslunni og skal skrá hvernig brugðist var við öllum slíkum athugasemdum.

Ef bakhjarlinn leggur ekki fram viðbótarupplýsingar innan þess tímabils sem aðildarríkið sem gefur skýrslu ákvarðar, í samræmi við þriðju undirgrein, skal umsóknin teljast fallin úr gildi í öllum hlutaðeigandi aðildarríkjum.

Beiðnin um viðbótarupplýsingar og viðbótarupplýsingarnar skulu lagðar fram um ESB-gáttina.

19. gr.

Ákvörðun um verulega breytingu á atriði sem fellur undir I. hluta matsskýrslunnar

1. Hvert hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna bakhjarlinum, um ESB-gáttina, hvort veitt hafi verið leyfi fyrir verulegu breytingunni, hvort veitt hafi verið leyfi fyrir henni með fyrirvara um skilyrði eða hvort synjað hafi verið um veitingu leyfis.

Tilkynning skal vera í formi einnar ákvörðunar innan fimm daga frá skýrslugjafardeginum.

Leyfi fyrir verulegri breytingu með fyrirvara um skilyrði takmarkast við skilyrði sem eðlis þeirra vegna er ekki hægt að uppfylla á þeim tíma þegar leyfið er veitt.

2. Ef niðurstaða aðildarríkisins sem gefur skýrslu er sú að verulega breytingin er viðunandi eða viðunandi með fyrirvara um samræmi við sérstök skilyrði telst sú niðurstaða vera niðurstaða hlutaðeigandi aðildarríkis.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein getur hlutaðeigandi aðildarríki verið ósammála þeirri niðurstöðu aðildarríkisins sem gefur skýrslu á eftirfarandi forsendum eingöngu:

a) ef það telur að þátttaka í klínísku prófuninni muni leiða til þess að þátttakandi fái meðferð sem er ekki jafngóð og við venjulegar klínískar starfsvenjur í hlutaðeigandi aðildarríki,

b) vegna brots á landslögum þess, eins og um getur í 90. gr.,

c) vegna athugasemda, að því er varðar öryggi þátttakanda og áreiðanleika og traustleika gagna, sem lagðar eru fram skv. 4. eða 6. mgr. 18. gr.

Ef hlutaðeigandi aðildarríki er ósammála niðurstöðunni á grundvelli annarrar undirgreinar skal það tilkynna það framkvæmdastjórninni, öllum aðildarríkjunum og bakhjarlinum, um ESB-gáttina, og leggja fram ítarlegan rökstuðning.

Hlutaðeigandi aðildarríki skal neita að veita leyfi fyrir verulegri breytingu ef það er ósammála niðurstöðu aðildarríkisins sem gefur skýrslu að því er varðar I. hluta matsskýrslunnar á þeim forsendum sem um getur í annarri undirgrein, eða ef siðanefnd hefur skilað neikvæðu áliti sem, í samræmi við löggjöf hlutaðeigandi aðildarríkis, gildir fyrir allt það aðildarríki. Aðildarríkið skal sjá fyrir kærumeðferð að því er varðar slíka synjun.

3. Ef niðurstaða aðildarríkisins sem gefur skýrslu, að því er varðar verulega breytingu á atriðum sem falla undir I. hluta matsskýrslunnar, er sú að verulega breytingin er ekki viðunandi, telst sú niðurstaða vera niðurstaða allra hlutaðeigandi aðildarríkja.

4. Ef hlutaðeigandi aðildarríki hefur ekki tilkynnt bakhjarlinum um ákvörðun sína innan tímabilsins sem um getur í 1. mgr. skal niðurstaðan í matsskýrslunni teljast ákvörðun hlutaðeigandi aðildarríkis um umsóknina um leyfi fyrir verulegu breytingunni.

20. gr.

Staðfesting á gildi, mat og ákvörðun varðandi verulega breytingu á atriði sem fellur undir II. hluta matsskýrslunnar

1. Innan sex daga frá því að umsóknargögnin voru lögð fram skulu hlutaðeigandi aðildarríki tilkynna bakhjarlinum eftirfarandi um ESB-gáttina:

a) hvort verulega breytingin varði atriði sem falla undir II. hluta matsskýrslunnar og

b) hvort umsóknargögnin séu fullgerð í samræmi við II. viðauka.

2. Ef hlutaðeigandi aðildarríki hefur ekki sent bakhjarlinum tilkynningu innan þess tímabils sem um getur í 1. mgr. skal sú verulega breyting sem sótt er um teljast varða atriði sem falla undir II. hluta matsskýrslunnar og umsóknargögnin skulu teljast fullgerð.

3. Ef hlutaðeigandi aðildarríkið kemst að þeirri niðurstöðu að verulega breytingin varði ekki atriði sem falla undir II. hluta matsskýrslunnar, eða að umsóknargögnin teljist ekki fullgerð, skal það upplýsa bakhjarlinn um það, um ESB-gáttina, og veita bakhjarlinum að hámarki 10 daga frest til að leggja fram athugasemdir varðandi umsóknina eða til að fullgera umsóknargögnin um ESB-gáttina.

Innan fimm daga frá viðtöku athugasemdanna eða fullgerðu umsóknargagnanna skal aðildarríkið sem gefur skýrslu tilkynna bakhjarlinum um hvort umsóknin uppfylli þær kröfur sem settar eru fram í a- og b-lið 1. mgr.

Ef hlutaðeigandi aðildarríkið hefur ekki sent bakhjarlinum tilkynningu innan þess tímabils sem um getur í annarri undirgrein skal verulega breytingin teljast varða atriði sem falla undir II. hluta matsskýrslunnar og umsóknargögnin skulu teljast fullgerð.

Ef bakhjarlinn hefur hvorki lagt fram athugasemdir né fullgert umsóknargögnin innan þess tímabils sem um getur í fyrstu undirgrein skal umsóknin teljast fallin úr gildi í hlutaðeigandi aðildarríki.

4. Að því er varðar þessa grein skal dagsetning tilkynningarinnar til bakhjarlsins, í samræmi við 1. eða 3. mgr., vera dagurinn þegar gildi umsóknar er staðfest. Ef bakhjarlinn fær ekki tilkynningu skal dagurinn þegar gildi umsóknar er staðfest vera síðasti dagur innan þess tímabils sem við á og um getur í 1. og 3. mgr.

5. Hlutaðeigandi aðildarríki skal meta umsóknina og leggja fram II. hluta matsskýrslunnar fyrir bakhjarlinn, um ESB-gáttina, þ.m.t. niðurstöðu sína, ásamt ákvörðun um hvort veitt hafi verið leyfi fyrir verulegu breytingunni, hvort veitt hafi verið leyfi fyrir henni með fyrirvara um skilyrði eða hvort synjað hafi verið um veitingu leyfis.

Tilkynning skal vera í formi einnar ákvörðunar innan 38 daga frá deginum þegar gildið er staðfest.

Leyfi fyrir verulegri breytingu með fyrirvara um skilyrði takmarkast við skilyrði sem eðlis þeirra vegna er ekki hægt að uppfylla á þeim tíma þegar leyfið er veitt.

6. Á meðan á tímabilinu, sem um getur í annarri undirgrein 5. mgr., stendur er hlutaðeigandi aðildarríki heimilt, af rökstuddum ástæðum, að óska eftir viðbótarupplýsingum frá bakhjarlinum varðandi verulegu breytinguna, að því er yfirráðasvæði þess varðar.

Hlutaðeigandi aðildarríki er heimilt að framlengja tímabilið, sem um getur í annarri undirgrein 5. mgr., um 31 dag hið mesta í þeim tilgangi að nálgast og endurskoða þessar viðbótarupplýsingar frá bakhjarlinum.

Bakhjarlinn skal leggja fram viðbótarupplýsingarnar sem óskað er eftir innan þess tímabils sem hlutaðeigandi aðildarríki ákveður, sem skal ekki vera lengra en 12 dagar frá viðtöku beiðninnar.

Hlutaðeigandi aðildarríki skal ljúka mati sínu innan 19 daga hið mesta frá viðtöku viðbótarupplýsinganna.

Ef bakhjarlinn leggur ekki fram viðbótarupplýsingar innan þess tímabils sem hlutaðeigandi aðildarríki ákveður, í samræmi við þriðju undirgrein, skal umsóknin teljast fallin úr gildi í því aðildarríki.

Beiðnin um viðbótarupplýsingar og viðbótarupplýsingarnar skulu lagðar fram um ESB-gáttina.

7. Hlutaðeigandi aðildarríki skal neita að veita leyfi fyrir verulegri breytingu ef það telur, af tilhlýðilega rökstuddum ástæðum, að atriðin sem falla undir II. hluta matsskýrslunnar séu ekki uppfyllt eða ef síðanefnd hefur skilað neikvæðu áliti sem, í samræmi við löggjöf hlutaðeigandi aðildarríkis, gildir fyrir allt það aðildarríki. Aðildarríkið skal sjá fyrir kærumeðferð að því er varðar slíka synjun.

8. Ef hlutaðeigandi aðildarríki hefur ekki tilkynnt bakhjarlinum um ákvörðun sína innan tímabilsins sem sett er fram í 5. og 6. mgr. skal verulega breytingin teljast leyfð í því aðildarríki.

21. gr.

Veruleg breyting á atriðum sem falla undir I. og II. hluta matsskýrslunnar

1. Ef veruleg breyting varðar atriði sem falla undir I. og II. hluta matsskýrslunnar skal staðfesta gildi umsóknar um leyfi fyrir þessari verulegu breytingu í samræmi við 17. gr.

2. Atriðin sem falla undir I. hluta matsskýrslunnar skal meta í samræmi við 18. gr. og atriðin sem falla undir II. hluta matsskýrslunnar skal meta í samræmi við 22. gr.

22. gr.

Mat á verulegri breytingu á atriðum sem falla undir I. og II. hluta matsskýrslunnar — mat á atriðum sem falla undir II. hluta matsskýrslunnar

1. Hvert hlutaðeigandi aðildarríki skal meta, fyrir sitt yfirráðasvæði, atriðin varðandi verulegu breytinguna sem falla undir II. hluta matsskýrslunnar og leggja þá skýrslu, með niðurstöðu sinni, fyrir bakhjarlinn um ESB-gáttina innan 38 daga frá deginum þegar gildi umsóknar er staðfest.

2. Á meðan á tímabilinu, sem um getur í 1. mgr., stendur er hlutaðeigandi aðildarríki heimilt, af rökstuddum ástæðum, að óska eftir viðbótarupplýsingum frá bakhjarlinum varðandi þessa verulegu breytingu, að því er yfirráðasvæði þess varðar.

3. Hlutaðeigandi aðildarríki er heimilt að framlengja tímabilið, sem um getur í 1. mgr., um 31 dag hið mesta í þeim tilgangi að nálgast og endurskoða viðbótarupplýsingarnar, sem um getur í 2. mgr., frá bakhjarlinum í samræmi við þriðju og fjórðu undirgrein.

Bakhjarlinn skal leggja fram viðbótarupplýsingarnar sem óskað er eftir innan þess tímabils sem hlutaðeigandi aðildarríki ákveður, sem skal ekki vera lengra en 12 dagar frá viðtöku beiðninnar.

Hlutaðeigandi aðildarríki skal ljúka mati sínu innan 19 daga hið mesta frá viðtöku viðbótarupplýsinganna.

Ef bakhjarlinn leggur ekki fram viðbótarupplýsingarnar sem óskað er eftir innan þess tímabils sem hlutaðeigandi aðildarríki ákveður, í samræmi við aðra undirgrein, skal umsóknin teljast fallin úr gildi í því aðildarríki.

Beiðnin um viðbótarupplýsingar og viðbótarupplýsingarnar skal lögð fram um ESB-gáttina.

23. gr.

Ákvörðun um verulega breytingu á atriðum sem falla undir I. og II. hluta matsskýrslunnar

1. Hvert hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna bakhjarlinum, um ESB-gáttina, hvort veitt hafi verið leyfi fyrir verulegu breytingunni, hvort veitt hafi verið leyfi fyrir henni með fyrirvara um skilyrði eða hvort synjað hafi verið um veitingu leyfis.

Tilkynning skal vera í formi einnar ákvörðunar innan fimm daga frá skýrslugjafardeginum eða frá síðasta degi matstímabilsins sem um getur í 22. gr., hvort sem síðar verður.

Leyfi fyrir verulegri breytingu með fyrirvara um skilyrði takmarkast við skilyrði sem eðlis þeirra vegna er ekki hægt að uppfylla á þeim tíma þegar leyfið er veitt.

2. Ef niðurstaða aðildarríkisins sem gefur skýrslu er sú að verulega breytingin á atriðum, sem falla undir I. hluta matsskýrslunnar, er viðunandi eða viðunandi með fyrirvara um samræmi við sérstök skilyrði telst sú niðurstaða vera niðurstaða hlutaðeigandi aðildarríkis.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein getur hlutaðeigandi aðildarríki verið ósammála niðurstöðu aðildarríkisins sem gefur skýrslu á eftirfarandi forsendum eingöngu:

a) ef það telur að þátttaka í klínísku prófuninni muni leiða til þess að þátttakandi fái meðferð sem er ekki jafngóð og við venjulegar klínískar starfsvenjur í hlutaðeigandi aðildarríki,

b) vegna brots á landslögum þess, eins og um getur í 90. gr.,

c) athugasemdir, að því er varðar öryggi þátttakanda og áreiðanleika og traustleika gagna, sem lagðar eru fram skv. 4. eða 6. mgr. 18. gr.

Ef hlutaðeigandi aðildarríki er ósammála niðurstöðunni varðandi verulegu breytinguna á atriðunum sem falla undir I. hluta matsskýrslunnar á grundvelli annarrar undirgreinar skal það tilkynna það framkvæmdastjórninni, öllum aðildarríkjunum og bakhjarlinum, um ESB-gáttina, og leggja fram ítarlegan rökstuðning.

3. Ef verulega breytingin, að því er varðar atriðin sem falla undir I. hluta matsskýrslunnar, er viðunandi eða viðunandi með fyrirvara um samræmi við sérstök skilyrði skal ákvörðun hlutaðeigandi aðildarríkis fela í sér niðurstöðu þess varðandi verulegu breytinguna á atriðum sem falla undir II. hluta matsskýrslunnar.

4. Hlutaðeigandi aðildarríki skal neita að veita leyfi fyrir verulegri breytingu ef það er ósammála niðurstöðu aðildarríkisins sem gefur skýrslu að því er varðar verulegu breytinguna á atriðum sem falla undir I. hluta matsskýrslunnar á einhverri af þeim forsendum sem um getur í annarri undirgrein 2. mgr. eða ef það telur, af tilhlýðilega rökstuddum ástæðum, að atriðin sem falla undir II. hluta matsskýrslunnar séu ekki uppfyllt eða ef síðanefnd hefur skilað neikvæðu áliti sem, í samræmi við löggjöf hlutaðeigandi aðildarríkis, gildir fyrir allt það aðildarríki. Hlutaðeigandi aðildarríki skal sjá fyrir kærumeðferð að því er varðar slíka synjun.

5. Ef niðurstaða aðildarríkisins sem gefur skýrslu, að því er varðar verulega breytingu á atriðum sem falla undir I. hluta matsskýrslunnar, er sú að verulega breytingin er ekki viðunandi, telst sú niðurstaða vera niðurstaða hlutaðeigandi aðildarríkis.

6. Ef hlutaðeigandi aðildarríki hefur ekki tilkynnt bakhjarlinum um ákvörðun sína innan tímabilsins sem um getur í 1. mgr. skal niðurstaðan varðandi verulegu breytinguna á atriðum sem falla undir I. hluta matsskýrslunnar teljast ákvörðun hlutaðeigandi aðildarríkis um umsóknina um leyfi fyrir verulegu breytingunni.

24. gr.

Aðilar sem meta umsóknina um verulega breytingu

Ákvæði 9. gr. gilda um möt sem eru gerð samkvæmt þessum kafla.

IV. KAFLI

UMSÓKNARGÖGN

25. gr.

Gögn sem lögð eru fram í umsóknargögnunum

1. Umsóknargögnin fyrir leyfi fyrir klínískri prófun skulu innihalda öll gögn og upplýsingar sem krafist er og eru nauðsynleg fyrir staðfestingu á gildi og matið sem um getur í II. kafla og varða:

a) framkvæmd klínísku prófunarinnar, þ.m.t. vísindalegt samhengi og ákvarðað fyrirkomulag,

b) bakhjarlinn, rannsakendur, væntanlega þátttakendur, þátttakendur og klínísk rannsóknarsetur,

c) rannsóknarlyfin og, ef nauðsyn krefur, aukalyfin, einkum eiginleika þeirra, merkingar, framleiðslu og eftirlit,

d) ráðstafanir til að vernda þátttakendur,

e) rökstuðning fyrir því af hverju klíníska prófunin telst klínísk prófun með litlu inngripi, í þeim tilvikum sem bakhjarlinn heldur því fram.

Skráin yfir gögnin og upplýsingarnar sem er krafist er sett fram í I. viðauka.

2. Umsóknargögnin fyrir leyfi fyrir verulegri breytingu skulu innihalda öll gögn og upplýsingar sem krafist er og eru nauðsynleg fyrir staðfestingu á gildi og matið sem um getur í III. kafla:

a) tilvísun til klínísku prófunarinnar eða klínísku prófananna, sem er verulega breytt, með því að nota ESB-prófunarnúmerið sem um getur í þriðju undirgrein 1. mgr. 81. gr. (hér á eftir nefnt „ESB-prófunarnúmer“),

b) skýr lýsing á verulegu breytingunni, einkum eðli hennar og ástæðunum fyrir verulegri breytingu,

c) framsetning gagna og viðbótarupplýsinga til stuðnings verulegu breytingunni, ef nauðsyn krefur,

d) skýr lýsing á afleiðingum verulegu breytingarinnar að því er varðar réttindi og öryggi þátttakandans og áreiðanleika og traustleika gagnanna sem fást úr klínísku prófuninni.

Skráin yfir gögnin og upplýsingarnar sem er krafist er sett fram í II. viðauka.

3. Óklínískar upplýsingar sem lagðar eru fram í umsóknargögnum skulu byggjast á gögnum úr rannsóknum sem fylgja lögum Sambandsins um meginreglur um góðar starfsvenjur við rannsóknir sem gilda á þeim tíma þegar þessar rannsóknir eru gerðar.

4. Þegar vísað er í umsóknargögnunum til gagna sem fást úr klínískri prófun skal klíníska prófunin hafa verið framkvæmd í samræmi við þessa reglugerð eða, ef hún er framkvæmd fyrir dagsetninguna sem um getur í annarri málsgrein 99. gr., í samræmi við tilskipun 2001/20/EB.

5. Ef klíníska prófunin sem um getur í 4. mgr. hefur verið framkvæmd utan Sambandsins þá skal hún hafa verið framkvæmd í samræmi við meginreglur sem jafngilda þeim sem eru í þessari reglugerð að því er varðar réttindi og öryggi þátttakanda og áreiðanleika og traustleika gagnanna sem fást úr klínísku prófuninni.

6. Gögn úr klínískri prófun sem hefst frá og með dagsetningunni sem um getur í annarri málsgrein 99. gr. skulu aðeins lögð fram í umsóknargögnum ef klíníska prófunin hefur verið skráð áður en hún hefst í opinbera skrá sem er aðal- eða samstarfsskrá í eða veitir gögnum til alþjóðlegs skráningarkerfis Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar fyrir klínískar prófanir.

Gögn úr klínískri prófun sem hefst fyrir dagsetninguna sem um getur í annarri málsgrein 99. gr. skulu aðeins lögð fram í umsóknargögnum ef klíníska prófunin er skráð í opinbera skrá sem er aðal- eða samstarfsskrá í eða veitir gögnum til alþjóðlegs skráningarkerfis Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar fyrir klínískar prófanir eða ef niðurstöðurnar úr klínísku prófuninni hafa verið birtar í óháðum, jafningjarýndum vísindaritum.

7. Gögn sem lögð eru fram í umsóknargögnum og uppfylla ekki kröfur 3. til 6. mgr. skal ekki taka til athugunar í matinu á umsókn um leyfi fyrir klínískri prófun eða fyrir verulegri breytingu.

26. gr.

Kröfur um tungumál

Hlutaðeigandi aðildarríki skal ákveða hvaða tungumál skal notað í umsóknargögnunum eða í hlutum þeirra.

Við beitingu fyrstu málsgreinar skulu aðildarríkin íhuga þann kost að samþykkja tungumál sem skilst almennt á sviði læknavísinda að því er varðar þau gögn sem ekki beinast að þátttakandanum.

27. gr.

Uppfærsla með framseldum gerðum

Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til þess að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 85. gr. að því er varðar breytingar á I. og II. viðauka til að laga þá að tækniframförum eða til að taka til greina alþjóðlega þróun á sviði reglusetningar vegna klínískra prófana sem Sambandið eða aðildarríkin eiga þátt í.

V. KAFLI

VERND ÞÁTTTAKENDA OG UPPLÝST SAMÞYKKI

28. gr.

Almennar reglur

1. Eingöngu er heimilt að framkvæma klíníska prófun að uppfylltum öllum eftirfarandi skilyrðum:

a) væntanlegur ávinningur fyrir þátttakendur eða fyrir lýðheilsu réttlætir fyrirsjáanlega áhættu og óþægindi og stöðugt er fylgst með því að farið sé að þessu skilyrði,

b) þátttakendurnir, eða skipaður lögráðamaður þeirra ef þátttakandi getur ekki veitt upplýst samþykki, hafa verið upplýstir í samræmi við 2. til 6. mgr. 29. gr.,

c) þátttakendurnir, eða skipaður lögráðamaður þeirra ef þátttakandi getur ekki veitt upplýst samþykki, hafa veitt upplýst samþykki í samræmi við 1., 7. og 8. mgr. 29. gr.,

d) réttur þátttakendanna til líkamlegrar og andlegrar friðhelgi er virtur svo og rétturinn til verndar gagna, sem varða þá, í samræmi við tilskipun 95/46/EB,

e) hönnun klínísku prófunarinnar miðar að því að sársauki, óþægindi, ótti og öll önnur fyrirsjáanleg áhætta sem í henni felst fyrir þátttakendurna sé í lágmarki og bæði áhættumörk og álagsstig skulu vera sérstaklega skilgreind og stöðugt vöktuð,

f) læknir sem hefur til þess menntun og hæfi eða, eftir því sem við á, tannlæknir sem hefur til þess menntun og hæfi, skal bera ábyrgð á læknishjálp sem þátttakendunum er veitt,

g) þátttakandi eða skipaður lögráðamaður hans, ef þátttakandi getur ekki veitt upplýst samþykki, hefur fengið samskiptaupplýsingar aðila sem getur veitt frekari upplýsingar ef þörf krefur,

h) ótilhlýðileg áhrif, þ.m.t. fjármálalegs eðlis, á þátttakendur, að því er varðar þátttöku í klínískri prófun, eru engin.

2. Þegar þátttakandinn, eða skipaður lögráðamaður hans ef þátttakandinn er ekki fær um að veita upplýst samþykki, gefur upplýst samþykki sitt fyrir því að taka þátt í klínísku prófuninni er bakhjarlinum heimilt að biðja þátttakandann, eða skipaðan lögráðamann hans, um að veita samþykki sitt fyrir því að gögn um hann verði notuð, eingöngu í vísindaskyni, utan rannsóknaráætlunar klínísku prófunarinnar, með fyrirvara um tilskipun 95/46/EB. Þátttakandanum, eða skipuðum lögráðamanni hans, er heimilt er að draga samþykkið til baka hvenær sem er.

Vísindarannsóknirnar, þar sem gögnin eru notuð utan rannsóknaráætlunar klínísku prófunarinnar, skulu framkvæmdar í samræmi við gildandi lög um gagnavernd.

3. Þátttakandinn, eða skipaður lögráðamaður hans ef þátttakandinn getur ekki veitt upplýst samþykki, getur hvenær sem er hætt við að taka þátt í klínísku prófuninni með því að afturkalla upplýst samþykki sitt án þess að það verði honum til hnekkis og án þess að þurfa að leggja fram rökstuðning. Þegar upplýst samþykki er afturkallað skal það hvorki hafa áhrif á þær aðgerðir sem þegar hafa verið framkvæmdar né notkun á gögnum sem þegar hafa fengist á grundvelli upplýsts samþykkis áður en það var afturkallað, með fyrirvara um tilskipun 95/46/EB.

29. gr.

Upplýst samþykki

1. Upplýst samþykki skal vera skriflegt, dagsett og undirritað af aðilanum sem tekur viðtalið, sem um getur í c-lið 2. mgr., og af þátttakandanum eða skipuðum lögráðamanni hans ef þátttakandinn getur ekki veitt upplýst samþykki eftir að hafa verið tilhlýðilega upplýstur í samræmi við 2. mgr. Ef þátttakandinn er ekki fær um að skrifa má veita og skrá samþykki með öðrum viðeigandi hætti í viðurvist a.m.k. eins óhlutdrægs vitnis. Í slíkum tilvikum skal vitnið undirrita og dagsetja skjalið sem upplýsta samþykkið er veitt með. Þátttakandinn, eða skipaður lögráðamaður hans ef þátttakandinn getur ekki veitt upplýst samþykki, skal fá afrit af skjalinu (eða skránni) þar sem upplýst samþykki er veitt. Upplýsta samþykkið skal skjalfest. Nægur tími skal veittur til að þátttakandinn eða skipaður lögráðamaður hans geti íhugað ákvörðun sína um að taka þátt í klínískri prófun.

2. Upplýsingar sem veittar eru þátttakandanum, eða skipuðum lögráðamanni hans ef þátttakandinn getur ekki veitt upplýst samþykki, í þeim tilgangi að fá upplýst samþykki skulu:

a) gera þátttakanda eða skipuðum lögráðamanni hans kleift að öðlast skilning á:

   i. eðli, markmiðum, ávinningi, afleiðingum, áhættu og óþægindum klínísku prófunarinnar,

   ii. réttindum og ábyrgð varðandi vernd þátttakandans, einkum réttinn til að neita þátttöku og réttinn til að hætta við þátttöku í klínísku prófuninni hvenær sem er án þess að það verði viðkomandi til hnekkis og án þess að þurfa að leggja fram rökstuðning,

   iii. skilyrðunum fyrir því hvernig klíníska prófunin skal framkvæmd, þ.m.t. í hversu langan tíma er ætlað að þátttakandinn muni taka þátt í klínísku prófuninni, og

   iv. hugsanlegum meðferðarmöguleikum, þ.m.t. ráðstafanir til eftirfylgni ef þátttakandinn hættir í klínísku prófuninni,

b) vera ítarlegar, hnitmiðaðar, skýrar, viðeigandi og skiljanlegar fyrir leikmann,

c) veittar í undanfarandi viðtali við aðila í rannsóknarhópnum sem hefur til þess menntun og hæfi samkvæmt lögum hlutaðeigandi aðildarríkis,

d) innihalda upplýsingar um gildandi skaðabótakerfi sem um getur í 1. mgr. 76. gr., og

e) innihalda ESB-prófunarnúmerið og upplýsingar um aðgengi að niðurstöðum klínísku prófunarinnar í samræmi við 6. mgr.

3. Upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr. skulu vera skriflegar og aðgengilegar þátttakandanum eða skipuðum lögráðamanni hans, ef þátttakandinn getur ekki veitt upplýst samþykki.

4. Í viðtalinu, sem um getur í c-lið 2. mgr., skal gefa sérstakan gaum að upplýsingaþörf sértæks sjúklingaþýðis og einstakra þátttakenda sem og þeim aðferðum sem notaðar eru til að veita upplýsingarnar.

5. Í viðtalinu, sem um getur í c-lið 2. mgr., skal það staðfest að þátttakandinn hafi skilið upplýsingarnar.

6. Upplýsa skal þátttakandann um að niðurstöður klínísku prófunarinnar og samantekt, sem er skiljanleg fyrir leikmann, verði gerð aðgengileg í ESB-gagnagrunninum, sem um getur í 81. gr. (hér á eftir nefndur „ESB-gagnagrunnurinn“), skv. 4. mgr. 37. gr., óháð niðurstöðu klínísku prófunarinnar og, að því marki sem mögulegt er, þegar samantektirnar verða aðgengilegar.

7. Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á landslög þar sem gerð er sú krafa að bæði undirskrift einstaklingsins sem skortir gerhæfi og undirskrift skipaðs lögráðamanns skulu vera á eyðublaðinu fyrir upplýsta samþykkið.

8. Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á landslög þar sem gerð er sú krafa, til viðbótar við upplýsta samþykkið sem skipaður lögráðamaður veitir, að ólögráða barn sem er fært um að mynda sér skoðun og meta upplýsingarnar sem það fær skuli einnig veita samþykki til að taka þátt í klínískri prófun.

30. gr.

Upplýst samþykki í tengslum við klasaprófanir (e. *cluster trials*)

1. Ef klínísk prófun er eingöngu framkvæmd í einu aðildarríki er viðkomandi aðildarríki heimilt, með fyrirvara um 35. gr. og þrátt fyrir 28. gr. (b-, c- og g-lið 1. mgr.), 29. gr. (1. mgr., c-lið 2. mgr., 3. mgr. 4. mgr. og 5. mgr.), 31. gr. (a-, b- og c-lið 1. mgr.) og 32. gr. (a-, b- og c-lið 1. mgr.), að veita rannsakandanum leyfi til að fá upplýst samþykki með einfölduðum hætti, eins og sett er fram í 2. mgr. þessarar greinar, að því tilskildu að öll skilyrðin sem sett eru fram í 3. mgr. þessarar greinar séu uppfyllt.

2. Að því er varðar klíníska rannsókn, sem uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í 3. mgr., telst upplýst samþykki hafa fengist ef:

a) upplýsingarnar sem krafist er skv. a-, b-, d- og e-lið 2. mgr. 29. gr. eru veittar, í samræmi við það sem kveðið er á um í rannsóknaráætluninni, áður en þátttakandinn er skráður í klínísku prófunina og að einkum sé ljóst af þessum upplýsingum að þátttakandinn geti hvenær sem er neitað þátttöku og afturkallað þátttöku í klínísku prófuninni án þess að það verði viðkomandi til hnekkis og

b) væntanlegi þátttakandinn mótmælir ekki þátttöku í klínísku prófuninni eftir að hafa verið upplýstur.

3. Heimilt er að fá upplýst samþykki með einfölduðum hætti eins og sett er fram í 2. mgr. að öllum eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

a) einfaldaði hátturinn við að fá upplýst samþykki stangast ekki á við landslög í hlutaðeigandi aðildarríki,

b) aðferðafræði klínísku prófunarinnar krefst þess að hópum þátttakenda, frekar en einstökum þátttakendum, sé úthlutað mismunandi rannsóknarlyfjum í klínískri prófun,

c) klíníska prófunin telst klínísk prófun með litlu inngripi og rannsóknarlyfin eru notuð í samræmi við skilyrði markaðsleyfisins,

d) inngrip er ekki umfram staðlaða meðferð viðkomandi þátttakenda,

e) í rannsóknaráætluninni eru færð rök fyrir ástæðum þess að fá upplýst samþykki með einfölduðum hætti og gildissviði þeirra upplýsinga sem þátttakendunum eru veittar ásamt aðferðunum við að veita upplýsingarnar er lýst.

4. Rannsakandinn skal ætíð skjalfesta það þegar þátttöku er neitað eða hún afturkölluð og skal tryggja að ekki sé safnað neinum gögnum fyrir klínísku prófunina hjá þátttakendum sem neita þátttöku eða afturkalla þátttöku í klínísku prófuninni.

31. gr.

Klínískar prófanir á þátttakendum sem skortir gerhæfi

1. Ef um er að ræða þátttakendur sem skortir gerhæfi og hafa ekki veitt eða hafa ekki neitað að veita upplýst samþykki áður en gerhæfisskortur þeirra hófst er eingöngu heimilt að framkvæma klíníska prófun að öllum eftirfarandi skilyrðum, til viðbótar við skilyrðin sem sett eru fram í 28. gr., uppfylltum:

a) upplýst samþykki skipaðs lögráðamanns þeirra hefur fengist,

b) þátttakendurnir sem skortir gerhæfi hafa fengið upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr. 29. gr. á fullnægjandi hátt í samræmi við getu þeirra til að skilja þær,

c) rannsakandinn virðir skýra ósk þátttakandans sem skortir gerhæfi, sem er fær um að mynda sér skoðun og meta upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr. 29. gr., um að neita þátttöku í eða afturkalla þátttöku í klínísku prófuninni hvenær sem er,

d) engin hvatning eða fjárhagsleg umbun er gefin þátttakendunum eða lögskipuðum lögráðamönnum þeirra, nema skaðabætur vegna útgjalda og tekjutaps sem rekja má beint til þátttökunnar í klínísku prófuninni,

e) klíníska prófunin hefur grundvallarþýðingu að því er varðar þátttakendur sem skortir gerhæfi og ekki er hægt að fá gögn, sem hafa sambærilegt gildi, úr klínískum prófunum á þátttakendum sem geta veitt upplýst samþykki eða með öðrum rannsóknaraðferðum,

f) klíníska prófunin tengist beint heilsufarsástandi sem þátttakandinn þjáist af,

g) vísindaleg ástæða er til að ætla að þátttaka í klínísku prófuninni leiði af sér:

   i. beinan ávinning fyrir þátttakandann sem skortir gerhæfi, sem vegur upp á móti áhættunni og álaginu sem fylgir, eða

   ii. einhvern beinan ávinning fyrir þýðið sem þátttakendurnir sem skortir gerhæfi eru lýsandi fyrir ef klíníska prófunin tengist beint heilsufarsástandi sem felur í sér lífshættu eða veiklun sem þátttakandinn þjáist af og af slíkri prófun stafi einungis lítil áhætta og að hún muni leggja lágmarksálag á viðkomandi þátttakanda í samanburði við staðlaða meðferð vegna ástands þátttakandans sem skortir gerhæfi.

2. Ákvæði ii. liðar g-liðar 1. mgr. skulu ekki hafa áhrif á strangari landsreglur sem banna framkvæmd slíkra klínískra prófana á þátttakendum sem skortir gerhæfi ef engar vísindalegar ástæður eru til að ætla að þátttaka í klínísku prófuninni leiði af sér beinan ávinning fyrir þátttakandann sem vegur upp á móti áhættunni og álaginu sem fylgir.

3. Þátttakandinn skal, eftir því sem unnt er, taka þátt í málsmeðferðinni fyrir upplýst samþykki.

32. gr.

Klínískar prófanir á ólögráða börnum

1. Aðeins má framkvæma klíníska prófun á ólögráða börnum að öllum eftirfarandi skilyrðum, til viðbótar við skilyrðin sem sett eru fram í 28. gr., uppfylltum:

a) upplýst samþykki skipaðs lögráðamanns þeirra hefur fengist,

b) ólögráða börnin hafa fengið upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr. 29. gr. þannig að þær séu aðlagaðar að aldri þeirra og andlegum þroska og frá rannsakendum eða aðilum í rannsóknarhópnum sem eru þjálfaðir í eða hafa reynslu af að vinna með börnum,

c) rannsakandinn virðir skýra ósk ólögráða barns, sem er fært um að mynda sér skoðun og meta upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr. 29. gr., um að neita þátttöku í eða afturkalla þátttöku í klínísku prófuninni hvenær sem er,

d) engin hvatning eða fjárhagsleg umbun er gefin þátttakandanum, eða skipuðum lögráðamanni hans, nema skaðabætur vegna útgjalda og tekjutaps sem rekja má beint til þátttökunnar í klínísku prófuninni,

e) klíníska prófunin er gerð í þeim tilgangi að rannsaka meðferðir vegna heilsufarsástands sem kemur aðeins fram hjá ólögráða börnum eða klíníska prófunin er nauðsynleg að því er varðar ólögráða börn til að staðfesta gildi gagna sem fást úr klínískum prófunum á einstaklingum sem geta veitt upplýst samþykki eða með öðrum rannsóknaraðferðum,

f) klíníska prófunin tengist annað hvort beint heilsufarsástandinu sem viðkomandi ólögráða barn þjáist af eða er þannig að aðeins er hægt að framkvæma hana á ólögráða barni,

g) vísindaleg ástæða er til að ætla að þátttaka í klínísku prófuninni leiði af sér:

   i. beinan ávinning fyrir viðkomandi ólögráða barn sem vegur upp á móti áhættunni og álaginu sem fylgir eða

   ii. einhvern ávinning fyrir þýðið sem viðkomandi ólögráða barn er lýsandi fyrir og af slíkri klínískri prófun stafi einungis lítil áhætta og að hún muni leggja lágmarksálag á viðkomandi ólögráða barn í samanburði við staðlaða meðferð vegna ástands ólögráða barnsins.

2. Ólögráða barn skal taka þátt í málsmeðferðinni fyrir upplýst samþykki á þann hátt sem aðlagaður er að aldri þess og andlegum þroska.

3. Ef ólögráða barn nær lögráðaaldri á meðan klínísk prófun stendur yfir og getur veitt upplýst samþykki, eins og skilgreint er í lögum hlutaðeigandi aðildarríkis, skal fá upplýst samþykki viðkomandi áður en sá þátttakandi getur haldið áfram þátttöku í klínísku prófuninni.

33. gr.

Klínískar prófanir á konum sem eru þungaðar eða hafa barn á brjósti

Aðeins má framkvæma klíníska prófun á konum sem eru þungaðar eða hafa barn á brjósti að eftirfarandi skilyrðum, til viðbótar við skilyrðin sem sett eru fram í 28. gr. uppfylltum:

a) líklegt er að klínísku prófanirnar leiði af sér beinan ávinning fyrir konuna sem er þunguð eða hefur barn á brjósti eða fósturvísi hennar, fóstur eða barn eftir fæðingu, sem vegur upp á móti áhættunni og álaginu sem fylgir eða

b) ef slík klínísk prófun hefur engan beinan ávinning fyrir hlutaðeigandi konu sem er þunguð eða hefur barn á brjósti eða fyrir fósturvísi hennar, fóstur eða barn eftir fæðingu, má eingöngu framkvæma hana ef:

   i. ekki er hægt að framkvæma klíníska prófun með sambærilegum árangri á konum sem eru ekki þungaðar eða með barn á brjósti,

   ii. klíníska prófunin stuðlar að því að ná fram niðurstöðum sem geta leitt af sér ávinning fyrir konur sem eru þungaðar eða hafa barn á brjósti eða aðrar konur í tengslum við æxlun eða aðra fósturvísa, fóstur eða börn, og

   iii. af klínísku prófuninni stafar lítil áhætta og hún leggur lágmarksálag á viðkomandi konu sem er þunguð eða hefur barn á brjósti, fósturvísi hennar, fóstur eða barn eftir fæðingu,

c) gætt er sérstaklega að því að forðast öll neikvæð áhrif á heilsu barns þegar rannsókn er gerð á konum sem hafa barn á brjósti, og

d) engin hvatning eða fjárhagsleg umbun er gefin þátttakandanum nema skaðabætur vegna útgjalda og tekjutaps sem rekja má beint til þátttökunnar í klínísku prófuninni.

34. gr.

Landsbundnar viðbótarráðstafanir

Aðildarríki geta viðhaldið viðbótarráðstöfunum varðandi einstaklinga sem gegna herskyldu, einstaklinga sem sviptir hafa verið frelsi, einstaklinga sem vegna dómsniðurstöðu geta ekki tekið þátt í klínískum prófunum eða einstaklinga á dvalarstofnunum.

35. gr.

Klíníska prófanir í neyðartilvikum

1. Þrátt fyrir 28. gr. (b- og c-lið 1. mgr.), 31. gr. (a- og b-lið 1. mgr.) og 32. gr. (a- og b-lið 1. mgr.) er heimilt að fá upplýst samþykki fyrir þátttöku í klíniskri prófun og veita upplýsingar um klínísku prófunina eftir að ákvörðun er tekin um að þátttakandinn verði með í klínísku prófuninni, að því tilskildu að þessi ákvörðun sé tekin þegar fyrsta inngrip á sér stað varðandi þátttakandann, í samræmi við rannsóknaráætlunina fyrir klínísku prófunina, og að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) þátttakandinn getur ekki veitt fyrirframupplýst samþykki og getur ekki tekið við fyrirframupplýsingum um klínísku prófunina vegna brýnna aðstæðna af völdum skyndilegs lífshættulegs eða annars skyndilegs og alvarlegs heilsufarsástands,

b) vísindalegar ástæður eru fyrir því að ætla að þátttakan í klínísku prófuninni muni leiða af sér beinan klíníska ávinning sem skiptir máli fyrir þátttakandann og leiði af sér mælanlegar heilsutengdar framfarir sem minnka þjáningu og/eða bæta heilsu þátttakandans eða greiningu á ástandi þátttakandans,

c) innan meðferðarfræðilega rammans er ekki mögulegt að leggja fram allar fyrirframupplýsingar og fá fyrirframupplýst samþykki frá skipuðum lögráðamanni,

d) rannsakandinn staðfestir að hann hafi ekki vitneskju um nein fyrri andmæli sem þátttakandinn hefur látið í ljós vegna þátttöku í klínísku prófuninni,

e) klíníska prófunin tengist beint heilsufarsástandi þátttakandans sem veldur því að ekki er hægt, innan meðferðarfræðilega rammans, að fá fyrirframupplýst samþykki frá þátttakandanum eða skipuðum lögráðamanni hans og að leggja fram fyrirframupplýsingar, og klíníska prófunin er þess eðlis að eingöngu er hægt að framkvæma hana í neyðartilvikum,

f) af klínísku prófuninni stafar lítil áhætta og hún leggur lágmarksálag á þátttakandann í samanburði við staðlaða meðferð vegna ástands þátttakandans.

2. Í kjölfar inngrips skv. 1. mgr. skal leita eftir upplýstu samþykki, í samræmi við 29. gr., fyrir því að halda áfram þátttöku í klínísku rannsókninni og veita skal upplýsingar um klínísku prófunina í samræmi við eftirfarandi kröfur:

a) að því er varðar þátttakendur sem skortir gerhæfi og ólögráða börn skal rannsakandinn, án ástæðulausrar tafar, leita eftir upplýstu samþykki hjá skipuðum lögráðamanni viðkomandi og veita skal viðkomandi og skipuðum lögráðamanni hans upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr. 29. gr. eins fljótt og unnt er,

b) að því er varðar aðra þátttakendur skal rannsakandinn, án ástæðulausrar tafar, leita eftir upplýstu samþykki hjá þátttakandanum eða skipuðum lögráðamanni hans, eftir því hvort er fljótlegra, og veita skal þátttakandanum eða skipuðum lögráðamanni hans, eftir því hvort er fljótlegra, upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr. 29. gr. eins fljótt og unnt er.

Þegar upplýst samþykki hefur fengist frá skipaða lögráðamanninum skal, að því er varðar b-lið, fá upplýst samþykki frá þátttakandanum um að halda áfram þátttöku í klínísku prófuninni eins fljótt og viðkomandi er fær um að veita upplýst samþykki.

3. Ef þátttakandinn eða, eftir atvikum, skipaður lögráðamaður hans, veitir ekki samþykki skal viðkomandi upplýstur um réttinn til að andmæla notkun gagna sem fást úr klínísku prófuninni.

VI. KAFLI

UPPHAF, LOK, TÍMABUNDIN STÖÐVUN OG SLIT FYRIR LOK KLÍNÍSKRAR PRÓFUNAR

36. gr.

Tilkynning um upphaf klínískrar prófunar og um lok nýskráningar þátttakenda

1. Bakhjarlinn skal tilkynna hverju hlutaðeigandi aðildarríki um upphaf klínískrar prófunar í tengslum við viðkomandi aðildarríki um ESB-gáttina.

Tilkynningin skal gefin innan 15 daga frá upphafi klínísku prófunarinnar í tengslum við viðkomandi aðildarríki.

2. Bakhjarlinn skal tilkynna hverju hlutaðeigandi aðildarríki um fyrstu heimsókn fyrsta þátttakanda í tengslum við viðkomandi aðildarríki um ESB-gáttina.

Tilkynningin skal gefin innan 15 daga frá fyrstu heimsókn fyrsta þátttakanda í tengslum við viðkomandi aðildarríki.

3. Bakhjarlinn skal tilkynna hverju hlutaðeigandi aðildarríki um lok nýskráningar þátttakenda fyrir klíníska prófun í viðkomandi aðildarríki um ESB-gáttina.

Tilkynningin skal gefin innan 15 daga frá lokum nýskráningar þátttakenda. Ákvæði 1. mgr. gilda ef nýskráning hefst aftur.

37. gr.

Lok klínískrar prófunar, tímabundin stöðvun og slit fyrir lok klínískrar prófunar og framlagning niðurstaðnanna

1. Bakhjarlinn skal tilkynna hverju hlutaðeigandi aðildarríki um lok klínískrar prófunar í tengslum við viðkomandi aðildarríki um ESB-gáttina.

Tilkynningin skal gefin innan 15 daga frá lokum klínísku prófunarinnar í tengslum við viðkomandi aðildarríki.

2. Bakhjarlinn skal tilkynna hverju hlutaðeigandi aðildarríki um lok klínískrar prófunar í öllum hlutaðeigandi aðildarríkjum um ESB-gáttina.

Tilkynningin skal gefin innan 15 daga frá lokum klínísku prófunarinnar í síðasta hlutaðeigandi aðildarríkinu.

3. Bakhjarlinn skal tilkynna hverju hlutaðeigandi aðildarríki um lok klínískrar prófunar í öllum hlutaðeigandi aðildarríkjum og í öllum þriðju löndum, þar sem klíníska prófunin hefur verið framkvæmd, um ESB-gáttina.

Tilkynningin skal gefin innan 15 daga frá lokum klínísku prófunarinnar í síðasta hlutaðeigandi aðildarríkinu og þriðju löndum þar sem klíníska prófunin hefur verið framkvæmd.

4. Bakhjarlinn skal senda samantekt á niðurstöðunum úr klínísku prófuninni í ESB-gagnagrunninn, án tillits til þess hver útkoma klínísku prófunarinnar var, innan eins árs frá lokum hennar. Efni samantektarinnar er sett fram í IV. viðauka.

Henni skal fylgja samantekt sem er rituð á þann hátt að hún sé skiljanleg leikmönnum. Efni samantektarinnar er sett fram í V. viðauka.

Ef ekki er hægt að leggja fram samantekt á niðurstöðunum innan árs, af vísindalegum ástæðum sem skilgreindar eru í rannsóknaráætluninni, skal hins vegar leggja samantektina á niðurstöðunum fram um leið og hún liggur fyrir. Í slíku tilviki skal tilgreint í rannsóknaráætluninni hvenær niðurstöðurnar verða lagðar fram, ásamt rökstuðningi.

Ef klíníska prófunin var ætluð til að fá markaðsleyfi fyrir rannsóknarlyfið skal umsækjandi markaðsleyfisins senda skýrsluna um klínísku rannsóknina, til viðbótar við samantektina á niðurstöðunum, í ESB-gagnagrunninn innan 30 daga eftir að markaðsleyfið hefur verið veitt, málsmeðferðinni við veitingu markaðsleyfisins er lokið eða umsækjandi markaðsleyfisins hefur afturkallað umsóknina.

Framkvæmdastjórnin skal semja leiðbeiningar um snið og deilingu óunninna gagna ef bakhjarlinn ákveður að deila slíkum gögnum að eigin frumkvæði.

5. Bakhjarlinn skal tilkynna hverju hlutaðeigandi aðildarríki, um ESB-gáttina, um tímabundna stöðvun klínískrar prófunar í öllum hlutaðeigandi aðildarríkjum af ástæðum sem hafa ekki áhrif á sambandið milli ávinnings og áhættu.

Tilkynningin skal gefin innan 15 daga frá tímabundnu stöðvuninni á klínísku prófuninni í öllum hlutaðeigandi aðildarríkjum og skal fela í sér ástæðurnar fyrir slíkri aðgerð.

6. Þegar tímabundinni stöðvun klínískrar prófunar, sem um getur í 5. mgr., er lokið skal bakhjarlinn tilkynna það hverju hlutaðeigandi aðildarríki, um ESB-gáttina.

Tilkynningin skal gefin innan 15 daga frá því að tímabundinni stöðvun klínískrar prófunar lýkur í öllum hlutaðeigandi aðildarríkjum.

7. Ef klínískri prófun, sem er stöðvuð tímabundið, er ekki haldið áfram innan tveggja ára skal lokadagur þess tímabils eða dagsetning ákvörðunar bakhjarlsins um að halda klínísku prófuninni ekki áfram, hvort sem kemur á undan, teljast lokadagur klínísku prófunarinnar. Ef um er að ræða slit fyrir lok klínísku prófunarinnar skal dagsetning slitanna teljast lokadagur klínísku prófunarinnar.

Ef um er að ræða slit fyrir lok klínísku prófunarinnar af ástæðu sem hefur ekki áhrif á sambandið milli ávinnings og áhættu skal bakhjarlinn tilkynna hverju hlutaðeigandi aðildarríki, um ESB-gáttina, um ástæðurnar fyrir slíkri aðgerð og, ef við á, um ráðstafanir til eftirfylgni fyrir þátttakendurna.

8. Ef í rannsóknaráætlun klínísku prófunarinnar er kveðið á um dagsetningu vegna milligreiningar á gögnum fyrir lok klínísku prófunarinnar og viðkomandi niðurstöður klínísku prófunarinnar eru aðgengilegar skal samantekt þeirra niðurstaðna send í ESB-gagnagrunninn innan árs frá dagsetningu millligreiningarinnar á gögnunum, þó með fyrirvara um 4. mgr.

38. gr.

Tímabundin stöðvun eða slit fyrir lok af hálfu bakhjarlsins í þágu öryggis þátttakenda

1. Að því er varðar þessa reglugerð skal tilkynna hlutaðeigandi aðildarríkjum, um ESB-gáttina, um tímabundna stöðvun eða slit klínískrar prófunar fyrir lok hennar á grundvelli breytinga á sambandinu milli ávinnings og áhættu.

Tilkynningin skal gefin án ástæðulausrar tafar en eigi síðar en innan 15 daga eftir tímabundnu stöðvunina eða slitin. Í henni skulu koma fram ástæðurnar fyrir slíkri aðgerð og tilgreindar ráðstafanir til eftirfylgni.

2. Þegar klínísk prófun hefst aftur í kjölfar tímabundinnar stöðvunar, eins og um getur í 1. mgr., skal það teljast veruleg breyting sem fellur undir málsmeðferðina við leyfisveitingu sem mælt er fyrir um í III. kafla.

39. gr.

Uppfærsla á efni samantektar á niðurstöðum og samantektar fyrir leikmenn

Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til þess að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 89. gr. til að breyta IV. og V. viðauka til að laga þá að tækniframförum eða til að taka til greina alþjóðlega þróun á sviði reglusetningar vegna klínískra prófana sem Sambandið eða aðildarríkin eiga þátt í.

VII. KAFLI

ÖRYGGISTILKYNNINGAR Í TENGSLUM VIÐ KLÍNÍSKA PRÓFUN

40. gr.

Rafrænn gagnagrunnur fyrir öryggistilkynningar

1. Lyfjastofnun Evrópu, sem komið var á með reglugerð (EB) nr. 726/2004 (hér á eftir nefnd „Lyfjastofnunin“) skal koma á fót og viðhalda rafrænum gagnagrunni fyrir tilkynningarnar sem kveðið er á um í 42. og 43. gr. Gagnagrunnurinn skal vera eining gagnagrunnsins sem um getur í 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 726/2004 („Eudravigilance-gagnagrunnurinn“).

2. Lyfjastofnunin skal, í samstarfi við aðildarríkin, þróa staðlað eyðublað á vefnum sem bakhjarlar skulu nota til að senda tilkynningar um óvæntar, alvarlegar aukaverkanir sem grunur er um í gagnagrunninn sem um getur í 1. mgr.

41. gr.

Tilkynningar rannsakanda til bakhjarls um meintilvik og alvarleg meintilvik

1. Rannsakandinn skal skrá og skjalfesta meintilvik eða óeðlilegar rannsóknarstofuniðurstöður, sem samkvæmt rannsóknaráætlun skipta meginmáli að því er varðar mat á öryggi, og tilkynna bakhjarlinum um þau samkvæmt þeim kröfum sem eru gerðar um tilkynningar og innan þeirra tímamarka sem eru tilgreind í rannsóknaráætluninni.

2. Rannsakandinn skal skrá og skjalfesta öll meintilvik, nema í rannsóknaráætluninni sé kveðið á um annað. Rannsakandinn skal tilkynna bakhjarlinum um öll alvarleg meintilvik sem koma fram hjá þátttakendum sem hann hefur meðhöndlað í klínísku prófuninni, nema í rannsóknaráætluninni sé kveðið á um annað.

Rannsakandinn skal tilkynna bakhjarlinum um alvarleg meintilvik án ástæðulausrar tafar en eigi síðar en innan 24 klukkustunda frá því að vitneskja fékkst um tilvikið, nema í rannsóknaráætluninni sé kveðið á um að fyrir tiltekin alvarleg meintilvik sé ekki þörf á tafarlausri tilkynningu. Ef við á skal rannsakandinn senda bakhjarlinum skýrslu til eftirfylgni til að gera honum kleift að meta hvort alvarlega meintilvikið hafi áhrif á sambandið milli ávinnings og áhættu í klínísku prófuninni.

3. Bakhjarlinn skal halda nákvæma skrá yfir öll meintilvik sem rannsakandinn tilkynnir honum um.

4. Ef rannsakandinn verður var við að alvarlegt meintilvik komi fram hjá þátttakanda sem hann meðhöndlar, eftir að klínísku prófuninni lýkur, og grunsemdir vakna um orsakatengsl þess við rannsóknarlyfin skal rannsakandinn, án ástæðulausrar tafar, tilkynna bakhjarlinum um alvarlega meintilvikið.

42. gr.

Tilkynningar bakhjarls til Lyfjastofnunarinnar um óvæntar, alvarlegar aukaverkanir sem grunur er um

1. Bakhjarl klíníska prófunar sem framkvæmd er í a.m.k. einu aðildarríki skal senda tilkynningu rafrænt og án tafar um allar viðkomandi upplýsingar um eftirfarandi óvæntar og alvarlegar aukaverkanir sem grunur er um í gagnagrunninn sem um getur í 1. mgr. 40. gr.:

a) allar óvæntar, alvarlegar aukaverkanir af rannsóknarlyfjum sem grunur er um og koma fram í klínísku prófuninni, án tillits til þess hvort óvæntu og alvarlegu aukaverkanirnar sem grunur er um hafi komið fram á klínísku rannsóknarsetri í Sambandinu eða í þriðja landi,

b) allar óvæntar, alvarlegar aukaverkanir sem grunur er um og tengjast sama virka efninu í rannsóknarlyfjum sem notuð eru í klínísku prófuninni, óháð lyfjaformi og styrkleika, eða ábendingar sem rannsakaðar eru og koma fram í klíníska prófun sem framkvæmd er eingöngu í þriðja landi, ef klíníska prófunin er styrkt af:

   i. þeim bakhjarli eða

   ii. öðrum bakhjarli sem annað hvort tilheyrir sama móðurfélagi og bakhjarl klínísku prófunarinnar eða þróar lyf í samstarfi við bakhjarl klínísku prófunarinnar á grundvelli formlegs samkomulags. Í því skyni skal útvegun á rannsóknarlyfi eða upplýsingum varðandi öryggismál til hugsanlegra markaðsleyfishafa í framtíðinni ekki teljast sameiginleg þróun, og

c) allar óvæntar, alvarlegar aukaverkanir vegna rannsóknarlyfja sem grunur er um, sem koma fram hjá einhverjum þátttakanda klínísku rannsóknarinnar, og bakhjarlinn greinir eða tekur eftir þegar klínísku prófuninni er lokið.

2. Tímabilið sem bakhjarl hefur til að tilkynna Lyfjastofnuninni um óvæntar, alvarlegar aukaverkanir sem grunur er um skal fara eftir því hversu alvarlegar aukaverkanirnar eru og skal vera sem hér segir:

a) ef um er að ræða banvænar eða lífshættulegar, óvæntar, alvarlegar aukaverkanir sem grunur er um: eins fljótt og hægt er og eigi síðar en sjö dögum eftir að bakhjarlinn verður var við aukaverkunina,

b) ef um er að ræða óvæntar, alvarlegar aukaverkanir sem grunur er um, hvorki banvænar né lífshættulegar: eigi síðar en 15 dögum eftir að bakhjarlinn verður var við aukaverkunina,

c) ef um er að ræða óvæntar, alvarlegar aukaverkanir sem grunur er um, sem voru upphaflega taldar hvorki banvænar né lífshættulegar en eru í raun banvænar eða lífshættulegar: eins fljótt og hægt er og eigi síðar en sjö dögum eftir að bakhjarlinn verður var við að aukaverkanirnar eru banvænar eða lífshættulegar.

Ef nauðsyn krefur til að tryggja tímanlega tilkynningu getur bakhjarlinn, í samræmi við lið 2.4 í III. viðauka, lagt fram ófullgerða upphafstilkynningu sem fylgt er eftir með fullgerðri tilkynningu.

3. Ef bakhjarl á ekki kost á að senda tilkynningu í gagnagrunninn, sem um getur í 1. mgr. 40. gr., vegna skorts á tilföngum og bakhjarlinn fær samþykki hlutaðeigandi aðildarríkis er honum heimilt að senda aðildarríkinu, þar sem óvæntu, alvarlegu aukaverkanirnar sem grunur er um hafa komið fram, tilkynninguna. Aðildarríkið skal tilkynna óvæntu, alvarlegu aukaverkanirnar sem grunur er um í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar.

43. gr.

Árleg skýrslugjöf bakhjarls til Lyfjastofnunarinnar

1. Að því er varðar rannsóknarlyf önnur en lyfleysu skal bakhjarlinn leggja árlega fram skýrslu til Lyfjastofnunarinnar, um gagnagrunninn sem um getur í 1. mgr. 40. gr., um öryggi allra rannsóknarlyfja sem notuð eru í klínískri prófun þar sem hann er bakhjarl.

2. Ef um er að ræða klíníska prófun þar sem fleiri en eitt rannsóknarlyf er notað er bakhjarlinum heimilt, ef kveðið er á um slíkt í rannsóknaráætluninni, að leggja fram eina öryggisskýrslu um öll rannsóknarlyfin sem notuð eru í þeirri klínísku prófun.

3. Ársskýrslan sem um getur í 1. mgr. skal aðeins innihalda samantekin og nafnlaus gögn.

4. Skuldbindingin sem um getur í 1. mgr. hefst með fyrstu leyfisveitingu fyrir klínískri prófun í samræmi við þessa reglugerð. Henni lýkur við lok síðustu klínísku prófunarinnar sem bakhjarlinn framkvæmir með rannsóknarlyfinu.

44. gr.

Mat aðildarríkja

1. Lyfjastofnunin skal áframsenda með rafrænum hætti til hlutaðeigandi aðildarríkja upplýsingarnar sem veittar eru í samræmi við 42. og 43. gr.

2. Aðildarríkin skulu hafa samvinnu við mat á upplýsingunum sem veittar eru í samræmi við 42. og 43. gr. Framkvæmdastjórninni er heimilt að setja reglur um slíka samvinnu og breyta þeim með framkvæmdargerðum. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 88. gr.

3. Siðanefndin, sem ber ábyrgð á því, skal taka þátt í matinu á upplýsingunum sem um getur í 1. og 2. mgr. ef kveðið er á um slíkt í lögum hlutaðeigandi aðildarríkis.

45. gr.

Tæknileg atriði

Tæknileg atriði í tengslum við öryggistilkynningar í samræmi við 41. til 44. gr. er að finna í III. viðauka. Ef nauðsynlegt er að bæta verndarstig þátttakenda skal framkvæmdastjórnin hafa umboð til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 89. gr., til að breyta III. viðauka í eftirfarandi tilgangi:

a) til að bæta upplýsingarnar um öryggi lyfja,

b) til að laga tæknilegar kröfur að tækniframförum,

c) til að taka til greina alþjóðlega þróun á sviði reglusetningar vegna öryggiskrafna í klínískum prófunum sem studd er af stofnunum sem Sambandið eða aðildarríkin eiga hlut að.

46. gr.

Skýrslugjöf með tilliti til aukalyfja

Öryggistilkynningar með tilliti til aukalyfja skulu gerðar í samræmi við 3. kafla IX. bálks tilskipunar 2001/83/EB.

VIII. KAFLI

FRAMKVÆMD KLÍNÍSKRAR PRÓFUNAR, EFTIRLIT BAKHJARLSINS, ÞJÁLFUN OG REYNSLA, AUKALYF

47. gr.

Samræmi við rannsóknaráætlunina og góðar, klínískar starfsvenjur

Bakhjarlinn fyrir klíníska prófun og rannsakandinn skulu tryggja að klíníska prófunin sé framkvæmd í samræmi við rannsóknaráætlunina og meginreglurnar um góðar, klínískar starfsvenjur.

Án þess að það hafi áhrif á önnur ákvæði laga Sambandsins eða viðmiðunarreglur framkvæmdastjórnarinnar skulu bakhjarlinn og rannsakandinn, við samningu rannsóknaráætlunarinnar og við beitingu þessarar reglugerðar og rannsóknaráætlunarinnar, einnig taka viðeigandi tillit til gæðastaðlanna og viðmiðunarreglna alþjóðaráðstefnunnar um samhæfingu tæknilegra krafna varðandi skráningu mannalyfja (ICH-viðmiðunarreglurnar) (e. *International Conference on Harmonisation of Technical Requirements for Registration of Pharmaceuticals for Human Use (ICH)*) um góðar, klínískar starfsvenjur.

Framkvæmdastjórnin skal gera ítarlegu ICH-viðmiðunarreglurnar um góðar, klínískar starfsvenjur, sem um getur í annarri málsgrein, aðgengilegar öllum.

48. gr.

Vöktun

Til að staðfesta að réttindi, öryggi og velsæld þátttakenda séu vernduð, að gögnin sem skýrt er frá séu áreiðanleg og traust og að framkvæmd klínísku prófunarinnar sé í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar skal bakhjarlinn vakta með fullnægjandi hætti framkvæmd klínísku prófunarinnar. Bakhjarlinn skal ákvarða umfang og eðli vöktunarinnar á grundvelli mats þar sem tekið er tillit til allra eiginleika klínísku prófunarinnar, þ.m.t. eftirfarandi eiginleika:

a) hvort klíníska prófunin er klínísk prófun með litlu inngripi,

b) markmiðs og aðferðafræði klínísku prófunarinnar og

c) að hve miklu leyti inngripið er frábrugðið venjulegum klínískum starfsvenjum.

49. gr.

Hæfi einstaklinga sem taka þátt í framkvæmd klínísku prófunarinnar

Rannsakandinn skal vera læknir, eins og skilgreint er í landslögum, eða aðili sem gegnir starfi sem er viðurkennt í hlutaðeigandi aðildarríki sem rannsakandi vegna vísindalegrar þekkingar og reynslu af umönnun sjúklinga.

Aðrir einstaklingar sem taka þátt í framkvæmd klínískar prófunar skulu búa yfir tilskildri menntun, starfsþjálfun og reynslu til að annast störf sín.

50. gr.

Hentugleiki klíníska rannsóknarsetra

Aðstaðan þar sem klínísk prófun skal fara fram skal vera hentug fyrir framkvæmd klínísku prófunarinnar í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar.

51. gr.

Rekjanleiki, geymsla, endursending og eyðing rannsóknarlyfja

1. Rannsóknarlyf skulu vera rekjanleg. Þau skulu geymd, endursend og/eða þeim eytt eins og við á og hæfilegt er til að tryggja öryggi þátttakenda og áreiðanleika og traustleika gagnanna, sem fást úr klínísku rannsókninni, einkum að teknu tilliti til þess hvort rannsóknarlyfið er rannsóknarlyf með markaðsleyfi og hvort klíníska prófunin er klínísk prófun með litlu inngripi.

Fyrsta undirgrein skal einnig gilda um aukalyf án markaðsleyfis.

2. Viðkomandi upplýsingar varðandi rekjanleika, geymslu, endursendingu og eyðingu lyfja sem um getur í 1. mgr. skulu vera í umsóknargögnunum.

52. gr.

Skýrslugjöf um alvarleg brot

1. Bakhjarlinn skal tilkynna hlutaðeigandi aðildarríkjum um alvarleg brot á þessari reglugerð eða á þeirri útgáfu rannsóknaráætlunarinnar sem gildir á þeim tíma sem brotið átti sér stað, um ESB-gáttina, án ástæðulausrar tafar en eigi síðar en sjö dögum eftir að hann verður var við brotið.

2. „Alvarlegt brot“ skal, að því er varðar þessa grein, skilja sem brot sem líklegt er að hafi umtalsverð áhrif á öryggi og réttindi þátttakanda eða áreiðanleika og traustleika gagnanna sem fást úr klínísku rannsókninni.

53. gr.

Önnur kvöð um skýrslugjöf sem skiptir máli fyrir öryggi þátttakenda

1. Bakhjarlinn skal tilkynna hlutaðeigandi aðildarríkjum, um ESB-gáttina, um alla óvænta atburði sem hafa áhrif á sambandið milli ávinnings og áhættu í klínísku prófuninni en eru ekki óvæntar, alvarlegar aukaverkanir sem grunur er um, eins og um getur í 42. gr. Tilkynningin skal gefin án ástæðulausrar tafar en eigi síðar en 15 dögum frá því að bakhjarlinn verður var við slíkan atburð.

2. Bakhjarlinn skal leggja fram fyrir hlutaðeigandi aðildarríki, um ESB-gáttina, allar skýrslur um eftirlitsúttekt yfirvalda í þriðju löndum varðandi klínísku prófunina. Ef hlutaðeigandi aðildarríki óskar þess skal bakhjarlinn leggja fram þýðingu á skýrslunni eða samantekt hennar á því opinbera tungumáli Sambandsins sem tilgreint er í beiðninni.

54. gr.

Aðkallandi öryggisráðstafanir

1. Ef óvæntir atburðir eru líklegir til að hafa alvarleg áhrif á sambandið milli ávinnings og áhættu skal bakhjarl ásamt rannsakanda gera allar aðkallandi öryggisráðstafanir til að vernda þátttakandann.

2. Bakhjarlinn skal tilkynna hlutaðeigandi aðildarríkjum, um ESB-gáttina, um atburði og þær ráðstafanir sem gerðar eru.

Tilkynningin skal gefin án ástæðulausrar tafar en eigi síðar en sjö dögum frá deginum þegar ráðstafanirnar voru gerðar.

3. Þessi grein er með fyrirvara um III. og VII. kafla.

55. gr.

Upplýsingarit rannsakanda

1. Bakhjarlinn skal útvega rannsakandanum upplýsingarit rannsakanda.

2. Uppfæra skal upplýsingarit rannsakandans þegar fyrir liggja nýjar öryggisupplýsingar sem skipta máli og bakhjarlinn skal endurskoða það a.m.k. einu sinni á ári.

56. gr.

Skráning, vinnsla, meðhöndlun og geymsla upplýsinga

1. Bakhjarl eða rannsakandi, eftir því sem við á, skal skrá, vinna, meðhöndla og geyma allar upplýsingar um klínísku prófunina á þann hátt að unnt sé að gefa um þær nákvæma skýrslu, túlka þær og sannreyna en um leið skal halda trúnaðarkvöð á skrám og persónuupplýsingum um þátttakendurna í samræmi við gildandi lög um vernd persónuupplýsinga.

2. Gera skal viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að vernda upplýsingar og persónuupplýsingar sem unnar eru gegn óleyfilegum eða ólöglegum aðgangi, birtingu, miðlun, breytingu eða eyðingu eða gegn glötun af slysni, einkum þegar vinnslan felur í sér flutning um netkerfi.

57. gr.

Grunnskjal fyrir klíníska prófun

Bakhjarlinn og rannsakandinn skulu halda grunnskjal fyrir klíníska prófun. Grunnskjalið fyrir klínísku prófunina skal alltaf innihalda grundvallargögn varðandi klínísku prófunina sem gera kleift að sannprófa framkvæmd klínísku prófunarinnar og gæði þeirra gagna sem hafa fengist, með tilliti til allra eiginleika klínísku prófunarinnar, þ.m.t. einkum hvort klíníska prófunin er klínísk prófun með litlu inngripi. Aðildarríkin skulu hafa greiðan og beinan aðgang að skjalinu óski þau eftir því.

Innihald grunnskjalsins fyrir klínísku prófunina sem rannsakandinn heldur og þess sem bakhjarlinn heldur getur verið ólíkt ef mismunandi ábyrgð rannsakandans og bakhjarlsins réttlætir það.

58. gr.

Geymsla grunnskjals fyrir klíníska prófun

Bakhjarlinn og rannsakandinn skulu geyma innihald grunnskjalsins fyrir klínísku prófunina í a.m.k. 25 ár eftir að klínísku prófuninni lýkur, nema farið sé fram á geymslu í lengri tíma í öðrum lögum Sambandsins. Sjúkraskrár þátttakenda skulu þó geymdar í samræmi við landslög.

Geyma skal innihald grunnskjalsins fyrir klínísku prófunina á þann hátt að tryggt sé að lögbær yfirvöld hafi greiðan aðgang að því óski þau eftir því.

Öll yfirfærsla eignarréttar á innihaldi grunnskjalsins fyrir klínísku prófunina skal skjalfest. Nýjum eiganda skal fengin sú ábyrgð sem sett er fram í þessari grein.

Bakhjarlinn skal fela einstaklingum innan stofnunar sinnar ábyrgð á geymslu skjalanna. Takmarka skal aðgang að skjalasafni við þessa einstaklinga.

Miðillinn sem notaður er til að geyma innihald grunnskjalsins fyrir klíníska prófun skal vera þannig að innihaldið haldist heilt og læsilegt allt tímabilið sem um getur í fyrstu málsgrein.

Allar breytingar á innihaldi grunnskjalsins fyrir klínísku prófunina skulu vera rekjanlegar.

59. gr.

Aukalyf

1. Aðeins er heimilt að nota aukalyf með markaðsleyfi í klínískum prófunum.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki ef ekki er aðgengi að aukalyfjum með markaðsleyfi í Sambandinu eða ef skynsamlegt er að ætla að bakhjarlinn geti ekki notað aukalyf með markaðsleyfi. Setja skal rökstuðning um þetta í rannsóknaráætlunina.

3. Aðildarríki skulu tryggja að aukalyf án markaðsleyfis geti komið inn á þeirra yfirráðasvæði í þeim tilgangi að nota þau í klínískum prófunum í samræmi við 2. mgr.

IX. KAFLI

FRAMLEIÐSLA OG INNFLUTNINGUR Á RANNSÓKNARLYFJUM OG AUKALYFJUM

60. gr.

Gildissvið þessa kafla

Þessi kafli gildir um framleiðslu og innflutning á rannsóknarlyfjum og aukalyfjum.

61. gr.

Leyfi til framleiðslu og innflutnings

1. Framleiðsla og innflutningur á rannsóknarlyfjum í Sambandinu skal vera samkvæmt leyfi.

2. Til að fá leyfið sem um getur í 1. mgr. skal umsækjandinn uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) hann skal hafa til umráða, til framleiðslu eða innflutnings, viðeigandi og fullnægjandi húsnæði, tæknibúnað og eftirlitsaðstöðu sem uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í þessari reglugerð,

b) hann skal hafa til frambúðar og stöðugt í þjónustu sinni a.m.k. einn aðila sem hefur menntun og hæfi, sem uppfyllir skilyrðin um menntun og hæfi sem sett eru fram í 2. og 3. mgr. 49. gr. tilskipunar 2001/83/EB, (hér á eftir nefndur „aðilinn sem hefur menntun og hæfi“).

3. Umsækjandinn skal tilgreina, í umsókninni um leyfi, tegundir og lyfjaform rannsóknarlyfsins sem er framleitt eða innflutt, framleiðslu- eða innflutningsstarfsemi, framleiðsluferlið ef við á, þá staði þar sem framleiða á rannsóknarlyfin eða þá staði í Sambandinu þar sem þau verða flutt inn, og ítarlegar upplýsingar varðandi aðilann sem hefur menntun og hæfi.

4. Ákvæði 42. til 45. gr. og e-liðar 46. gr. tilskipunar 2001/83/EB skulu gilda að breyttu breytanda um leyfið sem um getur í 1. mgr.

5. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um neitt af eftirfarandi ferlum:

a) endurmerkingu eða endurpökkun, ef þessi ferli eru framkvæmd í sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum eða læknastofum af lyfjafræðingum eða öðrum þeim sem hafa lagalega heimild í hlutaðeigandi aðildarríki til að annast slík ferli og ef eingöngu á að nota rannsóknarlyfin á sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum eða læknastofum sem taka þátt í sömu klínísku prófuninni í sama aðildarríki,

b) undirbúning geislavirkra lyfja sem eru notuð sem rannsóknarlyf til greiningar, ef þetta ferli er framkvæmt í sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum eða læknastofum af lyfjafræðingum eða öðrum þeim sem hafa lagalega heimild í hlutaðeigandi aðildarríki til að annast slíkt ferli, og ef eingöngu á að nota rannsóknarlyfin á sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum eða læknastofum sem taka þátt í sömu klínísku prófuninni í sama aðildarríki,

c) undirbúning lyfjanna sem um getur í 1. og 2. lið 3. gr. tilskipunar 2001/83/EB og eru notuð sem rannsóknarlyf, ef þetta ferli er framkvæmt í sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum eða læknastofum sem hafa lagalega heimild í hlutaðeigandi aðildarríki til að annast slíkt ferli og ef eingöngu á að nota rannsóknarlyfin á sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum eða læknastofum sem taka þátt í sömu klínísku prófuninni í sama aðildarríki.

6. Aðildarríki skulu setja viðeigandi og hóflegar kröfur um ferlin sem sett eru fram í 5. mgr. til að tryggja öryggi þátttakenda og áreiðanleika og traustleika gagnanna sem fást úr klínísku prófuninni. Þau skulu tryggja reglulega eftirlitsúttekt ferlanna.

62. gr.

Ábyrgð aðilans sem hefur menntun og hæfi

1. Aðilinn sem hefur menntun og hæfi skal tryggja að hver framleiðslulota rannsóknarlyfja, sem framleidd er í Sambandinu eða flutt inn í Sambandið, sé í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í 63. gr. og skal votta að þessar kröfur séu uppfylltar.

2. Bakhjarlinn skal gera vottunina, sem um getur í 1. mgr., aðgengilega að beiðni hlutaðeigandi aðildarríkis.

63. gr.

Framleiðsla og innflutningur

1. Rannsóknarlyf skulu framleidd með því að nota framleiðsluhætti sem tryggja gæði slíkra lyfja til að standa vörð um öryggi þátttakandans og áreiðanleika og traustleika klínískra gagna sem fást úr klínísku prófuninni (hér á eftir nefndir „góðir framleiðsluhættir“). Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 89. gr. til að tilgreina meginreglur og viðmiðunarreglur um góða framleiðsluhætti og ítarlegt fyrirkomulag eftirlitsúttektar til að tryggja gæði rannsóknarlyfja, að teknu tilliti til öryggis þátttakenda eða áreiðanleika og traustleika gagna, tækniframfara og alþjóðlegrar þróunar á sviði reglusetningar sem Sambandið eða aðildarríkin eiga þátt í.

Að auki skal framkvæmdastjórnin einnig samþykkja og birta ítarlegar viðmiðunarreglur í samræmi við meginreglurnar um góða framleiðsluhætti og endurskoða þær ef nauðsyn krefur til að taka til greina framfarir í tækni og vísindum.

2. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki gilda um ferlin sem um getur í 5. mgr. 61. gr.

3. Rannsóknarlyf sem flutt eru inn í Sambandið skulu framleidd með því að beita gæðastöðlum sem eru a.m.k. jafngildir þeim sem mælt er fyrir skv. 1. mgr.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að kröfurnar í þessari grein séu uppfylltar með því að láta fara fram eftirlitsúttektir.

64. gr.

Breytingar á rannsóknarlyfjum með markaðsleyfi

Ákvæði 61., 62. og 63. gr. skulu gilda um rannsóknarlyf með markaðsleyfi eingöngu að því er varðar sérhverja breytingu á slíkum lyfjum sem markaðsleyfið nær ekki yfir.

65. gr.

Framleiðsla á aukalyfjum

Ef aukalyf er ekki með markaðsleyfi eða ef aukalyfi með markaðsleyfi er breytt en markaðsleyfið nær ekki yfir breytinguna skal það framleitt samkvæmt góðu framleiðsluháttunum, sem um getur í 1. mgr. 63. gr., eða a.m.k. samkvæmt jafngildum stöðlum, til að tryggja viðeigandi gæði.

X. KAFLI

MERKING

66. gr.

Rannsóknarlyf og aukalyf án markaðsleyfis

1. Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram á ytri umbúðum og innri umbúðum rannsóknarlyfja án markaðsleyfis og aukalyfja án markaðsleyfis:

a) upplýsingar sem auðkenna tengilið eða tengiliði sem taka þátt í klínísku prófuninni,

b) upplýsingar sem auðkenna klínísku rannsóknina,

c) upplýsingar sem auðkenna lyfið,

d) upplýsingar sem tengjast notkun lyfsins.

2. Upplýsingarnar sem eiga að koma fram á ytri umbúðunum og innri umbúðunum skulu tryggja öryggi þátttakanda og áreiðanleika og traustleika gagnanna sem fást úr klínísku prófuninni jafnframt því að taka til greina hönnun klínísku prófunarinnar, hvort lyfin eru rannsóknarlyf eða aukalyf og hvort þau eru lyf með sérstaka eiginleika.

Upplýsingarnar sem birtast á ytri umbúðum og innri umbúðum skulu vera auðlæsilegar.

Skrá yfir upplýsingar, sem eiga að birtast á ytri umbúðum og innri umbúðum, er sett fram í IV. viðauka.

67. gr.

Rannsóknarlyf og aukalyf með markaðsleyfi

1. Rannsóknarlyf með markaðsleyfi og aukalyf með markaðsleyfi skulu merkt:

a) í samræmi við 1. mgr. 66. gr. eða

b) í samræmi við V. bálk tilskipunar 2001/83/EB.

2. Ef þörf er á í klínískri prófun, þrátt fyrir b-lið 1. mgr., við tilteknar aðstæður, sem kveðið er á um í rannsóknaráætluninni, til að tryggja öryggi þátttakandans eða áreiðanleika eða traustleika gagnanna sem fást úr klínískri prófun skulu viðbótarupplýsingar varðandi auðkenningu klínísku prófunarinnar og tengiliðsins birtast á ytri og innri umbúðum rannsóknarlyfjanna sem eru með markaðsleyfi. Skrá yfir þessar viðbótarupplýsingar, sem eiga að birtast á ytri og innri umbúðum, er sett fram í þætti C í VI. viðauka.

68. gr.

Geislavirk lyf notuð sem rannsóknarlyf eða sem aukalyf við sjúkdómsgreiningu

Ákvæði 66. og 67. gr. gilda ekki um geislavirk lyf sem eru notuð sem rannsóknarlyf til greiningar eða sem aukalyf til greiningar.

Lyfin, sem um getur í fyrstu málsgrein, skulu vera merkt með viðeigandi hætti til að tryggja öryggi þátttakandans og áreiðanleika og traustleika gagnanna sem fást úr klínísku prófuninni.

69. gr.

Tungumál

Hlutaðeigandi aðildarríki skal ákveða hvaða tungumál skal notað í upplýsingunum á merkimiðanum. Heimilt er að merkja lyfið á fleiri en einu tungumáli.

70. gr.

Framseldar gerðir

Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 89. gr. að því er varðar breytingar á VI. viðauka til að tryggja öryggi þátttakenda og áreiðanleika og traustleika gagnanna sem fást úr klínískri rannsókn eða til að taka til greina tækniframfarir.

XI. KAFLI

BAKHJARL OG RANNSAKANDI

71. gr.

Bakhjarl

Í klínískri prófun getur verið einn bakhjarl eða nokkrir.

Öllum bakhjörlum er heimilt, með skriflegum samningi, að fela einstaklingi, fyrirtæki, stofnun eða samtökum að sinna verkefnum sínum, í heild eða að hluta. Slík verkskipan hefur ekki áhrif á ábyrgð bakhjarlsins, einkum að því er varðar öryggi þátttakenda og áreiðanleika og traustleika gagnanna sem fást úr klínísku prófuninni.

Rannsakandinn og bakhjarlinn geta verið sami aðilinn.

72. gr.

Samábyrgð

1. Með fyrirvara um 74. gr. og ef klíníska prófunin hefur fleiri en einn bakhjarl skulu allir bakhjarlar bera þá ábyrgð bakhjarls sem sett er fram í þessari reglugerð nema bakhjarlarnir ákveði annað í skriflegum samningi þar sem ábyrgð hvers og eins er tilgreind. Ef ekki er tilgreint í samningnum hvaða bakhjarl ber tiltekna ábyrgð skal hún hvíla á öllum bakhjörlunum.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skulu bakhjarlarnir bera sameiginlega ábyrgð á að ákvarða:

a) bakhjarl sem ber ábyrgð á að staðið sé við skuldbindingar bakhjarls í málsmeðferðinni við leyfisveitingu sem sett er fram í II. og III. kafla,

b) bakhjarl sem ber ábyrgð á að vera tengiliður sem tekur við öllum spurningum varðandi klínísku prófunina frá þátttakendum, rannsakendum eða hlutaðeigandi aðildarríkjum og veitir svör við þeim spurningum,

c) bakhjarl sem ber ábyrgð á framkvæmd ráðstafananna sem gerðar eru í samræmi við 77. gr.

73. gr.

Yfirrannsakandi

Yfirrannsakandi skal tryggja að klínísk prófun á klínísku rannsóknarsetri uppfylli þær kröfur sem settar eru fram í þessari reglugerð.

Yfirrannsakandi skal deila verkefnum á milli aðila í hópi rannsakenda á þann hátt að það stofni ekki öryggi þátttakenda í hættu og áreiðanleika og traustleika gagnanna sem fást úr klínísku prófuninni á því klíníska rannsóknarsetri.

74. gr.

Lagalegur fyrirsvarsmaður bakhjarls í Sambandinu

1. Ef bakhjarl klínískrar prófunar hefur ekki staðfestu í Sambandinu skal hann tryggja að einstaklingur eða lögaðili sé til staðar í Sambandinu sem lagalegur fyrirsvarsmaður hans. Lagalegi fyrirsvarsmaðurinn skal bera ábyrgð á að tryggja að staðið sé við skuldbindingar bakhjarls samkvæmt þessari reglugerð og skal taka við öllum samskiptum við bakhjarlinn sem kveðið er á um í þessari reglugerð. Öll samskipti við þennan lagalega fyrirsvarsmann skulu teljast vera samskipti við bakhjarlinn.

2. Aðildarríki geta valið að beita ekki ákvæðum 1. mgr. að því er varðar klínískar prófanir sem eru eingöngu framkvæmdar á þeirra yfirráðasvæði, eða á yfirráðasvæði þeirra og yfirráðasvæði þriðja lands, að því tilskildu að tryggt sé að bakhjarlinn komi a.m.k. á tengilið á þeirra yfirráðasvæði fyrir klínísku prófunina sem skal taka við öllum samskiptum við bakhjarlinn sem kveðið er á um í þessari reglugerð.

3. Að því er varðar klíníska prófanir, sem skal framkvæma í fleiri en einu aðildarríki, geta þessi aðildarríki valið að beita ekki ákvæðum 1. mgr. að því tilskildu að tryggt sé að bakhjarlinn komi a.m.k. á tengilið í Sambandinu að því er varðar klínísku prófunina sem skal taka við öllum samskiptum við bakhjarlinn sem kveðið er á um í þessari reglugerð.

75. gr.

Bótaábyrgð

Þessi kafli skal ekki hafa áhrif á einkaréttar- og refsiábyrgð bakhjarlsins, rannsakandans eða aðilans sem bakhjarlinn hefur úthlutað verkefnum til.

XII. KAFLI

SKAÐABÆTUR

76. gr.

Skaðabætur

1. Aðildarríki skulu tryggja að bótakerfi vegna skaða sem þátttakandi verður fyrir vegna þátttöku í klíníski prófun, sem er framkvæmd á þeirra yfirráðasvæði, sé til staðar í formi tryggingar, ábyrgðar eða svipaðs fyrirkomulags sem er jafngilt að því er varðar tilgang og er í samræmi við eðli og umfang áhættunnar.

2. Bakhjarlinn og rannsakandinn skal nota kerfið sem um getur í 1. mgr. í viðeigandi formi fyrir hlutaðeigandi aðildarríki þar sem klíníska prófunin er framkvæmd.

3. Aðildarríkin skulu ekki krefjast þess að bakhjarlar klíníska prófana með litlu inngripi noti einnig kerfið sem um getur í 1. mgr. ef hugsanlegur skaði, sem þátttakandi gæti orðið fyrir vegna notkunar á rannsóknarlyfinu í samræmi við rannsóknaráætlun þessarar tilteknu klínísku prófunar á yfirráðasvæði viðkomandi aðildarríkis, fellur undir gildandi bótakerfi sem er þegar til staðar.

XIII. KAFLI

EFTIRLIT AÐILDARRÍKJA OG EFTIRLITSÚTTEKTIR OG EFTIRLIT SAMBANDSINS

77. gr.

Ráðstafanir til úrbóta sem aðildarríki skulu grípa til

1. Ef hlutaðeigandi aðildarríki hefur rökstudda ástæðu til að telja að kröfurnar, sem eru settar fram í þessari reglugerð, séu ekki lengur uppfylltar er því heimilt að grípa til eftirfarandi ráðstafana á sínu yfirráðasvæði:

a) afturkalla leyfið fyrir klíníska prófun,

b) stöðva tímabundið klíníska prófun,

c) krefjast þess að bakhjarlinn breyti þáttum í klínísku prófuninni.

2. Áður en hlutaðeigandi aðildarríki grípur til þeirra ráðstafana sem um getur í 1. mgr. skal það biðja um álit bakhjarlsins og/eða rannsakandans, nema þegar tafarlausra aðgerða er þörf. Álitinu skal skilað innan sjö daga.

3. Um leið og hlutaðeigandi aðildarríki hefur gripið til ráðstafana sem um getur í 1. mgr. skal það upplýsa öll hlutaðeigandi aðildarríki, um ESB-gáttina.

4. Öll hlutaðeigandi aðildarríki geta haft samráð við önnur hlutaðeigandi aðildarríki áður en gripið er til þeirra ráðstafana sem um getur í 1. mgr.

78. gr.

Eftirlitsúttektir á vegum aðildarríkjanna

1. Aðildarríkin skulu tilnefna eftirlitsmenn sem framkvæma eftirlitsúttektir til að fylgjast með því hvort farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar. Þau skulu sjá til þess að þessir eftirlitsmenn hafi fullnægjandi menntun, hæfi og þjálfun.

2. Eftirlitsúttektir skulu framkvæmdar á ábyrgð aðildarríkisins þar sem eftirlitsúttektin fer fram.

3. Ef hlutaðeigandi aðildarríki ætlar að framkvæma eftirlitsúttekt á yfirráðasvæði sínu eða í þriðja landi, að því er varðar eina eða fleiri klínískar prófanir sem eru framkvæmdar í fleiri en einu hlutaðeigandi aðildarríki, skal það tilkynna öðrum hlutaðeigandi aðildarríkjum, framkvæmdastjórninni og Lyfjastofnuninni um þá fyrirætlan sína, um ESB-gáttina, og skal upplýsa þau um niðurstöðurnar að eftirlitsúttektinni lokinni.

4. Heimilt er að fella niður gjöld fyrir eftirlitsúttekt, ef einhver eru, fyrir bakhjarl án viðskiptahagsmuna.

5. Til að nýta af skilvirkni þau tilföng sem eru aðgengileg og til að komast hjá tvítekningum skal Lyfjastofnunin sjá um að samræma samstarfið milli hlutaðeigandi aðildarríkja um eftirlitsúttektir, sem framkvæmdar eru í aðildarríkjum, í þriðju löndum og eftirlitsúttektir sem framkvæmdar eru innan ramma umsóknar um markaðsleyfi, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 726/2004.

6. Að eftirlitsúttekt lokinni skal aðildarríkið sem bar ábyrgð á eftirlitsúttektinni sem var framkvæmd semja skýrslu um hana. Það aðildarríki skal gera skýrsluna um eftirlitsúttektina aðgengilega aðilanum sem eftirlitsúttektin var framkvæmd hjá og bakhjarli viðkomandi klínískrar rannsóknar og skal leggja skýrsluna fram um ESB-gáttina.

7. Framkvæmdastjórnin skal tilgreina, með framkvæmdargerðum, ítarlegt fyrirkomulag fyrir málsmeðferð við eftirlitsúttektina, þ.m.t. kröfur um menntun, hæfi og þjálfun eftirlitsmanna. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 88. gr.

79. gr.

Eftirlit á vegum Sambandsins

1. Framkvæmdastjórninni er heimilt að framkvæma eftirlit til að staðfesta:

a) hvort aðildarríkin fylgist rétt með því að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar,

b) hvort reglukerfið sem gildir fyrir klíníska prófanir sem framkvæmdar eru utan Sambandsins tryggi að farið sé að 8. lið undir „Inngangur og almennar meginreglur“ í I. viðauka við tilskipun 2001/83/EB,

c) hvort reglukerfið sem gildir fyrir klíníska prófanir sem framkvæmdar eru utan Sambandsins tryggi að farið sé að ákvæðum 5. mgr. 25. gr. þessarar reglugerðar.

2. Eftirlit Sambandsins sem um getur í a-lið 1. mgr. skal skipulagt í samstarfi við hlutaðeigandi aðildarríki.

Framkvæmdastjórnin skal, í samstarfi við aðildarríkin, útbúa áætlun fyrir eftirlit Sambandsins sem um getur í b- og c-lið 1. mgr.

Framkvæmdastjórnin skal gefa skýrslu um niðurstöður alls eftirlits Sambandsins sem framkvæmt er. Þessar skýrslur skulu hafa að geyma tilmæli ef við á. Framkvæmdastjórnin skal leggja þessar skýrslur fram um ESB-gáttina.

XIV. KAFLI

INNVIÐIR UPPLÝSINGATÆKNINNAR

80. gr.

ESB-gátt

Lyfjastofnunin skal, í samstarfi við aðildarríkin og framkvæmdastjórnina, koma á fót og viðhalda gátt á vettvangi Sambandsins sem er sameiginlegur móttökustaður fyrir framlagningu gagna og upplýsinga varðandi klíníska prófanir í samræmi við þessa reglugerð. ESB-gáttin skal vera tæknilega þróuð og notendavæn til að koma í veg fyrir óþarfa vinnu.

Gögn og upplýsingar, sem lögð eru fram um ESB-gáttina, skulu geymd í ESB-gagnagrunninum.

81. gr.

ESB-gagnagrunnur

1. Lyfjastofnunin skal, í samstarfi við aðildarríkin og framkvæmdastjórnina, setja upp og viðhalda ESB-gagnagrunni á vettvangi Sambandsins. Lyfjastofnunin skal teljast ábyrgðaraðili fyrir ESB-gagnagrunninum og skal bera ábyrgð á því að komast hjá óþarfa skörun ESB-gagnagrunnsins við EudraCT- og Eudravigilance-gagnagrunnana.

ESB-gagnagrunnurinn skal innihalda gögn og upplýsingar sem lögð eru fram í samræmi við þessa reglugerð.

Í ESB-gagnagrunninum skal auðkenna hverja klíníska prófun með sérstöku ESB-prófunarnúmeri. Bakhjarlinn skal vísa til þessa ESB-prófunarnúmers í öllum síðari framlagningum sem varða eða vísa til þeirrar klínísku prófunar.

2. ESB-gagnagrunninum skal komið á fót til að gera lögbærum yfirvöldum og hlutaðeigandi aðildarríkjum kleift að vinna saman að því marki sem nauðsynlegt er fyrir beitingu þessarar reglugerðar og til að leita að tilteknum klínískum prófunum. Hann skal einnig auðvelda samskipti milli bakhjarls og hlutaðeigandi aðildarríkja og gera bakhjörlum kleift að vísa til fyrri framlagninga á umsóknum um leyfi fyrir klínískri prófun eða verulegri breytingu. Einnig skal hann gera borgurum Sambandsins kleift að hafa aðgengi að klínískum upplýsingum um lyf. Í því skyni skulu öll gögn sem geymd eru í ESB-gagnagrunninum vera á formi sem auðvelt er að leita í, öll skyld gögn skulu vera tengd saman með ESB-prófunarnúmeri og gefa skal upp tengla til að tengja saman gögn og skjöl sem eru skyld og geymd eru í ESB-gagnagrunninum og öðrum gagnagrunnum sem Lyfjastofnunin sér um.

3. ESB-gagnagrunnurinn skal styðja skráningu og framlagningu allra gagna um lyf án markaðsleyfa í Sambandinu og efna sem ekki hafa hlotið leyfi sem hluti af lyfi í Sambandinu í lyfjaorðabókina (e. *Medicinal Product Dictionary*) sem eru nauðsynleg til að viðhalda orðabókinni. Í þessu skyni og einnig í þeim tilgangi að gera bakhjarlinum kleift að millivísa í fyrri umsóknir skal gefa út ESB-lyfjanúmer fyrir hvert lyf án markaðsleyfis og ESB-kóða fyrir virk efni fyrir hvert nýtt virkt efni sem hefur ekki hlotið markaðsleyfi sem hluti af lyfi í Sambandinu. Þetta skal gert áður eða á meðan umsókn er lögð er fram í samræmi við þessa reglugerð fyrir fyrstu klínísku prófuninni með því lyfi eða virka efni. Þessara númera skal getið í öllum síðari umsóknum um klíníska prófanir og um verulegar breytingar.

Gögnin, sem lögð eru fram í samræmi við fyrstu undirgrein og lýsa lyfjum og efnum, skulu samræmast stöðlum Sambandsins og alþjóðlegum stöðlum um auðkenningu á lyfjum og virkum efnum. Þegar nota á rannsóknarlyf sem hefur þegar markaðsleyfi í Sambandinu og/eða virkt efni sem er hluti af lyfi með markaðsleyfi í Sambandinu í klíníska prófun skal vísa til númera viðkomandi lyfja og virkra efna í umsókninni um þá klínísku prófun.

4. ESB-gagnagrunnurinn skal vera aðgengilegur almenningi nema færð séu rök fyrir trúnaðarkvöð varðandi öll gögn í honum eða hluta þeirra og upplýsingar sem felast í þeim, af einhverjum af eftirfarandi ástæðum:

a) verndar persónuupplýsinga í samræmi við reglugerð (EB) nr. 45/2001,

b) verndar upplýsinga sem viðskiptaleynd hvílir á, einkum með því að taka tillit til stöðu markaðsleyfisins fyrir leyfinu, nema þegar almannahagsmunir af birtingu upplýsinga ganga framar,

c) verndar trúnaðarsamskipta milli aðildarríkja í tengslum við undirbúning matsskýrslunnar,

d) til að tryggja skilvirkt eftirlit með framkvæmd klínískrar prófunar af hálfu aðildarríkisins.

5. Gögn sem koma fram í umsóknargögnunum skulu ekki vera aðgengileg almenningi áður en ákvörðunin hefur verið tekin varðandi klínísku rannsóknina, nema þegar almannahagsmunir af birtingu upplýsinganna ganga framar, með fyrirvara um 4. mgr.

6. ESB-gagnagrunnurinn skal aðeins innihalda persónuupplýsingar að því marki sem nauðsynlegt er að því er tekur til 2. mgr.

7. Engar persónuupplýsingar þátttakanda skulu vera aðgengilegar almenningi.

8. Notendaviðmót ESB-gagnagrunnsins skal vera aðgengilegt á öllum opinberum tungumálum Sambandsins.

9. Bakhjarlinn skal stöðugt uppfæra upplýsingar um allar breytingar á klínísku prófununum sem eru ekki verulegar breytingar en skipta máli fyrir eftirlit hlutaðeigandi aðildarríkis með klínísku rannsókninni.

10. Lyfjastofnunin, framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu tryggja að skráður aðili geti á virkan hátt neytt réttar síns til upplýsinga, aðgangs, leiðréttingar og andmælaréttar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 45/2001 annars vegar og hins vegar landslaga um gagnavernd til framkvæmdar á tilskipun 95/46/EB. Þau skulu tryggja að skráður aðili geti á virkan hátt neytt réttar síns til aðgangs að gögnum er varða hann og réttar til að gögn sem eru ónákvæm eða ófullgerð séu leiðrétt eða þeim eytt. Lyfjastofnunin, framkvæmdastjórnin og aðildarríki, á ábyrgðarsviði hvers og eins, skulu tryggja að ónákvæmum gögnum eða gögnum sem hafa verið unnin með ólögmætum hætti verði eytt í samræmi við gildandi lög. Leiðréttingar og eyðingar skulu framkvæmdar eins fljótt og hægt er en eigi síðar en 60 dögum eftir að skráður aðili óskar eftir því.

82. gr.

Virkni ESB-gáttarinnar og ESB-gagnagrunnsins

1. Lyfjastofnunin skal, í samvinnu við aðildarríkin og framkvæmdastjórnina, semja virkniforskriftir fyrir ESB-gáttina og ESB-gagnagrunninn og ákveða tímarammann til að hrinda þeim í framkvæmd.

2. Þegar stjórn Lyfjastofnunarinnar hefur staðfest að ESB-gáttin og ESB-gagnagrunnurinn hafi náð fullri virkni og kerfin uppfylli virkniforskriftirnar, sem eru samdar samkvæmt 1. mgr., skal hún upplýsa framkvæmdastjórnina um það á grundvelli óháðrar úttektarskýrslu

3. Þegar framkvæmdastjórnin er fullviss um að skilyrðin, sem um getur í 2. mgr., séu uppfyllt skal hún birta tilkynningu þar að lútandi í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

XV. KAFLI

SAMSTARF MILLI AÐILDARRÍKJA

83. gr.

Innlendir tengiliðir

1. Hvert aðildarríki skal tilnefna einn innlendan tengilið til að auðvelda framkvæmd málsmeðferðarinnar sem sett er fram í II. og III. kafla.

2. Hvert aðildarríki skal tilkynna tengiliðinn sem um getur í 1. málsgrein til framkvæmdastjórnarinnar. Framkvæmdastjórnin skal birta skrá yfir innlendu tengiliðina.

84. gr.

Stuðningur frá Lyfjastofnuninni og framkvæmdastjórninni

Lyfjastofnunin skal styðja samvinnu aðildarríkjanna innan ramma málsmeðferðarinnar við leyfisveitingu, sem sett er fram í II. og III. kafla þessarar reglugerðar, með því að viðhalda og uppfæra ESB-gáttina og ESB-gagnagrunninn í samræmi við þá reynslu sem fengist hefur meðan á framkvæmd þessarar reglugerðar hefur staðið.

Framkvæmdastjórnin skal styðja samvinnu aðildarríkjanna sem um getur í 2. mgr. 44. gr.

85. gr.

Samræmingar- og ráðgjafarhópur fyrir klíníska prófanir

1. Samræmingar- og ráðgjafarhóp fyrir klíníska prófanir (e. *Clinical Trials Coordination and Advisory Group*, CTAG), sem samsettur er úr innlendu tengiliðunum sem um getur í 83. gr., er hér með komið á fót.

2. Samræmingar- og ráðgjafarhópurinn skal sinna eftirfarandi verkefnum:

a) styðja við upplýsingaskipti milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar um þá reynslu sem fengist hefur við framkvæmd þessarar reglugerðar,

b) aðstoða framkvæmdastjórnina með því að veita stuðninginn sem um getur í annarri málsgrein 84. gr.,

c) undirbúa tilmæli um viðmiðanir varðandi val á aðildarríki sem gefur skýrslu.

3. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar fer með formennsku í hópnum.

4. Hópurinn skal halda fundi reglulega og einnig þegar nauðsyn krefur, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar eða aðildarríkis. Allir liðir á dagskrá fundarins skulu vera að beiðni framkvæmdastjórnarinnar eða aðildarríkis.

5. Framkvæmdastjórnin annast skrifstofuhald nefndarinnar.

6. Samræmingar- og ráðgjafarhópurinn setur sér starfsreglur. Starfsreglurnar skulu birtar opinberlega.

XVI. KAFLI

GJÖLD

86. gr.

Almenn meginregla

Þessi reglugerð skal ekki hafa áhrif á möguleika aðildarríkja á að leggja gjald á starfsemina sem sett er fram í þessari reglugerð, að því tilskildu að fjárhæð gjaldsins sé ákvörðuð á gagnsæjan hátt og á grundvelli meginreglna um endurheimt kostnaðar. Aðildarríki geta sett lægri gjöld fyrir bakhjarl án viðskiptahagsmuna.

87. gr.

Ein greiðsla á hverja starfsemi og á hvert aðildarríki

Ef um er að ræða mat eins og um getur í II. og III. kafla skulu aðildarríki ekki fara fram á margar greiðslur til mismunandi aðila sem taka þátt í þessu mati.

XVII. KAFLI

FRAMKVÆMDARGERÐIR OG FRAMSELDAR GERÐIR

88. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar fastanefndarinnar um mannalyf sem komið var á fót með tilskipun 2001/83/EB. Sú nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

Skili nefndin ekki áliti skal framkvæmdastjórnin ekki samþykkja drögin að framkvæmdargerðinni og þriðja undirgrein 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 skal gilda.

89. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, eins og um getur í 27. gr., 39. gr., 45. gr., 63. gr. (1. mgr.) og 70. gr., á fimm ára tímabili frá þeirri dagsetningu sem um getur í annarri málsgrein 99. gr. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu, að því er varðar framsal valds, eigi síðar en sex mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framsal valds skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlöng tímabil nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli slíkri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal þess valds sem um getur í 27. gr., 39. gr., 45. gr., 63. gr. (1. mgr.) og 70. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á framsal þess valds sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 27. gr., 39. gr., 45. gr., 63. gr. (1. mgr.) og 70. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins, eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

XVIII. KAFLI

ÝMIS ÁKVÆÐI

90. gr.

Sértækar kröfur varðandi sérstaka lyfjahópa

Þessi reglugerð skal ekki hafa áhrif á beitingu landslaga sem banna eða takmarka notkun einhverrar sérstakrar tegundar manna- eða dýrafruma, eða sölu, afhendingu eða notkun lyfja sem innihalda, samanstanda af eða eru unnin úr þessum frumum, eða notkun lyfja til að framkalla fósturlát eða lyfja sem innihalda ávana- og fíkniefni í skilningi viðkomandi gildandi alþjóðasamninga, s.s. alþjóðasamnings Sameinuðu þjóðanna frá 1961 um ávana- og fíkniefni. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi landslög.

Óheimilt er að gera klínískar prófanir sem leiða til breytinga á erfðaauðkennum kímlínu þátttakandans.

91. gr.

Tengsl við aðra löggjöf Sambandsins

Þessi reglugerð skal ekki hafa áhrif á tilskipun ráðsins 97/43/KBE ([13]), tilskipun ráðsins 96/29/KBE ([14]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB ([15]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/23/EB ([16]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/98/EB ([17]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/53/EB ([18]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/41/EB ([19]).

([13]) Tilskipun ráðsins 97/43/KBE frá 30. júní 1997 um heilsuvernd einstaklinga vegna hættu af völdum jónandi geislunar í tengslum við læknisfræðileg váhrif og um niðurfellingu tilskipunar 84/466/KBE (Stjtíð. EB L 180, 9.7.1997, bls. 22).

([14]) Tilskipun ráðsins 96/29/KBE frá 13. maí 1996 um grundvallaröryggisstaðla um verndun heilbrigðis starfsmanna og almennings gegn hættu af völdum jónandi geislunar (Stjtíð. EB L 159, 29.6.1996, bls. 1).

([15]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB frá 12. mars 2001 um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/220/EBE (Stjtíð. EB L 106, 17.4.2001, bls. 1).

([16]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/23/EB frá 31. mars 2004 um setningu gæða- og öryggiskrafna um gjöf, öflun, prófun, vinnslu, varðveislu, geymslu og dreifingu vefja og frumna úr mönnum (Stjtíð. ESB L 102, 7.4.2004, bls. 48).

([17]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/98/EB frá 27. janúar 2003 um setningu gæða- og öryggisstaðla fyrir söfnun, prófun, vinnslu, geymslu og dreifingu blóðs og blóðhluta úr mönnum og um breytingu á tilskipun 2001/83/EB (Stjtíð. ESB L 33, 8.2.2003, bls. 30).

([18]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/53/ESB frá 7. júlí 2010 um kröfur varðandi gæði og öryggi líffæra úr mönnum sem eru ætluð til ígræðslu (Stjtíð. ESB L 207, 6.8.2010, bls. 14).

([19]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/41/EB frá 6. maí 2009 um afmarkaða notkun erfðabreyttra örvera (Stjtíð. ESB L 125, 21.5.2009, bls. 75).

92. gr.

Rannsóknarlyf, önnur lyf og aðgerðir, án endurgjalds fyrir þátttakandann

Án þess að hafa áhrif á hæfi aðildarríkjanna til að skilgreina heilbrigðisstefnur sínar og skipuleggja og veita heilbrigðisþjónustu og læknishjálp skal þátttakandinn ekki bera kostnað af rannsóknarlyfjum, aukalyfjum, lækningatækjum sem notuð eru við inngjöf þeirra og aðgerðir sem sérstaklega er kveðið á um í rannsóknaráætluninni, nema kveðið sé á um annað í lögum hlutaðeigandi aðildarríkis.

93. gr.

Gagnavernd

1. Aðildarríki skulu beita tilskipun 95/46/EB varðandi vinnslu persónuupplýsinga sem innt er af hendi í aðildarríkjunum samkvæmt þessari reglugerð.

2. Reglugerð (EB) nr. 45/2001 skal gilda um vinnslu persónuupplýsinga sem framkvæmdastjórnin og Lyfjastofnunin innir af hendi samkvæmt þessari reglugerð.

94. gr.

Viðurlög

1. Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn þessari reglugerð og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa letjandi áhrif.

2. Reglurnar sem um getur í 1. mgr. skulu m.a. fjalla um eftirfarandi:

a) brot á ákvæðunum, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, um framlagningu upplýsinga sem ætlað er að vera aðgengilegar öllum í ESB-gagnagrunninnum,

b) brot á ákvæðunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð um öryggi þátttakenda.

95. gr.

Einkaréttar- og refsiábyrgð

Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á landslög og lög Sambandsins um einkaréttar- og refsiábyrgð bakhjarls eða rannsakanda.

XIX. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

96. gr.

Niðurfelling

1. Tilskipun 2001/20/EB er felld úr gildi frá og með þeim degi sem um getur í annarri málsgrein 99. gr.

2. Líta ber á tilvísanir í tilskipun 2001/20/EB sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í VII. viðauka.

97. gr.

Endurskoðun

Fimm árum eftir dagsetninguna sem um getur í annarri málsgrein 99. gr. og á fimm ára fresti upp frá því skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um beitingu þessarar reglugerðar. Skýrslan skal innihalda mat á áhrifunum sem reglugerðin hefur haft á framfarir í vísindum og tækni, ítarlegar upplýsingar um mismunandi tegundir klínískra prófana sem leyfi hafa verið veitt fyrir samkvæmt þessari reglugerð og ráðstafanirnar sem þörf er á til að viðhalda samkeppnishæfni evrópskra, klínískra rannsókna. Framkvæmdastjórnin skal, ef við á, leggja fram tillögu að nýrri löggjöf sem byggir á skýrslunni til að uppfæra ákvæðin sem sett eru fram í þessari reglugerð.

98. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Ef lögð hefur verið fram beiðni um leyfi fyrir klíníska prófun fyrir dagsetninguna sem um getur í annarri málsgrein 99. gr. þessarar reglugerðar samkvæmt tilskipun 2001/20/EB skal sú klíníska prófun falla áfram undir gildissvið þeirrar tilskipunar þar til þrjú ár eru liðin frá þeirri dagsetningu, þrátt fyrir 1. mgr. 96. gr. þessarar reglugerðar.

2. Ef lögð er fram beiðni um leyfi fyrir klíníska prófun á milli sex mánaða frá birtingardegi tilkynningarinnar sem um getur í 3. mgr. 82. gr. þessarar reglugerðar og 18 mánaða eftir birtingardag tilkynningarinnar eða, ef birting tilkynningarinnar á sér stað fyrir 28. nóvember 2015, ef sú beiðni er lögð fram milli 28. maí 2016 og 28. maí 2017, getur sú klíníska prófun hafist í samræmi við 6., 7. og 9. gr. tilskipunar 2001/20/EB, þrátt fyrir 1. mgr. 96. gr. þessarar reglugerðar. Klíníska prófunin skal falla áfram undir gildissvið þeirrar tilskipunar þar til 42 mánuðum eftir birtingardag tilkynningarinnar sem um getur í 3. mgr. 82. gr. þessarar reglugerðar eða, ef birtingin á sér stað fyrir 28. nóvember 2015, fram til 28. maí 2019.

99. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún skal gilda frá og með sex mánuðum eftir birtingu tilkynningarinnar sem um getur í 3. mgr. 82. gr., en aldrei fyrr en 28. maí 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 16. apríl 2014.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
M. SCHULZ	D. KOURKOULAS
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

UMSÓKNARGÖGN FYRIR UPPHAFLEGU UMSÓKNINA

A. INNGANGUR OG ALMENNAR MEGINREGLUR

1. Bakhjarlinn skal, eftir því sem við á, vísa til allra fyrri umsókna. Ef annar bakhjarl hefur lagt fram þessar umsóknir skal leggja fram skriflegt samkomulag frá þeim bakhjarli.

2. Ef klíníska prófunin hefur fleiri en einn bakhjarl skal leggja fram í umsóknargögnunum ítarlegar upplýsingar um ábyrgð hvers og eins.

3. Bakhjarlinn eða fulltrúi bakhjarlsins skal undirrita umsóknina. Þessi undirritun staðfestir að bakhjarlinn er fullviss um að:

   a) framlagðar upplýsingar eru fullgerðar,

   b) fylgiskjöl innihalda nákvæma lýsingu á tiltækum upplýsingum,

   c) klíníska prófunin verði framkvæmd í samræmi við rannsóknaráætlunina og

   d) klíníska prófunin verði framkvæmd í samræmi við þessa reglugerð.

4. Umsóknargögnin fyrir umsókn sem takmörkuð er við I. hluta matsskýrslunnar sem um getur í 11. gr. skal vera takmörkuð við þætti B til J og Q í þessum viðauka.

5. Með fyrirvara um 26. gr. skulu umsóknargögnin fyrir umsókn sem takmörkuð er við II. hluta matsskýrslunnar sem um getur í 11. gr. og umsóknargögnin fyrir umsókn sem um getur í 14. gr. vera takmörkuð við þætti K til R í þessum viðauka.

B. FYLGIBRÉF

6. Í fylgibréfinu skal tilgreina ESB-prófunarnúmerið og altæka prófunarnúmerið og þar skal vekja athygli á öllum sérstökum einkennum klínísku prófunarinnar.

7. Í fylgibréfinu er þó ekki nauðsynlegt að tilgreina aftur upplýsingar sem eru þegar til staðar á umsóknareyðublaði ESB, með eftirfarandi undantekningum:

   a) sérkenni þýðisins í klínísku prófuninni, s.s. þátttakendur sem geta ekki veitt upplýst samþykki, ólögráða börn og konur sem eru þungaðar eða hafa barn á brjósti,

   b) ef klíníska prófunin felur í sér fyrstu notkun á nýju virku efni á menn,

   c) ef Lyfjastofnun, aðildarríki eða þriðja land hefur veitt vísindalega ráðgjöf varðandi klínísku prófunina eða rannsóknarlyfið,

   d) ef klíníska prófunin er hluti af eða er ætlað að verða hluti af rannsóknaráætlun um notkun lyfs fyrir börn eins og um getur í 3. kafla II. bálks í reglugerð (EB) nr. 1901/2006 (ef Lyfjastofnunin hefur þegar gefið út ákvörðun varðandi rannsóknaráætlun um notkun lyfs fyrir börn skal fylgibréfið innihalda tengil á ákvörðun Lyfjastofnunar á vefsetri hennar),

   e) ef rannsóknarlyf eða aukalyf eru lyf sem innihalda ávana-eða fíkniefni, geðvirk efni eða eru geislavirk lyf,

   f) ef rannsóknarlyfin samanstanda af eða innihalda erfðabreytta lífveru eða lífverur,

   g) ef bakhjarlinn hefur fengið rannsóknarlyfið tilnefnt sem lyf við fátíðum sjúkdómum í tengslum við sjaldgæft ástand,

   h) tæmandi skrá, þ.m.t. hvaða reglur gilda, yfir öll rannsóknarlyf og skrá yfir öll aukalyf og

i) skrá yfir lækningatæki sem á að rannsaka í klínísku prófuninni en eru ekki hluti af rannsóknarlyfi eða rannsóknarlyfjum, ásamt yfirlýsingu um hvort lækningatækin bera CE-merkið fyrir fyrirhugaða notkun.

8. Í fylgibréfinu skal gefið upp hvar í umsóknargögnunum má finna upplýsingarnar sem tilgreindar eru í 7. mgr.

9. Í fylgibréfinu skal gefið upp ef bakhjarlinn telur að klíníska prófunin sé klínísk prófun með litlu inngripi og skal það innihalda ítarlegan rökstuðning fyrir því.

10. Í fylgibréfinu skal gefið upp ef aðferðafræði klínísku prófunarinnar krefst þess að hópum þátttakenda, frekar en einstökum þátttakendum, sé úthlutað mismunandi rannsóknarlyfjum í klínískri prófun og þar af leiðandi hvort upplýst samþykki verður fengið með einfölduðum hætti.

11. Í fylgibréfinu skal gefið upp hvar í umsóknargögnunum er að finna nauðsynlegar upplýsingar til að meta hvort aukaverkun sé óvænt, alvarleg aukaverkun sem grunur er um, þ.e. tilvísunarupplýsingarnar um öryggi.

12. Ef um er að ræða umsókn sem er lögð fram að nýju skal tilgreina ESB-prófunarnúmerið fyrir fyrri umsóknina um klíníska prófun í fylgibréfinu, leggja áherslu á breytingarnar í samanburði við fyrri umsóknina og, ef við á, tilgreina hvernig tekist hefur verið á við óleyst atriði í fyrstu umsókninni.

C. UMSÓKNAREYÐUBLAÐ ESB

13. Umsóknarblað ESB, fyllt út á viðeigandi hátt.

D. RANNSÓKNARÁÆTLUN

14. Í rannsóknaráætluninni skal lýsa markmiðum, hönnun, aðferðafræði, tölfræðilegum atriðum, tilgangi og skipulagi klínísku prófunarinnar.

15. Rannsóknaráætlunin skal auðkennd með:

a) heiti klínísku prófunarinnar,

b) ESB-prófunarnúmerinu,

c) kenninúmeri rannsóknaráætlunar bakhjarlsins sem er sértækt fyrir allar útgáfur rannsóknaráætlunarinnar (ef við á),

d) dagsetningu og númer útgáfunnar sem skal uppfæra þegar henni er breytt,

e) stuttheiti eða heiti sem rannsóknaráætluninni er gefið og

f) heiti og heimilisfang bakhjarlsins ásamt heiti og starfssviði fulltrúa bakhjarlsins sem hafa heimild til að undirrita rannsóknaráætlunina eða hverja verulega breytingu á rannsóknaráætluninni.

16. Rannsóknaráætlunin skal, ef unnt er, vera skrifuð á formi sem er aðgengilegt og auðvelt að leita í, frekar en skannaðar myndir.

17. Rannsóknaráætlunin skal a.m.k. innihalda:

a) yfirlýsingu um að klíníska prófunin verði framkvæmd í samræmi við rannsóknaráætlunina, þessa reglugerð og meginreglurnar um góðar, klínískar starfsvenjur,

b) tæmandi skrá yfir öll rannsóknarlyf og öll aukalyf,

c) samantekt á niðurstöðum úr óklínískum rannsóknum sem hugsanlega gætu haft meðferðarlegt mikilvægi og úr öðrum klínískum prófunum sem skipta máli vegna klínísku prófunarinnar,

d) samantekt um þá áhættu og þann ávinning sem eru þekkt og hugsanleg, þ.m.t. úttekt á væntanlegum ávinningi og áhættu til að gera kleift að gera mat í samræmi við 6. gr.; að því er varðar þátttakendur sem taka þátt í klínískri prófun í neyðartilviki skal skjalfesta vísindalegu ástæðurnar fyrir því að ætla að þátttaka þeirra leiði af sér beinan ávinning sem hefur klínískt mikilvægi,

e) ef sjúklingar eiga aðild að hönnun klínísku prófunarinnar, lýsingu á aðild þeirra,

f) lýsingu á og rökstuðning fyrir skammtinum, skömmtuninni, íkomuleiðinni og -aðferðinni og meðferðartímanum fyrir öll rannsóknarlyf og aukalyf,

g) yfirlýsingu um hvort rannsóknarlyfin og aukalyfin sem notuð eru í klínísku prófuninni eru með markaðsleyfi; ef þau eru með markaðsleyfi hvort eigi að nota þau í klínísku prófuninni í samræmi við skilmála markaðsleyfanna og ef þau eru ekki með markaðsleyfi, rökstuðning fyrir notkun aukalyfja sem eru ekki með markaðsleyfi í klínísku prófuninni,

h) lýsingu á hópum og undirhópum þátttakendanna, sem taka þátt í klínísku prófuninni, þ.m.t. og ef við á hópum þátttakenda með sérstakar þarfir, t.d. aldur, kyn, þátttöku heilbrigðra sjálfboðaliða, þátttakendur með sjaldgæfa og afar sjaldgæfa sjúkdóma,

i) tilvísanir í heimildir og gögn sem skipta máli fyrir klínísku prófunina og mynda bakgrunn hennar,

j) umfjöllun um mikilvægi klínísku prófunarinnar til að hægt sé að gera mat í samræmi við 6. gr.,

k) lýsingu á tegund klínísku prófunarinnar sem skal framkvæma og umfjöllun um hönnun prófunarinnar (þ.m.t. skýringarmynd af hönnun, aðferðum og stigum, ef við á),

l) tilgreiningu á aðalendapunktum og aukaendapunktum, ef einhverjir eru, sem mæla á meðan á klínísku prófuninni stendur,

m) lýsingu á þeim ráðstöfunum sem gerðar eru til að lágmarka bjögun, þ.m.t. og ef við á slembiröðun og blindun,

n) lýsingu á hve lengi er ætlað að þátttakandinn verði með og lýsingu á röð og tímalengd allra tímabila klínísku prófunarinnar, þ.m.t. eftirfylgni, ef við á,

o) skýra og ótvíræða skilgreiningu á lokum klínísku prófunarinnar sem um er að ræða og, ef það er ekki dagsetning síðustu heimsóknar síðasta þátttakandans, upplýsingar um áætlaðan lokadag klínísku prófunarinnar og rökstuðning fyrir honum,

p) lýsingu á viðmiðunum fyrir að hætta klínísku prófuninni að hluta til eða í heild,

q) fyrirkomulag vegna viðhalds slembiröðunarkóða meðferða í klínísku prófuninni og aðferðir við að rjúfa kóðun, ef við á,

r) lýsingu á aðferðum við auðkenningu gagna, sem skal skrá beint í ferilskýrsluna, sem teljast upprunagögn,

s) lýsingu á fyrirkomulaginu við að fylgja gildandi reglum fyrir söfnun, geymslu og síðari notkun á líffræðilegum sýnum úr þátttakendum klínískrar prófunar, eftir því sem við á, nema þessa lýsingu sé að finna í sérstöku skjali,

t) lýsingu á fyrirkomulagi við að rekja, geyma, eyða og endursenda rannsóknarlyf og aukalyf án markaðsleyfis í samræmi við 51. gr.,

u) lýsingu á tölfræðiaðferðunum sem nota á, þ.m.t., ef við á:

— tímasetningu allra áætlaðra milligreininga og fjölda þátttakenda sem ætla að taka þátt,

— ástæðu fyrir vali á úrtaksstærð,

— útreikninga á tölfræðilegu gildi og klínískri þýðingu klínísku prófunarinnar,

— marktektarkröfuna sem nota á,

— viðmiðanir fyrir slitum klínísku prófunarinnar,

— aðferðir við að greina frá týndum, ónotuðum og fölskum gögnum og við að tilkynna öll frávik frá upprunalegu tölfræðiáætluninni og

— val á þátttakendum sem verða með í greiningunni,

v) lýsingu á viðmiðunum fyrir vali og útilokun á þátttakendum, þ.m.t. viðmiðanir fyrir að afturkalla þátttöku einstakra þátttakenda í meðferð eða í klínísku prófuninni,

w) lýsingu á aðferðum við að afturkalla þátttöku í meðferð eða í klínísku prófuninni, þ.m.t. aðferðir við söfnun gagna varðandi þátttakendur sem hafa afturkallað þátttöku, aðferðir við að skipta um þátttakendur og eftirfylgni með þátttakendum sem hafa afturkallað þátttöku í meðferð eða í klínísku prófuninni,

x) rökstuðning fyrir því að hafa þátttakendur sem eru ófærir um að veita upplýst samþykki eða önnur sértæk þýði, s.s. ólögráða börn,

y) rökstuðning fyrir kynja- og aldursskiptingu þátttakenda og, ef tiltekinn kynja- eða aldursflokkur er útilokaður frá eða er í minnihluta í klínísku prófununum, skýringu á ástæðum þess og rökstuðningur fyrir þessum útilokunarviðmiðunum,

z) ítarlega lýsingu á málsmeðferðinni við nýskráningu og upplýst samþykki, einkum ef þátttakendur eru ekki færir um að veita upplýst samþykki,

aa) lýsingu á meðferðinni, þ.m.t. lyfjum, sem eru heimiluð eða ekki heimiluð fyrir eða á meðan klínískri prófun stendur,

ab) lýsingu á málsmeðferðarreglum vegna ábyrgðarskyldu varðandi framboð og inngjöf lyfja til þátttakenda, þ.m.t. að viðhalda blindun, ef við á,

ac) lýsingu á aðferðunum við að framfylgja vöktun á þátttakendum, ef við á,

ad) lýsingu á fyrirkomulagi varðandi vöktun á framkvæmd klínísku prófunarinnar,

ae) lýsing á fyrirkomulaginu varðandi umönnun þátttakenda eftir að þátttöku þeirra í klínísku prófuninni lýkur, ef þörf er á slíkri viðbótarumönnun vegna þátttökunnar í klínísku prófuninni og ef hún er ólík því sem venjulega má vænta miðað við heilsufarsástandið sem um er að ræða,

af) tilgreiningu á verkunar- og öryggisbreytum ásamt aðferðum og tímasetningum fyrir mat, skráningu og greiningu þessara breyta,

ag) lýsingu á siðferðilegum sjónarmiðum varðandi klínísku prófunina ef þeim hefur ekki verið lýst annars staðar,

ah) yfirlýsingu frá bakhjarlinum (annað hvort í rannsóknaráætluninni eða í öðru skjali) sem staðfestir að rannsakendurnir og stofnanir sem taka þátt í klínísku prófuninni muni leyfa vöktun, úttektir og eftirlitsúttektir samkvæmt reglum, í tengslum við klínísku prófunina, þ.m.t. veiti beinan aðgang að upprunagögnum og skjölum,

ai) lýsingu á stefnu varðandi birtingu,

aj) gild rök fyrir framlagningu samantektar á niðurstöðum klínísku prófunarinnar eftir meira en eitt ár,

ak) lýsingu á fyrirkomulaginu við að fara að gildandi reglum um vernd persónuupplýsinga, einkum skipulagsráðstafanir og tæknilegar ráðstafanir sem verða gerðar til að forðast óheimilan aðgang að unnum upplýsingum og persónuupplýsingum, birtingu þeirra, miðlun, að þeim verði breytt eða að þær glatist,

al) lýsingu á ráðstöfunum sem gerðar verða til að tryggja trúnaðarkvöð á skrám og persónuupplýsingum þátttakenda,

am) lýsingu á ráðstöfunum sem gerðar verða ef um er að ræða brot á gagnaöryggi til að draga úr hugsanlegum skaðlegum áhrifum.

18. Ef klíníska prófunin er framkvæmd með virku efni sem er aðgengilegt í Sambandinu undir mismunandi sérheitum í mörgum lyfjum með markaðsleyfi er hægt að skilgreina meðferðina eingöngu á grundvelli virka efnisins eða ATC-kóða (e. *Anatomical Therapeutic Chemical Code*) (stig 3–5) í rannsóknaráætluninni og sleppa því að tilgreina sérheiti hvers lyfs.

19. Að því er varðar tilkynninguna um meintilvik skal í rannsóknaráætluninni tilgreina flokka fyrir:

    a) meintilvik eða óeðlilegar niðurstöður sem skipta meginmáli að því er varðar mat á öryggi og rannsakandi verður að tilkynna bakhjarlinum um og

    b) alvarleg meintilvik sem krefjast þess ekki að rannsakandinn tilkynni bakhjarlinum tafarlaust um þau.

20. Í rannsóknaráætluninni skal lýsa aðferðunum við:

    a) framköllun (e. *eliciting*) meintilvika og skráningu rannsakandans á þeim og tilkynningu rannsakandans til bakhjarlsins um viðkomandi meintilvik,

    b) tilkynningu rannsakandans til bakhjarlsins um þau alvarlegu meintilvik sem eru tilgreind í rannsóknaráætluninni sem meintilvik sem krefjast ekki tafarlausrar tilkynningar,

    c) tilkynningu bakhjarlsins til Eudravigilance-gagnagrunnsins um óvæntar, alvarlegar aukaverkanir sem grunur er um og

    d) eftirfylgni með þátttakendum eftir aukaverkanir, þ.m.t. tegund eftirfylgni og hve lengi hún varir.

21. Ef bakhjarlinn ætlar að leggja fram eina öryggisskýrslu um öll rannsóknarlyfin sem notuð eru í klínísku prófuninni í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skal greina frá ástæðum þess í rannsóknaráætluninni.

22. Fjalla skal um atriði varðandi merkingu og afblindun rannsóknarlyfja í rannsóknaráætluninni ef nauðsyn krefur.

23. Stofnskrá vöktunarnefndarinnar um gagnaöryggi (e. *Charter of the Data Safety Monitoring Committee*) skal fylgja rannsóknaráætluninni ef við á.

24. Rannsóknaráætluninni skal fylgja samantekt úr rannsóknaráætluninni.

E. UPPLÝSINGARIT RANNSAKANDA

25. Leggja skal fram upplýsingarit rannsakanda sem er unnið í samræmi við vísindaþekkingu og alþjóðlegar leiðbeiningar.

26. Tilgangur upplýsingaritsins er að veita rannsakendunum og öðrum sem taka þátt í klínísku prófuninni upplýsingar til að auðvelda þeim að skilja forsendurnar fyrir meginþáttum rannsóknaráætlunarinnar og að fara að henni, s.s. varðandi skammtinn, hversu oft hann er gefinn og með hvaða millibili, aðferð við lyfjagjöf og aðferðir við öryggisvöktun.

27. Upplýsingarnar í upplýsingaritinu skulu settar fram á hnitmiðaðan, einfaldan, hlutlausan og yfirvegaðan hátt og án þess að um auglýsingaefni sé að ræða til að gera lækni eða rannsakanda kleift að skilja þær og meta á óhlutdrægan hátt áhættu og ávinning í tengslum við það hvort fyrirhuguð klínísk rannsókn á rétt á sér. Það skal unnið úr öllum fyrirliggjandi upplýsingum og vísbendingum sem styðja forsendurnar fyrir fyrirhugaðri klínískri prófun og örugga notkun rannsóknarlyfsins í klínísku prófuninni og skal sett fram sem samantekt.

28. Ef rannsóknarlyfið er með markaðsleyfi og er notað í samræmi við skilmála markaðsleyfisins skal upplýsingarit rannsakanda vera samþykkt samantekt á eiginleikum lyfsins. Ef notkunarskilyrðin í klínísku prófuninni eru ekki hin sömu og í markaðsleyfinu skal samantekt á óklínískum og klínískum gögnum sem skipta máli og styðja notkun rannsóknarlyfsins í klínísku prófuninni fylgja samantektinni á eiginleikum lyfsins. Ef rannsóknarlyfið er aðeins tilgreint með virka efninu í því skal bakhjarlinn velja eina samantekt á eiginleikum lyfsins sem samsvarar upplýsingariti rannsakanda fyrir öll lyf sem innihalda þetta virka efni og eru notuð á öllum klínískum rannsóknarsetrum.

29. Í fjölþjóðlegri klínískri prófun þar sem lyfið sem skal notað í hverju hlutaðeigandi aðildarríki er með markaðsleyfi á landsvísu og samantektin á eiginleikum lyfsins er mismunandi eftir hlutaðeigandi aðildarríkjum skal bakhjarlinn velja eina samantekt á eiginleikum lyfsins fyrir alla klínísku prófunina. Þessi samantekt skal vera sú sem hentar best til að tryggja öryggi sjúklings.

30. Ef upplýsingarit rannsakandans er ekki samantekt á eiginleikum lyfsins skal það innihalda auðþekkjanlegan hluta sem nefnist „Tilvísunarupplýsingar um öryggi“ (e. *Reference Safety Information, (RSI)*) Í samræmi við 10. og 11. lið III. viðauka skulu tilvísunarupplýsingarnar um öryggi innihalda upplýsingar um rannsóknarlyfið og um hvernig skal ákvarða hvaða aukaverkanir skulu teljast aukaverkanir sem búast má við og um tíðni og eðli þessara aukaverkana.

F. SKJÖL VARÐANDI FYLGNI VIÐ GÓÐA FRAMLEIÐSLUHÆTTI AÐ ÞVÍ ER VARÐAR RANNSÓKNARLYFIÐ

31. Eftirfarandi gildir um skjöl varðandi fylgni við góða framleiðsluhætti:

32. Ekki þarf að leggja fram skjöl ef rannsóknarlyfið er með markaðsleyfi og hefur ekki verið breytt, hvort sem það er framleitt í Sambandinu eða utan þess.

33. Ef rannsóknarlyfið er ekki með markaðsleyfi og er ekki með markaðsleyfi frá þriðja landi, sem er aðili að alþjóðaráðstefnunni um samhæfingu tæknilegra krafna varðandi skráningu mannalyfja (ICH) og er ekki framleitt í Sambandinu, skal leggja fram eftirfarandi skjöl:

    a) afrit af leyfinu sem um getur í 61. gr. og

    b) vottun frá aðila í Sambandinu, sem hefur til þess menntun og hæfi, um að framleiðslan fylgi góðum framleiðsluháttum sem eru a.m.k. jafngildir góðum framleiðsluháttum í Sambandinu, nema kveðið sé á um sérstakt fyrirkomulag í samningum um gagnkvæma viðurkenningu milli Sambandsins og þriðju landa.

34. Í öllum öðrum tilvikum skal leggja fram afrit af leyfinu sem um getur í 61. gr.

35. Að því er varðar ferli í tengslum við rannsóknarlyf, sem sett eru fram í 61. gr. (5. mgr.), sem falla ekki undir leyfi í samræmi við 61. gr. skal leggja fram skjöl til að sýna fram á að farið sé að kröfunum sem um getur í 61. gr. (6. mgr.).

G. MÁLSSKJÖL VARÐANDI RANNSÓKNARLYF

36. Í málsskjölunum varðandi rannsóknarlyf (e. *investigational medicinal product dossier (IMPD)*) skulu vera upplýsingar um gæði allra rannsóknarlyfja, framleiðslu á og eftirlit með rannsóknarlyfinu og gögn úr óklínískum rannsóknum og klínískri notkun á því.

1.1. **Gögn varðandi rannsóknarlyfið**

Inngangur

37. Í stað málsskjalanna varðandi rannsóknarlyf geta komið önnur skjöl sem heimilt er að leggja fram ein sér eða ásamt einfölduðum málsskjölum varðandi rannsóknarlyf. Upplýsingar varðandi þessi „einfölduðu málsskjöl varðandi rannsóknarlyf“ eru settar fram í lið 1.2. „Einfölduð málsskjöl varðandi rannsóknarlyf með vísun í önnur skjöl“.

38. Allir þættir málsskjalanna varðandi rannsóknarlyf skulu hafa formála með ítarlegu efnisyfirliti og orðalista.

39. Upplýsingarnar í málsskjölunum varðandi rannsóknarlyf skulu vera hnitmiðaðar. Málsskjöl varðandi rannsóknarlyf skulu ekki vera óþarflega umfangsmikil. Æskilegt er að setja gögnin fram í töfluformi og þeim skal fylgja stutt lýsing á aðalatriðunum.

Gæðagögn

40. Nota skal röklega uppbyggingu þegar gæðagögn eru lögð fram, s.s. í einingu 3 í sniði sameiginlega ICH-tækniskjalsins.

Óklínísk gögn varðandi líflyfjafræði og eiturefnafræði

41. Málsskjöl varðandi rannsóknarlyf skulu einnig innihalda samantektir á óklínískum gögnum varðandi líflyfjafræði og eiturefnafræði fyrir öll rannsóknarlyf sem notuð eru í klínísku prófuninni í samræmi við alþjóðlegar leiðbeiningar. Þau skulu innihalda tilvísunarskrá yfir rannsóknir sem gerðar hafa verið og viðeigandi heimildir. Eftir því sem við á er æskilegt að setja gögnin fram í töfluformi og þeim skal fylgja stutt lýsing á aðalatriðunum. Samantektir á rannsóknunum sem gerðar hafa verið skulu gera kleift að meta hvort rannsóknin sé fullnægjandi og hvort hún hafi verið framkvæmd samkvæmt ásættanlegri rannsóknaráætlun.

42. Nota skal röklega uppbyggingu þegar óklínísk gögn varðandi líflyfjafræði og eiturefnafræði eru lögð fram, s.s. í einingu 4 í sniði sameiginlega ICH-tækniskjalsins.

43. Í málsskjölum varðandi rannsóknarlyf skal vera gagnrýnin greining á gögnunum, þ.m.t. rökstuðningur fyrir því ef gögnum er sleppt og mat á öryggi lyfsins í tengslum við fyrirhugaða klíníska rannsókn, frekar en eingöngu samantekt á staðreyndum úr rannsóknum sem hafa verið framkvæmdar.

44. Málsskjöl varðandi rannsóknarlyf skulu innihalda yfirlýsingu um stöðu góðra starfsvenja við rannsóknir eða jafngilda staðla, eins og um getur í 3. mgr. 25. gr.

45. Prófunarefnið sem er notað í eiturhrifarannsóknum skal vera dæmigert fyrir efnið sem er notað í klínísku prófuninni með tilliti til eigindlegra og megindlegra óhreinindamynda. Tilreiðsla prófunarefnisins skal vera undir því eftirliti sem er nauðsynlegt til að tryggja þetta og þannig styðja við gildi rannsóknarinnar.

Gögn úr fyrri klínískum prófunum og varðandi reynslu manna

46. Nota skal röklega uppbyggingu þegar gögn úr fyrri klínískum prófunum og varðandi reynslu manna eru lögð fram, s.s. í einingu 5 í sniði sameiginlega ICH-tækniskjalsins.

47. Þessi liður skal innihalda samantektir á öllum aðgengilegum gögnum úr fyrri klínískum rannsóknum og varðandi reynslu manna af rannsóknarlyfjunum.

    Hann skal einnig innihalda yfirlýsingu um fylgni við góðar, klínískar starfsvenjur í þessum fyrri klínísku prófunum ásamt tilvísun í opinberu færsluna sem um getur í 6. mgr. 25. gr.

Heildarmat á áhættu og ávinningi

48. Þessi liður skal innihalda stutta, samfellda samantekt með gagnrýninni greiningu á óklínísku og klínísku gögnunum í tengslum við þá áhættu og þann ávinning sem eru hugsanleg af rannsóknarlyfinu í fyrirhuguðu klínísku prófuninni, nema þessar upplýsingar sé þegar að finna í rannsóknaráætluninni. Í seinna tilvikinu skal vera millivísun í viðeigandi lið í rannsóknaráætluninni. Í textanum skal greina frá öllum rannsóknum sem var slitið áður en þeim var lokið og fjallað skal um ástæður þess. Í mati á fyrirsjáanlegri áhættu og væntanlegum ávinningi af rannsóknum á ólögráða börnum eða fullorðnum einstaklingum sem skortir gerhæfi skal hafa hliðsjón af sértækum ákvæðum sem sett eru fram í þessari reglugerð.

49. Eftir því sem við á skal fjalla um öryggismörk með tilliti til hlutfallslegra altækra váhrifa af völdum rannsóknarlyfsins, helst á grundvelli gagna um flatarmál undir ferli (AUC) eða gagna um hámarksþéttni (C_{max}), hvort sem telst skipta meira máli, frekar en með tilliti til skammtsins sem er notaður. Einnig skal fjalla um klínískt gildi allra niðurstaðna úr óklínískum og klínískum rannsóknum og öll tilmæli um frekari vöktun áhrifa og öryggis í klínísku prófununum.

1.2. **Einfölduð málsskjöl varðandi rannsóknarlyf með vísun í önnur skjöl**

50. Umsækjandinn getur vísað í önnur skjöl sem lögð eru fram ein sér eða ásamt einfölduðum málsskjölum varðandi rannsóknarlyf.

Möguleiki á að vísa í upplýsingarit rannsakanda

51. Umsækjandinn getur annað hvort lagt fram sjálfstæð málsskjöl varðandi rannsóknarlyf eða notað millivísun í upplýsingarit rannsakanda fyrir tilvísunarupplýsingar um öryggi og samantektir á forklínískum og klínískum hlutum málsskjalanna varðandi rannsóknarlyf. Í seinna tilvikinu skulu samantektirnar úr forklínísku og klínísku upplýsingunum innihalda gögn, helst í töflum, sem veita nægilegar upplýsingar til að matsmenn geti komist að niðurstöðu um möguleg eiturhrif rannsóknarlyfsins og örugga notkun lyfsins í fyrirhugaðri klínískri prófun. Ef sérstakir þættir í forklínísku og klínísku upplýsingunum þurfa ítarlega sérfræðilega útskýringu eða meiri umfjöllun en þá sem er venjulega í upplýsingariti rannsakandans skulu forklínísku og klínísku upplýsingarnar lagðar fram sem hluti af málsskjölunum varðandi rannsóknarlyf.

Möguleiki á að vísa í samantekt á eiginleikum lyfja

52. Umsækjandinn getur lagt fram útgáfuna af þeirri samantekt á eiginleikum lyfja, sem er gild þegar sótt er um, sem málsskjöl varðandi rannsóknarlyf ef rannsóknarlyfið er með markaðsleyfi. Nákvæmum skilyrðum er lýst í töflu 1. Ef ný gögn eru lögð fram ætti að greina skýrt frá því.

Tafla 1: Efni einfaldaðra málsskjala varðandi rannsóknarlyf

Tegundir fyrra mats	Gæðagögn	Óklínísk gögn	Klínísk gögn
Rannsóknarlyfið er með markaðsleyfi eða hefur markaðsleyfi í landi sem er aðili að alþjóðaráðstefnunni um samhæfingu tæknilegra krafna varðandi skráningu mannalyfja og er notað í klínískri prófun:			
— samkvæmt skilyrðunum í samantektinni á eiginleikum lyfja	Samantekt á eiginleikum lyfja		
— án tillits til skilyrðanna í samantektinni á eiginleikum lyfja	Samantekt á eiginleikum lyfja	Ef við á	Ef við á
— eftir breytingu (t.d. blindun)	P+A	Samantekt á eiginleikum lyfja	Samantekt á eiginleikum lyfja
Annað lyfjaform eða styrkleiki rannsóknarlyfs er með markaðsleyfi eða hefur markaðsleyfi í landi sem er aðili að alþjóðaráðstefnunni um samhæfingu tæknilegra krafna varðandi skráningu mannalyfja og markaðsleyfishafinn útvegar rannsóknarlyfið.	Samantekt á eiginleikum lyfja+P+A	Já	Já
Rannsóknarlyfið er ekki með markaðsleyfi og hefur ekki markaðsleyfi í landi sem er aðili að alþjóðaráðstefnunni um samhæfingu tæknilegra krafna varðandi skráningu mannalyfja en virka efnið er í lyfi með markaðsleyfi og			
— kemur frá sama framleiðanda	Samantekt á eiginleikum lyfja+P+A	Já	Já
— kemur frá öðrum framleiðanda	Samantekt á eiginleikum lyfja+S+P+A	Já	Já
Rannsóknarlyfið hefur verið viðfangsefni fyrri umsóknar um klíníska prófun og hefur markaðsleyfi í hlutaðeigandi aðildarríki og hefur ekki verið breytt og			
— ekki eru fyrirliggjandi ný gögn frá því umsókninni um klíníska prófun var síðast breytt,	Tilvísun í fyrri framlagningu		
— ný gögn eru fyrirliggjandi frá því umsókninni um klíníska prófun var síðast breytt,	Ný gögn	Ný gögn	Ný gögn
— er notað við aðrar aðstæður	Ef við á	Ef við á	Ef við á

(S: Gögn varðandi virka efnið, P: Gögn varðandi rannsóknarlyfið, A: viðbótarupplýsingar um aðstöðu og búnað, öryggismat á aðskotaefnum, ný hjálparefni, leysar til endurupplausnar og þynningarefni)

53. Ef rannsóknarlyfið er skilgreint í rannsóknaráætluninni með tilliti til virka efnisins eða ATC-kóða (sjá 18. lið hér að framan) getur umsækjandinn skipt út málsskjölunum varðandi rannsóknarlyf fyrir eina dæmigerða samantekt á eiginleikum lyfja fyrir hvert virkt efni/virkt efni sem tengist þeim ATC-hópi. Einnig getur umsækjandinn lagt fram samsett skjal (e. *collated document*) sem inniheldur upplýsingar sem jafngilda upplýsingunum í dæmigerðu samantektinni á eiginleikum lyfja fyrir hvert virkt efni sem nota mætti sem rannsóknarlyf í klínísku prófuninni.

1.3. **Málsskjöl varðandi rannsóknarlyf ef um lyfleysu er að ræða**

54. Ef rannsóknarlyfið er lyfleysa skulu upplýsingakröfurnar takmarkast við gæðagögn. Ekki er þörf á viðbótarskjölum ef lyfleysan hefur sömu samsetningu og rannsóknarlyfið sem er prófað (að undanskildu virka efninu), er framleidd af sama framleiðanda og er ekki sæfð.

H. MÁLSSKJÖL VARÐANDI AUKALYF

55. Með fyrirvara um 65. gr. skulu kröfurnar um upplýsingar sem settar eru fram í þáttum F og G einnig gilda um aukalyf. Ef aukalyfið er með markaðsleyfi í hlutaðeigandi aðildarríki er þó ekki þörf á viðbótarupplýsingum.

I. VÍSINDALEG RÁÐGJÖF OG RANNSÓKNARÁÆTLUN UM NOTKUN LYFS FYRIR BÖRN

56. Ef afrit af samantekt á vísindalegri ráðgjöf Lyfjastofnunarinnar eða aðildarríkis eða þriðja lands, að því er varðar klínísku prófunina, er fyrirliggjandi skal leggja það fram.

57. Ef klíníska prófunin er hluti af samþykktri rannsóknaráætlun um notkun lyfs fyrir börn skal leggja fram afrit af ákvörðun Lyfjastofnunarinnar um samþykki fyrir rannsóknaráætluninni um notkun lyfs fyrir börn, ásamt áliti barnalyfjanefndarinnar, nema þessi skjöl séu að fullu aðgengileg á Netinu. Í seinna tilvikinu nægir að hafa tengil á skjalið í fylgiskjalinu (sjá þátt B).

J. INNTAK MERKINGA RANNSÓKNARLYFJANNA

58. Leggja skal fram lýsingu á inntaki merkinga rannsóknarlyfjanna í samræmi við VI. viðauka.

K. FYRIRKOMULAG VIÐ NÝSKRÁNINGU (UPPLÝSINGAR FYRIR HVERT HLUTAÐEIGANDI AÐILDARRÍKI)

59. Ef lýsing er ekki til staðar í rannsóknaráætluninni skal lýsa í smáatriðum aðferðunum við val á þátttakendum í sérstöku skjali og taka skýrt fram hver fyrsta aðgerðin við nýskráningu er.

60. Ef nýskráning þátttakenda fer fram með auglýsingu skal leggja fram afrit af auglýsingaefninu, þ.m.t. allt prentað efni og hljóð- og myndupptökur. Skýra skal frá tillögðum aðferðum við meðhöndlun á svörum við auglýsingunni. Undir þetta falla afrit af orðsendingum sem notaðar eru til að bjóða þátttakendum að taka þátt í klínísku prófuninni og fyrirkomulag varðandi upplýsingar eða ráðgjöf fyrir svarendur sem þóttu ekki henta til þátttöku í klínísku prófuninni.

L. UPPLÝSINGAR FYRIR ÞÁTTTAKENDUR, EYÐUBLAÐ FYRIR UPPLÝST SAMÞYKKI OG MÁLSMEÐFERÐ FYRIR UPPLÝST SAMÞYKKI (UPPLÝSINGAR FYRIR HVERT HLUTAÐEIGANDI AÐILDARRÍKI)

61. Allar upplýsingar sem eru veittar þátttakendum (eða, eftir atvikum, skipuðum lögráðamönnum þeirra) áður en þeir hafa ákveðið að samþykkja eða hafna þátttöku skulu lagðar fram ásamt eyðublaðinu fyrir skriflegt, upplýst samþykki eða aðrar aðferðir fyrir skráningu á upplýstu samþykki skv. 1. mgr. 29. gr.

62. Lýsing á málsmeðferðarreglum varðandi upplýst samþykki fyrir alla þátttakendur og einkum:

a) í klínískum prófunum þar sem þátttakendur eru ólögráða börn eða skortir gerhæfi skal lýsa málsmeðferðinni við að fá upplýst samþykki hjá skipuðu lögráðamönnunum og einnig aðkomu ólögráða barnsins eða þátttakandans sem skortir gerhæfi,

b) ef nota skal málsmeðferð með vottun óhlutdrægs vitnis um samþykkið skal greina frá upplýsingum sem skipta máli vegna ástæðunnar fyrir því að nota óhlutdrægt vitni, valinu á óhlutdræga vitninu og málsmeðferðinni við að fá upplýst samþykki,

c) ef um er að ræða klíníska prófun í neyðartilvikum, eins og um getur í 35. gr., skal lýsa málsmeðferðinni við að fá upplýst samþykki þátttakandans eða skipaða lögráðamannsins fyrir að halda klínísku prófuninni áfram,

d) ef um er að ræða klíníska prófun í neyðartilvikum, eins og um getur í 35. gr., skal lýsa þeim málsmeðferðarreglum sem fylgt var til að greina hverjar brýnu aðstæðurnar voru og skrá þær,

e) ef um er að ræða klínískar prófanir með aðferðafræði sem krefst þess að hópum þátttakenda, frekar en einstökum þátttakendum, sé úthlutað mismunandi rannsóknarlyfjum, eins og um getur í 30. gr., og ef upplýst samþykki sem fæst með einfölduðum hætti verður þar af leiðandi notað, skal lýsa þessum einfaldaða hætti.

63. Í tilvikunum sem sett eru fram í 62. lið skal leggja fram upplýsingarnar sem veittar eru þátttakandanum og skipuðum lögráðamanni hans.

M. HÆFI RANNSAKANDANS (UPPLÝSINGAR FYRIR HVERT HLUTAÐEIGANDI AÐILDARRÍKI)

64. Leggja skal fram skrá yfir klínísk rannsóknarsetur sem áætlað er að nota, heiti og stöðu yfirrannsakanda og fyrirhugaðan fjölda þátttakenda á rannsóknarsetrunum.

65. Leggja skal fram lýsingu á menntun og hæfi rannsakenda í gildandi ferilskrá og önnur viðkomandi skjöl. Lýsa skal allri fyrri þjálfun í meginreglunum um góðar, klínískar starfsvenjur eða reynslu sem fengist hefur vegna vinnu við klínískar prófanir og umönnun sjúklinga.

66. Greina skal frá öllum aðstæðum, s.s. fjárhagslegum hagsmunum og stofnanatengslum, sem gætu haft áhrif á óhlutdrægni rannsakandans.

N. HENTUGLEIKI AÐSTÖÐUNNAR (UPPLÝSINGAR FYRIR HVERT HLUTAÐEIGANDI AÐILDARRÍKI)

67. Leggja skal fram tilhlýðilega rökstudda skriflega yfirlýsingu um hentugleika klíníska rannsóknarsetra, með hliðsjón af eiginleikum og notkun rannsóknarlyfsins, sem felur í sér lýsingu á hentugleika aðstöðu, búnaðar og starfsmanna ásamt lýsingu á sérþekkingu, sem er gefin út af yfirmanni læknastofunnar/stofnunarinnar á klíníska rannsóknarsetrinu eða öðrum ábyrgðaraðila samkvæmt því kerfi sem gildir í hlutaðeigandi aðildarríki.

O. SÖNNUN FYRIR VÁTRYGGINGAVERND EÐA SKAÐABÓTUM (UPPLÝSINGAR FYRIR HVERT HLUTAÐEIGANDI AÐILDARRÍKI)

68. Leggja skal fram sönnun fyrir tryggingu, ábyrgð eða svipuðu fyrirkomulagi ef við á.

P. FJÁRHAGSRÁÐSTAFANIR OG AÐRAR RÁÐSTAFANIR (UPPLÝSINGAR FYRIR HVERT HLUTAÐEIGANDI AÐILDARRÍKI)

69. Stutt lýsing á fjármögnun klínísku prófunarinnar.

70. Leggja skal fram upplýsingar um fjármálaviðskipti og bætur sem greiddar eru þátttakendum og rannsakanda/prófunarsetri fyrir þátttöku í klínísku prófuninni.

71. Leggja skal fram lýsingu á sérhverju öðru samkomulagi milli bakhjarlsins og prófunarsetursins.

Q. SÖNNUN FYRIR GREIÐSLU GJALDS (UPPLÝSINGAR FYRIR HVERT HLUTAÐEIGANDI AÐILDARRÍKI)

72. Leggja skal fram sönnun fyrir greiðslu ef við á.

R. SÖNNUN ÞESS AÐ GÖGN VERÐI UNNIN Í SAMRÆMI VIÐ LÖG SAMBANDSINS UM GAGNAVERND

73. Leggja skal fram yfirlýsingu bakhjarls eða fulltrúa hans um að gögnunum verði safnað og þau unnin í samræmi við tilskipun 95/46/EBE.

II. VIÐAUKI

UMSÓKNARGÖGN FYRIR VERULEGA BREYTINGU

A. INNGANGUR OG ALMENNAR MEGINREGLUR

1. Ef veruleg breyting varðar fleiri en eina klíníska prófun með sama bakhjarl og sama rannsóknarlyfi er bakhjarlinum heimilt að leggja fram eina beiðni um leyfi fyrir verulegu breytingunni. Í fylgibréfinu skal vera skrá yfir allar klínísku prófanirnar sem umsóknin um verulegu breytinguna varðar, með ESB-prófunarnúmerum og viðeigandi kenninúmerum fyrir breytingu fyrir allar klínísku prófanirnar.

2. Bakhjarlinn eða fulltrúi bakhjarlsins skal undirrita umsóknina. Þessi undirritun skal staðfesta að bakhjarlinn er fullviss um að:

   a) upplýsingarnar sem lagðar eru fram eru fullgerðar,

   b) fylgiskjölin innihalda nákvæma lýsingu á tiltækum upplýsingum og

   c) klíníska prófunin verður framkvæmd í samræmi við breyttu gögnin.

B. FYLGIBRÉF

3. Fylgibréf með eftirfarandi upplýsingum:

   a) í efnislínu, ESB-prófunarnúmer með heiti klínísku prófunarinnar og kenninúmerinu fyrir verulegu breytinguna sem gerir sérstaka auðkenningu á verulegu breytingunni mögulega og það skal notað með samræmdum hætti í öllum umsóknargögnunum,

   b) auðkenning umsækjandans,

   c) auðkenning verulegu breytingarinnar (kenninúmer bakhjarlsins fyrir verulegu breytinguna og dagsetning), þar sem breytingin getur vísað til margra breytinga í rannsóknaráætluninni eða vísindaleg fylgiskjöl,

   d) skýr ábending um öll sérstök atriði varðandi breytinguna og ábending um hvar viðkomandi upplýsingar eða texti er staðsettur í upprunalegu umsóknarskjölunum,

   e) ábending um allar upplýsingar sem eru ekki á eyðublaðinu fyrir breytinguna sem gætu haft áhrif á áhættu fyrir þátttakendur og

   f) skrá yfir allar klínískar prófanir, eftir atvikum, sem eru verulega breyttar, með ESB-prófunarnúmerum og viðeigandi kenninúmerum fyrir breytingarnar.

C. UMSÓKNARBLAÐ VEGNA BREYTINGAR

4. Umsóknarblað vegna breytingar, fyllt út á viðeigandi hátt.

D. LÝSING Á BREYTINGUNNI

5. Greina skal frá breytingunni og henni lýst á eftirfarandi hátt:

   a) útdráttur úr skjölunum sem á að breyta sem sýnir fyrra og núverandi orðalag með sýnilegum breytingum (e. *track changes*) ásamt útdrætti sem sýnir aðeins nýja orðalagið og útskýringu á breytingunum og

   b) þrátt fyrir a-lið, ný útgáfa af öllu skjalinu ef breytingarnar eru svo umfangsmiklar eða víðtækar að það réttlætir alveg nýja útgáfu af skjalinu (í slíku tilviki sýnir viðbótartafla breytingarnar í skjalinu, þar sem hægt er að setja saman í hóp þær breytingar sem eru eins).

6. Nýja útgáfa skjalsins skal auðkennd með dagsetningunni og uppfærðu útgáfunúmeri.

E. STUÐNINGSUPPLÝSINGAR

7. Stuðningsupplýsingar sem eru til viðbótar skulu, eftir atvikum, innihalda a.m.k.:

   a) samantekt gagna,

   b) uppfært heildarmat á áhættu/ávinningi,

c) hugsanlegar afleiðingar fyrir þátttakendur sem þegar eru með í klínísku prófuninni,

d) hugsanlegar afleiðingar fyrir matið á niðurstöðunum,

e) skjöl sem tengjast öllum breytingum á þeim upplýsingum sem veittar eru þátttakendum eða skipuðum lögráðamönnum þeirra, málsmeðferðinni fyrir upplýst samþykki, eyðublöðum fyrir upplýst samþykki, upplýsingablöðum eða boðsbréfum og

f) rökstuðning fyrir breytingunum sem sótt er um í umsókninni um verulega breytingu.

F. UPPFÆRSLA Á UMSÓKNAREYÐUBLAÐI ESB

8. Ef veruleg breyting felur í sér breytingar á færslum á umsóknareyðublaði ESB, sem um getur í I. viðauka, skal leggja fram endurskoðaða útgáfu á því eyðublaði. Leggja skal áherslu á þau svið sem verða fyrir áhrifum af verulegu breytingunni í endurskoðaða eyðublaðinu.

G. SÖNNUN FYRIR GREIÐSLU GJALDS (UPPLÝSINGAR FYRIR HVERT HLUTAÐEIGANDI AÐILDARRÍKI)

9. Leggja skal fram sönnun fyrir greiðslu, ef við á.

III. VIÐAUKI

ÖRYGGISTILKYNNINGAR

1. TILKYNNINGAR RANNSAKANDA TIL BAKHJARLS UM ALVARLEG MEINTILVIK

1. Rannsakandinn þarf ekki að vakta þátttakendur sem hann meðhöndlar að því er varðar meintilvik eftir að klínísku prófuninni lýkur, nema kveðið sé á um annað í rannsóknaráætluninni.

2. TILKYNNINGAR BAKHJARLS TIL LYFJASTOFNUNARINNAR UM ÓVÆNTAR, ALVARLEGAR AUKAVERKANIR SEM GRUNUR ER UM, Í SAMRÆMI VIÐ 42. GR.

2.1. **Meintilvik og orsakatengsl**

2. Mistök við lyfjagjöf, þunganir og notkun sem ekki var fyrirhuguð samkvæmt rannsóknaráætluninni, þ.m.t. rangnotkun og misnotkun lyfsins, skal falla undir sömu tilkynningaskyldu og aukaverkanir.

3. Við ákvörðun á því hvort meintilvik er aukaverkun skal taka tillit til þess hvort raunhæfur möguleiki sé á að staðfesta orsakatengsl milli tilviksins og rannsóknarlyfsins með greiningu sem er byggð á fyrirliggjandi sönnunargögnum.

4. Ef upplýsingar um orsakatengsl frá rannsakandanum sem sendir tilkynninguna liggja ekki fyrir skal bakhjarlinn hafa samráð við rannsakandann sem sendir tilkynninguna og hvetja hann til að láta í ljós álit varðandi þetta atriði. Bakhjarlinn skal ekki draga úr mati rannsakandans á orsakatengslunum. Ef bakhjarlinn er ekki sammála mati rannsakandans á orsakatengslum skulu álit rannsakanda og bakhjarls koma fram í tilkynningunni.

2.2. **Líkindi, ólíkindi og tilvísunarupplýsingar um öryggi**

5. Til að ákvarða hvort meintilvik er óvænt skal taka tillit til þess hvort tilvikið bæti við mikilvægum upplýsingum varðandi sértæki, aukna tíðni eða alvarleika þekktra alvarlegra aukaverkana sem þegar eru skráðar.

6. Bakhjarlinn skal setja fram líkindi á meintilviki í tilvísunarupplýsingarnar um öryggi. Líkindin skulu ákvörðuð á grundvelli fyrri tilvika sem hefur orðið vart í tengslum við virka efnið, ekki á grundvelli fyrirhugaðra lyfjafræðilegra eiginleika lyfs eða tilvika sem tengjast sjúkdómi þátttakandans.

7. Tilvísunarupplýsingarnar um öryggi skulu vera í samantektinni á eiginleikum lyfja eða í upplýsingariti rannsakandans. Í fylgibréfinu skal vísa til staðsetningar tilvísunarupplýsinganna um öryggi í umsóknargögnunum. Ef rannsóknarlyfið er með markaðsleyfi í mörgum hlutaðeigandi aðildarríkjum, sem hafa mismunandi samantektir á eiginleikum lyfja, skal bakhjarlinn velja þá samantekt sem er mest viðeigandi fyrir öryggi þátttakenda sem tilvísunarupplýsingar um öryggi.

8. Tilvísunarupplýsingar um öryggi geta breyst á meðan á framkvæmd klínísku prófunarinnar stendur. Þegar tilkynnt er um óvæntar, alvarlegar aukaverkanir sem grunur er um skal gilda sú útgáfa tilvísunarupplýsinganna um öryggi sem er í gildi þegar grunuðu óvæntu, alvarlegu aukaverkanirnar eiga sér stað. Breyting á tilvísunarupplýsingunum um öryggi hefur því áhrif á þann fjölda aukaverkana sem skal tilkynna um sem óvæntar, alvarlegar aukaverkanir sem grunur er um. Sjá 3. lið þessa viðauka að því er varðar gildandi tilvísunarupplýsingar um öryggi vegna árlegrar öryggisskýrslu.

9. Hafi rannsakandinn sem gefur tilkynninguna lagt fram upplýsingar um líkindi skal bakhjarlinn taka tillit til þess.

2.3. **Upplýsingar vegna tilkynninga um óvæntar og alvarlegar aukaverkanir sem grunur er um**

10. Upplýsingarnar skulu a.m.k. innihalda:

a) gilt ESB-prófunarnúmer,

b) rannsóknarnúmer bakhjarls,

c) persónugreinanlegan kóðaðan þátttakanda,

d) persónugreinanlegan tilkynnanda,

e) óvænta, alvarlega aukaverkun sem grunur er um,

f) grunsamlegt rannsóknarlyf (þ.m.t. kóði fyrir heiti virka efnisins),

g) mat á orsakatengslum.

11. Til að hægt sé að vinna tilkynninguna rafrænt með viðunandi hætti skal að auki leggja fram eftirfarandi stjórnsýsluupplýsingar:

    a) sérauðkenni fyrir öryggistilkynningu sendanda (varðandi málið),

    b) móttökudag upphaflegu upplýsinganna frá frumheimildinni,

    c) móttökudag nýjustu upplýsinga,

    d) sérauðkennisnúmer málsins á heimsvísu,

    e) auðkenni sendanda.

2.4. **Skýrsla til eftirfylgni með óvæntum og alvarlegum aukaverkunum sem grunur er um**

12. Ef upphafstilkynningin um óvæntar og alvarlegar aukaverkanir sem grunur er um, sem um getur í a-lið 2. mgr. 42. gr. (banvænar eða lífshættulegar), er ófullnægjandi, t.d. ef bakhjarlinn hefur ekki veitt allar upplýsingar innan sjö daga, skal bakhjarlinn leggja fram fullgerða tilkynningu sem byggir á upphaflegu upplýsingunum innan átta daga þaðan í frá.

13. Frestur fyrir upphafstilkynninguna (dagur 0 = Di 0) hefst þegar bakhjarlinn hefur móttekið upplýsingarnar sem fela í sér lágmarksviðmið vegna tilkynningar.

14. Ef bakhjarlinn fær mikilvægar nýjar upplýsingar um mál, sem þegar hefur verið gefin tilkynning um, hefst fresturinn aftur á degi núll, þ.e. viðtökudegi nýju upplýsinganna. Þessar upplýsingar skulu lagðar fram í skýrslu til eftirfylgni innan 15 daga.

15. Ef upphafstilkynningin um óvæntar og alvarlegar aukaverkanir sem grunur er um, sem um getur í c-lið 2. mgr. 42. gr. (upphaflega hvorki taldar banvænar né lífshættulegar en eru í raun banvænar eða lífshættulegar), er ófullgerð skal gefa skýrslu til eftirfylgni eins fljótt og unnt er en innan sjö daga frá fyrstu vitneskju um að aukaverkanirnar eru banvænar eða lífshættulegar. Bakhjarlinn skal leggja fram fullgerða tilkynningu innan átta daga þaðan í frá.

16. Í tilvikum þar sem óvæntar, alvarlegar aukaverkanir sem grunur er um reynast vera banvænar eða lífshættulegar, þó að í upphafi hafi þær ekki talist banvænar eða lífshættulegar, og ef upphafstilkynningin hefur ekki enn verið lögð fram, skal semja sameiginlega tilkynningu.

2.5. **Afblindun úthlutunar meðferðar**

17. Rannsakendur skulu aðeins afblinda úthlutun meðferða til þátttakanda meðan á klínískri prófun stendur ef afblindun skiptir máli varðandi öryggi þátttakandans.

18. Þegar bakhjarlinn tilkynnir Lyfjastofnuninni um óvæntar og alvarlegar aukaverkanir sem grunur er um skal hann aðeins afblinda úthlutun meðferða fyrir þátttakandann sem verður fyrir áhrifum af grunuðu, óvæntu og alvarlegu aukaverkununum.

19. Ef mögulegt er að tilvik sé óvænt, alvarleg aukaverkun sem grunur er um skal blindun vegna þess þátttakanda aðeins rofin af bakhjarlinum. Blinduninni skal haldið varðandi aðra aðila sem ábyrgir eru fyrir áframhaldandi framkvæmd klínísku prófunarinnar (s.s. stjórnendur, vaktarar, rannsakendur) og aðila sem ábyrgir eru fyrir gagnagreiningu og túlkun niðurstaðna í lok klínísku prófunarinnar, s.s. starfsfólk sem ber ábyrgð á líftölfræði.

20. Afblindaðar upplýsingar skulu eingöngu aðgengilegar aðilum sem þurfa að koma að öryggistilkynningunni til Lyfjastofnunarinnar, vöktunarráðunum um gagnaöryggi (e. *Data Safety Monitoring Boards, (DSMB)*) eða aðilum sem framkvæma áframhaldandi öryggismat meðan á klínísku prófuninni stendur.

21. Að því er varðar klínískar prófanir sem framkvæmdar eru í tengslum við sjúkdóma með hárri veikinda- og dánartíðni, þar sem endapunktarnir fyrir verkun geta einnig verið óvæntar og alvarlegar aukaverkanir sem grunur er um, eða ef dánartíðnin eða aðrar „alvarlegar“ niðurstöður sem má hugsanlega tilkynna sem ætlaðar, óvæntar og alvarlegar aukaverkanir eru endapunktar fyrir verkun í klínískri prófun, getur þó heilleika klínísku prófunarinnar verið stefnt í hættu ef blindunin er felld niður kerfisbundið. Við þessar og svipaðar aðstæður skal bakhjarlinn leggja áherslu á það í rannsóknaráætluninni hvaða alvarlegu tilvik skulu meðhöndluð sem sjúkdómstengd og falla ekki undir kerfisbundna afblindun og hraðtilkynningu.

22. Ef það kemur í ljós eftir afblindun að tilvik reynist óvænt og alvarleg aukaverkun sem grunur er um gilda reglurnar um tilkynningar á óvæntum, alvarlegum aukaverkunum sem grunur er um sem eru settar fram í 42. gr. og í 2. lið þessa viðauka.

3. ÁRLEG ÖRYGGISSKÝRSLUGJÖF BAKHJARLSINS

23. Skýrslan skal innihalda, í viðbæti, tilvísunarupplýsingarnar um öryggi sem eru í gildi í upphafi skýrslutímabilsins.

24. Tilvísunarupplýsingarnar um öryggi, sem eru í gildi í upphafi skýrslutímabilsins, skulu vera tilvísunarupplýsingarnar um öryggi meðan á skýrslutímabili stendur.

25. Ef gerðar eru verulegar breytingar á tilvísunarupplýsingunum um öryggi meðan á skýrslutímabilinu stendur skulu þær skráðar í árlegu öryggisskýrslunni. Í því tilviki skulu endurskoðuðu tilvísunarupplýsingarnar um öryggi lagðar fram sem viðbætir við skýrsluna, til viðbótar við tilvísunarupplýsingarnar um öryggi sem eru í gildi í upphafi skýrslutímabilsins. Þrátt fyrir breytingarnar á tilvísunarupplýsingunum um öryggi skulu tilvísunarupplýsingarnar um öryggi, sem eru í gildi í upphafi skýrslutímabilsins, vera tilvísunarupplýsingarnar um öryggi meðan á skýrslutímabili stendur.

IV. VIÐAUKI

EFNI SAMANTEKTAR Á NIÐURSTÖÐUM KLÍNÍSKU PRÓFUNARINNAR

Samantekt á niðurstöðum klínísku prófunarinnar skal innihalda upplýsingar um eftirfarandi atriði:

A. UPPLÝSINGAR UM KLÍNÍSKU PRÓFUNINA:

1. Auðkenning klínísku prófunarinnar (þ.m.t. heiti prófunarinnar og númer rannsóknaráætlunar).

2. Auðkenni (þ.m.t. ESB-prófunarnúmer, önnur auðkenni).

3. Upplýsingar um bakhjarl (þ.m.t. vísindalegir og opinberir tengiliðir).

4. Upplýsingar um reglur varðandi barnalækningar (þ.m.t. upplýsingar um hvort klíníska prófunin sé hluti af rannsóknaráætluninni um notkun lyfs fyrir börn).

5. Greiningarstig niðurstaðna, (þ.m.t. upplýsingar um dagsetningu milligreiningar á gögnum, milli- eða lokagreiningarstig, dagsetning loka klínísku prófunarinnar á heimsvísu). Að því er varðar klínískar prófanir, sem endurtaka rannsóknir á rannsóknarlyfjum sem þegar eru með markaðsleyfi og eru notuð í samræmi við skilyrði markaðsleyfisins, ætti í samantekt niðurstaðnanna úr klínísku prófuninni einnig að tilgreina vandamál sem hafa komið í ljós í heildarniðurstöðum klínísku prófunarinnar í tengslum við atriði sem skipta máli varðandi verkun tengda lyfsins.

6. Almennar upplýsingar um klínísku prófunina (þ.m.t. upplýsingar um helstu markmið prófunarinnar, hönnun prófunarinnar, vísindalegan bakgrunn og skýringar á rökum fyrir prófuninni, upphafsdagsetning prófunarinnar, ráðstafanir sem gerðar eru til verndar þátttakendum, bakgrunnsmeðferð og tölfræðiaðferðir sem notaðar eru).

7. Þýði þátttakenda (þ.m.t. upplýsingar um raunverulegan fjölda þátttakenda sem taka þátt í klínísku prófuninni í hlutaðeigandi aðildarríki, í Sambandinu og í þriðju löndum, sundurliðun aldurs og kyns).

B. UPPLÝSINGAR UM ÞÁTTTAKENDUR:

1. Nýskráning (þ.m.t. upplýsingar um fjölda þátttakenda sem eru skimaðir, nýskráðir og hafa dregið sig til baka, þátttökuviðmið og útilokunarviðmið, upplýsingar um slembiröðun og blindun, rannsóknarlyf sem eru notuð).

2. Tímabil fyrir val.

3. Tímabil eftir val.

C. GRUNNEIGINLEIKAR:

1. Grunneiginleikar varðandi aldur (skyldubundið).

2. Grunneiginleikar varðandi kyn (skyldubundið).

3. Grunneiginleikar (valkvætt), rannsókn á tilteknum eiginleikum.

D. ENDAPUNKTAR:

1. Skilgreining á endapunktum. (*)

2. Endapunktur #1

   Tölfræðilegar greiningar

3. Endapunktur #2

   Tölfræðilegar greiningar

(*) Veita skal upplýsingar fyrir jafn marga endapunkta og skilgreindir eru í rannsóknaráætluninni.

E. MEINTILVIK:

1. Upplýsingar um meintilvik.
2. Tilkynningahópur fyrir meintilvik.
3. Alvarlegt meintilvik.
4. Meintilvik sem er ekki alvarlegt.

F. VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR:

1. Verulegar breytingar á heimsvísu.
2. Hlé á heimsvísu og hafin á ný.
3. Takmarkanir, umfjöllun um uppsprettur hugsanlegra skekkna og ónákvæmni og fyrirvarar.
4. Yfirlýsing aðilans sem leggur fram upplýsingarnar um áreiðanleika framlögðu upplýsinganna.

_____

V. VIÐAUKI

EFNI SAMANTEKTAR Á NIÐURSTÖÐUM KLÍNÍSKU PRÓFUNARINNAR FYRIR LEIKMENN

Samantekt á niðurstöðum klínísku prófunarinnar fyrir leikmenn skal innihalda upplýsingar um eftirfarandi atriði:

1. Auðkenni klínísku prófunarinnar (þ.m.t. heiti prófunarinnar, númer rannsóknaráætlunar, ESB-prófunarnúmer og önnur auðkenni)
2. Heiti og samskiptaupplýsingar bakhjarls
3. Almennar upplýsingar um klínísku prófunina (þ.m.t. hvar og hvenær prófunin var framkvæmd, helstu markmið prófunarinnar og útskýring á ástæðunum fyrir að framkvæma hana)
4. Þýði þátttakenda (þ.m.t. upplýsingar um fjölda þátttakenda sem taka þátt í prófuninni í hlutaðeigandi aðildarríki, í Sambandinu og í þriðju löndum, sundurliðun aldurs og kyns, þátttökuviðmið og útilokunarviðmið)
5. Rannsóknarlyf sem eru notuð
6. Lýsing á aukaverkunum og tíðni þeirra
7. Heildarniðurstöður klínísku prófunarinnar
8. Athugasemdir varðandi útkomu klínísku prófunarinnar
9. Ábendingar um hvort fyrirhugaðar séu klínískar prófanir til eftirfylgni
10. Ábendingar um hvar viðbótarupplýsingar er að finna.

_____

VI. VIÐAUKI

MERKING RANNSÓKNARLYFJA OG AUKALYFJA

A. RANNSÓKNARLYF ÁN MARKAÐSLEYFIS

A.1. **Almennar reglur**

1. Eftirfarandi upplýsingar skulu skráðar á innri og ytri umbúðir:

   a) heiti, heimilisfang og símanúmer aðaltengiliðar vegna upplýsinga um lyfið, klínísku prófunina og afblindun í neyðartilvikum; þetta getur verið bakhjarlinn, samningsbundin rannsóknarstofnun eða rannsakandi (í þessum viðauka nefndur „aðaltengiliður“),

   b) heiti efnisins og styrkleiki eða virkni og ef um er að ræða blinda klíníska prófun skal heiti efnisins skráð með heiti samberans eða lyfleysunnar, bæði á umbúðir rannsóknarlyfsins sem er án markaðsleyfis og samberans eða lyfleysunnar,

   c) lyfjaform, íkomuleið, magn í skammtaeiningum,

   d) lotu- eða kenninúmer sem auðkennir innihaldið og pökkunarferlið,

   e) tilvísunarkóði klínískrar prófunar til að hægt sé að auðkenna prófunina, prófunarsetrið, rannsakandann og bakhjarlinn, ef slíkt er ekki gefið upp annars staðar,

   f) auðkennisnúmer og/eða meðferðarnúmer þátttakandans og, ef við á, fjöldi heimsókna,

   g) heiti rannsakandans (ef það kemur ekki fram í a- eða e-lið),

   h) leiðbeiningar um notkun (vísa má til fylgiseðils eða annars skýringarskjals sem ætlað er þátttakandanum eða aðilanum sem gefur lyfið),

   i) „Notist aðeins við klínískar prófanir“ eða svipað orðalag,

   j) geymsluskilyrði,

   k) notkunartími, gefinn upp sem mánuður og ár (fyrningardagsetning eða dagsetning endurtekningar prófunarinnar, eftir því sem við á), og á þann hátt að merkingin sé skýr, og

   l) „Geymist þar sem börn ná ekki til“, nema þegar lyfið er notað í prófunum þar sem þátttakendur taka lyfið ekki heim með sér.

2. Heimilt er að hafa tákn eða skýringarmyndir með til að skýra tilteknar upplýsingar sem getið er hér að framan. Birta má viðbótarupplýsingar, viðvaranir eða leiðbeiningar varðandi meðhöndlun.

3. Ekki er gerð krafa um skráningu heimilisfangs og símanúmers aðaltengiliðar á merkimiðann ef þátttakendur hafa fengið fylgiseðil eða kort sem veitir þessar upplýsingar og hafa fengið leiðbeiningar um að hafa það alltaf í sinni vörslu.

A.2. **Takmörkuð merking innri umbúða**

A.2.1. *Innri og ytri umbúðir settar fram saman*

4. Þegar lyfið er veitt þátttakandanum eða aðilanum sem gefur lyfið í innri og ytri umbúðum sem eiga að vera saman og upplýsingarnar sem taldar eru upp í þætti A.1 eru á ytri umbúðunum skulu eftirfarandi upplýsingar skráðar á innri umbúðirnar (eða allan innsiglaðan búnað til lyfjagjafar sem inniheldur innri umbúðirnar):

   a) heiti aðaltengiliðar,

   b) lyfjaform, íkomuleið (hægt að undanskilja fyrir skammta í föstu formi til inntöku), magn í skammtaeiningum og, ef um er að ræða klínískar prófanir sem fela ekki í sér blindun á merkimiða, heiti/auðkenni og styrkleiki/virkni,

   c) lotu- og/eða kenninúmer sem auðgreinir innihaldið og pökkunarferlið,

d) tilvísunarkóði klíníska prófunar til að hægt sé að auðkenna prófunina, prófunarsetrið, rannsakandann og bakhjarlinn, ef slíkt er ekki gefið upp annars staðar,

e) auðkennisnúmer og/eða meðferðarnúmer þátttakandans og, ef við á, fjöldi heimsókna og

f) notkunartími, gefinn upp sem mánuður og ár (fyrningardagsetning eða dagsetning endurtekningar prófunarinnar, eftir því sem við á), og á þann hátt að merkingin sé skýr.

A.2.2. *Litlar innri umbúðir*

5. Ef innri umbúðirnar eru þynnupakkningar eða litlar einingar, s.s. lykjur, sem ekki er hægt að birta á upplýsingarnar sem krafist er í þætti A.1 skulu ytri umbúðirnar vera með merkimiða sem veitir þessar upplýsingar. Á innri umbúðum skal vera eftirfarandi:

a) heiti aðaltengiliðar,

b) íkomuleið (hægt að undanskilja fyrir skammta í föstu formi til inntöku) og, ef um er að ræða klíníska prófanir sem fela ekki í sér blindun á merkimiða, heiti/auðkenni og styrkleiki/virkni,

c) lotu- eða kenninúmer sem auðkennir innihaldið og pökkunarferlið,

d) tilvísunarkóði klíníska prófunar til að hægt sé að auðkenna prófunina, prófunarsetrið, rannsakandann og bakhjarlinn, ef slíkt er ekki gefið upp annars staðar,

e) auðkennisnúmer/meðferðarnúmer þátttakandans og, ef við á, fjöldi heimsókna og

f) notkunartími, gefinn upp sem mánuður og ár (fyrningardagsetning eða dagsetning endurtekningar prófunarinnar, eftir því sem við á), og á þann hátt að merkingin sé skýr.

B. AUKALYF ÁN MARKAÐSLEYFIS

6. Eftirfarandi upplýsingar skulu skráðar á innri og ytri umbúðir:

a) heiti aðaltengiliðar,

b) heiti lyfsins ásamt styrkleika þess og lyfjaformi,

c) eigindlegar og megindlegar upplýsingar um virku efnin í hverri skammtaeiningu,

d) lotu- eða kenninúmer sem auðkennir innihaldið og pökkunarferlið,

e) tilvísunarkóði klíníska prófunar til að hægt sé að auðkenna rannsóknarsetrið, rannsakandann og þátttakandann,

f) leiðbeiningar um notkun (vísa má til fylgiseðils eða annars skýringarskjals sem ætlað er þátttakandanum eða aðilanum sem gefur lyfið),

g) „Notist aðeins við klínískar prófanir“ eða svipað orðalag,

h) geymsluskilyrði og

i) notkunartími (fyrningardagsetning eða dagsetning endurtekningar prófunar, eftir því sem við á).

C. VIÐBÓTARMERKINGAR FYRIR RANNSÓKNARLYF MEÐ MARKAÐSLEYFI

7. Í samræmi við 2. mgr. 67. gr. skulu eftirfarandi upplýsingar skráðar á innri og ytri umbúðir:

a) heiti aðaltengiliðar,

b) tilvísunarkóði klíníska prófunar til að hægt sé að auðkenna rannsóknarsetrið, rannsakandann, bakhjarlinn og þátttakandann,

c) „Notist aðeins við klínískar prófanir“ eða svipað orðalag.

D. UPPLÝSINGUM SKIPT ÚT

8. Heimilt er að sleppa upplýsingunum sem taldar eru upp í þáttum A, B og C, öðrum en þeim upplýsingum sem taldar eru upp í 9. lið, á merkimiða lyfs og gera þær aðgengilegar með öðrum hætti, t.d. með því að nota miðlægt rafrænt slembiröðunarkerfi eða með því að nota miðlægt upplýsingakerfi, að því tilskildu að öryggi þátttakandans og áreiðanleika og traustleika gagnanna sé ekki stefnt í hættu. Þetta skal rökstyðja í rannsóknaráætluninni.

9. Ekki skal sleppa upplýsingunum sem um getur í eftirfarandi liðum á merkimiða lyfs:

   a) b-, c-, d-, f-, j- og k-lið 1. liðar,

   b) b-, c-, e- og f-lið 4. liðar,

   c) b-, c-, e- og f-lið 5. liðar,

   d) b-, d-, e-, h- og i-lið 6. liðar.

VII. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Tilskipun 2001/20/EB	Þessi reglugerð
1. mgr. 1. gr.	1. gr. og 1. mgr. og 1., 2. og 4. liður 2. mgr. 2. gr.
2. mgr. 1. gr.	30. liður 2. mgr. 2. gr.
Fyrsta undirgrein 3. mgr. 1. gr.	—
Önnur undirgrein 3. mgr. 1. gr.	Þriðja undirgrein 47. gr.
4. mgr. 1. gr.	Önnur undirgrein 47. gr.
2. gr.	2. gr.
1. mgr. 3. gr.	—
2. mgr. 3. gr.	4., 28., 29. og 76. gr.
3. mgr. 3. gr.	f-liður 1. mgr. 28. gr.
4. mgr. 3. gr.	g-liður 1. mgr. 28. gr.
4. gr.	10. gr. (1. mgr.), 28., 29. og 32. gr.
5. gr.	10. gr. (2. mgr.), 28., 29. og 31. gr.
6. gr.	4. til 14. gr.
7. gr.	4. til 14. gr.
8. gr.	—
9. gr.	4. til 14. gr.
a-liður 10. gr.	15. til 24. gr.
b-liður 10. gr.	54. gr.
c-liður 10. gr.	37. og 38. gr.
11. gr.	81. gr.
12. gr.	77. gr.
1. mgr. 13. gr.	1. til 4. mgr. 61. gr.
2. mgr. 13. gr.	2. mgr. 61. gr.
Fyrsta undirgrein 3. mgr. 13. gr.	1. mgr. 62. gr. og 1. og 3. mgr. 63. gr.
Önnur undirgrein 3. mgr. 13. gr.	1. mgr. 63. gr.
Þriðja undirgrein 13. mgr. 3. gr.	—
4. mgr. 13. gr.	62. gr.
5. mgr. 13. gr.	—
14. gr.	66. til 70. gr.
1. mgr. 15. gr.	1., 2. og 5. mgr. 78. gr.
2. mgr. 15. gr.	6. mgr. 78. gr.

Tilskipun 2001/20/EB	Þessi reglugerð
3. mgr. 15. gr.	—
4. mgr. 15. gr.	—
5. mgr. 15. gr.	57., 58. og 78. gr. (7. mgr.)
16. gr.	41. gr.
a- til c-liður. 1. mgr. 17. gr.	42. gr.
d-liður 1. mgr. 17. gr.	—
2. mgr. 17. gr.	43. gr.
a-liður 3. mgr. 17. gr.	—
b-liður 3. mgr. 17. gr.	1. mgr. 44. gr.
18. gr.	—
Fyrsti málsliður fyrstu málsgreinar 19. gr.	75. gr.
Annar málsliður fyrstu málsgreinar 19. gr.	74. gr.
Önnur málsgrein 19. gr.	92. gr.
Þriðja málsgrein 19. gr.	—
20. gr.	—
21. gr.	88. gr.
22. gr.	—
23. gr.	—
24. gr.	—

FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/863 2015/EES/63/64

frá 31. mars 2015

um breytingu á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB að því er varðar skrána yfir efni sem sæta takmörkunum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði ([1]), einkum 3. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2011/65/ESB er mælt fyrir um reglur um takmarkanir á notkun hættulegra efna í raf- og rafeindabúnaði með það í huga að stuðla að heilsuvernd manna og verndun umhverfisins, þ.m.t. umhverfisvænni endurheimt og förgun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs.

2) Í tilskipun 2011/65/ESB er lagt bann við notkun blýs, kvikasilfurs, kadmíums, sexgilds króms, fjölbrómaðra bífenýla og fjölbrómaðra dífenýletera í raf- og rafeindabúnaði sem settur er á markað í Sambandinu. Þessi efni, sem sæta takmörkunum, eru skráð í II. viðauka við þá tilskipun.

3) Áhætta fyrir heilbrigði manna og umhverfið af völdum notkunar á hexabrómsýklódódekani (HBCDD), bis(2-etýlhexýl)þalati (DEHP), bútýlbensýlþalati (BBP) og díbútýlþalati (DBP) ætti að vera forgangsatriði að því er varðar reglubundna endurskoðun á skránni yfir efni, sem sæta takmörkunum, í II. viðauka. Efni, sem lagt hefur verið mat á, ætti að rannsaka á ný með frekari takmarkanir í huga.

4) Í samræmi við 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 2011/65/ESB hefur verið haft samráð við hagsmunaaðila, þ.m.t. rekstraraðila, endurvinnsluaðila, meðhöndlunaraðila, umhverfissamtök og starfsmanna- og neytendasamtök, og ítarlegt mat hefur verið unnið.

5) Bis(2-etýlhexýl)þalat (DEHP), bútýlbensýlþalat (BBP), díbútýlþalat (DBP) og díísóbútýlþalat (DIBP) eru sérlega varasöm efni. Hægt er að nota díísóbútýlþalat sem staðgönguefni fyrir díbútýlþalat og framkvæmdastjórnin hefur áður lagt mat á efnið. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að þessi fjögur efni, þegar þau eru notuð í raf- og rafeindabúnað, geti haft neikvæð áhrif á endurvinnslu og heilbrigði manna og umhverfi við úrgangsmeðhöndlun í tengslum við slíkan búnað.

6) Til eru staðgönguefni, sem hafa ekki eins neikvæð áhrif, fyrir bis(2-etýlhexýl)þalat, bútýlbensýlþalat, díbútýlþalat og díísóbútýlþalat að því er varðar flestan raf- og rafeindabúnað. Því ætti að takmarka notkun þessara efna í raf- og rafeindabúnað. Notkun á bis(2-etýlhexýl)þalati, bútýlbensýlþalati og díbútýlþalati er þegar takmörkuð með færslu 51 í XVII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([2]) þannig að ekki má setja leikföng, sem innihalda bis(2-etýlhexýl)þalat, bútýlbensýlþalat eða díbútýlþalat í styrk sem er meiri en 0,1% miðað við þyngd í mýkta efninu, reiknaður samtals fyrir þalötin þrjú, á markað í ESB. Í því skyni að koma í veg fyrir tvöfalt regluverk skal takmörkunin með færslu 51 í XVII. viðauka við þá reglugerð því áfram vera eina takmörkunin sem gildir um bis(2-etýlhexýl)þalat, bútýlbensýlþalat og díbútýlþalat í leikföngum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 137, 4.6.2015, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 215/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

7) Til að auðvelda umbreytinguna og draga úr hugsanlegum félagslegum og hagrænum áhrifum ætti að veita viðeigandi umbreytingartímabil sem mun gera rekstraraðilum kleift að sækja um undanþágur frá takmörkunum sem efnin sæta í samræmi við 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB. Taka ætti tillit til lengri nýsköpunarferla fyrir lækningatæki og vöktunar- og eftirlitstæki þegar umbreytingartímabilið er ákvarðað. Takmörkun á notkun bis(2-etýlhexýl)þalats, bútýlbensýlþalats, díbútýlþalats og díísóbútýlþalats ætti því að gilda um lækningatæki, þ.m.t. lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi, og vöktunar- og eftirlitstæki, þ.m.t. vöktunar- og eftirlitstæki í iðnaði, frá 22. júlí 2021.

8) Í því skyni að koma í veg fyrir tvöfalt regluverk og óþarfa byrði ættu allar breytingar á III. eða IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB, til að undanþiggja tiltekna notkun í tengslum við bis(2-etýlhexýl)þalat eða díbútýlþalat, að vera gerðar þannig að samræmi sé tryggt við málsmeðferð vegna allra leyfisveitinga samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1907/2006 í tengslum við notkun efnanna í raf- og rafeindabúnað. Rekstraraðilum, sem hafa í huga að sækja um undanþágur samkvæmt tilskipun 2011/65/ESB, ætti að vera ljóst að slíkar undanþágur geta tekið til alls vistferils raf- og rafeindabúnaðarins, þ.m.t. framleiðslustigsins.

9) Því ætti að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað II. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB komi viðaukinn við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 2016. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 22. júlí 2019.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 31. mars 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

„II. VIÐAUKI

Efni, sem sæta takmörkunum, sem um getur í 1. mgr. 4. gr., og leyfilegur hámarksstyrkur miðað við þyngd í ósamsettum efnum

Blý (0,1%)

Kvikasilfur (0,1%)

Kadmíum (0,01 %)

Sexgilt króm (0,1%)

Fjölbrómuð bífenýl (PBB) (0,1%)

Fjölbrómaðir difenýleterar (PBDE) (0,1%)

Bis(2-etýlhexýl)þalat (DEHP) (0,1%)

Bútýlbensýlþalat (BBP) (0,1%)

Díbútýlþalat (DBP) (0,1%)

Díísóbútýlþalat (DIBP) (0,1%)

Takmörkun að því er varðar bis(2-etýlhexýl)þalat, bútýlbensýlþalat, díbútýlþalat og díísóbútýlþalat gildir um lækningatæki, þ.m.t. lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi, og vöktunar- og eftirlitstæki, þ.m.t. vöktunar- og eftirlitstæki í iðnaði, frá 22. júlí 2021.

Takmörkun að því er varðar bis(2-etýlhexýl)þalat, bútýlbensýlþalat, díbútýlþalat og díísóbútýlþalat gildir ekki um kapla eða varahluti vegna viðgerða, endurnotkunar, uppfærslu á virkni eða endurnýjun á afköstum raf- og rafeindabúnaðar, sem settur er á markað fyrir 22. júlí 2019, og lækningatækja, þ.m.t. lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi, og vöktunar- og eftirlitstækja, þ.m.t. vöktunar- og eftirlitstækja í iðnaði, sem sett eru á markað fyrir 22. júlí 2021.

Takmörkun að því er varðar bis(2-etýlhexýl)þalat, bútýlbensýlþalat og díbútýlþalat gildir ekki um leikföng sem þegar sæta takmörkuninni um bis(2-etýlhexýl)þalat, bútýlbensýlþalat og díbútýlþalat með færslu 51 í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006.“

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2013/56/ESB **2015/EES/63/65**

frá 20. nóvember 2013

um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/66/EB um rafhlöður og rafgeyma og notaðar rafhlöður og rafgeyma að því er varðar setningu á markað á færanlegum rafhlöðum og rafgeymum, sem innihalda kadmíum, til notkunar í vélknúin, snúrulaus handverkfæri og á hnapparafhlöðum með lítið kvikasilfurinnihald og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/603/EB (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 192. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/66/EB ([3]) er bannað að setja á markað færanlegar rafhlöður og rafgeyma, sem innihalda meira en 0,002% af kadmíumi miðað við þyngd, að meðtöldum þeim sem eru hluti af tækjum. Færanlegar rafhlöður og rafgeymar til notkunar í vélknúin, snúrulaus handverkfæri eru þó undanþegin banninu.

2) Framkvæmdastjórnin hefur endurskoðað þá undanþágu í samræmi við 4. mgr. 4. gr. tilskipunar 2006/66/EB.

3) Sú endurskoðun hefur leitt til þeirrar niðurstöðu að í því skyni að draga smám saman úr losun kadmíums út í andrúmsloftið ætti að rýmka bannið við notkun á kadmíumi þannig að það nái yfir færanlegar rafhlöður og rafgeyma til notkunar í vélknúin, snúrulaus handverkfæri þar eð hentug staðgöngutækni, laus við kadmíum, er fyrir hendi á markaði fyrir slík verkfæri, þ.e. nikkelmálmhýdríðarafhlöður og litíumjónaðar rafhlöður.

4) Núgildandi undanþágur fyrir færanlegar rafhlöður og rafgeyma til notkunar í vélknúin, snúrulaus handverkfæri ættu að gilda áfram til 31. desember 2016 í því skyni að gera endurvinnsluiðnaðinum og neytendum í allri verðmætakeðjunni kleift að laga sig frekar að viðeigandi staðgöngutækni á öllum svæðum Sambandsins á samræmdan hátt.

5) Með tilskipun 2006/66/EB er bannað að setja á markað allar rafhlöður eða rafgeyma sem innihalda meira en 0,0005% af kvikasilfri miðað við þyngd, hvort sem þau eru hluti af tækjum eða ekki. Hnapparafhlöður með kvikasilfursmagni sem er ekki meira en 2% miðað við þyngd eru undanþegnar þessu banni. Markaðurinn fyrir hnapparafhlöður í Sambandinu hefur þegar færst í átt að hnapparafhlöðum sem innihalda ekki kvikasilfur. Því er viðeigandi að banna setningu hnapparafhlaðna með kvikasilfursinnihaldi yfir 0,0005% miðað við þyngd á markað.

6) Vegna gildistöku Lissabonsáttmálans er nauðsynlegt að samræma valdheimildirnar, sem eru veittar framkvæmdastjórninni samkvæmt tilskipun 2006/66/EB, við 290. og 291. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (SUSE).

7) Í því skyni að bæta við eða breyta tilskipun 2006/66/EB ætti að fela framkvæmdastjórninni valdheimildir til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar viðmiðanir vegna mats á jafngildum skilyrðum varðandi meðhöndlun og endurvinnslu utan Sambandsins, rýmdarmerkingar á færanlegum rafhlöðum og rafgeymum og rafhlöðum og rafgeymum fyrir vélknúin ökutæki ásamt undanþágum frá kröfum um merkingar. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu framseldra gerða skal framkvæmdastjórnin tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 329, 10.12.2013, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 216/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 229, 31.7.2012, bls. 140.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 10. október 2013 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 15. nóvember 2013.

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/66/EB frá 6. september 2006 um rafhlöður og rafgeyma og notaðar rafhlöður og rafgeyma og um niðurfellingu tilskipunar 91/157/EBE (Stjtíð. ESB L 266, 26.9.2006, bls. 1).

8) Eftir því sem við á ættu kröfur og snið er varða skráningu framleiðanda að vera í samræmi við reglurnar um skráningu og snið sem settar eru skv. 3. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2012/19/ESB ([4]) og A-hluta X. viðauka við hana.

9) Í því skyni að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd tilskipunar 2006/66/EB ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald að því er varðar umbreytingarfyrirkomulag varðandi lágmarkssöfnunarhlutfall, sameiginlega aðferð til að reikna út árlega sölu færanlegra rafhlaðna og rafgeyma til endanlegra notenda, ítarlegar reglur til að reikna út endurvinnslunýtni og spurningalista eða eyðublöð fyrir landsbundnar framkvæmdaskýrslur. Þessu valdi ber að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ([5]).

10) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/12/EB ([6]) var felld úr gildi með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB ([7]) frá og með 12. desember 2010.

11) Því ber að breyta tilskipun 2006/66/EB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 2006/66/EB er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 4.gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Bannið, sem sett er fram í a-lið 1. mgr., gildir ekki um hnapparafhlöður sem innihalda ekki meira en 2% af kvikasilfri miðað við þyngd fyrr en 1. október 2015.“

b) Í stað c-liðar 3. mgr. komi eftirfarandi:

„c) vélknúin, snúrulaus handverkfæri; þessi undanþága er varðar vélknúin, snúrulaus handverkfæri gildir til 31. desember 2016.“

c) Í stað 4. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Að því er varðar hnapparafhlöður fyrir heyrnartæki skal framkvæmdastjórnin halda áfram að endurskoða undanþáguna sem um getur í 2. mgr. og upplýsa Evrópuþingið og ráðið um tiltækileika hnapparafhlaðna fyrir heyrnartæki, sem eru í samræmi við a-lið 1. mgr., eigi síðar en 1. október 2014. Í rökstuddum tilvikum þegar hnapparafhlöður fyrir heyrnartæki, sem eru í samræmi við a-lið 1. mgr., eru ekki tiltækar skal framkvæmdastjórnin láta viðeigandi tillögu fylgja skýrslunni í því skyni að rýmka undanþáguna, sem um getur í 2. mgr., þannig að hún nái yfir hnapparafhlöður fyrir heyrnartæki.“

2) Í stað 2. mgr. 6. gr. komi eftirfarandi:

„2. Heimilt er að setja á markað rafhlöður og rafgeyma, sem uppfylla ekki kröfur þessarar tilskipunar en voru sett á löglegan hátt á markað áður en viðkomandi ákvæði um bönn í 4. gr. tóku gildi, meðan birgðir endast.“

3) Í stað 4. mgr. 10. gr. komi eftirfarandi:

„4. Framkvæmdastjórninni er heimilt að koma á umbreytingarfyrirkomulagi með framkvæmdargerðum til að takast á við vanda sem aðildarríki stendur frammi fyrir við að uppfylla kröfurnar í 2. mgr. vegna sérstakra aðstæðna innan þess ríkis. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 24. gr.

Í því skyni að tryggja samræmda beitingu þessarar greinar skal framkvæmdastjórnin koma á, með framkvæmdargerðum, sameiginlegri aðferð til að reikna út árlega sölu færanlegra rafhlaðna og rafgeyma til endanlegra notenda, eigi síðar en 26. september 2007. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 24. gr.“

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/19/ESB frá 4. júlí 2012 um raf- og rafeindabúnaðarúrgang (Stjtíð. ESB L 197, 24.7.2012, bls. 38).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/12/EB frá 5. apríl 2006 um úrgang (Stjtíð. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 9).

([7]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana (Stjtíð. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3).

4) Í stað 11. gr. komi eftirfarandi:

„11. gr.

Fjarlæging notaðra rafhlaðna og rafgeyma

Aðildarríkin skulu sjá til þess að framleiðendur hanni tæki þannig að auðvelt sé að fjarlægja úr þeim notaðar rafhlöður og rafgeyma. Ef endanlegur notandi getur ekki auðveldlega fjarlægt þau skulu aðildarríkin tryggja að framleiðendur hanni tæki þannig að fagmenn, sem hafa til þess réttindi og hæfi, sem eru óháðir framleiðandanum, eigi auðvelt með að fjarlægja notaðar rafhlöður og rafgeyma. Tækjum, sem innihalda rafhlöður og rafgeyma, skulu fylgja leiðbeiningar um hvernig unnt sé að fjarlægja rafhlöðurnar og rafgeymana á öruggan hátt, annaðhvort af endanlegum notanda eða óháðum fagmönnum sem hafa til þess réttindi og hæfi. Ef við á skulu leiðbeiningarnar einnig upplýsa endanlega notendur um tegund rafhlaðna eða rafgeyma í tækinu.

Ákvæðin í fyrstu málsgrein gilda ekki ef stöðug rafmagnstenging er nauðsynleg með tilliti til öryggis, afkastagetu, læknisfræðilegra þátta eða heilleika gagna og órofinnar tengingar milli tækisins og rafhlöðunnar eða rafgeymisins er krafist.“

5) Í stað 6. mgr. 12. gr. komi eftirfarandi:

„6. Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerðum, samþykkja ítarlegar reglur til að reikna út endurvinnslunýtni eigi síðar en 26. mars 2010. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 24. gr.“

6) Ákvæði 7. mgr. 12. gr. falli brott.

7) Í stað 3. mgr. 15. gr. komi eftirfarandi:

„3. Framkvæmdastjórnin skal hafa valdheimild til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 23. gr. a til að mæla fyrir um ítarlegar reglur um viðbætur við reglurnar sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, einkum tilteknar viðmiðanir varðandi matið á jafngildum skilyrðum eins og um getur í þeirri málsgrein.“

8) Í stað 17. gr. komi eftirfarandi:

„17. gr.

Skráning

Aðildarríkin skulu sjá til þess að sérhver framleiðandi sé skráður. Skráning skal háð sömu kröfum um málsmeðferð í hverju aðildarríki í samræmi við IV. viðauka.“

9) Í stað 2. mgr. 18. gr. komi eftirfarandi:

„2. Aðildarríkin skulu birta opinberlega drög að ráðstöfunum vegna undanþágu sem um getur í 1. mgr. svo og rökin fyrir því að leggja þær til og tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum.“

10) Ákvæðum 21.gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að afkastageta allra færanlegra rafhlaðna og rafgeyma og rafhlaðna og rafgeyma fyrir vélknúin ökutæki sé tilgreind á sýnilegan, læsilegan og óafmáanlegan hátt eigi síðar en 26. september 2009. Framkvæmdastjórnin skal hafa valdheimild til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 23. gr. a þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur sem koma til viðbótar þeirri kröfu, þ.m.t. samræmdar aðferðir til að ákvarða afkastagetu og heppilega notkun, eigi síðar en 26. mars 2009.“

b) Í stað 7. mgr. komi eftirfarandi:

„7. Framkvæmdastjórnin skal hafa valdheimild til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 23. gr. a í því skyni að veita undanþágur frá kröfunum um merkingar sem settar eru fram í þessari grein. Sem hluti af undirbúningi slíkra framseldra gerða skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við viðkomandi hagsmunaaðila, einkum framleiðendur, söfnunaraðila, endurvinnsluaðila, meðhöndlunaraðila, umhverfissamtök, neytendasamtök og starfsmannasamtök.“

11) Í stað 2. mgr. 22. gr. komi eftirfarandi:

„2. Skýrslurnar skulu samdar á grundvelli spurningalista eða eyðublaðs. Framkvæmdastjórnin skal koma á, með framkvæmdargerðum, spurningalistanum eða eyðublaðinu fyrir þessar skýrslur. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 24. gr. Senda ber aðildarríkjunum spurningalistann eða eyðublaðið sex mánuðum áður en fyrsta skýrslutímabilið hefst.“

12) Eftirfarandi grein bætist við:

„23. gr. a

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sbr. þó skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 3. mgr. 15. gr. og 2. og 7. mgr. 21. gr., í fimm ár á tímabili sem hefst 30. desember 2013. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu, að því er varðar framsal valds, eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framsal valds skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 3. mgr. 15. gr. og 2. og 7. mgr. 21. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endi á framsal valdsins sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 3. mgr. 15. gr. og 2. og 7. mgr. 21. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins, eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.“

13) Í stað 24. gr. komi eftirfarandi:

„24. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar sem komið var á fót með 39. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB ([8]). Sú nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ([9]).

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

Skili nefndin ekki áliti skal framkvæmdastjórnin ekki samþykkja drögin að framkvæmdargerðinni og þriðja undirgrein 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 skal gilda.“

14) Eftirfarandi viðauki bætist við:

„IV. VIÐAUKI

Kröfur um málsmeðferð vegna skráningar

1. Kröfur varðandi skráningu

Skráning á framleiðendum rafhlaðna og rafgeyma skal fara fram, annað hvort á pappír eða rafrænt, hjá landsyfirvöldum eða hjá stofnunum sem fjalla um ábyrgð framleiðenda í hverju landi fyrir sig, sem aðildarríkin hafa veitt heimild til slíks, hér á eftir nefnt skráningarstofnanir.

Skráningartilhögunin má vera hluti af annarri skráningartilhögun framleiðanda.

Framleiðendur rafhlaðna og rafgeyma þurfa einungis að skrá sig einu sinni í aðildarríki þar sem þeir setja rafhlöður og rafgeyma á markað í fyrsta skipti í atvinnuskyni og þeim skal úthlutað skráningarnúmeri við skráningu.

2. Upplýsingar sem framleiðendum ber að veita

Framleiðendur rafhlaðna og rafgeyma skulu veita skráningarstofnunum eftirfarandi upplýsingar:

i. Nafn framleiðanda og vöruheiti (ef þau liggja fyrir) sem framleiðandi notar í aðildarríkinu.

ii. Heimilisfang eða heimilisföng framleiðanda: póstnúmer og staður, götuheiti og númer, land, veffang, símanúmer ásamt tengilið, bréfasímanúmeri og tölvupóstfangi framleiðanda, ef þau liggja fyrir.

iii. Upplýsingar um tegund rafhlaðna og rafgeyma sem framleiðandinn setti á markað: færanlegar rafhlöður og -rafgeymar, iðnaðarrafhlöður og -rafgeymar eða rafhlöður og rafgeymar fyrir vélknúin ökutæki.

([8]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana (Stjtíð. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3).

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

iv. Upplýsingar um það hvernig framleiðandinn uppfyllir skyldur sínar: með einstaklingsbundu kerfi eða sameiginlegu kerfi.

v. Dagsetning skráningarumsóknar.

vi. Landsauðkenniskóði framleiðanda, þ.m.t. evrópskt skattnúmer eða skattnúmer framleiðanda í viðkomandi ríki (valkvætt).

vii. Yfirlýsing um að upplýsingar, sem veittar eru, séu réttar.

Að því er varðar skráninguna, sem um getur í annarri málsgrein 1. liðar, er framleiðendum rafhlaðna og rafgeyma ekki skylt að veita aðrar upplýsingar en þær sem tilgreindar eru í i.–vii. lið 2. liðar.

3. Skráningargjöld

Skráningarstofnanir mega einungis innheimta skráningargjöld með því skilyrði að þau séu kostnaðarmiðuð og hófleg.

Skráningarstofnanir sem innheimta skráningargjöld skulu upplýsa lögbær landsyfirvöld um aðferðina sem notuð er við að reikna út kostnaðinn við þessi gjöld

4. Breyting á skráningargögnum

Aðildarríkin skulu sjá til þess að ef gögnum, sem framleiðendur leggja fram í samræmi við i.–vii. lið 2. liðar, er breytt upplýsi framleiðendur viðkomandi skráningarstofnun um það, eigi síðar en einum mánuði eftir breytinguna.

5. Afskráning

Ef framleiðendur hætta sem framleiðendur í aðildarríki skulu þeir afskrá sig með því að tilkynna það til viðkomandi skráningarstofnunar.“

2. gr.

Niðurfelling ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/603/EB

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/603/EB ([10]) skal falla úr gildi frá og með 1. júlí 2015.

3. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að 1. gr. þessarar tilskipunar eigi síðar en 1. júlí 2015. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

5. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 20. nóvember 2013.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
forseti.	*forseti.*
M. SCHULZ	V. LEŠKEVIČIUS

([10]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/603/EB frá 5. ágúst 2009 um kröfur varðandi skráningu á framleiðendum rafhlaðna og rafgeyma í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/66/EB (Stjtíð. ESB L 206, 8.8.2009, bls. 13).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/408

2015/EES/63/66

frá 11. mars 2015

um framkvæmd 7. mgr. 80. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um að koma á skrá yfir efni sem ráðgert er að skipta út (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 2. mgr. 78. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Virk efni skulu tilgreind sem efni sem ráðgert er að skipta út ef þau uppfylla eina eða fleiri viðmiðanir sem settar eru fram í 4. lið II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009.

2) Samkvæmt 7. mgr. 80. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 skal framkvæmdastjórnin koma á skrá yfir efni, sem eru skráð í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([2]), sem uppfylla viðmiðanirnar sem settar eru fram í 4. lið II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009, hér á eftir nefnd „skrá yfir efni sem ráðgert er að skipta út“.

3) Til að tryggja samræmi í stefnu Sambandsins að því er varðar virk efni með eiginleika sem auðkenna þau sem efni sem ráðgert er að skipta út og til að meðhöndla slík efni á sama hátt ætti framkvæmdastjórnin einnig að bæta í þessa skrá virkum efnum sem eru samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 samkvæmt umbreytingarákvæðum 1. mgr. 80. gr.

4) Út frá upplýsingum sem er að finna í endurskoðunarskýrslunni, niðurstöðum Matvælaöryggisstofnunar Evrópu ([3]) eða drögunum að matsskýrslunni og tengdum viðbótum og skýrslum um jafningjarýni eða út frá flokkun í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([4]) var mögulegt að sanngreina efni sem uppfylla viðmiðanirnar sem settar eru fram í 4. lið II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009. Þessi skjöl veita upplýsingar, þar sem við á, sem varða viðeigandi ásættanlega, daglega inntöku, viðmiðunarskammt bráðrar eitrunar eða viðtekin váhrif á notanda, upplýsingar sem varða eiginleika efnanna að því er varðar þrávirkni, uppsöfnun í lífverum og eitrun, upplýsingar sem varða hætin áhrif sem um getur í þriðja undirlið 4. liðar í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009, hlutfall óvirkra hverfna, flokkun í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 sem efni sem eru krabbameinsvaldandi í undirflokki 1A eða 1B eða hafa eiturhrif á æxlun í undirflokki 1A eða 1B og innkirtlatruflandi eiginleika. Á grundvelli þessara upplýsinga voru efnin, sem er að finna í viðaukanum við þessa reglugerð, tilgreind sem efni sem uppfylla eina eða fleiri viðmiðanir sem settar eru fram í 4. lið II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009. Þessum upplýsingum hefur verið steypt saman og er að finna í stuðningsbúnaði vegna samantektar á skránni yfir efni sem ráðgert er að skipta út sem er tiltækur á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar ([5]).

5) Ásættanleg, dagleg inntaka á virku efnunum 1-metýlsýklóprópeni, amítróli, díklófópi, dímetóati, etóprófosi, fenamífosi, fípróníli, flúómetúróni, haloxýfópi-P, metami, oxamýli, súlkótríóni og tríasoxíði er umtalsvert minni en af meirihluta samþykktra virkra efna innan viðkomandi flokka efna/notkunarflokka. Viðmiðunarskammtur bráðrar eitrunar fyrir virku efnin dímoxýstróbín, fenamífos, metómýl og oxamýl er umtalsvert minni en af meirihluta samþykktra virkra efna innan viðkomandi flokka efna/notkunarflokka. Viðtekin váhrif á notanda af völdum virku efnanna amítróls, brómadíólóns, dífenakúms, dímetóats, díkvats, etóprófoss, fenamífoss, flúkinkónasóls, metams, súlkótríóns, tríasoxíðs og varfaríns er umtalsvert minni en af meirihluta samþykktra virkra efna innan viðkomandi flokka efna/notkunarflokka. Því þykir rétt að bæta þessum virku efnum í skrána yfir efni sem ráðgert er að skipta út.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 67, 12.3.2015, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 217/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.
([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).
([3]) http://www.efsa.europa.eu/en/publications/efsajournal.htm
([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).
([5]) http://ec.europa.eu/food/plant/pesticides/index_en.htm

6) Virku efnin lúfenúrón, oxýflúorfen og kínoxýfen uppfylla viðmiðanir til að teljast vera þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum. Virku efnin amítról, bífentrín, brómúkónasól, klórtólúrón (óskilgreind rúmefnafræði), koparefnasambönd (afbrigði: koparhýdroxíð, koparoxýklóríð, koparoxíð, Bordeaux-blanda og tríbasískt koparsúlfat), sýprókónasól, sýpródiníl, difenókónasól, díflúfeníkan, dímoxýstróbín, díkvat, epoxíkónasól, fenbútatínoxíð, flúdíoxóníl, flúfenaset, flúópíkólíð, flúkinkónasól, haloxýfóp-P, ímasamox, ímasósúlfúrón, ísóprótúrón, ísópýrasam, lenasíl, lúfenúrón, metkónasól, metríbúsín, metsúlfúrónmetýl, mýklóbútaníl, níkósúlfúrón, oxadíasón, oxýflúorfen, paklóbútrasól, pírimíkarb, próklóras, própíkónasól, própoxýkarbasón, prósúlfúrón, kínoxýfen, tebúkónasól, tebúfenpýrað, tepraloxýdím, tríallat, tríasúlfúrón og síram uppfylla viðmiðanir til að teljast vera þrávirk og eitruð efni. Virku efnin aklónífen, difenakúm, esfenvalerat, etófenprox, etoxasól, famoxadón, lambda-sýhalótrín, lúfenúrón, oxýflúorfen, pendímetalín og kínoxýfen uppfylla viðmiðanir til að teljast vera efni sem safnast fyrir í lífverum og eru eitruð. Því þykir rétt að bæta þessum virku efnum í skrána yfir efni sem ráðgert er að skipta út.

7) Virku efnin mekóprop og metalaxýl innihalda marktækt hlutfall óvirkra hverfna. Því þykir rétt að bæta þessum virku efnum í skrána yfir efni sem ráðgert er að skipta út.

8) Virku efnin karbendasím, epoxíkónasól, flúmíoxasín, glúfosínat, línúrón, oxadíargýl, kvisalófóp-P (afbrigði: kvisalófóp-P-tefúrýl) og varfarín eru flokkuð eða eiga að vera flokkuð, í samræmi við ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1272/2008, sem efni sem hafa eiturhrif á æxlun í undirflokki 1A eða 1B. Því þykir rétt að bæta þessum virku efnum í skrána yfir efni sem ráðgert er að skipta út.

9) Þar eð ráðstafanir sem varða sértækar, vísindalegar viðmiðanir til að ákvarða innkirtlatruflandi eiginleika, eins og um getur í fyrstu málsgrein í lið 3.6.5 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009, hafa enn ekki verið samþykktar átti að ákvarða, í samræmi við þriðju málsgrein sama liðar, hvort efni ætti að teljast hafa slíka eiginleika. Í samræmi við þetta ákvæði skulu virku efnin klórtólúrón (óskilgreind rúmefnafræði), dímoxýstróbín, epoxíkónasól, mólínat, prófoxýdím, tepraloxýdím og þíaklópríð teljast vera efni með innkirtlatruflandi eiginleika sem geta haft skaðleg áhrif á menn. Því þykir rétt að bæta þessum virku efnum í skrána yfir efni sem ráðgert er að skipta út.

10) Aðildarríki og hagsmunaaðilar ættu að fá hæfilegan frest til að aðlagast ákvæðum þessarar reglugerðar.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni sem ráðgert er að skipta út

Virk efni sem eru skráð í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, sem uppfylla viðmiðanirnar sem settar eru fram í 4. lið II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009, skulu vera eins og fram kemur í skránni í viðaukanum við þessa reglugerð.

Fyrsta málsgrein skal einnig gilda um virk efni, sem eru samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009, samkvæmt umbreytingarráðstöfunum í 1. mgr. 80. gr.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Ákvæði 1. gr. og viðaukans skulu ekki gilda um umsóknir um leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem eru lagðar fram fyrir 1. ágúst 2015.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. mars 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

1-metýlsýklóprópen

aklónífen

amítról

bífentrín

brómadíólón

brómúkónasól

karbendasím

klórtólúrón (óskilgreind rúmefnafræði)

koparefnasambönd (afbrigði: koparhýdroxíð, koparoxýklóríð, koparoxíð, Bordeaux-blanda og tríbasískt koparsúlfat)

sýprókónasól

sýpródiníl

díklófóp

dífenakúm

dífenókónasól

díflúfeníkan

dímetóat

dímoxýstróbín

díkvat

epoxíkónasól

esfenvalerat

etóprófos

etófenprox

etoxasól

famoxadón

fenamífos

fenbútatínoxíð

fípróníl

flúdíoxóníl

flúfenaset

flúmíoxasín

flúómetúrón

flúópíkólíð

flúkinkónasól

glúfosínat

haloxýfóp-P

ímasamox

ímasósúlfúrón

ísóprótúrón

ísópýrasam

lambda-sýhalótrín

lenasíl

línúrón

lúfenúrón

mekópróp

metalaxýl

metam

metkónasól

metómýl

metríbúsín

metsúlfúrónmetýl

mólínat

mýklóbútaníl

níkósúlfúrón

oxadíargýl

oxadíasón

oxamýl

oxýflúorfen

paklóbútrasól

pendímetalín

pírimíkarb

próklóras

prófoxýdím

própíkónasól

própoxýkarbasón

prósúlfúrón

kínoxýfen

kvisalófóp-P (afbrigði: kvisalófóp-P-tefúrýl)

súlkótríón

tebúkónasól

tebúfenpýrað

tepraloxýdím

þíaklópríð

tríallat

tríasúlfúrón

tríasoxíð

varfarín

síram

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 920/2013 **2015/EES/63/67**

frá 24. september 2013

um tilnefningu tilkynntra aðila og eftirlit með þeim samkvæmt tilskipun ráðsins 90/385/EBE um virk, ígræðanleg lækningatæki og tilskipun ráðsins 93/42/EBE um lækningatæki (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/385/EBE frá 20. júní 1990 um samræmingu laga aðildarríkjanna um virk, ígræðanleg lækningatæki ([1]), einkum 2. mgr. 11. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 93/42/EBE frá 14. júní 1993 um lækningatæki ([2]), einkum 2. mgr. 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Vegna tækniframfara hafa orðið til sífellt flóknari tæki og framleiðsluaðferðir sem hafa fært tilkynntum aðilum nýjar áskoranir á sviði samræmismats. Þessi þróun hefur leitt til þess að tilkynntir aðilar eru mishæfir og gera misstrangar kröfur. Til að tryggja snurðulausa starfsemi innri markaðarins er nauðsynlegt að ákveða sameiginlega túlkun á meginþáttunum í þeim viðmiðunum fyrir tilnefningu tilkynntra aðila sem settar eru fram í tilskipun 90/385/EBE og tilskipun 93/42/EBE.

2) Sameiginleg túlkun á viðmiðunum fyrir tilnefningu, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, nægir ekki til að tryggja samræmi í beitingu þeirra. Matsaðferðir aðildarríkjanna eru mismunandi. Þróunin stefnir í átt að sívaxandi mun á matsaðferðunum þar eð starf samræmismatsstofanna verður æ flóknara eins og að framan greinir. Enn fremur koma fram mörg sértæk vafamál í daglegu tilnefningarstarfi í tengslum við nýja tækni og nýjar vörur. Því er nauðsynlegt að kveða á um málsmeðferðarskyldur sem tryggja stöðug skoðanaskipti milli aðildarríkjanna um almennar starfsvenjur þeirra og um sértæk vafamál. Þetta mun leiða í ljós ósamræmi í aðferðunum, sem eru notaðar til að meta samræmismatsstofur, og ósamræmi í túlkun á þeim viðmiðunum fyrir tilnefningu stofanna sem settar eru fram í tilskipun 90/385/EBE og tilskipun 93/42/EBE. Með því að gera ósamræmið sýnilegt verður unnt að móta sameiginlega túlkun á matsaðferðunum, einkum að því er varðar nýja tækni og tæki.

3) Til að tryggja sameiginlega nálgun tilnefningaryfirvaldanna og hlutlaus samkeppnisskilyrði ættu þessi yfirvöld að byggja ákvarðanir sínar á sameiginlegu safni skjala sem myndi grundvöllinn að sannprófun á þeim viðmiðunum fyrir tilnefningu sem settar eru fram í tilskipun 90/385/EBE og tilskipun 93/42/EBE.

4) Til að auðvelda sameiginlega beitingu viðmiðana fyrir tilnefningu samræmismatsstofa og með hliðsjón af því að starf þessara stofa verður sífellt flóknara ætti teymi matsmanna, sem hefur til að bera þá þekkingu og reynslu sem er fyrir hendi í hinum ýmsu aðildarríkjum og innan framkvæmdastjórnarinnar, að meta samræmismatsstofurnar. Til að auðvelda slíkt mat ættu þeir sem taka þátt í þessari starfsemi að hafa aðgang að tilteknum grundvallarskjölum. Tilnefningaryfirvöld frá aðildarríkjunum, öðru en því aðildarríki þar sem viðkomandi samræmismatsstofa hefur staðfestu, ættu að eiga þess kost að rýna skjölin, sem tengjast matinu, og gera athugasemdir við fyrirhugaðar tilnefningar ef þeir svo óska. Aðgangur að þessum skjölum er nauðsynlegur svo að unnt sé að greina veikleika samræmismatsstofa, sem eru umsækjendur, og ósamræmi í matsaðferðum aðildarríkjanna og í túlkun þeirra á þeim viðmiðunum fyrir tilnefningu sem settar eru fram í tilskipun 90/385/EBE og tilskipun 93/42/EBE.

5) Til að tryggja að sameiginleg túlkun á settum viðmiðunum gildi á sama hátt um bæði útvíkkanir á gildissviði, sem endurspegla oft og tíðum nýja tækni eða vörutegundir, og um endurnýjun á tilnefningum tilkynntra aðila er rétt að beita einnig málsmeðferðinni um tilnefningu samræmismatsstofa í þessum tilvikum.

6) Vaxandi þörf er á eftirliti með tilkynntum aðilum og vöktun á þeim af hálfu tilnefningaryfirvalda því að tækniframfarir hafa aukið áhættuna á að tilkynntir aðilar búi ekki yfir nauðsynlegri hæfni að því er varðar nýja tækni eða tæki sem verða til á gildissviði tilnefningar þeirra. Þar eð tækniframfarir stytta líftíma vara og þar eð tímabilið milli tveggja matsheimsókna í eftirlitsskyni er mislangt eftir tilnefningaryfirvöldum sem og tímabilið milli tveggja vöktunaraðgerða þá er rétt að fastsetja lágmarkskröfur, sem gildi um tímabilin milli eftirlits með tilkynntum aðilum og um tímabilin milli vöktunar á þeim, og skipuleggja matsheimsóknir með engum eða stuttum fyrirvara.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 253, 25.9.2013, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 218/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 189, 20.7.1990, bls. 17.

([2]) Stjtíð. EB L 169, 12.7.1993, bls. 1.

7) Leiki vafi á um hæfni tilkynnts aðila, þrátt fyrir ráðstafanir aðildarríkjanna til að tryggja samræmda beitingu krafna og eftirfylgni með þeim, ætti framkvæmdastjórnin að eiga möguleika á að rannsaka einstök mál. Þörfin fyrir rannsókn af hálfu framkvæmdastjórnarinnar hefur farið vaxandi sökum þess að tækniframfarir hafa aukið áhættuna á að tilkynntir aðilar búi ekki yfir nauðsynlegri hæfni að því er varðar nýja tækni eða vörur á gildissviði tilnefningar þeirra.

8) Aðildarríkin ættu að vinna saman og með framkvæmdastjórninni í þeim tilgangi að efla gagnsæi og gagnkvæmt traust og samstilla og þróa enn frekar málsmeðferðarreglur sínar um tilnefningu, útvíkkun og endurnýjun, fyrst og fremst með tilliti til nýrra túlkunarvafamála sem koma fram og varða nýja tækni og tæki. Þau ættu að hafa samráð sín á milli og við framkvæmdastjórnina um vafamál, sem hafa almenna þýðingu viðvíkjandi framkvæmd þessarar reglugerðar, og upplýsa hvert annað og framkvæmdastjórnina um staðalgátlista fyrir möt sem liggur til grundvallar matsvenjum þeirra.

9) Þar eð verkefnin varðandi tilnefningu samræmismatsstofanna verða sífellt flóknari, sem stafar af því að vinna þessara stofa verður æ flóknari, er þörf á umtalsverðum tilföngum (e. *resources*). Því er rétt að gera þá kröfu til aðildarríkjanna að þau hafi yfir að ráða lágmarksfjölda hæfs starfsfólks sem sé fært um að starfa á óháðum grundvelli og hafi umboð til þess.

10) Ekki er víst að tilnefningaryfirvöld, sem ekki bera ábyrgð á markaðseftirliti og tækjagát, hafi vitneskju um þá annmarka á vinnu tilkynntra aðila sem lögbær yfirvöld uppgötva við vörueftirlit sitt. Ekki er heldur víst að tilnefningaryfirvöld hafi alla þá þekkingu á vörunni sem er stundum nauðsynleg til að unnt sé að meta hvort tilkynntir aðilar hafi unnið störf sín eins og vera ber. Því skulu tilnefningaryfirvöld hafa samráð við lögbær yfirvöld.

11) Ef tilnefning byggist á faggildingu, í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 frá 9. júlí 2008 um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum og um niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 339/93([3]), ættu faggildingaraðilarnir annars vegar og tilnefningaryfirvöld og lögbær yfirvöld hins vegar að skiptast á upplýsingum, sem skipta máli fyrir matið á tilkynntum aðilum, í því skyni að tryggja gagnsæja og samræmda beitingu viðmiðananna sem settar eru fram í 8. viðauka við tilskipun 90/385/EBE og XI. viðauka við tilskipun 93/42/EBE. Þörfin fyrir þessi upplýsingaskipti hefur reynst sérlega mikil í tengslum við starfsvenjur samræmismatsstofanna, að því er varðar nýja tækni og tæki, og getu þeirra til að meta þessa tækni og tæki og uppfylla með því móti viðmiðanirnar fyrir tilnefningu sem settar eru fram í tilskipun 90/385/EBE og tilskipun 93/42/EBE.

12) Rétt þykir að kveða á um frest til innleiðingar í áföngum til að gefa tilnefningaryfirvöldum tíma til að afla sér frekari tilfanga, eftir því sem nauðsyn krefur, sem og aðlaga málsmeðferðarreglur sínar.

13) Hin flókna þróun í tækni og framleiðslu hefur gert það að verkum að sumir tilkynntir aðilar útvista hluta af matsvinnu sinni. Því er nauðsynlegt að setja takmarkanir og ákvarða skilyrðin fyrir því að það megi gera. Tilkynntir aðilar ættu að hafa stjórn á undirverktökum sínum og dótturfyrirtækjum. Þeir þurfa að ráða yfir viðeigandi tilföngum, þ.m.t. starfsfólki sem hefur næga menntun og starfsreynslu, svo að þeir geti sjálfir unnið matsvinnuna eða yfirfarið matsvinnu utanaðkomandi sérfræðinga.

14) Til að tryggja að ólögmætar aðstæður hafi ekki áhrif á ákvarðanir tilkynntra aðila ber fyrirtæki og rekstri aðilanna að tryggja fulla óhlutdrægni. Aðilarnir ættu að hafa fullnægjandi rekstrarkerfi, þ.m.t. ákvæði um þagnarskyldu, svo að þeir geti unnið verk sín á samfelldan og kerfisbundinn hátt. Til að tilkynntir aðilar eigi þess kost að gegna starfi sínu með tilhlýðilegum hætti ætti þekkingar- og hæfnistig starfsfólksins ávallt að vera tryggt.

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 90/385/EBE.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka eins og hér segir:

a) „tæki": virkt, ígræðanlegt lækningatæki samkvæmt skilgreiningu í c-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 90/385/EBE eða lækningatæki og fylgihlutir samkvæmt skilgreiningu í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 93/42/EBE,

b) „samræmismatsstofa": aðili sem annast kvörðun, prófun, vottun og eftirlit skv. 13. lið gr. R1 í I. viðauka við ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 768/2008/EB ([4]),

c) „tilkynntur aðili": samræmismatsstofa sem aðildarríki hefur tilkynnt í samræmi við 11. gr. tilskipunar 90/385/EBE eða 16. gr. tilskipunar 93/42/EBE,

d) „faggildingarstofnun": eina stofnunin í aðildarríki sem annast faggildingu með leyfi frá ríkinu eins og mælt er fyrir um í 10. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008,

([3]) Stjtíð. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 30.

([4]) Stjtíð. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 82.

e) „tilnefningaryfirvald": yfirvald eða yfirvöld sem aðildarríki hefur falið að meta, tilnefna, tilkynna og vakta tilkynnta aðila samkvæmt tilskipun 90/385/EBE eða tilskipun 93/42/EBE,

f) „lögbært yfirvald:" yfirvald eða yfirvöld sem bera ábyrgð á markaðseftirliti og/eða tækjagát,

g) „matsheimsókn": sannprófun af hálfu tilnefningaryfirvalds sem fer fram á athafnasvæði viðkomandi aðila eða eins undirverktaka hans eða dótturfyrirtækis

h) „matsheimsókn í eftirlitsskyni": reglubundin, kerfisbundin matsheimsókn sem er hvorki matsheimsókn vegna fyrstu tilnefningar né matsheimsókn vegna endurnýjunar á tilnefningu,

i) „úttekt undir eftirliti": mat af hálfu tilnefningaryfirvalds á vinnu úttektarteymis tilkynnta aðilans á athafnasvæði viðskiptavinar aðilans,

j) „störf": verk sem starfsfólki og utanaðkomandi sérfræðingum aðilans ber að vinna, þ.e. úttekt á gæðakerfum, rýni tæknigagna varðandi vöruna, rýni klínísks mats og klínískra rannsókna, prófun tækja og, fyrir hvert framangreindra atriða, lokarýni og taka ákvarðana þar um,

k) „undirverktaka": yfirfærsla verkefna til einhvers eftirfarandi aðila:

   i. lögaðila,

   ii. einstaklings sem framselur þessi verkefni eða hluta af þeim,

   iii. nokkurra einstaklinga eða lögaðila sem vinna þessi verkefni í sameiningu.

2. gr.

Túlkun viðmiðana fyrir tilnefningu

Viðmiðunum, sem settar eru fram í 8. viðauka við tilskipun 90/385/EBE eða í XI. viðauka við tilskipun 93/42/EBE, skal beitt eins og mælt er fyrir um í I. viðauka.

3. gr.

Málsmeðferð um tilnefningu tilkynntra aðila

1. Þegar samræmismatsstofa sækir um tilnefningu sem tilkynntur aðili skal hún nota umsóknareyðublaðið í II. viðauka. Leggi samræmismatsstofan fram umsókn og fylgiskjöl með henni á pappír skal hún einnig senda inn rafrænt eintak af umsókninni og fylgiskjölunum.

Í umsókninni skal tilgreina þá starfsemi á sviði samræmismats, aðferð við samræmismat og hæfnissvið, sem samræmismatsstofan óskar eftir að verða tilkynnt fyrir, það síðastnefnda með því að tilgreina kóðana sem eru notaðir í NANDO-upplýsingakerfinu (e. *NANDO: New Approach Notified and Designated Organisations* (upplýsingakerfi um aðila sem eru tilkynntir og tilnefndir á grundvelli nýaðferðartilskipana))([5]).

([5]) „NANDO", sjá http://ec.europa.eu/enterprise/newapproach/nando

2. Tilnefningaryfirvald aðildarríkisins, þar sem samræmismatsstofan hefur staðfestu, skal meta stofuna í samræmi við gátlista fyrir möt sem nær a.m.k. yfir atriðin sem eru skráð í II. viðauka. Matið skal fela í sér matsheimsókn.

Fulltrúar tilnefningaryfirvalda tveggja annarra aðildarríkja skulu, í samvinnu við tilnefningaryfirvald aðildarríkisins þar sem samræmismatsstofan hefur staðfestu og ásamt fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar, taka þátt í matinu á samræmismatsstofunni, þ.m.t. matsheimsókninni. Tilnefningaryfirvald aðildarríkisins, þar sem samræmismatsstofan hefur staðfestu, skal veita þessum fulltrúum aðgang í tíma að skjölum sem eru nauðsynleg fyrir matið á samræmismatsstofunni. Þeir skulu skila skýrslu innan 45 daga eftir matsheimsóknina sem í skal a.m.k. vera samantekt á þeim frávikum, sem greindust, frá viðmiðunum, sem settar eru fram í I. viðauka, og tilmæli með tilliti til tilnefningar tilkynnta aðilans.

3. Aðildarríkin skulu hafa tiltækan hóp matsmanna sem framkvæmdastjórnin getur leitað til við hvert mat.

4. Tilnefningaryfirvald aðildarríkisins, þar sem samræmismatsstofan hefur staðfestu, skal hala matsskýrslunni, sem fulltrúarnir sem um getur í 2. mgr. hafa samið, sinni eigin matsskýrslu og skýrslu um matsheimsóknina, ef hún er ekki innifalin í matsskýrslunni, upp í gagnageymslukerfi sem framkvæmdastjórnin stjórnar.

5. Tilnefningaryfirvöld allra hinna aðildarríkjanna skulu upplýst um umsóknina og geta óskað eftir aðgangi að sumum eða öllum skjölunum sem um getur í 4. mgr. Þessum yfirvöldum og framkvæmdastjórninni er heimilt að rýna öll skjöl, sem um getur í 4. mgr., bera upp spurningar eða vekja máls á áhyggjuefnum og óska eftir frekari skjölum innan eins mánaðar frá síðasta upphali eins þessara skjala. Þeim er heimilt, innan sama frests, að óska eftir skoðanaskiptum um umsóknina sem framkvæmdastjórnin skipuleggur.

6. Tilnefningaryfirvald aðildarríkisins, þar sem samræmismatsstofan hefur staðfestu, skal gefa svar innan fjögurra vikna viðvíkjandi spurningum, áhyggjuefnum og óskum um frekari skjöl.

Tilnefningaryfirvöld hinna aðildarríkjanna eða framkvæmdastjórnin geta beint tilmælum, hvert um sig eða sameiginlega, til tilnefningaryfirvalds aðildarríkisins, þar sem samræmismatsstofan hefur staðfestu, innan fjögurra vikna frá viðtöku svarsins. Tilnefningaryfirvaldið skal taka tillit til tilmælanna þegar það tekur ákvörðun um tilnefningu samræmismatsstofunnar. Fylgi yfirvaldið ekki tilmælunum skal það tilgreina ástæður þess innan tveggja vikna frá ákvörðun sinni.

7. Aðildarríkið skal nota NANDO-upplýsingakerfið til að tilkynna framkvæmdastjórninni um ákvörðun sína varðandi tilnefningu samræmismatsstofu.

Tilnefningin gildir í fimm ár að hámarki.

4. gr.

Útvíkkun og endurnýjun tilnefningar

1. Heimila má útvíkkun á gildissviði tilnefningar tilkynnta aðilans í samræmi við 3. gr.

2. Tilnefningu tilkynnts aðila má endurnýja, í samræmi við 3. gr., áður en gildistíma fyrri tilnefningar lýkur.

3. Að því er varðar 2. mgr. skal málsmeðferðin, sem um getur í 2. mgr. 3. gr., fela í sér úttekt undir eftirliti eftir því sem við á.

4. Sameina má málsmeðferðarreglur um útvíkkun og endurnýjun.

5. Tilkynntir aðilar, sem hafa þegar verið tilnefndir þegar þessi reglugerð öðlast gildi og fengu tilnefningu án tilgreinds gildistíma eða með lengri gildistíma en fimm ár, skulu endurnýja tilnefningu sína innan þriggja ára frá því að þessi reglugerð öðlast gildi.

5. gr.

Eftirlit og vöktun

1. Í eftirlitsskyni skal tilnefningaryfirvald aðildarríkisins, þar sem tilkynnti aðilinn hefur staðfestu, meta viðeigandi fjölda dæma um rýni tilkynnta aðilans á klínískum matsgerðum framleiðandans og skal framkvæma viðeigandi fjölda dæma um rýni skráa, matsheimsókna í eftirlitsskyni, sem og úttekta undir eftirliti, með eftirfarandi millibilum:

a) á 12 mánaða fresti, a.m.k., þegar um er að ræða tilkynnta aðila með yfir 100 viðskiptavini,

b) á 18 mánaða fresti, a.m.k., þegar um er að ræða alla aðra tilkynnta aðila.

Tilnefningaryfirvaldið skal einkum rannsaka breytingarnar, sem hafa orðið frá því að mat fór síðast fram, og vinnu tilkynnta aðilans frá því mati.

2. Eftirlit og vöktun tilnefningaryfirvaldanna skal taka til dótturfyrirtækja í tilhlýðilegum mæli.

3. Tilnefningaryfirvald aðildarríkisins, þar sem tilkynnti aðilinn hefur staðfestu, skal stöðugt vakta þann aðila til að tryggja að hann uppfylli ávallt gildandi kröfur. Það yfirvald skal kveða á um kerfisbundna eftirfylgni kærumála, gátskýrslna og annarra upplýsinga, þ.m.t. frá öðrum aðildarríkjum, sem gætu bent til þess að tilkynnti aðilinn uppfylli ekki skyldur sínar eða víki frá almennum eða bestu starfsvenjum.

Auk matsheimsókna vegna eftirlits eða endurnýjunar skal tilnefningaryfirvaldið í aðildarríkinu, þar sem tilkynnti aðilinn hefur staðfestu, fara í matsheimsóknir með engum eða stuttum fyrirvara ef þörf er á slíkum matsheimsóknum til að ganga úr skugga um hlítingu krafna.

6. gr.

Rannsókn á hæfni tilkynnts aðila

1. Framkvæmdastjórninni er heimilt að rannsaka mál sem varða hæfni tilkynnts aðila eða hvort hann uppfylli þær kröfur og ábyrgðarskyldur sem honum ber samkvæmt tilskipun 90/385/EBE og tilskipun 93/42/EBE.

2. Rannsóknir hefjast með samráði við tilnefningaryfirvald aðildarríkisins þar sem tilkynnti aðilinn hefur staðfestu. Tilnefningaryfirvaldið skal, að fenginni beiðni, veita framkvæmdastjórninni allar viðeigandi upplýsingar varðandi viðkomandi tilkynntan aðila innan fjögurra vikna.

3. Framkvæmdastjórnin sér til þess að farið sé með allar viðkvæmar upplýsingar, sem fást úr rannsóknum hennar, sem trúnaðarmál.

4. Uppfylli tilkynnti aðilinn ekki lengur skilyrðin fyrir tilkynningu sinni upplýsir framkvæmdastjórnin aðildarríkið, þar sem tilkynnti aðilinn hefur staðfestu, þar um og getur farið fram á að aðildarríkið grípi til nauðsynlegra ráðstafana til úrbóta.

7. gr.

Miðlun reynslu af tilnefningu samræmismatsstofa og eftirliti með þeim

1. Tilnefningaryfirvöld skulu hafa samráð sín á milli og við framkvæmdastjórnina um álitaefni sem skipta almennt máli fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar og fyrir túlkun þeirra ákvæða tilskipunar 90/385/EBE og tilskipunar 93/42/EBE sem varða samræmismatsstofur.

2. Tilnefningaryfirvöld skulu tilkynna hvort öðru og framkvæmdastjórninni, eigi síðar en 31. desember 2013, um staðalgátlistann fyrir möt, sem er notaður í samræmi við 2. mgr. 3. gr., og því næst um aðlaganir á þessum lista.

3. Bendi matsskýrslurnar, sem um getur í 4. mgr. 3. gr., til ósamræmis í almennum starfsvenjum tilnefningaryfirvalda geta aðildarríkin eða framkvæmdastjórnin óskað eftir skoðanaskiptum sem framkvæmdastjórnin skipuleggur.

8. gr.

Rekstur tilnefningaryfirvalda

1. Tilnefningaryfirvöld skulu hafa yfir að ráða nægilega mörgu hæfu starfsfólki til að sinna verkefnum sínum á viðeigandi hátt. Þessi yfirvöld skulu stofnuð, skipulögð og rekin með þeim hætti að hlutlægni og óhlutdrægni í starfsemi þeirra sé tryggð og komið sé í veg fyrir hagsmunaárekstra við samræmismatsstofurnar. Tilnefningaryfirvöldin skulu skipulögð á þann hátt að starfsmaðurinn, sem tekur ákvörðun varðandi tilkynningu tiltekinnar samræmismatsstofu, sé ekki sá sami og annaðist matið á stofunni.

2. Beri tilnefningaryfirvöld ekki ábyrgð á markaðseftirliti með tækjum og á tækjagát skulu þau sjá til þess að lögbær yfirvöld viðkomandi aðildarríkis taki þátt í öllum verkefnum sem á tilnefningaryfirvöldunum hvíla samkvæmt þessari reglugerð. Þau skulu m.a. hafa samráð við lögbær yfirvöld aðildarríkisins, áður en þau taka ákvarðanir, og hvetja þau til að taka þátt í hvers kyns matsvinnu.

9. gr.

Samstarf við faggildingarstofur

Byggist tilnefning á faggildingu í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 765/2008 skulu aðildarríkin sjá til þess að lögbær yfirvöld haldi faggildingarstofunni, sem faggilti tiltekinn tilkynntan aðila, upplýstri um atvikaskýrslur og aðrar upplýsingar sem varða málefni sem þessi tilkynnti aðili hefur eftirlit með, svo fremi að upplýsingarnar skipti máli fyrir matið á vinnu tilkynnta aðilans. Aðildarríkin skulu sjá til þess að tilnefningaryfirvöld aðildarríkisins, þar sem viðkomandi samræmismatsstofa hefur staðfestu, haldi faggildingarstofunni, sem ber ábyrgð á faggildingu samræmismatsstofunnar, upplýstri um niðurstöður sem skipta máli fyrir faggildinguna. Faggildingarstofan skal upplýsa tilnefningaryfirvöld aðildarríkisins, þar sem samræmismatsstofan hefur staðfestu, um niðurstöður sínar.

10. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir um útvíkkanir á tilnefningum frá og með 25. desember 2013.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. september 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

I. VIÐAUKI

Túlkun viðmiðana sem settar eru fram í 8. viðauka við tilskipun 90/385/EBE og í XI. viðauka við tilskipun 93/42/EBE

1. Túlka skal 1. og 5. lið í 8. viðauka við tilskipun 90/385/EBE og í XI. viðauka við tilskipun 93/42/EBE sem svo að þeir feli í sér eftirfarandi atriði:

1.1. Samræmismatsstofan skal vera þriðji aðili sem er óháður framleiðanda vörunnar sem stofan metur með tilliti til samræmis. Samræmismatsstofan skal einnig vera óháð öllum öðrum rekstraraðilum, sem hafa hagsmuni að gæta viðvíkjandi vörunni, sem og öllum samkeppnisaðilum framleiðandans.

1.2. Samræmismatsstofan skal skipulögð og starfrækt þannig að óhæði, hlutlægni og óhlutdrægni starfsemi hennar sé tryggð. Samræmismatsstofan skal hafa málsmeðferðarreglur sem tryggja á skilvirkan hátt að öll mál, þar sem komið gæti til hagsmunaárekstra, séu greind, rannsökuð og leyst, þ.m.t. þátttaka starfsfólks stofunnar í ráðgjafarþjónustu á sviði lækningatækja áður en það hóf störf hjá stofunni.

1.3. Samræmismatsstofan, yfirstjórn hennar og starfsfólk, sem ber ábyrgð á lausn verkefna á sviði samræmismats, skulu ekki:

a) taka þátt í neinni starfsemi sem gæti haft áhrif á sjálfstætt mat þeirra og heilindi að því er varðar samræmismatsstarfsemi í þeim tilvikum þar sem þau eru tilkynntur aðili.

b) bjóða fram eða veita neina þá þjónustu sem gæti skaðað tiltrú á óhæði þeirra, óhlutdrægni eða hlutlægni. Einkum og sérílagi skulu þau hvorki bjóða eða veita, né hafa á undanfarandi þremur árum boðið eða veitt, framleiðanda, viðurkenndum fulltrúa hans, birgi eða samkeppnisaðila í viðskiptum ráðgjafarþjónustu sem varðar kröfur Sambandsins um hönnun, smíði, setningu á markað eða viðhald varanna eða ferlanna sem verið er að meta. Þetta kemur ekki í veg fyrir samræmismatsstarfsemi fyrir framangreinda framleiðendur og rekstraraðila né almenna þjálfunarstarfsemi í tengslum við reglur um lækningatæki eða tilheyrandi staðla sem takmarkast ekki við tiltekinn viðskiptavin.

1.4. Æðstu stjórnendur samræmismatsstofunnar og starfsmenn hennar, sem annast mat, skulu vera óhlutdrægir. Þóknun æðstu stjórnenda samræmismatsstofu og starfsfólks hennar, sem annast mat, skal hvorki vera háð fjölda matanna, sem unnin eru, né niðurstöðum þeirra.

1.5. Sé samræmismatsstofa í eigu opinbers aðila eða stofnunar skal aðildarríkið tryggja og skjalfesta að samræmismatsstofan sé óháð og að engir hagsmunaárekstrar séu á milli tilnefningaryfirvaldsins og/eða lögbæra yfirvaldsins annars vegar og samræmismatsstofunnar hins vegar.

1.6. Samræmismatsstofan skal tryggja og skjalfesta að starfsemi dótturfyrirtækja hennar eða undirverktaka eða tengdra aðila hafi ekki áhrif á óhæði hennar, óhlutdrægni eða hlutlægni í starfsemi hennar á sviði samræmismats.

1.7. Kröfurnar í liðum 1.1–1.6 koma ekki í veg fyrir skipti á tækniupplýsingum og regluleiðbeiningum milli viðkomandi stofu og framleiðanda sem óskar eftir samræmismati hjá stofunni.

2. Túlka skal aðra málsgrein 2. liðar XI. viðauka við tilskipun 93/42/EBE sem svo að hún feli í sér eftirfarandi atriði:

2.1. Undirverktakastarfsemi skal takmarkast við sérstök verkefni. Ekki er heimilt að fela undirverktaka úttekt á gæðastjórnunarkerfum eða vörutengda rýni í heild sinni. Samræmismatsstofan skal einkum rýna sjálf hæfni utanaðkomandi sérfræðinga og vakta frammistöðu þeirra, úthluta tiltekinni samræmismatsstarfsemi til sérfræðinganna og annast lokarýni og ákvarðanatöku.

2.2. Setji samræmismatsstofa tiltekin verkefni í undirverktöku eða hafi hún samráð við utanaðkomandi sérfræðinga í tengslum við samræmismat skal hún hafa stefnu þar sem því er lýst við hvaða aðstæður undirverktaka eða samráð við utanaðkomandi sérfræðinga megi eiga sér stað. Undirverktaka eða samráð við utanaðkomandi sérfræðinga skal skjalfest á tilhlýðilegan hátt og heyra undir skriflegan samning sem tekur m.a. til þagnarskyldu og hagsmunaárekstra.

2.3. Samræmismatsstofan skal setja verklagsreglur um mat og vöktun á hæfni allra undirverktaka og utanaðkomandi sérfræðinga sem hún notar.

3. Túlka skal 3. og 4. lið í 8. viðauka við tilskipun 90/385/EBE og í XI. viðauka við tilskipun 93/42/EBE sem svo að þeir feli í sér eftirfarandi atriði:

3.1. Samræmismatsstofan skal ávallt og fyrir hverja samræmismatsaðferð og hverja tegund eða flokk vöru, sem hún er eða óskar eftir að verða tilkynntur aðili fyrir, hafa eftirfarandi til umráða í fyrirtæki sínu:

a) nauðsynlegt starfsfólk við stjórnun, tæknistörf, klínísk störf og vísindastörf með þá kunnáttu, sem til þarf, á sviði tækni og vísinda og næga og viðeigandi reynslu í tengslum við lækningatæki og tilheyrandi tækni til að leysa af hendi verkefni á sviði samræmismats, þ.m.t. mat á klínískum gögnum,

b) skjalfest vinnsluferli fyrir framkvæmd þeirra samræmismatsaðferða, sem stofan er tilnefnd fyrir ([6]), þar sem tekið er tillit til sértæki hverrar aðferðar um sig, þ.m.t. samráð sem gerð er krafa um að lögum, að því er varðar mismunandi flokka tækja á gildissviði tilkynningarinnar, og þar sem tryggt er að þessar aðferðir séu gagnsæjar og að hægt sé að endurtaka þær.

3.2. Samræmismatsstofan skal hafa til umráða nauðsynlegt starfsfólk og eiga eða hafa aðgang að öllum búnaði og aðstöðu sem þarf til að leysa á fullnægjandi hátt tækni- og stjórnunarleg verkefni sem tengjast starfseminni á sviði samræmismats sem hún er tilkynntur aðili fyrir.

3.3. Samræmismatsstofan skal hafa yfir að ráða nauðsynlegu fjármagni fyrir starfsemi sína á sviði samræmismats og tilheyrandi viðskiptastarfsemi. Hún skal skjalfesta og leggja fram gögn um fjárhagslega getu sína og sjálfbæra, fjárhagslega afkomu, að teknu tilliti til sérstakra aðstæðna á byrjunarstigi starfseminnar.

3.4. Samræmismatsstofan skal hafa og reka gæðastjórnunarkerfi.

3.5. Reynsla og þekking starfsfólksins, sem ber ábyrgð á framkvæmd starfseminnar á sviði samræmismats, skal túlkuð sem svo að það búi yfir:

a) traustri vísindalegri, tæknilegri og faglegri menntun, einkum á viðeigandi sviðum læknisfræði, lyfjafræði, verkfræði eða annarra viðeigandi vísindagreina, sem tekur til allrar starfsemi á sviði samræmismats sem stofan er eða óskar eftir að verða tilkynntur aðili fyrir,

b) umfangsmikilli og viðeigandi reynslu sem nær yfir alla starfsemi á sviði samræmismats sem stofan er eða óskar eftir að verða tilkynntur aðili fyrir,

c) fullnægjandi þekkingu á kröfum varðandi matið sem það annast og fullnægjandi heimild til að annast slíkt mat,

d) tilhlýðilegri þekkingu og skilningi á viðeigandi ákvæðum í lögum um lækningatæki og í viðkomandi samhæfðum stöðlum,

e) getu til þess að útbúa vottorð, skrár og skýrslur sem sýna að mat hafi verið unnið.

([6]) Sjá 41. lið II. viðauka.

3.6. Samræmismatsstofan skal koma á og skjalfesta hæfisviðmiðanir og verklagsreglur um val og heimildir fólks sem tekur þátt í starfsemi á sviði samræmismats (hvaða kunnáttu, reynslu og annarrar hæfni er krafist) og um tilskilda starfsþjálfun (starfsþjálfun í upphafi og áframhaldandi starfsþjálfun). Hæfisviðmiðanirnar skulu ná yfir mismunandi störf í samræmismatsferlinu (s.s. úttekt, vörumat/-prófun, rýni hönnunarskjala/-skráa, ákvarðanatöku) sem og tæki, tækni og svið (s.s. lífsamrýmanleika, sæfingu, vefi og frumur úr dýrum og klíníska mat) sem falla undir gildissvið tilnefningarinnar.

3.7. Samræmismatsstofan skal einnig hafa málsmeðferðarreglur til að tryggja að dótturfyrirtæki hennar starfi á grundvelli sömu verklagsreglna og með sama strangleika og höfuðstöðvar þeirra.

3.8. Ef undirverktakar eða utanaðkomandi sérfræðingar eru notaðir í tengslum við samræmismat, einkum að því er varðar ný lækningatæki eða -tækni til inngrips eða ígræðslu, skal samræmismatsstofan búa yfir fullnægjandi valdheimildum á hverju því vörusviði, þar sem hún er tilnefndur aðili, til að stjórna samræmismatinu, sannprófa að sérfræðiálit séu viðeigandi og gild og taka ákvörðunina um vottun. Tilskildar valdheimildir skulu taka til tæknilegra og klínískra þátta og úttektar.

4. Túlka skal 6. lið í 8. viðauka við tilskipun 90/385/EBE og í XI. viðauka við tilskipun 93/42/EBE sem svo að þeir feli í sér eftirfarandi atriði:

4.1. Samræmismatsstofan skal taka viðeigandi ábyrgðartryggingu sem svarar til samræmismatsstarfseminnar sem hún er tilkynnt fyrir, þ.m.t. hugsanleg ógilding um tíma, takmörkun eða afturköllun á vottorðum og landfræðilegt gildissvið starfseminnar, nema ríkið taki á sig ábyrgð samkvæmt innlendum lögum eða aðildarríkið annist sjálft eftirlitsúttektirnar með beinum hætti.

5. Túlka skal 7. lið í 8. viðauka við tilskipun 90/385/EBE og í XI. viðauka við tilskipun 93/42/EBE sem svo að þeir feli í sér eftirfarandi atriði:

5.1. Samræmismatsstofan skal sjá til þess að starfsfólk hennar, nefndir, dótturfyrirtæki, undirverktakar og aðrir tengdir aðilar gæti trúnaðar um upplýsingar sem henni berast meðan á samræmismati stendur nema lög kveði á um miðlun upplýsinganna. Stofan skal hafa skjalfestar verklagsreglur í þessu skyni.

5.2. Starfsfólk samræmismatsstofunnar skal virða þagnarskyldu með tilliti til allra upplýsinga sem það fær við störf sín nema gagnvart tilnefningaryfirvöldum og lögbærum yfirvöldum eða framkvæmdastjórninni. Einkaleyfisréttur skal varinn. Samræmismatstofan skal hafa skjalfestar verklagsreglur í þessu skyni.

II. VIÐAUKI

Umsóknareyðublað sem skal lagt fram við umsókn um tilnefningu sem tilkynntur aðili

Tilnefningaryfirvald: .....

Heiti samræmismatsstofunnar sem sækir um: .....

Fyrra heiti (ef við á): .....

ESB-númer tilkynnta aðilans (ef við á): .....

Heimilisfang: .....

.....

.....

.....

Tengiliður: .....

Tölvupóstfang: .....

Sími: .....

Rekstrarform samræmismatsstofunnar að lögum: .....

Skráningarnúmer fyrirtækis: .....

Í félagaskrá: .....

.....

.....

Eftirfarandi skjöl skulu fylgja með. Við útvíkkun eða endurnýjun skal aðeins láta ný eða breytt skjöl í té.

	Liður/málefni	Samsvarandi liður í I. viðauka	Númer fylgiskjals + tilvísun (liður/blaðsíða)
	SKIPULAGSKRÖFUR OG ALMENNAR KRÖFUR		
Réttarstaða og stjórnskipulag			
1	Stofnsamþykktir fyrirtækisins		
2	Útskrift af skráningu eða skrásetningu í félagaskrá		
3	Skjöl um starfsemi fyrirtækisins eða stofnunarinnar sem samræmismatsstofan tilheyrir (ef um slíkt er að ræða) og tengsl þess eða hennar við samræmismatsstofuna		
4	Skjöl um rekstrareiningar sem samræmismatsstofan á (ef einhverjar eru), annaðhvort í aðildarríkinu eða utan þess, og tengsl hennar við þessar rekstrareiningar		
5	Lýsing á löglegri eignarheimild og lögaðilum og einstaklingum sem fara með yfirráð yfir samræmismatsstofunni		
6	Lýsing á stjórnskipulagi og rekstrarstjórnun samræmismatsstofunnar		
7	Lýsing á störfum, ábyrgð og heimildum æðstu stjórnenda		
8	Skrá yfir allt starfsfólk sem hefur áhrif á samræmismatsstarfsemina		
9	Skjöl um aðra þjónustu sem samræmismatsstofan veitir (ef einhver er) (s.s. ráðgjöf viðvíkjandi tækjum, starfsþjálfun o.fl.)		
10	Skjöl um faggildingu eða faggildingar sem skipta máli fyrir umsóknina		

	Liður/málefni	Samsvarandi liður í I. viðauka	Númer fylgiskjals + tilvísun (liður/blaðsíða)
Óhæði og óhlutdrægni			
11	Skjöl um uppbyggingu, stefnur og málsmeðferðir sem beinast að því að standa vörð um og efla meginreglurnar um óhlutdrægni í öllu fyrirtækinu, hjá starfsfólkinu og í matsstarfseminni, þ.m.t. siðareglur og hátternisreglur		
12	Lýsing á því hvernig samræmismatsstofan sér til þess að starfsemi dótturfyrirtækja, undirverktaka og utanaðkomandi sérfræðinga hafi ekki áhrif á óhæði hennar, óhlutdrægni eða hlutlægni		
13	Skjöl um óhlutdrægni æðstu stjórnenda og starfsfólks sem tekur þátt í starfseminni á sviði samræmismats, þ.m.t. um kaup þeirra og kaupauka.		
14	Skjöl um hagsmunaárekstra og meðferð/eyðublað fyrir lausn hugsanlegra deilumála		
15	Lýsing á sjálfstæði samræmismatsstofunnar gagnvart tilnefningaryfirvaldinu og gagnvart lögbæra yfirvaldinu, einkum ef stofan er opinber aðili/stofnun		
Þagnarskylda			
16	Skjöl um þagnarskyldu, þ.m.t. vernd gagna sem njóta einkaleyfisverndar		
Bótaábyrgð			
17	Skjöl um ábyrgðartryggingu, sönnun þess að ábyrgðartryggingin nái yfir tilvik þar sem tilkynnta aðilanum kann að vera skylt að afturkalla vottorð eða fella þau tímabundið úr gildi		
Fjármagn			
18	Skjöl um fjármagnið sem þarf til að stunda starfsemi á sviði samræmismats og meðfylgjandi starfsemi, þ.m.t. uppfyllingu yfirstandandi skuldbindinga viðvíkjandi vottorðum, sem eru gefin út til að sýna fram á áframhaldandi lífvænleika tilkynnta aðilans, og samkvæmni að því er varðar þær ýmsu vörur sem eru vottaðar.		
Gæðakerfi			
19	Gæðahandbók og skrá yfir skyld skjöl um framkvæmd, viðhald og rekstur gæðastjórnunarkerfis, þ.m.t. viðmiðunarreglur um skiptingu verkefna milli starfsfólksins og um ábyrgðarsvið starfsfólksins		
20	Skjöl um verklag við eftirlit með skjölum		
21	Skjöl um verklag við eftirlit með skrám		
22	Skjöl um verklag við rýni á stjórnun		
23	Skjöl um verklag við innri úttektir		
24	Skjöl um verklag við aðgerðir til úrbóta og forvarnarstarf		
25	Skjöl um verklag við kvartanir og kærur		

	Liður/málefni	Samsvarandi liður í I. viðauka	Númer fylgiskjals + tilvísun (liður/blaðsíða)
Kröfur varðandi tilföng			
Almenn atriði			
26	Lýsing á eigin rannsóknarstofum og prófunaraðstöðu		
27	Ráðningarsamningar og aðrir samningar við eigið starfsfólk, einkum að því er varðar óhlutdrægni, óhæði, hagsmunaárekstra (sniðmát fyrir staðalsamning fylgi með)		
28	Samningar og annað samkomulag við undirverktaka og utanaðkomandi sérfræðinga, einkum að því er varðar óhlutdrægni, óhæði og hagsmunaárekstra (sniðmát fyrir staðalsamning fylgi með)		
Menntun og hæfi og heimildir starfsfólks			
29	Skrá yfir allt fastráðið starfsfólk og fólk í tímabundnu starfi (tæknimenn, stjórnendur o.s.frv.), þ.m.t. upplýsingar um faglega menntun þess og hæfi, fyrri reynslu og tegundir ráðningarsamninga		
30	Skrá yfir allt utanaðkomandi starfsfólk (utanaðkomandi sérfræðinga, utanaðkomandi endurskoðendur o.s.frv.), þ.m.t. upplýsingar um faglega menntun þess og hæfi, fyrri reynslu og tegundir samninga sem gerðir eru við það		
31	Menntunar- og hæfisyfirlitstafla sem tengir starfsfólk stofunnar og utanaðkomandi sérfræðinga hennar við störfin, sem þeim er ætlað að vinna, og við valdsviðin þar sem stofan er eða óskar eftir að verða tilkynntur aðili		
32	Menntunar- og hæfisviðmiðanir fyrir hin ýmsu störf (sjá 31. lið)		
33	Skjöl um verklagsreglu(r) fyrir val á eigin starfsfólki eða utanaðkomandi starfsfólki til að starfa við samræmismat og úthlutun verkefna til þeirra, þ.á m. skilyrði fyrir úthlutun verkefna til utanaðkomandi starfsfólks og eftirlit með sérþekkingu þess		
34	Skjöl sem sýna að stjórn samræmismatsstofunnar hafi tilhlýðilega kunnáttu til að stofna og reka kerfi fyrir: — val á starfsfólki sem er notað við samræmismatið, — sannprófun á kunnáttu og reynslu þessa starfsfólks, — úthlutun verkefna til starfsfólksins, — sannprófun á frammistöðu starfsfólksins, — skilgreiningu og sannprófun á upphaflegri starfsþjálfun og áframhaldandi starfsþjálfun starfsfólksins		
35	Skjöl um verklag sem tryggir viðvarandi vöktun á hæfni og vöktun á frammistöðu		
36	Skjöl um stöðluð starfsþjálfunarnámskeið sem samræmismatsstofan heldur og varða starfsemina á sviði samræmismats		
Undirverktakar:			
37	Skrá yfir alla undirverktaka (en ekki einstaka utanaðkomandi sérfræðinga) sem eru notaðir við starfsemina á sviði samræmismats		

	Liður/málefni	Samsvarandi liður í I. viðauka	Númer fylgiskjals + tilvísun (liður/blaðsíða)
38	Stefna og málsmeðferð viðvíkjandi undirverktökum		
39	Skjöl sem sýna fullnægjandi lykilgetu hjá samræmismatsstofunni til að meta, velja og gera samninga um viðkomandi undirverktaka-starfsemi og sannreyna að hún sé viðeigandi og gild		
40	Dæmi um sniðmát fyrir staðalsamning sem bannar frekari ráðningu undirverktaka af hálfu lögaðila og inniheldur sérstök ákvæði til að tryggja trúnað og stjórnun hagsmunaárekstra við undirverktaka (dæmi fylgi með)		
Vinnsluferli			
41	Skjöl um verklagsreglur í tengslum við starfsemi á sviði samræmismats og önnur tilheyrandi skjöl sem sýna umfang starfseminnar á sviði samræmismats, þ.m.t. einkum verklagsreglur sem varða: — sérgreiningu (e. *qualification*) og flokkun — möt á gæðakerfinu — áhættustjórnun — mat á forklíniskum gögnum — klíniskt mat — lýsandi úrval úr tækniskjölum — klíniska eftirfylgni eftir setningu á markað — orðsendingar frá eftirlitsyfirvöldum, þ.m.t. lögbærum yfirvöldum og tilnefningaryfirvöldum — miðlun og greiningu á áhrifum gátskýrslna á tækjavottun — samráðsferli fyrir vörur sem eru samsetning tækis og lyfs, tæki sem innihalda vef úr dýrum og tæki sem innihalda afleiður úr mannsblóði — rýni og ákvörðunartöku viðvíkjandi útgáfu vottorða, þ.m.t. ábyrgð á samþykki — rýni og ákvörðunartöku viðvíkjandi tímabundinni ógildingu, takmörkun, afturköllun og synjun vottorðs, þ.m.t. ábyrgð á samþykki		
42	Gátlistar, sniðmát, skýrslur og vottorð sem eru notuð við starfsemi á sviði samræmismats		

Nafn og undirskrift viðurkennds fulltrúa samræmismatsstofunnar sem er umsækjandi (nema rafrænar undirskriftir séu leyfðar)

Staður og dagsetning

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/653 **2015/EES/63/68**

frá 24. apríl 2015

um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB um ökuskírteini (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB frá 20. desember 2006 um ökuskírteini ([1]), einkum 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Uppfæra ætti tákntölurnar og undirtákntölurnar, sem settar eru fram í I. viðauka við tilskipun 2006/126/EB, í ljósi framfara á sviði tækni og vísinda, sérstaklega á sviði breytinga ökutækis og tæknilegs stuðnings fyrir fatlaða ökumenn.

2) Til að taka tillit til nýrrar tækniþróunar ættu tákntölurnar og undirtákntölurnar að vera í samræmi við hlutverk þeirra. Til einföldunar á stjórnsýslu ætti einnig að eyða nokkrum tákntölum, sameina þær öðrum eða stytta.

3) Til að draga úr byrði fatlaðra ökumanna ætti að gera það kleift, eftir því sem við á, að þessir ökumenn geti ekið ökutæki án tæknilegra breytinga. Þar sem nútímaökutækjatækni gerir ökumönnum kleift að aka tilteknum venjulegum ökutækjum með því að beita takmörkuðu afli, t.d. að því er varðar stýri og bremsur, og til að auka sveigjanleika ökumanna á sama tíma og tryggt er að ökutækið virki á öruggan hátt, ætti að innleiða tákntölur sem geta heimilað akstur ökutækja sem samræmast því hámarksafli sem ökumaður getur beitt.

4) Tilteknar tákntölur sem takmarkast nú við heilsufarsástand geta einnig skipt máli að því er varðar frekara umferðaröryggi með því að takmarka aðstæður þar sem áhætta er mikil, t.d. ef um er að ræða nýja eða aldraða ökumenn. Því ætti að búa til lið fyrir þessar tákntölur um takmarkaða notkun.

5) Til að bæta umferðaröryggi hafa mörg aðildarríki skipulagt eða eru að skipuleggja áætlanir um að skylda ökumenn til að aka aðeins ökutækjum sem eru búin áfengislás. Til að greiða fyrir útbreiðslu og viðurkenningu áfengislása og með tilliti til tilmæla rannsóknar á forvörnum gegn ölvunarakstri með því að nota áfengislása ([2]), ætti í þessum tilgangi að innleiða samræmda tákntölu.

6) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl ([3]), hafa aðildarríki skuldbundið sig, í rökstuddum tilvikum, til að láta tilkynningu um lögleiðingarráðstafanir fylgja með einu eða fleiri skjölum sem skýra út sambandið milli innihalds tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingargerninga.

7) Því ber að breyta tilskipun 2006/126/EB til samræmis við það.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um ökuskírteini.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 2006/126/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 107, 25.4.2015, bls. 68. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 222/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 403, 30.12.2006, bls. 18.

([2]) Rannsókn á forvörnum gegn ölvunarakstri með því að nota áfengislása, sjá: http://ec.europa.eu/transport/road_safety/pdf/behavior/study_alcohol_interlock.pdf

([3]) Stjtíð. ESB C 369, 17.12.2011, bls. 14.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til þess að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. janúar 2017. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 24. apríl 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

Jean-Claude JUNCKER

VIÐAUKI

Í stað 3. liðar I. viðauka við tilskipun 2006/126/EB, varðandi 12. lið a-liðar á bakhlið ökuskírteinisins, komi eftirfarandi:

„12. skrá viðbótarupplýsingar/-takmarkanir, með tákntölu fyrir hvern flokk sem málið varðar.

Tákntölurnar eru eftirfarandi:

— tákntölur 1-99: samræmdar tákntölur Evrópusambandsins

ÖKUMAÐUR (læknisfræðilegar ástæður)

01. Leiðrétting sjónar og/eða vörn
    - 01.01 Gleraugu
    - 01.02 Snertilinsa (snertilinsur)
    - 01.05 Augnhlíf
    - 01.06 Gleraugu eða snertilinsur
    - 01.07 Sérstök sjónhjálpartæki
02. Heyrnartæki/samskiptastoð
03. Gervilimur eða gervilimir/stoðtæki fyrir fætur og hendur
    - 03.01 Gervilimur eða gervilimir/stoðtæki fyrir hönd eða hendur
    - 03.02 Gervilimur eða gervilimir/stoðtæki fyrir fót eða fætur

BREYTING ÖKUTÆKIS

10. Breyttur gírkassi
    - 10.02 Sjálfvirkt val á gírhlutfalli
    - 10.04 Breyttur stjórnbúnaður gírskiptingar
15. Breyttur tengslisbúnaður
    - 15.01 Breyttur tengslisfetill
    - 15.02 Handstýrt tengsli
    - 15.03 Sjálfvirkt tengsli
    - 15.04 Ráðstöfun til að koma í veg fyrir að tengslisfetillinn sé hindraður eða virkjaður
20. Breytt hemlakerfi
    - 20.01 Breyttur hemlafetill
    - 20.03 Hemlafetill fyrir vinstri fót
    - 20.04 Hemlafetill sem renna má til
    - 20.05 Skásettur hemlafetill
    - 20.06 Handstýrður hemill
    - 20.07 Hemill virkjaður með hámarksafli sem nemur ... N(*) (t.d. „20.07(300N)“)
    - 20.09 Breyttur stöðuhemill
    - 20.12 Ráðstöfun til að koma í veg fyrir að hemlafetill sé hindraður eða virkjaður
    - 20.13 Hemill sem er stjórnað með hnénu
    - 20.14 Virkjun hemlakerfis styðst við ytra afl
25. Breyttur eldsneytisgjafarbúnaður
    - 25.01 Breyttur eldsneytisfetill
    - 25.03 Skásettur eldsneytisfetill
    - 25.04 Handstýrð eldsneytisgjöf

25.05 Eldsneytisgjöf sem er stjórnað með hnénu

25.06 Virkjun eldsneytisgjafar styðst við ytra afl

25.08 Eldsneytisfetill vinstra megin

25.09 Ráðstöfun til að koma í veg fyrir að eldsneytisfetillinn sé hindraður eða virkjaður

31. Breytingar á fetli og öryggisbúnaður fyrir fetil

31.01 Aukafetlar hlið við hlið

31.02 Fetlar í sömu hæð eða nánast sömu hæð

31.03 Ráðstafanir til að koma í veg fyrir að eldsneytis- og hemlafetlar séu hindraðir eða virkjaðir þegar þeim er ekki stýrt með fótum

31.04 Hækkað gólf

32. Sambyggður akstursheimils- og eldsneytisgjafarbúnaður

32.01 Sambyggð eldsneytisgjöf og akstursheimill, sem er stýrt með einni hendi

32.02 Sambyggð eldsneytisgjöf og akstursheimill, sem er stýrt með ytra afli

33. Sambyggður akstursheimils-, eldsneytisgjafar- og stýrisbúnaður

33.01 Eldsneytisgjöf, akstursheimill og stýrisbúnaður eru sambyggð og stýrt með ytra afli og með einni hendi

33.02 Eldsneytisgjöf, akstursheimill og stýrisbúnaður eru sambyggð og stýrt með ytra afli og með tveimur höndum

35. Breytt skipulag stjórntækja (rofar fyrir ljós, rúðuþurrkur/-sprautur, flauta, stefnuljós o.s.frv.)

35.02 Beita má stjórntækjum án þess að sleppa þurfi taki á stýrisbúnaði

35.03 Beita má stjórntækjum án þess að sleppa þurfi taki vinstri handar á stýrisbúnaði

35.04 Beita má stjórntækjum án þess að sleppa þurfi taki hægri handar á stýrisbúnaði

35.05 Beita má stjórntækjum án þess að sleppa þurfi stýrisbúnaði og búnaði fyrir eldsneytisgjöf og hemlun

40. Breyttur stýrisbúnaður

40.01 Stýrisbúnaður virkjaður með hámarksafli sem nemur ... N(*) (t.d. „40.01(140N)“)

40.05 Breytt stýrishjól (stærra og/eða með þykkara gripi, með minna þvermáli o.s.frv.)

40.06 Breytt staðsetning stýrishjóls

40.09 Stýrt með fótum

40.11 Hjálpartæki á stýrishjóli

40.14 Annar breyttur stýrisbúnaður sem er stýrt með einni hendi/handlegg

40.15 Annar breyttur stýrisbúnaður sem er stýrt með tveimur höndum/handleggjum

42. Breyttur búnaður til að sjá aftur fyrir/til hliðar við ökutækið

42.01 Breyttur búnaður til að sjá aftur fyrir ökutækið

42.03 Aukabúnaður inni til að sjá til hliðar við ökutækið

42.05 Búnaður sem gerir ökumanni kleift að fylgjast með blindsvæði

43. Ökumannssæti

43.01 Ökumannssæti er svo hátt að úr því fæst eðlileg yfirsýn og það er í eðlilegri fjarlægð frá stýrishjóli og fetlum

43.02 Ökumannssæti er lagað að líkama ökumanns

43.03 Ökumannssæti með stoð til beggja hliða

43.04 Ökumannssæti með armhvílu

43.06 Breytt öryggisbelti

43.07 Öryggisbelti af gerð sem eykur stöðugleika

44. Breytingar á bifhjólum (undirtákntala skal gilda)

44.01 Báðum hemlum beitt með einu stjórntæki

44.02 Breyttur hemill á framhjóli

44.03 Breyttur hemill á afturhjóli

44.04 Breytt eldsneytisgjöf

44.08 Ökumannssæti er ekki hærra en svo að ökumaður nær samtímis með báðum fótum til jarðar þegar hann situr og nær jafnvægi á bifhjólinu þegar það er stöðvað og er í kyrrstöðu.

44.09 Hámarksafl hemils á framhjóli .... N(*) (t.d. „44.09(140N)“)

44.10 Hámarksafl hemils á afturhjóli .... N(*) (t.d. „44.10(240N)“)

44.11 Breytt ástig

44.12 Breytt handarhald

45. Eingöngu bifhjól með hliðarvagni

46. Eingöngu bifhjól með þremur hjólum

47. Takmarkast við ökutæki með fleiri en tvö hjól sem krefjast ekki jafnvægis ökumanns við ræsingu, stöðvun og kyrrstöðu.

50. Takmarkast við ökutæki/undirvagn með sérstöku númeri (verksmiðjunúmer ökutækis)

Bókstafir sem notaðir eru með tákntökum 01 til 44 vegna nánari skilgreininga:

a vinstri

b hægri

c hönd

d fótur

e miðja

f handleggur

g þumalfingur

TÁKNTÖLUR FYRIR TAKMARKAÐA NOTKUN

61. Takmarkast við akstur í dagsbirtu (til dæmis frá einni klukkustundu eftir sólarupprás og þar til ein klukkustund er til sólseturs)

62. Takmarkast við akstur innan geisla sem nemur … km frá búsetustað handhafa skírteinis eða eingöngu innan borgar/svæðis

63. Takmarkast við akstur án farþega

64. Takmarkast við akstur þar sem hámarkshraðinn er … km/klst.

65. Akstur eingöngu leyfður þegar farþegi, sem er handhafi ökuskírteinis í a.m.k. jafngildum flokki, er með í för

66. Takmarkast við akstur án eftirvagns

67. Akstur óheimill á hraðbrautum

68. Ekkert áfengi

69. Takmarkast við akstur ökutækja með áfengislás í samræmi við EN 50436. Valkvætt hvort lokadagsetning er gefin upp (t.d. „69“ eða „69(01.01.2016“)

STJÓRNSÝSLA

70. Skipt á ökuskírteini nr. … sem var gefið út af … (auðkennisstafir ESB/SÞ fyrir þriðju lönd, t.d. „70.0123456789.NL“)

71. Afrit af ökuskírteini nr. ... (auðkennisstafir ESB/SÞ fyrir þriðju lönd, t.d. „71.987654321.HR“)

73. Takmarkast við ökutæki í flokki B sem eru vélknúin fjórhjól (B1)

78. Takmarkast við ökutæki með sjálfskiptingu

79. (...) Takmarkast við ökutæki sem eru í samræmi við forskriftirnar sem eru tilgreindar í svigum við beitingu 13. gr. þessarar tilskipunar.

79.01. Takmarkast við ökutæki á tveimur hjólum með eða án hliðarvagns

79.02. Takmarkast við ökutæki í flokki AM sem eru þríhjól eða létt fjórhjól

79.03. Takmarkast við bifhjól með þremur hjólum

79.04. Takmarkast við bifhjól með þremur hjólum með eftirvagn þar sem leyfilegur hámarksmassi er ekki yfir 750 kg

79.05. Bifhjól í flokki A1 með afl/þyngdarhlutfall yfir 0,1 kW/kg

79.06. Ökutæki í flokki BE þar sem leyfilegur hámarksmassi eftirvagns er yfir 3 500 kg

80. Takmarkast við handhafa ökuskírteinis fyrir ökutæki í flokki A sem eru bifhjól með þremur hjólum, sem eru ekki orðnir 24 ára

81. Takmarkast við handhafa ökuskírteinis fyrir ökutæki í flokki A sem eru bifhjól á tveimur hjólum, sem eru ekki orðnir 21 árs

95. Ökumaður sem er handhafi starfshæfnisvottorðs, sem fullnægir kröfu um faglega hæfni sem kveðið er á um í tilskipun 2003/59/EB, til … (t.d. „95(01.01.12)“)

96. Ökutæki í flokki B með eftirvagn þar sem leyfilegur hámarksmassi eftirvagns er yfir 750 kg, þar sem leyfilegur hámarksmassi þessa samtengda ökutækis er yfir 3 500 kg en fer ekki yfir 4 250 kg

97. Ekki heimilt að aka ökutæki í flokki C1 sem fellur undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3821/85 (**)

— tákntölur 100 og yfir: landsbundnar tákntölur sem gilda einungis um akstur á yfirráðasvæði aðildarríkisins þar sem ökuskírteinið var gefið út.

Ef tákntala á við um alla flokka, sem ökuskírteinið er gefið út fyrir, má prenta hana undir liðum 9, 10 og 11.

(*) Þetta afl gefur til kynna getu ökumanns til að beita kerfinu.

(**) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85 frá 20. desember 1985 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum (Stjtíð. EB L 370, 31.12.1985, bls. 8).“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1329 2015/EES/63/69

frá 31. júlí 2015

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 að því er varðar starfrækslu flugrekenda í Sambandinu á loftförum sem eru skráð í þriðja landi (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB (1), einkum 5. mgr. 8. gr. og 5. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 (2) eru sett skilyrði um örugga starfrækslu loftfara. Þeirri reglugerð ætti að breyta þannig að flugrekendur, sem hafa rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 (3), fái að starfrækja loftför sem eru skráð í þriðja landi.

2) Nauðsynlegt er að gefa flugiðnaðinum og stjórnsýslu aðildarríkjanna nægan tíma til að laga sig að þessum breytta regluramma. Því ætti að kveða á um möguleikann á að veita viðeigandi umbreytingarfrest.

3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit Flugöryggisstofnunar Evrópu og skulu þær lagðar fram skv. 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

4) (EB) nr. 216/2008 Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 65. gr. reglugerðar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka (ARO-hluta), III. viðauka (ORO-hluta) og IV. viðauka (CAT-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. október 2015.

2. Með fyrirvara um aðra undirgrein 1. mgr. geta aðildarríkin ákveðið að ákvæði d-liðar ORO.AOC.110, sem sett eru fram í ii. lið b-liðar 2. liðar viðaukans, gildi einungis frá 25. ágúst 2017.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 206, 1.8.2015, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 226/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtíð. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1).

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 frá 24. september 2008 um sameiginlegar reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu (Stjtíð. ESB L 293, 31.10.2008, bls. 3).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. júlí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum II., III. og IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 er breytt sem hér segir:

1) Lið ARO.OPS.110 í II. viðauka (ARO-hluta) er breytt sem hér segir:

a) Í stað c-liðar komi eftirfarandi:

„c) Samþykki fyrir samningi um tómaleigu skal fella tímabundið úr gildi eða afturkalla ef:

1) lofthæfivottorð loftfarsins er fellt tímabundið úr gildi eða afturkallað,

2) loftfarið er á skrá yfir þá flugrekendur sem sæta rekstrartakmörkunum eða loftfarið er skráð í ríki þar sem allir flugrekendur, sem ríkið hefur eftirlit með, sæta flugrekstrarbanni samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2111/2005.“

b) Eftirfarandi e-liður bætist við:

„e) Þegar farið er fram á fyrirframsamþykki fyrir samningi um tómaleigu í samræmi við d-lið ORO.AOC.110 skal lögbært yfirvald tryggja viðeigandi samræmingu við skráningarríki loftfarsins að því marki sem nauðsynlegt er til að gegna eftirlitshlutverki gagnvart loftfarinu.“

2) Ákvæðum III. viðauka (ORO-hluta) er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. liðar c-liðar ORO.AOC.100 komi eftirfarandi:

„2) að öll loftför, sem starfrækt eru, hafi lofthæfivottorð í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 eða þau eru tekin á tómaleigu í samræmi við d-lið ORO.AOC.110 og“.

b) Lið ORO.AOC.110 er breytt sem hér segir:

i. Í stað b-liðar komi eftirfarandi:

„b) Flugrekandi, sem er vottaður í samræmi við þennan hluta, skal ekki taka á leigu loftför, sem eru á skránni yfir flugrekendur sem sæta rekstrartakmörkunum, loftför sem eru skráð í ríki þar sem allir flugrekendur, sem ríkið hefur eftirlit með, sæta flugrekstrarbanni eða hjá flugrekanda sem sætir flugrekstrarbanni í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2111/2005.“

ii. Í stað d-liðar komi eftirfarandi:

„Tekið á tómaleigu (e. dry lease-in)

d) Umsækjandi um samþykki fyrir samningi um tómaleigu loftfars, sem skráð er í þriðja landi, skal sýna lögbæru yfirvaldi fram á:

1) að rekstrarþörf sé til staðar sem ekki er unnt að fullnægja með leigu á loftfari sem skráð er í Evrópusambandinu,

2) að tómaleigan vari ekki lengur en í sjö mánuði á tólf mánaða samfelldu tímabili,

3) að tryggt sé að farið verði að öllum viðeigandi kröfum í reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 og

4) að loftfarið sé búið tækjum í samræmi við reglugerðir ESB um flugrekstur.“

c) Í stað ORO.AOC.130 komi eftirfarandi:

„ORO.AOC.130 Vöktun flugritagagna — flugvélar

a) Flugrekandinn skal koma á fót og viðhalda vöktunaráætlun fyrir flugritagögn, sem skal felld inn í stjórnunarkerfi hans, fyrir flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 27 000 kg.

b) Í vöktunaráætluninni fyrir flugritagögn skulu ekki vera refsiákvæði og í henni skulu vera ákvæði sem vernda heimildarmann eða -menn gagnanna á viðunandi hátt.“

3) Ákvæðum IV. viðauka (CAT-hluta) er breytt sem hér segir:

a) Í stað a- og b-liðar CAT.IDE.A.100 komi eftirfarandi:

„a) Mælitæki og búnaður, sem krafist er samkvæmt þessum kafla, skulu viðurkennd í samræmi við viðeigandi kröfur um lofthæfi nema eftirfarandi atriði:

1) bræðivör til vara,

2) vasaljós,

3) nákvæm klukka,

4) kortahaldari,

5) sjúkrakassar,

6) læknataska,

7) gjallarhorn,

8) björgunar- og merkjabúnaður,

9) rekakkeri og búnaður til að liggja við legufæri og

10) festibúnaður fyrir börn.

b) Mælitæki og búnaður, sem ekki er krafist samkvæmt þessum kafla, sem þurfa ekki að vera viðurkennd í samræmi við viðeigandi lofthæfikröfur en eru um borð í flugi, skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

1) upplýsingarnar, sem fengnar eru frá þessum mælitækjum, búnaði eða aukahlutum, skulu ekki notaðar af flugliðum í því skyni að uppfylla kröfur I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008 eða CAT.IDE.A.330, CAT.IDE.A.335, CAT. IDE.A.340 og CAT.IDE.A.345 og

2) mælitækin og búnaðurinn skulu ekki hafa áhrif á lofthæfi flugvélarinnar jafnvel þótt um sé að ræða bilanir eða ólag.“

b) Í stað a- og b-liðar CAT.IDE.H.100 komi eftirfarandi:

„a) Mælitæki og búnaður, sem krafist er samkvæmt þessum kafla, skulu viðurkennd í samræmi við viðeigandi kröfur um lofthæfi nema eftirfarandi atriði:

1) bræðivör til vara,

2) vasaljós,

3) nákvæm klukka,

4) kortahaldari,

5) sjúkrakassi,

6) gjallarhorn,

7) björgunar- og merkjabúnaður,

8) rekakkeri og búnaður til að liggja við legufæri og

9) festibúnaður fyrir börn.

b) Mælitæki og búnaður, sem ekki er krafist samkvæmt þessum kafla, sem þurfa ekki að vera viðurkennd í samræmi við viðeigandi lofthæfikröfur en eru um borð í flugi, skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

1) upplýsingarnar, sem fengnar eru frá þessum mælitækjum, búnaði eða aukahlutum, skulu ekki notaðar af flugliðum í því skyni að uppfylla kröfur I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008 eða CAT.IDE.H.330, CAT.IDE.H.335, CAT.IDE.H.340 og CAT.IDE.H.345 og

2) mælitækin og búnaðurinn skulu ekki hafa áhrif á lofthæfi þyrlunnar, jafnvel þótt um sé að ræða bilun eða ólag.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1088 2015/EES/63/70

frá 3. júlí 2015

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 að því er varðar tilslakanir á verklagsreglum um viðhald loftfara í almannaflugi (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB ([1]), einkum 5. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 ([2]) er mælt fyrir um framkvæmdarreglur um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði.

2) Nauðsynlegt er að einfalda þessar framkvæmdarreglur til að aðlaga þær að þeirri áhættu sem tengist mismunandi flokkum loftfara og tegundum starfrækslu og, einkum, að minni áhættu, sem tengist loftförum í almannaflugi, í því skyni að innleiða tilslakanir á verklagsreglum um viðhald sem hefur í för með sér meiri sveigjanleika fyrir eigendur viðkomandi loftfara og minni kostnað fyrir þá.

3) Sökum þess að í sumum þeim vottorðum, eins og mælt er fyrir um í viðbætunum við viðaukana í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003 ([3]), er vísað í reglugerðina, sem var endurútgefin með reglugerð (ESB) nr. 1321/2014, er nauðsynlegt að uppfæra þessar tilvísanir.

4) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit Flugöryggisstofnunar Evrópu og skulu þær lagðar fram skv. 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 er breytt sem hér segir:

1) Í 2. gr. bætist eftirfarandi liður ka við á eftir k-lið:

„ka) „ELA2-loftfar“: eftirfarandi mönnuð létt evrópsk loftför:

i. flugvél með hámarksflugtaksmassa (MTOM) sem er 2 000 kg eða minni og flokkast ekki sem flókið, vélknúið loftfar,

ii. sviffluga eða vélsviffluga með hámarksflugtaksmassa sem er 2 000 kg eða minni,

iii. loftbelgur,

iv. hitaloftskip,

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 176, 7.7.2015, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 227/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 frá 26. nóvember 2014 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði (Stjtíð. ESB L 362, 17.12.2014, bls. 1.).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003 frá 20. nóvember 2003 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði (Stjtíð. ESB L 315, 28.11.2003, bls. 1).

v. gasloftskip með alla eftirfarandi eiginleika:

– þyngd í kyrrstöðu sem er að hámarki 3%,

– enginn stefniknýr (nema vendiknýr),

– hefðbundna og einfalda hönnun á burðarvirki, stýrikerfi og loftpokakerfi og

– stjórntæki sem ekki eru aflstýrð,

vi. mjög léttar þyrilvængjur.“

2) Eftirfarandi 4. mgr. bætist við 3. gr.:

„4. Viðhaldsáætlanir sem samþykktar eru í samræmi við kröfur sem voru í gildi fyrir 27. júlí 2015 skulu taldar samþykktar í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í þessari reglugerð.“

3) Ákvæðum 8. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í b-lið 2. mgr. komi dagsetningin „28. september 2016“ í staðinn fyrir dagsetninguna „28. september 2015“.

b) Í 4. mgr. komi tilvísun í „reglugerð (ESB) nr. 1149/2011“ í staðinn fyrir „reglugerð (EB) nr. 2042/2003“.

c) Eftirfarandi 6. mgr. bætist við:

„6. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. gildir eftirfarandi:

a) Lögbærum yfirvöldum eða, eftir atvikum, fyrirtækjum er heimilt að halda áfram að gefa út eldri útgáfu vottorða, eins og mælt er fyrir um í III. viðbæti við I. viðauka (M-hluta) eða í II. og III. viðbæti við IV. viðauka (147. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014, sem var í gildi fyrir 27. júlí 2015, þangað til 31. desember 2015.

b) Vottorð, sem gefin eru út fyrir 1. janúar 2016, halda gildi sínu þar til þeim hefur verið breytt, þau hafa verið felld tímabundið úr gildi eða afturkölluð.“

4) Ákvæðum I. viðauka (M-hluta) er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

5) Ákvæðum II. viðauka (145. hluta) er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

6) Ákvæðum IV. viðauka (147. hluta) er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. júlí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 er breytt sem hér segir:

1) Efnisyfirliti er breytt sem hér segir:

i. Í stað M.A.607 komi eftirfarandi:

„M.A.607 **Viðhaldsvottar og starfsfólk sem annast staðfestingu á lofthæfi**“

ii. Í stað M.A.614. komi eftirfarandi:

„M.A.614 **Viðhaldsskrár og skrár yfir staðfestingu á lofthæfi**“

2) Lið M.A.201 er breytt sem hér segir:

i. Í stað 4. liðar a-liðar komi eftirfarandi:

„4. viðhald á loftfarinu sé í samræmi við viðhaldsáætlunina sem tilgreind er í M.A.302.“

ii. Í stað e-liðar komi eftirfarandi:

„e) Til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt a-lið

i. getur eigandi loftfars gert samning við fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, sem hefur hlotið samþykki samkvæmt G-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta). Í slíkum tilvikum tekur fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, á sig ábyrgð á því að ljúka þessum verkefnum á réttan hátt; nota skal samninginn, sem lýst er í I. viðbæti, í slíku tilviki,

ii. getur eigandi, sem ákveður að annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi á eigin ábyrgð, án samnings í samræmi við I. viðbæti, samt sem áður gert takmarkaðan samning við neðangreinda aðila um að útbúa viðhaldsáætlunina og vinna úr samþykki hennar í samræmi við M.A.302:

– fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi í samræmi við G-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta) eða

– að því er varðar ELA2-loftför, sem ekki eru notuð við rekstur í ábataskyni, viðhaldsfyrirtæki, sem hlotið hefur samþykki skv. 145. hluta eða F-kafla M.A.

Að undanskildum þeim tilvikum þar sem eigandi hefur gefið út yfirlýsingu í samræmi við h-lið M.A.302 færir takmarkaði samningurinn ábyrgðina á því að útbúa og vinna úr samþykki viðhaldsáætlunarinnar yfir á fyrirtækið sem samið var við.“

3) Í stað 3. liðar M.A.301 komi eftirfarandi:

„3. láta framkvæma allt viðhald í samræmi við viðhaldsáætlun loftfara samkvæmt M.A.302,“.

4) Lið M.A.302 er breytt sem hér segir:

i. Í stað fyrsta málsliðar c-liðar komi eftirfarandi:

„Þegar fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og hefur hlotið samþykki samkvæmt G-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta), sér um áframhaldandi lofthæfi loftfarsins eða þegar til staðar er takmarkaður samningur milli eiganda og þessa fyrirtækis í samræmi við ii. lið e-liðar M.A.201, er heimilt að samþykkja viðhaldsáætlunina fyrir loftför og breytingar á henni með málsmeðferð við óbeint samþykki.“

ii. Eftirfarandi h- og i-liður bætist við:

„h) Að því er varðar ELA1-loftför, sem ekki eru notuð við rekstur í ábataskyni, er heimilt að í stað hlítni þeirra við skilyrðin í b-, c-, d-, e- og g-lið komin hlítni við eftirfarandi skilyrði:

1. Í viðhaldsáætluninni skal koma skýrt fram hver eigandinn er og til hvaða loftfars hún vísar, þ.m.t. allra ísettra hreyflna og skrúfna.

2. Viðhaldsáætlunin skal annaðhvort:

– uppfylla kröfur „áætlunarinnar um lágmarksskoðun“, sem fjallað er um í i-lið, fyrir viðkomandi loftfar eða

– uppfylla skilyrði d- og e-liðar.

Viðhaldsáætlunin skal ekki fela í sér minni takmarkanir en „áætlunin um lágmarksskoðun“.

3. Viðhaldsáætlunin skal innihalda allar lögboðnar kröfur um áframhaldandi lofthæfi, s.s. endurtekin lofthæfifyrirmæli (e. *repetitive Airworthiness Directives*), kaflann „lofthæfitakmarkanir“ (ALS) í leiðbeiningunum um áframhaldandi lofthæfi eða sérstakar viðhaldskröfur sem finna má á gagnablaði tegundarvottorðs (TCDS).

Í viðhaldsáætluninni skal auk þess tilgreina hvers konar viðbótarviðhaldsverkefni, sem þarf að framkvæma vegna sérstakrar tegundar og útfærslu loftfarsins, sem og vegna tegundar og sértæki starfrækslunnar. Taka skal tillit til a.m.k. eftirfarandi atriða:

– tiltekins uppsetts búnaðar og breytinga á loftfarinu,

– viðgerða sem gerðar hafa verið á loftfarinu,

– íhluta með tiltekinn endingartíma og íhluta sem eru mikilvægir varðandi öryggi flugsins,

– tilmæla varðandi viðhald, t.d. tíma sem líður á milli grannskoðana (TBO), í formi þjónustuleiðbeininga, bréfa og annarra ólögbundinna þjónustuupplýsinga,

– viðeigandi rekstrarfyrirmæla/-krafna sem tengjast reglubundinni skoðun á tilteknum búnaði,

– tiltekinna samþykkja fyrir starfrækslu,

– notkun loftfars og rekstrarumhverfis,

– viðhaldsverkefna flugmanns, sem er jafnframt eigandi loftfars (ef við á).

4. Ef lögbært yfirvald samþykkir ekki viðhaldsáætlunina (beint eða af hálfu fyrirtækis sem samþykkt er samkvæmt G-kafla M.A fyrir tilstuðlan málsmeðferðar við óbeint samþykki) skal viðhaldsáætlun loftfarsins innihalda undirskrifaða yfirlýsingu þar sem eigandinn lýsir því yfir að þetta sé viðhaldsáætlun fyrir tiltekna skrásetningu loftfars og hann lýsir yfir fullri ábyrgð á innihaldi áætlunarinnar og, einkum, á hvers konar frávikum sem innleidd eru með hliðsjón af tilmælum handhafa samþykkis fyrir hönnun viðgerðar.

5. Viðhaldsáætlun loftfarsins skal endurskoðuð árlega hið minnsta. Þessi endurskoðun á viðhaldsáætluninni skal annaðhvort vera í höndum:

– þess aðila sem staðfestir lofthæfi loftfarsins í samræmi við lið ga í M.A.710 eða

– fyrirtækis sem samþykkt er samkvæmt G-kafla M.A., sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins í þeim tilvikum þar sem endurskoðun á viðhaldsáætluninni fer ekki fram í tengslum við staðfestingu á lofthæfi.

Ef endurskoðunin sýnir fram á ósamræmi að því er varðar loftfarið, sem tengja má annmörkum á innihaldi viðhaldsáætlunarinnar, skal sá aðili sem annast endurskoðunina upplýsa lögbært yfirvald skráningaraðildarríkisins þar um og eigandi loftfarsins skal breyta viðhaldsáætluninni samkvæmt samkomulagi við það yfirvald.

i. Að því er varðar ELA1-loftför önnur en loftskip, sem ekki eru notuð í rekstur í ábataskyni, skal „áætlunin um lágmarksskoðun“, sem um getur í h-lið, uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Hún skal fela í sér upplýsingar um þann tíma sem líður á milli skoðana:

– Að því er varðar ELA1-flugvélar og ELA1-ferðavélsvifflugur: árlega eða með 100 klukkustunda millibili, hvort heldur sem kemur fyrr. Beita má vikmörkum, sem nema einum mánuði eða tíu klukkustundum, að því er þetta tímabil varðar, svo framarlega sem næsta tímabil reiknist frá þeim degi eða tímasetningu sem skoðunin var upphaflega áætluð.

– Að því er varðar ELA1-sviffflugur, ELA1-vélsviffflugur, þó ekki ferðavélsviffflugur, og ELA1-loftbelgi: árlega. Beita má vikmörkum, sem nema einum mánuði, að því er þetta tímabil varðar, svo framarlega sem næsta tímabil reiknist frá þeim degi sem skoðunin var upphaflega áætluð.

2. Hún skal fela í sér upplýsingar um eftirfarandi atriði:

– viðhaldsverkefni eins og krafist er af handhafa samþykkis fyrir hönnun viðgerðar,

– eftirlit með merkingum,

– endurskoðun vigtunargagna og vigtunar í samræmi við lið NCO.POL.105 í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 (*),

– starfræksluprófun ratsjársvara (ef hann er fyrir hendi),

– starfræksluprófun hraðanemakerfis.

– Ef um er að ræða ELA1-flugvélar:

– virkniprófanir á vélarafli og snúningshraða hreyfils við mesta snúningsvægi (rpm), segulrafölum, eldsneytis- og olíuþrýstingi sem og hitastigi hreyfils,

– hvað varðar hreyfla með sjálfvirka hreyfilstýringu, birta aðferð við að hita upp hreyfil,

– hvað varðar hreyfla með þurrbiðukerfi (e. *dry sump*), hreyfla með hverfiþjöppur og vökvakælda hreyfla, virkniprófun til að athuga hvort merki sé um röskun á vökvaflæði.

– Eftirlit með ástandi og festingum byggingarhluta, -kerfa og -eininga á eftirfarandi sviðum:

– að því er varðar ELA1-flugvélar:

– flugskrokkur,

– farþegarými og stjórnklefi,

– lendingarbúnaður,

– væng- og miðhluti,

– stýrakerfi,

– stél,

– rafeindabúnaður loftfars og rafkerfi,

– fullbúnir hreyflar,

– tengsli og gírkassar,

– loftskrúfa,

– ýmis kerfi, s.s. björgunarfallhlífar (e. *ballistic rescue system*).

– Að því er varðar ELA1-sviffflugur og ELA1-vélsviffflugur:

– flugskrokkur,

– farþegarými og stjórnklefi,

– lendingarbúnaður,

– væng- og miðhluti,

– stél,

– rafeindabúnaður loftfars og rafkerfi,

– fullbúnir hreyflar (þegar það á við),

– ýmis kerfi, s.s. færanleg kjölfesta, bremsufallhlíf og stjórntæki og vatnskjölfestukerfi.

– Að því er varðar ELA1-hitaloftbelgi:

  – belgur (e. *envelope)*,

  – brennari,

  – karfa,

  – eldsneytisgeymir,

  – búnaður og mælitæki.

– Að því er varðar ELA1-gasloftbelgi:

  – belgur,

  – karfa,

  – búnaður og mælitæki.

Þar til „áætlun um lágmarksskoðun“ fyrir loftskip hefur verið tilgreind í þessari reglugerð skal viðhaldsáætlun þeirra vera í samræmi við d- og e-lið.

(*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtíð. ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1).“

5) Í stað 5. og 6. liðar a-liðar M.A.604 komi eftirfarandi:

„5. skrá yfir viðhaldsvotta og, ef við á, starfsfólk, sem annast staðfestingu á lofthæfi, sem og starfsfólk, sem ber ábyrgð á því að útbúa og vinna úr viðhaldsáætluninni, ásamt gildissviði samþykkis þeirra, og

6. skrá yfir staðsetningar þar sem viðhald fer fram ásamt almennri lýsingu á aðstöðunni og“.

6) Lið M.A.606 er breytt sem hér segir:

i. Í stað e-liðar komi eftirfarandi:

„e) Sýna skal fram á og skrá starfsréttindi alls starfsfólks sem vinnur við viðhald, starfsfólks sem annast staðfestingu á lofthæfi og starfsfólks sem útbýr viðhaldsáætlanir.“

ii. eftirfarandi i- og j-liður bætist við:

„i) Ef fyrirtækið annast staðfestingu á lofthæfi og gefur út tilheyrandi lofthæfistaðfestingarvottorð fyrir ELA1-loftför, sem ekki eru notuð við rekstur í ábataskyni í samræmi við l-lið M.A.901, skal það hafa sérmenntað starfsfólk til að annast staðfestingu á lofthæfi í samræmi við 1. lið l-liðar M.A.901.

j) Ef fyrirtækið tekur þátt í að útbúa og vinna úr samþykki viðhaldsáætlunarinnar fyrir ELA2-loftför, sem ekki eru notuð við rekstur í ábataskyni í samræmi við ii. lið e-liðar M.A.201, skal það hafa sérmenntað starfsfólk sem getur sýnt fram á viðeigandi þekkingu og reynslu.“

7) Lið M.A.607 er breytt sem hér segir:

i. Í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

„M.A.607 **Viðhaldsvottar og starfsfólk sem annast staðfestingu á lofthæfi“**

ii. Í stað fyrsta málsliðar annarrar undirgreinar b-liðar komi eftirfarandi:

„Öll slík tilvik ber að tilkynna til lögbæra yfirvaldsins innan sjö daga frá því að slík vottunarheimild er veitt.“

iii. Í stað c-liðar komi eftirfarandi:

„c) Samþykkta viðhaldsfyrirtækið skal skrá allar upplýsingar um viðhaldsvotta og starfsfólk, sem annast staðfestingu á lofthæfi, og halda uppfærða skrá yfir alla viðhaldsvotta og starfsfólk, sem annast staðfestingu á lofthæfi, ásamt gildissviði samþykkis þeirra sem hluta af handbók fyrirtækisins skv. 5. lið a-liðar M.A.604.“

8) Lið M.A.614 er breytt sem hér segir:

i. Í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

„M.A.614 **Viðhaldsskrár og skrár yfir staðfestingu á lofthæfi“**

ii. Í stað a-liðar komi eftirfarandi:

„a) Samþykkt viðhaldsfyrirtæki skal skrá allar upplýsingar um þau verk sem unnin eru. Varðveita skal skrár, sem eru nauðsynlegar til að sanna að öllum kröfum hafi verið fullnægt fyrir útgáfu allra viðhaldsvottorða, þ.m.t. viðhaldsvottorða undirverktaka, og fyrir útgáfu allra lofthæfistaðfestingarvottorða og tilmæla.“

iii. Í stað c-liðar komi eftirfarandi:

„c) Samþykkt viðhaldsfyrirtæki skal varðveita afrit af öllum viðhaldsskrám og tilheyrandi viðhaldsgögnum í þrjú ár frá þeim degi sem það gaf út viðhaldsvottorð fyrir loftfar eða loftfarsíhlut sem unnið var við hjá fyrirtækinu. Fyrirtækið skal auk þess varðveita afrit af öllum skrám sem tengjast útgáfu tilmæla og lofthæfistaðfestingarvottorða í þrjú ár frá útgáfudegi þeirra og skal láta eiganda loftfarsins í té afrit af þessum gögnum.

1. Varðveita skal skrárnar í tengslum við þennan lið á þann hátt að vernd gegn skemmdum, breytingum og þjófnaði sé tryggð.

2. Geyma skal allan tölvuvélbúnað, sem notaður er til að tryggja öryggisafrit, á öðrum stað en vélbúnaðinn, sem inniheldur vinnugögnin, og í umhverfi þar sem gott ásigkomulag hans er tryggt.

3. Þegar samþykkt viðhaldsfyrirtæki hættir rekstri skal senda allar viðhaldsskrár fyrir undanfarandi þrjú ár, sem hafa verið varðveittar, til síðasta eiganda eða flugrekanda viðkomandi loftfars eða íhlutar eða varðveita þær á þann hátt sem lögbæra yfirvaldið tilgreinir.“

9) Eftirfarandi e- og f-liður bætast við M.A.615:

„e) ef það hefur hlotið sérstakt samþykki til að gera slíkt fyrir ELA1-loftför, sem eru ekki notuð við rekstur í ábataskyni,

1. að annast staðfestingu á lofthæfi og útgáfu viðeigandi lofthæfistaðfestingarvottorðs í samræmi við skilyrðin sem tilgreind eru í l-lið M.A.901 og

2. að annast staðfestingu á lofthæfi og útgáfu viðeigandi tilmæla í samræmi við skilyrðin sem tilgreind eru í l-lið M.A.901 og 2. lið a- liðar og b-lið í M.A.904,

f) að útbúa viðhaldsáætlun og vinna úr samþykki hennar í samræmi við M.A.302 fyrir ELA2-loftför, sem eru ekki notuð við rekstur í ábataskyni, í samræmi við þau skilyrði sem tilgreind eru í ii. lið e-liðar M.A.201 og takmarkast við þau loftfarsréttindi sem tilgreind eru á samþykkisvottorðinu.

Fyrirtækið skal aðeins sjá um viðhald á loftfari eða íhlut, sem það hefur hlotið samþykki til að annast, þegar það hefur nauðsynlega aðstöðu, búnað, verkfæri, efnivið, viðhaldsgögn og viðhaldsvotta til taks.“

10) Í stað 6. liðar M.A.617 komi eftirfarandi:

„6. aðstöðu, búnað, verkfæri, efni, verklagsreglur, verksvið, viðhaldsvotta og starfsfólk, sem annast staðfestingu á lofthæfi, sem gætu haft áhrif á samþykkið.“

11) Í stað b-liðar í M.A.707 komi eftirfarandi:

„b) Starfsfólk, sem samþykkt fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, tilnefnir til að annast staðfestingu á lofthæfi, getur einungis fengið heimild frá samþykkta fyrirtækinu, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi ef það hefur fengið formlega viðurkenningu lögbæra yfirvaldsins eftir að hafa lokið fullnægjandi staðfestingu á lofthæfi undir eftirliti lögbæra yfirvaldsins eða undir eftirliti starfsfólks fyrirtækisins, sem annast staðfestingu á lofthæfi, í samræmi við aðferð sem lögbæra yfirvaldið samþykkir.“

12) Lið M.A.710 er breytt sem hér segir:

i. Eftirfarandi liður ga bætist við á eftir g-lið:

„ga) Að því er varðar ELA1-loftför, sem eru ekki notuð við rekstur í ábataskyni og hafa viðhaldsáætlun, sem gerð var í samræmi við h-lið M.A.302, skal endurskoða viðhaldsáætlun loftfarsins í tengslum við staðfestingu á lofthæfi. Endurskoðunin skal vera í höndum sama aðila og annaðist staðfestingu á lofthæfi.“

ii. Eftirfarandi komi í stað h-liðar:

„h) Ef niðurstöður staðfestingar á lofthæfi reynast ósannfærandi eða ef endurskoðunin samkvæmt lið ga í M.A.710 sýnir fram á ósamræmi að því er varðar loftfarið sem tengja má annmörkum á innihaldi viðhaldsáætlunarinnar skal fyrirtækið tilkynna lögbæru yfirvaldi þar um eins fljótt og hægt er og eigi síðar en 72 klukkustundum eftir að fyrirtækið verður áskynja um það ástand sem staðfestingin fjallar um. Lofthæfistaðfestingarvottorðið skal ekki gefið út fyrr en atriðin, sem tengjast frávikunum, hafa verið leitt til lykta.“

13) Lið M.A.901 er breytt sem hér segir:

i. Í stað a-liðar komi eftirfarandi:

„a) Lofthæfistaðfestingarvottorð er gefið út í samræmi við III. viðbæti (EASA-eyðublað nr. 15a, 15b eða 15c), að lokinni fullnægjandi staðfestingu á lofthæfi. Lofthæfistaðfestingarvottorðið gildir í eitt ár.“

ii. Eftirfarandi l-liður bætist við:

„l) Að því er varðar ELA1-loftför, sem ekki eru notuð við rekstur í ábataskyni, er viðhaldsfyrirtækinu, sem hlotið hefur samþykki skv. 145. hluta eða F-hluta M.A og sem framkvæmir árlegu skoðunina, sem tilgreind er í viðhaldsáætluninni, að því tilskildu að það sé tilhlýðilega samþykkt, heimilt að annast staðfestingu á lofthæfi og gefa út tilheyrandi lofthæfistaðfestingarvottorð, sbr. þó eftirfarandi skilyrði:

1. Fyrirtækið tilnefnir starfsfólk til að annast staðfestingu á lofthæfi sem uppfyllir allar eftirfarandi kröfur:

a) starfsfólkið, sem annast staðfestingu á lofthæfi, hafi undir höndum heimild fyrir viðhaldsvotta viðkomandi loftfars,

b) starfsfólkið, sem annast staðfestingu á lofthæfi, hafi a.m.k. þriggja ára reynslu sem viðhaldsvottar,

c) starfsfólkið, sem annast staðfestingu á lofthæfi, starfi óháð stjórnunarferli varðandi áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, sem verið er að staðfesta, eða það beri heildarábyrgð á stjórnunarferli varðandi áframhaldandi lofthæfi loftfarsins sem verið er að staðfesta,

d) starfsfólkið, sem annast staðfestingu á lofthæfi, hafi öðlast þekkingu á þeim hlutum í þessum viðauka (M-hluta) sem varða stjórnun á áframhaldandi lofthæfi,

e) starfsfólkið, sem annast staðfestingu á lofthæfi, hafi öðlast viðurkennda þekkingu á þeim ferlum viðhaldsfyrirtækisins sem skipta máli fyrir staðfestingu á lofthæfi og útgáfu lofthæfistaðfestingarvottorðs,

f) starfsfólkið, sem annast staðfestingu á lofthæfi, hafi fengið formlega viðurkenningu lögbæra yfirvaldsins eftir að hafa framkvæmt staðfestingu á lofthæfi undir eftirliti lögbæra yfirvaldsins eða undir eftirliti starfsfólks fyrirtækisins, sem annast staðfestingu á lofthæfi, í samræmi við aðferð sem lögbæra yfirvaldið samþykkir,

g) starfsfólkið, sem annast staðfestingu á lofthæfi, hafi annast a.m.k. eina staðfestingu á lofthæfi á undangengnu tólf mánaða tímabili.

2. Staðfesting á lofthæfi er framkvæmd á sama tíma og árlega skoðunin, sem um getur í viðhaldsáætluninni, og er í höndum sama aðila og staðfestir slíka skoðun, með möguleikanum á því að nota ákvæðið um 90 daga fyrirvara sem um getur í d-lið M.A.710.

3. Staðfesting á lofthæfi felur í sér fullkomlega skjalfesta endurskoðun í samræmi við a-lið M.A.710.

4. Staðfesting á lofthæfi felur í sér ástandskönnun á loftfarinu í samræmi við b- og c-lið M.A.710.

5. Sá aðili sem annaðist staðfestingu á lofthæfi gefur út lofthæfistaðfestingarvottorð (EASA-eyðublað nr. 15c) fyrir hönd viðhaldsfyrirtækisins eftir að hafa fullvissað sig um:

   a) að staðfesting á lofthæfi hafi verið framkvæmd að fullu og með fullnægjandi hætti og

   b) að viðhaldsáætlunin hafi verið endurskoðuð í samræmi við lið ga í M.A.710 og

   c) að engin atriði séu kunn sem samrýmast ekki kröfum og gætu stofnað flugöryggi í hættu.

6. Afrit af lofthæfistaðfestingarvottorðinu, sem gefið er út, er sent lögbæru yfirvaldi skráningaraðildarríkis loftfarsins eigi síðar en tíu dögum eftir útgáfu þess.

7. Lögbært yfirvald skráningaraðildarríkisins sé upplýst innan 72 klukkustunda ef fyrirtækið hefur gengið úr skugga um að niðurstöður staðfestingar á lofthæfi séu ósannfærandi eða ef endurskoðunin í b-lið 5. liðar 1. liðar M.A.901 sýni fram á ósamræmi að því er varðar loftfarið sem tengja má annmörkum á innihaldi viðhaldsáætlunarinnar.

8. Handbók eða starfsemislýsing viðhaldsfyrirtækisins inniheldur lýsingar á eftirfarandi atriðum:

   a) málsmeðferð við framkvæmd staðfestingar á lofthæfi og útgáfu tilheyrandi lofthæfistaðfestingarvottorðs,

   b) nöfn á viðhaldsvottum sem er heimilað að annast staðfestingu á lofthæfi og gefa út tilheyrandi lofthæfistaðfestingar-vottorð,

   c) málsmeðferð við endurskoðun á viðhaldsáætluninni.“

14) Í stað b-liðar í M.A.904 komi eftirfarandi:

„b) Þegar fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, eða viðhaldsfyrirtæki hefur gengið úr skugga um að loftfarið sé í samræmi við viðeigandi kröfur, skal það, ef við á, senda skráningaraðildarríkinu skjalfest tilmæli um að gefa út lofthæfistaðfestingarvottorð.“

15) Í stað M.B.301 komi eftirfarandi:

„M.B.301 **Viðhaldsáætlun**

   a) Að undanskildum þeim tilvikum þar sem eigandi hefur gefið út yfirlýsingu um viðhaldsáætlunina í samræmi við h-lið M.A.302 skal lögbæra yfirvaldið staðfesta að viðhaldsáætlunin fullnægi ákvæðum M.A.302.

   b) Viðhaldsáætlunin og breytingar á henni verða að hljóta beint samþykki lögbæra yfirvaldsins nema annað sé tekið fram í c- og h-lið M.A.302.

   c) Þegar um er að ræða óbeint samþykki verða verklagsreglur viðhaldsáætlunarinnar að hljóta samþykki lögbæra yfirvaldsins sem hluti af starfsemislýsingu fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi.

   d) Lögbæra yfirvaldið skal hafa aðgang að öllum þeim gögnum sem krafist er í d-, e-, f- og h-lið M.A.302, til að geta veitt samþykki, samkvæmt b-lið, fyrir viðhaldsáætlun.“

16) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 5. lið II. viðbætis:

i. Í stað x. liðar í 12. reit „Athugasemdir“ komi eftirfarandi:

„x. Að því er varðar viðhaldsfyrirtæki, sem hafa hlotið samþykki samkvæmt F-kafla I. viðauka (M-hluta), yfirlýsingu varðandi viðhaldsvottorð fyrir íhluti sem um getur í M.A.613:

„Hér með vottast að verkið, sem tilgreint er í 11. reit og lýst í þessum reit, hefur verið framkvæmt í samræmi við kröfur F-kafla A-þáttar í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 og að hægt er að gefa út viðhaldsvottorð fyrir einingarnar, að því er varðar það verk, nema annað sé tekið fram í þessum reit. ÞETTA ER EKKI VIÐHALDSVOTTORÐ SKV. II. VIÐAUKA (145. HLUTA) VIÐ REGLUGERÐ (ESB) NR. 1321/2014.““

ii. Í stað reitar 14a komi eftirfarandi:

„Merkja skal í viðeigandi reit eða reiti til að sýna hvaða reglur gilda um fullfrágengna verkið. Ef merkt er í reitinn „Aðrar reglur tilgreindar í 12. reit“ skal tilgreina reglur hins lofthæfiyfirvaldsins eða hinna lofthæfiyfirvaldanna í 12. reit. Merkja skal í a.m.k. annan reitinn eða báða reitina, eftir því sem við á.

Að því er varðar allt viðhald hjá viðhaldsfyrirtæki, sem hefur hlotið samþykki samkvæmt F-kafla A-þáttar í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014, skal haka í rammann „aðrar reglur sem tilteknar eru í 12. reit“ og yfirlýsing um viðhaldsvottorð skal koma fram í 12. reit. Í því tilviki er vottunaryfirlýsingin: „nema annað sé tekið fram í þessum reit“, ætluð til að ná yfir eftirfarandi aðstæður:

a) þegar ekki var hægt að ljúka viðhaldi,

b) þegar vikið var frá þeim stöðlum sem gerðar eru kröfur um í I viðauka (M-hluta),

c) þegar viðhald var framkvæmt í samræmi við kröfu sem ekki er tiltekin í I. viðauka (M-hluta). Í því tilviki skal tilgreina í 12. reit viðkomandi landsbundnar reglur.

Að því er varðar allt viðhald hjá viðhaldsfyrirtæki, sem hefur hlotið samþykki samkvæmt A-þætti í II. viðauka (145. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014, er vottunaryfirlýsingin: „nema annað sé tekið fram í 12. reit“, ætluð til að ná yfir eftirfarandi aðstæður:

a) þegar ekki var hægt að ljúka viðhaldi,

b) þegar vikið var frá þeim stöðlum sem gerðar eru kröfur um í II. viðauka (145. hluta),

c) þegar viðhald var framkvæmt í samræmi við kröfu sem ekki er tiltekin í II. viðauka (145. hluta). Í því tilviki skal tilgreina í 12. reit viðkomandi landsbundnar reglur.“

17) Ákvæðum III. viðbætis er breytt sem hér segir:

i. Í stað EASA-eyðublaðs nr. 15b og EASA-eyðublaðs nr. 15a komi eftirfarandi:

„[AÐILDARRÍKI]

Aðildarríki Evrópusambandsins (*)

LOFTHÆFISTAÐFESTINGARVOTTORÐ

Tilvísunarnúmer vottorðs: ……

Samkvæmt gildandi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 vottar eftirfarandi fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og hefur hlotið samþykki samkvæmt G-kafla A-þáttar í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014

[HEITI OG HEIMILISFANG SAMÞYKKTA FYRIRTÆKISINS]

Tilvísunarnúmer samþykkis: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS].MG.[NNNN].

hér með að það hafi annast staðfestingu á lofthæfi eftirfarandi loftfars samkvæmt M.A.710 í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014:

Framleiðandi loftfars: .....

Tegundarnúmer framleiðanda fyrir loftfarið: .....

Einkennisstafir loftfars: .....

Raðnúmer loftfars: .....

og þetta loftfar telst lofthæft við staðfestinguna.

Útgáfudagur: ... . Síðasti gildisdagur: .....

Flugtími flugskrokks (FH) við útgáfudag (**): .....

Undirskrift: ..... Númer heimildar: .....

Fyrsta framlenging: Loftfarið hefur verið undir viðurkenndri viðhaldsstjórn síðastliðið ár í samræmi við M.A.901 í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014. Loftfarið telst lofthæft á útgáfudegi.

Útgáfudagur: ... . Síðasti gildisdagur: .....

Flugtími flugskrokks (FH) við útgáfudag (**): .....

Undirskrift: ..... Númer heimildar: .....

Heiti fyrirtækis: ..... Tilvísunarnúmer samþykkis: .....

Önnur framlenging: Loftfarið hefur verið undir viðurkenndri viðhaldsstjórn síðastliðið ár í samræmi við M.A.901 í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014. Loftfarið telst lofthæft á útgáfudegi.

Útgáfudagur: ... . Síðasti gildisdagur: .....

Flugtími flugskrokks (FH) við útgáfudag (**): .....

Undirskrift: ..... Númer heimildar: .....

Heiti fyrirtækis: ..... Tilvísunarnúmer samþykkis: .....

EASA-eyðublað nr. 15b, 4. útgáfa.

(*) Falli brott fyrir ríki utan ESB.

(**) Að undanskildum loftbelgjum og loftskipum

[AÐILDARRÍKI]

Aðildarríki Evrópusambandsins (*)

LOFTHÆFISTAÐFESTINGARVOTTORÐ

Tilvísunarnúmer vottorðs: ……

Samkvæmt gildandi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 vottar [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS] hér með að eftirfarandi loftfar:

Framleiðandi loftfars: .....

Tegundarnúmer framleiðanda fyrir loftfarið: .....

Einkennisstafir loftfars: .....

Raðnúmer loftfars: .....

telst lofthæft við staðfestinguna.

Útgáfudagur: ... . Síðasti gildisdagur: .....

Flugtími flugskrokks (FH) við útgáfudag (**): .....

Undirskrift: ..... Númer heimildar: .....

Fyrsta framlenging: Loftfarið hefur verið undir viðurkenndri viðhaldsstjórn síðastliðið ár í samræmi við M.A.901 í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014. Loftfarið telst lofthæft á útgáfudegi.

Útgáfudagur: ... . Síðasti gildisdagur: .....

Flugtími flugskrokks (FH) við útgáfudag (**): .....

Undirskrift: ..... Númer heimildar: .....

Heiti fyrirtækis: ..... Tilvísunarnúmer samþykkis: .....

Önnur framlenging: Loftfarið hefur verið undir viðurkenndri viðhaldsstjórn síðastliðið ár í samræmi við M.A.901 í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014. Loftfarið telst lofthæft á útgáfudegi.

Útgáfudagur: ... . Síðasti gildisdagur: .....

Flugtími flugskrokks (FH) við útgáfudag (**): .....

Undirskrift: ..... Númer heimildar: .....

Heiti fyrirtækis: ..... Tilvísunarnúmer samþykkis: .....

EASA-eyðublað nr. 15a, 4. útgáfa.

(*) Falli brott fyrir ríki utan ESB.

(**) Að undanskildum loftbelgjum og loftskipum“.

ii. Eftirfarandi EASA-eyðublað nr. 15c bætist við:

„[AÐILDARRÍKI]

Aðildarríki Evrópusambandsins (*)

LOFTHÆFISTAÐFESTINGARVOTTORÐ (**)

Tilvísunarnúmer vottorðs: ……

Samkvæmt gildandi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 vottar eftirfarandi viðhaldsfyrirtæki, samþykkt í samræmi við (merkið við eins og við á):

□ F-kafla A-þáttar í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 eða

□ A-þátt II. viðauka (145. hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014

[HEITI OG HEIMILISFANG SAMÞYKKTA FYRIRTÆKISINS]

Tilvísunarnúmer samþykkis: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS]. [MF eða 145].[NNNN].

að það hafi annast staðfestingu á lofthæfi eftirfarandi loftfars í samræmi við l-lið M.A.901 í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014:

Framleiðandi loftfars: .....

Tegundarnúmer framleiðanda fyrir loftfarið: .....

Einkennisstafir loftfars: .....

Raðnúmer loftfars: .....

og þetta loftfar telst lofthæft við staðfestinguna.

Útgáfudagur: ... . Síðasti gildisdagur: .....

Flugtími flugskrokks (FH) við útgáfudag (***): .....

Undirskrift: ..... Númer heimildar: .....

EASA-eyðublað nr. 15c, 1. útgáfa.

(*) Falli brott fyrir ríki utan ESB.
(**) Á aðeins við um ELA1-loftför sem eru ekki notuð við rekstur í ábataskyni.
(***) Að undanskildum loftbelgjum og loftskipum.“

18) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á töflunni í 13. lið í IV. viðbæti:

i. Reitunum í flokknum „loftför“ er skipt út fyrir eftirfarandi:

„FLOKKUR	RÉTTINDI	TAKMÖRKUN	AÐALVIÐHALD	LEIÐAR-VIÐHALD
LOFTFÖR	A1 — Flugvélar yfir 5 700 kg	[Réttindi einungis ætluð viðhaldsfyrirtækjum sem hafa hlotið samþykki í samræmi við II. viðauka (145. hluta)] [Tilgreina skal framleiðanda, hóp, röð eða tegund flugvélar og/eða viðhaldsverkefni] Dæmi: Airbus A320-röðin	[JÁ/NEI] (*)	[JÁ/NEI] (*)
	A2 — Flugvélar að hámarki 5 700 kg	[Tilgreina skal framleiðanda, hóp, röð eða tegund flugvélar og/eða viðhaldsverkefni] *Dæmi:* DHC-6 Twin Otter-röðin Tilgreina skal hvort útgáfa tilmæla og lofthæfistaðfestingarvottorða er heimiluð eða ekki (aðeins hægt fyrir ELA1-loftför sem ekki eru notuð við rekstur í ábataskyni).	[JÁ/NEI] (*)	[JÁ/NEI] (*)
	A3 — Þyrlur	[Tilgreina skal framleiðanda, hóp, röð eða tegund þyrlu og/eða viðhaldsverkefni] *Dæmi:* Robinson R44	[JÁ/NEI] (*)	[JÁ/NEI] (*)
	A4 — Loftför önnur en A1, A2 og A3	[Tilgreina skal gerð loftfars (sviffluga, loftbelgur, loftskip, o.s.frv.), framleiðanda eða hóp eða röð eða tegund og/eða viðhaldsverkefni] Tilgreina skal hvort útgáfa tilmæla og lofthæfistaðfestingarvottorða er heimiluð eða ekki (aðeins hægt fyrir ELA1-loftför sem ekki eru notuð við rekstur í ábataskyni)	[JÁ/NEI] (*)	[JÁ/NEI] (*)“

ii. Eftirfarandi neðanmálsgrein bætist við í lok töflunnar:

„(*) Strika skal yfir það sem ekki á við.“

19) Í stað V. viðbætis komi eftirfarandi:

„*V. viðbætir*

Samþykki fyrir viðhaldsfyrirtæki sem um getur í F-kafla í I. viðauka (M-hluta)

Bls. 1 af 2

[AÐILDARRÍKI (*)]

Aðildarríki Evrópusambandsins (**)

SAMÞYKKISVOTTORÐ FYRIR VIÐHALDSFYRIRTÆKI

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)].MF.[XXXX]

Samkvæmt gildandi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 og með fyrirvara um skilyrðin, sem tilgreind eru hér á eftir, vottar [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS (*)] hér með að:

[HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]

er viðhaldsfyrirtæki í samræmi við F-kafla A-þáttar í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014, sem hefur hlotið samþykki til að viðhalda framleiðsluvörum, hlutum og búnaði sem skráð eru í meðfylgjandi samþykkisskrá og til að gefa út tilheyrandi viðhaldsvottorð með framangreindum tilvísunarnúmerum og, þegar kveðið er á um slíkt, til að gefa út tilmæli og lofthæfistaðfestingarvottorð að lokinni staðfestingu á lofthæfi skv. 1. lið M.A.901 í I. viðauka (M-hluta) sömu reglugerðar að því er varðar þau loftför sem tilgreind eru í meðfylgjandi samþykkisskrá.

SKILYRÐI:

1. Þetta samþykki takmarkast við þau atriði sem tilgreind eru í þættinum um verksvið í handbók viðhaldsfyrirtækisins eins og um getur í F-kafla A-þáttar í I. viðauka (M-hluta).

2. Forsenda þessa samþykkis er að þeim verklagsreglum sem tilgreindar eru í handbók samþykkta viðhaldsfyrirtækisins sé fylgt.

3. Þetta samþykki gildir á meðan samþykkta viðhaldsfyrirtækið uppfyllir kröfur skv. I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.

4. Svo fremi að framangreind skilyrði séu uppfyllt heldur þetta samþykki gildi sínu í ótakmarkaðan tíma nema það hafi þegar verið lagt inn, annað samþykki hafi komið í þess stað, það ógilt tímabundið eða afturkallað.

Upphaflegur útgáfudagur: .....

Dagsetning endurskoðunar: .....

Númer endurskoðunar: .....

Undirskrift:

Fyrir hönd lögbærs yfirvalds: [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKIS (*)]

EASA-eyðublað nr. 3-MF, 3. útgáfa.

(*) Eða EASA ef EASA er lögbæra yfirvaldið.

(**) Falli brott fyrir ríki utan ESB eða Flugöryggisstofnun Evrópu.

SAMÞYKKISSKRÁ FYRIR VIÐHALDSFYRIRTÆKI

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)].MF.XXXX

Fyrirtæki: [HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]

FLOKKUR	RÉTTINDI	TAKMÖRKUN
LOFTFÖR (**)	(***)	(****)
	(***)	(****)
HREYFLAR (**)	(***)	(***)
	(***)	(***)
ÍHLUTIR AÐRIR EN FULLGERÐIR HREYFLAR EÐA AUKAAFLSTÖÐVAR (**)	(***)	(***)
	(***)	(***)
	(***)	(***)
	(***)	(***)
	(***)	(***)
	(***)	(***)
SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA (**)	(***)	(***)
	(***)	(***)

Þetta samþykki takmarkast við þær framleiðsluvörur, hluti og búnað og þá starfsemi sem tilgreind er í þættinum um verksvið í handbók samþykkta viðhaldsfyrirtækisins.

Tilvísun í handbók viðhaldsfyrirtækis: .....

Upphaflegur útgáfudagur: .....

Dagsetning síðustu samþykktu endurskoðunar: ..... Númer endurskoðunar: .....

Undirskrift:

Fyrir hönd lögbærs yfirvalds: [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKIS (*)]

EASA-eyðublað nr. 3-MF, 3. útgáfa.

(*) Eða EASA ef EASA er lögbæra yfirvaldið.
(**) Strika skal út, eftir því sem við á, ef fyrirtæki er ekki samþykkt.
(***) Hér skal fylla inn viðeigandi réttindi og takmarkanir.
(****) Hér skal fylla inn viðeigandi takmörkun og tilgreina hvort útgáfa tilmæla og lofthæfistaðfestingarvottorða sé heimiluð eða ekki (aðeins hægt fyrir ELA1-loftför sem ekki eru notuð við rekstur í ábataskyni þegar fyrirtækið framkvæmir staðfestingu á lofthæfi á sama tíma og árlegu skoðunina sem finna má í viðhaldsáætluninni).“

20) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á b-lið í VIII. viðbæti:

i. Eftirfarandi 9. liður bætist við:

„9. er hluti af árlegri eða 100 klukkustunda skoðuninni, sem um getur í áætluninni um lágmarksskoðun, sem lýst er í i-lið M.A.302.“

ii. Í stað þriðja málsliðar komi eftirfarandi:

„Í leiðbeiningum, sem eru minna takmarkandi og eru gefnar út í samræmi við „d-lið M.A.302 Viðhaldsáætlun“, er ekki unnt að hunsa viðmiðanir 1–9.“

_____

II. VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka (145. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 er breytt sem hér segir:

1) Efnisyfirliti 145. hluta er breytt sem hér segir:

i. Eftirfarandi liður 145.A.36 bætist við:

„145.A.36 **Skrá yfir starfsfólk sem annast staðfestingu á lofthæfi**“

ii. Í stað 145.A.55 komi eftirfarandi:

„145.A.55 **Viðhaldsskrár og skrár yfir staðfestingu á lofthæfi**“

2) Lið 145.A.30 er breytt sem hér segir:

i. Í stað fyrsta málsliðar í e-lið komi eftirfarandi:

„Fyrirtækið skal staðfesta og hafa eftirlit með hæfni starfsfólks sem vinnur við viðhald, stjórnun og/eða gæðaúttektir, útbýr viðhaldsáætlanir og sér um staðfestingar á lofthæfi í samræmi við verklagsreglur og staðla sem lögbæra yfirvaldið getur fallist á.“

ii. Í stað fyrsta málsliðar annarrar undirgreinar 5. liðar j-liðar komi eftirfarandi:

„Öll slík tilvik, sem tilgreind eru í þessum lið, ber að tilkynna til lögbæra yfirvaldsins innan sjö daga frá því að slík vottunarheimild er veitt.“

iii. Eftirfarandi k- og l-liður bætist við:

„k) Ef fyrirtækið annast staðfestingu á lofthæfi og gefur út tilheyrandi lofthæfistaðfestingarvottorð fyrir ELA1-loftför, sem ekki eru notuð við rekstur í ábataskyni í samræmi við l-lið M.A.901, skal það hafa sérmenntað starfsfólk sem hefur heimild til að annast staðfestingu á lofthæfi í samræmi við 1. lið l-liðar M.A.901.

l) Ef fyrirtækið tekur þátt í að útbúa og vinna úr samþykki viðhaldsáætlunarinnar fyrir ELA2-loftför, sem ekki eru notuð við rekstur í ábataskyni í samræmi við ii. lið e-liðar M.A.201, skal það hafa sérmenntað starfsfólk sem getur sýnt fram á viðeigandi þekkingu og reynslu.“

3) Eftirfarandi liður 145.A.36 bætist við:

„145.A.36 **Skrá yfir starfsfólk sem annast staðfestingu á lofthæfi**

Fyrirtækið skal skrá allar upplýsingar um starfsfólk, sem annast staðfestingu á lofthæfi, og halda uppfærða skrá yfir starfsfólk, sem annast staðfestingu á lofthæfi, ásamt gildissviði samþykkis þeirra sem hluti af handbók fyrirtækisins skv. 6. lið a-liðar 145.A.70.

Fyrirtækið skal varðveita skrárnar í a.m.k. þrjú ár eftir að starfsfólkið, sem um getur í þessum lið, hefur hætt störfum hjá fyrirtækinu (eða störfum sínum sem verktaki eða sjálfboðaliði) eða frá því að heimildin er dregin til baka. Einnig skal viðhaldsfyrirtækið fá starfsfólki, sem um getur í þessum lið, afrit af starfsmannaskrá sinni, fari það þess á leit, þegar það hættir störfum hjá fyrirtækinu.

Starfsfólkið, sem um getur í þessum lið, skal fá aðgang að upplýsingum um sig fari það þess á leit.“

4) Lið 145.A.55 er breytt sem hér segir:

i. Í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

„145.A.55 **Viðhaldsskrár og skrár yfir staðfestingu á lofthæfi“**

ii. Í stað a-liðar komi eftirfarandi:

„a) Viðhaldsfyrirtækið skal skrá allar upplýsingar um þau viðhaldsverk sem unnin eru. Fyrirtækið skal að lágmarki varðveita skrár sem nauðsynlegar eru til að sanna að öllum kröfum hefur verið fullnægt fyrir útgáfu viðhaldsvottorðs, þ.m.t. afhendingarskjöl undirverktaka, og fyrir útgáfu allra lofthæfistaðfestingarvottorða og tilmæla.“

iii. Í stað fyrsta málsliðar í c-lið komi eftirfarandi:

„Fyrirtækið skal varðveita afrit af öllum sundurliðuðum viðhaldsskrám og tilheyrandi viðhaldsgögnum í þrjú ár frá þeim degi er það gaf út viðhaldsvottorð fyrir loftfar eða íhlut sem unnið var við hjá fyrirtækinu. Fyrirtækið skal auk þess varðveita afrit af öllum gögnum sem tengjast útgáfu lofthæfistaðfestingarvottorða og tilmæla í þrjú ár frá útgáfudegi og láta eiganda loftfarsins í té afrit af þessum gögnum.“

iv. Í stað 3. liðar c-liðar komi eftirfarandi:

„3. Þegar fyrirtæki, sem hefur samþykki samkvæmt þessum hluta (145. hluta), hættir rekstri skal senda allar viðhaldsskrár fyrir undanfarandi tvö ár, sem hafa verið varðveittar, til síðasta eiganda eða flugrekanda viðkomandi loftfars eða íhlutar eða varðveita þær á þann hátt sem lögbæra yfirvaldið tilgreinir.“

5) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á a-lið 145.A.70:

i. Í stað 6. liðar komi eftirfarandi:

„6. skrá yfir viðhaldsvotta, faglega ábyrgðarmenn og, ef við á, starfsfólk, sem annast staðfestingu á lofthæfi, sem og starfsfólk sem ber ábyrgð á því að útbúa og vinna úr viðhaldsáætluninni ásamt gildissviði samþykkis þeirra,“.

ii. Í stað 12. liðar komi eftirfarandi:

„12. verklagsreglur og gæðakerfi, sem fyrirtækið hefur komið á samkvæmt liðum 145.A.25 til 145.A.90, og hvers konar viðbótarverklagsreglur sem fylgja á í samræmi við I. viðauka (M-hluta),“.

6) Eftirfarandi f- og g-liður bætist við 145.A.75:

„f) ef það hefur sérstakt samþykki til að gera slíkt fyrir ELA1-loftför, sem eru ekki notuð við rekstur í ábataskyni,

1. að annast staðfestingu á lofthæfi og gefa út viðeigandi lofthæfistaðfestingarvottorð í samræmi við skilyrðin sem tilgreind eru í l-lið M.A.901 og

2. að annast staðfestingu á lofthæfi og gefa út viðeigandi tilmæli í samræmi við skilyrðin sem tilgreind eru í l-lið M.A.901 og 2. lið a- liðar og b-lið M.A.904,

g) að útbúa viðhaldsáætlun og vinna úr samþykki hennar í samræmi við lið M.A.302 fyrir ELA2-loftför, sem eru ekki notuð við rekstur í ábataskyni, í samræmi við þau skilyrði sem tilgreind eru í ii. lið e-liðar M.A.201 og takmarkast við þau loftfarsréttindi sem tilgreind eru á samþykkisvottorðinu.“

7) Í stað 6. liðar 145.A.85 komi eftirfarandi:

„6. aðstöðu, búnað, verkfæri, efni, verklagsreglur, verksvið, viðhaldsvotta og starfsfólk sem annast staðfestingu á lofthæfi sem gætu haft áhrif á samþykkið.“

8) Í stað III. viðbætis komi eftirfarandi:

„III. viðbætir

Samþykki fyrir viðhaldsfyrirtækið sem um getur í II. viðauka (145. hluta)

Bls. 1 af 2

[AÐILDARRÍKI (*)]

Aðildarríki Evrópusambandsins (**)

SAMÞYKKISVOTTORÐ FYRIR VIÐHALDSFYRIRTÆKI

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)].145.XXXX

Samkvæmt gildandi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 og með fyrirvara um skilyrðin, sem tilgreind eru hér að neðan, vottar [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS (*)] hér með að:

[HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]

er viðhaldsfyrirtæki í samræmi við A-þátt í II. viðauka (145. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014, sem hefur hlotið samþykki til að viðhalda framleiðsluvörum, hlutum og búnaði sem skráð eru í meðfylgjandi samþykkisskrá og til að gefa út tilheyrandi viðhaldsvottorð með framangreindum tilvísunarnúmerum og, þegar kveðið er á um slíkt, til að gefa út tilmæli og lofthæfistaðfestingarvottorð að lokinni staðfestingu á lofthæfi skv. l-lið M.A.901 í I. viðauka (M-hluta) sömu reglugerðar að því er varðar þau loftför sem tilgreind eru í meðfylgjandi samþykkisskrá.

SKILYRÐI:

1. Þetta samþykki takmarkast við það samþykki sem tilgreint er í þættinum um verksvið í starfsemislýsingu samþykkta viðhaldsfyrirtækisins eins og um getur í A-þætti í II. viðauka (145. hluta).

2. Forsenda þessa samþykkis er að þeim verklagsreglum sem tilgreindar eru í starfsemislýsingu samþykkta viðhaldsfyrirtækisins sé fylgt.

3. Þetta samþykki gildir á meðan samþykkta viðhaldsfyrirtækið uppfyllir kröfur skv. II. viðauka (145. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.

4. Svo fremi að framangreind skilyrði séu uppfyllt heldur þetta samþykki gildi sínu í ótakmarkaðan tíma nema það hafi þegar verið lagt inn, annað samþykki komið í þess stað, það ógilt tímabundið eða afturkallað.

Upphaflegur útgáfudagur: .....

Dagsetning endurskoðunar: .....

Númer endurskoðunar: .....

Undirskrift: .....

Fyrir hönd lögbærs yfirvalds: [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKIS (*)]

EASA-eyðublað nr. 3-145, 3. útgáfa.

(*) Eða EASA ef EASA er lögbæra yfirvaldið.
(**) Strika skal út, eftir því sem við á, ef fyrirtæki er ekki samþykkt.

SAMÞYKKISSKRÁ FYRIR VIÐHALDSFYRIRTÆKI

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)].145.[XXXX]

Fyrirtæki: [HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]

FLOKKUR	RÉTTINDI	TAKMÖRKUN	AÐALVIÐHALD	LEIÐARVIÐHALD
LOFTFÖR (**)	(***)	(****)	[JÁ/NEI] (**)	[JÁ/NEI] (**)
	(***)	(****)	[JÁ/NEI] (**)	[JÁ/NEI] (**)
HREYFLAR (**)	(***)	(****)	[JÁ/NEI] (**)	[JÁ/NEI] (**)
	(***)	(****)	[JÁ/NEI] (**)	[JÁ/NEI] (**)
ÍHLUTIR AÐRIR EN FULLGERÐIR HREYFLAR EÐA AUKAAFL-STÖÐVAR (**)	(***)	(***)		
	(***)	(***)		
	(***)	(***)		
	(***)	(***)		
	(***)	(***)		
	(***)	(***)		
SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA (**)	(***)	(***)		
	(***)	(***)		

Þessi samþykkisskrá takmarkast við þær framleiðsluvörur, hluta og búnað og þá starfsemi sem tilgreind er í þættinum um verksvið í handbók samþykkta viðhaldsfyrirtækisins.

Tilvísun í handbók viðhaldsfyrirtækis: .....

Upphaflegur útgáfudagur: .....

Dagsetning síðustu samþykktu endurskoðunar: ..... Númer endurskoðunar: .....

Undirskrift:

Fyrir hönd lögbærs yfirvalds: [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKIS (*)]

EASA-eyðublað nr. 3-145, 3. útgáfa.

(*) Eða EASA ef EASA er lögbæra yfirvaldið.
(**) Strika skal út, eftir því sem við á, ef fyrirtæki er ekki samþykkt.
(***) Hér skal fylla inn viðeigandi réttindi og takmarkanir.
(****) Hér skal fylla inn viðeigandi takmörkun og tilgreina hvort útgáfa tilmæla og lofthæfistaðfestingarvottorða sé heimiluð eða ekki (aðeins hægt fyrir ELA1-loftför sem ekki eru notuð við rekstur í ábataskyni þegar fyrirtækið framkvæmir staðfestingu á lofthæfi á sama tíma og árlegu skoðunina sem finna má í viðhaldsáætluninni).“

III. VIÐAUKI

Ákvæðum IV. viðauka (147. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 er breytt sem hér segir:

1) Í stað II. viðbætis komi eftirfarandi:

„II. viðbætir

Samþykki fyrir viðhaldskennslufyrirtæki sem um getur í IV. viðauka (147. hluta) — EASA-eyðublað nr. 11

Bls. 1 af 2

[AÐILDARRÍKI (*)]

Aðildarríki Evrópusambandsins (**)

SAMÞYKKISVOTTORÐ FYRIR VIÐHALDSKENNSLU- OG PRÓFUNARFYRIRTÆKI

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)].147.[XXXX]

Samkvæmt gildandi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 og með fyrirvara um skilyrðin, sem tilgreind eru hér að neðan, vottar [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS (*)] hér með að:

[HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]

er viðhaldskennslufyrirtæki í samræmi við A-þátt í IV. viðauka (147. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 og hefur hlotið samþykki til að veita þá þjálfun og halda þau próf sem skráð eru í meðfylgjandi samþykkisskrá og gefa út tilheyrandi viðurkenningarvottorð til handa nemendum með framangreindum tilvísunarnúmerum.

SKILYRÐI:

1. Þetta samþykki takmarkast við það samþykki sem tilgreint er í þættinum um verksvið í samþykktri starfsemislýsingu viðhaldskennslufyrirtækis, eins og um getur í A-þætti í IV. viðauka (147. hluta).

2. Forsenda þessa samþykkis er að fylgt sé verklagsreglum sem tilgreindar eru í starfsemislýsingu samþykktra viðhaldskennslufyrirtækja.

3. Þetta samþykki gildir á meðan samþykkta viðhaldskennslufyrirtækið uppfyllir kröfur skv. IV. viðauka (147. hluta) reglugerðar (ESB) nr. 1321/2014.

4. Svo fremi að framangreind skilyrði séu uppfyllt heldur þetta samþykki gildi sínu í ótakmarkaðan tíma nema það hafi þegar verið lagt inn, annað samþykki komið í þess stað, það ógilt tímabundið eða afturkallað.

Upphaflegur útgáfudagur: .....

Dagsetning endurskoðunar: .....

Númer endurskoðunar: .....

Undirskrift: .....

Fyrir hönd lögbærs yfirvalds: [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKIS (*)]

EASA-eyðublað nr. 11, 4. útgáfa

(*) Eða EASA ef EASA er lögbæra yfirvaldið.

(**) Falli brott fyrir ríki utan ESB eða EASA.

SAMÞYKKISSKRÁ FYRIR VIÐHALDSKENNSLU- OG PRÓFUNARFYRIRTÆKI

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)].147.[XXXX]

Fyrirtæki: [HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]

FLOKKUR	FLOKKUR SKÍRTEINIS	TAKMÖRKUN	
GRUNN-ÞJÁLFUN (**)	B1 (**)	TB1.1 (**)	FLUGVÉLAR MEÐ HVERFIHREYFLUM (**)
		TB1.2 (**)	FLUGVÉLAR MEÐ STROKKHREYFLUM (**)
		TB1.3 (**)	ÞYRLUR MEÐ HVERFIHREYFLUM (**)
		TB1.4 (**)	ÞYRLUR MEÐ STROKKHREYFLUM (**)
	B2 (**)	TB2 (**)	RAFEINDABÚNAÐUR LOFTFARS (**)
	B3 (**)	TB3 (**)	FLUGVÉLAR SEM KNÚNAR ERU MEÐ STROKKHREYFLI EN HAFA EKKI JAFNÞRÝSTIBÚNAÐ OG ERU MEÐ 2000 KG HÁMARKSFLUGTAKSMASSA EÐA ÞAR UNDIR (**)
	A (**)	TA.1 (**)	FLUGVÉLAR MEÐ HVERFIHREYFLUM (**)
		TA.2 (**)	FLUGVÉLAR MEÐ STROKKHREYFLUM (**)
		TA.3 (**)	ÞYRLUR MEÐ HVERFIHREYFLUM (**)
		TA.4 (**)	ÞYRLUR MEÐ STROKKHREYFLUM (**)
TEGUND/ VERKEFNI (**)	C (**)	T4 (**)	[TILGREINA SKAL TEGUND LOFTFARS] (***)
	B1 (**)	T1 (**)	[TILGREINA SKAL TEGUND LOFTFARS] (***)
	B2 (**)	T2 (**)	[TILGREINA SKAL TEGUND LOFTFARS] (***)
	A (**)	T3 (**)	[TILGREINA SKAL TEGUND LOFTFARS] (***)

Þessi samþykkisskrá takmarkast við þá þjálfun og þau próf sem tilgreind eru í þættinum um verksvið í samþykktri starfsemislýsingu viðhaldskennslufyrirtækisins.

Tilvísun í handbók viðhaldskennslufyrirtækis: .....

Upphaflegur útgáfudagur: .....

Dagsetning síðustu samþykktu endurskoðunar: ..... Númer endurskoðunar: .....

Undirskrift:

Fyrir hönd lögbærs yfirvalds: [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKIS (*)]

EASA-eyðublað nr. 11, 4. útgáfa

(*) Eða EASA ef EASA er lögbæra yfirvaldið.
(**) Strika skal út, eftir því sem við á, ef fyrirtæki er ekki samþykkt.
(***) Hér skal fylla inn viðeigandi réttindi og takmarkanir.“

2) Í stað EASA-eyðublaða nr. 148 og 149 í III. viðbæti komi eftirfarandi:

„III. viðbætir

Viðurkenningarvottorð sem um getur í IV. viðauka (147. hluta) — EASA-eyðublöð nr. 148 og 149

Bls. 1 af 1

VIÐURKENNINGARVOTTORÐ

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)].147.[XXXX].[YYYYY]

Þetta viðurkenningarvottorð er gefið út til handa:

[NAFN]

[FÆÐINGARDAGUR OG ÁR og FÆÐINGARSTAÐUR]

Af:

[HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)].147.[XXXX]

viðhaldskennslufyrirtæki sem hefur samþykki til að veita þjálfun og halda próf samkvæmt samþykkisskrá þess og í samræmi við IV. viðauka (147. hluta) reglugerðar (ESB) nr. 1321/2014.

Með vottorði þessu er staðfest að framangreindur einstaklingur hafi með fullnægjandi árangri staðist neðangreint viðurkennt þjálfunarnámskeið (**) eða grunnpróf (**) í samræmi við gildandi útgáfur af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014.

[GRUNNÞJÁLFUNARNÁMSKEIÐ (**)] og/eða [GRUNNPRÓF (**)]

[SKRÁ YFIR NÁMSGREINAR SKV. 66. HLUTA/DAGSETNING SEM VIÐKOMANDI STÓÐST PRÓF]

Dagsetning: .....

Undirskrift: .....

Fyrir hönd: [HEITI FYRIRTÆKIS]

EASA-eyðublað nr. 148, 2. útgáfa

(*) Eða EASA ef EASA er lögbæra yfirvaldið.

(**) Strika skal út það sem á ekki við.

VIÐURKENNINGARVOTTORÐ

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)].147.[XXXX].[YYYYY]

Þetta viðurkenningarvottorð er gefið út til handa:

[NAFN]

[FÆÐINGARDAGUR OG ÁR og FÆÐINGARSTAÐUR]

Af:

[HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)].147.[XXXX]

viðhaldskennslufyrirtæki sem hefur samþykki til að veita þjálfun og halda próf samkvæmt samþykkisskrá þess og í samræmi við IV. viðauka (147. hluta) reglugerðar (ESB) nr. 1321/2014.

Með vottorði þessu er staðfest að framangreindur einstaklingur hafi með fullnægjandi árangri staðist fræðilega (**) og/eða verklega þætti (**) viðurkennda tegundarþjálfunarnámskeiðsins, sem tilgreint er að neðan, og tengd próf í samræmi við gildandi reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.

[ÞJÁLFUNARNÁMSKEIÐ Á TEGUND LOFTFARS (**)]

[UPPHAFS- og LOKADAGSETNINGAR]

[TILGREINA SKAL FRÆÐILEGA EÐA VERKLEGA ÞÆTTI]

og/eða

[PRÓF Á TEGUND LOFTFARS (**)]

[LOKADAGSETNING]

Dagsetning: .....

Undirskrift: .....

Fyrir hönd: [HEITI FYRIRTÆKIS]

EASA-eyðublað nr. 149, 2. útgáfa

(*) Eða EASA ef EASA er lögbæra yfirvaldið.
(**) Strika skal út það sem á ekki við.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 73/2010 **2015/EES/63/71**

frá 26. janúar 2010

um kröfur um gæði flugmálagagna og flugmálaupplýsinga fyrir samevrópska loftrýmið (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 frá 10. mars 2004 um rekstrarsamhæfi evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar (rekstrarsamhæfisreglugerðin) ([1]), einkum 5. mgr. 3. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á samevrópsku loftrými (rammareglugerðin) ([2]), einkum 1. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að tryggja öryggi og styðja við nýjar rekstrarhugmyndir innan evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar (EATMN) er gerð krafa um flugmálagögn og flugmálaupplýsingar af viðeigandi gæðum.

2) Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO) hefur skilgreint kröfur um gæði flugmálagagna og flugmálaupplýsinga með tilliti til nákvæmni, upplausnar og heilleika, sem skulu uppfylltar og þeim viðhaldið innan evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar við vinnslu flugmálagagna og flugmálaupplýsinga.

3) Þessar kröfur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar teljast fullnægjandi grunnviðmiðun fyrir núverandi kröfur um gagnagæði, en þekktir annmarkar eru til staðar sem taka verður til athugunar, einkum til að styðja við beitingu í framtíðinni.

4) Helsta grunnviðmiðunin fyrir kröfur um gagnagæði skal vera 15. viðauki við Chicago-samninginn um alþjóðlegt almenningsflug (hér á eftir nefndur Chicago-samningurinn). Tilvísanir í ákvæði 15. viðauka Chicago-samningsins skal ekki sjálfkrafa vera tilvísun í 4. viðauka Chicago-samningsins eða annarra viðauka hans.

5) Athugun á núverandi ástandi hefur leitt í ljós að kröfur um gæði flugmálagagna og flugmálaupplýsinga eru ekki alltaf uppfylltar innan evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar, einkum kröfurnar um nákvæmni og heilleika.

6) Umtalsverður hluti vinnunnar innan gagnasamsteypu flugmálagagna (e. *aeronautical data chain*) fer enn fram handvirkt og á pappírsformi sem eykur verulega líkur á skekkjum og rýrnun gagnagæða. Því skal grípa til ráðstafana til að bæta ástandið.

7) Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu hefur verið veitt umboð, í samræmi við 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004, til þess að þróa kröfur, sem styrkja og koma til viðbótar við 15. viðauka Chicago-samningsins, til þess að gæði flugmálaupplýsinganna verði fullnægjandi. Reglugerð þessi er byggð á skýrslunni sem gefin var út í því sambandi 16. október 2007.

8) Í samræmi við kröfur reglugerðar (EB) nr. 552/2004 skulu flugmálaupplýsingar veittar smám saman á rafrænu formi sem byggist á sameiginlegu, umsömdu og stöðluðu gagnamengi. Þessar kröfur skulu að lokum gilda fyrir öll flugmálagögn og allar flugmálaupplýsingar innan ramma þessarar reglugerðar.

9) Þessi reglugerð skal ekki taka til hernaðaraðgerða og herþjálfunarflugs, eins og um getur í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004.

10) Hernaðarsamtök sem veita flugmálaupplýsingar til notkunar í almennri flugumferð eru mikilvægur hluti vinnslu flugmálagagna og skulu aðildarríki tryggja að gæði slíkra gagna séu fullnægjandi fyrir fyrirhugaða notkun.

11) Talið er nauðsynlegt að ný eða breytt flugmálagögn eða flugmálaupplýsingar verði veittar og birtar tímanlega, í samræmi við breytingar og uppfærslukröfur Alþjóða-flugmálastofnunarinnar og aðildarríkja, til að tryggja gagnagæðin.

12) Aðildarríki skulu með skilvirkum hætti stjórna og hafa eftirlit með öllum aðgerðum í tengslum við sköpun flugmálagagna og flugmálaupplýsinga til þess að tryggja að gæði gagnanna, sem veitt eru, séu fullnægjandi fyrir fyrirhugaða notkun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 23, 27.1.2010, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 228/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 26.

([2]) Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 1.

13) Þeir kerfishlutar og þær verklagsreglur sem gagnaskapendur notast við verða að vera rekstrarsamhæfar þeim kerfum, kerfishlutum og aðferðum sem veitendur upplýsingaþjónustu flugmála notast við til að tryggja öruggan, samfelldan og skilvirkan rekstur evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar.

14) Með það í huga að viðhalda eða hækka núverandi öryggisstig rekstursins skal þess krafist af öllum aðildarríkjunum að þau tryggi að hlutaðeigandi aðilar framkvæmi öryggismat, þ.m.t. hættugreiningu, áhættumat og ráðstafanir til að draga úr áhættu. Samræmd framkvæmd þessara ferla fyrir þau kerfi sem falla undir þessa reglugerð krefst þess að sértækar öryggiskröfur séu ákvarðaðar sem gilda fyrir allar kröfur um rekstrarsamhæfi og afköst.

15) Í samræmi við d-lið 3. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 552/2004 skal í framkvæmdarreglum um rekstrarsamhæfi lýsa sértækum aðferðum við samræmismat, sem nota skal til að meta samræmi eða hentugleika kerfishlutanna, sem og til sannprófunar á kerfum.

16) Reglugerð þessi hefur áhrif á breiðan hóp aðila. Í þessari reglugerð skal tillit því tekið til getu og umfangs þátttöku einstakra aðila innan gagnasamsteypunnar til að tryggja að ákvæðum sé beitt smám saman til að ná þeim gagnagæðum sem gerð er krafa um.

17) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um samevrópskt loftrými.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni

Í reglugerð þessari er mælt fyrir um kröfur um gæði flugmálagagna og flugmálaupplýsinga að því er varðar nákvæmni, upplausn og heilleika.

2. gr.

Gildissvið

1. Reglugerð þessi skal gilda um kerfi evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar, kerfishluta þeirra og tilheyrandi verklagsreglur varðandi sköpun, framleiðslu, geymslu, meðhöndlun, vinnslu, flutning og dreifingu flugmálagagna og flugmálaupplýsinga.

Hún skal gilda um eftirfarandi flugmálagögn og flugmálaupplýsingar:

a) samþættar flugmálaupplýsingar, eins og þær eru skilgreindar í 7. mgr. 3.gr., sem aðildarríkin gera aðgengilegar, að undanskildum upplýsingabréfum flugmála,

b) rafræn hindranagögn, eða einhvern hluta þeirra, ef aðildarríkin gera þau aðgengileg,

c) rafræn landslagsgögn, eða einhvern hluta þeirra, ef aðildarríkin gera þau aðgengileg,

d) kortlagningargögn flugvalla, ef aðildarríkin gera þau aðgengileg.

2. Þessi reglugerð gildir um eftirfarandi aðila:

a) veitendur flugleiðsöguþjónustu,

b) rekstraraðila þeirra flugvalla eða þyrluvalla þar sem búið er að birta verklagsreglur í tengslum við blindflug (IFR) eða sérlegt sjónflug *(*e. *Special-visual flight rules*) í flugmálahandbókum í hverju landi fyrir sig,

c) opinbera aðila eða einkaaðila sem, í samræmi við þessa reglugerð, veita:

i. þjónustu í tengslum við sköpun og veitingu mælingagagna,

ii. þjónustu við hönnun verklagsreglna,

iii. rafræn landslagsgögn,

iv. rafræn hindranagögn.

3. Reglugerð þessi skal gilda þar til veitandi upplýsingaþjónustu flugmála hefur gert flugmálagögnin og/eða flugmálaupplýsingarnar aðgengilegar næsta ætlaða notanda.

Ef um er að ræða dreifingu í áþreifanlegu formi gildir þessi reglugerð þar til flugmálagögn og/eða flugmálaupplýsingar hafa verið gerðar aðgengilegar stofnuninni, sem ber ábyrgð á þjónustunni, sem sér um dreifingu í áþreifanlegu formi.

Ef um er að ræða sjálfvirka dreifingu með beinni rafrænni tengingu á milli veitanda upplýsingaþjónustu flugmála og aðilans sem tekur á móti flugmálagögnunum og/eða flugmálaupplýsingunum, gildir þessi reglugerð:

a) þar til næsti ætlaði notandi fær aðgang að og sækir flugmálagögn og/eða flugmálaupplýsingar sem eru í vörslu veitanda upplýsingaþjónustu flugmála, eða

b) þar til veitandi upplýsingaþjónustu flugmála hefur fært flugmálagögnin og/eða flugmálaupplýsingarnar inn í kerfi næsta ætlaða notanda.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð gilda skilgreiningarnar í 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004. Jafnframt gilda eftirfarandi skilgreiningar:

1. „flugmálagögn“: formleg framsetning staðreynda, hugtaka eða leiðbeininga um flugmál sem eru viðeigandi fyrir samskipti, túlkun eða vinnslu,

2. „flugmálaupplýsingar“: upplýsingar sem leiða af söfnun, greiningu og sniðmótun flugmálagagna,

3. „gagnagæði“: mælikvarði á tiltrú þess að gögnin sem veitt eru uppfylli kröfur gagnanotanda að því er varðar nákvæmni, upplausn og heilleika,

4. „nákvæmni“: stig samræmis milli áætlaðs eða mælds gildis og raungildis,

5. „upplausn“: fjöldi eininga eða tölustafa sem mælt eða reiknað gildi er birt með og notað,

6. „heilleiki“: stig áreiðanleika fyrir því að gagnaatriði og gildi þess hafi ekki týnst eða verið breytt frá gagnasköpun eða frá því að breyting þeirra var heimiluð,

7. „samþættar flugmálaupplýsingar“ (IAIP): upplýsingar sem samanstanda af eftirfarandi þáttum:

   a) flugmálahandbók (AIP) og uppfærslur við hana,

   b) viðbætum við flugupplýsingahandbókina,

   c) tilkynningum til flugmanna (NOTAM), eins og þær eru skilgreindar í 17. lið og forflugstilkynningum (PIB),

   d) upplýsingabréfum flugmála (AIC), og

e) gátlistum og listum yfir gildandi tilkynningar til flugmanna,

8. „hindranagögn“ (e. *obstacle data*): gögn um alla fasta (varanlega eða tímabundna) og hreyfanlega hluti, eða hluta þeirra, sem staðsettir eru á svæði sem ætlað er til hreyfingar loftfars á jörðu niðri eða sem ná hærra en skilgreindur flötur sem ætlaður er til að vernda loftför á flugi,

9. „landslagsgögn“ (e. *terrain data*): gögn um yfirborð jarðar, s.s. fitjur sem fyrirfinnast á náttúrulegu yfirborði jarðar, s.s. fjöll, hæðir, hryggir, dalir, vatnshlot, varanleg ís- og snjóþekja, að undanskildum hindrunum,

10. „gögn um kortlagningu flugvalla“: upplýsingar um staðlaðar fitjur flugvalla fyrir skilgreint svæði, þ.m.t. staðgögn og lýsigögn,

11. „mælingagögn“: staðgögn sem ákvarðast af landmælingum,

12. „hönnun flugferla“: samsetning flugmálagagna og sértækra flugleiðbeininga til að skilgreina blindaðflugs- og/eða blindfráflugsverklag sem tryggir viðunandi flugöryggi,

13. „veitandi upplýsingaþjónustu flugmála“: sú stofnun sem ber ábyrgð á að veita upplýsingaþjónustu flugmála og er vottuð í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2096/2005 ([3]),

14. „næsti ætlaði notandi“: sá aðili sem fær flugmálaupplýsingarnar frá veitanda upplýsingaþjónustu flugmála,

15. „bein rafræn tenging“: stafræn tenging á milli tölvukerfa þannig að hægt sé að flytja gögn á milli þeirra án handvirkrar gagnaverkunar,

16. „gagnaatriði“: stök eigind úr fullfrágengnu gagnamengi, sem fær úthlutað gildi, sem skilgreinir núverandi stöðu hennar,

17. „tilkynningar til flugmanna“ (NOTAM): tilkynning sem komið er áleiðis með fjarskiptum og sem nauðsynlegt er að berist sem fyrst til þeirra aðila sem flugstörf stunda og hefur að geyma upplýsingar um uppsetningu, ástand eða breytingu á hvers konar flugbúnaði, þjónustu eða starfsháttum svo og um hættuástand,

18. „stafrænar tilkynningar til flugmanna“: gagnamengi sem hefur að geyma upplýsingarnar sem finna má í tilkynningum til flugmanna framsettar þannig að þær séu að fullu lesanlegar af sjálfvirku tölvukerfi án mannlegs inngrips,

19. „gagnaskapandi“ (e. *data originator*): eining sem ber ábyrgð á gagnasköpun,

20. „gagnasköpun“ (e. *data origination*): stofnun nýs gagnaatriðis með tengdu gildi þess, með breytingu á gildi fyrirliggjandi gagnaatriðis eða með að eyða fyrirliggjandi gagnaatriði,

21. „gildistími“: tímabilið frá þeirri dagsetningu og þeim tíma sem flugmálaupplýsingarnar eru birtar til þeirrar dagsetningar og þess tíma þegar upplýsingarnar falla úr gildi,

22. „fullgilding gagna“: ferlið við að tryggja að gögn uppfylli kröfur vegna tilgreindrar beitingar eða fyrirhugaðrar notkunar,

([3]) Stjtíð. ESB L 335, 21.12.2005, bls. 13.

23. „sannprófun gagna“: mat á niðurstöðum úr frálagsferli flugmálagagna til að tryggja að þau séu rétt og samrýmist þeim ílagsgögnum og viðeigandi gagnastöðlum, reglum og venjum sem notast var við í þessu ferli,

24. „áhættugögn“: gögn með það heilleikastig sem skilgreint er í a-lið liðar 3.2.8. í lið 3.2 í 3. kafla í 15. viðauka við Chicago-samninginn um alþjóðaflugmál (hér á eftir nefndur „Chicago-samningurinn“),

25. „mikilvæg gögn“ (e. *essential data*): gögn með það heilleikastig sem skilgreint er í b-lið liðar 3.2.8. í lið 3.2 í 3. kafla í 15. viðauka við Chicago-samninginn.

II. KAFLI

KRÖFUR UM REKSTRARSAMHÆFI OG AFKÖST

4. gr.

Gagnamengi

Aðilarnir, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., skulu veita flugmálagögn og flugmálaupplýsingar í samræmi við forskriftir gagnamengis sem lýst er í I. viðauka.

5. gr.

Gagnaskipti

1. Aðilarnir, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., skulu tryggja að flugmálagögnin og flugmálaupplýsingarnar, sem um getur í 2. undirgrein 1. mgr. 2. gr., verði flutt þeirra á milli með beinni rafrænni tengingu.

2. Veitendur flugleiðsöguþjónustu skulu tryggja að flugmálagögnin og flugmálaupplýsingarnar, sem um getur í 2. undirgrein 1. mgr. 2. gr., verði flutt þeirra á milli í samræmi við kröfurnar um gagnaskiptasnið sem mælt er fyrir um í II. viðauka.

3. Aðildarríkjum er heimilt að undanskilja stafrænar tilkynningar til flugmanna frá gagnaskiptasniðinu sem um getur í 2. mgr.

4. Veitendur upplýsingaþjónustu flugmála skulu tryggja að öll flugmálagögn og allar flugmálaupplýsingar, sem eru í flugupplýsingahandbókinni og í uppfærslum og viðbótum við hana, sem aðildarríki veitir, verði gerð aðgengileg næsta ætlaða notanda, a.m.k.:

a) í samræmi við kröfurnar um útgáfu sem er að finna í stöðlum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem um getur í 4. og 8. lið III. viðauka,

b) með þeim hætti að hægt sé að lesa innihald og snið skjala beint af tölvuskjá, og

c) í samræmi við kröfurnar um gagnaskiptasnið sem mælt er fyrir um í II. viðauka.

6. gr.

Gagnagæði

1. Aðildarríki skulu tryggja að veitendur flugleiðsöguþjónustu uppfylli kröfur um gagnagæði sem mælt er fyrir um A-hluta VI. viðauka.

2. Aðilarnir, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., skulu uppfylla kröfurnar um sönnunargögn, sem mælt er fyrir um í B-hluta IV. viðauka, þegar þeir veita flugmálagögn og/eða flugmálaupplýsingar.

3. Aðilarnir, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., skulu koma á formlegu samkomulagi, í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í C-hluta IV. viðauka, þegar þeir skiptast á flugmálagögnum og/eða flugmálaupplýsingum.

4. Aðilarnir, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., skulu uppfylla kröfurnar um gagnasköpun, sem mælt er fyrir um í D-hluta IV. viðauka, þegar þeir eru í hlutverki gagnaskapenda.

5. Veitendur upplýsingaþjónustu flugmála skulu tryggja að flugmálagögn og flugmálaupplýsingar, sem gagnaskapendur láta í té en ekki er getið um í 2. mgr. 2. gr., verði gerð aðgengileg næsta ætlaða notanda og skulu þau vera af þeim gæðum sem eru fullnægjandi fyrir fyrirhugaða notkun.

6. Ef þeir eru í hlutverki einingar, sem ber ábyrgð á opinberri beiðni um gagnasköpun, skulu aðilarnir sem um getur í 2. mgr. 2. gr. tryggja:

a) að gögnin verði búin til, þeim breytt eða eytt í samræmi við fyrirmæli þeirra,

b) án þess að það hafi áhrif á C-hluta IV. viðauka, að fyrirmæli þeirra um gagnasköpun innihaldi a.m.k.:

   i. ótvíræða lýsingu á þeim gögnum sem á að búa til, breyta eða eyða,

   ii. staðfestingu á hvaða eining á að fá gögnin,

   iii. dagsetningu og tíma sem veita ber gögnin fyrir,

   iv. snið skýrslu um gagnasköpun, sem sendandi skýrslunnar skal notast við.

7. Aðilarnir, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., skulu uppfylla kröfurnar í tengslum við gagnavinnsluferlið sem mælt er fyrir um í E-hluta IV. viðauka.

8. Aðilarnir, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., skulu tryggja að fyrirkomulagi varðandi villutilkynningar, svörun og leiðréttingar verði komið á og að því verði beitt í samræmi við F-hluta IV. viðauka.

7. gr.

Samræmi, tímanleiki og hæfni starfsfólks

1. Ef fleiri en eitt aðildarríki gera eftirrit af flugmálaupplýsingum í flugupplýsingahandbók sinni skulu veitendur upplýsingaþjónustu flugmála, sem bera ábyrgð á þessum flugmálahandbókum, koma á fyrirkomulagi til að tryggja samræmi á milli eftirritaðra upplýsinga.

2. Veitendur upplýsingaþjónustu flugmála skulu tryggja að flugmálagögnum og flugmálaupplýsingum, sem birtast í flugupplýsingahandbók aðildarríkis, fylgi athugasemdir til að tilgreina þá þætti sem ekki uppfylla kröfurnar um gagnagæði sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

3. Veitendur upplýsingaþjónustu flugmála skulu tryggja að nýjustu uppfærsluferlin, sem eiga við um uppfærslur og viðbætur við flugupplýsingahandbækur, séu gerð aðgengileg öllum.

4. Aðilarnir, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., skulu tryggja að starfsfólk þeirra sem ber ábyrgð á verkefnum í tengslum við veitingu flugmálagagna og flugmálaupplýsinga þekki til og beiti:

a) kröfum sem gilda um uppfærslur og viðbætur við flugupplýsingahandbók og tilkynningar til flugmanna, sem mælt er fyrir um í stöðlum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, sem um getur í 5., 6. og 7. lið III. viðauka,

b) þeim uppfærsluferlum, sem eiga við um útgáfu á uppfærslum og viðbótum við flugupplýsingahandbók sem um getur í a-lið þessarar málsgreinar, á þeim sviðum þar sem það veitir flugmálagögn og flugmálaupplýsingar.

5. Án þess að það hafi áhrif á reglugerð (EB) nr. 2096/2005 skulu aðilarnir, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., tryggja að starfsfólk þeirra, sem ber ábyrgð á verkefnum við veitingu flugmálagagna og flugmálaupplýsinga hafi hlotið fullnægjandi þjálfun, sé hæft og hafi heimild til þeirra starfa sem ætlast er til að það inni af hendi.

8. gr.

Kröfur um tæki og hugbúnað

Aðilarnir, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., skulu tryggja að tæki og hugbúnaður, sem notast er við til að styðja við sköpun, framleiðslu, geymslu, meðhöndlun, vinnslu og flutning flugmálagagna og/eða flugmálaupplýsinga, uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í V. viðauka.

9. gr.

Gagnavernd

1. Aðilarnir, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., skulu tryggja að flugmálagögn og flugmálaupplýsingar njóti verndar í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í VI. viðauka.

2. Aðilarnir, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., skulu tryggja að rekjanleika sé viðhaldið fyrir öll gagnaatriði meðan á gildistíma þeirra stendur og a.m.k. í 5 ár frá því að gildistímanum lýkur eða í 5 ár frá lokum gildistíma gagnaatriðis, sem er reiknað eða leitt út frá því, hvort sem er síðar.

III. KAFLI

KRÖFUR UM GÆÐA-, ÖRYGGIS- OG VERNDARSTJÓRNUN

10. gr.

Stjórnunarkröfur

1. Án þess að það hafi áhrif á reglugerð (EB) nr. 2096/2005 skulu aðilarnir, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., innleiða og viðhalda gæðastjórnunarkerfi sem nær yfir veitingu flugmálagagna þeirra og flugmálaupplýsinga, í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í A-hluta VII. viðauka.

2. Aðilarnir, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., skulu tryggja að í gæðastjórnunarkerfinu, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, séu skilgreindar verklagsreglur til að uppfylla markmið öryggisstjórnunar, sem mælt er fyrir um í B-hluta VII. viðauka, og markmið um verndarstjórnun sem mælt er fyrir um í C-hluta VII. viðauka.

3. Áður en gerðar eru breytingar á núverandi kerfum, sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. 2. gr., eða ný kerfi eru tekin í notkun skulu aðilarnir, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., tryggja að hlutaðeigandi aðilar framkvæmi öryggismat, þ.m.t. hættugreiningu, áhættumat og ráðstafanir til að draga úr áhættu.

4. Við öryggismat skulu kröfurnar, sem um getur í 7. gr. (3. mgr.), I. og II. viðauka og í IV. viðauka (1. og 2. lið A-hluta), teljast öryggiskröfur og skulu a.m.k. hafðar til hliðsjónar.

IV. KAFLI

SAMRÆMISMAT OG VIÐBÓTARKRÖFUR

11. gr.

Samræmi eða nothæfi kerfishluta

Áður en EB-yfirlýsingar um samræmi eða nothæfi, sem vísað er til í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 552/2004, eru gefnar út skulu framleiðendur kerfishluta kerfanna, sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. 2. gr. þessarar reglugerðar, eða viðurkenndir fulltrúar þeirra með staðfestu í Sambandinu, meta samræmi eða nothæfi þessara kerfishluta í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í VIII. viðauka.

12. gr.

Sannprófun á kerfum

1. Veitendur flugleiðsöguþjónustu, sem geta eða hafa sýnt fram á, að þeir uppfylli þau skilyrði sem mælt er fyrir um í IX. viðauka, skulu sannprófa kerfin, sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. 2. gr., í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í A-hluta X. viðauka.

2. Veitendur flugleiðsöguþjónustu, sem geta ekki sýnt fram á að þeir uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í IX. viðauka, skulu semja við tilkynntan aðila um að sannprófa kerfin sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. 2. gr. Þessi sannprófun skal framkvæmd í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í B-hluta IX. viðauka.

13. gr.

Viðbótarkröfur

Aðilarnir, sem um getur í b- og c-lið 2. mgr. 2. gr., skulu:

a) tryggja aðgangsheimild handa starfsfólki sínu sem ber ábyrgð á verkefnum við sköpun, framleiðslu, geymslu, meðhöndlun, vinnslu, flutning og dreifingu flugmálagagna og flugmálaupplýsinga, eftir því sem við á,

b) tryggja að starfsfólki þeirra, sem ber ábyrgð á verkefnum í tengslum við veitingu flugmálagagna og flugmálaupplýsinga, verði kynntar kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessar reglugerð, á tilhlýðilegan hátt,

c) þróa og viðhalda flugrekstrarhandbókum, sem innihalda nauðsynlegar leiðbeiningar og upplýsingar, til að gera því starfsfólki sem ber ábyrgð á verkefnum við veitingu flugmálagagna og flugmálaupplýsinga kleift að beita þessari reglugerð,

d) tryggja að handbækurnar, sem um getur í c-lið, séu aðgengilegar og uppfærðar og að uppfærslu og dreifingu þeirra sé stýrt á viðeigandi hátt að því er varðar gæði og gagnaútfærslu,

e) tryggja að vinnuaðferðirnar og verklagsreglurnar samrýmist þessari reglugerð.

V. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

14. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Aðildarríkjum, sem tilkynntu Alþjóðaflugmálastofnuninni, áður en reglugerð þessi tók gildi, um viðeigandi frávik í samræmi við 38. gr. Chicago-samningsins, er heimilt að viðhalda ákvæðum sínum um atriðin, sem skráð eru í XI. viðauka við þessa reglugerð, fram til 30. júní 2014.

2. Eigi síðar en 30. júlí 2017 skal flugmálagögnum og flugmálaupplýsingum, sem voru birt fyrir 1. júlí 2013 og sem hefur ekki verið breytt, breytt til samræmis við þessa reglugerð.

15. gr.

Gildistaka og beiting

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Henni skal beitt frá og með 1. júlí 2013.

2. Þrátt fyrir 2. undirgrein 1. mgr. gilda 4. gr. og 5. gr. (1., 2. og 3. mgr. og c-liður 4. mgr.) frá 1. júlí 2014.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. janúar 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

I. VIÐAUKI

FORSKRIFTIR FYRIR GAGNAMENGIÐ SEM UM GETUR Í 4. GR.

A-HLUTI

Samþættar flugmálaupplýsingar, kortlagning flugvalla og rafræn hindranagögn

1. Þau flugmálagögn og þær flugmálaupplýsingar sem um getur í a-, b- og d-lið í annarri undirgrein 1. mgr. 2. gr. skulu veitt í samræmi við sameiginlega forskrift um gagnamengi, sem skal:

   a) skráð annaðhvort:

      — með táknun UML-skilgreiningarmálsins (e. *unified modelling language*), sem tilgreint er í gögnum sem um getur í 13. lið III. viðauka, í formi skýringarmynda um flokka og tengdum skilgreiningum fyrir flokka (e. *classes*), eigindir (e. *attributes*), samtengingar (e. *associations*) og skrár gilda eða

      — með notkun fitjuskráar (e. *feature catalogue*), sem tilgreind er í samræmi við staðal Alþjóðlegu staðlasamtakanna sem um getur í 25. lið III. viðauka,

   b) skilgreina, í formi sérstakra gagnastaka, allar flugtengdar fitjur (e. *aeronautical feature*), sem birta á upplýsingar fyrir í samræmi við kröfur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, sem um getur í 10. lið III. viðauka, og skjal Evrópusamtaka um búnað í almenningsflugi (Eurocae) sem um getur í 24. lið í III. viðauka,

   c) láta í té fyrir hverja eigind skilgreiningu á leyfilegum gildum í formi gagnataga, gildisbils eða upptalningarlista,

   d) innihalda skilgreiningu á tímalíkani, sem miðast við alheimstíma, sem getur lýst öllum vistferli flugtengdra fitja:

      — frá þeim degi og þeim tíma sem þær verða til og að þeim degi og þeim tíma sem þær verða varanlega afturkallaðar,

      — þ.m.t. varanlegar breytingar sem skapa nýja grunnviðmiðun fyrir þá fitju,

   e) fela í sér skilgreiningu á þeim reglum sem kunna að takmarka möguleg gildi fyrir eiginleika fitju eða tímatengdar útfærslur á þeim gildum. Þetta skal a.m.k. ná yfir:

      — takmarkanir, sem gera kröfu um nákvæmni, upplausn og heilleika gagna um stöðu (lárétt og lóðrétt),

      — takmarkanir, sem gera kröfu um tímanleika gagnanna,

   f) nota nafnagiftir, sem venja er að nota fyrir fitjur, eigindir og samtengingar, þar sem forðast er að nota skammstafanir,

   g) byggja lýsingu á rúmfræðilegum þáttum (punkti, ferli, yfirborði) á ISO-staðlinum sem um getur í 14. lið III. viðauka,

   h) byggja lýsingu á lýsigagnaupplýsingum á ISO-staðlinum sem um getur í 15. lið III. viðauka,

   i) innihalda lýsigagnaliðina sem tilgreindir eru í C-hluta I. viðauka.

2. Að því er varðar ISO-staðlana telst viðkomandi vottun, sem gefin er út af stofnun sem hlotið hefur viðeigandi faggildingu, fullnægjandi úrræði til að uppfylla kröfurnar. Fari landsbundna eftirlitsyfirvaldið þess á leit skulu aðilarnir, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., samþykkja að yfirvaldið fái afhent gögn sem tengjast vottuninni.

B-HLUTI

Rafræn gagnamengi landslags

Rafrænu landslagsgögnin, sem um getur í c-lið annarrar undirgreinar 1. mgr. 2. gr., skulu:

a) veitt með stafrænum hætti, í samræmi við kröfur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem um getur í 9. og 12. lið III. viðauka,

b) innihalda lýsigagnaliðina sem tilgreindir eru í C-hluta I. viðauka.

C-HLUTI

Lýsigögn

Lýsigögnin fyrir forskriftir gagnamengja, sem skilgreind eru í A- og B-hluta, skulu að lágmarki innihalda eftirfarandi upplýsingar:

a) gagnaskaparann,

b) breytingar sem gerðar hafa verið á gögnunum,

c) einstaklinga og stofnanir sem hafa meðhöndlað gögnin og hvenær,

d) upplýsingar um allar fullgildingar og sannprófanir sem hafa verið gerðar á gögnunum,

e) dagsetningu og tíma sem gögnin tóku gildi,

f) fyrir staðgögn:

— viðmiðunarlíkan jarðar sem notast var við,

— hnitakerfið sem notað var,

g) fyrir töluleg gögn:

— tölfræðileg nákvæmni þeirrar tækni sem notuð var við mælingar eða útreikninga,

— upplausn,

— öryggisstigið sem gerð er krafa um í kröfum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem um getur í 1. og 12. lið III. viðauka og í öðrum viðeigandi kröfum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar,

h) upplýsingar um aðgerðir sem framkvæmdar voru ef gögn hafa farið í gegnum umskráningu eða ummyndun,

i) upplýsingar um allar takmarkanir á notkun gagnanna.

II. VIÐAUKI

KRÖFUR UM SNIÐ FYRIR SKIPTI Á FLUGMÁLAGÖGNUM SEM TILGREIND ERU Í 5. GR.

A-HLUTI

Samþættar flugmálaupplýsingar, kortlagning flugvalla og rafræn hindranagögn

1. Snið þeirra flugmálagagna og flugmálaupplýsinga sem um getur í a-, b- og d-lið í annarri undirgrein 1. mgr. 2. gr. skal vera í samræmi við sameiginlega forskrift sem skal:

   — nota forskriftina um stækkanlegt ívafsmál (XML), sem skilgreind er í ISO-staðlinum, sem um getur í 17. lið III. viðauka um gagnakóðun,

   — gefin upp í formi XML-gerðarlýsingar, til að setja fram viðskiptalegar reglur mætti auk þess nota *schematron*, eins og skilgreint er í ISO-staðlinum sem um getur í 19. lið III. viðauka,

   — auðvelda gagnaskipti bæði fyrir einstakar fitjur og fitjusöfn (e. *feature collection)*,

   — auðvelda skipti á grunnupplýsingum í kjölfar varanlegra breytinga,

   — byggð upp í samræmi við fitjur, eigindir og samtengingar, sem er að finna í skilgreiningu gagnamengis sem lýst er í A-hluta I. viðauka, reglur vegna kortlagningar skulu skjalfestar,

   — fylgja nákvæmlega upptalningarlistunum yfir gildi og gildisbil, sem skilgreind eru fyrir hverja eigind í gagnamenginu,

   — fara að forskrift um umbrotsmál fyrir landupplýsingar (GML), sem skilgreint er í tilvísuninni, sem um getur í 18. lið III. viðauka, um kóðun landfræðilegra upplýsinga.

2. Að því er varðar ISO-staðlana telst viðkomandi vottun, sem gefin er út af stofnun sem hlotið hefur viðeigandi faggildingu, fullnægjandi úrræði til að uppfylla kröfurnar. Fari landsbundna eftirlitsyfirvaldið þess á leit skulu aðilarnir, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., samþykkja að yfirvaldið fái afhent gögn sem tengjast vottuninni.

B-HLUTI

Rafræn landslagsgögn

1. Rafræn landslagsgögn, sem um getur í c-lið annarrar undirgreinar 1. mgr. 2. gr., skulu veitt á stöðluðu sniði, sem er í samræmi við ISO-staðlana sem um getur í 14. og 18. lið III. viðauka.

2. Að því er varðar ISO-staðlana telst viðkomandi vottun, sem gefin er út af stofnun sem hlotið hefur viðeigandi faggildingu, fullnægjandi úrræði til að uppfylla kröfurnar. Fari landsbundna eftirlitsyfirvaldið þess á leit skulu aðilarnir sem um getur í 2. mgr. 2. gr. samþykkja að yfirvaldið fái afhent gögn sem tengjast vottuninni.

III. VIÐAUKI

ÁKVÆÐI SEM UM GETUR Í GREINUM OG VIÐAUKUM

1. Liður 3.2 í 3. kafla (Gæðakerfi) í 15. viðauka við Chicago-samninginn — Upplýsingaþjónusta flugmála (12. útgáfa, júlí 2004 með breytingu nr. 34).

2. Liður 3.7.1 í 3. kafla (Lárétt viðmiðunarkerfi) í 15. viðauka við Chicago-samninginn — Upplýsingaþjónusta flugmála (12. útgáfa, júlí 2004 með breytingu nr. 34).

3. Liður 3.7.2 í 3. kafla (Lóðrétt viðmiðunarkerfi) í 15. viðauka við Chicago-samninginn — Upplýsingaþjónusta flugmála (12. útgáfa, júlí 2004 með breytingu nr. 34).

4. Ákvæði 4. kafla (Flugmálahandbók (AIP)) í 15. viðauka við Chicago-samninginn — Upplýsingaþjónusta flugmála (12. útgáfa, júlí 2004 með breytingu nr. 34).

5. Liður 4.3 í 4. kafla (Forskriftir fyrir uppfærslur við flugupplýsingahandbók) í 15. viðauka við Chicago-samninginn — Upplýsingaþjónusta flugmála (12. útgáfa, júlí 2004 með breytingu nr. 34).

6. Liður 4.4 í 4. kafla (Forskriftir fyrir viðbætur við flugupplýsingahandbók) í 15. viðauka við Chicago-samninginn — Upplýsingaþjónusta flugmála (12. útgáfa, júlí 2004 með breytingu nr. 34).

7. Ákvæði 5. kafla (Tilkynningar til flugmanna (NOTAM)) í 15. viðauka við Chicago-samninginn — Upplýsingaþjónusta flugmála (12. útgáfa, júlí 2004 með breytingu nr. 34).

8. Liður 6.2 í 6. kafla (Veiting upplýsinga á pappírsformi) í 15. viðauka við Chicago-samninginn — Upplýsingaþjónusta flugmála (12. útgáfa, júlí 2004 með breytingu nr. 34).

9. Liður 10.2 í 10. kafla (Þekjusvæði og tölulegar kröfur fyrir landslags- og hindranagögn) í 15. viðauka við Chicago-samninginn — Upplýsingaþjónusta flugmála (12. útgáfa, júlí 2004 með breytingu nr. 34).

10. Ákvæði 1. viðbætis (Innihald flugupplýsingahandbókar) í 15. viðauka við Chicago-samninginn — Upplýsingaþjónusta flugmála (12. útgáfa, júlí 2004 með breytingu nr. 34).

11. Ákvæði 7. viðbætis (Kröfur um gæði flugmálagagna) í 15. viðauka við Chicago-samninginn — Upplýsingaþjónusta flugmála (12. útgáfa, júlí 2004 með breytingu nr. 34).

12. Ákvæði 8. viðbætis (Kröfur sem varða landslags- og hindranagögn) í 15. viðauka við Chicago-samninginn — Upplýsingaþjónusta flugmála (12. útgáfa, júlí 2004 með breytingu nr. 34).

13. Forskriftir frá *Object Management Group* (OMG) fyrir UML-skilgreiningarmálið, útgáfa 2.1.1.

14. Alþjóðlegu staðlasamtökin, ISO-staðall 19107:2003 — Geographic information — Spatial schema (1. útgáfa — 8.5.2003).

15. Alþjóðlegu staðlasamtökin, ISO-staðall 19115:2003 — Geographic information — Metadata (1. útgáfa — 8.5.2003 [leiðrétting Cor 1:2006 5.7.2006]).

16. Alþjóðlegu staðlasamtökin, ISO-staðall 19139:2007 — Geographic information — Metadata — XML schema implementation (1. útgáfa — 17.4.2007).

17. Alþjóðlegu staðlasamtökin, ISO-staðall 19118:2005 — Geographic information — Encoding (1. útgáfa — 17.3.2006 ISO/CD 19118 2. útgáfa — 9.7.2007 [á nefndarstigi]).

18. Alþjóðlegu staðlasamtökin, ISO-staðall 19136:2007 — Geographic information — Geography Mark-up Language (GML) (1. útgáfa — 23.8.2007).

19. Alþjóðlegu staðlasamtökin, ISO/IEC-staðall 19757-3:2006 — Information technology — Document Schema Definition Languages (DSDL) — Part 3: Rule-based validation — Schematron (1. útgáfa — 24.5.2006).

20. Skjal Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 9674-AN/946 — Handbók um Alþjóðalandmælingakerfið — 1984 (e. *World Geodetic System*) (2. útgáfa — 2002).

21. Liður 7.3.2 í 7. kafla (Reiknirit fyrir lotubundna viðaukaprófun (CRC)) í skjali Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 9674-AN/946 — Handbók um Alþjóðalandmælingakerfið — 1984 (WGS-84) (2. útgáfa — 2002).

22. Alþjóðlegu staðlasamtökin, ISO/IEC-staðall 17799:2005 — Upplýsingatækni — Öryggistækni — Starfsvenjur fyrir stjórnun upplýsingaöryggis (2. útgáfa — 10.6.2005).

23. Alþjóðlegu staðlasamtökin, ISO-staðall 28000:2007: Specification for security management systems for the supply chain (1. útgáfa — 21.9.2007, sætir endurskoðun, verður skipt út fyrir 2. útgáfu sem áætlað er að verði tilbúin 31.1.2008 [á rannsóknarstigi]).

24. Eurocae, ED-99, Kröfur notenda um upplýsingar í tengslum við kortlagningu flugvalla (e. *User Requirements for Aerodrome Mapping Information*) (október 2005).

25. Alþjóðlegu staðlasamtökin, ISO-staðall 19110:2005 — Geographic information — Methodology for feature cataloguing (1. útgáfa).

IV. VIÐAUKI

KRÖFUR UM GAGNAGÆÐI SEM UM GETUR Í 6. OG 7. GR.

A-HLUTI

Kröfur um gagnagæði

1. Kröfur um gagnagæði fyrir sérhvert gagnaatriði sem fellur innan gildissviðs flugmálagagna og flugmálaupplýsinga, sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 2. gr., skulu vera eins og þær eru skilgreindar í kröfum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem um getur í 11. lið III. viðauka og öðrum viðeigandi kröfum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, sbr. þó 2. lið þessa viðauka.

2. Til grundvallar kröfum um gagnagæði vegna gagnaatriðis, sem fellur innan gildissviðs flugmálagagna, og flugmálaupplýsinga, sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 2. gr., skal vera öryggismat á fyrirhugaðri notkun gagnaatriðisins:

   a) ef gagnaatriði er hvorki skilgreint í kröfum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um gagnagæði, sem um getur í 11. lið III. viðauka, né öðrum viðeigandi kröfum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar eða

   b) ef kröfur um gagnagæði vegna gagnaatriðis uppfylla hvorki kröfur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um gæði gagna, sem um getur í 11. lið III. viðauka, né aðrar viðeigandi kröfur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

3. Kröfur um gagnagæði vegna gagnaatriðanna, sem um getur í 2. lið, skulu þróaðar í samræmi við staðlað ferli þar sem lýst er þeirri aðferðafræði sem notuð er fyrir afleiðslu og fullgildingu þessara krafna fyrir birtingu, að teknu tilhlýðilegu tilliti til hugsanlegra áhrifa á viðeigandi ákvæði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

4. Ef gagnaatriði hefur fleiri en eina fyrirhugaða notkun skulu aðeins ströngustu kröfur um gagnagæði, sem verða til vegna öryggismatsins sem um getur í 2. lið, gilda um það.

5. Skilgreina skal kröfur um gagnagæði þannig að þær nái yfir eftirfarandi fyrir öll gagnaatriði innan gildissviðs flugmálagagna og flugmálaupplýsinga sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 2. gr.:

   a) nákvæmni og upplausn gagnanna,

   b) heilleikastig gagnanna,

   c) geta til að ákvarða uppruna gagna,

   d) áreiðanleiki fyrir því að gögn séu aðgengileg næsta ætlaða notanda fyrir þann dag og tíma sem gögnin eiga að taka gildi og þeim ekki eytt fyrr en eftir þann dag/tíma sem þau falla úr gildi.

6. Skilgreina ber öll gagnaatriði sem nauðsynleg eru til að styðja sérhvert gagnamengi og/eða gilt undirmengi gagnamengis.

B-HLUTI

Kröfur um sönnunargögn

Setja skal fram röksemdir og sannanir til að sýna fram á:

a) að kröfur um nákvæmni og upplausn séu uppfylltar við gagnasköpun og þeim viðhaldið þar til næsti ætlaði notandi fær þau til ráðstöfunar, þ.m.t. þegar upplausn gagnaatriðis hefur verið minnkuð eða henni breytt, eða þegar gögn eru flutt yfir í annað hnitakerfi eða aðra mælieiningu,

b) að uppruni og breytingarsaga hvers gagnaatriðis séu skráð og að þær upplýsingar séu tiltækar vegna úttektar,

c) að flugmálagögn eða flugmálaupplýsingar séu tæmandi eða að gerð sé grein fyrir upplýsingum sem vantar,

d) að öll ferli í tengslum við sköpun, framleiðslu, geymslu, meðhöndlun, vinnslu, flutning eða vinnslu gagna, sem notuð eru fyrir sérhvert gagnaatriði, séu skilgreind og fullnægjandi fyrir viðeigandi heilleikastig gagnaatriðisins,

e) að fullgildingar- og sannprófunarferli gagna séu fullnægjandi fyrir viðeigandi heilleikastig gagnaatriðisins,

f) að handvirk eða hálfvélræn gagnavinnsluferli séu framkvæmd af starfsfólki sem hefur viðeigandi þjálfun og menntun og hefur fengið skýrt skilgreind hlutverk og ábyrgð í gæðakerfi stofnunarinnar,

g) að öll tæki og/eða hugbúnaður, sem notaður er til stuðnings eða framkvæmdar ferlanna, séu fullgild með tilliti til fyrirhugaðrar notkunar í samræmi við V. viðauka,

h) að skilvirkt ferli fyrir villutilkynningar, mælingar og aðgerðir til úrbóta sé notað í samræmi við F-hluta.

C-HLUTI

Formlegt fyrirkomulag

Formlegt fyrirkomulag skal a.m.k. fela í sér eftirfarandi:

a) umfang þeirra flugmálagagna og flugmálaupplýsinga sem veita skal,

b) kröfur um nákvæmni, upplausn og heilleika fyrir sérhvert gagnaatriði sem veitt er,

c) þær aðferðir sem nauðsynlegar eru til að sýna fram á að þau gögn sem veitt eru séu í samræmi við sértækar kröfur,

d) eðli þeirra aðgerða sem grípa skal til ef skekkju eða ósamræmis verður vart í gögnum sem veitt hafa verið,

e) tilkynningar um breytingar á gögnum á grundvelli eftirfarandi lágmarksviðmiðana:

— viðmiðanir til að ákvarða að gögnin hafi verið veitt tímanlega á grundvelli mikilvægi breytinganna, með tilliti til starfrækslu eða öryggis,

— allar fyrirframtilkynningar um fyrirhugaðar breytingar,

— leiðir sem notaðar eru til að senda tilkynningar,

f) þann aðila sem ber ábyrgð á að skrá breytingar á gögnum,

g) leiðir til að leysa hugsanlega tvíræðni sem verður til þegar mismunandi snið eru notuð fyrir skipti á flugmálagögnum og flugmálaupplýsingum,

h) allar takmarkanir á notkun gagna,

i) kröfur um að gagnaveitendur semji gæðaskýrslur til að auðvelda notendum gagna að sannprófa gæði gagnanna,

j) kröfur um lýsigögn,

k) kröfur vegna viðbúnaðar í tengslum við samfelldni í veitingu gagna.

D-HLUTI

Sköpun gagna

1. Mælingar á leiðsöguvirkjum og sköpun útreiknaðra eða afleiddra gagna, sem hafa hnit sín birt í flugupplýsingahandbókinni, skulu fara fram í samræmi við viðeigandi staðla og a.m.k. í samræmi við viðeigandi ákvæði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem um getur í 20. lið III. viðauka.

2. Öll landmælingagögn skulu vísa til WGS-84 eins og tilgreint er í ákvæðum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem um getur í 2. lið III. viðauka.

3. Nota skal jarðsporvölulíkan (e. *geoid model*), sem uppfyllir ákvæði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem um getur í 3. lið III. viðauka, og kröfur um gæði flugmálagagna og flugmálaupplýsinga, sem um getur í IV. viðauka, þannig að gefa megi upp öll lóðrétt gögn (mæld, útreiknuð eða afleidd) miðað við meðalhæð sjávar í samræmi við líkan af þyngdarsviði jarðar 1996 (e. *Earth Gravitational Model,* EGM96). „Jarðsporvala“: jafnmættisflötur í þyngdarsviði jarðar sem fellur saman við ótruflað meðalsjávarmál (MSL) og samfellda framlengingu þess gegnum meginlöndin.

4. Landmælingagögnum, útreiknuðum gögnum og afleiddum gögnum skal viðhaldið á endingartíma hvers gagnaatriðis.

5. Mælingagögn, sem flokkuð eru ýmist sem áhættugögn eða mikilvæg gögn, skulu sæta fullri frumskoðun og að henni lokinni sæta a.m.k. árlegu eftirliti vegna breytinga. Ef breytinga verður vart skulu mælingar framkvæmdar aftur fyrir viðeigandi gögn.

6. Beita skal eftirfarandi rafrænum aðferðum við söfnun og geymslu mælingagagna:

a) hnitum fyrir viðmiðunarpunkta skal hlaðið inn í landmælingabúnaðinn með stafrænum gagnaflutningi,

b) mælingarnar á svæðinu skulu vistaðar stafrænt,

c) óunnin gögn skulu flutt stafrænt og þeim hlaðið inn í gagnavinnsluforritið.

7. Öll mælingagögn, sem flokkuð eru sem áhættugögn, skulu sæta viðbótarmælingu sem er fullnægjandi til að greina mælingafrávik sem ekki greinast við eina mælingu.

8. Flugmálagögn og flugmálaupplýsingar skulu fullgilt og sannprófuð áður en þau eru notuð sem grundvöllur við að leiða af eða reikna út önnur gögn.

E-HLUTI

Kröfur um vinnsluferli gagna

1. Ef ferli, eða hlutar ferla, sem eru notuð við sköpun, framleiðslu, geymslu, meðhöndlun, vinnslu, flutning og dreifingu flugmálagagna eða flugmálaupplýsinga, eru gerð sjálfvirk skulu þau:

   a) vera sjálfvirk að því marki sem samsvarar bakgrunni gagnaferlisins,

   b) vera sjálfvirk til að hámarka úthlutun og samskipti manns og vélar til að ná háu öryggisstigi og gæðaávinningi sem hlýst af ferlinu,

   c) hönnuð til að koma í veg fyrir villur í gögnum,

   d) hönnuð til að greina villur í mótteknum gögnum/ílagsgögnum.

2. Ef flugmálagögn og flugmálaupplýsingar eru færð inn handvirkt skulu þau háð óháðri sannprófun þannig að hægt sé að greina aðrar villur sem í þeim kunna að vera.

F-HLUTI

Kröfur sem varða villutilkynningar og -leiðréttingar

Fyrirkomulagið sem varðar villutilkynningar, mælingar og aðgerðir til úrbóta skal tryggja:

a) að vandamál, sem koma í ljós við sköpun, framleiðslu, geymslu, meðhöndlun og vinnslu flugmálagagna og flugmálaupplýsinga, eða þau sem notendur greina eftir birtingu, verði skráð og skýrsla gefin um þau til veitanda upplýsingaþjónustu flugmála,

b) að veitandi upplýsingaþjónustu flugmála greini öll vandamál sem varða flugmálagögn og flugmálaupplýsingar og að nauðsynlegar aðgerðir til úrbóta verði ákvarðaðar,

c) að allar villur verði leiðréttar og ráðin verði bót á ósamræmi og frávikum sem greinast í flugmálagögnum og flugmálaupplýsingum sem tengjast áhættu og mikilvægum flugmálagögnum og flugmálaupplýsingum, með skjótum hætti,

d) að veitandi upplýsingaþjónustu flugmála geri hlutaðeigandi gagnanotendum viðvart um villur á eins skilvirkan hátt og unnt er, með tilliti til heilleikastigs flugmálagagnanna og flugmálaupplýsinganna og með því að nota þær viðmiðanir fyrir tilkynningar sem samþykktar eru í formlegu fyrirkomulagi í samræmi við d-lið í C-hluta IV. viðauka,

e) að greitt sé fyrir og hvatt til þess að gagnanotendur og aðrir veitendur flugmálagagna og flugmálaupplýsinga tilkynni um villur,

f) að villutíðni fyrir flugmálagögn og flugmálaupplýsingar sé skráð í hvert sinn sem flugmálagögn eða flugmálaupplýsingar eru fluttar á milli aðilanna sem um getur í 2. mgr. 2. gr.,

g) að hægt sé að tilgreina með aðskildum hætti villutíðni fyrir villur sem greinast fyrir flutning og villur sem tilkynnt er um eftir flutning.

V. VIÐAUKI

KRÖFUR UM TÆKI OG HUGBÚNAÐ SEM UM GETUR Í 8. GR.

1. Tæki, sem notuð eru til að styðja flugmálagögn og flugmálaupplýsingar eða til að gera gögnin eða upplýsingarnar sjálfvirkar, skulu uppfylla kröfurnar í 2. og 3. lið, ef tækin:

   — geta mögulega valdið villum í gagnaatriðum áhættugagna eða mikilvægra gagna,

   — eru eina leiðin til að greina villur í gagnaatriðum áhættugagna eða mikilvægra gagna,

   — eru eina leiðin til að greina misræmi á milli mismunandi útgáfna gagna sem færð hafa verið inn handvirkt.

2. Kröfur skulu skilgreindar fyrir tækin, sem um getur í 1. lið, varðandi afköst, virkni og heilleikastig þeirra til að tryggja að tækið gegni hlutverki sínu innan gagnaferlisins án þess að það hafi neikvæð áhrif á gæði flugmálagagna eða flugmálaupplýsinga.

3. Tækin, sem um getur í 1. lið, skulu fullgilt og sannprófuð með tilliti til krafnanna sem um getur í 2. lið.

4. Tækin, sem um getur í 1. lið, sem eru að hluta til eða öllu leyti hluti af hugbúnaði, skulu uppfylla eftirfarandi viðbótarkröfur:

   — í kröfum um hugbúnað skal koma greinilega fram hvað hugbúnaðurinn þarf að uppfylla til að hann teljist fullnægja kröfunum um tæki,

   — allar kröfur um hugbúnað skal vera hægt að rekja til krafna um tæki sem um getur í 2. lið,

   — fullgilding og sannprófun hugbúnaðar, eins og það er hvort um sig skilgreint í 5. og 6. gr., skal nota á þekkta, nothæfa útgáfu af hugbúnaðinum í fyrirhuguðu starfsumhverfi hugbúnaðarins.

5. Með fullgildingu hugbúnaðar er átt við ferlið við að tryggja að hugbúnaðurinn uppfylli kröfur fyrir tilgreindan tilgang eða fyrirhugaða notkun flugmálagagnanna eða -upplýsinganna.

6. Með sannprófun á hugbúnaði er átt við mat á þeim niðurstöðum úr þróunarferli hugbúnaðar fyrir flugmálagögn og/eða flugmálaupplýsingar til að tryggja að þau séu rétt og samrýmist þeim ílagsgögnum og viðeigandi stöðlum, reglum og venjum er varða hugbúnað sem notast var við í þessu ferli.

VI. VIÐAUKI

KRÖFUR UM GAGNAVERND SEM UM GETUR Í 9. GR.

1. Öll gögn, sem flutt eru á rafrænu formi, skulu varin gegn tapi og breytingum á gögnum með því að nota CRC32Q-reikniritið, eins og um getur í 21. lið III. viðauka. Nota skal gildið fyrir lotubundna viðaukaprófun (hér á eftir nefnt CRC-gildi) áður en lokasannprófun á gögnunum á sér stað fyrir geymslu eða flutning.

2. Nota skal mörg CRC-gildi ef efnislegt umfang gagna er meira en svo að hægt sé að vernda þau með einu CRC-gildi á því heilleikastigi sem til er ætlast.

3. Flugmálagögn og flugmálaupplýsingar skulu njóta viðeigandi verndar meðan á geymslu þeirra stendur og þegar þau eru flutt á milli aðilanna, sem um getur í 2. mgr. 2.gr., til að tryggja að ekki sé hægt að breyta gögnunum óvart og að enginn fái aðgang að gögnunum án heimildar og/eða að gerðar séu óheimilar breytingar á þeim á hvaða stigi sem er.

4. Vernda skal geymslu og flutning flugmálagagna og flugmálaupplýsinga með viðeigandi vottunarferli þannig að viðtakendur geti fengið það staðfest að gögnin eða upplýsingarnar hafi verið fluttar frá viðurkenndri heimild.

VII. VIÐAUKI

KRÖFUR UM GÆÐA-, ÖRYGGIS- OG VERNDARSTJÓRNUN SEM UM GETUR Í 10. GR.

A-HLUTI

Gæðastjórnunarkerfi

1. Gæðastjórnunarkerfi, sem styður við sköpun, framleiðslu, geymslu, meðhöndlun, vinnslu, flutning og dreifingu flugmálagagna og flugmálaupplýsinga, skal:

   — skilgreina gæðastefnuna þannig að hún uppfylli þarfir mismunandi notenda eins vel og kostur er,

   — koma á gæðatryggingaráætlun sem felur í sér aðferðir til að sannreyna að öll starfsemi fari fram í samræmi við gildandi kröfur, staðla og verklagsreglur, þ.m.t. viðeigandi kröfur þessarar reglugerðar,

   — leggja fram gögn um að gæðakerfið starfi rétt, þ.e. handbækur og eftirlitsskjöl,

   — tilnefna fulltrúa stjórnenda til að fylgjast með því að kröfurnar séu uppfylltar og að verklagsreglur séu fullnægjandi til að tryggja öruggar og skilvirkar rekstrarvenjur,

   — láta fara fram úttektir á því gæðakerfi sem komið hefur verið á og gera úrbætur, eftir því sem við á.

2. EN-ISO-9001 vottun, sem gefin er út af stofnun sem hlotið hefur viðeigandi faggildingu, skal teljast fullnægjandi úrræði til að uppfylla kröfurnar í 1. lið. Fari landsbundna eftirlitsyfirvaldið þess á leit skulu aðilarnir, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., samþykkja að yfirvaldið fái afhent gögn sem tengjast vottuninni.

B-HLUTI

Markmið öryggisstjórnunar

1. Markmið öryggisstjórnunar skulu vera:

   — að draga, eftir því sem framast er unnt, úr hættunni á flugslysi sem rekja má til villna í gögnum,

   — að stuðla að öryggisvitund innan stofnunarinnar með því að deila lærdómi sem hlýst af öryggisaðgerðum og með því að hvetja allt starfsfólk til að gera tillögur að því hvernig leysa megi öryggisvandamál sem búið er að greina og tillögur að úrbótum til að stuðla að árangri og skilvirkni ferlisins,

   — að tryggja að innan stofnunarinnar sé tilgreind eining sem ber ábyrgð á að þróa og viðhalda markmiðum öryggisstjórnunar,

   — að tryggja að skrám sé haldið við og að vöktun fari fram til að veita fullvissu um öryggi í tengslum við starfsemina,

   — að tryggja að mælt sé með úrbótum, þar sem þeirra er þörf, til að veita fullvissu um öryggi í tengslum við starfsemina.

2. Uppfylling markmiða öryggisstjórnunar skal hafa algeran forgang fram yfir þrýsting af viðskiptalegum, rekstrarlegum, umhverfislegum eða samfélagslegum toga.

C-HLUTI

Markmið verndarstjórnunar

1. Markmið verndarstjórnunar skulu vera:

   — að tryggja vernd flugmálagagna og flugmálaupplýsinga, sem tekið er á móti, tekin eru saman eða notuð með öðrum hætti, til að verja þau gegn gagnaröskun og að aðgangur að þeim takmarkist við þá sem hafa til þess heimild,

   — að tryggja að verndarstjórnunarráðstafanir stofnunar uppfylli viðeigandi landsbundnar eða alþjóðlegar kröfur sem gilda um mikilvæga innviði og samfellu í viðskiptum, sem og alþjóðlega staðla um verndarstjórnun, þ.m.t. ISO-staðlana sem um getur í 22. og 23. lið í III. viðauka.

2. Að því er varðar ISO-staðlana telst viðkomandi vottun, sem gefin er út af stofnun sem hlotið hefur viðeigandi faggildingu, fullnægjandi úrræði til að uppfylla kröfurnar. Fari landsbundna eftirlitsyfirvaldið þess á leit skulu aðilarnir, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., samþykkja að yfirvaldið fái afhent gögn sem tengjast vottuninni.

VIII. VIÐAUKI

Kröfur vegna mats á samræmi eða nothæfi kerfishluta sem um getur í 11. gr.

1. Í sannprófuninni skal sýna fram á að kerfishlutarnir uppfylli kröfur um rekstrarsamhæfi, afköst, gæði og öryggi þessarar reglugerðar eða nothæfi þeirra meðan þeir eru starfræktir í prófunarumhverfi.

2. Framleiðandinn, eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í Sambandinu, skal sjá um starfsemi á sviði samræmismatsins og skal einkum:

   — ákvarða viðeigandi prófunarumhverfi,

   — staðfesta að í prófunaráætluninni sé kerfishlutunum lýst í prófunarumhverfinu,

   — staðfesta að prófunaráætlunin nái yfir allar viðeigandi kröfur,

   — tryggja samræmi milli tæknigagnanna og prófunaráætlunarinnar og gæði þeirra,

   — skipuleggja fyrirkomulag prófunarinnar og starfsmannaúrræði í tengslum við hana ásamt uppsetningu og útfærslu prófunarverkvangsins,

   — annast skoðanir og prófanir eins og tilgreint er í prófunaráætluninni,

   — skrifa skýrslu þar sem niðurstöður skoðana og prófana eru settar fram.

3. Framleiðandi, eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í Sambandinu, skal tryggja að kerfishlutarnir, sem eru samþættir prófunarumhverfinu og koma að sköpun, framleiðslu, geymslu, meðhöndlun, vinnslu, flutningi og dreifingu á flugmálagögnum og flugmálaupplýsingum, uppfylli kröfur þessarar reglugerðar um rekstrarsamhæfi, afköst, gæði og öryggi.

4. Þegar sannprófun á samræmi eða nothæfi kerfishluta er lokið á fullnægjandi hátt skal framleiðandinn, eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í Sambandinu, á eigin ábyrgð, gefa út EB-yfirlýsingu um samræmi eða nothæfi kerfishlutanna og tilgreina gildandi kröfur í þessari reglugerð sem þeir uppfylla ásamt tilheyrandi notkunarskilyrðum í samræmi við 3. lið í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 552/2004.

IX. VIÐAUKI

SKILYRÐI SEM UM GETUR Í 12. GR.

1. Veitandi flugleiðsöguþjónustu verður að nota skýrslugjafaraðferðir innan fyrirtækisins sem tryggja og sýna fram á óhlutdrægni og sjálfstætt mat í tengslum við sannprófunarstörfin.

2. Veitandi flugleiðsöguþjónustu verður að tryggja að starfsfólkið, sem tekur þátt í sannprófunarferlunum, annist skoðanir í hvívetna af tæknilegri færni og faglegri ráðvendni og sé óháð öllum áhrifum og þrýstingi, einkum af efnahagslegum toga, sem gæti haft áhrif á mat þess eða niðurstöður skoðana, sérstaklega frá einstaklingum eða hópum einstaklinga sem niðurstöður skoðana hafa áhrif á.

3. Veitandi flugleiðsöguþjónustu verður að tryggja að starfsfólkið, sem tekur þátt í sannprófunarferlunum, hafi aðgang að þeim búnaði sem gerir því kleift að framkvæma nauðsynlegar skoðanir.

4. Veitandi flugleiðsöguþjónustu verður að tryggja að starfsfólkið, sem tekur þátt í sannprófunarferlunum, hafi trausta tækni- og starfsþjálfun, næga þekkingu á kröfunum, sem gerðar eru við skoðanir sem það framkvæmir, næga reynslu af slíkum aðgerðum og tilskilda kunnáttu til að útbúa yfirlýsingar, skrár og skýrslur til að sýna fram á að þessar sannprófanir hafi farið fram.

5. Veitandi flugleiðsöguþjónustu verður að tryggja að starfsfólkið, sem tekur þátt í sannprófunarferlunum, geti framkvæmt skoðanirnar af óhlutdrægni. Laun þess mega hvorki vera háð fjölda skoðana, sem framkvæmdar eru, né niðurstöðum þeirra.

X. VIÐAUKI

A-HLUTI

Kröfur fyrir sannprófun kerfa sem um getur í 1. mgr. 12. gr.

1. Sannprófun kerfa, sem tilgreind eru í fyrstu undirgrein 1. mgr. 2. gr., skal sýna fram á að þessi kerfi séu í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar um rekstrarsamhæfi, afköst og öryggi í matsumhverfi sem endurspeglar hið raunverulega rekstrarumhverfi þessara kerfa.

2. Sannprófun kerfa, sem tilgreind eru í fyrstu undirgrein 1. mgr. 2. gr., skal fara fram í samræmi við viðeigandi og viðurkenndar prófunaraðferðir.

3. Prófunartækin fyrir sannprófun kerfa, sem tilgreind eru í fyrstu undirgrein 1. mgr. 2. gr., skulu hafa viðeigandi virkni.

4. Sannprófun kerfa, sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. 2. gr., skal hafa í för með sér að tækniskjalið innihaldi þætti, sem krafist er í 3. lið IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 552/2004, ásamt eftirfarandi:

   — lýsingu á framkvæmd,

   — skýrslu um skoðanir og prófanir sem búið var að framkvæma áður en kerfið var tekið í notkun.

5. Veitandi flugleiðsöguþjónustu skal sjá um sannprófunarstörfin og skal einkum:

   — ákvarða viðeigandi hermun rekstrar- og tækniumhverfis sem endurspeglar hið raunverulega rekstrarumhverfi,

   — staðfesta að prófunaráætlunin lýsi samþættingu kerfa, sem tilgreind eru í fyrstu undirgrein 1. mgr. 2. gr., í rekstrarlegu og tæknilegu matsumhverfi,

   — staðfesta að prófunaráætlunin nái yfir allar kröfur þessarar reglugerðar um viðeigandi rekstrarsamhæfi, afköst og öryggi,

   — tryggja samræmi milli tæknigagnanna og prófunaráætlunarinnar og gæði þeirra,

   — skipuleggja fyrirkomulag prófunarinnar og starfsmannaúrræði í tengslum við hana ásamt uppsetningu og útfærslu prófunarverkvangsins,

   — annast skoðanir og prófanir eins og tilgreint er í prófunaráætluninni,

   — skrifa skýrslu þar sem niðurstöður skoðana og prófana eru settar fram.

6. Veitandi flugleiðsöguþjónustu skal sjá til þess að kerfin, sem tilgreind eru í fyrstu undirgrein 1. mgr. 2. gr., og hann ber ábyrgð á, uppfylli kröfur þessarar reglugerðar um rekstrarsamhæfi, afköst og öryggi.

7. Þegar sannprófun á samræmi er lokið á fullnægjandi hátt skulu veitendur flugleiðsöguþjónustu útbúa EB-yfirlýsingu um sannprófun kerfa og leggja hana fyrir landsbundna eftirlitsyfirvaldið ásamt tækniskjölum, eins og krafist er í 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 552/2004.

B-HLUTI

Kröfur fyrir sannprófun kerfa sem um getur í 2. mgr. 12. gr.

1. Sannprófun kerfa, sem tilgreind eru í fyrstu undirgrein 1. mgr. 2. gr., skal sýna fram á að þessi kerfi séu í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar um rekstrarsamhæfi, afköst og öryggi í matsumhverfi sem endurspeglar hið raunverulega rekstrarumhverfi þessara kerfa.

2. Sannprófun kerfa, sem tilgreind eru í fyrstu undirgrein 1. mgr. 2. gr., skal fara fram í samræmi við viðeigandi og viðurkenndar prófunaraðferðir.

3. Prófunartækin fyrir sannprófun kerfa, sem tilgreind eru í fyrstu undirgrein 1. mgr. 2. gr., skulu hafa viðeigandi virkni.

4. Sannprófun kerfa, sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. 2. gr., skal hafa í för með sér að tækniskjalið innihaldi þætti, sem krafist er í 3. lið IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 552/2004, ásamt eftirfarandi:

   — lýsingu á framkvæmd,

   — skýrslu um skoðanir og prófanir sem búið var að framkvæma áður en kerfið var tekið í notkun.

5. Veitandi flugleiðsöguþjónustu skal ákvarða viðeigandi rekstrarlegt og tæknilegt matsumhverfi sem endurspeglar hið raunverulega rekstrarumhverfi og skal láta tilkynntan aðila sjá um sannprófunarstörfin.

6. Tilkynntur aðili skal sjá um sannprófunarstörfin og skal einkum:

   — staðfesta að prófunaráætlunin lýsi samþættingu kerfa, sem tilgreind eru í fyrstu undirgrein 1. mgr. 2. gr., í rekstrarlegu og tæknilegu matsumhverfi,

   — staðfesta að prófunaráætlunin nái yfir allar kröfur þessarar reglugerðar um viðeigandi rekstrarsamhæfi, afköst og öryggi,

   — tryggja samræmi milli tæknigagnanna og prófunaráætlunarinnar og gæði þeirra,

   — skipuleggja fyrirkomulag prófunarinnar og starfsmannaúrræði í tengslum við hana ásamt uppsetningu og útfærslu prófunarverkvangsins,

   — annast skoðanir og prófanir eins og tilgreint er í prófunaráætluninni,

   — skrifa skýrslu þar sem niðurstöður skoðana og prófana eru settar fram.

7. Tilkynnti aðilinn skal sjá til þess að kerfin, sem tilgreind eru í fyrstu undirgrein 1. mgr. 2. gr. og sem starfrækt eru í rekstrarlegu matsumhverfi, uppfylli kröfur þessarar reglugerðar um rekstrarsamhæfi, afköst og öryggi.

8. Þegar sannprófunarverkefnunum er lokið á fullnægjandi hátt skal tilkynntur aðili gefa út samræmisvottorð í tengslum við þau verkefni sem hann framkvæmdi.

9. Veitandi flugleiðsöguþjónustu skal síðan útbúa EB-yfirlýsingu um sannprófun kerfa og leggja hana fyrir landsbundna eftirlitsyfirvaldið, ásamt tækniskjölum, eins og krafist er í 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 552/2004.

XI. VIÐAUKI

FRÁVIK ALÞJÓÐAFLUGMÁLASTOFNUNARINNAR SEM UM GETUR Í 14. GR.

Liður 3.2.10 í 3. kafla (Lotubundin viðaukaprófun) í 15. viðauka við Chicago-samninginn — Upplýsingaþjónusta flugmála.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1029/2014

2015/EES/63/72

frá 26. september 2014

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 73/2010 um kröfur um gæði flugmálagagna og flugmálaupplýsinga fyrir samevrópska loftrýmið (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 frá 10. mars 2004 um rekstrarsamhæfi evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar (rekstrarsamhæfisreglugerðin)([1]), einkum 5. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í ákvæðum 13. mgr. 3. gr., 5. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 10. gr. í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 73/2010([2]) er vísað til reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2096/2005([3]), sem var felld úr gildi með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1035/2011([4]). Því ætti að uppfæra tilvísanir til reglugerðar (EB) nr. 2096/2006 í reglugerð (EB) nr. 73/2010 þannig að í staðinn sé vísað til framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1035/2011.

2) Í III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 73/2010 er vísað til staðla sem Alþjóðlegu staðlasamtökin (ISO) mæla fyrir um. Síðan reglugerð (ESB) nr. 73/2010 var samþykkt hafa Alþjóðlegu staðlasamtökin þó endurskoðað og breytt númerum sumra þessara staðla. Því ætti að uppfæra tilvísanir til viðeigandi ISO-staðla í reglugerð (ESB) nr. 73/2010 til að tryggja samræmi við nýjustu númeraröð og útgáfu þessara staðla.

3) Í I., III. og XI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 73/2010 er vísað til ýmissa skilgreininga og ákvæða, sem mælt er fyrir um í 15. viðauka við Chicago-samninginn um alþjóðlegt almenningsflug (Chicago-samningurinn), nánar tiltekið í 12. útgáfu samningsins frá júlí 2004, með breytingu nr. 34. Síðan reglugerð (ESB) nr. 73/2010 var samþykkt hefur Alþjóðaflugmálastofnunin breytt mörgum skilgreiningum og ákvæðum og að einhverju leyti uppbyggingu 15. viðauka við Chicago-samninginn, nú síðast í 14. útgáfu samningsins frá júlí 2013, með breytingu nr. 37. Því ætti að uppfæra tilvísanir til Chicago-samningsins í reglugerð (ESB) nr. 73/2010 til að uppfylla alþjóðlegar, lagalegar skuldbindingar aðildarríkjanna og tryggja samræmi við tilskilinn alþjóðlegan regluramma Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

4) Breyta ætti reglugerð (ESB) nr. 73/2010 til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um samevrópskt loftrými sem komið var á fót skv. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004([5]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 73/2010 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

   a) Í stað 7. liðar komi eftirfarandi:

      „7) „samþættar flugmálaupplýsingar“ (IAIP): upplýsingar, á pappír eða rafrænu formi, sem samanstanda af eftirfarandi þáttum:

         a) flugmálahandbók (AIP), þ.m.t. breytingum við hana,

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 284, 30.9.2014, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 228/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 26.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 73/2010 frá 26. janúar 2010 um kröfur um gæði flugmálagagna og flugmálaupplýsinga fyrir samevrópska loftrýmið (Stjtíð. ESB L 23, 27.1.2010, bls. 6).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2096/2005 frá 20. desember 2005 um sameiginlegar kröfur vegna veitingar þjónustu á sviði flugleiðsögu (Stjtíð. ESB L 335, 21.12.2005, bls. 13).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1035/2011 frá 17. október 2011 um sameiginlegar kröfur vegna veitingar flugleiðsöguþjónustu og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 482/2008 og (ESB) nr. 691/2010 (Stjtíð. ESB L 271, 18.10.2011, bls. 23).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á samevrópsku loftrými (rammareglugerðin) (Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 1).

b) viðbætum við flugmálahandbókina,

c) tilkynningum til flugmanna (NOTAM), eins og þær eru skilgreindar í 17. lið og forflugstilkynningum (PIB),

d) upplýsingabréfum flugmála (AIC) og

e) gátlistum og listum yfir gildandi tilkynningar til flugmanna,“.

b) Í stað 8. liðar komi eftirfarandi:

„8) „hindranagögn“ (e. *obstacle data*): gögn um alla fasta (varanlega eða tímabundna) og hreyfanlega hluti, eða hluta þeirra, sem staðsettir eru á svæði sem ætlað er til hreyfingar loftfars á jörðu niðri eða sem ná hærra en skilgreindur flötur sem ætlaður er til að vernda loftför á flugi eða sem eru utan þessara skilgreindu flata og teljast skapa hættu fyrir flugumferð,“.

c) Í stað 10. liðar komi eftirfarandi:

„10) „gögn um kortlagningu flugvalla“: gögn sem aflað er í þeim tilgangi að taka saman upplýsingar um kortlagningu flugvalla,“.

d) Í stað 13. liðar komi eftirfarandi:

„13) „veitandi upplýsingaþjónustu flugmála“: sú stofnun sem ber ábyrgð á að veita upplýsingaþjónustu flugmála og er vottuð í samræmi við kröfur framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1035/2011,“.

e) Í stað 24. liðar komi eftirfarandi:

„24) „áhættugögn“ (e. *critical data*): gögn, sem eru flokkuð samkvæmt c-lið heilleikaflokkunar, sem skilgreind er í lið 1.1 í 1. kafla 15. viðauka við Chicago-samninginn um alþjóðlegt almenningsflug (hér á eftir nefndur Chicago-samningurinn),“.

f) Í stað 25. liðar komi eftirfarandi:

„25) „mikilvæg gögn“ (e. *essential data*): gögn sem eru flokkuð samkvæmt b-lið heilleikaflokkunar sem skilgreind er í lið 1.1 í 1. kafla 15. viðauka við Chicago-samninginn.“

2) Í stað 5. mgr. 7. gr. komi eftirfarandi:

„5. Án þess að það hafi áhrif á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1035/2011 skulu aðilarnir, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., tryggja að starfsfólk þeirra, sem ber ábyrgð á verkefnum við veitingu flugmálagagna og flugmálaupplýsinga, hafi hlotið fullnægjandi þjálfun, sé hæft og hafi heimild til þeirra starfa sem ætlast er til að það inni af hendi.“

3) Í stað 1. mgr. 10. gr. komi eftirfarandi:

„1. Án þess að það hafi áhrif á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1035/2011 skulu aðilarnir, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., innleiða og viðhalda gæðastjórnunarkerfi, sem nær yfir veitingu flugmálagagna þeirra og flugmálaupplýsinga, í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í A-hluta VII. viðauka.“

4) Ákvæðum I. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

5) Í stað III. viðauka komi texti II. viðauka við þessa reglugerð.

6) Í stað XI. viðauka komi texti III. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. september 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

I. VIÐAUKI

Í stað a-liðar B-hluta í I. viðauka komi eftirfarandi:

„a) veitt með stafrænum hætti, í samræmi við kröfur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem um getur í 9. lið, lið 9a og III. viðauka (12. lið),“.

II. VIÐAUKI

„III. VIÐAUKI

ÁKVÆÐI SEM UM GETUR Í GREINUM OG VIÐAUKUM

1. Liður 3.7 í 3. kafla (Gæðastjórnunarkerfi) 15. viðauka við Chicago-samninginn — Upplýsingaþjónusta flugmála (14. útgáfa, júlí 2013, með breytingu nr. 37).

2. Liður 1.2.1 í 3. kafla (Lárétt viðmiðunarkerfi) 15. viðauka við Chicago-samninginn — Upplýsingaþjónusta flugmála (14. útgáfa, júlí 2013, með breytingu nr. 37).

3. Liður 1.2.2 í 3. kafla (Lóðrétt viðmiðunarkerfi) 15. viðauka við Chicago-samninginn — Upplýsingaþjónusta flugmála (14. útgáfa, júlí 2013, með breytingu nr. 37).

4. Ákvæði 4. kafla (flugmálahandbók (AIP)) í 15. viðauka við Chicago-samninginn — Upplýsingaþjónusta flugmála (14. útgáfa, júlí 2013, með breytingu nr. 37).

5. Liður 4.3 í 4. kafla (Forskriftir fyrir breytingar á flugmálahandbók) í 15. viðauka við Chicago-samninginn — Upplýsingaþjónusta flugmála (14. útgáfa, júlí 2013, með breytingu nr. 37).

6. Liður 4.4 í 4. kafla (Forskriftir fyrir viðbætur við flugmálahandbók) í 15. viðauka við Chicago-samninginn — Upplýsingaþjónusta flugmála (14. útgáfa, júlí 2013, með breytingu nr. 37).

7. Ákvæði 5. kafla (Tilkynningar til flugmanna (NOTAM)) í 15. viðauka við Chicago-samninginn — Upplýsingaþjónusta flugmála (14. útgáfa, júlí 2013, með breytingu nr. 37).

8. Liður 6.2 í 6. kafla (Veiting upplýsinga á pappírsformi) í 15. viðauka við Chicago-samninginn — Upplýsingaþjónusta flugmála (14. útgáfa, júlí 2013, með breytingu nr. 37).

9. Liður 10.1 í 10. kafla (Þekjusvæði og kröfur fyrir veitingu gagna) í 15. viðauka við Chicago-samninginn — Upplýsingaþjónusta flugmála (14. útgáfa, júlí 2013, með breytingu nr. 37).

9a Liður 10.2 í 10. kafla (Landslagsgögn — innihald, tölulegar forskriftir og skipulag) í 15. viðauka við Chicago-samninginn — Upplýsingaþjónusta flugmála (14. útgáfa, júlí 2013, með breytingu nr. 37).

10. Ákvæði 1. viðbætis (Innihald flugmálahandbókar) í 15. viðauka við Chicago-samninginn — Upplýsingaþjónusta flugmála (14. útgáfa, júlí 2013, með breytingu nr. 37).

11. Ákvæði 7. viðbætis (Upplausn og heilleikaflokkun við birtingu flugmálagagna) í 15. viðauka við Chicago-samninginn — Upplýsingaþjónusta flugmála (14. útgáfa, júlí 2013, með breytingu nr. 37).

12. Ákvæði 8. viðbætis (Kröfur sem varða landslags- og hindranagögn) í 15. viðauka við Chicago-samninginn — Upplýsingaþjónusta flugmála (14. útgáfa, júlí 2013, með breytingu nr. 37).

13. Forskriftir frá *Object Management Group* (OMG) fyrir UML-skilgreiningarmálið (e. *Unified Modelling Language* (UML)), útgáfa 2.1.1.

14. Alþjóðlegu staðlasamtökin, ISO-staðall 19107:2003 — *Geographic information — Spatial schema* (1. útgáfa — 8. maí 2003).

15. Alþjóðlegu staðlasamtökin, ISO-staðall 19115:2003 — *Geographic information — Metadata* (1. útgáfa — 8. maí 2003 [leiðrétting *Cor* 1:2006 5.7.2006]).

16. Alþjóðlegu staðlasamtökin, ISO-staðall 19139:2007 — *Geographic information — Metadata* — XML *schema implementation* (1. útgáfa — 17. apríl 2007).

17. Alþjóðlegu staðlasamtökin, ISO-staðall 19118:2011 — *Geographic information — Encoding* (2. útgáfa — 10. október 2011).

18. Alþjóðlegu staðlasamtökin, ISO-staðall 19136:2007 — *Geographic information — Geography Mark-up Language* (GML) (1. útgáfa — 23. ágúst 2007).

19. Alþjóðlegu staðlasamtökin, ISO/IEC-staðall 19757-3:2006 — *Information technology — Document Schema Definition Languages* (DSDL) — *Part 3*: *Rule-based validation — Schematron* (1. útgáfa — 24. maí 2006).

20. Skjal Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 9674-AN/946 — Handbók um Alþjóðalandmælingakerfið (e. *World Geodetic System Manual*) — 1984 (2. útgáfa — 2002).

21. Liður 7.3.2 í 7. kafla (Reiknirit fyrir lotubundna viðaukaprófun (e. *cyclic redundancy check* (CRC))) í skjali Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 9674-AN/946 — Handbók um Alþjóðalandmælingakerfið — 1984 (WGS-84) (2. útgáfa — 2002).

22. Alþjóðlegu staðlasamtökin, ISO/IEC-staðall 27002:2005 — Upplýsingatækni — Öryggistækni — Starfsvenjur fyrir stjórnun upplýsingaöryggis (1. útgáfa — 15. júní 2005).

23. Alþjóðlegu staðlasamtökin, ISO-staðall 28000:2007: *Specification for security management systems for the supply chain* (1. útgáfa — 21.9.2007, sætir endurskoðun, verður skipt út fyrir 2. útgáfu sem áætlað er að verði tilbúin 31. janúar 2008 [á rannsóknarstigi]).

24. Eurocae, ED-99A, Kröfur notenda um upplýsingar í tengslum við kortlagningu flugvalla (e. *User Requirements for Aerodrome Mapping Information*) (október 2005).

25. Alþjóðlegu staðlasamtökin, ISO-staðall 19110:2005 — *Geographic information — Methodology for feature cataloguing* (1. útgáfa).“

———

III. VIÐAUKI

„XI. VIÐAUKI

FRÁVIK ALÞJÓÐAFLUGMÁLASTOFNUNARINNAR SEM UM GETUR Í 14. GR.

Liður 3.5.2 í 3. kafla (Lotubundin viðaukaprófun) í 15. viðauka við Chicago-samninginn — Upplýsingaþjónusta flugmála. (14. útgáfa, júlí 2013, með breytingu nr. 37).“

———

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2010/75/ESB

2015/EES/63/73

frá 24. nóvember 2010

um losun í iðnaði (samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun)

(endurútgefin) (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 192. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([2]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Gera skal fjölda umtalsverðra breytinga á tilskipun ráðsins 78/176/EBE frá 20. febrúar 1978 um úrgang frá títandíoxíðiðnaði ([4]), tilskipun ráðsins 82/883/EBE frá 3. desember 1982 um aðferðir við eftirlit og gæslu svæða þar sem úrgangur frá títandíoxíðiðnaði er settur ([5]), tilskipun ráðsins 92/112/EBE frá 15.desember 1992 um samræmingu áætlana um að draga úr og hugsanlega stöðva mengun af völdum úrgangs frá títandíoxíðiðnaði ([6]), tilskipun ráðsins 1999/13/EB frá 11. mars 1999 um takmörkun á losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda vegna notkunar lífrænna leysiefna við tiltekna starfsemi og í tilteknum starfsstöðvum ([7]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/76/EB frá 4. desember 2000 um brennslu úrgangs ([8]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/80/EB frá 23. október 2001 um takmörkun á losun tiltekinna mengunarefna frá stórum brennsluverum út í andrúmsloftið ([9]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/1/EB frá 15. janúar 2008 um samþættar ráðstafanir til að fyrirbyggja og takmarka mengun ([10]). Fyrir skýrleika sakir skal endurútgefa þessar tilskipanir.

2) Til að fyrirbyggja, draga úr og, að svo miklu leyti sem mögulegt er, koma í veg fyrir mengun frá iðnaðarstarfsemi í samræmi við mengunarbótaregluna og meginregluna um mengunarvarnir er nauðsynlegt að koma á almennum ramma fyrir eftirlit með helstu iðnaðarstarfsemi þar sem inngrip við upptök er forgangsatriði og skal tryggja varfærna stjórnun náttúruauðlinda og taka tillit til, þegar nauðsyn krefur, efnahagslegra aðstæðna og sérstakra staðbundinna einkenna staðarins þar sem iðnaðarstarfsemin fer fram.

3) Mismunandi aðferðir við varnir gegn losun út í andrúmsloft, vatn eða jarðveg geta leitt til þess að mengun færist frá einu umhverfishólfi til annars fremur en að umhverfið í heild njóti verndar. Því er við hæfi að kveða á um samþættar aðferðir við að komast hjá og draga úr losun út í andrúmsloft, vatn og jarðveg, við meðhöndlun úrgangs, fyrir orkunýtni og við slysavarnir. Slík nálgun stuðlar einnig að jöfnun samkeppnisskilyrða í Sambandinu með samræmingu krafna um árangur í umhverfismálum fyrir iðjuver.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 334, 17.12.2010, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 229/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 182, 4.8.2009, bls. 46.

([2]) Stjtíð. ESB C 325, 19.12.2008, bls. 60.

([3]) Afstaða Evrópuþingsins frá 10. mars 2009 (Stjtíð. ESB C 87 E, 1.4.2010, bls. 191) og afstaða ráðsins eftir fyrstu umræðu frá 15. febrúar 2010 (Stjtíð. ESB C 107 E, 27.4.2010, bls. 1). Afstaða Evrópuþingsins frá 7. júlí 2010 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 8. nóvember 2010.

([4]) Stjtíð. EB L 54, 25.2.1978, bls. 19.

([5]) Stjtíð. EB L 378, 31.12.1982, bls. 1

([6]) Stjtíð. EB L 409, 31.12.1992, bls. 11

([7]) Stjtíð. EB L 85, 29.3.1999, bls. 1.

([8]) Stjtíð. EB L 332, 28.12.2000, p. 91.

([9]) Stjtíð. EB L 309, 27.11.2001, bls. 1.

([10]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2008, bls. 8.

4) Rétt þykir að endurskoða löggjöf um iðjuver til að einfalda og skýra núverandi ákvæði, draga úr ónauðsynlegu stjórnsýsluálagi og koma í framkvæmd niðurstöðum orðsendinga framkvæmdastjórnarinnar frá 21. september 2005 um þemaáætlunina um loftmengun (hér á eftir nefnd þemaáætlunin um loftmengun), frá 22. september 2006 um þemaáætlunina um jarðvegsvernd og frá 21. desember 2005 um þemaáætlunina um forvarnir gegn myndun úrgangs og um endurvinnslu hans sem samþykkt var sem eftirfylgni við ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1600/2002/EB frá 22. júlí 2002 um sjöttu aðgerðaáætlun Bandalagsins á sviði umhverfismála ([11]). Í þessum orðsendingum voru sett fram markmið um að vernda heilbrigði manna og umhverfið sem ekki er hægt að ná án þess að draga frekar úr losun frá iðnaðarstarfsemi.

5) Til að tryggja að komist verði hjá mengun og/eða dregið verði úr henni skal aðeins starfrækja stöð ef hún hefur til þess leyfi, eða í tilviki tiltekinna stöðva og starfsemi þar sem notaðir eru lífrænir leysar, aðeins ef þær hafa til þess leyfi eða eru skráðar.

6) Aðildarríkin skulu ákveða hvernig ábyrgð er úthlutað til rekstraraðila stöðva að því tilskildu að tryggt sé að farið sé að ákvæðum þessarar tilskipunar. Aðildarríkin geta valið að veita einum ábyrgum rekstraraðila leyfi fyrir hverja stöð eða að tilgreina ábyrgð nokkurra rekstraraðila á mismunandi hlutum stöðvar. Þar sem núverandi lagakerfi leyfir aðeins einn ábyrgan rekstraraðila fyrir hverja stöð getur aðildarríki ákveðið að halda því kerfi.

7) Til að auðvelda veitingu leyfa skulu aðildarríki geta sett kröfur fyrir tiltekna flokka stöðva með almennum bindandi reglum.

8) Mikilvægt er að fyrirbyggja slys og óhöpp og að takmarka afleiðingar þeirra. Bótaábyrgð að því er varðar afleiðingar slysa og óhappa fyrir umhverfið fylgir viðkomandi landslögum og eftir atvikum öðrum viðkomandi lögum Sambandsins.

9) Til að forðast tvítekningu að því er varðar reglusetningu skal leyfið fyrir stöð, sem fellur undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins ([12]), ekki innihalda viðmiðunarmörk fyrir beina losun þeirra gróðurhúsalofttegunda sem tilgreindar eru í I. viðauka við þá tilskipun, nema þegar það er nauðsynlegt til að tryggja að ekki leiði til neinnar umtalsverðar staðbundinnar mengunar eða þegar stöð er undanskilin frá því kerfi.

10) Í samræmi við 193. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (SUSE) kemur þessi tilskipun ekki í veg fyrir að aðildarríki viðhaldi eða innleiði strangari verndarráðstafanir, t.d. kröfur um losun gróðurhúsalofttegunda, að því tilskildu að slíkar ráðstafanir samrýmist sáttmálunum og að framkvæmdastjórninni hafi verið tilkynnt um þær.

11) Rekstraraðilar skulu leggja fram leyfisumsóknir með þeim upplýsingum sem eru nauðsynlegar fyrir lögbært yfirvald til að setja leyfisskilyrði. Rekstraraðilar skulu geta notað upplýsingar sem leiða af beitingu tilskipunar ráðsins 85/337/EBE frá 27. júní 1985 um mat á áhrifum sem tilteknar framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið ([13]) og tilskipunar ráðsins 96/82/EB frá 9. desember 1996 um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna ([14]) þegar þeir leggja fram leyfisumsóknir.

12) Í leyfinu skal tilgreina allar ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að ná háu verndarstigi fyrir umhverfið sem heild og til að tryggja að stöðin sé rekin í samræmi við þær almennu meginreglur sem gilda um grundvallarskyldur rekstraraðilans. Leyfið skal einnig innihalda viðmiðunarmörk fyrir losun mengandi efna eða jafngilda mælibætti eða tæknilegar mælingar, viðeigandi kröfur til að vernda jarðveg og grunnvatn og kröfur um vöktun. Leyfisskilyrði skal setja á grundvelli bestu, fáanlegu tækni (e. *best available techniques (BAT)*).

13) Til að ákvarða bestu, fáanlegu tækni og til að takmarka ójafnvægi í Sambandinu að því er varðar losunarmörk frá iðnaðarstarfsemi skal taka saman og endurskoða tilvísunarskjöl um bestu, fáanlegu tækni (e. *BAT reference documents*) og ef nauðsyn krefur uppfæra þau gegnum upplýsingaskipti við hagsmunaaðila og samþykkja lykilþætti tilvísunarskjala um bestu, fáanlegu tækni (hér á eftir niðurstöður um bestu, fáanlega tækni) (e. *BAT conclusions*) með nefndarmeðferð. Í þessu sambandi skal framkvæmdastjórnin, með nefndarmeðferð, taka saman leiðbeiningar um söfnun upplýsinga, um útfærslu tilvísunarskjala um bestu, fáanlegu tækni og um gæðatryggingu þeirra. Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni skulu vera viðmiðun fyrir setningu leyfisskilyrða. Þær má styðja með öðrum heimildum. Framkvæmdastjórnin skal miða að því að uppfæra tilvísunarskjöl um bestu, fáanlegu tækni eigi síðar en 8 árum eftir birtingu fyrri útgáfu.

([11]) Stjtíð. EB L 242, 10.9.2002, bls. 1.
([12]) Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32
([13]) Stjtíð. EB L 175, 5.7.1985, bls. 40.
([14]) Stjtíð. EB L 10, 14.1.1997, bls. 13.

14) Til að tryggja árangursrík og virk upplýsingaskipti sem leiða af sér hágæða tilvísunarskjöl um bestu, fáanlegu tækni skal framkvæmdastjórnin koma á fót samskiptavettvangi sem starfar á gagnsæjan hátt. Mæla skal fyrir um hagnýtt fyrirkomulag fyrir upplýsingaskipti og aðgengi að tilvísunarskjölum um bestu, fáanlegu tækni, einkum til að tryggja að aðildarríki og hagsmunaaðilar leggi til gögn í fullnægjandi gæðum og magni byggð á traustum leiðbeiningum til að mögulegt sé að ákvarða bestu, fáanlegu tækni og tækninýjungar.

15) Mikilvægt er að lögbærum yfirvöldum sé veitt fullnægjandi svigrúm til að setja viðmiðunarmörk fyrir losun sem tryggja að losun fari ekki yfir þau losunargildi, sem tengjast bestu, fáanlegu tækni, við venjulegar rekstraraðstæður. Í þessu skyni getur lögbært yfirvald sett losunarmörk sem eru frábrugðin losunargildunum sem tengjast bestu, fáanlegu tækni hvað varðar gildi, tímabil og viðmiðunaraðstæður sem við eiga, að því tilskildu að hægt sé, með niðurstöðum vöktunar á losun, að sýna fram á að losun hafi ekki farið yfir losunargildin sem tengjast bestu, fáanlegu tækni. Samræmi við viðmiðunarmörk fyrir losun sem sett eru í leyfum leiðir til losunar undir þessum viðmiðunarmörkum.

16) Til að taka tillit til tiltekinna sérstakra kringumstæðna, þar sem beiting losunargilda sem tengjast bestu, fáanlegu tækni myndi leiða til óeðlilega mikils kostnaðar í samanburði við umhverfislegan ávinning, skulu lögbær yfirvöld geta sett viðmiðunarmörk fyrir losun sem eru frábrugðin þessum gildum. Slík frávik skulu byggjast á mati með tilliti til vel skilgreindra viðmiðana. Ekki skal fara yfir þau viðmiðunarmörk fyrir losun sem sett eru fram í þessari tilskipun. Í öllu falli skal ekki valda neinni umtalsverðri mengun og hátt verndarstig fyrir umhverfið í heild skal nást.

17) Til að gera rekstraraðilum kleift að prófa tækninýjungar, sem gætu veitt víðtækari almenna umhverfisvernd eða a.m.k. sama umfang umhverfisverndar og meiri sparnað en núverandi besta, fáanlega tækni, skal lögbært yfirvald geta veitt tímabundnar undanþágur frá losunargildum sem tengjast bestu, fáanlegu tækni.

18) Breytingar á stöð geta leitt til meiri mengunar. Rekstraraðilar skulu tilkynna lögbæru yfirvaldi um allar fyrirhugaðar breytingar sem gætu haft áhrif á umhverfið. Umtalsverðar breytingar á stöðvum, sem gætu haft veruleg neikvæð áhrif á heilbrigði manna eða umhverfið, skal ekki gera án leyfis sem veitt er í samræmi við þessa tilskipun.

19) Dreifing húsdýraáburðar á umtalsverðan þátt í losun mengunarefna í andrúmsloft og vatn. Í því skyni að uppfylla markmiðin sem sett eru fram í þemaáætluninni um loftmengun og lögum Sambandsins um vatnsvernd er nauðsynlegt að framkvæmdastjórnin endurskoði þörfina á að koma á sem hentugastri stjórnun á þessari losun með beitingu bestu, fáanlegu tækni.

20) Þéttbært eldi alifugla og nautgripa á umtalsverðan þátt í losun mengunarefna í andrúmsloft og vatn. Í því skyni að uppfylla markmiðin sem sett eru fram í þemaáætluninni um loftmengun og í lögum Sambandsins um vatnsvernd er nauðsynlegt að framkvæmdastjórnin endurskoði þörfina á að koma á aðgreindum viðmiðunargildum fyrir afkastagetu fyrir mismunandi alifuglategundir til að skilgreina gildissvið þessarar tilskipunar og til að endurskoða þörfina á að koma á sem hentugastri stjórnun á losun frá stöðvum þar sem nautgripaeldi fer fram.

21) Til að taka til greina þróun á bestu, fáanlegu tækni eða aðrar breytingar á stöð skal endurmeta leyfisskilyrði reglulega og uppfæra, þegar nauðsyn krefur, einkum þegar nýjar eða uppfærðar niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni eru samþykktar.

22) Í sérstökum tilvikum þegar endurmat og uppfærsla leyfis sýnir að þörf getur verið fyrir lengra tímabil en 4 ár eftir birtingu ákvörðunar um niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni til að taka upp nýja bestu, fáanlegu tækni geta lögbær yfirvöld fastsett lengra tímabil í leyfisskilyrðum þegar það er réttlætanlegt á grundvelli þeirra viðmiðana sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

23) Nauðsynlegt er að tryggja að starfræksla stöðvar leiði ekki til minnkandi gæða jarðvegs og grunnvatns. Leyfisskilyrði skulu því fela í sér viðeigandi ráðstafanir til að fyrirbyggja losun í jarðveg og grunnvatn og reglulegt eftirlit með þessum ráðstöfunum til að forðast að leki, óhöpp eða slys verði við notkun búnaðar eða við geymslu. Til að greina mögulega jarðvegs- og grunnvatnsmengun á upphafsstigi þannig að hægt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana til úrbóta áður en mengunin dreifist er vöktun jarðvegar og grunnvatns líka nauðsynleg með tilliti til tilvistar viðkomandi hættulegra efna. Þegar tíðni vöktunar er ákveðin má taka til athugunar gerð fyrirbyggjandi ráðstafana og umfang og tíðni eftirlitsaðgerða.

24) Til að tryggja að starfræksla stöðvar leiði ekki til minnkandi gæða jarðvegs og grunnvatns er nauðsynlegt að ákvarða stöðu jarðvegs- og grunnvatnsmengunar með skýrslu um grunnástand. Skýrslan um grunnástand skal vera hagnýtt tæki sem gerir kleift, eftir því sem unnt er, að bera saman magnbundið stöðu svæðisins eins og því er lýst í skýrslunni og stöðu svæðisins eftir að starfsemi er endanlega hætt til að komast að raun um hvort umtalsverð aukning hafi orðið á mengun í jarðvegi eða grunnvatni. Skýrslan um grunnástand skal því innihalda upplýsingar sem byggjast á fyrirliggjandi upplýsingum um mælingar á jarðvegi og grunnvatni og sögulegum gögnum sem tengjast fyrri notkun svæðisins.

25) Í samræmi við mengunarbótaregluna, við mat á umfangi þeirrar jarðvegs- og grunnvatnsmengunar sem rekstraraðilinn hefur valdið, sem myndi skylda hann til að færa svæðið aftur til þess horfs sem lýst er í skýrslunni um grunnástand þess, skulu aðildarríkin taka tillit til þeirra leyfisskilyrða sem gilt hafa í tíð starfseminnar sem um ræðir, samþykktra mengunarvarnaráðstafana fyrir stöðina og hlutfallslegrar aukningar mengunar í samanburði við mengunarstigið sem skilgreint er í skýrslunni um grunnástandið. Bótaábyrgð að því er varðar mengun sem rekstraraðili veldur ekki fylgir viðkomandi landslögum og eftir atvikum öðrum viðkomandi lögum Sambandsins.

26) Til að tryggja skilvirka framkvæmd og framfylgd þessarar tilskipunar skulu rekstraraðilar reglulega gefa lögbæru yfirvaldi skýrslu um fylgni við leyfisskilyrði. Aðildarríkin skulu tryggja að rekstraraðilinn og lögbært yfirvald hvort um sig grípi til nauðsynlegra ráðstafana ef ekki er farið að ákvæðum tilskipunarinnar og kveða á um umhverfiseftirlitskerfi. Aðildarríkin skulu tryggja að til staðar sé nægilegt starfsfólk með þekkingu, menntun og hæfi sem þarf til að framkvæma þetta eftirlit á árangursríkan hátt.

27) Í samræmi við Árósasamninginn um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum ([15]) er virk þátttaka almennings í ákvarðanatöku nauðsynleg til að gera almenningi kleift að láta í ljós skoðanir og áhyggjur, sem kunna að skipta máli fyrir viðkomandi ákvarðanir, og þeim sem tekur ákvörðunina færi á að taka tillit til þeirra, og leiða þar með til aukinnar ábyrgðar og gagnsæis í ferlinu við ákvarðanatökuna, gera almenning meðvitaðri um umhverfismál og afla stuðnings við þær ákvarðanir sem teknar eru. Sá hluti almennings sem málið varðar skal hafa aðgang að réttarkerfinu sem lið í verndun réttarins til að lifa í umhverfi sem er fullnægjandi fyrir persónulegt heilbrigði og vellíðan.

28) Brennsla eldsneytis í stöðvum með heildarnafnvarmaafl undir 50 MW á umtalsverðan þátt í losun mengunarefna út í andrúmsloftið. Í því skyni að uppfylla markmiðin sem sett eru fram í þemaáætluninni um loftmengun er nauðsynlegt að framkvæmdastjórnin endurskoði þörfina á að koma á sem hentugastri stjórnun á losun frá slíkum stöðvum. Í þeirri endurskoðun skal taka tillit til sérhæfni brennsluvera sem notuð eru á heilbrigðisstofnunum, einkum að því er varðar notkun þeirra í sérstökum undantekningartilvikum þegar um er að ræða neyðarástand.

29) Stór brennsluver eiga verulegan þátt í losun mengandi efna út í andrúmsloftið sem hefur umtalsverð áhrif á heilbrigði manna og umhverfið. Til að draga úr þeim áhrifum og til að vinna að því að uppfylla kröfur tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/81/EB frá 23. október 2001 um landsbundin efri mörk losunar fyrir tiltekin loftmengunarefni ([16]) og markmiðin sem sett eru fram í þemaáætluninni um loftmengun er nauðsynlegt að setja strangari viðmiðunarmörk fyrir losun á vettvangi Sambandsins fyrir tiltekna flokka brennsluvera og mengunarefna.

30) Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þörfina á að koma á viðmiðunarmörkum fyrir losun á vettvangi Sambandsins og að breyta viðmiðunarmörkunum fyrir losun sem sett eru fram í V. viðauka fyrir tiltekin stór brennsluver með tilliti til endurskoðunar og uppfærslu á viðkomandi tilvísunarskjölum um bestu, fáanlegu tækni. Í þessu samhengi skal framkvæmdastjórnin taka til athugunar sérhæfni orkukerfa hreinsunarstöðva.

31) Vegna eiginleika tiltekinna innlendra eldsneytistegunda í föstu formi þykir rétt að beita lágmarkshlutfalli brennisteinshreinsunar frekar en viðmiðunarmörkum fyrir losun fyrir brennisteinsdíoxíð fyrir brennsluver sem brenna slíku eldsneyti. Þar eð sérstakir eiginleikar olíuleirsteins hindra mögulega beitingu sömu aðferða við hreinsun brennisteins eða að sama skilvirkni náist við hreinsun brennisteins eins og fyrir annað eldsneyti, er enn fremur viðeigandi að beita lítið eitt lægra hlutfalli brennisteinshreinsunar fyrir ver sem nota þetta eldsneyti.

32) Þegar um er að ræða skyndilegt rof á framboði brennisteinsrýrs eldsneytis eða gass vegna alvarlegs skorts skal lögbært yfirvald geta veitt tímabundnar undanþágur til að heimila að losun viðkomandi brennsluvera fari yfir þau viðmiðunarmörk fyrir losun sem sett eru fram í þessari tilskipun.

([15]) Stjtíð. ESB L 124, 17.5.2005, bls. 4.

([16]) Stjtíð. EB L 309, 27.11.2001, bls. 22.

33) Til að takmarka neikvæð áhrif mengunar á umhverfið skal viðkomandi rekstraraðili ekki starfrækja brennsluver lengur en í 24 klukkustundir eftir gangtruflun eða bilun hreinsibúnaðar og starfræksla án hreinsunar skal ekki vara í meira en 120 klukkustundir á 12 mánaða tímabili. Eigi að síður skulu lögbær yfirvöld geta veitt undanþágu frá þessum tímamörkum þar sem veruleg þörf er á orkuöflun eða það er nauðsynlegt til að forðast heildaraukningu losunar vegna starfrækslu annars brennsluvers.

34) Til að tryggja hátt verndarstig fyrir umhverfið og heilbrigði manna og til að forðast millilandaflutninga úrgangs til stöðva, þar sem umhverfisstaðlar eru ekki eins strangir, er nauðsynlegt að setja og halda uppi ströngum vinnsluskilyrðum, tæknilegum kröfum og viðmiðunarmörkum fyrir losun fyrir ver innan Sambandsins þar sem úrgangur er brenndur eða sambrenndur.

35) Notkun lífrænna leysa í tiltekinni starfsemi og stöðvum veldur losun lífrænna efnasambanda út í andrúmsloftið sem auka myndun ljósoxandi efna, staðbundið og yfir landamæri, sem veldur skemmdum á náttúruauðlindum og hefur skaðleg áhrif á heilbrigði manna. Því er nauðsynlegt að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða gegn notkun lífrænna leysa og að setja fram kröfu um að farið sé eftir viðmiðunarmörkum fyrir losun lífrænna efnasambanda og um viðeigandi vinnsluskilyrði. Rekstraraðilum skal heimilað að fara eftir skerðingaráætlun í stað þess að fara að viðmiðunarmörkunum fyrir losun sem sett eru fram í þessari tilskipun þegar aðrar ráðstafanir, svo sem notkun vara eða tækni með lítil eða engin leysiefni, opna aðrar leiðir til að ná fram samsvarandi minnkun losunar.

36) Stöðvar sem framleiða títandíoxíð geta valdið umtalsverðri mengun í lofti og vatni. Til að draga úr þessum áhrifum er nauðsynlegt að setja á vettvangi Sambandsins strangari viðmiðunarmörk fyrir losun tiltekinna mengandi efna.

37) Að því er varðar það að fella stöðvar fyrir framleiðslu á leirvörum með brennslu undir gildissvið landslaga og stjórnsýslufyrirmæla, sem eru sett til að fara að þessari tilskipun, á grundvelli einkenna innlends iðnaðar og til að veita skýra túlkun á sviðinu, skulu aðildarríki ákveða hvort þau beiti báðum viðmiðununum, fyrir framleiðslugetu og fyrir rúmtak ofns, eða aðeins annarri viðmiðuninni.

38) Til að auðvelda skýrslugjöf og draga úr ónauðsynlegu stjórnsýsluálagi skal framkvæmdastjórnin ákvarða aðferðir til að samræma það hvernig gögn eru gerð aðgengileg samkvæmt þessari tilskipun við aðrar kröfur í lögum Sambandsins og einkum reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 166/2006 frá 18. janúar 2006 um að koma á fót Evrópuskrá yfir losun og flutning mengunarefna ([17]).

39) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd skal framkvæmdastjórninni veitt framkvæmdarvald til að samþykkja leiðbeiningar um söfnun gagna, um gerð tilvísunarskjala um bestu, fáanlegu tækni og um gæðatryggingu þeirra, þ.m.t. hentugleika innihalds þeirra og framsetningar, til að samþykkja ákvarðanir um niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni, til að koma á nákvæmum reglum um ákvörðun ræsingar- og stöðvunartímabil og fyrir landsbundnar umbreytingaráætlanir fyrir stór brennsluver og til að ákvarða gerð, framsetningu og tíðni upplýsinga sem aðildarríki skulu gera aðgengilegar fyrir framkvæmdastjórnina. Í samræmi við 291. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins skal mæla fyrirfram fyrir um reglur og almennar meginreglur um tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu í reglugerð sem samþykkt er í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð. Þar til þessi nýja reglugerð verður samþykkt gildir ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([18]) áfram, að undanskilinni reglunefndarmeðferðinni með grannskoðun, sem gildir ekki.

40) Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar að fastsetja þann dag þegar hefja skal samfelldar mælingar á losun þungmálma, díoxína og fúrana út í andrúmsloftið og aðlögun tiltekinna hluta af V., VI. og VII. viðauka að vísinda- og tækniframförum. Þegar um er að ræða sorpbrennslustöðvar og sorpsambrennslustöðvar getur þetta m.a. falið í sér setningu viðmiðana fyrir undanþágur frá stöðugri vöktun á heildarryklosun. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga.

41) Til að vinna gegn umtalsverðri umhverfismengun, t.d. af völdum þungmálma, díoxína og fúrana, skal framkvæmdastjórnin leggja fram tillögur um lágmarkskröfur innan Sambandsins um viðmiðunarmörk fyrir losun og um reglur um vöktun og reglufylgni á grundvelli mats á notkun bestu, fáanlegu tækni í tiltekinni starfsemi eða á áhrifum þessarar starfsemi á umhverfið í heild.

42) Aðildarríkin skulu mæla fyrir um reglur um viðurlög við brotum gegn ákvæðum landslaga, sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun, og sjá til þess að þessum viðurlögum sé hrint í framkvæmd. Þessi viðurlög skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

([17]) Stjtíð. ESB L 33, 4.2.2006, bls. 1.
([18]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

43) Til að veita stöðvum í rekstri nægilegan tíma til tæknilegrar aðlögunar að nýjum kröfum þessarar tilskipunar skulu sumar þessara nýju krafna gilda fyrir þessar stöðvar eftir ákveðinn tíma frá gildistökudegi þessarar tilskipunar. Brennsluver þurfa að fá nægan tíma til að setja upp nauðsynlegan hreinsibúnað til að uppfylla viðmiðunarmörkin fyrir losun sem sett eru fram í V. viðauka.

44) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að tryggja gott umhverfisverndarstig og bætt umhverfisgæði, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna þess að mengun frá iðnaðarstarfsemi getur borist yfir landamæri, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, sem sett er fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná megi þessum markmiðum.

45) Í þessari tilskipun eru grundvallarréttindi virt og meginreglum fylgt, einkum þeim sem eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi. Með þessari tilskipun er einkum reynt að ýta undir beitingu 37. gr. þess sáttmála.

46) Sú skylda að taka þessa tilskipun upp í landslög takmarkast við þau ákvæði sem fela í sér verulega breytingu í samanburði við fyrri tilskipanir. Skyldan að lögleiða óbreyttu ákvæðin er fyrir hendi í fyrri tilskipununum.

47) Í samræmi við 34. mgr. samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu ([19]) eru aðildarríkin hvött til þess, bæði í eigin þágu og í þágu Sambandsins, að taka saman og birta sínar eigin töflur sem sýna, eftir því sem kostur er, samsvörun milli þessarar tilskipunar og lögleiðingarráðstafana þeirra.

48) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti þeirra til að leiða tilskipanirnar, sem tilgreindar eru í B-hluta IX. viðauka, í landslög og beita þeim.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

SAMEIGINLEG ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni

Í þessari tilskipun er mælt fyrir um reglur um samþættar mengunarvarnir og stjórnun mengunar frá iðnaðarstarfsemi.

([19]) Stjtíð. ESB C 321, 31.12.2003, bls. 1.

Þar er einnig mælt fyrir um reglur ætlaðar til að fyrirbyggja eða, þar sem það er ekki mögulegt, að draga úr losun út í andrúmsloft, vatn og land og að fyrirbyggja myndun úrgangs til að ná háu verndarstigi fyrir umhverfið sem heild.

2. gr.

Gildissvið

1. Þessi tilskipun gildir um iðnaðarstarfsemi sem veldur mengun sem um getur í II. til VI. kafla.

2. Þessi tilskipun gildir ekki um rannsóknarstarfsemi, þróunarstarf eða prófanir á nýjum vörum og vinnsluferlum.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „efni“: öll frumefni og efnasambönd þeirra, að undanskildum eftirfarandi efnum:

   a) geislavirkum efnum eins og þau eru skilgreind í 1. gr. tilskipunar ráðsins 96/29/KBE frá 13. maí 1996 um grundvallaröryggisstaðla um verndun heilbrigðis starfsmanna og almennings gegn hættu af völdum jónandi geislunar ([20]),

   b) erfðabreyttum örverum eins og þær eru skilgreindar í b-lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/41/EB frá 6. maí 2009 um afmarkaða notkun erfðabreyttra örvera ([21]),

   c) erfðabreyttum lífverum eins og þær eru skilgreindar í 2. lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB frá 12. mars 2001 um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið ([22]),

2) „mengun“: bein eða óbein losun af mannavöldum á efnum, titringi, varma eða hávaða út í andrúmsloft, vatn eða jarðveg þannig að heilbrigði fólks eða umhverfi stafi hætta af, efnisleg verðmæti skaðist eða réttmæt not af umhverfinu til tómstundaiðkana eða annarra þarfa verði fyrir hindrunum eða truflunum,

([20]) Stjtíð. EB L 159, 29.6.1996, bls. 1.
([21]) Stjtíð. ESB L 125, 21.5.2009, bls. 75
([22]) Stjtíð. EB L 106, 17.4.2001, bls. 1.

3) „stöð“: staðbundin tæknieining þar sem fram fer ein eða fleiri tegundir starfsemi sem tilgreind er í I. viðauka eða í 1. hluta VII viðauka og öll önnur starfsemi á sama stað sem gæti haft áhrif á losun og mengun og tengist með beinum og tæknilegum hætti þeirri starfsemi sem tilgreind er í þessum viðaukum,

4) „losun“: bein eða óbein losun efna, titrings, varma eða hávaða frá stökum eða dreifðum losunarstöðum á stöðinni út í andrúmsloft, vatn eða jarðveg,

5) „viðmiðunarmörk fyrir losun“: massi, gefinn upp í tengslum við tilteknar færibreytur, styrk og/eða losunarmagn, sem óheimilt er að fara yfir á einu eða fleiri tímabilum;

6) „umhverfisgæðastaðall“: tilteknar kröfur sem verður að fullnægja á tilteknum tíma fyrir tiltekið umhverfi eða sérstaka hluta þess, samkvæmt löggjöf Sambandsins,

7) „leyfi“: skrifleg heimild til að starfrækja að öllu leyti eða að hluta stöð eða brennsluver, sorpbrennslustöð eða sorpsambrennslustöð,

8) „almennar bindandi reglur“: viðmiðunarmörk fyrir losun eða önnur skilyrði, a.m.k. innan atvinnugeira, sem eru samþykkt í þeim tilgangi að þau séu notuð beint til að setja skilyrði fyrir leyfi,

9) „umtalsverð breyting“: breyting á eðli eða starfsemi eða stækkun á stöð eða brennsluveri, sorpbrennslustöð eða sorpsambrennslustöð sem getur haft umtalsverð neikvæð áhrif á heilbrigði manna eða umhverfið,

10) „besta, fáanlega tækni“: áhrifaríkasta og þróaðasta stigið í framþróun starfsemi og tengdra rekstraraðferða er gefur til kynna að nota megi tiltekna tækni sem hagkvæman grunn fyrir viðmiðunarmörk fyrir losun og önnur skilyrði fyrir leyfi til að koma í veg fyrir eða, þar sem því verður ekki við komið, draga úr losun og áhrifum á umhverfið í heild:

   a) „tækni“: sú tækni og þær aðferðir sem eru notaðar við hönnun, smíði, viðhald, rekstur og lokun stöðvar,

   b) „fáanleg tækni“: tækni sem hefur verið þróuð í þeim mæli að hægt sé að nota hana á hlutaðeigandi sviði iðnaðar, við skilyrði sem eru efnahagslega og tæknilega hagkvæm, að teknu tilliti til kostnaðar og ávinnings, óháð því hvort þessi tækni er notuð eða þróuð í hlutaðeigandi aðildarríki, að því tilskildu að rekstraraðilinn eigi þokkaleg tök á að nýta sér hana,

   c) „besta tækni“: sú tækni sem er árangursríkust við að ná víðtækri, almennri vernd umhverfisins í heild,

11) „tilvísunarskjal um bestu, fáanlegu tækni“: skjal sem verður til við upplýsingaskipti, sem eru skipulögð skv. 13. gr., er gert fyrir skilgreinda starfsemi og þar sem einkum er lýst þeirri tækni sem beitt er, núgildandi losunar- og notkunargildum, tækni sem kemur til greina fyrir ákvörðun á bestu, fáanlegu tækni sem og niðurstöðum um bestu, fáanlegu tækni og öllum tækninýjungum, með sérstakri áherslu á viðmiðanirnar sem taldar eru upp í III. viðauka,

12) „niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni“: skjal sem inniheldur þá hluta af tilvísunarskjali um bestu, fáanlegu tækni þar sem settar eru fram niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni, lýsing á henni, upplýsingar til að meta notkunarsvið hennar, losunargildin sem tengjast þessari bestu, fáanlegu tækni, tengd vöktun, tengd notkunargildi og, eftir því sem við á, viðeigandi ráðstafanir til úrbóta á staðnum,

13) „losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni“: svið losunargilda sem fást við venjuleg rekstrarskilyrði með notkun bestu, fáanlegu tækni eða sambland bestu, fáanlegu tækni, eins og henni er lýst í niðurstöðum um bestu, fáanlegu tækni, gefið upp sem meðaltal yfir tiltekið tímabil, við tilgreindar viðmiðunaraðstæður,

14) „tækninýjungar“: ný tækni fyrir iðnaðarstarfsemi sem, ef hún er þróuð á viðskiptalegum forsendum, gæti veitt annaðhvort hærra almennt umhverfisverndarstig eða a.m.k. sama umhverfisverndarstig og meiri sparnað en núverandi besta, fáanlega tækni,

15) „rekstraraðili“: einstaklingur eða lögaðili, sem rekur eða stýrir, í heild eða að hluta, stöð eða brennsluveri, sorpbrennslustöð eða sorpsambrennslustöð eða, þar sem kveðið er á um slíkt í landslögum, sem hefur verið falið fjárhagslegt, ótvírætt vald yfir tæknilegri starfsemi stöðvarinnar eða versins,

16) „almenningur“: einn eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar og, í samræmi við landslög eða venju, samtök þeirra, félög eða hópar,

17) „sá hluti almennings, sem málið varðar“: þeir íbúar sem verða fyrir áhrifum eða sem er líklegt að verði fyrir áhrifum eða sem eiga hagsmuna að gæta vegna töku ákvörðunar við veitingu eða uppfærslu leyfis eða skilyrðum fyrir því; samkvæmt þessari skilgreiningu teljast öll frjáls félagasamtök, sem stuðla að umhverfisvernd og uppfylla allar kröfur landslaga, hafa hagsmuna að gæta.

18) „hættuleg efni“: efni eða blöndur samkvæmt skilgreiningu í 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna ([23]),

19) „skýrsla um grunnástand“: upplýsingar um ástand jarðvegs- og grunnvatnsmengunar af völdum viðkomandi hættulegra efna,

20) „grunnvatn“: grunnvatn eins og það er skilgreint í 2. lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum ([24]),

21) „jarðvegur“: yfirborðslag jarðskorpunnar sem liggur milli berggrunnsins og yfirborðsins. Jarðvegurinn er samsettur úr steinefnum, lífrænu efni, vatni, lofti og lífverum,

22) „umhverfiseftirlit“: allar aðgerðir, þ.m.t. vettvangsferðir, vöktun losunar og úttektir á innri skýrslum og skjölum varðandi eftirfylgni, sannprófanir á innri vöktun, kannanir á þeirri tækni sem notuð er og á því hvort umhverfisstjórnunin í stöðinni sé fullnægjandi og eru kannanirnar framkvæmdar af hálfu eða á vegum lögbærs yfirvalds til að hafa eftirlit með og stuðla að því að stöðvarnar fari að leyfisskilyrðum og, ef nauðsyn krefur, að vakta umhverfisleg áhrif þeirra,

23) „alifugl“: alifugl eins og hann er skilgreindur í 1. lið 2. gr. tilskipunar ráðsins 90/539/EBE frá 15. október 1990 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan Bandalagsins og innflutning á alifuglum og útungunareggjum frá þriðju löndum ([25]),

24) „eldsneyti“: öll föst, fljótandi eða gaskennd brennanleg efni,

25) „brennsluver“: sérhver tæknibúnaður þar sem eldsneyti er brennt í því skyni að nýta þann varma sem þá myndast,

26) „reykháfur“: mannvirki með eina eða fleiri loftrásir sem leiða út úrgangslofttegundir til að losa þær út í andrúmsloftið,

27) „rekstrarstundir“: sá tími, gefinn upp sem klukkustundir, sem brennsluver, í heild eða að hluta, er í rekstri og losar útblástur út í andrúmsloftið, að frátöldum gangsetningar- og stöðvunartímabilum,

28) „hlutfall brennisteinshreinsunar“: það hlutfall magns af brennisteini á tilteknu tímabili sem brennsluver losar ekki út í andrúmsloftið á móti brennisteinsmagninu í því eldsneyti í föstu formi sem kemur inn í brennsluverið og er notað í verinu á sama tímabili,

29) „innlent eldsneyti í föstu formi“: eldsneyti í föstu formi sem finnst í náttúrulegu umhverfi og er brennt í brennsluveri sem er sérstaklega hannað fyrir það eldsneyti og er dregið út á staðnum,

30) „ákvarðandi eldsneyti“: eldsneyti, sem meðal allra eldsneytistegunda sem notaðar eru í brennsluveri sem brennir margs konar eldsneyti og notar eimingar- og ummyndunarleifar frá hreinsun jarðolíu til eigin nota, eingöngu eða með öðrum eldsneytistegundum, hefur hæstu viðmiðunarmörkin fyrir losun, eins og þau eru sett fram í 1. hluta V. viðauka, eða, ef um er að ræða margar eldsneytistegundir með sömu viðmiðunarmörk fyrir losun, það eldsneyti sem hefur hæsta varmagildið af þessum eldsneytistegundum,

31) „lífmassi“: eitthvað af eftirtöldu:

a) vara sem samanstendur af plöntuefni frá landbúnaði eða skógrækt sem hægt er að nota sem eldsneyti í þeim tilgangi að endurheimta orkuinnihald þess,

b) eftirfarandi úrgangur:

i. úrgangur úr jurtaríkinu frá landbúnaði og skógrækt,

ii. úrgangur úr jurtaríkinu frá matvælavinnslu ef varminn, sem losnar, er nýttur,

iii. trefjaríkur úrgangur úr jurtaríkinu frá framleiðslu á deigi úr nýjum trefjum og frá framleiðslu á pappír úr pappírsdeigi ef hann er sambrenndur á framleiðslustað og varminn, sem losnar, er nýttur,

iv. korkúrgangur,

v. viðarúrgangur, að undanskildum viðarúrgangi sem kann að innihalda halógenuð, lífræn efnasambönd eða þungmálma af völdum meðhöndlunar með viðarvarnarefnum eða yfirborðsmeðferðarefnum og sem inniheldur einkum viðarúrgang frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi,

32) „brennsluver sem brennir margs konar eldsneyti“: hvert það brennsluver sem unnt er að knýja samtímis eða til skiptis með tveimur eða fleiri gerðum eldsneytis,

33) „gashverfill“: vél sem snýst og breytir varmaorku í vélræna vinnu og er í meginatriðum gerð úr þjöppu, varmaeiningu, þar sem eldsneyti er oxað til að hita vinnsluvökvann, og hverfli,

34) „gashreyfill“: brunahreyfill sem starfar samkvæmt Otto-vinnuhringnum og notar neistakveikju til að brenna eldsneyti eða þjöppukveikju þegar um er að ræða vélar sem nota tvær eldsneytistegundir,

([23]) Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1
([24]) Stjtíð. EB L 327, 22.12.2000, bls. 1.
([25]) Stjtíð. EB L 303, 31.10.1990, bls. 6.

35) „dísilhreyfill“: brunahreyfill sem starfar samkvæmt dísilhringnum og notar þjöppukveikju til að brenna eldsneyti,

36) „lítið, einangrað kerfi“: lítið, einangrað kerfi eins og það er skilgreint í 26. lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/54/EB frá 26. júní 2003 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku ([26]),

37) „úrgangur“: úrgangur eins og hann er skilgreindur í 1. lið 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang ([27]),

38) „hættulegur úrgangur“: hættulegur úrgangur eins og hann er skilgreindur í 2. lið 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB,

39) „blandaður heimilis- og rekstrarúrgangur“: úrgangur frá heimilishaldi, svo og úrgangur frá verslun, iðnaði og stofnunum sem vegna eðlis síns eða samsetningar líkist úrgangi frá heimilishaldi en að undanskildum hlutum sem tilgreindir eru undir númeri 20 01 í viðaukanum við ákvörðun 2000/532/EB ([28]) og er safnað saman og haldið aðskildum þar sem þeir falla til og að undanskildum öðrum úrgangi sem tilgreindur er undir númeri 20 02 í þeim viðauka,

40) „sorpbrennslustöð“: staðbundin eða færanleg tækni-eining ásamt búnaði sem er sérstaklega ætlaður til varma-meðhöndlunar á úrgangi, hvort sem varminn, sem myndast við brennsluna, er nýttur eða ekki, með brennslu úrgangs með oxun, ásamt annarri varmatengdri meðhöndlun, svo sem hitasundrun, gösun eða plasmameðferð, ef efnin, sem myndast við meðhöndlunina, eru brennd á eftir,

41) „sorpsambrennslustöð“: staðbundin eða færanleg tækni-eining sem hefur þann megintilgang að framleiða orku eða framleiða efnislegar vörur og sem notar úrgang sem venjulegt eða viðbótareldsneyti eða þar sem úrgangur er varmameðhöndlaður í þeim tilgangi að farga honum með brennslu úrgangs með oxun, ásamt annarri varmatengdri meðhöndlun, svo sem hitasundrun, gösun eða plasmameðferð, ef efnin, sem myndast við meðhöndlunina, eru brennd á eftir,

42) „nafnafköst“: samanlögð afköst brennsluofna sorp-brennslustöðvar eða sorpsambrennslustöðvar samkvæmt lýsingu framleiðanda og staðfestingu rekstraraðila, með tilliti til varmagildis úrgangsins sem tilgreint er sem magn úrgangs sem brennt er á klukkustund;

43) „díoxín og fúrön“: öll fjölklóruð díbensó-p-díoxín og díbensófúrön sem eru tilgreind í 2. hluta VI. viðauka,

44) „lífrænt efnasamband“: sérhvert efnasamband sem inni-heldur a.m.k. frumefnið kolefni og eitt eða fleiri eftirtalinna efna: vetni, halógena, súrefni, brennistein, fosfór, kísil eða köfnunarefni, að undanskildum kolefnisoxíðum og ólífrænum karbónötum og bíkarbónötum,

45) „rokgjarnt, lífrænt efnasamband“: lífrænt efnasamband sem og sá hluti kreósóts sem hefur gufuþrýsting sem er 0,01 kPa eða meiri við 293,15 K eða er rokgjarnt í samsvarandi mæli við þau notkunarskilyrði sem um er að ræða,

46) „lífrænn leysir“: sérhvert rokgjarnt, lífrænt efnasamband sem er notað í eftirfarandi tilgangi:

a) eitt eða í samsetningu með öðrum efnum og án þess að það verði fyrir efnabreytingu til að leysa upp hráefni, vörur eða úrgangsefni,

b) sem hreinsiefni til að leysa upp aðskotaefni,

c) sem leysiefni,

d) sem dreifiefni,

e) sem seigjustillandi efni,

f) sem yfirborðsspennustillandi efni,

g) sem mýkiefni eða

h) sem rotvarnarefni,

47) „þekjuefni“: þekjuefni eins og það er skilgreint í 8. lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/42/EB frá 21. apríl 2004 um takmörkun á losun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda vegna notkunar lífrænna leysiefna í tiltekinni málningu og lakki og efnum til lakkviðgerða á ökutækjum ([29]).

4. gr.

Leyfisskylda

1. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að engar stöðvar eða brennsluver, sorpbrennslustöðvar eða sorpsambrennslustöðvar séu reknar án leyfis.

Með undanþágu frá fyrstu undirgrein geta aðildarríkin sett fram tilhögun fyrir skráningu stöðva sem falla aðeins undir V. kafla.

Tilhögun skráningar skal tilgreina í bindandi gerð og hún skal a.m.k felast í tilkynningu rekstraraðila til lögbærs yfirvalds um áform um að reka stöð.

([26]) Stjtíð. ESB L 176, 15.7.2003, bls. 37
([27]) Stjtíð. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3.
([28]) Ákvörðun 2000/532/EB frá 3. maí 2000 sem kemur í stað ákvörðunar 94/3/EB um skrá yfir úrgang samkvæmt a-lið 1. gr. tilskipunar ráðsins 75/442/EBE um úrgang og ákvörðunar ráðsins 94/904/EB um skrá yfir hættulegan úrgang skv. 4. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 91/689/EBE um hættulegan úrgang (Stjtíð. EB L 226, 6.9.2000, bls. 3).
([29]) Stjtíð. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 87.

2. Aðildarríki geta valið að heimila að leyfi gildi fyrir tvær eða fleiri stöðvar eða hluta af stöðvum sem reknar eru af sama rekstraraðila á sama stað.

Þegar leyfi gildir fyrir tvær eða fleiri stöðvar skal það innihalda skilyrði til að tryggja að hver stöð fari að kröfum þessarar tilskipunar.

3. Aðildarríki geta valið að heimila að leyfi gildi fyrir marga hluta stöðvar sem reknir eru af mismunandi rekstraraðilum. Í slíkum tilvikum skal tilgreina í leyfinu ábyrgð hvers rekstraraðila.

5. gr.

Leyfisveiting

1. Með fyrirvara um aðrar kröfur sem mælt er fyrir um í landslögum eða Sambandslögum skal lögbært yfirvald veita leyfi ef stöðin uppfyllir kröfur þessarar tilskipunar.

2. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að skilyrði fyrir leyfum og tilhögun við veitingu þeirra séu að fullu samræmd ef fleira en eitt lögbært yfirvald eða fleiri en einn rekstraraðili eiga í hlut eða fleiri en eitt leyfi er veitt, með það í huga að tryggja skilvirka og samþætta nálgun allra yfirvalda sem eru lögbær fyrir þessa málsmeðferð.

3. Ef um er að ræða nýja stöð eða umtalsverðar breytingar, þar sem 4. gr. tilskipunar 85/337/EBE gildir, skal við veitingu leyfisins skoða og nota allar upplýsingar sem fram hafa komið og máli skipta eða niðurstöður sem fengist hafa skv. 5., 6., 7. og 9. gr. þeirrar tilskipunar.

6. gr.

Almennar bindandi reglur

Með fyrirvara um leyfisskyldu geta aðildarríki sett kröfur fyrir tiltekna flokka stöðva, brennsluvera, sorpbrennslustöðva eða sorpsambrennslustöðva með almennum bindandi reglum.

Þar sem slíkar almennar bindandi reglur eru samþykktar getur leyfið einfaldlega innifalið tilvísun til slíkra reglna.

7. gr.

Óhöpp og slys

Með fyrirvara um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/35/EB frá 21. apríl 2004 um umhverfisábyrgð í tengslum við varnir gegn umhverfistjóni og úrbætur vegna þess ([30]) skulu aðildarríki, þegar um er að ræða hvers konar óhöpp eða slys sem hafa umtalsverð áhrif á umhverfið, grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að:

a) rekstraraðilinn upplýsi lögbært yfirvald tafarlaust,

b) rekstraraðilinn grípi tafarlaust til ráðstafana til að takmarka umhverfislegar afleiðingar og til að fyrirbyggja frekari möguleg óhöpp eða slys,

c) lögbært yfirvald krefji rekstraraðilann um að gera hverjar þær viðeigandi viðbótarráðstafanir sem lögbæra yfirvaldið telur nauðsynlegar til að takmarka umhverfislegar afleiðingar og til að fyrirbyggja frekari möguleg óhöpp eða slys.

8. gr.

Ef ekki er farið að tilskildum ákvæðum

1. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að farið sé að skilyrðum fyrir leyfi.

2. Þegar ekki er farið að leyfisskilyrðum skulu aðildarríki tryggja að:

a) rekstraraðilinn upplýsi lögbært yfirvald tafarlaust,

b) rekstraraðilinn grípi tafarlaust til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að reglufylgni sé komið á aftur eins fljótt og auðið er,

c) lögbært yfirvald krefji rekstraraðilann um að gera hverjar þær viðeigandi viðbótarráðstafanir sem lögbæra yfirvaldið telur nauðsynlegar til að koma reglufylgni á aftur.

Þegar ekki er farið að leyfisskilyrðum og það veldur bráðri hættu fyrir heilbrigði manna eða gæti valdið bráðum og umtalsverðum skaðlegum áhrifum á umhverfið og þar til reglufylgni er komið á aftur í samræmi við b- og c-lið í fyrstu undirgrein skal rekstur stöðvar, brennsluvers, sorpbrennslustöðvar, sorpsambrennslustöðvar eða viðkomandi hluta þeirra stöðvaður tímabundið.

9. gr.

Losun gróðurhúsalofttegunda

1. Þegar losun gróðurhúsalofttegundar frá stöð er tilgreind í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB í tengslum við starfsemi, sem fram fer í þeirri stöð, skal leyfið ekki fela í sér viðmiðunarmörk fyrir losun að því er varðar beina losun á þeirri lofttegund, nema það sé nauðsynlegt til að tryggja að engin veruleg, staðbundin mengun eigi sér stað.

2. Þegar um er að ræða starfsemi, sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, er það undir aðildarríkjunum komið hvort þau setja kröfur um orkunýtni brennslueininga eða annarra eininga sem losa koltvísýring á staðnum.

([30]) Stjtíð. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 56.

3. Ef nauðsyn krefur skulu lögbær yfirvöld gera breytingar á leyfinu eftir því sem við á.

4. Málsgreinar 1 til 3 skulu ekki gilda um stöðvar sem falla tímabundið ekki undir kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Sambandsins í samræmi við 27. gr. tilskipunar 2003/87/EB.

II. KAFLI

ÁKVÆÐI FYRIR STARFSEMI SEM TALIN ER UPP Í I. VIÐAUKA

10. gr.

Gildissvið

Þessi kafli skal gilda fyrir starfsemi sem sett er fram í I. viðauka og, eftir atvikum, sem nær þeim viðmiðunargildum fyrir afkastagetu sem sett eru fram í þeim viðauka.

11. gr.

Meginreglur um grundvallarskyldur rekstraraðila

Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að stöðvar séu reknar í samræmi við eftirfarandi meginreglur:

a) að gerðar séu allar viðeigandi forvarnarráðstafanir gegn mengun,

b) að notuð sé besta, fáanlega tækni,

c) að ekki leiði til umtalsverðar mengunar,

d) að komið sé í veg fyrir myndun úrgangs í samræmi við tilskipun 2008/98/EB,

e) að þar sem úrgangur er myndaður sé hann, eftir forgangsröð og í samræmi við tilskipun 2008/98/EB, útbúinn fyrir endurnotkun, endurunninn, endurheimtur eða, þar sem það er tæknilega eða fjárhagslega ómögulegt, honum fargað um leið og forðast er eða dregið úr öllum áhrifum á umhverfið,

f) að orka sé vel nýtt,

g) að nauðsynlegar ráðstafanir séu gerðar til að koma í veg fyrir slys og takmarka afleiðingar þeirra, ef þau verða,

h) að nauðsynlegar ráðstafanir séu gerðar þegar starfsemin er stöðvuð endanlega til að komast hjá allri áhættu á mengun og koma staðnum, þar sem starfsemin fór fram, aftur í viðunandi horf eins og það er skilgreint í 22. gr.

12. gr.

Umsókn um leyfi

1. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að umsókn um leyfi innihaldi lýsingu á eftirfarandi:

a) stöðinni og starfsemi hennar,

b) hráefnum og hjálparefnum, öðrum efnum og þeirri orku sem er notuð eða framleidd í stöðinni,

c) upptökum losunar í stöðinni,

d) staðháttum við stöðina,

e) eftir atvikum skýrslu um grunnástand í samræmi við 2. mgr. 22 gr.,

f) eðli og magni fyrirsjáanlegrar losunar frá stöðinni út í hvern hluta umhverfisins, svo og tilgreining á umtalsverðum áhrifum losunarinnar á umhverfið,

g) áformaðri tækni og öðrum aðferðum til að koma í veg fyrir mengun eða, ef það tekst ekki, draga úr losun frá stöðinni,

h) fyrirbyggjandi ráðstöfunum, undirbúningi fyrir endurnotkun, endurvinnslu og endurheimt úrgangs sem myndast í stöðinni,

i) frekari ráðstöfnunum sem eru ráðgerðar til að fara að almennu meginreglunum um grundvallarskyldur rekstraraðila sem kveðið er á um í 11. gr.,

j) ráðstöfunum, sem eru ráðgerðar til að vakta losun út í umhverfið,

k) helstu valkostum, sem umsækjandinn hefur rannsakað, í stað áformaðrar tækni, aðferða og ráðstafana, í formi yfirlits.

Í umsókn um leyfi skal einnig vera samantekt, sem ekki er á tæknimáli, um þau atriði sem getið er í fyrstu undirgrein.

2. Þegar upplýsingar, sem eru veittar í samræmi við kröfurnar sem kveðið er á um í tilskipun 85/337/EBE, eða öryggisskýrsla sem tekin er saman í samræmi við tilskipun 96/82/EB eða aðrar upplýsingar, sem eru lagðar fram í samræmi við önnur lög, uppfylla einhver skilyrða 1. mgr. er heimilt að setja þessar upplýsingar í umsóknina eða láta þær fylgja henni.

13. gr.

Tilvísunarskjöl um bestu, fáanlegu tækni og upplýsingaskipti

1. Til að taka saman, endurskoða og þegar nauðsyn krefur að uppfæra tilvísunarskjöl um bestu, fáanlegu tækni skal framkvæmdastjórnin skipuleggja upplýsingaskipti milli aðildarríkja, viðkomandi iðnaðar, frjálsra félagasamtaka sem styðja umhverfisvernd og framkvæmdastjórnarinnar.

2. Upplýsingaskiptin skulu einkum varða eftirfarandi:

a) frammistöðu stöðva og tækni að því er varðar losun, sett fram sem skammtíma- og langtímameðaltöl, eftir því sem við á, og tengdar viðmiðunaraðstæður, notkun og eðli hráefna, vatnsnotkun, orkunotkun og myndun úrgangs,

b) tæknina sem notuð er, tengda vöktun, áhrif þvert á miðla, efnahagslegan og tæknilegan lífvænleika og þróun á þeim vettvangi,

c) bestu, fáanlegu tækni og tækninýjungar sem eru sanngreindar að teknu tilliti til þáttanna sem nefndir eru í a- og b-lið.

3. Framkvæmdastjórnin skal koma á fót og boða reglulega til funda samstarfsvettvangs sem samanstendur af fulltrúum aðildarríkja, viðkomandi iðnaðar og frjálsum félagasamtökum sem styðja umhverfisvernd.

Framkvæmdastjórnin skal fá fram skoðun samstarfsvettvangsins á hentugu fyrirkomulagi fyrir upplýsingaskipti og einkum um eftirfarandi:

a) starfsreglur samstarfsvettvangsins,

b) vinnuáætlun fyrir upplýsingaskipti,

c) leiðbeiningar um gagnasöfnun,

d) leiðbeiningar um gerð tilvísunarskjala um bestu, fáanlegu tækni og um gæðatryggingu þeirra, þ.m.t. hentugleika innihalds þeirra og framsetningar.

Í leiðbeiningunum, sem um getur í c- og d-lið í annarri undirgrein, skal taka tillit til skoðunar samstarfsvettvangsins og skal samþykkja þær í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 75. gr.

4. Framkvæmdastjórnin skal fá fram og gera aðgengilega öllum skoðun samstarfsvettvangsins á fyrirhuguðu efni tilvísunarskjalanna um bestu, fáanlegu tækni og skal taka tillit til þessarar skoðunar fyrir málsmeðferðarreglurnar sem mælt er fyrir um í 5. mgr.

5. Ákvarðanir um niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni skal samþykkja í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 75. gr.

6. Eftir samþykkt ákvörðunar í samræmi við 5. mgr. skal framkvæmdastjórnin án tafar gera tilvísunarskjalið um bestu, fáanlegu tækni aðgengilegt öllum og tryggja að niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni séu gerðar aðgengilegar á öllum opinberum tungumálum Sambandsins.

7. Meðan beðið er samþykktar viðkomandi ákvörðunar í samræmi við 5. mgr. skulu niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni úr tilvísunarskjölum um bestu, fáanlegu tækni, sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt fyrir dagsetninguna sem um getur í 83. gr., gilda sem niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni að því er varðar þennan kafla að undanskilinni 3. og 4. mgr. 15. gr.

14. gr.

Leyfisskilyrði

1. Aðildarríki skulu tryggja að leyfið innihaldi allar nauðsynlegar ráðstafanir til að farið sé að kröfum 11. og 18. gr.

Þessar ráðstafanir skulu a.m.k. fela í sér eftirfarandi:

a) viðmiðunarmörk fyrir losun fyrir mengandi efni sem tilgreind eru í II. viðauka og fyrir önnur mengandi efni, sem telja má líklegt að verði losuð frá viðkomandi stöð í umtalsverðu magni, með hliðsjón af eðli þeirra og getu til að færa mengun frá einu umhverfishólfi til annars,

b) viðeigandi kröfur sem tryggja vernd jarðvegs og grunnvatns og ráðstafanir varðandi vöktun og stjórnun úrgangs sem myndaður er í stöðinni.

c) viðeigandi kröfur um vöktun losunar þar sem tilgreint er:

   i. aðferðafræði við mælingar, tíðni og matsferli, og

   ii. þar sem b-lið 3. mgr. 15. gr. er beitt: að niðurstöður vöktunar á losun séu tiltækar fyrir sömu tímabil og viðmiðunaraðstæður og fyrir losunargildin sem tengjast bestu, fáanlegu tækni,

d) skyldu til að veita lögbæru yfirvaldi reglulega og minnst árlega:

   i. upplýsingar á grundvelli niðurstaðna vöktunar á losun sem um getur í c-lið og önnur nauðsynleg gögn sem gera lögbæru yfirvaldi kleift að sannreyna hvort farið sé að leyfisskilyrðunum og

   ii. þar sem b-lið 3. mgr. 15. gr. er beitt: samantekt á niðurstöðum vöktunar á losun sem gerir mögulegan samanburð við losunargildin sem tengjast bestu, fáanlegu tækni,

e) viðeigandi kröfur um reglulegt viðhald og eftirlit að því er varðar ráðstafanir sem gerðar eru til að fyrirbyggja losun í jarðveg og grunnvatn skv. b-lið og viðeigandi kröfur varðandi reglubundið eftirlit með jarðvegi og grunnvatni í tengslum við viðkomandi hættuleg efni sem eru líkleg til að finnast á staðnum og með hliðsjón af mögulegri jarðvegs- og grunnvatnsmengun á stöðvarsvæðinu,

f) ráðstafanir varðandi önnur skilyrði en venjuleg rekstrarskilyrði svo sem ræsingar- og stöðvunaraðgerðir, leka, bilanir, tímabundnar stöðvanir og endanlega stöðvun rekstrar,

g) ákvæði um lágmörkun víðfeðmrar mengunar eða mengunar sem fer yfir landamæri,

h) skilyrði fyrir mat á samræmi við viðmiðunarmörk fyrir losun eða tilvísun í viðeigandi kröfur sem tilgreindar eru annars staðar.

2. Að því er varðar a-lið 1 mgr. má auka eða skipta út viðmiðunarmörkum fyrir losun með jafngildum breytum eða tæknilegum ráðstöfunum sem tryggja samsvarandi umhverfisverndarstig.

3. Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni skulu vera viðmiðun fyrir setningu leyfisskilyrða.

4. Með fyrirvara um 18. gr. getur lögbært yfirvald sett strangari leyfisskilyrði en þau sem fá má með notkun bestu, fáanlegu tækni eins og lýst er í niðurstöðum um bestu, fáanlegu tækni. Aðildarríki geta komið á reglum en samkvæmt þeim getur lögbært yfirvald sett slík strangari skilyrði.

5. Þegar lögbært yfirvald setur leyfisskilyrði á grundvelli bestu, fáanlegu tækni sem ekki er lýst í neinum niðurstöðum um bestu, fáanlegu tækni skal það tryggja:

a) að sú tækni sé ákvörðuð með sérstöku tilliti til viðmiðananna sem taldar eru upp í III. viðauka og

b) að farið sé að kröfunum í 15. gr.

Þar sem niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni, sem um getur í fyrstu undirgrein, innihalda ekki losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni skal lögbært yfirvald tryggja að tæknin sem vísað er til í fyrstu undirgrein tryggi samsvarandi umhverfisverndarstig og besta, fáanlega tæknin sem lýst er í niðurstöðum um bestu, fáanlegu tækni.

6. Þegar starfsemi eða vinnsluferli sem fer fram innan stöðvar fellur ekki undir neinar af niðurstöðum um bestu, fáanlegu tækni eða þar sem þessar niðurstöður fjalla ekki um öll möguleg umhverfisáhrif starfseminnar eða ferlisins skal lögbært yfirvald, að undangengnu samráði við rekstraraðilann, setja leyfisskilyrðin á grundvelli bestu, fáanlegu tækni sem það hefur ákvarðað fyrir viðkomandi starfsemi eða ferli með því að taka sérstakt tillit til viðmiðananna sem taldar eru upp í III. viðauka.

7. Fyrir stöðvar, sem um getur í lið 6.6 í I. viðauka, skulu 1. til 6. mgr. þessarar greinar gilda með fyrirvara um löggjöf varðandi velferð dýra.

15. gr.

Viðmiðunarmörk fyrir losun, jafngildar breytur og tæknilegar ráðstafanir

1. Viðmiðunarmörk fyrir losun mengandi efna skulu gilda á losunarstað efnanna við stöðina og skal ekki taka tillit til þynningar, sem á sér stað áður en að þeim stað er komið, þegar þessi mörk eru ákvörðuð.

Að því er varðar óbeina losun mengandi efna í vatn er heimilt að taka tillit til áhrifa vatnshreinsistöðva þegar viðmiðunarmörk fyrir losun eru ákvörðuð fyrir viðkomandi stöð, að því tilskildu að samsvarandi umhverfisverndarstig fyrir umhverfið í heild sé tryggt og að því tilskildu að þetta leiði ekki til aukinnar mengunar í umhverfinu.

2. Með fyrirvara um 18. gr. skulu viðmiðunarmörk fyrir losun og jafngildar breytur og tæknilegar ráðstafanir sem um getur í 1. og 2. mgr. 14. gr. byggjast á bestu, fáanlegu tækni, án þess að mælt sé fyrir um tilgreinda aðferð eða tækni.

3. Lögbært yfirvald skal setja viðmiðunarmörk fyrir losun sem tryggja, við venjuleg rekstrarskilyrði, að losun fari ekki yfir losunargildin sem tengjast bestu, fáanlegu tækni eins og mælt er fyrir um í ákvörðununum um niðurstöður um bestu fáanlegu tækni sem vísað er til í 5. mgr. 13. gr. með öðru af eftirfarandi:

a) með setningu viðmiðunarmarka fyrir losun sem fara ekki yfir losunargildin sem tengjast bestu, fáanlegu tækni. Þessi viðmiðunarmörk fyrir losun skal gefa upp fyrir sama eða styttra tímabil og við sömu viðmiðunaraðstæður og þau losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni, eða

b) með setningu annarra viðmiðunarmarka fyrir losun en þeirra sem um getur í a-lið að því er varðar gildi, tímabil og viðmiðunaraðstæður.

Þar sem b-lið er beitt skal lögbært yfirvald meta minnst árlega niðurstöður vöktunar á losun til að tryggja að losun við venjulegar rekstraraðstæður hafi ekki farið yfir losunargildin sem tengjast bestu, fáanlegu tækni.

4. Með undanþágu frá 3. mgr. og með fyrirvara um 18. gr. getur lögbært yfirvald í sérstökum tilvikum sett vægari viðmiðunarmörk fyrir losun. Slíkri undanþágu má aðeins beita þegar mat sýnir að það að ná losunargildum sem tengjast bestu, fáanlegu tækni, eins og lýst er í niðurstöðum um bestu, fáanlegu tækni, myndi leiða til óeðlilega mikils kostnaðar í samanburði við umhverfislegan ávinning vegna:

a) landfræðilegrar staðsetningar eða staðbundinna umhverfisaðstæðna viðkomandi stöðvar, eða

b) tæknilegra eiginleika viðkomandi stöðvar.

Lögbært yfirvald skal skjalfesta ástæðurnar fyrir beitingu fyrstu undirgreinar í viðauka við leyfisskilyrðin, þ.m.t. niðurstöðu matsins og rökstuðning fyrir setningu skilyrðanna.

Þau viðmiðunarmörk fyrir losun sem sett eru í samræmi við fyrstu undirgrein skulu samt sem áður ekki vera yfir viðmiðunarmörkunum fyrir losun sem sett eru fram í viðaukunum við þessa tilskipun, eftir atvikum.

Lögbært yfirvald skal í öllum tilvikum tryggja að ekki sé valdið neinni umtalsverðri mengun og að háu umhverfisverndarstigi fyrir umhverfið í heild sé náð.

Á grundvelli upplýsinga sem aðildarríki veita í samræmi við 1. mgr. 72. gr., einkum varðandi beitingu þessarar málsgreinar, getur framkvæmdastjórnin ef nauðsyn krefur metið og skýrt frekar með leiðbeiningum viðmiðanirnar sem taka á tillit til við beitingu þessarar málsgreinar.

Lögbært yfirvald skal endurmeta beitingu fyrstu undirgreinar sem hluta af hverri endurskoðun leyfisskilyrða skv. 21. gr.

5. Lögbært yfirvald getur veitt tímabundnar undanþágur frá kröfum 2. og 3. mgr. þessarar greinar og frá a- og b-liðum 11. gr. um prófanir og notkun á tækninýjungum fyrir tímabil sem ekki má vera lengra en 9 mánuðir, að því tilskildu að eftir tilgreint tímabil sé notkun tækninnar hætt eða starfsemin nái a.m.k. losunargildunum sem tengjast bestu, fáanlegu tækni.

16. gr.

Kröfur um vöktun

1. Kröfurnar um vöktun sem um getur í c-lið 1. mgr. 14. gr. skulu eftir atvikum byggjast á niðurstöðum vöktunar eins og lýst er í niðurstöðum um bestu, fáanlega tækni.

2. Tíðni þess reglubundna eftirlits, sem um getur í e-lið 1. mgr. 14. gr., skal ákvörðuð af lögbæru yfirvaldi í leyfi fyrir hverja stöð fyrir sig eða með almennum bindandi reglum.

Með fyrirvara um fyrstu undirgrein skal framkvæma reglubundið eftirlit a.m.k. 5. hvert ár fyrir grunnvatn og 10. hvert ár fyrir jarðveg nema slík vöktun byggist á kerfisbundnu mati á áhættu á mengun.

17. gr.

Almennar bindandi reglur fyrir starfsemi sem tilgreind er í I. viðauka

1. Þegar aðildarríki samþykkja almennar bindandi reglur skulu þau tryggja samþætta stefnu og hátt umhverfisverndarstig sem jafngildir því sem hægt er að ná með sérstökum leyfisskilyrðum fyrir hverja stöð.

2. Almennar bindandi reglur skulu byggjast á bestu, fáanlegu tækni án þess að mælt sé fyrir um notkun tilgreindra aðferða eða tækni til að tryggja samræmi við 14. og 15. gr.

3. Aðildarríki skulu tryggja að almennar bindandi reglur séu uppfærðar til að taka tillit til þróunar á bestu, fáanlegu tækni og til að tryggja samræmi við 21. gr.

4. Almennar bindandi reglur, sem samþykktar eru í samræmi við 1. til 3. mgr., skulu innihalda tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega.

18. gr.

Umhverfisgæðakröfur

Ef strangari skilyrða er þörf í umhverfisgæðastaðli en hægt er að uppfylla með bestu, fáanlegu tækni skal leyfið innihalda viðbótarráðstafanir, með fyrirvara um aðrar ráðstafanir sem kunna að vera gerðar til að uppfylla umhverfisgæðastaðla.

19. gr.

Þróun á bestu, fáanlegu tækni

Aðildarríki skulu tryggja að lögbært yfirvald fylgist með eða sé upplýst um þróun á bestu, fáanlegu tækni og um útgáfu allra nýrra eða uppfærðra niðurstaðna um bestu, fáanlegu tækni og skal gera þær upplýsingar aðgengilegar þeim hluta almennings sem málið varðar.

20. gr.

Breytingar sem rekstraraðilar gera á stöðvum

1. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að rekstraraðili upplýsi lögbært yfirvald um allar fyrirhugaðar breytingar á eðli eða virkni eða stækkun stöðvar sem getur haft afleiðingar fyrir umhverfið. Lögbæra yfirvaldið skal uppfæra leyfið eftir því sem við á.

2. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að engin umtalsverð breyting, sem rekstraraðili áformar, verði gerð án leyfis sem veitt er í samræmi við þessa tilskipun

Umsóknin um leyfi og ákvörðun lögbærs yfirvalds skulu taka til þeirra hluta stöðvarinnar og þeirra atriða sem eru tilgreind í 12. gr. sem þessi umtalsverða breyting gæti haft áhrif á.

3. Sérhver breyting á eðli eða virkni eða stækkun stöðvar skal teljast umtalsverð ef breytingin eða stækkunin í sjálfu sér nær þeim viðmiðunargildum fyrir afkastagetu sem sett eru fram í I. viðauka.

21. gr.

Endurmat og uppfærsla lögbærs yfirvalds á leyfisskilyrðum

1. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að lögbært yfirvald endurmeti öll leyfisskilyrði reglulega í samræmi við 2. til 5. mgr. og uppfæri þessi skilyrði ef nauðsyn krefur til að tryggja að farið sé að þessari tilskipun.

2. Þegar lögbært yfirvald fer fram á það skal rekstraraðilinn leggja fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að endurmeta leyfisskilyrðin, þ.m.t. einkum niðurstöður vöktunar á losun og önnur gögn sem gera mögulegan samanburð á starfsemi stöðvarinnar með bestu, fáanlegu tækni, sem lýst er í viðeigandi niðurstöðum um bestu, fáanlegu tækni, og losunargildunum sem tengjast bestu, fáanlegu tækni.

Þegar leyfisskilyrðin eru endurmetin skal lögbært yfirvald nota þær upplýsingar sem komið hafa fram við vöktun eða eftirlit.

3. Innan fjögurra ára frá birtingu ákvarðana um niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni í samræmi við 5. mgr. 13. gr. varðandi aðalstarfsemi stöðvar skal lögbært yfirvald tryggja að:

a) öll leyfisskilyrði fyrir viðkomandi stöð séu endurmetin og ef nauðsyn krefur uppfærð til að tryggja að farið sé að þessari tilskipun, einkum 3. og 4. mgr. 15. gr. eftir því sem við á,

b) stöðin uppfylli þessi leyfisskilyrði.

Í endurmatinu skal taka tillit til allra nýrra eða uppfærðra niðurstaðna um bestu, fáanlegu tækni sem við á fyrir stöðina og samþykktar hafa verið í samræmi við 5. mgr. 13. gr. síðan leyfið var veitt eða endurmetið síðast.

4. Þegar stöð fellur ekki undir neinar niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni skal endurmeta leyfisskilyrðin og ef nauðsyn krefur uppfæra að svo miklu leyti sem þróun á bestu, fáanlegu tækni gerir mögulega umtalsverða minnkun á losun.

5. Leyfisskilyrðin skal endurmeta og ef nauðsyn krefur uppfæra a.m.k. í eftirfarandi tilvikum:

a) mengun af völdum stöðvar er slík að nauðsynlegt reynist að endurskoða gildandi viðmiðunarmörk fyrir losun sem tilgreind eru í leyfi eða láta ný viðmiðunarmörk koma fram í leyfinu,

b) nota þarf aðra tækni vegna rekstraröryggis,

c) þegar nauðsynlegt er að fara að nýjum eða endurskoðuðum umhverfisgæðastöðlum í samræmi við 18. gr.

22. gr.

Lokun svæðis

1. Með fyrirvara um tilskipun 2000/60/EB, tilskipun 2004/35/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/118/EB frá 12. desember 2006 um verndun grunnvatns gegn mengun og spillingu ([31]) og um viðkomandi Sambandslög um jarðvegsvernd skal lögbært yfirvald setja leyfisskilyrði til að tryggja að farið sé að 3. og 4. mgr. þessarar greinar þegar starfsemi er stöðvuð endanlega.

2. Þegar starfsemi felur í sér notkun, framleiðslu eða losun viðkomandi hættulegra efna og með hliðsjón af mögulegri jarðvegs- og grunnvatnsmengun á stöðvarsvæðinu skal rekstraraðili taka saman og leggja fyrir lögbært yfirvald skýrslu um grunnástand áður en starfsemi stöðvar hefst eða áður en leyfi stöðvar er uppfært í fyrsta skipti eftir 7. janúar 2013.

Skýrslan um grunnástand skal innihalda upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að ákvarða stöðu jarðvegs- og grunnvatnsmengunar þannig að hægt sé að gera magnbundinn samanburð við stöðuna þegar starfsemi er endanlega stöðvuð eins og mælt er fyrir um í 3. mgr.

Í skýrslunni um grunnástand skulu koma fram a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

a) upplýsingar um núverandi notkun og, þegar þær eru tiltækar, upplýsingar um fyrri notkun svæðisins,

b) upplýsingar um mælingar á jarðvegi og grunnvatni, sem sýna stöðuna á þeim tíma sem skýrslan er gerð, þegar þær eru tiltækar en annars nýjar jarðvegs- og grunnvatnsmælingar með hliðsjón af mögulegri jarðvegs- og grunnvatnsmengun vegna þeirra hættulegu efna sem viðkomandi stöð notar, framleiðir eða losar.

Þegar upplýsingar, sem er aflað samkvæmt öðrum landslögum eða Sambandslögum, uppfylla kröfur þessarar málsgreinar er heimilt að hafa þær í eða láta þær fylgja skýrslunni um grunnástand sem lögð er fram.

Framkvæmdastjórnin skal koma upp leiðbeiningum um innihald skýrslunnar um grunnástand.

3. Við endanlega stöðvun starfseminnar skal rekstraraðili meta stöðu jarðvegs- og grunnvatnsmengunar vegna viðkomandi hættulegra efna sem stöðin notar, framleiðir eða losar. Ef stöðin hefur valdið umtalsverðri mengun í jarðvegi eða grunnvatni með viðkomandi hættulegum efnum samanborið við stöðuna sem staðfest er í skýrslunni um grunnástand, sem um getur í 2. mgr., skal rekstraraðili grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að taka á þeirri mengun í þeim tilgangi að koma svæðinu aftur í það ástand. Í þeim tilgangi er heimilt að taka tillit til þess hvort slíkar ráðstafanir eru tæknilega framkvæmanlegar.

Rekstraraðilinn skal, með fyrirvara um fyrstu undirgrein, við endanlega stöðvun starfseminnar og þegar mengun jarðvegs og grunnvatns á staðnum veldur umtalsverðri áhættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið sem afleiðing af leyfðri starfsemi rekstraraðilans áður en leyfið fyrir stöðina er uppfært í fyrsta sinn eftir 7. janúar 2013 og með tilliti til ástands stöðvarsvæðisins sem staðfest hefur verið í samræmi við d-lið 1. mgr. 12. gr., grípa til nauðsynlegra ráðstafana sem miða að því að fjarlægja, verjast, afmarka eða draga úr viðkomandi hættulegum efnum þannig að svæðið, með tilliti til núverandi nota eða samþykktra nota í framtíðinni, valdi ekki lengur slíkri áhættu.

([31]) Stjtíð. ESB L 372, 27.12.2006, bls. 19.

4. Þar sem þess er ekki krafist að rekstraraðilinn taki saman skýrslu um grunnástand, sem um getur í 2. mgr., skal rekstraraðilinn við endanlega stöðvun starfseminnar grípa til nauðsynlegra ráðstafana sem miða að því að fjarlægja, verjast, afmarka eða draga úr viðkomandi hættulegum efnum þannig að svæðið, með tilliti til núverandi nota eða samþykktra nota í framtíðinni, valdi ekki lengur umtalsverðri áhættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið vegna mengunar jarðvegs og grunnvatns sem leitt hefur af leyfðri starfsemi og með tilliti til ástands stöðvarsvæðisins sem staðfest hefur verið í samræmi við d-lið 1. mgr. 12. gr.

23. gr.

Umhverfiseftirlit

1. Aðildarríki skulu koma á kerfi fyrir umhverfiseftirlit með stöðvum sem tekur til athugunar á öllum þáttum umhverfisáhrifa viðkomandi stöðva sem máli skipta.

Aðildarríki skulu tryggja að rekstraraðilar aðstoði lögbær yfirvöld eins og nauðsyn krefur til að gera þessum yfirvöldum kleift að framkvæma hvers kyns eftirlit innan stöðvarinnar, að taka sýni og að afla allra upplýsinga sem eru þeim nauðsynlegar til að rækja skyldur sínar samkvæmt þessari tilskipun.

2. Aðildarríki skulu tryggja að allar stöðvar falli undir landsbundna, svæðisbundna eða staðbundna umhverfiseftirlitsáætlun og skulu tryggja að þessi áætlun sé endurskoðuð reglulega og uppfærð eftir því sem við á.

3. Hver umhverfiseftirlitsáætlun skal innihalda eftirfarandi:

a) almennt mat á umtalsverðum umhverfisþáttum sem máli skipta,

b) hvaða landfræðilegt svæði eftirlitsáætlunin nær yfir,

c) skrá yfir þær stöðvar sem áætlunin nær yfir,

d) málsmeðferðarreglur fyrir samningu áætlana um reglubundið umhverfiseftirlit skv. 4. mgr.,

e) málsmeðferðarreglur fyrir óvenjubundið umhverfiseftirlit skv. 5. mgr.,

f) ákvæði, ef nauðsyn krefur, um samvinnu milli mismunandi eftirlitsyfirvalda.

4. Lögbært yfirvald skal reglulega gera áætlanir, á grundvelli eftirlitsáætlana, um reglubundið umhverfiseftirlit, þ.m.t. um tíðni vettvangsheimsókna fyrir mismunandi gerðir stöðva.

Tímabilið milli tveggja vettvangsheimsókna skal byggjast á kerfisbundnu mati á umhverfisáhættu viðkomandi stöðva og skal ekki vera lengra en 1 ár fyrir stöðvar sem valda mestri áhættu en 3 ár fyrir stöðvar sem valda minnstri hættu.

Ef eftirlit sýnir fram á mikilvægt brot á leyfisskilyrðum skal viðbótarvettvangsheimsókn fara fram innan 6 mánaða frá því eftirliti.

Kerfisbundið mat á umhverfisáhættu skal byggjast á a.m.k. eftirfarandi viðmiðunum:

a) mögulegum og raunverulegum áhrifum viðkomandi stöðvar á heilbrigði manna og umhverfið með tilliti til umfangs og gerðar losunar, næmni umhverfisins á staðnum og hættu á slysum,

b) skrá yfir reglufylgni við leyfisskilyrði,

c) þátttöku rekstraraðilans í umhverfisstjórnunarkerfi ESB (EMAS) samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1221/2009 ([32]).

Framkvæmdastjórnin getur samþykkt leiðbeiningar um viðmiðanir fyrir mat á umhverfisáhættu.

5. Óvenjubundið umhverfiseftirlit skal fara fram til rannsóknar á alvarlegum kvörtunum vegna umhverfisins, alvarlegum umhverfisslysum, óhöppum og tilvikum, þar sem reglum er ekki fylgt, eins fljótt og auðið er og eftir því sem við á, fyrir veitingu, endurskoðun eða uppfærslu leyfis.

6. Eftir hverja vettvangsheimsókn skal lögbært yfirvald taka saman skýrslu með lýsingu á því sem fram kom og skiptir máli varðandi reglufylgni stöðvarinnar við leyfisskilyrðin og niðurstöðum um hvort frekari aðgerðir eru nauðsynlegar.

Skýrslan skal kynnt viðkomandi rekstraraðila innan tveggja mánaða frá því heimsóknin átti sér stað. Lögbært yfirvald skal gera skýrsluna aðgengilega öllum í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál ([33]) innan fjögurra mánaða frá því heimsóknin átti sér stað.

Með fyrirvara um 2. mgr. 8. gr. skal lögbært yfirvald tryggja að rekstraraðilinn grípi til allra nauðsynlegra ráðstafana, sem tilgreindar eru í skýrslunni, innan hæfilegs tíma.

([32]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 frá 25. nóvember 2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) (Stjtíð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 1).

([33]) Stjtíð. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 26.

24. gr.

Aðgangur að upplýsingum og þátttaka almennings í ferlinu við leyfisveitingu

1. Aðildarríki skulu tryggja að sá hluti almennings, sem málið varðar, fái snemma tækifæri til skilvirkrar þátttöku í eftirfarandi ferli:

a) veitingu leyfa fyrir nýjum stöðvum,

b) veitingu leyfa fyrir öllum umtalsverðum breytingum,

c) veitingu eða uppfærslu leyfis fyrir stöð þar sem gert er ráð fyrir beitingu 4. mgr. 15. gr.,

d) uppfærslu leyfis eða leyfisskilyrða fyrir stöð í samræmi við a-lið 5. mgr. 21. gr.

Málsmeðferðin, sem sett er fram í IV. viðauka, skal gilda fyrir slíka þátttöku.

2. Þegar ákvörðun hefur verið tekin um veitingu, endurskoðun eða uppfærslu leyfis skal lögbært yfirvald gera öllum aðgengilegar, þ.m.t. á Netinu í tengslum við a-, b-, og f-lið, eftirfarandi upplýsingar:

a) efni ákvörðunarinnar, þ.m.t. afrit af leyfinu og öllum síðari uppfærslum,

b) ástæðurnar sem ákvörðunin byggist á,

c) niðurstöður samráðsins sem fram fór áður en ákvörðunin var tekin og útskýring á hvernig tekið var tillit til þeirra við þá ákvörðun,

d) titil tilvísunarskjala um bestu, fáanlegu tækni viðkomandi stöðinni eða starfseminni sem um er að ræða,

e) hvernig leyfisskilyrðin sem um getur í 14. gr., þ.m.t. viðmiðunarmörk fyrir losun, hafa verið ákvörðuð í tengslum við bestu, fáanlegu tækni og losunargildin sem tengjast bestu fáanlegu tækni,

f) þar sem undanþága hefur verið veitt í samræmi við 4. mgr. 15. gr.: ástæðurnar fyrir þeirri undanþágu á grundvelli viðmiðananna sem mælt er fyrir um í þeirri málsgrein og skilyrðin sem sett eru.

3. Lögbært yfirvald skal einnig gera öllum aðgengilegar, þ.m.t. á Netinu a.m.k. í tengslum við a-lið:

a) viðeigandi upplýsingar um ráðstafanir sem rekstraraðili hefur gert við endanlega stöðvun starfsemi í samræmi við 22.gr.,

b) niðurstöður vöktunar á losun eins og krafist er í leyfisskilyrðum og lögbært yfirvald er ábyrgt fyrir.

4. Ákvæði 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar skulu gilda með fyrirvara um takmarkanirnar sem mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 2003/4/EB.

25. gr.

Aðgangur að réttarkerfinu

1. Aðildarríki skulu tryggja, í samræmi við viðeigandi landsbundið réttarkerfi, að sá hluti almennings, sem málið varðar, hafi aðgang að reglum um meðferð kæru fyrir rétti eða hjá annarri óháðri og óhlutdrægri stofnun sem hefur verið komið á fót með lögum til að vefengja efnislegt eða formlegt lögmæti ákvarðana, aðgerða eða aðgerðaleysis sem fellur undir 24. gr. þegar eitt eftirfarandi skilyrða er uppfyllt:

a) hagsmunir hans eru nægjanlegir,

b) hann staðhæfir að brotið sé á rétti viðkomandi, ef slíkt er forsenda í stjórnsýslulögum aðildarríkis.

2. Aðildarríki skulu ákvarða á hvaða stigi megi vefengja ákvörðun, aðgerð eða aðgerðarleysi.

3. Hvað teljast nægjanlegir hagsmunir og brot á rétti skal ákvarðað af aðildarríkjunum, í samræmi við það markmið að gefa þeim hluta almennings, sem málið varðar, víðtækan aðgang að réttarkerfinu.

Öll frjáls félagasamtök, sem stuðla að umhverfisvernd og uppfylla allar kröfur landslaga, skulu teljast hafa nægilegra hagsmuna að gæta skv. a-lið 1. mgr.

Slík félagasamtök skulu einnig teljast eiga rétt sem unnt er að skerða skv. b-lið 1. mgr.

4. Ákvæði 1., 2. og 3. mgr. skulu ekki útiloka möguleika á bráðabirgðareglum um meðferð kæru hjá yfirvaldi á sviði stjórnsýslu og skulu ekki hafa áhrif á þá kröfu að stjórnsýslulegir möguleikar á kæru séu tæmdir áður en málið er kært eða því er skotið til úrskurðar fyrir dómstólum, ef slík krafa finnst í landslögum.

Sérhver slík málsmeðferð skal vera réttmæt, sanngjörn og ekki óhóflega kostnaðarsöm.

5. Aðildarríki skulu tryggja að hagnýtar upplýsingar um réttinn til að láta taka mál fyrir á stjórnsýslustigi og fyrir dómstólum verði gerðar aðgengilegar almenningi.

26. gr.

Áhrif yfir landamæri

1. Verði aðildarríki þess áskynja að starfsemi stöðvar sé líkleg til að hafa umtalsverð, neikvæð áhrif á umhverfi annars aðildarríkis, eða fari aðildarríki, sem líklegt má telja að verði fyrir umtalsverðum áhrifum, fram á það skal aðildarríkið, þar sem umsókn um leyfi var lögð fram skv. 4. gr. eða 2. mgr. 20. gr., framsenda upplýsingarnar, sem veittar voru samkvæmt IV. viðauka, til hins aðildarríkisins og veita um leið almenningi aðgang að þeim.

Leggja skal slíkar upplýsingar til grundvallar í nauðsynlegum viðræðum sem eru liður í tvíhliða samskiptum aðildarríkjanna tveggja á grundvelli meginreglunnar um gagnkvæmni og jafnræði.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess, innan rammans um tvíhliða samskipti, að almenningur í aðildarríki, sem líklegt má telja að verði fyrir umtalsverðum áhrifum í þeim tilvikum sem um getur í 1. mgr., hafi einnig aðgang að umsóknunum þannig að hann öðlist rétt til að koma á framfæri athugasemdum um þær áður en lögbært yfirvald tekur ákvörðun.

3. Taka þarf tillit til niðurstaðna sérhvers viðræðufundar skv. 1. og 2. mgr. þegar lögbært yfirvald tekur ákvörðun um umsóknina.

4. Lögbært yfirvald skal upplýsa aðildarríki, sem samráð hefur verið haft við skv. 1. mgr., um þá ákvörðun sem tekin var varðandi umsóknina og skal framsenda því þær upplýsingar sem um getur í 2. mgr. 24. gr. Viðkomandi aðildarríki skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að upplýsingar séu aðgengilegar á viðeigandi hátt fyrir þann hluta almennings, sem málið varðar, á eigin yfirráðasvæði.

27. gr.

Tækninýjungar

1. Aðildarríki skulu, eftir því sem við á, hvetja til þróunar og notkunar tækninýjunga, einkum að því er varðar þær tækninýjungar sem tilgreindar eru í tilvísunarskjölum um bestu, fáanlegu tækni.

2. Framkvæmdastjórnin skal koma á leiðbeiningum til að aðstoða aðildarríki við að stuðla að þróun og notkun tækninýjunga eins og um getur í 1. mgr.

III. KAFLI

SÉRÁKVÆÐI FYRIR BRENNSLUVER

28. gr.

Gildissvið

Þessi kafli gildir um brennsluver með heildarnafnvarmaafl sem er jafnt og eða meira en 50 MW, óháð þeirri eldsneytistegund sem notuð er.

Þessi kafli gildir ekki um eftirfarandi brennsluver:

a) ver þar sem brennsluafurðir eru nýttar við beina hitun, þurrkun eða hverja aðra meðhöndlun hluta eða efna,

b) eftirbrennsluver sem hönnuð eru til að hreinsa úrgangsloft með brennslu og sem eru ekki starfrækt sem sjálfstæð brennsluver,

c) búnað til að endurvinna sundrunarhvata;

d) búnað til að breyta brennisteinsvetni í brennistein;

e) hvarftanka sem eru notaðir í efnaiðnaði;

f) koksofnasamstæður;

g) Cowper-hitablásara;

h) hvers kyns tæknibúnað sem er notaður til að knýja ökutæki, skip eða loftfar;

i) gashverfla og gashreyfla sem eru notaðir á grunnsævis-pöllum,

j) ver sem nota sem eldsneyti einhvers konar fastan eða fljótandi úrgang, annan en úrgang sem um getur í b-lið 31. liðar 3. gr.

29. gr.

Samlegðarreglur

1. Þar sem úrgangsloft tveggja eða fleiri aðskilinna brennsluvera er losað gegnum sameiginlegan reykháf skal líta á samsetninguna sem mynduð er af þessum verum sem eitt brennsluver og leggja afkastagetu þeirra saman til að reikna heildarnafnvarmaaflið.

2. Þegar tvö eða fleiri aðskilin brennsluver, sem veitt hefur verið leyfi í fyrsta sinn 1. júlí 1987 eða síðar eða rekstraraðilar þeirra hafa lagt fram fullgerða umsókn um leyfi á þeim degi eða eftir hann, eru uppsett þannig, að teknu tilliti til tæknilegra og efnahagslegra þátta, að úrgangsloft þeirra gæti að mati lögbærs yfirvalds verið losað gegnum sameiginlegan reykháf skal líta á samsetninguna sem mynduð er af þessum verum sem eitt brennsluver og leggja afkastagetu þeirra saman til að reikna heildarnafnvarmaaflið.

3. Í þeim tilgangi að reikna út heildarnafnvarmaafl samsetningar brennsluvera, sem um getur í 1. og 2. mgr., skal ekki telja með einstök brennsluver með nafnvarmaafl undir 15 MW.

30. gr.

Viðmiðunarmörk fyrir losun

1. Stjórna skal losun úrgangslofts frá brennsluverum með reykháfum með einni eða fleiri loftrásum og er hæð þeirra reiknuð út frá því sjónarmiði að vernda heilbrigði manna og umhverfið.

2. Öll leyfi fyrir stöðvar með brennsluverum sem veitt hefur verið leyfi fyrir 7. janúar 2013 eða rekstraraðilar þeirra hafa lagt fram fullgerða umsókn um leyfi fyrir þann dag, að því tilskildu að slík ver hefji rekstur eigi síðan en 7. janúar 2014, skulu innihalda skilyrði sem tryggja að losun frá þessum verum út í andrúmsloftið fari ekki yfir viðmiðunarmörkin fyrir losun sem sett eru fram í 1. hluta V. viðauka.

Öll leyfi fyrir stöðvar með brennsluverum, sem veitt hefur verið undanþága eins og um getur í 4. mgr. 4. gr. tilskipunar 2001/80/EB og sem eru starfrækt eftir 1. janúar 2016, skulu innihalda skilyrði sem tryggja að losun frá þessum verum út í andrúmsloftið fari ekki yfir viðmiðunarmörkin fyrir losun sem sett eru fram í 2. hluta V. viðauka.

3. Öll leyfi fyrir stöðvar með brennsluverum sem falla ekki undir 2. mgr. skulu innihalda skilyrði sem tryggja að losun frá þessum verum út í andrúmsloftið fari ekki yfir viðmiðunarmörkin fyrir losun sem sett eru fram í 2. hluta V. viðauka.

4. Viðmiðunarmörkin fyrir losun, sem sett eru fram í 1. og 2. hluta V. viðauka, sem og lágmarkshlutfall brennisteinshreinsunar, sem sett eru fram í 5. hluta þess viðauka, skulu gilda um losun hvers sameiginlegs reykháfs með tilliti til heildarnafnvarmaafls alls brennsluversins. Þar sem í V. viðauka er kveðið á um að beita megi viðmiðunarmörkum fyrir losun fyrir hluta brennsluvers með takmarkaðan fjölda rekstrarstunda skulu þessi viðmiðunarmörk gilda um losun þess hluta versins en þau skulu sett með tilliti til heildarnafnvarmaafls alls brennsluversins.

5. Lögbæra yfirvaldið getur veitt brennsluveri, sem að öllu jöfnu notar eldsneyti með litlum brennisteini, undanþágu í allt að sex mánuði frá kröfunni um viðmiðunarmörk losunar á brennisteinsdíoxíði, sem um getur í 2. og 3. gr., þegar rekstraraðilinn er ófær um að virða þessi viðmiðunarmörk vegna þess að aðföng á brennisteinslitlu eldsneyti hafa brugðist sökum alvarlegs skorts á því.

Aðildarríkin skulu tafarlaust gera framkvæmdastjórninni grein fyrir öllum undanþágum sem veittar eru samkvæmt fyrstu undirgrein.

6. Lögbært yfirvald getur veitt undanþágu frá skyldunni til að fara að viðmiðunarmörkum fyrir losun, sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr., í tilvikum þar sem brennsluver sem notar aðeins loftkennt eldsneyti verður í sérstöku undantekningartilviki að grípa til notkunar annars eldsneytis vegna skyndilegs rofs á framboði á gasi og myndi af þessum sökum þurfa að vera búið hreinsibúnaði fyrir úrgangsloft. Tímabilið sem slík undanþága er veitt fyrir skal ekki vera lengra en 10 dagar nema þegar brýn þörf er á áframhaldandi orkuöflun.

Rekstraraðilinn skal tafarlaust upplýsa lögbært yfirvald um hvert einstakt tilvik sem um getur í fyrstu undirgrein.

Aðildarríkin skulu tafarlaust gera framkvæmdastjórninni grein fyrir öllum undanþágum sem veittar eru samkvæmt fyrstu undirgrein.

7. Þegar brennsluver er stækkað skulu viðmiðunarmörkin fyrir losun, sem sett eru fram í 2. hluta V. viðauka, gilda fyrir stækkaðan hluta versins sem breytingin hefur áhrif á og skal setja þau með tilliti til heildarnafnvarmaafls alls brennsluversins. Ef um er að ræða breytingu á brennsluveri, sem getur haft afleiðingar fyrir umhverfið og sem hefur áhrif á hluta versins með 50 MW nafnvarmaafl eða meira, skulu viðmiðunarmörkin fyrir losun, sem sett eru fram í 2. hluta V. viðauka, gilda fyrir þann hluta versins sem hefur breyst með tilliti til heildarnafnvarmaafls alls brennsluversins.

8. Viðmiðunarmörkin fyrir losun sem sett eru fram í 1. og 2. hluta V. viðauka skulu ekki gilda fyrir eftirfarandi brennsluver:

a) dísilhreyfla,

b) endurnýtingarsuðukatla innan stöðva fyrir framleiðslu pappírsmauks.

9. Fyrir eftirfarandi brennsluver skal framkvæmdastjórnin, á grundvelli bestu, fáanlegu tækni, endurskoða þörfina á að koma á viðmiðunarmörkum fyrir losun á vettvangi Sambandsins og að breyta viðmiðunarmörkunum fyrir losun sem sett eru fram í V. viðauka:

a) brennsluver sem um getur í 8. mgr.

b) brennsluver innan hreinsunarstöðva sem brenna eingöngu, eða einnig með annars konar eldsneyti, leifum frá eimingu eða ummyndun jarðolíu sem er hreinsuð til eigin þarfa, með tilliti til sérvirkni orkukerfa hreinsunarstöðva,

c) brennsluver sem brenna öðru gasi en jarðgasi,

d) brennsluver í efnaverksmiðjum sem nota fljótandi framleiðsluleifar sem eldsneyti, sem ekki er markaðseldsneyti, til eigin þarfa.

Eigi síðar en 31. desember 2013 skal framkvæmdastjórnin kynna niðurstöður þessarar endurskoðunar fyrir Evrópuþinginu og ráðinu ásamt tillögu að nýrri löggjöf ef við á.

31. gr.

Hlutfall brennisteinshreinsunar

1. Fyrir brennsluver, sem brenna innlendu eldsneyti í föstu formi og sem ekki geta farið að viðmiðunarmörkunum fyrir losun brennisteinsdíoxíðs, sem um getur í 2. og 3. mgr. 30. gr., vegna eiginleika þessa eldsneytis, geta aðildarríki í staðinn beitt lágmarkshlutföllum brennisteinshreinsunar, sem sett eru fram í 5. hluta V. viðauka, í samræmi við reglurnar um reglufylgni sem settar eru fram í 6. hluta þess viðauka og að undangenginni fullgildingu lögbærs yfirvalds á tækniskýrslunni sem um getur í a-lið 4. mgr. 72. gr.

2. Fyrir brennsluver, sem brenna innlendu eldsneyti í föstu formi og sem sambrenna úrgang og sem geta ekki farið að $C_{vinnslu}$-gildunum fyrir brennisteinsdíoxíð, sem sett eru fram í liðum 3.1 eða 3.2 í 4. hluta VI. viðauka, vegna eiginleika innlenda fasta eldsneytisins, geta aðildarríki í staðinn beitt lágmarkshlutföllum brennisteinshreinsunar, sem sett eru fram í 5. hluta V. viðauka, í samræmi við reglurnar um reglufylgni sem settar eru fram í 6. hluta þess viðauka. Ef aðildarríki velja að beita þessari málsgrein skal $C_{úrgangur}$, eins og um getur í 1. lið 4. hluta VI. viðauka, vera jafnt og 0 mg/Nm^3.

3. Eigi síðar en 31. desember 2019 skal framkvæmdastjórnin endurskoða möguleikann á að beita lágmarkshlutfalli brennisteinshreinsunar sem sett er fram í 5. hluta V. viðauka, einkum með tilliti til bestu, fáanlegu tækni og ávinnings sem fæst við minni losun brennisteinsdíoxíðs.

32. gr.

Landsbundin umbreytingaráætlun

1. Á tímabilinu frá 1. janúar 2016 til 30. júní 2020 geta aðildarríki samið og komið í framkvæmd landsbundinni umbreytingaráætlun sem nær yfir brennsluver sem fengu fyrsta leyfið fyrir 27. nóvember 2002 eða þar sem rekstraraðilarnir hafa lagt fram fullgerða umsókn um leyfi fyrir þann dag, að því tilskildu að verið hafi hafið starfsemi eigi síðar en 27. nóvember 2003. Fyrir hvert það brennsluver sem fellur undir áætlunina skal áætlunin ná yfir losun eins eða fleiri af eftirfarandi mengunarvöldum: köfnunarefnisoxíðs, brennisteinsdíoxíðs og ryks. Fyrir gashverfla skal aðeins losun á köfnunarefnisoxíði falla undir áætlunina.

Eftirfarandi brennsluver skulu ekki vera í landsbundnu umbreytingaráætluninni:

a) þau sem 1. mgr. 33. gr. gildir um,

b) þau sem eru innan hreinsunarstöðva sem brenna eingöngu, eða með öðru eldsneyti, gasi með lágt varmagildi frá gösun hreinsunarleifa eða eimingar- eða ummyndunarleifa frá hreinsun á jarðolíu til eigin nota,

c) þau sem 35. gr. gildir um,

d) þau sem er veitt undanþága eins og um getur í 4. mgr. 4. gr. tilskipunar 2001/80/EB,

2. Brennsluver sem falla undir áætlunina geta verið undanþegin samræmi við viðmiðunarmörkin fyrir losun sem um getur í 2. mgr. 30. gr. fyrir mengunarefni sem falla undir áætlunina eða, eftir atvikum, við hlutföll brennisteinshreinsunar sem um getur í 31. gr.

Viðmiðunarmörkunum fyrir losun brennisteinsdíoxíðs, köfnunarefnisoxíðs og ryks, sem sett eru fram í leyfinu fyrir brennsluverið og gilda frá 31. desember 2015 einkum samkvæmt kröfum tilskipana 2001/80/EB og 2008/1/EB, skal a.m.k. viðhaldið.

Brennsluver með meira heildarnafnvarmaafl en 500 MW sem brenna eldsneyti í föstu formi og sem veitt var fyrsta leyfið eftir 1. júlí 1987 skulu fara að viðmiðunarmörkum fyrir losun að því er varðar köfnunarefnisoxíð sem sett eru fram í 1. hluta V. viðauka.

3. Fyrir hvert mengunarefnanna sem undir hana falla skulu í landsbundnu umbreytingaráætluninni sett efri mörk sem skilgreina árlega hámarksheildarlosun fyrir öll verin, sem falla undir áætlunina, á grundvelli heildarnafnvarmaafls hvers vers 31.desember 2010, árlegra rekstrarstunda í raun og eldsneytisnotkunar þess, samkvæmt meðaltali síðustu 10 ára í starfrækslu til og með 2010.

Efri mörkin fyrir árið 2016 skal reikna út á grundvelli viðkomandi viðmiðunarmarka fyrir losun, sem sett eru fram í III. til VII. viðauka við tilskipun 2001/80/EB, eða, eftir atvikum, á grundvelli hlutfalls brennisteinshreinsunar sem sett er fram í III. viðauka við tilskipun 2001/80/EB. Ef um er að ræða gashverfla skal nota viðmiðunarmörkin fyrir losun að því er varðar köfnunarefnisoxíð sem sett eru fram fyrir slík ver í B-hluta VI. viðauka við tilskipun 2001/80/EB. Efri mörkin fyrir árin 2019 og 2020 skal reikna út á grundvelli viðkomandi viðmiðunarmarka fyrir losun, sem sett eru fram í 1. hluta V. viðauka við þessa tilskipun, eða, eftir atvikum, viðkomandi hlutfalla brennisteinshreinsunar sem sett eru fram í 5. hluta V. viðauka við þessa tilskipun. Efri mörkin fyrir árin 2017 og 2018 skal setja þannig að kveðið sé á um línulega lækkun efri markanna milli 2016 og 2019.

Þegar veri, sem er með í landsbundnu umbreytingaráætluninni, er lokað eða ef það fellur ekki lengur undir gildissvið III. kafla skal það ekki leiða til aukningar á árlegri heildarlosun frá verunum sem eftir eru og falla undir áætlunina.

4. Landsbundna umbreytingaráætlunin skal einnig innihalda ákvæði um vöktun og skýrslugjöf, sem fylgja framkvæmdarreglunum sem settar eru í samræmi við b-lið 41. gr., ásamt fyrirsjáanlegum ráðstöfunum fyrir hvert ver til að tryggja tímanlegt samræmi við viðmiðunarmörkin fyrir losun sem munu gilda frá 1. júlí 2020.

5. Eigi síðar en 1. janúar 2013 skulu aðildarríki tilkynna framkvæmdastjórninni um sínar landsbundnu umbreytingaráætlanir.

Framkvæmdastjórnin skal meta áætlanirnar og ef framkvæmdastjórnin hefur ekki hreyft andmælum innan 12 mánaða frá móttöku áætlunarinnar skal hlutaðeigandi aðildarríki telja áætlunina samþykkta.

Þegar framkvæmdastjórnin telur áætlun ekki vera í samræmi við framkvæmdarreglurnar sem settar eru í samræmi við b-lið 41. gr. skal hún tilkynna hlutaðeigandi aðildarríki að ekki sé hægt að samþykkja áætlun þess. Í tengslum við mat á nýrri útgáfu áætlunar sem aðildarríki tilkynnir til framkvæmdastjórnarinnar skal tímabilið sem um getur í annarri undirgrein vera 6 mánuðir.

6. Aðildarríki skulu upplýsa framkvæmdastjórnina um allar síðari breytingar á áætluninni.

33. gr.

Undanþága vegna takmarkaðs rekstrartíma

1. Á tímabilinu frá 1. janúar 2016 til 31. desember 2023 er heimilt að undanskilja brennsluver frá samræmi við viðmiðunarmörkin fyrir losun sem um getur í 30. gr. (2. mgr.) og frá þeim hlutföllum brennisteinshreinsunar sem um getur í 31. gr., eftir því sem við á, og frá því að vera felld undir landsbundnu umbreytingaráætlunina sem um getur í 32. gr., að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) rekstraraðili brennsluversins skuldbindur sig, með skriflegri yfirlýsingu sem lögð er fyrir lögbært yfirvald eigi síðar en 1. janúar 2014, til þess að starfrækja verið ekki lengur en í 17 500 rekstrarstundir á tímabili sem hefst 1. janúar 2016 og lýkur eigi síðar en 31. desember 2023,

b) rekstraraðilinn skal leggja skrá um fjölda rekstrarstunda frá 1. janúar 2016 fyrir lögbært yfirvald á hverju ári,

c) viðmiðunarmörkunum fyrir losun brennisteinsdíoxíðs, köfnunarefnisoxíðs og ryks, sem sett eru fram í leyfinu fyrir brennsluverið og gilda frá 31. desember 2015 einkum samkvæmt kröfum tilskipana 2001/80/EB og 2008/1/EB, skal a.m.k. viðhaldið það sem eftir lifir af rekstrartíma brennsluversins. Brennsluver með meira heildarnafnvarmaafl en 500 MW sem brenna eldsneyti í föstu formi og sem veitt var fyrsta leyfið eftir 1. júlí 1987 skulu fara að viðmiðunarmörkum fyrir losun að því er varðar köfnunarefnisoxíð sem sett eru fram í 1. hluta V. viðauka og

d) brennsluverinu hefur ekki verið veitt undanþága eins og um getur í 4. mgr. 4. gr. tilskipunar 2001/80/EB.

2. Eigi síðar en 1. janúar 2016 skal hvert aðildarríki tilkynna framkvæmdastjórninni um skrá yfir öll brennsluver, sem falla undir 1. mgr., ásamt heildarnafnvarmaafli þeirra, eldsneytistegundum sem notaðar eru og viðeigandi viðmiðunarmörkum fyrir losun á brennisteinsdíoxíði, köfnunarefnisoxíði og ryki. Að því er varðar ver sem falla undir 1. mgr. skulu aðildarríkin tilkynna framkvæmdastjórninni árlega um skrá yfir fjölda rekstrarstunda frá 1. janúar 2016.

3. Þegar um er að ræða brennsluver sem 6 janúar 2011 er hluti af litlu einangruðu kerfi og sem stendur fyrir a.m.k. 35% af raforkuframboði innan þess kerfis, sem vegna tæknilegra eiginleika sinna getur ekki fylgt viðmiðunarmörkunum fyrir losun sem um getur í 2. mgr. 30. gr., skal fjöldi rekstrarstunda, sem um getur í a-lið 1. mgr. þessarar greinar, vera 18 000 á tímabili sem hefst 1. janúar 2020 og lýkur eigi síðar en 31. desember 2023 og dagsetningin, sem um getur í b-lið 1 mgr. og 2. mgr. þessarar greinar, skal vera 1. janúar 2020.

4. Þegar um er að ræða brennsluver með meira heildarnafnvarmaafl en 1500 MW sem hóf starfsemi fyrir 31. desember 1986 og brennir innlendu eldsneyti í föstu formi með nettóvarmagildi undir 5800 kJ/kg, rakainnihald yfir 45% af þyngd, samanlagt raka- og öskuinnihald yfir 60% af þyngd og kalsíumoxíðinnihald í ösku yfir 10% skal fjöldi rekstrarstunda sem um getur í a-lið 1. mgr. vera 32 000.

34. gr.

Lítil einangruð kerfi

1. Til 31. desember 2019 er heimilt að undanskilja brennsluver, sem eru hluti af litlu einangruðu kerfi 6. janúar 2011, frá samræmi við viðmiðunarmörkin fyrir losun sem um getur í 2. mgr. 30. gr. og frá þeim hlutföllum brennisteinshreinsunar sem um getur í 31. gr., eftir atvikum. Til 31. desember 2019 skal a.m.k. viðhalda viðmiðunarmörkunum fyrir losun, sem sett eru fram í leyfunum fyrir þessi brennsluver, einkum samkvæmt kröfum tilskipana 2001/80/EB og 2008/1/EB.

2. Brennsluver með meira heildarnafnvarmaafl en 500 MW sem brenna eldsneyti í föstu formi og sem veitt var fyrsta leyfið eftir 1. júlí 1987 skulu fara að viðmiðunarmörkum fyrir losun að því er varðar köfnunarefnisoxíð sem sett eru fram í 1. hluta V. viðauka.

3. Þegar á yfirráðasvæði aðildarríkis eru brennsluver, sem eru hluti af litlu einangruðu kerfi og falla undir þennan kafla, skal það aðildarríki skila framkvæmdastjórninni fyrir 7. janúar 2013 skýrslu með skrá yfir þessi brennsluver, árlegri heildarorkunotkun litla einangraða kerfisins og það magn orku sem fæst gegnum samtengingu við önnur kerfi.

35. gr.

Fjarhitunarver

1. Til 31. desember 2022 er heimilt að undanskilja brennsluver frá samræmi við viðmiðunarmörkin fyrir losun sem um getur í 2. mgr. 30. gr. og frá þeim hlutföllum brennisteinshreinsunar sem um getur í 31. gr., að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) heildarnafnvarmaafl brennsluversins fer ekki yfir 200 MW,

b) verinu var fyrst veitt leyfi fyrir 27. nóvember 2002 eða rekstraraðili versins hafði lagt fram fullgerða umsókn um leyfi fyrir þann dag, að því tilskildu að það hafi hafið starfsemi eigi síðar en 27. nóvember 2003,

c) minnst 50% af nýtanlegri hitaframleiðslu versins, sem hlaupandi meðaltal yfir 5 ára tímabil, eru afhent sem gufa eða heitt vatn inn á almennt net fyrir fjarhitun og

d) viðmiðunarmörkunum fyrir losun brennisteinsdíoxíðs, köfnunarefnisoxíðs og ryks sem sett eru fram í leyfinu fyrir það og gilda frá 31. desember 2015, einkum samkvæmt kröfum tilskipana 2001/80/EB og 2008/1/EB skal a.m.k. viðhaldið til 31. desember 2022.

2. Eigi síðar en 1. janúar 2016 skal hvert aðildarríki tilkynna framkvæmdastjórninni um skrá yfir öll brennsluver, sem falla undir 1. mgr., ásamt heildarnafnvarmaafli þeirra, eldsneytistegundum sem notaðar eru og viðeigandi viðmiðunarmörkum fyrir losun á brennisteinsdíoxíði, köfnunarefnisoxíði og ryki. Að auki skulu aðildarríki, fyrir öll brennsluver sem falla undir 1. mgr. og á tímabilinu sem nefnt er í þeirri málsgrein, upplýsa framkvæmdastjórnina árlega um hlutfall nýtanlegrar hitaframleiðslu hvers vers sem var afhent sem gufa eða heitt vatn inn á almennt net fyrir fjarhitun, gefið upp sem hlaupandi meðaltal yfir undanfarandi 5 ár.

36. gr.

Jarðfræðileg geymsla á koltvísýringi

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að rekstraraðilar allra brennsluvera, með rafmagnsaflgetu að nafngildi 300 megavött eða meira og sem upphaflega byggingarleyfið eða, ef sú málsmeðferð er ekki fyrir hendi, upphaflega rekstrarleyfið var veitt fyrir eftir að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/31/EB frá 23. apríl 2009 um geymslu koltvísýrings í jörðu ([34]) öðlaðist gildi, hafi metið hvort eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) hæfileg geymslusvæði séu tiltæk,

b) flutningsaðstæður séu tæknilega og efnahagslega hagkvæmar,

c) ísetning endurbótahluta til föngunar á koltvísýringi sé tæknilega og efnahagslega hagkvæm.

2. Ef skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. eru uppfyllt skal lögbært yfirvald sjá til þess að hæfilegt svæði á stöðinni sé tekið frá fyrir nauðsynlegan búnað til föngunar og þjöppunar á koltvísýringi. Lögbært yfirvald skal ákvarða hvort skilyrði hafi verið uppfyllt, á grundvelli matsins, sem um getur í 1. málsgrein, og annarra fyrirliggjandi upplýsinga, sérstaklega varðandi verndun umhverfisins og heilbrigðis manna.

37. gr.

Gangtruflun eða bilun í hreinsibúnaði

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að ákvæði séu í leyfunum um verklagsreglur varðandi truflun eða bilun í hreinsibúnaðinum.

2. Ef kemur til bilunar skal lögbært yfirvald krefjast þess að rekstraraðilinn dragi úr starfseminni eða stöðvi hana ef ekki reynist unnt að koma aftur á eðlilegri starfsemi innan 24 klukkustunda eða reka verið með eldsneyti sem mengar lítið.

Rekstraraðilinn skal tilkynna lögbæru yfirvaldi um gangtruflun eða bilun í hreinsibúnaði innan 48 klukkustunda.

([34]) Stjtíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 114

Samanlögð starfræksla án hreinsunar skal ekki fara yfir 120 klukkustundir á neinu 12 mánaða tímabili.

Lögbært yfirvald getur veitt undanþágu frá tímamörkunum sem sett eru fram í fyrstu og þriðju undirgrein í öðru eftirfarandi tilvika:

a) að brýn þörf sé á áframhaldandi orkuöflun,

b) að annað brennsluver geti um takmarkaðan tíma komið í stað þess bilaða sem hefði í för með sér aukningu á heildarlosun.

38. gr.

Vöktun losunar út í andrúmsloft

1. Aðildarríki skulu tryggja að vöktun loftmengandi efna fari fram í samræmi við 3. hluta V. viðauka.

2. Uppsetning og rekstur á sjálfvirkum vöktunarbúnaði skal vera háður eftirliti og árlegum eftirlitsprófunum eins og kveðið er á um í 3. hluta V. viðauka.

3. Lögbært yfirvald skal ákvarða staðsetningu sýnatöku- eða mælipunkta sem nota skal fyrir vöktun losunar.

4. Allar niðurstöður vöktunar skal skrá, vinna úr og setja fram með þeim hætti að lögbært yfirvald geti sannreynt að farið sé að rekstrarskilyrðum og viðmiðunarmörkum fyrir losun sem eru í leyfinu.

39. gr.

Samræmi við viðmiðunarmörk fyrir losun

Líta skal svo á að farið sé að viðmiðunarmörkunum fyrir losun í andrúmsloftið ef skilyrðin sem sett eru fram í 4. hluta V. viðauka eru uppfyllt.

40. gr.

Brennsluver sem brenna margs konar eldsneytistegundum

1. Þegar um er að ræða brennsluver sem brennir margs konar eldsneytistegundum og notar samtímis tvær eða fleiri eldsneytistegundir skal lögbært yfirvald setja viðmiðunarmörk fyrir losun í samræmi við eftirfarandi þrep:

a) með því að nota viðmiðunarmörkin fyrir losun sem gilda fyrir hverja eldsneytistegund og mengunarefni og svara til heildarnafnvarmaafls alls versins eins og þau eru sett fram í 1. og 2. hluta V. viðauka,

b) með því að ákvarða vegin viðmiðunarmörk fyrir losun fyrir hverja eldsneytistegund, en þau fást með því að margfalda einstök viðmiðunarmörk fyrir losun sem um getur í a-lið með varmagildi hverrar eldsneytistegundar og deila í hvert margfeldi með samanlögðu varmagildi allra eldsneytistegundanna,

c) með því að leggja saman vegin viðmiðunarmörk losunar fyrir hverja eldsneytistegund.

2. Þegar um er að ræða brennsluver, sem brenna margs konar eldsneytistegundum og falla undir 2. mgr. 30. gr., sem nota leifar frá eimingu eða ummyndun jarðolíu sem er hreinsuð til eigin þarfa, eingöngu eða með annars konar eldsneyti, er heimilt að beita eftirfarandi viðmiðunarmörkum fyrir losun í stað viðmiðunarmarkanna fyrir losun sem sett eru í samræmi við 1. mgr.:

a) viðmiðunarmörkum fyrir losun fyrir ákvarðandi eldsneyti sem sett eru fram í 1. hluta V. viðauka þegar hlutfall ákvarðandi eldsneytis í summu varmaafls allra eldsneytistegunda er 50% eða meira meðan brennsluverið er starfrækt,

b) viðmiðunarmörkum fyrir losun sem ákvörðuð eru í samræmi við eftirfarandi þrep þegar hlutfall ákvarðandi eldsneytis í summu varmaafls allra eldsneytistegunda er minna en 50%:

   i. með því að nota viðmiðunarmörk fyrir losun sem sett eru fram í 1. hluta V. viðauka fyrir hverja eldsneytistegund sem notuð er, samsvarandi heildarnafnvarmaafli brennsluversins,

   ii. með því að reikna út viðmiðunarmörk fyrir losun ákvarðandi eldsneytisins en þau fást með því að margfalda viðmiðunarmörkin fyrir losun, ákvörðuð fyrir það eldsneyti skv. i. lið, með tveimur og draga frá þessari útkomu viðmiðunarmörkin fyrir losun fyrir eldsneytið með lægstu viðmiðunarmörkin fyrir losun eins og þau eru sett fram í 1. hluta V. viðauka, samsvarandi heildarnafnvarmaafli brennsluversins,

   iii. með því að ákvarða vegin viðmiðunarmörk fyrir losun fyrir hverja eldsneytistegund sem notuð er en þau fást með því að margfalda viðmiðunarmörkin fyrir losun sem ákvörðuð eru skv. i. og ii. lið með varmagildi viðkomandi eldsneytistegundar og deila í hvert margfeldi með samanlögðu varmagildi allra eldsneytistegundanna,

   iv. með því að leggja saman vegin viðmiðunarmörk fyrir losun fyrir hverja eldsneytistegund sem ákvörðuð eru skv. iii. lið.

3. Þegar um er að ræða brennsluver, sem brennir margs konar eldsneytistegundum og fellur undir 2. mgr. 30. gr., sem nota leifar frá eimingu eða ummyndun jarðolíu sem er hreinsuð til eigin þarfa, eingöngu eða með annars konar eldsneyti, er heimilt að beita meðaltali viðmiðunarmarkanna fyrir losun brennisteinsdíoxíðs, sem sett eru fram í 7. hluta V. viðauka, í stað viðmiðunarmarkanna fyrir losun sem sett eru í samræmi við 1. eða 2. mgr þessarar greinar.

41. gr.

Framkvæmdarreglur

Framkvæmdarreglur skal setja varðandi:

a) ákvörðun á ræsingar- og stöðvunartímabilum sem um getur í 27. lið 3. gr. og í 1. lið 4. hluta V. viðauka og

b) landsbundnar umbreytingaráætlanir, sem um getur í 32. gr., og einkum setningu hámarka fyrir losun og tengda vöktun og skýrslugjöf.

Þessar framkvæmdarreglur skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 75. gr. Framkvæmdastjórnin skal leggja fram viðeigandi tillögur eigi síðar en 7. júlí 2011.

IV. KAFLI

SÉRÁKVÆÐI FYRIR SORPBRENNSLUSTÖÐVAR OG SORPSAMBRENNSLUSTÖÐVAR

42. gr.

Gildissvið

1. Þessi kafli skal gilda um sorpbrennslustöðvar og sorpsambrennslustöðvar sem brenna eða sambrenna föstum eða fljótandi úrgangi.

Þessi kafli skal ekki gilda um gösunar- eða hitasundrunarstöðvar ef gasið frá þessari hitameðferð úrgangs er hreinsað að því marki að það sé ekki lengur úrgangur áður en það er brennt og það valdi ekki meiri losun en sem leiðir af brennslu náttúrulegs gass.

Að því er varðar þennan kafla skulu allar brennslulínur og sambrennslulínur, úrgangsmóttaka, geymsla, aðstaða til formeðhöndlunar á staðnum, kerfi sem veita úrgangi, eldsneyti og lofti til brennslustöðvarinnar, katlar, búnaður fyrir meðhöndlun á úrgangslofti, búnaður á staðnum fyrir meðhöndlun og geymslu á leifum og skólpi, reykháfar, tæki og búnaður til að stjórna brennslunni eða sambrennslunni, skráning og vöktun brennsluskilyrða eða sambrennsluskilyrða teljast til sorpbrennslustöðva eða sorpsambrennslustöðva.

Ef öðrum aðferðum en oxun, s.s. hitasundrun, gösun eða rafgasferlum, er beitt við hitameðhöndlun úrgangs skal sorpbrennslustöðin eða sorpsambrennslustöðin standa fyrir bæði hitameðhöndlunarferlinu og síðara brennsluferli.

Ef sorpsambrennsla fer þannig fram að megintilgangur stöðvarinnar er ekki orkuframleiðsla eða að framleiða vörur heldur fremur varmameðhöndlun úrgangs skal líta á stöðina sem sorpbrennslustöð.

2. Þessi kafli skal ekki gilda um eftirfarandi ver:

a) ver sem einungis meðhöndla eftirfarandi úrgang:

   i. úrgang sem tilgreindur er í b-lið 31. liðar 3. gr.,

   ii. geislavirkan úrgang,

   iii. dýraskrokka sem heyra undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 frá 3. október 2002 um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis ([35]),

([35]) Stjtíð. EB L 273, 10.10.2002, bls. 1.

iv. úrgang sem fellur til við leit að og nýtingu olíu- og gasauðlinda frá mannvirkjum á hafi úti og brennslu þeirra þar,

b) tilraunaver sem notuð eru til rannsókna, þróunar og prófana í því skyni að bæta brennsluferlið og sem meðhöndla minna en 50 tonn af úrgangi á ári.

43. gr.

Skilgreining á leif

Að því er varðar þennan kafla skal leif merkja allan fljótandi eða fastan úrgang sem sorpbrennslustöð eða sorpsambrennslustöð myndar.

44. gr.

Umsókn um leyfi

Umsókn um leyfi fyrir sorpbrennslustöð eða sorpsambrennslustöð skal innihalda lýsingu á ráðstöfunum sem eru fyrirhugaðar til að tryggja að eftirfarandi kröfur séu uppfylltar:

a) stöðin sé hönnuð, búin og verði haldið við og rekin með þeim hætti að kröfurnar í þessum kafla verði uppfylltar með tilliti til þeirra flokka úrgangs sem ætlunin er að brenna eða sambrenna,

b) varminn, sem myndast við brennslu- og sambrennsluferlið, sé endurheimtur eftir því sem við verður komið til framleiðslu varma, gufu eða orku,

c) dregið verði úr magni og skaðsemi leifa og þær endurunnar eftir því sem við á;

d) förgun þeirra leifa, sem ekki er hægt að koma í veg fyrir, draga úr eða endurvinna fari fram í samræmi við landsbundna löggjöf og löggjöf Sambandsins.

45. gr.

Leyfisskilyrði

1. Leyfið skal innihalda eftirfarandi:

a) skrá yfir allar gerðir úrgangs sem heimilt er að meðhöndla með því að nota, ef mögulegt er, a.m.k. þær gerðir úrgangs sem settar eru fram í Evrópsku úrgangsskránni sem komið var á fót með ákvörðun 2000/532/EB og sem inniheldur upplýsingar um magn hverrar gerðar af úrgangi, eftir því sem við á,

b) heildarafkastagetu versins til brennslu- eða sambrennslu úrgangs,

c) viðmiðunarmörk fyrir losun út í andrúmsloft og vatn,

d) kröfur um pH-gildi, hitastig og rennsli að því er varðar losun skólps,

e) sýnatöku- og mælingaaðferðir og tíðni sem nota skal til að uppfylla skilyrðin sem sett eru fyrir vöktun losunar,

f) leyfilegan hámarkstíma fyrir hvers konar tæknilega óumflýjanlegar stöðvanir, raskanir eða bilanir á hreinsibúnaði eða mælibúnaði en á þeim hámarkstíma má losun út í andrúmsloftið og losun skólps fara yfir þau viðmiðunarmörk fyrir losun sem mælt er fyrir um.

2. Til viðbótar við kröfurnar sem settar eru fram í 1. mgr. skal leyfi sem veitt er sorpbrennslustöð eða sorpsambrennslustöð sem notar hættulegan úrgang innihalda eftirfarandi:

a) skrá yfir magn mismunandi flokka hættulegs úrgangs sem heimilt er að meðhöndla,

b) lágmarks- og hámarksmassaflæði þessa hættulega úrgangs, lágmarks- og hámarksvarmagildi og hámarksinnihald hans af fjölklóruðum bífenýlum, pentaklórfenóli, klór, flúor, brennisteini, þungmálmum og öðrum mengunarefnum.

3. Aðildarríki geta sett saman skrá yfir þá flokka úrgangs sem skulu koma fram í leyfinu og hægt er að sambrenna í tilgreindum flokkum sambrennslustöðva.

4. Lögbært yfirvald skal endurmeta leyfisskilyrði reglulega og uppfæra ef nauðsyn krefur.

46. gr.

Stjórnun losunar

1. Stýra skal losun úrgangslofts frá sorpbrennslustöðvum og sorpsambrennslustöðvum með reykháf en hæð hans er reiknuð með það í huga að vernda heilbrigði manna og umhverfið.

2. Losun út í andrúmsloftið frá sorpbrennslustöðvum og sorpsambrennslustöðvum skal ekki fara yfir viðmiðunarmörkin fyrir losun sem sett eru fram í 3. og 4. hluta VI. viðauka eða ákvörðuð í samræmi við 4. hluta þess viðauka.

Ef meira en 40% varmalosunar í sorpsambrennslustöð kemur frá brennslu hættulegs úrgangs eða stöðin sambrennir ómeðhöndlaðan, blandaðan heimilis- og rekstrarúrgang skulu viðmiðunarmörkin fyrir losun, sem sett eru fram í 3. hluta VI. viðauka, gilda.

3. Takmarka skal, eftir því sem við verður komið, losun skólps, sem fellur til við hreinsun úrgangslofts, í vatnsumhverfi og styrkur mengunarefna skal ekki fara yfir viðmiðunarmörkin fyrir losun sem sett eru fram í 5. hluta VI. viðauka.

4. Viðmiðunarmörkin fyrir losun skulu gilda á staðnum þar sem skólpið frá hreinsun úrgangslofts er losað út úr sorpbrennslustöðinni eða sorpsambrennslustöðinni.

Ef skólp frá hreinsun úrgangslofts er meðhöndlað utan sorpbrennslustöðvarinnar eða sorpsambrennslustöðvarinnar í hreinsistöð sem er eingöngu ætluð fyrir meðhöndlun á þessari gerð skólps, skulu viðmiðunarmörkin fyrir losun, sem sett eru fram í 5. hluta VI. viðauka, gilda á þeim stað þar sem skólpið fer frá hreinsistöðinni. Þar sem skólp frá hreinsun úrgangslofts er meðhöndlað sameiginlega með skólpi af öðrum uppruna, annaðhvort í stöðinni eða utan hennar, skal rekstraraðilinn gera viðeigandi útreikninga á massajafnvægi með því að nota niðurstöður úr mælingunum, sem settar eru fram í 3. lið 6. hluta VI. viðauka, til að ákvarða losunargildin, þar sem skólpið er að lokum losað, sem er hægt að rekja til skólpsins sem kemur frá hreinsun á úrgangslofti.

Ekki má undir neinum kringumstæðum þynna skólpið til að viðmiðunarmörkin fyrir losun, sem sett eru fram í 5. hluta VI. viðauka, séu virt.

5. Svæði sorpbrennslustöðva og sorpsambrennslustöðva ásamt tengdum geymslusvæðum fyrir úrgang skulu hönnuð og starfrækt þannig að komið verði í veg fyrir óheimila losun og losun sem verður fyrir slysni á hvers kyns mengandi efnum í jarðveg, yfirborðsvatn og grunnvatn.

Geymslurými skal vera til staðar fyrir mengað afrennsli regnvatns frá svæði sorpbrennslustöðvar eða sorpsambrennslustöðvar eða fyrir mengað vatn sem á rætur að rekja til leka eða slökkvistarfa. Þessi geymsluaðstaða skal nægja til að tryggja að hægt sé að prófa og hreinsa slíkt úrgangsvatn áður en það er losað ef þurfa þykir.

6. Með fyrirvara um c-lið 4. mgr. 50. gr. skal sorpbrennslustöð eða sorpsambrennslustöð eða einstakir brennsluofnar, sem eru hlutar af sorpbrennslustöð eða sorpsambrennslustöð, ekki undir neinum kringumstæðum halda áfram að brenna sorpi lengur en í 4 klukkustundir óslitið þegar farið er yfir viðmiðunarmörk fyrir losun.

Samanlögð tímalengd starfrækslu við slíkar aðstæður skal ekki fara yfir 60 klukkustundir á einu ári.

Tímamörkin sem sett eru fram í annarri undirgrein skulu gilda um þá brennsluofna sem eru tengdir einu og sama hreinsitækinu fyrir úrgangsloft.

47. gr.

Bilun

Ef um bilun er að ræða skal rekstraraðilinn draga úr eða hætta starfsemi eins fljótt og auðið er þar til stöðin getur hafið eðlilega starfsemi á ný.

48. gr.

Vöktun losunar

1. Aðildarríki skulu tryggja að vöktun losunar fari fram í samræmi við 6. og 7. hluta VI. viðauka.

2. Uppsetning og rekstur á sjálfvirkum mælibúnaði skal vera háður eftirliti og árlegum eftirlitsprófunum eins og kveðið er á um í 1. lið 6. hluta VI. viðauka.

3. Lögbært yfirvald skal ákvarða staðsetningu sýnatöku- eða mælipunkta sem nota skal fyrir vöktun losunar.

4. Allar niðurstöður vöktunar skal skrá, vinna úr og setja fram með þeim hætti að lögbært yfirvald geti sannreynt að farið sé að rekstrarskilyrðum og viðmiðunarmörkum fyrir losun sem eru í leyfinu.

5. Um leið og viðeigandi mælitækni er tiltæk innan Sambandsins skal framkvæmdastjórnin, með framseldum gerðum í samræmi við 76. gr. og með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í 77. og 78. gr., fastsetja hvenær hefja skal samfelldar mælingar á losun þungmálma og díoxína og fúrana út í andrúmsloftið.

49. gr.

Samræmi við viðmiðunarmörk fyrir losun

Líta skal svo á að farið sé að viðmiðunarmörkunum fyrir losun í andrúmsloft og vatn ef skilyrðin, sem lýst er í 8. hluta VI. viðauka, eru uppfyllt.

50. gr.

Rekstrarskilyrði

1. Sorpbrennslustöðvar skulu starfræktar á þann hátt að það brennslustig náist að heildarmagn lífræns kolefnis í gjalli og botnösku sé minna en 3% eða að glæðitapið sé minna en 5% af þurrvigt efnisins. Ef nauðsyn krefur skal nota formeðhöndlunartækni fyrir úrgang.

2. Sorpbrennslustöðvar skulu vera hannaðar, útbúnar, byggðar og starfræktar með þeim hætti að lofttegundir frá brennslu úrgangs séu hitaðar eftir síðustu inndælingu brunalofts, á stýrðan og einsleitan hátt og jafnvel við óhagstæðustu aðstæður, upp í a.m.k. 850 °C í tvær sekúndur hið minnsta.

Sorpsambrennslustöðvar skulu vera hannaðar, útbúnar, byggðar og starfræktar með þeim hætti að lofttegundir frá sambrennslu úrgangs séu hitaðar, á stýrðan og einsleitan hátt og jafnvel við óhagstæðustu aðstæður, upp í a.m.k. 850 °C í tvær sekúndur hið minnsta.

Ef hættulegur úrgangur, sem inniheldur meira en 1% af halógenuðum lífrænum efnum, gefið upp sem klór, er brenndur eða sambrenndur skal hitastigið sem þarf til að fara að fyrstu og annarri undirgrein vera a.m.k. 1100 °C.

Í sorpbrennslustöðvum skal mæla hitastigið, sem sett er fram í fyrstu og þriðju undirgrein, nærri innri vegg brunahólfsins. Lögbært yfirvald getur heimilað að mælingarnar séu gerðar á öðrum lýsandi stað brunahólfsins.

3. Hvert brunahólf sorpbrennslustöðvar skal búið a.m.k. einum aukabrennara. Þessi brennari skal ræsast sjálfvirkt þegar hitastig brunalofttegunda eftir síðustu inndælingu brunalofts fellur niður fyrir hitastigin sem sett eru fram í 2. mgr. Einnig skal nota hann við ræsingar- eða stöðvunaraðgerðir í stöðinni til að tryggja að þessi hitastig haldist ávallt meðan þessar aðgerðir fara fram og svo lengi sem óbrunninn úrgangur er í brunahólfinu.

Ekki má láta aukabrennarann ganga fyrir eldsneyti sem getur haft í för með sér meiri losun en þá sem verður við brennslu gasolíu eins og skilgreint er í 2. mgr. 2. gr. tilskipunar ráðsins 1999/32/EB frá 26. apríl 1999 um að draga úr magni brennisteins í tilteknum tegundum fljótandi eldsneytis ([36]), fljótandi gass og eða jarðgass.

4. Sorpbrennslustöðvar og sorpsambrennslustöðvar skulu starfrækja sjálfvirkt kerfi til að hindra aðfærslu úrgangs við eftirfarandi aðstæður:

a) við ræsingu þar til hitastiginu, sem sett er fram í 2. mgr. þessarar greinar, eða hitastiginu, sem tilgreint er í samræmi við 1. mgr. 51. gr., hefur verið náð,

b) þegar hitastiginu, sem sett er fram í 2. mgr. þessarar greinar, eða hitastiginu, sem tilgreint er í samræmi við 1. mgr. 51. gr., er ekki haldið,

c) þegar samfelldu mælingarnar sýna að farið er yfir viðmiðunarmörk fyrir losun vegna truflana eða bilana í hreinsibúnaðinum fyrir úrgangsloft.

5. Allur varmi sem sorpbrennslustöð eða sorpsambrennslustöð myndar skal endurheimtur eftir því sem við verður komið.

6. Setja skal smitandi, klíniskan úrgang beint í ofninn án þess að blanda honum áður við aðra flokka úrgangs og án beinnar meðhöndlunar.

7. Aðildarríki skulu tryggja að sorpbrennslustöð eða sorpsambrennslustöð sé starfrækt og stjórnað af einstaklingi sem er hæfur til að stjórna stöðinni.

([36]) Stjtíð. EB L 121, 11.5.1999, bls. 13.

51. gr.

Heimild til að breyta rekstrarskilyrðum

1. Lögbær yfirvöld geta heimilað önnur skilyrði en þau sem mælt er fyrir um í 1., 2. og 3. mgr. 50. gr. og, að því er varðar hitastigið, í 4. mgr. þeirrar greinar og tilgreind eru í leyfinu fyrir tiltekna flokka úrgangs eða fyrir tiltekin varmaferli, að því tilskildu að aðrar kröfur þessa kafla séu uppfylltar. Aðildarríkjunum er heimilt að mæla fyrir um reglur sem gilda um þessi leyfi.

2. Að því er varðar sorpbrennslustöðvar skal breytingin á rekstrarskilyrðunum ekki valda meiri leifum eða leifum sem innihalda meira af lífrænum mengunarefnum en þær leifar sem búast má við samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 1., 2. og 3. mgr. 50. gr.

3. Heildarlosun lífræns kolefnis og kolsýrings frá sorpsambrennslustöðvum sem heimilt er að breyta rekstrarskilyrðum skv. 1 mgr. skal einnig vera í samræmi við viðmiðunarmörkin fyrir losun sem sett eru fram í 3. hluta VI. viðauka.

Heildarlosun lífræns kolefnis frá barkarkötlum innan pappírsmauks- og pappírsiðnaðarins, sem sambrenna úrgangi þar sem hann verður til og voru í rekstri og höfðu leyfi fyrir 28. desember 2002 og sem er heimilt að breyta rekstrarskilyrðum skv. 1. mgr., skal einnig vera í samræmi við viðmiðunarmörkin fyrir losun sem sett eru fram í 3. hluta VI. viðauka.

4. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um öll rekstrarskilyrði, sem heimiluð eru skv. 1., 2. og 3. mgr., og niðurstöður sannprófana, sem gerðar eru, sem hluta af þeim upplýsingum sem veittar eru í samræmi við upplýsingaskylduna skv. 72. gr.

52. gr.

Afhending og móttaka úrgangs

1. Rekstraraðili sorpbrennslustöðvarinnar eða sorpsambrennslustöðvarinnar skal gera allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir varðandi afhendingu og móttöku úrgangs í því skyni að koma í veg fyrir eða takmarka, eftir því sem við verður komið, mengun andrúmslofts, jarðvegs, yfirborðsvatns og grunnvatns, sem og önnur neikvæð áhrif á umhverfið, lykt og hávaða og beina áhættu fyrir heilbrigði manna.

2. Rekstraraðilinn skal ákvarða massann fyrir hverja gerð úrgangs, ef mögulegt er samkvæmt Evrópsku úrgangsskránni sem komið var á fót með ákvörðun 2000/532/EB, áður en tekið er við úrgangi í sorpbrennslustöð eða sorpsambrennslustöð.

3. Áður en tekið er við hættulegum úrgangi í sorpbrennslustöð eða sorpsambrennslustöð skal rekstraraðilinn safna tiltækum upplýsingum um úrganginn í því skyni að sannprófa að kröfurnar fyrir leyfinu, sem tilgreindar eru í 2. mgr. 45. gr, séu uppfylltar.

Þær upplýsingar skulu taka til eftirfarandi:

a) allra stjórnsýsluupplýsinga um myndunarferlið sem er að finna í skjölunum sem um getur í a-lið 4. mgr.,

b) eðlisfræðilegrar og, eftir því sem við verður komið, efnafræðilegrar samsetningar úrgangsins og allra annarra upplýsinga sem eru nauðsynlegar til að meta hvort hann henti fyrir fyrirhugað brennsluferli,

c) hættulegra eiginleika úrgangsins, efna sem ekki má blanda honum saman við og varúðarráðstafana sem grípa skal til við meðhöndlun úrgangsins.

4. Áður en tekið er við hættulegum úrgangi í sorpbrennslustöðinni eða sorpsambrennslustöðinni skal rekstraraðilinn a.m.k. beita eftirfarandi málsmeðferðarreglum:

a) athuga skjölin sem krafist er með tilskipun 2008/98/EB og eftir atvikum þau sem krafist er með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 frá 14. júní 2006 um tilflutning úrgangs ([37]) og með löggjöf um flutning á hættulegum farmi,

b) taka dæmigerð sýni, nema það eigi ekki við, eftir því sem við verður komið áður en afferming fer fram, til að sannprófa að hann sé í samræmi við upplýsingarnar sem kveðið er á um í 3. mgr. um framkvæmd eftirlits og til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að sanngreina eðli úrgangsins sem er meðhöndlaður.

Sýnin sem um getur í b-lið skal geyma í minnst 1 mánuð eftir brennsluna eða sambrennsluna á úrganginum sem um ræðir.

5. Lögbært yfirvald getur veitt sorpbrennslustöðvum eða sorpsambrennslustöðvum undanþágur frá 2., 3. og 4 mgr. sem eru hluti af stöð sem fellur undir II. kafla og brennir eða sambrennir aðeins úrgangi sem verður til innan þeirrar stöðvar.

53. gr.

Leifar

1. Lágmarka skal magn og skaðsemi leifa. Leifar skal endurvinna, eftir því sem við á, beint í stöðinni eða utan hennar.

2. Flutningur og tímabundin geymsla á þurrum leifum í formi ryks skal fara þannig fram að komið sé í veg fyrir að leifarnar dreifist út í umhverfið.

3. Áður en ákvarðað er hvernig á að farga eða endurvinna leifarnar skal gera viðeigandi prófanir til að ákvarða eðlisfræðilega og efnafræðilega eiginleika og hugsanlega mengunarhættu af völdum leifanna. Þessar prófanir skulu taka til þess heildarhluta sem er uppleysanlegur og heildarhluta uppleysanlegra þungmálma.

54. gr.

Umtalsverð breyting

Breyting á starfsemi sorpbrennslustöðvar eða sorpsambrennslustöðvar, sem meðhöndlar aðeins hættulausan úrgang, í stöð, sem fellur undir II. kafla, sem felur í sér brennslu eða sambrennslu á hættulegum úrgangi skal teljast umtalsverð breyting.

55. gr.

Skýrslugjöf og upplýsingar til almennings um sorpbrennslustöðvar og sorpsambrennslustöðvar

1. Umsóknir um ný leyfi fyrir sorpbrennslustöðvar eða sorpsambrennslustöðvar skal gera aðgengilegar almenningi á einum eða fleiri stöðum á viðeigandi tímabili til að gera almenningi kleift að gera athugasemdir við umsóknirnar áður en lögbært yfirvald tekur ákvörðun. Almenningur skal einnig hafa aðgang að þeirri ákvörðun og síðari breytingum, að meðtöldu minnst einu afriti af leyfinu.

2. Að því er varðar sorpbrennslustöðvar eða sorpsambrennslustöðvar með nafnrúmtak 2 tonn eða meira á klukkustund skal skýrslan, sem um getur í 72. gr., innihalda upplýsingar um rekstur og vöktun stöðvarinnar og í henni skal gera grein fyrir keyrslu brennslu- eða sambrennsluferlisins og magni losunar út í andrúmsloft og vatn í samanburði við viðmiðunarmörkin fyrir losun. Þær upplýsingar skulu gerðar tiltækar almenningi.

3. Lögbært yfirvald skal útbúa skrá yfir sorpbrennslustöðvar eða sorpsambrennslustöðvar með nafnafköst undir tveimur tonnum á klukkustund og skal hún gerð aðgengileg almenningi.

V. KAFLI

SÉRÁKVÆÐI FYRIR STÖÐVAR OG STARFSEMI SEM NOTA LÍFRÆNA LEYSA

56. gr.

Gildissvið

Þessi kafli skal gilda fyrir starfsemi sem tilgreind er í 1. hluta VII. viðauka og, eftir atvikum, sem nær þeim viðmiðunargildum fyrir notkun sem sett eru fram í 2. hluta þess viðauka.

([37]) Stjtíð. ESB L 190, 12.7.2006, bls. 1.

57. gr.

Skilgreiningar

Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „stöð í rekstri“: stöð sem var í rekstri 29. mars 1999 eða sem var veitt leyfi eða skráð fyrir 1. apríl 2001 eða sem rekstraraðili hefur lagt fram fullgerða umsókn um leyfi fyrir fyrir 1. apríl 2001, að því tilskildu að rekstur hafi hafist í stöðinni eigi síðar en 1. apríl 2002,

2) „úrgangsloft“: endanlega loftkennda losunin sem inniheldur rokgjörn, lífræn efnasambönd eða önnur mengunarefni frá reykháfi eða hreinsibúnaði út í andrúmsloftið,

3) „dreifð losun“: öll losun önnur en með úrgangslofti á rokgjörnum lífrænum efnasamböndum út í andrúmsloft, jarðveg og vatn sem og losun á leysum í hvers konar vörum, nema annað sé tekið fram í 2. hluta VII. viðauka,

4) „heildarlosun“: summan af dreifðri losun og losun í úrgangslofti,

5) „blanda“: blanda eins og hún er skilgreind í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu ([38]),

6) „lím“: hvers konar blanda sem notuð er til að líma saman aðskilda hluta vöru, þ.m.t. allir lífrænir leysar eða blöndur, sem innihalda lífræna leysa, sem nauðsynlegar eru fyrir viðeigandi notkun,

7) „farvi“: blanda sem notuð er við prentstarfsemi til að þrykkja texta eða myndir á yfirborð, þ.m.t. allir lífrænir leysar eða blöndur, sem innihalda lífræna leysa, sem nauðsynlegar eru fyrir viðeigandi notkun,

8) „lakk“: gagnsætt yfirborðsmeðferðarefni,

9) „notkun“: heildarílag lífrænna leysa inn á stöð á almanaksári eða hverju öðru 12 mánaða tímabili, að frádregnum öllum rokgjörnum lífrænum efnasamböndum sem eru endurheimt fyrir endurnotkun,

10) „ílag“: magn lífrænna leysa og magn þeirra í blöndum sem eru notaðar í starfsemi, þ.m.t. þeirra leysa sem eru endurunnir innan og utan stöðvarinnar og sem eru meðtaldir í hvert sinn sem þeir eru notaðir í starfseminni,

11) „endurnotkun“: notkun lífrænna leysa sem eru endurheimtir frá stöð í hvers konar tæknilegum eða viðskiptalegum tilgangi og þar er meðtalin notkun sem eldsneyti en endanleg förgun slíkra endurheimtra lífrænna leysa sem úrgangs er undanskilin,

12) „stýrðar aðstæður“: aðstæður þar sem stöð er starfrækt þannig að rokgjörnum, lífrænum efnasamböndum sem sleppt er frá starfseminni er safnað og þau losuð á stýrðan hátt, annaðhvort með reykháfi eða hreinsibúnaði, og eru því ekki fullkomlega dreifð,

13) „ræsingar- eða stöðvunaraðgerðir“: aðgerðir, að undanskildum reglulegum sveiflufösum í starfseminni, þar sem starfsemi, tæki eða tankur eru tekin í eða úr notkun eða í eða úr biðstöðu.

58. gr.

Útskipti hættulegra efna

Efnum eða blöndum, sem vegna innihalds þeirra af rokgjörnum, lífrænum efnasamböndum flokkast sem krabbameinsvaldar, stökkbreytivaldar eða efni eða blöndur með eiturhrif á æxlun samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og fá eða eiga að bera hættusetningarnar H340, H350, H350i, H360D eða H360F, skal skipta út eftir því sem mögulegt er með skaðminni efnum eða blöndum innan skemmsta mögulega tíma.

59. gr.

Stjórnun losunar

1. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að hver stöð hlíti öðru hvoru af eftirfarandi:

a) losun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda frá stöðvum skal ekki fara yfir viðmiðunarmörkin fyrir losun í úrgangslofti og viðmiðunarmörkin fyrir dreifða losun eða viðmiðunarmörkin fyrir heildarlosun og að farið sé að öðrum kröfum sem mælt er fyrir um í 2. og 3. hluta VII. viðauka,

b) kröfum skerðingaráætlunarinnar, sem sett er fram í 5. hluta VII. viðauka, að því tilskildu að jafngild minnkun losunar náist samanborið við þá sem næst með beitingu viðmiðunarmarkanna fyrir losun sem um getur í a-lið.

Aðildarríki skulu gefa framkvæmdastjórninni skýrslu í samræmi við 1. mgr. 72. gr. um hvernig gengur að ná þeirri jafngildu minnkun losunar sem um getur í b-lið.

2. Með undanþágu frá a-lið 1. mgr., þar sem rekstraraðilinn sýnir lögbæru yfirvaldi fram á að fyrir einstaka stöð séu viðmiðunarmörkin fyrir dreifða losun hvorki tæknilega né fjárhagslega framkvæmanleg, getur lögbært yfirvald heimilað að losun fari yfir þau viðmiðunarmörk fyrir losun að því tilskildu að ekki sé búist við umtalsverðri áhættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið og að rekstraraðilinn sýni lögbæru yfirvaldi fram á að besta, fáanlega tækni sé notuð.

([38]) Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

3. Með undanþágu frá 1. mgr. fyrir húðunarstarfsemi, sem fellur undir 8. lið töflunnar í 2. hluta VII. viðauka og sem ekki er hægt að sinna við stýrðar aðstæður, getur lögbært yfirvald heimilað að losun stöðvarinnar uppfylli ekki kröfurnar, sem settar eru fram í þeirri málsgrein, ef rekstraraðilinn sýnir lögbæra yfirvaldinu fram á að slík reglufylgni sé hvorki tæknilega né fjárhagslega framkvæmanleg og að besta, fáanlega tækni sé notuð.

4. Aðildarríki skulu gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um undanþágurnar, sem um getur í 2. og 3. mgr. þessarar greinar, í samræmi við 2. mgr. 72. gr.

5. Losun á annaðhvort rokgjörnum, lífrænum efnasamböndum, sem fá eða eiga að bera hættusetningarnar H340, H350, H350i, H360D eða H360F, eða halógenuðum rokgjörnum, lífrænum efnasamböndum, sem fá eða eiga að bera hættusetningarnar H341 eða H351, skal stjórna við stýrðar aðstæður að svo miklu leyti sem það er tæknilega og fjárhagslega framkvæmanlegt til að vernda lýðheilsu og umhverfið og skal ekki fara yfir viðkomandi viðmiðunarmörk fyrir losun sem sett eru fram í 4. hluta VII. viðauka.

6. Stöðvar þar sem ein eða fleiri tegundir af starfsemi fer fram, sem hver um sig fer yfir viðmiðunargildin í 2. hluta VII. viðauka, skulu:

a) að því er varðar efni sem eru tilgreind í 5. mgr.: uppfylla kröfur þeirrar málsgreinar fyrir hverja starfsemi fyrir sig,

b) að því er varðar öll önnur efni, annaðhvort:

   i. uppfylla kröfur 1. mgr. fyrir hverja starfsemi fyrir sig eða

   ii. vera með heildarlosun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda sem fer ekki yfir það sem verið hefði ef i. lið hefði verið beitt.

7. Gera skal allar viðeigandi varúðarráðstafanir til að lágmarka losun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda við ræsingar- og stöðvunaraðgerðir.

60. gr.

Vöktun losunar

Aðildarríki skulu, annaðhvort með því að tilgreina það í leyfisskilyrðum eða með almennum bindandi reglum, tryggja að mælingar á losun séu framkvæmdar í samræmi við 6. hluta VII. viðauka.

61. gr.

Samræmi við viðmiðunarmörk fyrir losun

Líta skal svo á að farið sé að viðmiðunarmörkunum fyrir losun í úrgangslofti ef skilyrðin sem sett eru fram í 8. hluta VII. viðauka eru uppfyllt.

62. gr.

Skýrslugjöf um reglufylgni

Sé þess óskað skal rekstraraðilinn láta lögbæru yfirvaldi í té gögn sem gera lögbæra yfirvaldinu kleift að sannreyna reglufylgni við hvert eftirfarandi atriða:

a) viðmiðunarmörk fyrir losun í úrgangslofti, viðmiðunarmörk fyrir dreifða losun og viðmiðunarmörk fyrir heildarlosun,

b) kröfur skerðingaráætlunarinnar skv. 5. hluta VII. viðauka,

c) undanþágur sem veittar eru í samræmi við 2. og 3. mgr. 59. gr.

Þetta getur falið í sér stjórnunaráætlun fyrir leysa sem útbúin er í samræmi við 7. hluta VII. viðauka.

63. gr.

Umtalsverð breyting á stöðvum í rekstri

1. Breyting á hámarksmassaílagi af lífrænum leysum í stöð í rekstri, sem meðaltal yfir einn dag, þar sem stöðin er rekin við hönnunarfrálag við aðrar aðstæður en ræsingar- eða stöðvunaraðgerðir og viðhald búnaðar, skal teljast umtalsverð ef hún leiðir til aukningar á losun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda um meira en:

a) 25% fyrir stöðvar sem sinna annaðhvort starfsemi sem fellur innan lægri viðmiðunargilda í 1., 3., 4., 5., 8., 10., 13., 16. eða 17. lið í töflunni í 2. hluta VII. viðauka eða starfsemi sem fellur undir einhvern hinna liðanna í 2. hluta VII. viðauka og þar sem notkun leysa er minni en 10 tonn á ári,

b) 10% fyrir allar aðrar stöðvar.

2. Þar sem gerð er umtalsverð breyting á stöð í rekstri, eða hún fellur innan gildissviðs þessarar tilskipunar í fyrsta sinn eftir umtalsverða breytingu, skal fara með þann hluta stöðvarinnar, sem umtalsverð breyting er gerð á, annaðhvort sem nýja stöð eða sem stöð í rekstri, að því tilskildu að heildarlosun allrar stöðvarinnar fari ekki yfir það sem orðið hefði ef farið hefði verið með umtalsvert breytta hlutann sem nýja stöð.

3. Þegar um er að ræða umtalsverða breytingu skal lögbært yfirvald athuga reglufylgni stöðvarinnar við kröfur þessarar tilskipunar.

64. gr.

Upplýsingaskipti um útskipti lífrænna leysa

Framkvæmdastjórnin skal skipuleggja upplýsingaskipti við aðildarríki, viðkomandi iðnað og frjáls félagasamtök sem stuðla að umhverfisvernd um notkun lífrænna leysa og hugsanlegra staðgönguefna þeirra og tækni sem hafa minnstu hugsanlegu áhrif á loft, vatn, jarðveg, vistkerfi og heilbrigði manna.

Upplýsingaskiptin skulu skipulögð fyrir allt eftirfarandi:

a) notagildi,

b) möguleg áhrif á heilbrigði manna og sérstaklega váhrif í starfi,

c) möguleg áhrif á umhverfið,

d) efnahagslegar afleiðingar, einkum kostnað og ávinning af tiltækum valkostum.

65. gr.

Aðgangur að upplýsingum

1. Ákvörðun lögbærs yfirvalds, að meðtöldu a.m.k afriti af leyfinu og öllum síðari uppfærslum, skal gerð aðgengileg almenningi.

Þær almennu bindandi reglur sem gilda fyrir stöðvar og skráin yfir stöðvar sem falla undir leyfis- og skráningarskyldu skulu gerðar aðgengilegar almenningi.

2. Niðurstöðurnar úr þeirri vöktun losunar sem krafist er skv. 60. gr. og lögbært yfirvald hefur undir höndum skulu gerðar aðgengilegar almenningi.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar skulu gilda með fyrirvara um takmarkanirnar sem mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 2003/4/EB.

VI. KAFLI

SÉRÁKVÆÐI FYRIR STÖÐVAR SEM FRAMLEIÐA TÍTANDÍOXÍÐ

66. gr.

Gildissvið

Þessi kafli skal gilda um stöðvar sem framleiða títandíoxíð.

67. gr.

Bann við förgun úrgangs

Aðildarríki skulu banna förgun á eftirfarandi úrgangi í öll vatnshlot, sjó eða höf:

a) föstum úrgangi,

b) móðurvökva frá síunarfasa eftir vatnsrof títanýlsúlfatlausnarinnar frá stöðvum sem nota súlfatferlið; þ.m.t. súri úrgangurinn sem tengist slíkum vökvum, sem inniheldur í heild meira en 0,5% óbundna brennisteinssýru, og ýmsir þungmálmar og þ.m.t. slíkir móðurvökvar sem hafa verið þynntir þar til þeir innihalda 0,5% eða minna af óbundinni brennisteinssýru,

c) úrgangi frá stöðvum, sem nota klóríðferlið, sem inniheldur meira en 0,5% óbundna saltýru og ýmsa þungmálma, þ.m.t. slíkur úrgangur sem hefur verið þynntur þar til hann inniheldur 0,5% eða minna af óbundinni saltsýru,

d) síunarsöltum, seyru og fljótandi úrgangi frá meðhöndlun (þykkingu eða hlutleysingu) úrgangs, sem um getur í b- og c-liðum og inniheldur ýmsa þungmálma, en hlutleystur og síaður eða umhelltur úrgangur, sem inniheldur aðeins snefilmagn af þungmálmum og hefur pH-gildi yfir 5,5 án nokkurrar þynningar, er ekki meðtalinn.

68. gr.

Stjórnun losunar í vatn

Losun frá stöðvum í vatn skal ekki fara yfir viðmiðunarmörkin fyrir losun sem sett eru fram í 1. hluta VIII. viðauka.

69. gr.

Komið í veg fyrir og dregið úr losun út í andrúmsloft

1. Hindra skal losun sýrudropa frá stöðvum.

2. Losun frá stöðvum í andrúmsloft skal ekki fara yfir viðmiðunarmörkin fyrir losun sem sett eru fram í 2. hluta VIII. viðauka.

70. gr.

Vöktun losunar

1. Aðildarríki skulu tryggja vöktun losunar í vatn til að gera lögbæru yfirvaldi kleift að sannreyna hvort farið sé að leyfisskilyrðum og 68. gr.

2. Aðildarríki skulu tryggja vöktun losunar í andrúmsloft til að gera lögbæru yfirvaldi kleift að sannreyna hvort farið sé að leyfisskilyrðum og 69. gr. Slík vöktun skal fela í sér a.m.k. vöktun losunar eins og sett er fram í 3. hluta VIII. viðauka.

3. Vöktun skal framkvæmd í samræmi við staðla Staðlasamtaka Evrópu eða, ef þeir eru ekki fáanlegir, staðla Alþjóðlegu staðlasamtakanna, landsbundna staðla eða aðra alþjóðlega staðla sem tryggja að gögn séu af sambærilegum vísindalegum gæðum.

VII. KAFLI

NEFNDA-, UMBREYTINGAR- OG LOKAÁKVÆÐI

71. gr.

Lögbær yfirvöld

Aðildarríki skulu tilnefna þau lögbæru yfirvöld sem eru ábyrg fyrir að uppfylla þær skyldur sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

72. gr.

Skýrslugjöf aðildarríkjanna

1. Aðildarríki skulu tryggja að upplýsingar séu gerðar aðgengilegar fyrir framkvæmdastjórnina um framkvæmd þessarar tilskipunar, um dæmigerð gögn um losun og aðrar gerðir mengunar, um viðmiðunarmörk fyrir losun, um notkun bestu, fáanlegu tækni í samræmi við 14. og 15. gr., einkum um veitingu undanþágna í samræmi við 4. mgr. 15. gr. og um framvindu varðandi þróun og beitingu tækninýjunga í samræmi við 27. gr. Aðildarríki skulu gera upplýsingarnar aðgengilegar á rafrænu formi.

2. Ákveða skal gerð, snið og tíðni upplýsinga sem gera á aðgengilegar skv. 1. mgr. í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 75. gr. Það skal fela í sér ákvörðun um þá tilteknu starfsemi og mengunarefni sem gögn, sem um getur í 1. mgr., skulu gerð aðgengileg fyrir.

3. Fyrir öll brennsluver sem falla undir III. kafla þessarar tilskipunar skulu aðildarríki frá 1. janúar 2016 koma á árlegri skráningu losunar á brennisteinsdíoxíði, köfnunarefnisoxíði og ryki og orkuílagi.

Með tilliti til samlegðarreglnanna, sem settar eru fram í 29. gr., skal lögbært yfirvald afla eftirfarandi gagna fyrir hvert brennsluver:

a) heildarnafnvarmaafl (MW) brennsluversins,

b) gerð brennsluvers: ketill, gashverfill, gashreyfill, dísilhreyfill, annað (gerð tilgreind),

c) dagsetning á upphafi starfsemi í brennsluverinu,

d) árleg heildarlosun (tonn á ári) brennisteinsdíoxíðs, köfnunarefnisoxíðs og ryks (sem heildarmagn svifagna),

e) fjöldi rekstrarstunda brennsluversins,

f) árlegt heildarorkuílag í tengslum við nettóvarmagildi (TJ á ári), skipt niður á eftirfarandi flokka eldsneytis: kol, brúnkol, lífmassa, mó, annað fast eldsneyti (gerð tilgreind), fljótandi eldsneyti, jarðgas og annað gas (gerð tilgreind).

Þessar árlegu upplýsingar fyrir hvert ver í skránum skulu gerðar aðgengilegar fyrir framkvæmdastjórnina þegar hún fer fram á það.

Samantekt á skránum skal gerð aðgengileg fyrir framkvæmdastjórnina á þriggja ára fresti innan 12 mánaða frá lokum þess þriggja ára tímabils sem um ræðir. Þessi samantekt skal sýna gögnin fyrir brennsluver innan hreinsunarstöðvar á aðgreindan hátt.

Framkvæmdastjórnin skal gera samantekt á samanburði og mati á þessum skrám aðgengilega aðildarríkjunum og almenningi í samræmi við tilskipun 2003/4/EB innan 24 mánaða frá lokum þess þriggja ára tímabils sem um ræðir.

4. Aðildarríki skulu frá 1. janúar 2016 gefa framkvæmdastjórninni eftirfarandi upplýsingar árlega:

a) að því er varðar brennsluver sem falla undir 31. gr.: brennisteinsinnihald innlends eldsneytis í föstu formi og það hlutfall brennisteinshreinsunar sem næst, sem meðaltal fyrir hvern mánuð. Fyrir fyrsta árið sem 31. gr. er beitt skal einnig lagður fram tæknilegur rökstuðningur fyrir því að ekki sé hagkvæmt að fara að viðmiðunarmörkunum fyrir losun sem um getur í 2. og 3. mgr. 30. gr. og

b) að því er varðar brennsluver sem eru ekki starfrækt í meira en 1500 rekstrarstundir á ári sem hlaupandi meðaltal yfir 5 ára tímabil: fjöldi rekstrarstunda á ári.

73. gr.

Endurskoðun

1. Eigi síðar en 7. janúar 2016 og á þriggja ára fresti þaðan í frá skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um endurskoðun framkvæmdar þessarar tilskipunar á grundvelli upplýsinganna sem um getur í 72. gr.

Sú skýrsla skal innihalda mat á þörfinni fyrir að Sambandið komi á eða uppfæri lágmarkskröfur fyrir viðmiðunarmörk fyrir losun á vettvangi Sambandsins og fyrir reglur um vöktun og reglufylgni fyrir starfsemi innan gildissviðs niðurstaðna um bestu, fáanlegu tækni, sem samþykktar eru á undanfarandi þriggja ára tímabili, á grundvelli eftirfarandi viðmiðana:

a) áhrifa viðkomandi starfsemi á umhverfið sem heild, og

b) stöðu nýtingar á bestu, fáanlegu tækni í viðkomandi starfsemi.

Við það mat skal taka til athugunar skoðun samstarfsvettvangsins sem um getur í 4. mgr. 13. gr.

Ákvæði III. kafla og V. viðauka við þessa tilskipun skulu teljast sýna þær lágmarkskröfur á vettvangi Sambandsins þegar um er að ræða stór brennsluver.

Skýrslunni skal fylgja tillaga að nýrri löggjöf eftir því sem við á. Þegar matið sem um getur í annarri undirgrein staðfestir slíka þörf skal tillaga að nýrri löggjöf innihalda ákvæði um að koma á eða uppfæra lágmarkskröfur um viðmiðunarmörk fyrir losun á vettvangi Sambandsins og um reglur um vöktun og mat á reglufylgni fyrir viðkomandi starfsemi.

2. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2012, endurskoða þörfina á stjórnun losunar frá:

a) brennslu eldsneytis í stöðvum með heildarnafnvarmaafl undir 50 MW,

b) þéttbæru eldi nautgripa og

c) dreifingu húsdýraáburðar.

Framkvæmdastjórnin skal kynna niðurstöður þessarar endurskoðunar fyrir Evrópuþinginu og ráðinu ásamt tillögu að nýrri löggjöf, eftir því sem við á.

3. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2011, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um fastsetningu í I. viðauka á:

a) aðgreindum viðmiðunargildum fyrir afkastagetu fyrir eldi á mismunandi alifuglategundum, þ.m.t. í sérstöku tilviki kornhænunnar,

b) aðgreindum viðmiðunargildum fyrir eldi á mismunandi tegundum dýra innan sömu stöðvar sem fram fer samtímis.

Framkvæmdastjórnin skal kynna niðurstöður þessarar endurskoðunar fyrir Evrópuþinginu og ráðinu ásamt tillögu að nýrri löggjöf, eftir því sem við á.

74. gr.

Breytingar á viðaukum

Í því skyni að heimila aðlögun ákvæða þessarar tilskipunar að vísindalegum og tæknilegum framförum á grundvelli bestu, fáanlegu tækni, skal framkvæmdastjórnin samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 76. gr. og með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í 77. og 78. gr. að því er varðar aðlögun 3. og 4. hluta V. viðauka, 2., 6., 7. og 8. hluta VI. viðauka og 5., 6., 7. og 8. hluta VII. viðauka að slíkum vísindalegum og tæknilegum framförum.

75. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera 3 mánuðir.

76. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir sem um getur í 5. mgr. 48. gr. og 74. gr. í fimm ár frá 6. janúar 2011. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu að því er varðar framsal valds eigi síðar en sex mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framsal valds skal sjálfkrafa framlengt um jafn langan tíma, nema Evrópuþingið eða ráðið afturkalli það í samræmi við 77. gr.

2. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

3. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í 77. og 78. gr.

77. gr.

Afturköllun framsals

1. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 5. mgr. 48. gr. og 74. gr.

2. Sú stofnun sem hafið hefur innri málsmeðferð til að skera úr um hvort afturkalla eigi framsal valds skal leitast við að upplýsa hina stofnunina og framkvæmdastjórnina með hæfilegum fyrirvara áður en endanleg ákvörðun er tekin og tilgreina hvaða valdheimildir, sem hafa verið framseldar, gætu verið afturkallaðar og mögulegar ástæður fyrir því.

3. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á framsal þess valds sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Hún skal öðlast gildi tafarlaust eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á lögmæti framseldra gerða sem þegar eru í gildi. Hún skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

78. gr.

Andmæli við framseldar gerðir

1. Evrópuþingið eða ráðið getur andmælt framseldri gerð innan tveggja mánaða frá tilkynningardegi.

Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

2. Hafi hvorki Evrópuþingið né ráðið andmælt framseldri gerð þegar tímabilið, sem um getur í 1. mgr., rennur út skal hún birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og öðlast gildi á þeim degi sem þar er tilgreindur.

Áður en þetta tímabil rennur út má birta framseldu gerðina í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og hún öðlast gildi ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina um þá fyrirætlun sína að hreyfa ekki andmælum.

3. Andmæli annaðhvort Evrópuþingið eða ráðið framseldri gerð innan þess tímabils sem um getur í 1. mgr. öðlast hún ekki gildi. Sú stofnun, sem andmælir framseldu gerðinni, skal tilgreina ástæðurnar fyrir því.

79. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu ákveða viðurlög við brotum á landsákvæðum sem samþykkt eru samkvæmt þessari tilskipun. Þessi viðurlög skulu vera árangursrík, í réttu hlutfalli við brot og letjandi. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi ákvæði fyrir 7. janúar 2013 og skulu tilkynna henni, án tafar, um hvers konar breytingar sem síðar verða á þeim.

80. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að 2. gr., 3. gr. (8., 11. til 15., 18. til 23., 26. til 30., 34. til 38. og 41. liður), 4.gr. (2. og 3. mgr.), 7. gr., 8. og 10. gr., 11. gr. (e- og h-liður), 12. gr. (e- og h-liður 1. mgr.), 13. gr. (7. mgr.), 14. gr. (ii. liður c-liðar 1. mgr.), 14. gr. (d-, e-, f- og h-liður 1. mgr), 14. gr. (2. til 7. mgr.), 15. gr. (2. til 5. mgr.), 16., 17. og 19. gr., 21. gr. (2. til 5. mgr.), 22., 23., 24., 27., 28. og 29. gr., 30. gr. (1., 2., 3., 4., 7. og 8. mgr.), 31., 32., 33., 34., 35., 36., 38. og 39. gr., 40. gr. (2. og 3. mgr.), 42. og 43. gr., 45. gr. (1. mgr.), 58. gr., 59. gr. (5. mgr.), 63. gr., 65. gr. (3. mgr.), 69., 70., 71., 72. og 79. gr., og að fyrstu undirgrein og liðum 1.1, 1.4, 2.5 (b-liður), 3.1, 4. lið, 5. lið, liðum 6.1 (c-liður), 6.4 (b-liður), 6.10 og 6.11 í I. viðauka, II. viðauka, 12. lið III. viðauka, V. viðauka, 1. hluta (b-liður), 4. hluta (liðir 2.2, 2.4, 3.1 og 3.2), 6. hluta (liðir 2.5 og 2.6) og 8. hluta (d-liður liðar 1.1) VI. viðauka, 4. hluta (2. liður), 5. hluta (1. liður), 7. hluta (3. liður) VII. viðauka, 1. hluta (1. liður og c-liður 2. liðar), 2. hluta (2. og 3. liður) og 3. hluta VIII. viðauka eigi síðar en 7. janúar 2013.

Þau skulu beita þessum ráðstöfunum frá þeim sama degi.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

81. gr.

Niðurfelling

1. Tilskipanir 78/176/EBE, 82/883/EBE, 92/112/EBE, 1999/13/EB, 2000/76/EB og 2008/1/EB, eins og þeim var breytt með gerðunum sem skráðar eru í A-hluta IX. viðauka, eru felldar úr gildi frá og með 7. janúar 2014 með fyrirvara um skyldur aðildarríkjanna að því er varðar þá fresti til að leiða í landslög og beita tilskipununum sem settir eru fram í B-hluta IX. viðauka.

2. Tilskipun 2001/80/EB, eins og henni var breytt með gerðunum sem eru tilgreindar í A-hluta IX. viðauka, er felld úr gildi frá og með 1. janúar 2016, með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar þá fresti til að leiða í landslög og beita tilskipununum sem settir eru fram í í B-hluta III. viðauka.

3. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipanirnar sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í X. viðauka.

82. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Að því er varðar stöðvar sem sinna starfsemi sem um getur í I. viðauka, lið 1.1. fyrir starfsemi með heildarnafnvarmaafl yfir 50 MW, liðum 1.2 og 1.3, lið 1.4 (a-liður), liðum 2.1 til 2.6, liðum 3.1 til 3.5 og liðum 4.1 til 4.6 fyrir starfsemi varðandi framleiðslu með efnavinnslu, liðum 5.1 og 5.2 fyrir starfsemi sem fellur undir tilskipun 2008/1/EB, lið 5.3 (i. og ii. liður a-liðar), lið 5.4, lið 6.1 (a- og b-liður), liðum 6.2 og 6.3, lið 6.4 (a-liður), lið 6.4 (b-liður) fyrir starfsemi sem fellur undir tilskipun 2008/1/EB, lið 6.4 (c-liður) og liðum 6.5 til 6.9 fyrir stöðvar sem eru í rekstri og með leyfi fyrir 7. janúar 2013 eða sem rekstraraðilar hafa lagt fram fullgerða umsókn um leyfi fyrir fyrir þann dag, að því tilskildu að stöðvarnar hefji starfsemi eigi síðar en 7. janúar 2014, skulu aðildarríki beita lögunum og stjórnsýslufyrirmælunum, sem samþykkt eru í samræmi við 1. mgr. 80. gr., frá 7. janúar 2014, að undanskildum III kafla og V. viðauka.

2. Að því er varðar stöðvar sem sinna starfsemi sem um getur í I. viðauka, lið 1.1 fyrir starfsemi með heildarnafnvarmaafl 50 MW, lið 1.4 (b-liður), liðum 4.1 til 4.6 fyrir starfsemi varðandi framleiðslu með líffræðilegri vinnslu, liðum 5.1 og 5.2 fyrir starfsemi sem fellur ekki undir tilskipun 2008/1/EB, lið 5.3 (iii. til v. liður a-liðar), lið 5.3 (b-liður), liðum 5.5 og 5.6, lið 6.1 (c-liður), lið 6.4 (b-liður) fyrir starfsemi sem fellur ekki undir tilskipun 2008/1/EB og liðum 6.10 og 6.11 fyrir stöðvar sem eru í rekstri fyrir 7. janúar 2013, skulu aðildarríki beita lögunum og stjórnsýslufyrirmælunum, sem samþykkt eru í samræmi við þessa tilskipun, frá 7. júlí 2015, að undanskildum III og IV. kafla og V. og VI. viðauka.

3. Að því er varðar brennsluver sem um getur í 2. mgr. 30. gr. skulu aðildarríki, frá 1. janúar 2016, beita lögunum og stjórnsýslufyrirmælunum sem samþykkt eru í samræmi við 1. mgr. 80. gr. til að fara að III. kafla og V. viðauka.

4. Að því er varðar brennsluver sem um getur í 3. mgr. 30. gr. skulu aðildarríki hætta að beita tilskipun 2001/80/EB frá 7. janúar 2013.

5. Að því er varðar brennsluver sem sambrenna úrgang skal liður 3.1 í 4. hluta VI. viðauka gilda til:

a) 31. desember 2015 fyrir brennsluver sem um getur í 2. mgr. 30. gr.,

b) 6. janúar 2013 fyrir brennsluver sem um getur í 3. mgr. 30. gr.

6. Liður 3.2 í 4. hluta VI. viðauka skal gilda í tengslum við brennsluver sem sambrenna úrgang, frá og með:

a) 1. janúar 2016 fyrir brennsluver sem um getur í 2. mgr. 30. gr.

b) 7. janúar 2013 fyrir brennsluver sem um getur í 3. mgr. 30. gr.

7. Ákvæði 58. gr. gilda frá 1. júní 2015. Fram að þeim degi skal skipta út efnum eða blöndum, sem vegna innihalds þeirra af rokgjörnum, lífrænum efnasamböndum flokkast sem krabbameinsvaldar, stökkbreytivaldar eða efni eða blöndur með eiturhrif á æxlun samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og fá eða eiga að bera hættusetningarnar H340, H350, H350i, H360D eða H360F eða hættusetningar H45, H46, H49, H60 eða H61, eftir því sem mögulegt er með skaðminni efnum eða blöndum svo fljótt sem auðið er.

8. Ákvæði 5. mgr. 59. gr. gilda frá 1. júní 2015. Fram að þeim degi skal stjórna losun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda, sem fá eða eiga að bera hættusetningarnar H340, H350, H350i, H360D eða H360F eða hættusetningarnar H45, H46, H49, H60 eða H61, eða halógenaðra rokgjarnra, lífrænna efnasambanda, sem fá eða eiga að bera hættusetningarnar H341 eða H351 eða hættusetningarnar H40 eða H68, við stýrðar aðstæður að svo miklu leyti sem það er tæknilega og fjárhagslega framkvæmanlegt til að vernda lýðheilsu og umhverfið og skal ekki fara yfir viðkomandi viðmiðunarmörk fyrir losun sem sett eru fram í 4. hluta VII. viðauka.

9. Ákvæði 2. liðar 4. hluta VII. viðauka skulu gilda frá og með 1. júní 2015. Fram að þeim degi skal fara að viðmiðunarmörkum, sem nema 20 mg/Nm^3, fyrir losun á halógenuðum rokgjörnum, lífrænum efnasamböndum, sem fá eða eiga að bera hættusetningarnar H341 eða H351 eða hættusetningarnar H40 eða H68, þegar massaflæði samanlagðra efnasambandanna, sem valda hættusetningunum H341 eða H351 eða merkingunni H40 eða H68, er meira en eða jafnt og 100 g/klst. Viðmiðunarmörkin fyrir losun eiga við massasummu einstakra efnasambanda.

83. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

84. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 24. nóvember 2010.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
J. BUZEK	O. CHASTEL
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

Flokkar starfsemi sem um getur í 10. gr.

Viðmiðunargildin, sem eru tilgreind hér á eftir, vísa almennt til framleiðslugetu eða afkasta. Ef margar tegundir starfsemi, sem falla undir sömu starfsemislýsingu sem inniheldur viðmiðunargildi, eru reknar í sömu stöðinni er afkastageta þessara tegunda starfsemi lögð saman. Fyrir starfsemi við meðhöndlun úrgangs skal þessi útreikningur gilda fyrir starfsemi í lið 5.1 og a- og b-lið liðar 5.3.

Framkvæmdastjórnin skal taka saman leiðbeiningar um:

a) tengslin milli starfsemi við meðhöndlun úrgangs sem lýst er í þessum viðauka og þeirrar sem lýst er í I. og II. viðauka við tilskipun 2008/98/EB og

b) túlkun á hugtakinu „iðnaðarmælikvarði“ að því er varðar lýsinguna á efnaiðnaðarstarfsemi sem lýst er í þessum viðauka.

1. Orkuiðnaður

1.1. Brennsla eldsneytis í stöðvum með heildarnafnvarmaafl 50 MW eða meira

1.2. Hreinsun á jarðolíu og gasi

1.3. Koksframleiðsla

1.4. Gösun eða þétting á:

a) kolum,

b) öðru eldsneyti í stöðvum með heildarnafnvarmaafl 20 MW eða meira.

2. Framleiðsla og vinnsla málma

2.1. Brennsla eða glæðing málmgrýtis (þ.m.t. brennisteinsgrýtis)

2.2. Framleiðsla á hrájárni eða stáli (fyrsta eða önnur bræðsla), þ.m.t. samfelld málmsteypa, þar sem afkastagetan er meiri en 2,5 tonn á klukkustund

2.3. Vinnsla járnríkra málma:

a) starfræksla heitvölsunarvéla með vinnslugetu yfir 20 tonnum af hrástáli á klukkustund,

b) starfræksla smiðja með hamra þar sem slagkraftur hvers hamars er meiri en 50 kílójúl og þar sem notuð varmaorka er yfir 20 MW,

c) með því að nota hlífðarlag úr bræddum málmi þar sem ílagið er meira en 2 tonn af hrástáli á klukkustund.

2.4. Starfræksla málmsteypa fyrir járnríka málma með framleiðslugetu yfir 20 tonnum á dag

2.5. Vinnsla járnlausra málma:

a) framleiðsla járnlausra hrámálma úr málmgrýti, hreinsuðu málmgrýti eða afleiddu hráefni með málmvinnsluaðferðum, efnafræðilegum aðferðum eða rafgreiningaraðferðum,

b) bræðsla, þ.m.t. melming járnlausra málma, þ.m.t. endurnýttra vara og starfræksla málmsteypa fyrir járnlausa málma með bræðslugetu yfir 4 tonn af blýi og kadmíumi á dag eða 20 tonn af öllum öðrum tegundum málma á dag.

2.6. Yfirborðsmeðferð málma eða plastefna með rafgreiningaraðferðum eða efnafræðilegum aðferðum þar sem rúmmál meðhöndlunartanka er meira en 30 m^3

3. Jarðefnaiðnaður

3.1. Framleiðsla á sementi, kalki og magnesíumoxíði:

a) framleiðsla á sementsgjalli í hverfiofnum með afkastagetu sem er yfir 500 tonnum á dag eða í annars konar ofnum þar sem framleiðsluafköstin eru yfir 50 tonnum á dag,

b) framleiðsla á kalki í ofnum með framleiðslugetu yfir 50 tonnum á dag,

c) framleiðsla á magnesíumoxíði í ofnum með framleiðslugetu yfir 50 tonnum á dag.

3.2. Framleiðsla á asbesti eða framleiðsla vara sem eru að stofni til úr asbesti.

3.3. Framleiðsla glers, einnig glertrefja, þar sem bræðsluafköstin eru meiri en 20 tonn á dag

3.4. Bræðsla jarðefna, þ.m.t. framleiðsla steinefnatrefja með bræðslugetu yfir 20 tonnum á dag

3.5. Framleiðsla leirvara með brennslu, einkum þakflísa, múrsteina, eldfastra múrsteina, flísa, leirmuna eða postulíns með framleiðslugetu yfir 75 tonnum á dag og/eða rúmtak ofns yfir 4 m^3 og setþéttleika hvers ofns yfir 300 kg/m^3

4. Efnaiðnaður

Að því er varðar þennan þátt merkir framleiðsla, í skilningi starfsemisflokkanna í þessum þætti, framleiðsla á iðnaðarmælikvarða með efnafræðilegri eða líffræðilegri vinnslu efna eða efnahópa sem eru taldir upp í liðum 4.1 til 4.6.

4.1. Framleiðsla lífrænna íðefna, s.s.:

a) einföld vetniskolefni (línuleg eða hringlaga, mettuð eða ómettuð, alifatísk eða arómatísk),

b) vetniskolefni sem innihalda súrefni, s.s. alkóhól, aldehýð, ketón, karboxýlsýrur, estrar og blöndur af estrum, asetötum, eterum, peroxíðum og epoxýresínum,

c) vetniskolefni sem innihalda brennistein,

d) vetniskolefni, sem innihalda köfnunarefni, s.s. amín, amíð, nitursambönd, nítrósambönd eða nítratsambönd, nítríl, sýanöt, ísósýanöt,

e) vetniskolefni sem innihalda fosfór,

f) vetniskolefni sem innihalda halógen,

g) lífræn málmsambönd,

h) plastefni (fjölliður, gervitrefjar og trefjar að stofni úr beðmi),

i) gervigúmmí,

j) leysilitir og fastlitarefni,

k) yfirborðsvirk efni.

4.2. Framleiðsla ólífrænna íðefna, s.s.:

a) lofttegundir, s.s. ammoníak, klór eða vetnisklóríð, flúor eða vetnisflúoríð, koloxíð, brennisteinssambönd, köfnunarefnisoxíð, vetni, brennisteinsdíoxíð, karbónýlklóríð,

b) sýrur, s.s. krómsýra, flússýra, fosfórsýra, saltpéturssýra, saltsýra, brennisteinssýra, rjúkandi brennisteinssýra, brennisteinssýrlingur,

c) basi, s.s. ammóníumhýdroxíð, kalíumhýdroxíð, natríumhýdroxíð,

d) sölt, s.s. ammóníumklóríð, kalíumklórat, kalíumkarbónat, natríumkarbónat, perbórat, silfurnítrat,

e) málmleysingjar, málmoxíð eða önnur ólífræn efnasambönd, s.s. kalsíumkarbíð, kísill, kísilkarbíð.

4.3. Framleiðsla á áburði sem inniheldur fosfór, köfnunarefni eða kalíum (eingildum eða fjölgildum áburði)

4.4. Framleiðsla á plöntuvarnarefnum eða sæfiefnum

4.5. Framleiðsla á lyfjum, þ.m.t. milliefnum

4.6. Framleiðsla á sprengiefnum

5. Meðhöndlun úrgangs

5.1. Förgun eða endurnýting á hættulegum úrgangi með afköstum yfir 10 tonnum á dag sem felur í sér eina eða fleiri eftirfarandi starfsemi:

a) líffræðilega meðhöndlun,

b) eðlis- og efnafræðilega meðhöndlun,

c) blöndun áður en einhver tegund starfsemi, sem tilgreind er í liðum 5.1 og 5.2, tekur við,

d) endurpökkun áður en einhver af þeim tegundum af starfsemi, sem taldar eru upp í liðum 5.1 og 5.2, fer fram,

e) endurheimt eða endurmyndun leysa,

f) endurvinnsla/endurheimt ólífrænna efna annarra en málma eða málmsambanda,

g) endurmyndun sýru eða basa

h) endurnýting efnisþátta sem eru notaðir til að draga úr mengun

i) endurnýting efnisþátta úr hvötum

j) endurhreinsun olíu eða önnur endurnotkun olíu,

k) losun í yfirborðsvatn.

5.2. Förgun eða endurnýting á úrgangi í sorpbrennslustöðvum eða í sorpsambrennslustöðvum:

a) fyrir hættulausan úrgang í stöðvum með afkastagetu yfir 3 tonnum á klukkustund,

b) fyrir hættulegan úrgang í stöðvum með afkastagetu yfir 10 tonnum á dag.

5.3. a) Förgun á hættulausum úrgangi í stöðvum með afkastagetu yfir 50 tonnum á dag sem felur í sér eina eða fleiri eftirfarandi starfsemi og að undanskilinni starfsemi sem fellur undir tilskipun ráðsins 91/271/EBE frá 21. maí 1991 um hreinsun skólps frá þéttbýli ([39]):

i. líffræðilega meðhöndlun,

ii. eðlis- og efnafræðilega meðhöndlun,

iii. formeðhöndlun úrgangs fyrir brennslu eða sambrennslu,

iv. meðferð á gjalli og ösku,

v. meðferð málmúrgangs í tæturum, þ.m.t. á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi og úr sér gengnum ökutækjum og íhlutum þeirra.

([39]) Stjtíð. EB L 135, 30.5.1991, bls. 40.

b) Endurheimt eða blanda af endurheimt og förgun á hættulausum úrgangi í stöðvum með afkastagetu yfir 75 tonnum á dag sem felur í sér eina eða fleiri eftirfarandi starfsemi og að undanskilinni starfsemi sem fellur undir tilskipun 91/271/EBE:

i. líffræðilega meðhöndlun,

ii. formeðhöndlun úrgangs fyrir brennslu eða sambrennslu,

iii. meðferð á gjalli og ösku,

iv. meðferð málmúrgangs í tæturum, þ.m.t. á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi og úr sér gengnum ökutækjum og íhlutum þeirra.

Þegar eina starfsemin við meðhöndlun úrgangs sem fram fer er loftfirrð rotnun skulu viðmiðunargildin fyrir þessa starfsemi vera 100 tonn á dag.

5.4. Urðun, eins og hún er skilgreind í g-lið 2. gr. í tilskipun ráðsins 1999/31/EB frá 26. apríl 1999 um urðun úrgangs ([40]), sem tekur á móti meira en 10 tonnum af úrgangi á dag eða með heildarafkastagetu yfir 25 000 tonnum, að undanskilinni urðun á óvirkum úrgangi

5.5. Bráðabirgðageymsla hættulegs úrgangs, sem ekki fellur undir lið 5.4, sem bíður einhverra þeirra tegunda af starfsemi, sem taldar eru upp í liðum 5.1, 5.2, 5.4 og 5.6, þar sem heildarrúmtak er yfir 50 tonnum að undanskilinni tímabundinni geymslu meðan söfnunar er beðið á þeim stað sem úrgangurinn verður til á

5.6. Neðanjarðargeymsla á hættulegum úrgangi með heildarrúmtak yfir 50 tonnum

6. Önnur starfsemi

6.1. Framleiðsla í iðjuverum á:

a) deigi úr viði eða öðrum trefjaefnum,

b) pappír eða pappa í verum með framleiðslugetu yfir 20 tonnum á dag,

c) einni eða fleiri gerðum platna sem eru að stofni til úr viði: aspenítplötum, spónaplötum eða trefjaplötum í verum með framleiðslugetu yfir 600 m^3 á dag.

6.2. Formeðferð (aðgerðir eins og þvottur, bleiking, mersivinnsla) eða litun textíltrefja eða textílefna þar sem vinnslugetan er yfir 10 tonnum á dag.

6.3. Sútun á húðum og skinnum þar sem vinnslugetan er yfir 12 tonnum af fullunninni vöru á dag

6.4. a) Sláturhús í rekstri með framleiðslugetu yfir 50 tonnum af skrokkum á dag

b) Meðferð og vinnsla, önnur en eingöngu pökkun, á eftirfarandi hráefnum, hvort sem er áður unnum eða óunnum, sem ætluð eru fyrir matvæla- eða fóðurframleiðslu úr:

i. hráefnum af dýrum eingöngu (öðrum en eingöngu mjólk) þar sem framleiðslugeta er yfir 75 tonnum af fullunninni vöru á dag,

ii. jurtahráefni eingöngu þar sem framleiðslugeta er yfir 300 tonnum á dag eða 600 tonnum á dag þar sem stöðin er ekki starfrækt lengur en í 90 daga í röð á neinu ári,

iii. hráefnum úr dýrum og jurtum, bæði í samsettum og aðskildum afurðum, þar sem framleiðslugeta á fullunninni vöru í tonnum er meiri á dag en:

– 75 ef A er jafnt og 10 eða meira eða,


– [300- (22,5 × A)] í öllum öðrum tilvikum,

þar sem „A“ er hluti efnis úr dýrum (sem hundraðshluti af þyngd) af framleiðslugetu á fullunninni vöru.

Umbúðir skulu ekki taldar með í endanlegri þyngd vörunnar.

([40]) Stjtíð. EB L 182, 16.7.1999, bls. 1.

Þessi undirliður skal ekki gilda þar sem hráefnið er eingöngu mjólk.



c) Meðferð og vinnsla mjólkur eingöngu, þar sem tekið er á móti meira en 200 tonnum af mjólk á dag (meðaltal á ársgrundvelli).

6.5. Förgun eða endurvinnsla dýraskrokka eða dýraúrgangs þar sem afkastageta er yfir 10 tonnum á dag

6.6. Þéttbært eldi alifugla eða svína:

a) með meira en 40 000 pláss fyrir alifugla,

b) með meira en 2000 stæði fyrir alisvín (yfir 30 kg), eða

c) með meira en 750 pláss fyrir gyltur.

6.7. Yfirborðsmeðferð efna, hluta eða afurða með lífrænum leysum, einkum fyrir pressun, prentun, húðun, fituhreinsun, vatnsþéttingu, þyngingu, málun, hreinsun eða gegndreypingu, þar sem notuð eru meira en 150 kg af lífrænum leysum á klukkustund eða meira en 200 tonn á ári

6.8. Framleiðsla kolefnis (fullbrenndra kola) eða skautgrafíts (*e. electrographite*) með brennslu eða umbreytingu í grafít

6.9. Föngun CO_2-strauma frá stöðvum sem falla undir þessa tilskipun til geymslu í jörðu samkvæmt tilskipun 2009/31/EB.

6.10. Timbur og timburafurðir eru varin með íðefnum, þar sem framleiðslugeta er yfir 75 m^3 á dag, að undanskilinni meðhöndlun eingöngu gegn grágeit (*e. sapstain*).

6.11. Einkarekin meðhöndlun á skólpi sem fellur ekki undir tilskipun 91/271/EBE og er losað af stöð sem fellur undir II. kafla

II. VIÐAUKI

Skrá yfir mengandi efni

LOFT

1. Brennisteinsdíoxíð og önnur brennisteinssambönd
2. Köfnunarefnisoxíð og önnur köfnunarefnissambönd
3. Kolsýringur
4. Rokgjörn, lífræn sambönd
5. Málmar og sambönd þeirra
6. Ryk sem inniheldur fíngerðar efnisagnir
7. Asbest (svifagnir, trefjar)
8. Klór og sambönd þess
9. Flúor og sambönd þess
10. Arsen og efnasambönd þess
11. Sýaníð
12. Efni og blöndur sem sannað hefur verið að hafi krabbameinsvaldandi eða stökkbreytivaldandi eiginleika, eða eiginleika sem gætu haft áhrif á ætlun, fyrir milligöngu andrúmslofts.
13. Fjölklóruð díbensódíoxín og fjölklóruð díbensófúrön

VATN

1. Lífræn halógensambönd og efni sem geta myndað slík sambönd í vatni
2. Lífræn fosfórsambönd
3. Lífræn tinsambönd
4. Efni og blöndur sem sannað hefur verið að hafi krabbameinsvaldandi eða stökkbreytivaldandi eiginleika, eða eiginleika sem gætu haft áhrif á ætlun, í vatni eða fyrir milligöngu þess.
5. Þrávirk vetniskolefni og þrávirk lífræn eiturefni sem safnast fyrir í lífverum
6. Sýaníð
7. Málmar og sambönd þeirra
8. Arsen og efnasambönd þess
9. Sæfiefni og plöntuvarnarefni
10. Efni í sviflausn
11. Efni sem stuðla að ofauðgun (einkum nítröt og fosföt).
12. Efni sem hafa óheppileg áhrif á súrefnisjafnvægi (og unnt er að mæla með hjálp breytna á borð við lífræna súrefnisþörf (BOD) og efnafræðilega súrefnisþörf (COD)).
13. Efni sem skráð eru í X. viðauka við tilskipun 2000/60/EB.

———

III. VIÐAUKI

Viðmiðanir fyrir ákvörðun á bestu, fáanlegu tækni

1. notkun tækni sem hefur í för með sér myndun lítils úrgangs,

2. notkun efna sem eru hættuminni en þau sem áður voru notuð,

3. endurnýting og endurvinnsla efna, sem verða til og eru notuð við vinnslu, og úrgangs, eftir því sem við á,

4. sambærileg vinnsluferli, búnaður eða aðferðir sem reyndar hafa verið í iðnframleiðslu með góðum árangri,

5. tæknilegar framfarir og breytingar á vísindalegri þekkingu og skilningi,

6. eðli, áhrif og umfang viðkomandi losunar,

7. fyrsti rekstrardagur nýrra stöðva eða stöðva í rekstri,

8. tími sem er nauðsynlegur til að innleiða bestu, fáanlegu tækni,

9. notkun og eðli hráefna (að meðtöldu vatni) sem eru notuð í vinnslunni, svo og orkunýtni,

10. nauðsyn þess að koma í veg fyrir eða halda heildaráhrifunum, sem losun hefur á umhverfið, og umhverfisáhættu í lágmarki,

11. nauðsyn þess að koma í veg fyrir slys og halda afleiðingum slysa fyrir umhverfið í lágmarki,

12. upplýsingar sem opinberar alþjóðastofnanir birta.

———

IV. VIÐAUKI

Þátttaka almennings við töku ákvarðana

1. Almenningur skal upplýstur (með opinberum auglýsingum eða á annan, viðeigandi hátt, s.s. með rafrænum miðlum, ef þeir eru tiltækir) um eftirfarandi atriði snemma í ferlinu við ákvarðanatökuna eða eigi síðar en svo fljótt sem með sanngirni má ætlast til að leggja megi upplýsingarnar fram:

   a) um umsóknina um leyfi eða, eftir því sem við á, um tillöguna að uppfærslu leyfis eða skilyrðin fyrir leyfinu í samræmi við 21. gr., þ.m.t. lýsing á atriðunum sem tilgreind eru í 1. mgr. 12. gr.,

   b) um þá staðreynd, eftir því sem við á, að tiltekin ákvörðun sé háð mati í hverju aðildarríki eða mati á umhverfisáhrifum, sem ná yfir landamæri, eða samráði milli aðildarríkja í samræmi við 26. gr.,

   c) um upplýsingar um lögbæra yfirvaldið, sem ber ábyrgð á töku ákvörðunarinnar og sem getur veitt þær upplýsingar, sem skipta máli, og sem senda má athugasemdir og spurningar til og upplýsingar um tímarammann til að leggja fram athugasemdir og spurningar,

   d) um eðli hugsanlegra ákvarðana eða drög að ákvörðun, liggi þau fyrir,

   e) um upplýsingar, eftir því sem við á, sem varða tillögur að uppfærslu leyfis eða skilyrða fyrir leyfi,

   f) um tilgreiningu á tíma og stöðum þar sem þær upplýsingar, sem skipta máli, verða gerðar aðgengilegar eða leiðir til þess að nálgast þær,

   g) um upplýsingar um fyrirkomulagið á þátttöku almennings og samráði skv. 5. lið.

2. Aðildarríkin skulu, innan viðeigandi tímamarka, tryggja að sá hluti almennings, sem málið varðar, hafi aðgang að eftirfarandi:

   a) í samræmi við landslöggjöf: helstu skýrslum og ráðleggingum, sem lögbært yfirvald eða lögbær yfirvöld hafa fengið í hendur á þeim tíma þegar sá hluti almennings, sem málið varðar, var upplýstur í samræmi við 1. lið,

   b) í samræmi við tilskipun 2003/4/EB: upplýsingum, öðrum en þeim sem um getur í 1. lið, sem skipta máli fyrir ákvörðunina í samræmi við 5. gr. þessarar tilskipunar og sem verða einungis aðgengilegar eftir að sá hluti almennings, sem málið varðar, hefur verið upplýstur í samræmi við 1. lið.

3. Sá hluti almennings, sem málið varðar, skal eiga rétt á að leggja fram athugasemdir og álit til lögbærs yfirvalds áður en ákvörðun er tekin.

4. Taka verður tillit til niðurstaðnanna úr samráðinu sem haft er samkvæmt þessum viðauka við töku ákvörðunar.

5. Aðildarríkin skulu ákveða nákvæma tilhögun við að upplýsa almenning (t.d. með því að koma upp auglýsingum innan tiltekins radíuss eða með birtingu í dagblaði á viðkomandi stað) og með því að hafa samráð við þann hluta almennings, sem málið varðar (t.d. skriflega eða með almennri könnun). Ákveða skal hæfilegan tímaramma fyrir mismunandi stig og veita þannig nægan tíma til að upplýsa almenning og til að sá hluti almennings, sem málið varðar, geti undirbúið sig og tekið skilvirkan þátt í töku ákvarðana í umhverfismálum sem falla undir þennan viðauka.

———

V. VIÐAUKI

Tæknileg ákvæði varðandi brennsluver

1. HLUTI

Viðmiðunarmörk fyrir losun fyrir brennsluver sem um getur í 2. mgr. 30. gr.

1. Öll viðmiðunarmörk fyrir losun skal reikna við 273,15°K hita, 101,3 kPa þrýsting og eftir leiðréttingu fyrir vatnsgufuinnihaldi úrgangsloftsins og við staðlað 6% O_2-innihald fyrir eldsneyti í föstu formi, 3% fyrir brennsluver önnur en gashverfla og gashreyfla sem nota fljótandi og loftkennt eldsneyti og 15% fyrir gashverfla og gashreyfla.

2. Viðmiðunarmörk fyrir losun (mg/Nm^3) á SO_2 fyrir brennsluver sem nota eldsneyti í föstu formi eða fljótandi eldsneyti, að undanskildum gashverflum og gashreyflum,

Heildarnafnvarma-afl (MW)	Kol og brúnkol og annað eldsneyti í föstu formi	Lífmassi	Mór	Fljótandi eldsneyti
50–100	400	200	300	350
100–300	250	200	300	250
> 300	200	200	200	200

Brennsluver, sem nota eldsneyti í föstu formi, sem var veitt leyfi fyrir 27. nóvember 2002 eða sem rekstraraðilar höfðu lagt fram fullgerða umsókn um leyfi fyrir fyrir þann dag, að því tilskildu að rekstur hafi hafist í verunum eigi síðar en 27. nóvember 2003 og sem ekki eru starfræktar í meira en 1500 rekstrarstundir á ári sem hlaupandi meðaltal yfir 5 ára tímabil, skulu háð viðmiðunarmörkum fyrir losun á SO_2 sem nema 800 mg/Nm^3.

Brennsluver, sem nota eldsneyti í föstu formi, sem var veitt leyfi fyrir 27. nóvember 2002 eða sem rekstraraðilar höfðu lagt fram fullgerða umsókn um leyfi fyrir fyrir þann dag, að því tilskildu að rekstur hafi hafist í stöðvunum eigi síðar en 27. nóvember 2003 og sem ekki eru starfræktar í meira en 1500 rekstrarstundir á ári sem hlaupandi meðaltal yfir 5 ára tímabil, skulu háð viðmiðunarmörkum fyrir losun á SO_2 sem nema 850 mg/Nm^3 þegar um er að ræða ver með heildarnafnvarmaafl sem fer ekki yfir 300 MW og 400 mg/Nm^3 þegar um er að ræða ver með heildarnafnvarmaafl meira en 300 MW.

Hluti brennsluvers, sem losar úrgangsloft sitt gegnum eina eða fleiri aðgreindar loftrásir innan sameiginlegs reykháfs og sem er ekki starfrækt í meira en 1500 rekstrarstundir á ári sem hlaupandi meðaltal yfir 5 ára tímabil, getur verið háð viðmiðunarmörkunum fyrir losun sem sett eru fram í undanfarandi tveimur málsgreinum með tilliti til heildarnafnvarmaafls alls brennsluversins. Í slíkum tilvikum skal vakta losunina gegnum hverja loftrás sérstaklega.

3. Viðmiðunarmörk fyrir losun (mg/Nm^3) á SO_2 fyrir brennsluver sem nota loftkennt eldsneyti, að undanskildum gashverflum og gashreyflum

Almennt	35
Fljótandi gas	5
Koksofnagas með lágt varmagildi	400
Gas með lágt varmagildi frá háofni	200

Brennsluver sem brenna gasi með lágt varmagildi frá gösun á leifum frá hreinsun og sem var veitt leyfi fyrir 27. nóvember 2002 eða sem rekstraraðilar höfðu lagt fram fullgerða umsókn um leyfi fyrir fyrir þann dag, að því tilskildu að rekstur hafi hafist í verunum eigi síðar en 27. nóvember 2003, skulu háð viðmiðunarmörkum fyrir losun á SO_2 sem nema 800 mg/Nm^3.

4. Viðmiðunarmörk fyrir losun (mg/Nm^3) á NO_x fyrir brennsluver sem nota eldsneyti í föstu formi eða fljótandi eldsneyti, að undanskildum gashverflum og gashreyflum

Heildarnafn-varmaafl (MW)	Kol og brúnkol og annað eldsneyti í föstu formi	Lífmassi og mór	Fljótandi eldsneyti
50–100	300 450 þegar um er að ræða brennslu á brúnkoladufti	300	450
100–300	200	250	200 ([1])
> 300	200	200	150 ([1])

Athugasemd:

([1]) Viðmiðunarmörkin fyrir losun eru 450 mg/Nm^3 fyrir brennslu á eimingar- og ummyndunarleifum frá hreinsun á jarðolíu til eigin notkunar í brennsluverum með heildarnafnvarmaafl sem fer ekki yfir 500 MW og sem var veitt leyfi fyrir 27. nóvember 2002 eða sem rekstraraðilar höfðu lagt fram fullgerða umsókn um leyfi fyrir fyrir þann dag, að því tilskildu að rekstur hafi hafist í verunum eigi síðar en 27. nóvember 2003.

Brennsluver í efnaverksmiðjum, sem nota fljótandi leifar frá framleiðslu sem eldsneyti, sem ekki er markaðseldsneyti, til eigin nota með heildarnafnvarmaafl sem fer ekki yfir 500 MW og var veitt leyfi fyrir 27. nóvember 2002 eða sem rekstraraðilar höfðu lagt fram fullgerða umsókn um leyfi fyrir fyrir þann dag, að því tilskildu að rekstur hafi hafist í verunum eigi síðar en 27. nóvember 2003, skulu háð viðmiðunarmörkum fyrir losun á NO_x sem nema 450 mg/Nm^3.

Brennsluver, sem nota eldsneyti í föstu formi eða fljótandi eldsneyti með heildarnafnvarmaafl sem fer ekki yfir 500 MW, sem var veitt leyfi fyrir 27. nóvember 2002 eða sem rekstraraðilar höfðu lagt fram fullgerða umsókn um leyfi fyrir fyrir þann dag, að því tilskildu að rekstur hafi hafist í verunum eigi síðar en 27. nóvember 2003 og sem ekki eru starfræktar í meira en 1500 rekstrarstundir á ári sem hlaupandi meðaltal yfir 5 ára tímabil, skulu háð viðmiðunarmörkum fyrir losun á NO_x sem nema 450 mg/Nm^3.

Brennsluver, sem nota eldsneyti í föstu formi með heildarnafnvarmaafl yfir 500 MW og var veitt leyfi fyrir 1 júlí 1987 og sem ekki eru starfræktar í meira en 1500 rekstrarstundir á ári sem hlaupandi meðaltal yfir 5 ára tímabil, skulu háð viðmiðunarmörkum fyrir losun á NO_x sem nema 450 mg/Nm^3.

Brennsluver, sem nota fljótandi eldsneyti með heildarnafnvarmaafl yfir 500 MW, sem var veitt leyfi fyrir 27. nóvember 2002 eða sem rekstraraðilar höfðu lagt fram fullgerða umsókn um leyfi fyrir fyrir þann dag, að því tilskildu að rekstur hafi hafist í verunum eigi síðar en 27. nóvember 2003 og sem ekki eru starfræktar í meira en 1500 rekstrarstundir á ári sem hlaupandi meðaltal yfir 5 ára tímabil, skulu háð viðmiðunarmörkum fyrir losun á NO_x sem nema 400 mg/Nm^3.

Hluti brennsluvers, sem losar úrgangsloft sitt gegnum eina eða fleiri aðgreindar loftrásir innan sameiginlegs reykháfs og sem er ekki starfrækt í meira en 1500 rekstrarstundir á ári sem hlaupandi meðaltal yfir 5 ára tímabil, getur verið háð viðmiðunarmörkunum fyrir losun sem sett eru fram í undanfarandi þremur málsgreinum með tilliti til heildarnafnvarmaafls alls brennsluversins. Í slíkum tilvikum skal vakta losunina gegnum hverja loftrás sérstaklega.

5. Gashverflar (þ.m.t. samvinnsla með gashverfli (CCGT)) sem nota létta og meðallétta olíu sem fljótandi eldsneyti skulu vera háðir viðmiðunarmörkum fyrir losun á NO_x sem nema 90 mg/Nm^3 og fyrir CO sem nema 100 mg/Nm^3.

Gashverflar fyrir notkun í neyðartilvikum sem eru starfræktir í minna en 500 rekstrarstundir á ári falla ekki undir viðmiðunarmörk fyrir losun sem sett eru fram í þessum lið. Rekstraraðili slíks vers skal skrá notkun í rekstrarstundum.

6. Viðmiðunarmörk (mg/Nm^3) fyrir losun á NO_x og CO fyrir gaskynt brennsluver

	NO_x	CO
Brennsluver sem brenna jarðgasi, að undanskildum gashverflum og gashreyflum	100	100
Brennsluver sem brenna gasi frá háofnum, gasi frá koksofnum eða gasi með lágt varmagildi frá gösun á leifum frá hreinsun, að undanskildum gashverflum og gashreyflum	200 ([4])	—
Brennsluver sem brenna öðrum gastegundum, að undanskildum gashverflum og gashreyflum	200 ([4])	—
Gashverflar (þ.m.t. samvinnsla með gashverfli) sem nota jarðgas ([1]) sem eldsneyti	50 ([2]) ([3])	100
Gashverflar (þ.m.t. samvinnsla með gashverfli) sem nota aðrar gastegundir sem eldsneyti	120	—
Gashreyflar	100	100

Athugasemd:

([1]) Jarðgas er náttúrlegt metan sem inniheldur ekki meira en 20% (miðað við rúmmál) af hvarftregum efnum og öðrum efnisþáttum.

([2]) 75 mg/Nm^3 í eftirfarandi tilvikum þar sem nýtni gashverfilsins er ákvörðuð við grunnálagsskilyrði samkvæmt ISO-staðli:
i. gashverflar sem eru notaðir í samþættum varma- og raforkuvinnslukerfum þar sem heildarnýtnin er yfir 75%,
ii. gashverflar sem eru notaðir í samþættum verum þar sem árleg heildarnýtni raforku er yfir 55%,
iii. gashverflar sem knýja véldrif.

([3]) Fyrir gashverfla með einfalt vinnsluferli, sem falla ekki í einhvern þeirra flokka sem nefndir eru undir 2. athugasemd, en hafa meiri nýtni en 35% – sem ákvörðuð er við grunnálagsskilyrði samkvæmt ISO-staðli – skulu viðmiðunarmörk fyrir losun á NO_x vera 50xη/35 þar sem η er nýtni gashverfilsins við grunnálagsskilyrði samkvæmt ISO-staðli, gefin upp sem hundraðshluti.

([4]) 300 mg/Nm^3 fyrir slík brennsluver með heildarnafnvarmaafl sem fer ekki yfir 500 MW og sem var veitt leyfi fyrir 27. nóvember 2002 eða sem rekstraraðilar höfðu lagt fram fullgerða umsókn um leyfi fyrir fyrir þann dag, að því tilskildu að rekstur hafi hafist í verunum eigi síðar en 27. nóvember 2003.

Fyrir gashverfla (þ.m.t. samvinnsla með gashverfli) gilda viðmiðunarmörkin fyrir losun NO_x og CO, sem sett eru fram í töflunni í þessum lið, aðeins við yfir 70% álag.

Fyrir gashverfla (þ.m.t. samvinnsla með gashverfli), sem var veitt leyfi fyrir 27. nóvember 2002 eða sem rekstraraðilar höfðu lagt fram fullgerða umsókn um leyfi fyrir fyrir þann dag, að því tilskildu að rekstur hafi hafist í verunum eigi síðar en 27. nóvember 2003 og sem ekki eru starfræktar í meira en 1500 rekstrarstundir á ári sem hlaupandi meðaltal yfir 5 ára tímabil, eru viðmiðunarmörkin fyrir losun á NO_x 150 mg/Nm^3 þegar jarðgasi er brennt og 200 mg/Nm^3 þegar öðrum gastegundum eða fljótandi eldsneyti er brennt.

Hluti brennsluvers, sem losar úrgangsloft sitt gegnum eina eða fleiri aðgreindar loftrásir innan sameiginlegs reykháfs og sem er ekki starfrækt í meira en 1500 rekstrarstundir á ári sem hlaupandi meðaltal yfir 5 ára tímabil, getur verið háð viðmiðunarmörkunum fyrir losun sem sett eru fram í undanfarandi málsgrein með tilliti til heildarnafnvarmaafls alls brennsluversins. Í slíkum tilvikum skal vakta losunina gegnum hverja loftrás sérstaklega.

Gashverflar og gashreyflar fyrir notkun í neyðartilvikum sem eru starfræktir í minna en 500 rekstrarstundir á ári falla ekki undir viðmiðunarmörk fyrir losun sem sett eru fram í þessum lið. Rekstraraðili slíks vers skal skrá notkun í rekstrarstundum.

7. Viðmiðunarmörk fyrir losun (mg/Nm^3) á ryki fyrir brennsluver sem nota eldsneyti í föstu formi eða fljótandi eldsneyti, að undanskildum gashverflum og gashreyflum

Heildarnafnvarmaafl (MW)	Kol og brúnkol og annað eldsneyti í föstu formi	Lífmassi og mór	Fljótandi eldsneyti ([1])
50–100	30	30	30
100–300	25	20	25
> 300	20	20	20

Athugasemd:

([1]) Viðmiðunarmörkin fyrir losun eru 50 mg/Nm^3 fyrir brennslu á eimingar- og ummyndunarleifum frá hreinsun á jarðolíu til eigin notkunar í brennsluverum sem var veitt leyfi fyrir 27. nóvember 2002 eða sem rekstraraðilar höfðu lagt fram fullgerða umsókn um leyfi fyrir fyrir þann dag, að því tilskildu að rekstur hafi hafist í verunum eigi síðar en 27. nóvember 2003.

8. Viðmiðunarmörk fyrir losun (mg/Nm^3) á ryki fyrir brennsluver sem nota loftkennt eldsneyti, að undanskildum gashverflum og gashreyflum

Almennt	5
Háofnagas	10
Gas sem fellur til í stáliðnaði og hægt er að nota annars staðar	30

2. HLUTI

Viðmiðunarmörk fyrir losun fyrir brennsluver sem um getur í 3. mgr. 30. gr.

1. Öll viðmiðunarmörk fyrir losun skal reikna við 273,15 K hita, 101,3 kPa þrýsting og eftir leiðréttingu fyrir vatnsgufuinnihaldi úrgangsloftsins og við staðlað 6% O_2-innihald fyrir eldsneyti í föstu formi, 3% fyrir brennsluver önnur en gashverfla og gashreyfla sem nota fljótandi og loftkennt eldsneyti og 15% fyrir gashverfla og gashreyfla.

Þegar um er að ræða samvinnslu með gashverfli með viðbótarbrennslu getur lögbært yfirvald ákvarðað staðlaða O_2-innihaldið með tilliti til sérstakra eiginleika viðkomandi stöðvar.

2. Viðmiðunarmörk fyrir losun (mg/Nm^3) á SO_2 fyrir brennsluver sem nota eldsneyti í föstu formi eða fljótandi eldsneyti, að undanskildum gashverflum og gashreyflum,

Heildarnafn-varmaafl (MW)	Kol og brúnkol og annað eldsneyti í föstu formi	Lífmassi	Mór	Fljótandi eldsneyti
50–100	400	200	300	350
100–300	200	200	300 250 þegar um er að ræða brennslu á svifbeði	200
> 300	150 200 þegar um er að ræða brennslu á svifbeði í hringrás eða undir þrýstingi	150	150 200 þegar um er að ræða brennslu á svifbeði	150

3. Viðmiðunarmörk fyrir losun (mg/Nm^3) á SO_2 fyrir brennsluver sem nota loftkennt eldsneyti, að undanskildum gashverflum og gashreyflum

Almennt	35
Fljótandi gas	5
Koksofnagas með lágt varmagildi	400
Gas með lágt varmagildi frá háofni	200

4. Viðmiðunarmörk fyrir losun (mg/Nm^3) á NO_x fyrir brennsluver sem nota eldsneyti í föstu formi eða fljótandi eldsneyti, að undanskildum gashverflum og gashreyflum

Heildarnafnvarmaafl (MW)	Kol og brúnkol og annað eldsneyti í föstu formi	Lífmassi og mór	Fljótandi eldsneyti
50–100	300 400 þegar um er að ræða brennslu á brúnkoladufti	250	300
100–300	200	200	150
> 300	150 200 þegar um er að ræða brennslu á brúnkoladufti	150	100

5. Gashverflar (þ.m.t. samvinnsla með gashverfli (CCGT)) sem nota létta og meðallétta olíu sem fljótandi eldsneyti skulu vera háðir viðmiðunarmörkum fyrir losun á NO_x sem nema 50 mg/Nm^3 og fyrir CO sem nema 100 mg/Nm^3.

   Gashverflar fyrir notkun í neyðartilvikum sem eru starfræktir í minna en 500 rekstrarstundir á ári falla ekki undir viðmiðunarmörk fyrir losun sem sett eru fram í þessum lið. Rekstraraðili slíks vers skal skrá notkun í rekstrarstundum.

6. Viðmiðunarmörk (mg/Nm^3) fyrir losun á NO_x og CO fyrir gaskynt brennsluver

	NO_x	CO
Brennsluver önnur en gashverflar og gashreyflar	100	100
Gashverflar (þ.m.t. samvinnsla með gashverfli)	50 ([1])	100
Gashreyflar	75	100

Athugasemd:

([1]) Fyrir gashverfla með einfalt vinnsluferli sem hafa meiri nýtni en 35% – sem ákvörðuð er við grunnálagsskilyrði samkvæmt ISO-staðli – skulu viðmiðunarmörk fyrir losun á NO_x vera 50xη/35 þar sem η er nýtni gashverfilsins við grunnálagsskilyrði samkvæmt ISO-staðli, gefin upp sem hundraðshluti.

   Fyrir gashverfla (þ.m.t. samvinnsla með gashverfli) gilda viðmiðunarmörkin fyrir losun NO_x og CO, sem sett eru fram í þessum lið, aðeins við yfir 70% álag.

   Gashverflar og gashreyflar fyrir notkun í neyðartilvikum sem eru starfræktir í minna en 500 rekstrarstundir á ári falla ekki undir viðmiðunarmörk fyrir losun sem sett eru fram í þessum lið. Rekstraraðili slíks vers skal skrá notkun í rekstrarstundum.

7. Viðmiðunarmörk fyrir losun (mg/Nm^3) á ryki fyrir brennsluver sem nota eldsneyti í föstu formi eða fljótandi eldsneyti, að undanskildum gashverflum og gashreyflum

Heildarnafnvarmaafl (MW)	
50–300	20
> 300	10
	20 fyrir lífmassa og mó

8. Viðmiðunarmörk fyrir losun (mg/Nm^3) á ryki fyrir brennsluver sem nota loftkennt eldsneyti, að undanskildum gashverflum og gashreyflum

Almennt	5
Háofnagas	10
Gas sem fellur til í stáliðnaði og hægt er að nota annars staðar	30

3. HLUTI

Vöktun losunar

1. Mæla skal samfellt styrk SO_2, NO_x og ryks í úrgangslofti frá hverju brennsluveri með heildarnafnvarmaafl 100 MW eða meira.

   Styrk CO í úrgangslofti frá hverju brennsluveri sem brennir loftkenndu eldsneyti með heildarnafnvarmaafl 100 MW eða meira skal mæla samfellt.

2. Lögbært yfirvald getur ákveðið að krefjast ekki þeirra samfelldu mælinga, sem um getur í 1. lið, í eftirfarandi tilvikum:

   a) þegar um er að ræða brennsluver með líftíma sem nær ekki 10 000 rekstrarstundum,

   b) fyrir SO_2 og ryk frá brennsluverum sem brenna jarðgasi,

c) fyrir SO_2 frá brennsluverum sem brenna olíu með þekktu brennisteinsinnihaldi í tilvikum þar sem ekki er neinn búnaður til hreinsunar brennisteins úr úrgangslofti,

d) fyrir SO_2 frá brennsluverum sem brenna lífmassa ef rekstraraðilinn getur sannað að losun SO_2 fari ekki við neinar kringumstæður yfir uppgefin viðmiðunarmörk fyrir losun.

3. Þar sem samfelldra mælinga er ekki krafist skal krafist mælinga á SO_2, NO_x, og ryki og fyrir gaskynt ver einnig á CO á minnst 6 mánaða fresti.

4. Fyrir brennsluver sem brenna kolum eða brúnkolum skal mæla heildarlosun á kvikasilfri minnst einu sinni á ári.

5. Sem annan valkost við mælingarnar á SO_2 og NO_x, sem um getur í 3. lið, er heimilt að nota aðrar aðferðir, sannprófaðar og samþykktar af lögbæru yfirvaldi, til að ákvarða losun á SO_2 og NO_x. Slíkar aðferðir skulu vera í samræmi við viðkomandi staðla Staðlasamtaka Evrópu eða, ef þeir eru ekki fáanlegir, staðla Alþjóðlegu staðlasamtakanna, landsbundna staðla eða aðra alþjóðlega staðla sem tryggja að gögn séu af sambærilegum vísindalegum gæðum.

6. Lögbæru yfirvaldi skal tilkynnt um það ef allt önnur tegund eldsneytis er notuð í verinu en áður eða vinnslumáta þess er breytt umtalsvert. Lögbært yfirvald skal skera úr um hvort kröfur um vöktun, sem mælt er fyrir um í 1. til 4. lið, teljist enn fullnægjandi eða hvort nauðsynlegt sé að breyta þeim.

7. Samfelldu mælingarnar, sem gerðar eru í samræmi við 1. lið, skulu ná til mælinga á súrefnisinnihaldi, hita, þrýstingi og vatnsgufuinnihaldi úrgangsloftsins. Samfelldu mælingarnar á innihaldi vatnsgufu í úrgangslofti eru ekki nauðsynlegar að því tilskildu að sýni úrgangslofts sé þurrkað áður en efnagreiningar fara fram.

8. Sýnatökur og greiningar á viðkomandi mengandi efnum og mælingar á vinnslubreytum sem og gæðatrygging fyrir sjálfvirk mælikerfi og viðmiðunarmæliaðferðir til að kvarða þessi kerfi skulu fara fram í samræmi við staðla Staðlasamtaka Evrópu. Ef CEN-staðlar eru ekki fáanlegir skulu staðlar Alþjóðlegu staðlasamtakanna, landsbundnir staðlar eða aðrir alþjóðlegir staðlar, sem tryggja að gögnin verði vísindalega jafn traust, gilda.

Sjálfvirku mælikerfin skulu vera háð eftirliti þannig að gerðar séu samhliða mælingar samkvæmt tilvísunaraðferðunum minnst einu sinni á ári.

Rekstraraðilinn skal upplýsa lögbært yfirvald um niðurstöðurnar úr athugunum á sjálfvirku mælikerfunum.

9. Að því er varðar viðmiðunarmörkin fyrir losun skulu gildin fyrir 95% öryggisbil einstakra mæliniðurstaðna ekki fara yfir eftirfarandi hundraðshluta viðmiðunarmarkanna fyrir losun:

Kolsýringur	10%,
Brennisteinsdíoxíð	20%,
Köfnunarefnisoxíð	20%,
Ryk	30%,

10. Fullgilt klukkustundar- og dagsmeðalgildi skulu ákvörðuð út frá mældum og fullnægjandi klukkustundarmeðalgildum að frádregnu gildinu fyrir öryggisbilið sem er tilgreint í 9. lið.

Allir dagar þar sem fleiri en þrjú klukkustundarmeðalgildi eru ógild sökum bilunar eða viðhalds á sjálfvirka mælikerfinu skulu ógiltir. Ef fleiri en tíu dagar á ári teljast ógildir af fyrrgreindum ástæðum skal lögbæra yfirvaldið krefjast þess að rekstraraðilinn geri fullnægjandi ráðstafanir til að bæta áreiðanleika sjálfvirka mælikerfisins.

11. Þegar um er að ræða ver sem þurfa að fylgja hlutfalli brennisteinshreinsunar, sem um getur í 31. gr., skal einnig fylgjast reglulega með brennisteinsinnihaldi eldsneytisins sem brennt er í brennsluverinu. Upplýsa skal lögbær yfirvöld um umtalsverðar breytingar á gerð eldsneytisins sem notað er.

4. HLUTI

Mat á samræmi við viðmiðunarmörk fyrir losun

1. Þegar um er að ræða samfelldar mælingar skal líta svo á að farið sé að viðmiðunarmörkunum fyrir losun, sem sett eru fram í 1. og 2. hluta, ef matið á niðurstöðunum, sem varða rekstrarstundir innan almanaksárs, sýnir að öll eftirfarandi skilyrði hafi verið uppfyllt:

   a) engin fullgilt mánaðarleg meðalgildi fara yfir viðkomandi viðmiðunarmörk fyrir losun sem sett eru fram í 1. og 2. hluta,

   b) engin fullgilt dagsmeðalgildi fara yfir 110% af viðkomandi viðmiðunarmörkum fyrir losun sem sett eru fram í 1. og 2. hluta,

   c) þegar um er að ræða brennsluver sem er aðeins samsett af kötlum sem nota kol með heildarnafnvarmaafl undir 50 MW: engin fullgilt dagsmeðalgildi fara yfir 150% af viðkomandi viðmiðunarmörkum fyrir losun sem sett eru fram í 1. og 2. hluta,

   d) 95% allra fullgiltra klukkustundarmeðalgilda yfir árið eru jöfn eða undir 200% af viðkomandi viðmiðunarmörkum fyrir losun sem sett eru fram í 1. og 2. hluta.

   Fullgiltu meðalgildin eru ákvörðuð eins og sett er fram í 10. lið 3. hluta.

   Að því er varðar útreikning á meðallosunargildum skulu gildin sem mælast á tímabilunum, sem um getur í 5. og 6. mgr. 30 gr. og 37. gr., sem og á ræsingar- og stöðvunartímabilunum ekki talin með.

2. Þar sem ekki er krafist samfelldra mælinga skal líta svo á að farið sé að viðmiðunarmörkunum, sem sett eru fram í 1. og 2. hluta, ef niðurstöður hverrar mælingasyrpu eða annarra aðferða, sem skilgreindar eru og ákvarðaðar í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um af hálfu lögbærra yfirvalda, fara ekki yfir viðmiðunarmörkin fyrir losun.

5. HLUTI

Lágmarkshlutfall brennisteinshreinsunar

1. Lágmarkshlutfall brennisteinshreinsunar fyrir brennsluver sem um getur í 2. mgr. 30. gr.

Heildarnafnvarmaafl (MW)	Lágmarkshlutfall brennisteinshreinsunar	
	Ver sem var veitt leyfi fyrir 27. nóvember 2002 eða sem rekstraraðilar höfðu lagt fram fullgerða umsókn um leyfi fyrir fyrir þann dag, að því tilskildu að það hafi hafið starfsemi eigi síðar en 27. nóvember 2003	Önnur ver
50–100	80%	92%
100–300	90%	92%
> 300	96% ([1])	96%

Athugasemd:

([1]) Fyrir brennsluver sem brenna olíuleirsteini er lágmarkshlutfall brennisteinshreinsunar 95%.

2. Lágmarkshlutfall brennisteinshreinsunar fyrir brennsluver sem um getur í 3. mgr. 30. gr.

Heildarnafnvarmaafl (MW)	Lágmarkshlutfall brennisteinshreinsunar
50–100	93%
100–300	93%
> 300	97%

6. HLUTI

Samræmi við hlutfall brennisteinshreinsunar

Lágmarkshlutfall brennisteinshreinsunar, sem sett er fram í 5. hluta þessa viðauka, skal gilda sem mánaðarlegt meðalgildi.

7. HLUTI

Meðalviðmiðunarmörk fyrir losun fyrir brennsluver innan hreinsunarstöðvar sem brenna margs konar eldsneyti

Meðalviðmiðunarmörk fyrir losun (mg/Nm^3) á SO_2 fyrir brennsluver innan hreinsunarstöðvar sem brenna margs konar eldsneyti, að undanskildum gashverflum og gashreyflum, sem nota eimingar- og ummyndunarleifar frá hreinsun jarðolíu til eigin nota, eingöngu eða ásamt öðru eldsneyti:

a) fyrir brennsluver sem var veitt leyfi fyrir 27. nóvember 2002 eða sem rekstraraðilar höfðu lagt fram fullgerða umsókn um leyfi fyrir fyrir þann dag, að því tilskildu að það hafi hafið starfsemi eigi síðar en 27. nóvember 2003: 1000 mg/Nm^3,

b) fyrir önnur brennsluver: 600 mg/Nm^3.

Þessi viðmiðunarmörk fyrir losun skal reikna við 273,15 K hita, 101,3 kPa þrýsting og eftir leiðréttingu fyrir vatnsgufuinnihaldi úrgangsloftsins og við staðlað 6% O_2-innihald fyrir eldsneyti í föstu formi, 3% fyrir fljótandi og loftkennt eldsneyti.

———

VI. VIÐAUKI

Tæknileg ákvæði varðandi sorpbrennslustöðvar og sorpsambrennslustöðvar

1. HLUTI

Skilgreiningar

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „starfandi sorpbrennslustöð“: einhver af eftirfarandi::

i. sorpbrennslustöð sem var í rekstri og hafði leyfi í samræmi við gildandi Sambandslög fyrir 28. desember 2002,

ii. sorpbrennslustöð sem veitt var leyfi eða var skráð til sorpbrennslu og hafði leyfi sem var veitt fyrir 28. desember 2002 í samræmi við gildandi Sambandslög, enda hafi starfsemi stöðvarinnar hafist eigi síðar en 28. desember 2003,

iii. sorpbrennslustöð sem, að því er varðar lögbært yfirvald, hafði lagt fram fullgilda umsókn um leyfi fyrir 28. desember 2002, enda hafi starfsemi stöðvarinnar hafist eigi síðar en 28. desember 2004,

b) „ný sorpbrennslustöð“: hvers konar sorpbrennslustöð sem ekki fellur undir a-lið.

2. HLUTI

Jafngildisstuðlar fyrir fjölklóruð díbensódíoxín og díbensófúrön

Við ákvörðun á heildarstyrk díoxína og fúrana skal margfalda massastyrk eftirfarandi fjölklóruðu díbensódíoxína og díbensófúrana með eftirfarandi jafngildisstuðlum áður en lagt er saman:

	Eiturjafngildisstuðull
2,3,7,8 — tetraklórdíbensódíoxín (TCDD)	1
1,2,3,7,8 — pentaklórdíbensódíoxín (PeCDD)	0,5
1,2,3,4,7,8 — hexaklórdíbensódíoxín (HxCDD)	0,1
1,2,3,6,7,8 — hexaklórdíbensódíoxín (HxCDD)	0,1
1,2,3,7,8,9 — hexaklórdíbensódíoxín (HxCDD)	0,1
1,2,3,4,6,7,8 — heptalórdíbensódíoxín (HpCDD)	0,01
Oktaklórdíbensódíoxín (OCDD)	0,001
2,3,7,8 — tetraklórdíbensófúran (TCDF)	0,1
2,3,4,7,8 — pentaklórdíbensófúran (PeCDF)	0,5
1,2,3,7,8 — pentaklórdíbensófúran (PeCDF)	0,05
1,2,3,4,7,8 — hexaklórdíbensófúran (HxCDF)	0,1
1,2,3,6,7,8 — hexaklórdíbensófúran (HxCDF)	0,1
1,2,3,7,8,9 — hexaklórdíbensófúran (HxCDF)	0,1
2,3,4,6,7,8 — hexaklórdíbensófúran (HxCDF)	0,1
1,2,3,4,6,7,8 — heptaklórdíbensófúran (HpCDF)	0,01
1,2,3,4,7,8,9 — heptaklórdíbensófúran (HpCDF)	0,01
Oktaklórdíbensófúran (OCDF)	0,001

3. HLUTI

Viðmiðunarmörk fyrir losun út í andrúmsloft fyrir sorpbrennslustöðvar

1. Öll viðmiðunarmörk fyrir losun skal reikna við 273,15 K hita, 101,3 kPa þrýsting og eftir leiðréttingu fyrir vatnsgufuinnihaldi úrgangsloftsins.

Þau eru stöðluð við 11% súrefni í úrgangslofti, nema þegar um er að ræða brennslu á jarðolíuúrgangi eins og skilgreint er í 3. lið 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB þegar þau eru stöðluð við 3% súrefni, og í þeim tilvikum sem um getur í lið 2.7 í 6. hluta.

1.1. Dagsmeðaltöl viðmiðunarmarka fyrir losun eftirfarandi mengandi efna (mg/Nm^3)

Heildarryk	10
Loftkennd og gufukennd lífræn efni, gefin upp sem heildarmagn lífræns kolefnis (TOC)	10
Vetnisklóríð (HCl)	10
Vetnisflúoríð (HF)	1
Brennisteinsdíoxíð (SO_2)	50
Köfnunarefnismónoxíð (NO) og köfnunarefnisdíoxíð (NO_2), gefin upp sem köfnunarefnisdíoxíð fyrir starfandi sorpbrennslustöðvar með nafnafköst yfir 6 tonnum á klukkustund eða nýjar sorpbrennslustöðvar	200
Köfnunarefnismónoxíð (NO) og köfnunarefnisdíoxíð (NO_2), gefin upp sem köfnunarefnisdíoxíð fyrir starfandi sorpbrennslustöðvar með nafnafköst 6 tonn á klukkustund eða minna	400

1.2. 30 mínútna meðaltöl viðmiðunarmarka fyrir losun eftirfarandi mengandi efna (mg/Nm^3)

	(100%) A	(97%) B
Heildarryk	30	10
Loftkennd og gufukennd lífræn efni, gefin upp sem heildarmagn lífræns kolefnis (TOC)	20	10
Vetnisklóríð (HCl)	60	10
Vetnisflúoríð (HF)	4	2
Brennisteinsdíoxíð (SO_2)	200	50
Köfnunarefnismónoxíð (NO) og köfnunarefnisdíoxíð (NO_2), gefin upp sem köfnunarefnisdíoxíð fyrir starfandi sorpbrennslustöðvar með nafnafköst yfir 6 tonnum á klukkustund eða nýjar sorpbrennslustöðvar	400	200

1.3. Meðalviðmiðunarmörk (mg/Nm^3) fyrir losun á eftirfarandi þungmálmum yfir sýnatökutíma að lágmarki 30 mínútur og að hámarki 8 klukkustundir

Kadmíum og efnasambönd þess, gefin upp sem kadmíum (Cd)	Samtals: 0,05
Þallíum og efnasambönd þess, gefin upp sem þallíum (Tl)	
Kvikasilfur og efnasambönd þess, gefin upp sem kvikasilfur (Hg)	0,05
Antímon og efnasambönd þess, gefin upp sem antímon (Sb)	Samtals: 0,5
Arsen og efnasambönd þess, gefin upp sem arsen (As)	
Blý og efnasambönd þess, gefin upp sem blý (Pb)	
Króm og efnasambönd þess, gefin upp sem króm (Cr)	
Kóbalt og efnasambönd þess, gefin upp sem kóbalt (Co)	
Kopar og efnasambönd hans, gefin upp sem kopar (Cu)	
Mangan og efnasambönd þess, gefin upp sem mangan (Mn)	
Nikkel og efnasambönd þess, gefin upp sem nikkel (Ni)	
Vanadíum og efnasambönd þess, gefin upp sem vanadíum (Cd)	

Þessi meðalgildi taka einnig til losunar á viðeigandi þungmálmum og efnasamböndum þeirra í loftkenndu og eimkenndu formi.

1.4. Meðalviðmiðunarmörk (ng/Nm^3) fyrir losun á díoxíni og fúrani yfir sýnatökutíma að lágmarki 6 klukkustundir og að hámarki 8 klukkustundir. Viðmiðunarmörkin fyrir losun vísa til heildarstyrks díoxína og fúrana sem er reiknaður í samræmi við 2. hluta.

Díoxín og fúrön	0,1

1.5. Viðmiðunarmörk (mg/Nm^3) fyrir losun kolsýrings (CO) í úrgangslofti:

a) 50 sem dagsmeðalgildi,

b) 100 sem 30 mínútna meðalgildi,

c) 150 sem 10 mínútna meðalgildi.

Lögbært yfirvald getur heimilað undanþágur frá viðmiðunarmörkunum fyrir losun sem sett eru fram í þessum lið fyrir sorpbrennslustöðvar sem nota svifbeðstækni, að því tilskildu að í leyfinu séu sett viðmiðunarmörk fyrir losun kolsýrings sem eru ekki hærri en 100 mg/Nm^3 sem klukkustundarmeðaltal.

2. Viðmiðunarmörk fyrir losun sem gilda við aðstæðurnar sem lýst er í 6. mgr. 46. gr. og 47. gr.

Heildarrykmagn losunar út í andrúmsloft frá sorpbrennslustöð skal undir engum kringumstæðum fara yfir 150 mg/Nm^3, gefið upp sem 30 mínútna meðaltal. Ekki skal fara yfir viðmiðunarmörkin fyrir losun heildarmagns lífræns kolefnis og kolsýrings út í andrúmsloft sem sett eru fram í lið 1.2 og b-lið liðar 1.5.

3. Aðildarríkjunum er heimilt að mæla fyrir um reglur sem gilda um undanþágurnar sem kveðið er á um í þessum hluta.

4. HLUTI

Ákvörðun á viðmiðunarmörkum fyrir losun í andrúmsloft fyrir sambrennslu úrgangs

1. Beita skal eftirfarandi formúlu (blöndunarreglu) þegar sérstök viðmiðunarmörk fyrir heildarlosun „C“ hafa ekki verið sett fram í töflu í þessum hluta.

Viðmiðunarmörkin fyrir losun fyrir hvert viðkomandi mengandi efni og kolsýring í úrgangslofti, sem myndast við sambrennslu úrgangs, skal reikna á eftirfarandi hátt:

$$\frac{V_{\text{úrgangur}} \times C_{\text{úrgangur}} + V_{\text{vinnsla}} \times C_{\text{vinnsla}}}{V_{\text{úrgangur}} + V_{\text{vinnsla}}} = C$$

$V_{\text{úrgangur}}$: rúmmál úrgangslofts sem myndast við brennslu á úrgangi sem aðeins er ákvarðað út frá úrgangi með lægsta varmagildi sem tilgreint er í leyfinu og umreiknað við skilyrðin sem tilgreind eru í þessari tilskipun.

Ef varminn, sem losnar við brennslu hættulegs úrgangs, er minni en 10% af heildarvarmanum sem losnar í stöðinni skal $V_{\text{úrgangur}}$ reiknað út frá (fræðilegu) magni úrgangs sem við brennslu myndi samsvara 10% af losuðum varma við fasta heildarlosun varma.

$C_{\text{úrgangur}}$: viðmiðunarmörk fyrir losun fyrir sorpbrennslustöðvar sem sett eru fram í 3. hluta

V_{vinnsla}: rúmmál úrgangslofts sem myndast við vinnslu stöðvarinnar, að meðtalinni brennslu leyfilegs eldsneytis sem venjulega er notað í stöðinni (að undanskildum úrgangi), sem er ákvarðað á grundvelli þess súrefnisinnihalds sem staðla verður losunina við eins og sett er fram í lögum Sambandsins eða landslögum. Ef engin löggjöf er til um þessa gerð stöðvar verður að miða við raunverulegt súrefnisinnihald í úrgangsloftinu án þess að þynna það með viðbótarlofti sem er ekki nauðsynlegt fyrir vinnsluna.

C_{vinnsla}: viðmiðunarmörk fyrir losun eins og þau eru sett fram í þessum hluta fyrir tilgreinda iðnaðarstarfsemi eða, ef slík gildi liggja ekki fyrir, viðmiðunarmörk fyrir losun frá stöðvum sem uppfylla skilyrði landslaga og stjórnsýslufyrirmæla um slíkar stöðvar þegar þær brenna eldsneyti sem venjulega er leyft (að undanskildum úrgangi). Ef engar slíkar ráðstafanir eru fyrir hendi skal miða við viðmiðunarmörkin fyrir losun sem sett eru fram í leyfinu. Ef engin slík viðmiðunarmörk eru fyrir hendi í leyfinu eru raunverulegir massastyrkleikar notaðir.

C: viðmiðunarmörk fyrir heildarlosun við súrefnisinnihald sem sett er fram í þessum hluta fyrir tiltekna iðnaðarstarfsemi og tilgreind mengandi efni eða, ef slík gildi eru ekki fyrir hendi, viðmiðunarmörk fyrir heildarlosun sem koma í stað viðmiðunarmarkanna fyrir losun sem sett eru fram í tilgreindum viðaukum við þessa tilskipun. Heildarsúrefnisinnihaldið, sem kemur í stað súrefnisinnihaldsins sem notað er við stöðlun, er reiknað út á grundvelli framangreinds innihalds með hliðsjón af hlutarúmmálinu.

Öll viðmiðunarmörk fyrir losun skal reikna við 273,15 K hita, 101,3 kPa þrýsting og eftir leiðréttingu fyrir vatnsgufuinnihaldi úrgangsloftsins.

Aðildarríkjunum er heimilt að mæla fyrir um reglur sem gilda um undanþágurnar sem kveðið er á um í þessum hluta.

2. Sérákvæði fyrir sementsofna þar sem úrgangur er sambrenndur

2.1. Viðmiðunarmörkin fyrir losun sem sett eru fram í liðum 2.2 og 2.3 gilda sem dagsmeðalgildi fyrir heildarryk, HCl, HF, NO_x, SO_2 og heildarmagn lífræns kolefnis (fyrir samfelldar mælingar), sem meðalgildi yfir sýnatökutíma að lágmarki 30 mínútur og að hámarki 8 klukkustundir fyrir þungmálma og sem meðalgildi yfir sýnatökutíma að lágmarki 6 klukkustundir og að hámarki 8 klukkustundir fyrir díoxín og fúrön.

Öll gildi eru stöðluð við 10% súrefni.

Einungis er þörf á 30 mínútna meðalgildum með tilliti til útreiknings á dagsmeðalgildum.

2.2. C – viðmiðunarmörk fyrir heildarlosun (mg/Nm^3 nema fyrir díoxín og fúrön) fyrir eftirfarandi mengandi efni

Mengandi efni	C
Heildarryk	30
HCl	10
HF	1
NO_x	500 ([1])
Cd + Tl	0,05
Hg	0,05
Sb + As + Pb + Cr + Co + Cu + Mn + Ni + V	0,5
Díoxín og fúrön (ng/Nm^3)	0,1

([1]) Til 1. janúar 2016 geta lögbær yfirvöld heimilað undanþágur frá viðmiðunarmörkunum fyrir NO_x fyrir Lepol-ofna og langa hverfiofna, að því tilskildu að í leyfinu séu sett viðmiðunarmörk fyrir heildarlosun á NO_x sem eru ekki hærri en 800 mg/Nm^3.

2.3. C – viðmiðunarmörk fyrir heildarlosun (mg/Nm^3) á SO_2 og heildarmagni lífræns kolefnis

Mengunarefni	C
SO_2	50
Heildarmagn lífræns kolefnis	10

Lögbært yfirvald getur veitt undanþágur frá viðmiðunarmörkum fyrir losun sem sett eru fram í þessum lið í þeim tilvikum þar sem heildarmagn lífræns kolefnis og SO_2 er ekki vegna sambrennslu úrgangs.

2.4. C- viðmiðunarmörk fyrir heildarlosun á CO

Lögbært yfirvald getur sett viðmiðunarmörk fyrir losun á CO.

3. Sérákvæði fyrir sambrennsluver fyrir úrgang

3.1. $C_{vinnsla}$, gefið upp sem dagsmeðalgildi (mg/Nm^3), sem gildir fram að dagsetningunni sem sett er fram í 5. mgr. 82. gr.

Fyrir ákvörðun á heildarnafnvarmaafli brennsluvera skal samlegðarreglan eins og hún er skilgreind í 29. gr. gilda. Einungis er þörf á 30 mínútna meðalgildum með tilliti til útreiknings á dagsmeðalgildum.

$C_{vinnsla}$ fyrir eldsneyti í föstu formi að undanskildum lífmassa (O_2-innihald 6%):

Mengandi efni	< 50 MWth	50–100 MWth	100 til 300 MWth	> 300 MWth
SO_2	—	850	200	200
NO_x	—	400	200	200
Ryk	50	50	30	30

$C_{vinnsla}$ fyrir lífmassa (O_2-innihald 6%):

Mengandi efni	< 50 MWth	50 til 100 MWth	100 til 300 MWth	> 300 MWth
SO_2	—	200	200	200
NO_x	—	350	300	200
Ryk	50	50	30	30

$C_{vinnsla}$ fyrir fljótandi eldsneyti (O_2-innihald 3%):

Mengandi efni	< 50 MWth	50 til 100 MWth	100 til 300 MWth	> 300 MWth
SO_2	—	850	400 til 200, (línuleg minnkun frá 100 í 300 MWth)	200
NO_x	—	400	200	200
Ryk	50	50	30	30

3.2. $C_{vinnsla}$, gefið upp sem dagsmeðalgildi (mg/Nm^3), sem gildir frá dagsetningunni sem sett er fram í 6. mgr. 82. gr.

Fyrir ákvörðun á heildarnafnvarmaafli brennsluvera skal samlegðarreglan eins og hún er skilgreind í 29. gr. gilda. Einungis er þörf á 30 mínútna meðalgildum með tilliti til útreiknings á dagsmeðalgildum.

3.2.1. $C_{vinnsla}$ fyrir brennsluver sem um getur í 2. mgr. 30. gr., að undanskildum gashverflum og gashreyflum

$C_{vinnsla}$ fyrir eldsneyti í föstu formi að undanskildum lífmassa (O_2-innihald 6%):

Mengandi efni	< 50 MWth	50–100 MWth	100 til 300 MWth	> 300 MWth
SO_2	—	400 fyrir mó: 300	200	200
NO_x	—	300 fyrir brúnkoladuft 400	200	200
Ryk	50	30	25 fyrir mó: 20	20

$C_{vinnsla}$ fyrir lífmassa (O_2-innihald 6%):

Mengandi efni	< 50 MWth	50 til 100 MWth	100 til 300 MWth	> 300 MWth
SO_2	—	200	200	200
NO_x	—	300	250	200
Ryk	50	30	20	20

$C_{vinnsla}$ fyrir fljótandi eldsneyti (O_2-innihald 3%):

Mengandi efni	< 50 MWth	50 til 100 MWth	100 til 300 MWth	> 300 MWth
SO_2	—	350	250	200
NO_x	—	400	200	150
Ryk	50	30	25	20

3.2.2. $C_{vinnsla}$ fyrir brennsluver sem um getur í 3. mgr. 30. gr., að undanskildum gashverflum og gashreyflum

$C_{vinnsla}$ fyrir eldsneyti í föstu formi að undanskildum lífmassa (O_2-innihald 6%):

Mengandi efni	< 50 MWth	50–100 MWth	100 til 300 MWth	> 300 MWth
SO_2	—	400 fyrir mó: 300	200 fyrir mó: 300, nema þegar um er að ræða brennslu á svifbeði: 250	150 fyrir brennslu á svifbeði í hringrás eða undir þrýstingi eða, þegar um er að ræða brennslu á mó, fyrir alla brennslu á svifbeði: 200
NO_x	—	300 fyrir mó: 250	200	150 fyrir brennslu á brúnkoladufti: 200
Ryk	50	20	20	10 fyrir mó: 20

$C_{vinnsla}$ fyrir lífmassa (O_2-innihald 6%):

Mengandi efni	< 50 MWth	50 til 100 MWth	100 til 300 MWth	> 300 MWth
SO_2	—	200	200	150
NO_x	—	250	200	150
Ryk	50	20	20	20

$C_{vinnsla}$ fyrir fljótandi eldsneyti (O_2-innihald 3%):

Mengandi efni	< 50 MWth	50 til 100 MWth	100 til 300 MWth	> 300 MWth
SO_2	—	350	200	150
NO_x	—	300	150	100
Ryk	50	20	20	10

3.3. C — viðmiðunarmörk fyrir heildarlosun þungmálma (mg/Nm^3), gefin upp sem meðalgildi yfir sýnatökutíma að lágmarki 30 mínútur og að hámarki 8 klukkustundir (O_2-innihald 6% fyrir eldsneyti í föstu formi og 3% fyrir fljótandi eldsneyti)

Mengandi efni	C
Cd + Tl	0,05
Hg	0,05
Sb + As + Pb + Cr + Co + Cu + Mn + Ni + V	0,5

3.4. C — viðmiðunarmörk fyrir heildarlosun (ng/Nm^3) á díoxínum og fúrönum, gefin upp sem meðalgildi mælt yfir sýnatökutíma að lágmarki 6 klukkustundir og að hámarki 8 klukkustundir (O_2-innihald 6% fyrir eldsneyti í föstu formi og 3% fyrir fljótandi eldsneyti)

Mengandi efni	C
Díoxín og fúrön	0,1

4. Sérákvæði fyrir sorpsambrennslustöðvar í iðngreinum sem ekki falla undir 2. og 3. lið í þessum hluta

4.1. C — viðmiðunarmörk fyrir heildarlosun (ng/Nm^3) á díoxínum og fúrönum, gefin upp sem meðalgildi mælt yfir sýnatökutíma að lágmarki 6 klukkustundir og að hámarki 8 klukkustundir:

Mengandi efni	C
Díoxín og fúrön	0,1

4.2. C — viðmiðunarmörk fyrir heildarlosun (mg/Nm^3) þungmálma, gefin upp sem meðalgildi yfir sýnatökutíma að lágmarki 30 mínútur og að hámarki 8 klukkustundir:

Mengandi efni	C
Cd + Tl	0,05
Hg	0,05

5. HLUTI

Viðmiðunarmörk fyrir losun skólps frá hreinsun úrgangslofts

Mengandi efni	Viðmiðunarmörk fyrir losun á ósíuðum sýnum (mg/l nema fyrir díoxín og fúrön)	
1. Heildarmagn svifagna eins og skilgreint er í 1. viðauka við tilskipun 91/271/EBE	(95%)	(100%)
	30	45
2. Kvikasilfur og efnasambönd þess, gefin upp sem kvikasilfur (Hg)	0,03	
3. Kadmíum og efnasambönd þess, gefin upp sem kadmíum (Cd)	0,05	
4. Þallíum og efnasambönd þess, gefin upp sem þallíum (Tl)	0,05	
5. Arsen og efnasambönd þess, gefin upp sem arsen (As)	0,15	
6. Blý og efnasambönd þess, gefin upp sem blý (Pb)	0,2	
7. Króm og efnasambönd þess, gefin upp sem króm (Cr)	0,5	
8. Kopar og efnasambönd hans, gefin upp sem kopar (Cu)	0,5	
9. Nikkel og efnasambönd þess, gefin upp sem nikkel (Ni)	0,5	
10. Sink og efnasambönd þess, gefin upp sem sink (Zn)	1,5	
11. Díoxín og fúrön	0,3 ng/l	

6. HLUTI

Vöktun losunar

1. Mæliaðferðir

1.1. Mælingar, sem eru gerðar til að ákvarða styrk mengandi efna í andrúmslofti og vatni, skulu gerðar á dæmigerðan hátt.

1.2. Sýnatökur og greiningar á öllum mengandi efnum að meðtöldum díoxínum og fúrönum sem og gæðatrygging fyrir sjálfvirk mælikerfi og viðmiðunarmæliaðferðir til að kvarða þau skulu fara fram í samræmi við staðla Staðlasamtaka Evrópu. Ef CEN-staðlar eru ekki fáanlegir skulu staðlar Alþjóðlegu staðlasamtakanna, landsbundnir staðlar eða aðrir alþjóðlegir staðlar, sem tryggja að gögnin verði vísindalega jafn traust, gilda. Sjálfvirku mælikerfin skulu vera háð eftirliti þannig að gerðar séu samhliða mælingar samkvæmt tilvísunaraðferðunum minnst einu sinni á ári.

1.3. Að því er varðar daglegu viðmiðunarmörkin fyrir losun skulu gildin fyrir 95% öryggisbil einstakra mæliniðurstaðna ekki fara yfir eftirfarandi hundraðshluta viðmiðunarmarkanna fyrir losun:

Kolsýringur:	10%
Brennisteinsdíoxíð:	20%
Köfnunarefnistvíoxíð:	20%
Heildarryk:	30%
Heildarmagn lífræns kolefnis:	30%
Vetnisklóríð:	40%
Vetnisflúoríð:	40%

Reglubundnar mælingar á losun í andrúmsloft og vatn skulu fara fram í samræmi við liði 1.1 og 1.2.

2. Mælingar sem varða loftmengandi efni

2.1. Eftirfarandi mælingar varðandi loftmengandi efni skulu fara fram:

a) samfelldar mælingar á eftirfarandi efnum: NO_x, að því tilskildu að viðmiðunarmörk fyrir losun hafi verið sett, CO, heildarryki, heildarmagni lífræns kolefnis, HCl, HF, SO_2,

b) samfelldar mælingar á eftirtöldum færibreytum er varða vinnsluna: hitastigi nálægt innvegg brunahólfsins eða öðrum dæmigerðum punkti brunahólfsins, eins og lögbæra yfirvaldið heimilar, styrk súrefnis, þrýstingi, hita og vatnsgufuinnihaldi í úrgangslofti,

c) minnst tvær mælingar á ári á þungmálmum og díoxínum og fúrönum en fyrstu 12 mánuði starfseminnar skal hins vegar framkvæma eina mælingu minnst þriðja hvern mánuð.

2.2. Sannprófa skal með viðeigandi hætti dvalartíma sem og lágmarkshita og súrefnisinnihald úrgangsloftsins a.m.k. einu sinni þegar sorpbrennslustöðin eða sorpsambrennslustöðin er tekin í notkun og við óhagstæðustu rekstrarskilyrði sem búast má við.

2.3. Sleppa má samfelldum mælingum á HF ef HCl er meðhöndlað þannig að tryggt sé að ekki sé farið yfir viðmiðunarmörkin fyrir losun fyrir saltsýru. Í því tilviki skal losun á HF mæld reglulega eins og mælt er fyrir um í c-lið liðar 2.1.

2.4. Samfelldar mælingar á innihaldi vatnsgufu eru ekki nauðsynlegar ef sýni úrgangslofts er þurrkað áður en losunin er greind.

2.5. Lögbært yfirvald getur ákveðið að krefjast ekki samfelldra mælinga á HCl, HF og SO_2 í sorpbrennslustöðvum eða sorpsambrennslustöðvum og krefjast reglubundinna mælinga eins og kveðið er á um í c-lið liðar 2.1 eða engra mælinga ef rekstraraðilinn getur sannað að losun á þessum mengunarefnum geti undir engum kringumstæðum verið hærri en tilskilin viðmiðunarmörk fyrir losun.

Lögboðið yfirvald getur ákveðið að krefjast ekki samfelldra mælinga á NO_x og krefjast reglubundinna mælinga eins og kveðið er á um í c-lið liðar 2.1 í starfandi sorpbrennslustöðvum með nafnrúmtak sem er minna en 6 tonn á klukkustund eða í starfandi sorpsambrennslustöðvum með nafnrúmtak sem er minna en 6 tonn á klukkustund ef rekstraraðilinn getur sannað á grundvelli upplýsinga um gæði viðkomandi úrgangs, tæknina sem er notuð og niðurstöður vöktunar á losun að losun á NO_x geti undir engum kringumstæðum verið hærri en tilskilin viðmiðunarmörk fyrir losun.

2.6. Lögbært yfirvald getur ákveðið að krefjast einnar mælingar annað hvert ár á þungmálmum og einnar mælingar á ári fyrir díoxín og fúrön í eftirfarandi tilvikum:

a) losunin sem leiðir af sambrennslu eða brennslu úrgangs er undir öllum kringumstæðum undir 50% af viðmiðunarmörkunum fyrir losun,

b) úrgangurinn, sem á að sambrenna eða brenna, samanstendur einungis af tilteknum, flokkuðum, brennanlegum hlutum hættulítils úrgangs sem ekki henta til endurvinnslu og hafa ákveðna eiginleika og sem eru tilgreindir frekar á grundvelli matsins sem um getur í c-lið,

c) rekstraraðilinn getur sannað á grundvelli upplýsinga um gæði viðkomandi úrgangs og vöktun á losuninni að losunin sé undir öllum kringumstæðum umtalsvert undir viðmiðunarmörkunum fyrir losun þungmálma og fyrir díoxín og fúrön.

2.7. Niðurstöður mælinganna skal staðla með því að nota stöðluðu súrefnisstyrkina sem nefndir eru í 3. hluta eða reiknaðir út skv. 4. hluta og með því að beita formúlunni sem gefin er í 7. hluta.

Þegar úrgangurinn er brenndur eða sambrenndur í súrefnisauðguðu andrúmslofti er hægt að staðla niðurstöður mælinganna við súrefnisinnihald sem lögbært yfirvald mælir fyrir um og endurspeglar hinar sérstöku aðstæður í hverju tilviki.

Ef dregið er úr losun mengandi efna með því að hreinsa úrgangsloft í sorpbrennslustöð eða sorpsambrennslustöð þar sem hættulegur úrgangur er meðhöndlaður skal stöðlun því aðeins fara fram að því er varðar súrefnisinnihaldið, sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein, að súrefnisinnihald, sem mælt er á sama tímabili og fyrir viðkomandi mengandi efni, fari yfir viðeigandi, staðlað súrefnisinnihald.

3. Mælingar sem varða vatnsmengandi efni

3.1. Eftirfarandi mælingar skulu fara fram á þeim stað þar sem skólp er losað:

a) samfelldar mælingar á pH-gildi, hitastigi og rennsli,

b) daglegar mælingar á heildarmagni svifagna með punktsýnatöku eða mælingar á sýni sem er dæmigert fyrir hlutfallslegt rennsli á 24 klukkustunda tímabili,

c) að minnsta kosti mánaðarlegar mælingar á sýni sem er dæmigert fyrir hlutfallslegt rennsli frárennslis yfir 24 klukkustunda tímabil með tilliti til Hg, Cd, TI, As, Pb, Cr, Cu, Ni og Zn,

d) mælingar á díoxínum og fúrönum á minnst sex mánaða fresti. Hins vegar skal gera minnst eina mælingu á þriggja mánaða fresti fyrstu 12 mánuði starfseminnar.

3.2. Þar sem skólp frá hreinsun úrgangslofts er meðhöndlað á svæðinu ásamt skólpi sem á sér önnur upptök á svæðinu skal rekstraraðilinn gera mælingar:

a) á skólpinu þegar það kemur úr hreinsunarferlinu á útblástursloftinu áður en það er leitt inn í sameiginlegu skólphreinsistöðina,

b) á öðru skólpi áður en það er leitt í sameiginlegu skólphreinsistöðina,

c) á þeim stað þar sem skólpið er að lokum losað frá sorpbrennslustöðinni eða sorpsambrennslustöðinni eftir hreinsun.

7. HLUTI

Formúla til að reikna út losunarstyrk sem hundraðshluta af staðlaða súrefnisstyrknum

$$E_S = \frac{21 - O_S}{21 - O_M} \times E_M$$

E_S = reiknaður losunarstyrkur sem hundraðshlutar staðlaða súrefnisstyrksins

E_M = mældur losunarstyrkur

O_S = staðlaður súrefnisstyrkur

O_M = mældur súrefnisstyrkur

8. HLUTI

Mat á samræmi við viðmiðunarmörk fyrir losun

1. Viðmiðunarmörk fyrir losun í andrúmsloftið

1.1. Líta skal svo á að viðmiðunarmörk fyrir losun í andrúmsloft séu virt ef:

a) ekkert dagsmeðalgildanna fer yfir viðmiðunarmörk fyrir losun sem sett eru fram í lið 1.1 í 3. hluta eða í 4. hluta eða eru reiknuð út í samræmi við 4. hluta,

b) annaðhvort ekkert af 30 mínútna meðalgildunum fer yfir einhver viðmiðunarmarkanna fyrir losun sem sett eru fram í A-dálki töflunnar í lið 1.2 í 3. hluta, eða, ef við á, 97% af 30 mínútna meðalgildunum yfir árið fara ekki yfir einhver viðmiðunarmarkanna fyrir losun sem sett eru fram í B-dálki töflunnar í lið 1.2 í 3. hluta,

c) engin meðalgildanna yfir sýnatökutímann sem settur er fram fyrir þungmálma og díoxín og fúrön fara yfir viðmiðunarmörkin fyrir losun sem sett eru fram í liðum 1.3 og 1.4 í 3. hluta eða í 4. hluta eða eru reiknuð út í samræmi við 4. hluta,

d) fyrir kolsýring (CO):

i. þegar um er að ræða sorpbrennslustöðvar:

– að minnsta kosti 97% af dagsmeðalgildunum yfir árið fara ekki yfir viðmiðunarmörkin fyrir losun sem sett eru fram í a-lið liðar 1.5 í 3. hluta og

– minnst 95% af öllum 10 mínútna meðalgildum sem tekin eru á hverju 24 klukkustunda tímabili eða öll 30 mínútna meðalgildin sem eru tekin á sama tímabili fara ekki yfir viðmiðunarmörkin fyrir losun sem sett eru fram í b- og c-lið liðar 1.5 í 3. hluta; þegar um er að ræða sorpbrennslustöðvar þar sem loftið frá brennsluferlinu er hitað í a.m.k. 1100 °C í minnst tvær sekúndur geta aðildarríki notað 7 daga matstímabil fyrir 10 mínútna meðalgildin,

ii. þegar um er að ræða sorpsambrennslustöðvar: ákvæði 4. hluta eru uppfyllt.

1.2. Ákvarða skal 30 mínútna meðalgildin og 10 mínútna meðalgildin á virkum starfstíma (að undanskildum ræsingar- og stöðvunartímabilunum ef ekki er verið að brenna neinn úrgang) út frá mældu gildunum eftir að búið er að draga frá gildi öryggisbilsins sem tilgreint er í lið 1.3 í 6. hluta. Dagsmeðalgildi skulu ákvörðuð út frá þessum fullgiltu meðalgildum.

Til að fá gilt, dagsmeðalgildi skal ekki sleppa meira en fimm 30 mínútna meðalgildum á einum degi vegna bilunar eða viðhalds á samfellda mælikerfinu. Ekki skal sleppa fleiri en tíu dagsmeðalgildum á ári vegna bilunar eða viðhalds á samfellda mælikerfinu.

1.3. Meðalgildin á sýnatökutímanum og meðalgildin, ef um er að ræða reglulegar mælingar á HF, HCl og SO_2, skulu ákvörðuð í samræmi við kröfurnar í e- lið 1. mgr. 45. gr., 3. mgr. 48. gr. og 1. lið 6. hluta.

2. Viðmiðunarmörk fyrir losun í vatn

Líta skal svo á að viðmiðunarmörk fyrir losun í vatn séu virt ef:

a) 95% og 100% mældu gildanna fyrir heildarmagn svifagna fara ekki yfir viðeigandi viðmiðunarmörk fyrir losun sem sett eru fram í 5. hluta,

b) ekki fleiri en ein mæling á ári fer yfir viðmiðunarmörkin fyrir losun þungmálma (Hg, Cd, TI, As, Pb, Cr, Cu, Ni og Zn), sem sett eru fram í 5. hluta; eða ef aðildarríkið kveður á um fleiri en 20 sýni á ári skal ekki meira en 5% þessara sýna fara yfir viðmiðunarmörkin fyrir losun sem sett eru fram í 5. hluta,

c) niðurstöður mælinga á díoxínum og fúrönum fara ekki yfir viðmiðunarmörkin fyrir losun sem sett eru fram í 5. hluta.

———

VII. VIÐAUKI

Tæknileg ákvæði varðandi stöðvar og starfsemi sem notar lífræna leysa

1. HLUTI

Starfsemi

1. Í hverjum eftirfarandi liða er innifalin í starfseminni hreinsun á búnaði en ekki hreinsun á vörum nema það sé sérstaklega tekið fram.

2. Límburður

Öll starfsemi þar sem lím er borið á yfirborð, að undanskildum límburði og plasthúðun í tengslum við prentstarfsemi.

3. Húðunarstarfsemi

Öll starfsemi þar sem sett er eitt eða fleiri samfelld lög af yfirborðsmeðferðarefni á:

a) eitthvert eftirfarandi farartækja:

i. nýjar bifreiðar skilgreindar sem ökutæki í flokki M1 í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki ([41]) og í flokki N1 þegar þær eru húðaðar í sömu stöð og M1 ökutæki,

ii. hús á vörubifreiðum, skilgreind sem rými ökumanns, og öll sambyggð rými fyrir tæknibúnað á ökutækjum í flokkum N2 og N3 í tilskipun 2007/46/EB,

iii. sendibifreiðar og vörubifreiðar, skilgreindar sem ökutæki í flokkum N1, N2 og N3 í tilskipun 2007/46/EB, en hús á vörubifreiðum eru þar ekki meðtalin,

iv. almenningsvagna sem eru skilgreindir sem ökutæki í flokkum M2 og M3 í tilskipun 2007/46/EB,

v. eftirvagna sem eru skilgreindir í flokka O1, O2, O3 og O4 í tilskipun 2007/46/EB,

b) málm- og plastyfirborð, þ.m.t. yfirborð á flugvélum, skipum, lestum o.s.frv.,

c) viðaryfirborð,

d) textíl-, vefnaðar-, filmu- og pappírsyfirborð,

e) leður.

Húðunarstarfsemi nær ekki yfir yfirborðsmeðferð þar sem flötur er málmhúðaður með rafdrætti eða hann er húðaður með efnasprautun Ef húðunarstarfsemin felur í sér þrep þar sem prentað er á sama hlutinn, sama hvaða tækni er notuð, telst prentunarþrepið hluti af húðunarstarfseminni. Hins vegar er prentstarfsemi sem er rekin sem aðskilin starfsemi ekki meðtalin en getur fallið undir V. kafla þessarar tilskipunar ef prentstarfsemin fellur undir gildissvið hennar.

4. Rúlluhúðun

Hvers kyns starfsemi þar sem stálþynnur, ryðfrítt stál, húðað stál, koparblendi eða álræmur eru húðaðar með himnumyndandi efni eða plasthúðaðar í samfelldu vinnsluferli.

([41]) Stjtíð. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1

5. Þurrhreinsun

Hvers kyns iðnaðar- eða viðskiptastarfsemi þar sem rokgjörn, lífræn efnasambönd eru notuð í stöð til að hreinsa fatnað, áklæði og álíka neytendavörur, að undanskilinni handhreinsun bletta í textíl- og fataiðnaði.

6. Framleiðsla á skófatnaði

Hvers kyns starfsemi sem felst í framleiðslu á fullgerðum skófatnaði eða hlutum hans.

7. Framleiðsla á yfirborðsefnablöndum, lökkum, farva og límí

Framleiðsla á ofangreindum fullgerðum vörum og millistigsvörum þegar hún fer fram á sama stað, með blöndun á fastlitarefnum, resíni og límefnum við lífræna leysa eða önnur burðarefni, þ.m.t. framleiðsla á þeytum og forþeyttum blöndum, stillingu á seigju og litblæ og áfyllingu fullgerðrar vöru í ílát.

8. Framleiðsla á lyfjum

Efnasmíði, gerjun, útdráttur, lögun og yfirborðsmeðhöndlun lyfja og, þegar hún fer fram á sama stað, framleiðsla millistigsvara.

9. Prentun

Hvers kyns eftirtaka texta og/eða mynda þar sem farvi er yfirfærður á hvers kyns yfirborðsgerðir með notkun myndbera. Meðtalin er tengd tækni við lökkun, húðun og plasthúðun. Hins vegar falla eftirfarandi undirferlar undir V. kafla:

a) flexóprentun — prentun þar sem myndberinn er úr gúmmíi eða fjaðrandi ljósfjölliðum og þar sem prentflöturinn er upphækkaður og notaðir eru fljótandi prentlitir sem þorna við uppgufun,

b) heitþornandi offsetprentun af streng — prentun af streng þar sem notaður er myndberi þar sem bæði prentflötur og óprentaðir fletir eru í sömu hæð, þar sem prentun af streng merkir að efnið, sem prentað er á, er matað í vélina af kefli en ekki sem stakar arkir. Óprentaða svæðið er meðhöndlað til að draga að vatn og hrindir því farva frá sér. Prentflöturinn er meðhöndlaður til að taka við og flytja farva til yfirborðsins sem prenta skal. Uppgufun á sér stað í ofni þar sem heitt loft er notað til að hita prentverkið,

c) plasthúðun sem tengist prentun — samlíming tveggja eða fleiri sveigjanlegra efna til að gera lagskipta afurð,

d) djúpprentun á gæðapappír — djúpprentun á pappír fyrir tímarit, bæklinga, verðlista eða annað áþekkt, þar sem notaður er farvi sem inniheldur tólúen,

e) djúpprentun — prentun þar sem myndberinn er sívalur, prentflöturinn er neðar en óprentaðir fletir og notaður er fljótandi farvi sem þornar við uppgufun. Hólfin eru fyllt með farva og umframfarvi er þurrkaður af óprentuðu flötunum áður en sá flötur, sem prenta skal á, snertir valsann og lyftir farvanum upp úr hólfunum,

f) valsasáldprentun — prentun af streng þar sem farvinn er færður á þann flöt sem prenta skal á með því að þrýsta honum í gegnum gropinn myndbera, þar sem prentflöturinn er opinn og aðrir fletir eru lokaðir, og notaður er fljótandi farvi sem þornar eingöngu við uppgufun. Prentun af streng merkir að efnið sem prenta skal á er matað í vélina af kefli en ekki sem stakar arkir,

g) lökkun — starfsemi þar sem lakk eða límlag er borið á þjált efni, ætlað í umbúðir, í því skyni að loka síðar umbúðunum.

10. Vinnsla gúmmís

Hvers kyns starfsemi sem felst í blöndun, mölun, pressun í sléttipressu, útpressun og súlfun á náttúru- eða gervigúmmíi og hvers kyns aðrar aðgerðir sem eru notaðar til að breyta náttúru- eða gervigúmmíi í fullunna vöru.

11. Hreinsun yfirborðs

Hvers kyns starfsemi, nema þurrhreinsun, þar sem lífrænir leysar eru notaðir til þess að fjarlægja óhreinindi af yfirborði efna, þar á meðal fituhreinsun. Starfsemi við hreinsun sem samanstendur af fleiri en einu þrepi fyrir eða eftir einhverja aðra starfsemi skal líta á sem eina starfsemi við yfirborðshreinsun. Þessi starfsemi vísar ekki til hreinsunar á búnaði heldur til hreinsunar á yfirborði vara.

12. Starfsemi við útdrátt jurtaolíu og dýrafitu og hreinsun jurtaolíu

Hvers kyns starfsemi sem felst í útdrætti jurtaolíu úr fræjum og öðru plöntuefni, vinnsla þurra leifa til framleiðslu á fóðri, hreinsun á fitu og jurtaolíum úr fræjum, plöntuefni og/eða dýraefni.

13. Lakkviðgerðir ökutækja

Hvers kyns iðnaðar- eða viðskiptastarfsemi sem felst í húðunarstarfsemi og tilheyrandi fituhreinsun þar sem framkvæmd er annaðhvort:

a) upphafleg yfirborðsmeðferð ökutækja, eins og skilgreint er í tilskipun 2007/46/EB, eða hluta þeirra með efnum til lakkviðgerða, að því tilskildu að starfsemin fari fram utan upphaflegu framleiðslulínunnar,

b) yfirborðsmeðferð eftirvagna (þ.m.t. festivagna) (O flokkur í tilskipun 2007/46/EB).

14. Húðun vafvíra

Hvers kyns yfirborðsmeðferð málmleiðara sem notaðir eru til að vefja rafspólur í spennubreytum, vélum o.s.frv.

15. Viðarfúavörn

Hvers kyns starfsemi sem felst í meðhöndlun viðar með fúavarnarefni.

16. Viðar- og plastsamlíming

Hvers kyns starfsemi sem felst í að líma saman við og/eða plast til framleiðslu á samlímdum vörum.

2. HLUTI

Viðmiðunargildi og viðmiðunarmörk fyrir losun

Viðmiðunarmörkin fyrir losun í úrgangslofti skal reikna við hitastigið 273,15 K og loftþrýstinginn 101,3 kPa.

	Starfsemi (viðmiðunargildi fyrir notkun leysa í tonnum á ári)	Viðmiðunargildi (viðmiðunargildi fyrir notkun leysa í tonnum á ári)	Viðmiðunarmörk fyrir losun í úrgangslofti (mg C/Nm^3)	Viðmiðunarmörk fyrir dreifða losun (hundraðshluti af flagi leysa)		Viðmiðunarmörk fyrir heildarlosun		Sérákvæði
				Nýjar stöðvar	Stöðvar í rekstri	Nýjar stöðvar	Stöðvar í rekstri	
1	Heitþornandi offsetprentun af streng (> 15)	15—25 > 25	100 20		30 (1) 30 (1)			(1) Leysisleif í fullunninni vöru skal ekki teljast hluti af dreifðri losun.
2	Djúpprentun á gæðapappír (> 25)		75	10	15			
3	Önnur djúpprentun, flexóprentun, valsasáldprentun, plasthúðunar- eða lökkunareiningar (> 15) valsasáldprentun á textílefni/pappa (> 30)	15—25 > 25 > 30 (1)	100 100 100		25 20 20			(1) Viðmiðunargildi fyrir valsasáldprentun á textílefni og á pappa.
4	Yfirborðshreinsun með efnasamböndum sem tilgreind eru í 5. mgr. 59. gr. (> 1)	1—5 > 5	20 (1) 20 (1)		15 10			(1) Viðmiðunarmörk vísa til massa efnasambanda í mg/Nm^3 og ekki til heildarmagns kolefnis.
5	Önnur yfirborðshreinsun (> 2)	2—10 > 10	75 (1) 75 (1)		20 (1) 15 (1)			(1) Stöðvar, sem sýna lögbæru yfirvaldi fram á að meðalinnihald lífrænna leysa í öllum hreinsiefnum, sem eru notuð, sé ekki meira en 30 % af þyngd, eru undanþegnar þessum gildum.
6	Húðun ökutækja (< 15) og lakkviðgerðir ökutækja	> 0,5	50 (1)		25			(1) Sýna ber, á grunni meðaltals úr mælingum í 15 mínútur, fram á samkvæmni við 2. lið 8. hluta.
7	Rúlluhúðun (> 25)		50 (1)	5	10			(1) Fyrir stöðvar sem nota tækni sem gerir mögulega endurnotkun á endurheimtum leysum skulu viðmiðunarmörk fyrir losun vera 150.

	Starfsemi (viðmiðunargildi fyrir notkun leysa í tonnum á ári)	Viðmiðunargildi (viðmiðunargildi fyrir notkun leysa í tonnum á ári)	Viðmiðunarmörk fyrir losun í úrgangslofti (mg C/Nm^3)	Viðmiðunarmörk fyrir dreifða losun (hundraðshluti af ílagi leysa)		Viðmiðunarmörk fyrir heildarlosun		Sérákvæði
				Nýjar stöðvar	Stöðvar í rekstri	Nýjar stöðvar	Stöðvar í rekstri	
8	Önnur yfirborðsmeðferð, þar á meðal málm-, plast-, textíl- ([5]), vefnaðar-, filmu- og pappírshúðun (> 5)	5—15 > 15	100 ([1]) ([4]) 50/75 ([2]) ([3]) ([4])		25 ([4]) 20 ([4])			([1]) Viðmiðunarmörk fyrir losun gilda um yfirborðsmeðferð og þurrkun sem fer fram við stýrðar aðstæður. ([2]) Fyrstu viðmiðunarmörkin fyrir losun gilda um þurrkunarferla, önnur mörkin um ferla við yfirborðsmeðferð.
								([3]) Fyrir stöðvar, sem framkvæma yfirborðsmeðferð á textíl og nota tækni sem gerir mögulegt að endurnýta endurheimta leysa, skulu viðmiðunarmörk fyrir losun, sem gilda fyrir yfirborðsmeðferð og þurrkunarferlana sameiginlega, vera 150. ([4]) Húðunarstarfsemi, sem ekki getur farið fram við stýrðar aðstæður (svo sem skipasmíði, málun loftfara), er heimilt að undanþiggja frá þessum gildum í samræmi við 3. mgr. 59. gr. ([5]) Valsasáldprentun á textílefni fellur undir starfsemi nr. 3.
9	Húðun vafvíra (> 5)					10 g/kg ([1]) 5 g/kg ([2])		([1]) Gildir fyrir stöðvar þar sem meðalþvermál víra er ≤ 0,1 mm. ([2]) Gildir fyrir allar aðrar stöðvar.
10	Húðun viðaryfirborðs (> 15)	15—25 > 25	100 ([1]) 50/75 ([2])		25 20			([1]) Viðmiðunarmörk fyrir losun gilda um yfirborðsmeðferð og þurrkun sem fer fram við stýrðar aðstæður. ([2]) Fyrsta gildið gildir um þurrkunarferla, annað gildið um ferla við yfirborðsmeðferð.
11	Þurrhreinsun					20 g/kg ([1]) ([2])		([1]) Gefið upp sem massi af leysi sem er losaður á hvert kíló af hreinsaðri og þurrkaðri vöru. ([2]) Viðmiðunarmörkin fyrir losun í 2. lið 4 hluta gilda ekki fyrir þessa starfsemi.

	Starfsemi (viðmiðunargildi fyrir notkun leysa í tonnum á ári)	Viðmiðunargildi (viðmiðunargildi fyrir notkun leysa í tonnum á ári)	Viðmiðunarmörk fyrir losun í úrgangslofti (mg C/Nm^3)	Viðmiðunarmörk fyrir dreifða losun (hundraðshluti af ílagi leysa)		Viðmiðunarmörk fyrir heildarlosun		Sérákvæði
				Nýjar stöðvar	Stöðvar í rekstri	Nýjar stöðvar	Stöðvar í rekstri	
12	Viðarfúavörn (> 25)		100 (1)		45	11 kg/m^3		(1) Viðmiðunarmörk fyrir losun gilda ekki fyrir gegndreypingu með kreósóti.
13	Yfirborðsmeðferð á leðri (> 10)	10—25 > 25 > 10 (1)				85 g/m^2 75 g/m^2 150 g/m^2		Viðmiðunarmörk fyrir losun eru gefin upp í grömmum af leysi sem er losaður á hvern m^2 af framleiddri vöru. (1) Gildir um yfirborðsmeðferð á leðri fyrir áklæði og sérstakar leðurvörur notaðar í töskur, belti, veski og aðrar smágerðar notendavörur.
14	Framleiðsla á skófatnaði (> 5)					25 g á par		Viðmiðunarmörk fyrir heildarlosun eru gefin upp í grömmum af leysi sem er losaður á hvert par af framleiddum, fullunnum skófatnaði.
15	Viðar- og plastsamlíming (> 5)					30 g/m^2		
16	Límburður (> 5)	5—15 > 15	50 (1) 50 (1)		25 20			(1) Ef notuð er tækni sem gerir mögulega endurnotkun á endurheimtum leysi skulu viðmiðunarmörk fyrir losun í úrgangslofti vera 150.
						VI. viðauki A	4. og 6. liður 1. hluta V. viðauka
—	—	—	—	—	—	—	5. liður 1. hluta V. viðauka
						VI. viðauki B	4. og 6. liður 2. hluta V. viðauka
—	—	—	—	—	—	—	5. liður 2. hluta V. viðauka

Tilskipun 78/176/EBE	Tilskipun 82/883/EBE	Tilskipun 92/112/EBE	Tilskipun 2008/1/EB	Tilskipun 1999/13/EB	Tilskipun 2000/76/EB	Tilskipun 2001/80/EB	Þessi tilskipun
						VII. viðauki A	7. og 8. liður 1. hluta V. viðauka
						VII. viðauki B	7. og 8. liður 2. hluta V. viðauka
						1. liður VIII. viðauka A	—
						2. liður VIII. viðauka A	Fyrsti hluti 1. liðar og 2., 3. og 5. liður 3. hluta V. viðauka
—	—	—	—	—	—	—	Annar hluti 1. liðar 3. hluta V. viðauka
—	—	—	—	—	—	—	4. liður 3. hluta V. viðauka
						3. liður VIII. viðauka A	—
						4. liður VIII. viðauka A	6. liður 3. hluta V. viðauka
						5. liður VIII. viðauka A	7. og 8. liður 3. hluta V. viðauka
						6. liður VIII. viðauka A	9. og 10. liður 3. hluta V. viðauka
—	—	—	—	—	—	—	11. liður 3. hluta V. viðauka
—	—	—	—	—	—	—	4. hluti V. viðauka
						VIII. viðauki B	—
						VIII. viðauki C	—
			VI. viðauki			IX. viðauki	IX. viðauki
			VII. viðauki			X. viðauki	X. viðauki

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2015/EES/63/74

frá 9. desember 2013

um að fastsetja niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni (BAT), samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB um losun í iðnaði, vegna klóralkalíframleiðslu

(tilkynnt með númeri C(2013) 8589)

(2013/732/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB frá 24. nóvember 2010 um losun í iðnaði (samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun) ([1]), einkum 5. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 1. mgr. 13. gr. tilskipunar 2010/75/ESB er gerð sú krafa að framkvæmdastjórnin skipuleggi upplýsingaskipti um losun í iðnaði milli sín og aðildarríkjanna, viðkomandi iðnaðar og frjálsra félagasamtaka, sem styðja umhverfisvernd, í því skyni að stuðla að samantekt tilvísunarskjala um bestu, fáanlega tækni (BAT) eins og skilgreint er í 11. mgr. 3. gr. þeirrar tilskipunar.

2) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. tilskipunar 2010/75/ESB skulu upplýsingaskiptin varða frammistöðu stöðva og tækni að því er varðar losun, sett fram sem skammtíma- og langtímameðaltöl, eftir því sem við á, og tengdar viðmiðunaraðstæður, notkun og eðli hráefna, vatnsnotkun, orkunotkun og myndun úrgangs, tæknina sem notuð er, tengda vöktun, áhrif þvert á miðla, efnahagslegan og tæknilegan lífvænleika og þróun á þeim vettvangi, bestu, fáanlegu tækni og tækninýjungar sem eru sanngreindar að teknu tilliti til þáttanna sem nefndir eru í a- og b-lið 2. mgr. 13. gr. þeirrar tilskipunar.

3) „Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni“, eins og skilgreint er í 12. mgr. 3. gr. tilskipunar 2010/75/ESB, eru lykilþáttur í tilvísunarskjölum um bestu, fáanlegu tækni þar sem settar eru fram niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni, lýsing á henni, upplýsingar til að meta notkunarsvið hennar, losunargildin sem tengjast þessari bestu, fáanlegu tækni, tengd vöktun, tengd notkunargildi og, eftir því sem við á, viðeigandi ráðstafanir til úrbóta á staðnum.

4) Í samræmi við 3. mgr. 14. gr. tilskipunar 2010/75/ESB eiga niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni að vera viðmiðun fyrir setningu leyfisskilyrða fyrir stöðvar sem falla undir II. kafla þeirrar tilskipunar.

5) Í 3. mgr. 15. gr. tilskipunar 2010/75/ESB er gerð sú krafa að lögbært yfirvald setji viðmiðunarmörk fyrir losun sem tryggja, við venjuleg rekstrarskilyrði, að losun fari ekki yfir losunargildin sem tengjast bestu, fáanlegu tækni eins og mælt er fyrir um í ákvörðununum um niðurstöður um bestu fáanlegu tækni sem vísað er til í 5. mgr. 13. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

6) Í 4. mgr. 15. gr. tilskipunar 2010/75/ESB er kveðið á um undanþágur frá kröfunum sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 15. gr., einungis ef kostnaður sem tengist því að ná þeim losunargildum sem tengjast bestu, fáanlegu tækni er óeðlilega mikill í samanburði við umhverfislegan ávinning vegna landfræðilegrar staðsetningar, staðbundinna umhverfisaðstæðna eða tæknilegra eiginleika viðkomandi stöðvar.

7) Í 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 2010/75/ESB er kveðið á um að vöktunarkröfurnar í leyfinu, sem um getur í c-lið 1. mgr. 14. gr. tilskipunarinnar, eigi að byggjast á niðurstöðum vöktunar eins og lýst er í niðurstöðum um bestu, fáanlega tækni.

8) Innan fjögurra ára frá birtingu ákvarðana um niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni á lögbært yfirvald, í samræmi við 3. mgr. 21. gr. tilskipunar 2010/75/ESB, að endurmeta og, ef nauðsyn krefur, uppfæra öll skilyrði fyrir leyfum og tryggja að stöðin uppfylli þessi leyfisskilyrði.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 332, 11.12.2013, bls. 34. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 229/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 334, 17.12.2010, bls. 17.

9) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 16. maí 2011 var komið á fót samstarfsvettvangi ([2]) til upplýsingaskipta skv. 13. gr. tilskipunar 2010/75/ESB um losun frá iðnaði sem samanstendur af fulltrúum aðildarríkjanna, viðkomandi iðnaðar og frjálsra félagasamtaka sem styðja umhverfisvernd.

10) Hinn 6. júní 2013 fékk framkvæmdastjórnin álit samstarfsvettvangsins, í samræmi við 4. mgr. 13. gr. tilskipunar 2010/75/ESB, á fyrirhuguðu efni tilvísunarskjalanna um bestu, fáanlegu tækni vegna klóralkalíframleiðslu og gerði það aðgengilegt öllum ([3]).

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 75. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni (BAT) vegna klóralkalíframleiðslu eru settar fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 9. desember 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Janez POTOČNIK

framkvæmdastjóri.

([2]) Stjtíð. ESB C 146, 17.5.2011, bls. 3.

([3]) https://circabc.europa.eu/w/browse/d4fbf23d-0da7-47fd-a954-0ada9ca91560

VIÐAUKI

NIÐURSTÖÐUR UM BESTU, FÁANLEGU TÆKNI VEGNA KLÓRALKALÍFRAMLEIÐSLU

GILDISSVIÐ 1957

ALMENN ATRIÐI 1958

SKILGREININGAR 1958

NIÐURSTÖÐUR UM BESTU, FÁANLEGU TÆKNI 1959

1. Keratækni 1959

2. Úrelding eða umbreyting á kvikasilfurskeraverum (e. *mercury cell plant*) 1959

3. Myndun skólps 1961

4. Orkunýtni 1962

5. Vöktun losunar 1963

6. Losun í andrúmsloft 1964

7. Losun í vatn 1965

8. Myndun úrgangs 1967

9. Úrbætur á staðnum 1967

ATRIÐASKRÁ 1968

GILDISSVIÐ

Þessar niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni taka til tiltekinnar iðnaðarstarfsemi, sem er tilgreind í a- og c-lið í lið 4.2 í I. viðauka við tilskipun 2010/75/ESB, nánar tiltekið framleiðslu á klóralkalíefnum (klór, vetni, kalíumhýdroxíði og natríumhýdroxíði) með rafgreiningu á saltvatni.

Þessar niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni taka einkum til eftirfarandi ferla og starfsemi:

– geymslu á salti,

– undirbúnings, hreinsunar og endurmettunar á saltvatni,

– rafgreiningar á saltvatni,

– þykkingar, hreinsunar, geymslu og meðhöndlunar á natríum-/kalíumhýdroxíði,

– kælingar, þurrkunar, hreinsunar, þjöppunar, þéttingar, geymslu og meðhöndlunar á klór,

– kælingar, hreinsunar, þjöppunar, geymslu og meðhöndlunar á vetni,

– umbreytingar á kvikasilfurskeraverum yfir í himnukeraver (e. *membrane cell plant*),

– úreldingar á kvikasilfurskeraverum,

– hreinsunar svæða þar sem klóralkalí er framleitt.

Þessar niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fjalla ekki um eftirfarandi ferla eða starfsemi:

– rafgreiningu á saltsýru til klórframleiðslu,

– rafgreiningu á saltvatni til natríumklóratframleiðslu; þetta fellur undir tilvísunarskjal um bestu, fáanlegu tækni varðandi mikið magn af ólífrænum íðefnum – þurrefni og annar iðnaður (LVIC-S),

– rafgreiningu á bræddu salti til basa- eða jarðalkalímálma- og klórframleiðslu; þetta fellur undir tilvísunarskjal um bestu, fáanlegu tækni varðandi járnlausan málmiðnað (NFM),

– framleiðslu á sérstökum framleiðsluvörum, s.s. alkóhólötum, díþíónítum og alkalímálmum með notkun alkalímálmkvikasilfursmelmis sem er framleitt með kvikasilfurskeratækni,

– framleiðslu á klór, vetni eða natríum-/kalíumhýdroxíði með öðrum ferlum en rafgreiningu.

Þessar niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni fjalla ekki um eftirfarandi þætti klóralkalíframleiðslu þar eð þeir falla undir tilvísunarskjal um bestu, fáanlegu tækni varðandi sameiginlega hreinsun á skólpi og úrgangslofti og stjórnunarkerfi í íðefnageiranum (e. *Common Waste Water and Waste Gas Treatment/Management Systems in the Chemical Sector*) (CWW),

– meðhöndlun skólps í hreinsistöð forstreymis,

– umhverfisstjórnunarkerfi,

– hávaðamengun.

Önnur tilvísunarskjöl, sem varða starfsemi sem fellur undir þessar niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni, eru eftirfarandi:

Tilvísunarskjal	Viðfangsefni
Sameiginleg hreinsun á skólpi og úrgangslofti og stjórnunarkerfi í íðefnageiranum (BREF) (CWW)	Sameiginleg hreinsun á skólpi og úrgangslofti og stjórnunarkerfi
Efnahagsmál og áhrif þvert á miðla (ECM)	Efnahagsmál og áhrif tækni þvert á miðla

Tilvísunarskjal	Viðfangsefni
Losun frá geymslu (EFS)	Geymsla og meðhöndlun efna
Orkunýtni (ENE)	Almenn atriði orkunýtni
Kælikerfi í iðnaði (ICS)	Óbein kæling með vatni
Stór brennsluver (LCP)	Brennsluver með nafnvarmaafl sem er 50 MW eða meira
Almennar meginreglur varðandi vöktun (MON)	Almenn atriði vöktunar á losun og eyðslu
Brennsla úrgangs (WI)	Brennsla úrgangs
Úrgangsmeðhöndlunariðnaður (WT)	Meðhöndlun úrgangs

ALMENN ATRIÐI

Tæknin, sem er talin upp og lýst í þessum niðurstöðum um bestu, fáanlegu tækni, er hvorki forskrift né tæmandi. Nota má aðra tækni sem tryggir a.m.k. samsvarandi umhverfisverndarstig.

Niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni eiga almennt við nema annað sé tekið fram.

Losunargildi, sem tengist bestu, fáanlegu tækni (BAT-AELs), sem er gefið í þessum niðurstöðum um bestu, fáanlegu tækni varðandi losun í andrúmsloft vísar til:

– styrks, gefinn upp sem massi losaðra efna í rúmmáli úrgangslofts við stöðluð skilyrði (273,15 K, 101,3 kPa) eftir að vatnsinnihald hefur verið dregið frá en án leiðréttinga á súrefnisinnihaldi, með einingunni mg/m^3.

Losunargildi, sem tengist bestu, fáanlegu tækni (BAT-AELs) varðandi losun í vatn, sem er gefið í þessum niðurstöðum um bestu, fáanlegu tækni, vísar til:

– styrks, gefinn upp sem massi losaðra efna í rúmmáli skólps, með einingunni mg/l.

SKILGREININGAR

Að því er varðar þessar niðurstöður um bestu, fáanlegu tækni gilda eftirfarandi skilgreiningar:

Heiti sem er notað	Skilgreining
Ný stöð	Stöð sem er tekin í gagnið í fyrsta sinn eftir birtingu þessara niðurstaðna um bestu, fáanlegu tækni eða stöð sem kemur að öllu leyti í stað stöðvar sem fyrir er eftir birtingu þessara niðurstaðna um bestu, fáanlegu tækni.
Stöð sem fyrir er	Stöð sem er ekki ný stöð.
Ný klórþéttingareining	Klórþéttingareining sem er tekin í gagnið í fyrsta sinn í stöðinni eftir birtingu þessara niðurstaðna um bestu, fáanlegu tækni eða klórþéttingareining sem kemur að öllu leyti í stað klórþéttingareiningar sem fyrir er eftir birtingu þessara niðurstaðna um bestu, fáanlegu tækni.
Klór og klórdíoxíð, gefin upp sem Cl_2	Summa klórs (Cl_2) og klórdíoxíðs (ClO_2), mælt saman og gefið upp sem klór (Cl_2).
Óbundinn klór, gefinn upp sem Cl_2	Summa uppleysts klórs í frumformi (e. *elementary chlorine*), salts af undirklórsýru, hýpóklórsýru, uppleysts bróms í frumformi (e. *elementary bromine*), salts af undirbrómsýru og hýpóbrómsýru, mælt saman og gefið upp sem Cl_2.
Kvikasilfur, gefið upp sem Hg	Summa allra ólífrænna og lífrænna kvikasilfurstegunda, mældar saman og gefnar upp sem Hg.

NIÐURSTÖÐUR UM BESTU, FÁANLEGU TÆKNI

1. **Keratækni**

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 1: Besta fáanlega tækni til klóralkalíframleiðslu er að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim. Kvikasilfurskeratækni getur ekki undir neinum kringumstæðum talist besta, fáanlega tækni Notkun á asbestþindum er ekki besta, fáanlega tækni

	Tækni	Lýsing	Gildissvið
a	Tvískauta himnukeratækni (e. *membrane cell technique*)	Himnuker samanstanda af forskauti og bakskauti sem eru aðskilin með himnu. Í tvískauta röðun eru stök himnuker rafmagnstengd í röðum.	Á almennt við.
b	Einskauta himnukeratækni	Himnuker samanstanda af forskauti og bakskauti sem eru aðskilin með himnu. Í einskauta röðun eru stök himnuker rafmagnstengd samsíða.	Á ekki við um nýjar stöðvar með klórafkastagetu > 20 kt/ár.
c	Asbestlaus þindarkeratækni (e. *diaphragm cell technique*)	Asbestlaus þindarker samanstanda af forskauti og bakskauti sem eru aðskilin með asbestlausri þind. Einstök þindarker eru rafmagnstengd í röðum (tvískauta) eða samsíða (einskauta).	Á almennt við.

2. **Úrelding eða umbreyting á kvikasilfurskeraverum (e. *mercury cell plant*)**

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 2: Til að draga úr losun á kvikasilfri og til að draga úr myndun úrgangs sem er mengaður af kvikasilfri meðan á úreldingu eða umbreytingu á kvikasilfurskeraverum stendur er besta, fáanlega tækni að útfæra og framkvæma úreldingaráætlun sem felur í sér alla eftirfarandi eiginleika:

i. aðild hluta starfsfólks sem hefur reynslu í að reka fyrri stöð á öllum stigum útfærslu og framkvæmdar,

ii. ráðstafanir varðandi málsmeðferðarreglur og leiðbeiningar á öllum stigum framkvæmdarinnar,

iii. ráðstafanir varðandi áætlun um nákvæma þjálfun og umsjón vegna starfsfólks sem hefur enga reynslu í meðhöndlun kvikasilfurs,

iv. ákvörðun á magni kvikasilfursmálms sem á að endurheimta og mat á magni úrgangs sem á að farga og á kvikasilfurmengun sem hann hefur að geyma,

v. ráðstafanir varðandi vinnusvæði sem eru:

   a) undir þaki,

   b) búin sléttu, hallandi, þéttu gólfi til að beina kvikasilfurslekum að safnþró,

   c) vel lýst,

   d) laus við hindranir og rusl sem geta dregið í sig kvikasilfur,

   e) búin vatnsveitu vegna þvotta,

   f) tengd við skólphreinsunarkerfi,

vi. ker eru tæmd og kvikasilfursmálmur fluttur í ílát með:

   a) því að halda kerfinu lokuðu, ef unnt er,

   b) því að þvo kvikasilfur,

c) því að nota efnisþyngdarflutning, ef unnt er,

d) því að fjarlægja föst óhreinindi úr kvikasilfri, ef nauðsyn krefur,

e) því að fylla ílát að ≤ 80% af rúmmáli þeirra,

f) því að loka ílátunum loftþétt eftir að fyllt er í þau,

g) því að þvo tóm ker og fylla þau síðan af vatni.

vii. allar ráðstafanir til sundurhlutunar og niðurrifs eru framkvæmdar með:

a) því að skipta út heitskurði (e. *hot cutting*) á búnaði fyrir kaldskurð (e. *cold cutting*), ef unnt er,

b) geymslu á menguðum búnaði á hentugum svæðum,

c) tíðum þvotti á gólfi vinnusvæðisins,

d) skjótri hreinsun á kvikasilfurslekum með notkun útsogsbúnaðar með virkum kolefnissíum,

e) því að gera grein fyrir straumum úrgangs,

f) því að aðskilja kvikasilfursmengaðan úrgang frá ómenguðum úrgangi,

g) því að afmenga úrgang, sem er mengaður af kvikasilfri, með því að nota vélræna- og eðlisfræðilega meðhöndlunartækni (t.d. þvott, titring með úthljóðsbúnaði, ryksugur), efnafræðilega meðhöndlunartækni (t.d. þvott með salti af undirklórsýru, klóruðu saltvatni eða vetnisperoxíði) og/eða hitameðhöndlunartækni (t.d. eimingu/dauðhreinsun með hitun við yfirþrýsting),

h) endurnýtingu eða endurvinnslu á afmenguðum búnaði, ef unnt er,

i) því að afmenga kersalarbygginguna með því að þrífa veggi og gólf og á eftir komi yfirborðsmeðferð eða málningarvinna til að yfirborðið verði ógegndræpt ef nota á bygginguna aftur,

j) því að afmenga eða endurnýja skólpsöfnunarkerfi í eða umhverfis stöðina,

k) því að afmarka vinnusvæðið og meðhöndla útblástursloft þegar búist er við miklum styrk kvikasilfurs (t.d. vegna háþrýstiþvottar); meðhöndlunartækni fyrir útblástursloft er m.a. ásog á joðdreypt eða brennisteinsborið virkt kolefni, hreinsun með salti af undirklórsýru eða klóruðu saltvatni eða með því að bæta við klór til að mynda díkvikasilfursdíklóríð í föstu formi,

l) meðhöndlun á skólpi sem inniheldur kvikasilfur, þ.m.t. þvottavatn eftir hreinsun á hlífðarbúnaði,

m) vöktun á kvikasilfri í lofti, vatni og úrgangi, þ.m.t. í hæfilega langan tíma eftir að úreldingu eða umbreytingu er lokið,

viii. ef þörf krefur, bráðabirgðageymsla á kvikasilfursmálmi á svæðinu, í geymsluaðstöðu sem er:

a) vel lýst og heldur vatni og vindum,

b) búin hentugri viðbótaraflokun sem getur haldið 110% af vökvarúmmáli hvaða staka íláts sem er,

c) laus við hindranir og rusl sem geta dregið í sig kvikasilfur,

d) búin útsogsbúnaði með virkum kolefnissíum,

e) skoðuð reglulega, bæði sjónrænt og með kvikasilfursvöktunarbúnaði.

ix. ef þörf krefur, flutningar, möguleg frekari meðhöndlun og förgun úrgangs.

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 3: Til að draga úr losun kvikasilfurs í vatn meðan á úreldingu eða umbreytingu kvikasilfurskeravera stendur er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni	Lýsing
a	Oxun og jónaskipti	Oxandi efni, s.s. salt af undirklórsýru, klór eða vetnisperoxíð, eru notuð til að umbreyta kvikasilfri að fullu yfir í oxað form þess sem er síðan fjarlægt með jónaskiptaresínum.
b	Oxun og útfelling	Oxandi efni, s.s. salt af undirklórsýru, klór eða vetnisperoxíð, eru notuð til að umbreyta kvikasilfri að fullu yfir í oxað form þess, sem er síðan fjarlægt með útfellingu sem kvikasilfurssúlfíð, og því næst síun.
c	Afoxun og ásog á virkt kolefni	Afoxunarefni, s.s. hýdroxýlamín, eru notuð til að umbreyta kvikasilfri að fullu yfir í frumefni þess sem er síðan fjarlægt með samruna (e. *coalescence*) og endurheimt kvikasilfursmálms og því næst ásogi á virkt kolefni.

Árangur í umhverfismálum sem tengist bestu, fáanlegu tækni ([4]) fyrir losun kvikasilfurs í vatn, gefið upp sem Hg, við frárás meðhöndlunareiningar fyrir kvikasilfur meðan á úreldingu eða umbreytingu stendur er 3–15 µg/l af samsettum sýnum sem eru dæmigerð fyrir hlutfallslegt rennsli yfir 24 klukkustunda tímabil og eru tekin daglega. Tengdri vöktun er lýst í bestu, fáanlegu tækni 7.

3. **Myndun skólps**

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 4: Til að draga úr myndun skólps er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni	Lýsing	Gildissvið
a	Hringrás saltvatns	Fullnýtta saltvatnið úr rafgreiningarkerjunum er endurmettað með salti í föstu formi eða með uppgufun og sett aftur í kerin.	Á ekki við um þindarkerjaver. Á ekki við um himnukeraver sem nota salt sem er unnið úr lausn ef kappnógar salt- og vatnsauðlindir og viðtökusaltvatnshlot, sem þolir losun á miklu magni af klóríði, eru tiltækileg. Á ekki við um himnukeraver sem nota saltvatnshreinsun í öðrum framleiðslueiningum.
b	Endurvinnsla á öðrum vinnslustraumum	Vinnslustraumar frá klóralkalíverksmiðjunni, s.s. þéttur úr klór-, natríum-/kalíumhýdroxíð- og vetnisframleiðslu, eru leiddir til baka í mismunandi þrep í vinnslunni. Hlutfall endurvinnslu takmarkast af kröfum um hreinleika fljótandi straumsins sem vinnslustraumurinn er endurunninn í og vatnsjöfnuði stöðvarinnar.	Á almennt við.
c	Endurvinnsla á skólpi, sem inniheldur salt, úr öðrum framleiðsluferlum	Skólp, sem inniheldur salt, úr öðrum framleiðsluferlum er meðhöndlað og leitt til baka inn í saltvatnskerfið. Hlutfall endurvinnslu takmarkast af kröfum um hreinleika saltvatnskerfisins og vatnsjöfnuði stöðvarinnar.	Á ekki við um stöðvar þar sem viðbótarmeðhöndlun á þessu skólpi vegur upp á móti umhverfislegum ávinningi.

([4]) Í ljósi þess að þetta nothæfisstig varðar ekki venjuleg rekstrarskilyrði er þetta ekki losunargildi sem tengist bestu, fáanlegu tækni í skilningi 13. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar um losun í iðnaði (2010/75/ESB).

	Tækni	Lýsing	Gildissvið
d	Notkun á skólpi til að vinna úr lausn	Skólp úr klóralkalíverksmiðjunni er meðhöndlað og því dælt aftur í saltnámuna.	Á ekki við um himnukeraver sem nota saltvatnshreinsun í öðrum framleiðslueiningum. Á ekki við ef náman er staðsett í umtalsvert meiri hæð yfir sjávarmáli en stöðin.
e	Styrkur saltvatns-síunarseyru	Saltvatnssíunarseyra er þykkt í síupressum, lofttæmissíum með snúningstromlu (e. *rotary drum vacuum filter*) eða skilvindum. Afgangsvatnið er leitt aftur inn í saltvatnskerfið.	Á ekki við ef unnt er að fjarlægja saltvatnssíunarseyruna sem þurra síuköku. Á ekki við um stöðvar sem endurnota skólp til að vinna úr lausn.
f	Nanósíun	Sérstök tegund himnusíunar með himnu með u.þ.b. 1 nm opstærð sem er notuð til að þykkja súlfat í saltvatnshreinsun og draga þannig úr umfangi skólps.	Hægt að nota í himnukeraverum með saltvatnshringrás ef saltvatnshreinsunarhraðinn ákvarðast af súlfatstyrknum.
g	Tækni til að draga úr losun klórats	Tækni til að draga úr losun klórats er lýst í bestu, fáanlegu tækni 14. Þessi tækni dregur úr umfangi saltvatnshreinsunarinnar.	Hægt að nota í himnukeraverum með saltvatnshringrás ef saltvatnshreinsunarhraðinn ákvarðast af klóratstyrknum.

4. **Orkunýtni**

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 5: Til að nota orku á skilvirkan hátt í rafgreiningarferlinu er besta, fáanlega tækni að nota sambland af þeirri tækni sem er tilgreind hér á eftir.

	Tækni	Lýsing	Gildissvið
a	Himnur með mikla afkastagetu	Himnur með mikla afkastagetu sýna lágt spennufall og mikla straumnýtni en tryggja um leið aflrænan og efnafræðilegan stöðugleika við tiltekin notkunarskilyrði.	Hægt að nota í himnukeraverum þegar himnur eru endurnýjaðar við lok endingartíma þeirra.
b	Asbestlausar þindir	Asbestlausar þindir samanstanda af flúorkolefnafjölliðu og fylliefni, s.s. sirkondíoxíði. Þessar þindir sýna lægri viðnámsyfirspennu (e. *resistance overpotential*) en þindir úr asbesti.	Á almennt við
c	Rafskaut og yfirborðs-meðferðarefni með mikla afkastagetu	Rafskaut og yfirborðsmeðferðarefni með bætta gaslosun (lág gasbóluyfirspenna (e. *low gas bubble overpotential*)) og lág rafskautsyfirspenna.	Hægt að nota þegar yfirborðsmeðferðarefni eru endurnýjuð við lok endingartíma þeirra.
d	Saltvatn af miklum hreinleika	Saltvatnið er hreinsað nægilega vel til að lágmarka mengun rafskauta og þinda/himna sem gætu að öðrum kosti aukið orkunotkun.	Á almennt við.

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 6: Til að nota orku á skilvirkan hátt er besta, fáanlega tækni að hámarka notkun á samframleiddu vetni úr rafgreiningu sem efnafræðilegan hvarfmiðil eða eldsneyti.

Lýsing

Unnt er að nota vetni í efnahvörf (t.d. framleiðslu á ammoníaki, vetnisperoxíði, saltsýru og metanóli; minnkun á lífrænum efnasamböndum; brennisteinssneyðingu jarðolíu; herðingu á olíum og feiti; stöðvun keðjulengingar í pólýólefínframleiðslu) eða sem eldsneyti í brunaferli til að framleiða gufu og/eða rafmagn eða til að hita bræðsluofn. Að hvaða marki vetni er notað er háð ýmsum þáttum (t.d. eftirspurn eftir vetni sem hvarfmiðli á staðnum, eftirspurn eftir gufu á staðnum, fjarlægð til hugsanlegra notenda).

5. **Vöktun losunar**

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 7: Besta, fáanlega tækni er að vakta losun í loft og vatn með því að nota vöktunaraðferðir í samræmi við EN-staðla með a.m.k. þeirri tíðni sem er tilgreind hér á eftir. Ef EN-staðlar eru ekki fáanlegir er besta, fáanlega tækni að nota staðla Alþjóðlegu staðlasamtakanna, landsbundna staðla eða aðra alþjóðlega staðla sem tryggja að gögnin verði vísindalega jafn traust.

Umhverfishólf	Efni	Sýnatökustaður	Aðferð	Staðall/staðlar	Lágmarksvöktunartíðni	Vöktun í tengslum við
Loft	Klór og klórdíoxíð, gefið upp sem Cl_2 ([1])	Frárás klórísogseiningar (e. *chlorine absorption unit*)	Rafefnaker	Hvorki EN-staðall né staðall Alþjóðlegu staðlasamtakanna er fáanlegur	Samfelld	—
			Ísog í lausn og eftirfylgjandi greining	Hvorki EN-staðall né staðall Alþjóðlegu staðlasamtakanna er fáanlegur	Árlega (a.m.k. þrjár samfelldar mælingar með klukkustundar millibili)	BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 8:
Vatn	Klórat	Þar sem losunin fer úr stöðinni	Jónagreining	EN ISO 10304-4.	Mánaðarlega	BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 14:
	Klóríð	Saltvatnshreinsun	Jónagreining eða flæðigreining	EN ISO 10304–1 eða EN ISO 15682	Mánaðarlega	BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 12:
	Óbundinn klór ([1])	Nálægt upptökunum	Möguleg afoxun	Hvorki EN-staðall né staðall Alþjóðlegu staðlasamtakanna er fáanlegur	Samfelld	—
		Þar sem losunin fer úr stöðinni	Óbundinn klór	EN/ISO 7393-1 eða -2	Mánaðarlega	BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 13:
	Halógenað lífrænt efnasamband	Saltvatnshreinsun	Áseygt, lífrænt halógensamband (AOX)	Viðauki A við EN ISO 9562	Árlega	BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 15:
	Kvikasilfur	Frárás meðhöndlunareiningar fyrir kvikasilfur	Frumeindagleypnimæling eða frumeindaflúrljómunarmæling	EN ISO 12846 eða EN ISO 17852	Daglega	BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 3:

Umhverfishólf	Efni	Sýnatökustaður	Aðferð	Staðall/staðlar	Lágmarksvöktunar-tíðni	Vöktun í tengslum við
	Súlfat	Saltvatns-hreinsun	Jónagreining	EN ISO 10304-1.	Árlega	—
	Viðeigandi þungmálmar (t.d. nikkel, kopar)	Saltvatns-hreinsun	Rafgasljós-greining eða rafgasmassa-greining	EN ISO 11885 eða EN ISO 17294-2	Árlega	—

([1]) Vöktun nær bæði yfir samfellda vöktun og reglubundna vöktun eins og tilgreint er.

6. **Losun í andrúmsloft**

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 8: Til að draga úr losun klórs og klórdíoxíðs, sem er beint í andrúmsloft frá vinnslu klóríðs, er besta, fáanlega tækni að hanna, viðhalda og starfrækja klórísogseiningu sem felur í sér viðeigandi sambland af eftirfarandi þáttum:

i. ísogseiningu sem byggir á pökkuðum súlum (e. *packed column*) og/eða spýtidælum (e. *ejector*) með basískri lausn (þ.e. natríumhýdroxíðlausn) sem hreinsivökva (e. *scrubbing liquid*),

ii. skömmtunarbúnaði fyrir vetnisperoxíð eða aðskildum vothreinsara með vetnisperoxíði ef nauðsyn krefur til að draga úr styrk klórdíoxíðs,

iii. stærð sem hentar við verstu, hugsanlegu sviðsmynd (leitt út frá áhættumati), með tilliti til framleidds magns af klór og rennslis (ísog framleiðslunnar úr öllum kersalnum í nægilega langan tíma þar til stöðinni hefur verið lokað),

iv. umfangi hreinsivökvabirgða og geymslurými sem hentar til að tryggja ávallt umframmagn,

v. ef um er að ræða pakkaðar súlur skal stærð þeirra henta til að koma ávallt í veg fyrir flóð,

vi. að komið sé í veg fyrir að fljótandi klór komist inn í ísogseininguna,

vii. að komið sé í veg fyrir bakstreymi hreinsivökva inn í klórkerfið,

viii. að komið sé í veg fyrir útfellingu fastra efna í ísogseiningunni,

ix. notkun á varmaskiptum til að hitinn í ísogseiningunni haldist alltaf undir 55 °C,

x. aðfærslu þynningarlofts eftir klórísog til að koma í veg fyrir myndun sprengifimra gasblandna,

xi. notkun á byggingarefni sem þolir ávallt aðstæður þar sem æting er afar mikil,

xii. notkun á varabúnaði s.s. viðbótarhreinsara í röð með þeim sem er í notkun, neyðartanki þar sem hreinsivökvinn rennur inn í hreinsarann með hjálp þyngdaraflsins, viftum til reiðu og til vara, dælum til reiðu og til vara,

xiii. ósamtengdu varakerfi fyrir þýðingarmikinn rafbúnað,

xiv. sjálfvirkum umskiptum yfir í varakerfið ef neyðartilvik koma upp, þ.m.t. reglubundnar prófanir á þessu kerfi og umskiptunum,

xv. vöktunar- og viðvörunarkerfi vegna eftirfarandi þátta:

a) klórs í frárás ísogseiningarinnar og á aðliggjandi svæði,

b) hitastigs hreinsivökvanna,

c) mögulegrar afoxunar og basavirkni hreinsivökvanna,

d) sogþrýstings,

e) rennslis hreinsivökvanna.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir klór og klórdíoxíð, mæld saman og gefin upp sem Cl_2, eru 0,2–1,0 mg/m^3 sem meðalgildi úr a.m.k. þremur samfelldum mælingum með klukkustundar millibili sem eru gerðar a.m.k. einu sinni á hverju ári við frárás klórísogseiningarinnar. Tengdri vöktun er lýst í bestu, fáanlegu tækni 7.

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 9: Notkun á koltetraklóríði við brottnám á köfnunarefnistríklóríði eða endurheimt klórs úr endagasi er ekki besta, fáanlega tækni.

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 10: Notkun á kælimiðlum með mikinn hnatthlýnunarmátt og í öllum tilvikum meiri en 150 (t.d. mörg vetnisflúorkolefni) í nýjum klórþéttingareiningum getur ekki talist besta, fáanlega tækni.

Lýsing

Til hentugra kælimiðla teljast t.d.:

– sambland af koltvísýringi og ammoníaki í tveimur kælihringrásum,

– klór,

– vatn.

Gildissvið

Við val á kælimiðli skal taka tillit til notkunaröryggis og orkunýtni.

7. **Losun í vatn**

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 11: Til að draga úr losun mengunarefna í vatn er besta, fáanlega tækni að nota viðeigandi sambland af þeirri tækni sem er tilgreind hér á eftir.

	Tækni	Lýsing
a	Tækni sem er samþætt ferli ([1])	Tækni sem kemur í veg fyrir eða dregur úr myndun mengunarefna
b	Hreinsun skólps við upptök ([1])	Tækni til að draga úr eða endurheimta mengunarefni áður en þau eru losuð í skólpsöfnunarkerfi
c	Formeðhöndlun á skólpi ([2])	Tækni til að draga úr mengunarefnum fyrir lokahreinsun skólps
d	Lokahreinsun skólps ([2])	Lokahreinsun skólps með vélrænni, eðlisefnafræðilegri og/eða lífrænni tækni áður en það er losað í viðtökuvatnshlot

([1]) Fellur undir bestu, fáanlegu tækni 1, 4, 12, 13, 14 og 15.
([2]) Innan gildissviðs tilvísunarskjala um bestu, fáanlegu tækni varðandi sameiginlega hreinsun á skólpi og úrgangslofti og stjórnunarkerfi í íðefnageiranum (CWW BREF).

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 12: Til að draga úr losun klóríðs frá klóralkalíverksmiðjunni í vatn er besta, fáanlega tækni að nota sambland af þeirri tækni sem er tilgreind í bestu fáanlegu tækni 4

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 13: Til að draga úr losun óbundins klórs frá klóralkalíverksmiðjunni í vatn er besta, fáanlega tækni að meðhöndla skólpstreymi, sem innihalda óbundinn klór, eins nálægt upptökunum og hægt er til að koma í veg fyrir strípun klórs og/eða myndun halógenaðra, lífrænna efnasambanda, með því að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni	Lýsing
a	Efnafræðileg afoxun	Óbundinn klór eyðist við efnahvörf með afoxunarefnum, s.s. súlfíti og vetnisperoxíði, í tönkum með hræribúnaði.
b	Niðurbrot af völdum hvata	Óbundinn klór er brotinn niður í klóríð og súrefni í hvarftönkum með föstum beði (e. *catalytic fixed-bed reactor*). Hvatinn getur verið nikkeloxíð sem er virkjað með járni á súrálsundirstöðu.

	Tækni	Lýsing
c	Varmafræðilegt niðurbrot	Óbundnum klór er breytt í klóríð og klórat með varmafræðilegu niðurbroti við u.þ.b. 70 °C. Frárennsli sem myndast þarfnast frekari meðhöndlunar til að draga úr losun klórats og brómats (besta, fáanlega tækni 14).
d	Niðurbrot af völdum sýru	Óbundinn klór er brotinn niður með sýringu og því næst með losun og endurheimt klórs. Niðurbrot af völdum sýru er hægt að framkvæma í aðskildum hvarftanki eða með því að endurvinna skólpið í saltvatnskerfið. Hlutfall endurvinnslu á skólpi í saltvatnshringrásina takmarkast af vatnsjöfnuði verksmiðjunnar.
e	Endurvinnsla á skólpi	Skólpstraumar frá klóralkalíverksmiðjunni, sem innihalda óbundinn klór, eru endurunnir í öðrum framleiðslueiningum.

Losunargildi sem tengjast bestu, fáanlegu tækni fyrir óbundinn klór, gefin upp sem Cl_2, eru 0,05–0,2 mg/l í punktsýnum sem eru tekin minnst einu sinni í mánuði á staðnum þar sem losunin fer frá stöðinni. Tengdri vöktun er lýst í bestu, fáanlegu tækni 7.

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 14: Til að draga úr losun klórs frá klóralkalíverksmiðjunni í vatn er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim.

	Tækni	Lýsing	Gildissvið
a	Himnur með mikla afkastagetu	Himnur með mikla straumnýtni sem draga úr klóratmyndun en tryggja um leið aflrænan og efnafræðilegan stöðugleika við tiltekin notkunarskilyrði.	Hægt að nota í himnukeraverum þegar himnur eru endurnýjaðar við lok endingartíma þeirra.
b	Yfirborðsmeðferðarefni með mikla afkastagetu	Yfirborðsmeðferðarefni með lága rafskautsyfirspennu sem leiðir til minni klóratmyndunar og aukinnar súrefnismyndunar við forskautið.	Hægt að nota þegar yfirborðsmeðferðarefni eru endurnýjuð við lok endingartíma þeirra. Notkunarsviðið getur takmarkast af kröfum um gæði framleidda klórsins (súrefnisstyrkur).
c	Saltvatn af miklum hreinleika	Saltvatnið er hreinsað nægilega vel til að lágmarka mengun rafskauta og þinda/himna sem gætu að öðrum kosti aukið klóratmyndun.	Á almennt við.
d	Sýring saltvatns	Saltvatnið er sýrt fyrir rafgreininguna til að draga úr klóratmyndun. Hlutfall sýringar takmarkast af eðlisviðnámi búnaðarins sem notaður er (t.d. himnur og forskaut).	Á almennt við.
e	Afoxun með sýru	Klórat er afoxað með saltsýru við pH-gildið 0 og við hitastig sem er hærra en 85 °C.	Á ekki við um gegnumstreymissaltvatnsstöðvar.
f	Afoxun með hvötum	Í hvarftanki með seytilbeði (e. *trickle-bed reactor*), sem er undir þrýstingi, er klórat afoxað í klóríð með því að nota vetni og ródíumhvata í þriggja fasa hvarfi.	Á ekki við um gegnumstreymissaltvatnsstöðvar.

	Tækni	Lýsing	Gildissvið
g	Notkun á skólpstraumum sem innihalda klórat í öðrum framleiðslueiningum	Skólpstraumar frá klóralkalíverk-smiðjunni eru endurunnir í öðrum framleiðslueiningum, einna helst í saltvatnskerfi natríumklóratframlei ðslueininga.	Takmarkað við staði sem geta notað skólpstrauma af þessum gæðum í öðrum framleiðslueiningum.

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 15: Til að draga úr losun halógenaðra, lífrænna efnasambanda frá klóralkalíverksmiðjunni í vatn er besta, fáanlega tækni að nota sambland af þeirri tækni sem er tilgreind hér á eftir.

	Tækni	Lýsing
a	Val á og eftirlit með salti og hjálparefnum	Salt og hjálparefni eru valin og eftirlit haft með þeim til að draga úr magni lífrænna aðskotaefna í saltvatninu.
b	Vatnshreinsun	Hægt er að nota tækni, s.s. himnusíun, jónaskipti, útfjólubláa geislun og ásog á virkt kolefni, til að hreinsa vinnsluvatn og draga þar með úr magni lífrænna aðskotaefna í saltvatninu.
c	Val á og eftirlit með búnaði	Búnaður, s.s. ker, rör, lokar og dælur, er valinn af vandvirkni til að draga úr hugsanlegri útskolun lífrænna aðskotaefna í saltvatnið.

8. **Myndun úrgangs**

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 16: Til að draga úr magni notaðrar brennisteinssýru, sem er send til förgunar, er besta, fáanlega tækni að nota einhverja þá tækni sem er tilgreind hér á eftir eða sambland af þeim. Hlutleysing á notaðri brennisteinssýru frá þurrkun á klór með hreinum hvarfmiðlum er ekki besta, fáanlega tækni.

	Tækni	Lýsing	Gildissvið
a	Notkun á staðnum eða utan hans	Notaða sýran er notuð í öðru skyni, s.s. til að stjórna sýrustiginu í vinnsluvatni og skólpi eða til að eyða umframsalti af undirklórsýru.	Á við um staði þar sem bæði er eftirspurn eftir notaðri sýru af þessum gæðum á staðnum og utan hans.
b	Endurþykking	Notaða sýran er endurþykkt á staðnum eða utan hans í eimum með lokaðri hringrás, við lofttæmi, með óbeinni hitun eða með styrkingu með notkun brennisteinsþríoxíðs.	Endurþykking utan staðar er takmörkuð við staði þar sem þjónustuveitandi er staðsettur í nágrenninu.

Árangur í umhverfismálum sem tengist bestu, fáanlegu tækni fyrir magn notaðrar brennisteinssýru sem er send til förgunar, gefið upp sem H_2SO_4 (96% þyngdarhlutfall), er ≤ 0,1 kg á hvert tonn af framleiddum klór.

9. **Úrbætur á staðnum**

BESTA, FÁANLEGA TÆKNI 17: Til að draga úr mengun í jarðvegi, grunnvatni og lofti sem og til að stöðva dreifingu mengunarefna og flutning yfir í lífríkið frá menguðum klóralkalístöðum er besta, fáanlega tækni að móta og koma til framkvæmda ácætlun um úrbætur á staðnum sem felur í sér alla eftirfarandi þætti:

i. hagnýtingu neyðartækni til að loka á váhrifaleiðir og útbreiðslu mengunarinnar,

ii. skrifborðsrannsókn (e. *desk study*) til að sanngreina uppruna, umfang og samsetningu mengunarinnar (t.d. kvikasilfur, fjölklóruð díbensódíoxín, fjölklóruð díbensófúrön, fjölklóruð naftalen),

iii. greiningu á eiginleikum mengunarinnar, þ.m.t. kannanir og samning skýrslu,

iv. áhættumat í tíma og rúmi, byggt á núverandi og samþykktri framtíðarnotkun á staðnum,

v. undirbúning á verkfræðiverkefni sem felur í sér:

   a) afmengun og/eða varanlega afmörkun,

b) tímaáætlanir,

c) vöktunaráætlun,

d) fjárhagsáætlun og fjárfestingu til að ná markmiðinu,

vi. verkfræðiverkefni hrint í framkvæmd þannig að staðurinn, að teknu tilliti til núverandi og samþykktrar framtíðarnotkunar, skapi ekki lengur verulega áhættu fyrir heilbrigði manna eða umhverfið. Ef til vill þarf að koma verkfræðiverkefninu í framkvæmd á strangari hátt, háð öðrum skuldbindingum,

vii. takmarkanir á notkun staðarins, ef nauðsyn krefur, vegna mengunar af völdum leifa og að teknu tilliti til núverandi og samþykktrar framtíðarnotkunar á staðnum,

viii. tengda vöktun á staðnum og á nærliggjandi svæðum til að sannreyna að markmiðunum sé náð og þeim viðhaldið.

Lýsing

Áætlun um úrbætur á staðnum er oft mótuð og henni komið til framkvæmda eftir að ákvörðun hefur verið tekin um að úrelda stöðina þó að aðrar kröfur kunni að hafa áhrif á (hluta)áætlun um úrbætur á staðnum meðan stöðin er enn í rekstri.

Sumir þættir áætlunar um úrbætur á staðnum geta skarast, þeim verið sleppt eða þeir framkvæmdir í annarri röð, háð öðrum kröfum.

Gildissvið

Nothæfi bestu, fáanlegu tækni 17(v. liður) til 17(viii. liður) er með fyrirvara um niðurstöður úr áhættumatinu sem getið er í bestu, fáanlegu tækni 17(iv. liður).

ATRIÐASKRÁ

Forskaut	Rafskaut sem rafstraumur flæðir gegnum inn í skautaðan rafmagnsbúnað. Skautunin getur verið jákvæð eða neikvæð. Í raflausnarkerjum verður oxun við forskaut með jákvæðri hleðslu.
Asbest	Safn sex sílíkatsteinefna sem finnast í náttúrulegu umhverfi og eru nýtt í viðskiptalegum tilgangi vegna eftirsóknarverðra eðlisrænna eiginleika sinna. Krýsótíl (einnig kallað hvítt asbest) er eina form asbests sem er notað í þindarkeraverum.
Saltvatn	Lausn sem er mettuð eða næstum mettuð af natríumklóríði eða kalíumklóríði.
Bakskaut	Rafskaut sem rafstraumur flæðir gegnum út úr skautuðum rafmagnsbúnaði. Skautunin getur verið jákvæð eða neikvæð. Í raflausnarkerjum verður afoxun við bakskaut með neikvæðri hleðslu.
Rafskaut	Rafleiðar sem er notaður til að snerta þann hluta rafrásar sem er ekki úr málmi.
Rafgreining	Leiðni rafmagnsjafnstraums gegnum jónað efni sem leiðir til efnahvarfa við rafskautin. Jónaða efnið er annaðhvort brætt eða leyst upp í heppilegum leysi.
EN	Evrópustaðall, samþykktur af Staðlasamtökum Evrópu (CEN).
Vetnisflúorkolefni	Vetnisflúorkolefni.
ISO	Alþjóðlegu staðlasamtökin eða staðall sem þessi samtök samþykkja.
Yfirspenna	Spennumunur milli afoxunarspennu varmafræðilega ákvarðaðra hálfhvarfa (e. *half-reaction*) og þeirrar spennu þar sem afoxunarhvarf kemur fram við tilraun. Í raflausnarkeri leiðir yfirspennan til þess að nota þarf meiri orku til að knýja efnahvarf en búast hefði mátt við út frá varmafræðilegum forsendum.
PCDD	Fjölklórað díbensó-*p*-díoxín.
PCDF	Fjölklórað díbensófúran.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 660/2014 **2015/EES/63/75**

frá 15. maí 2014

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1013/2006 um tilflutning úrgangs (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 192. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([2]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 ([4]) er mælt fyrir um kröfur, í því skyni að vernda umhverfið, um tilflutning úrgangs innan Sambandsins og milli aðildarríkja og þriðju landa. Hins vegar hafa komið í ljós sundurleitni og eyður í framfylgd og skoðun af hálfu yfirvalda sem koma að eftirliti í aðildarríkjum.

2) Viðunandi skipulagning á skoðunum í tengslum við tilflutning úrgangs er nauðsynleg til að koma á þeirri getu sem er nauðsynleg fyrir skoðanir og til að koma í veg fyrir ólöglegan tilflutning með skilvirkum hætti. Í því skyni að tryggja reglulega og samræmda skipulagningu á slíkum skoðunum ætti því að styrkja ákvæðin um framfylgd og skoðanir sem mælt er fyrir um í 50. gr. reglugerðar (EB) nr. 1013/2006. Koma ætti á skoðunaráætlunum fyrir skoðanir sem eru framkvæmdar í samræmi við þessi ákvæði. Skoðunaráætlanir ættu að byggjast á áhættumati og í þeim ættu að vera nokkur lykilatriði, þ.e. markmið, forgangsmál, landsvæðið sem áætlanirnar ná yfir, upplýsingar um fyrirhugaðar skoðanir, þau verk sem eru falin yfirvöldum sem koma að skoðunum, fyrirkomulag við samvinnu milli yfirvalda sem koma að skoðunum í aðildarríki, í öðrum aðildarríkjum og, eins og við á, milli yfirvalda í aðildarríkjunum og þriðju löndum, ásamt upplýsingum um þjálfun skoðunarmanna og upplýsingum um mannafla, fjármagn og önnur tilföng vegna framkvæmdar viðkomandi skoðunaráætlunar.

3) Skoðunaráætlanir geta verið aðgreindar eða sem sérskilgreindur hluti af öðrum áætlunum.

4) Þar eð skoðunaráætlanir falla undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB ([5]) gilda ákvæði þeirrar tilskipunar, þ.m.t., þar sem við á, undantekningarnar í 4. gr., um slíkar áætlanir.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 189, 27.6.2014, bls. 135. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 230/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum.

([2]) Hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum.

([3]) Afstaða Evrópuþingsins frá 17. apríl 2014 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 6. maí 2014.

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 frá 14. júní 2006 um tilflutning úrgangs (Stjtíð. ESB L 190, 12.7.2006, bls. 1).

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/313/EBE (Stjtíð. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 26).

5) Niðurstöður skoðana og þær ráðstafanir sem gerðar eru, þ.m.t. hvaða viðurlögum er beitt, ættu að vera aðgengilegar almenningi, þ.m.t. með rafrænum hætti á Netinu.

6) Mismunandi reglur gilda um allt Sambandið að því er varðar valdheimildir og möguleika yfirvalda, sem koma að skoðunum í aðildarríkjum, til þess að krefjast sönnunargagna til að staðfesta lögmæti tilflutninga. Slík sönnunargögn geta m.a. varðað hvort efni eða hlutur sé úrgangur í skilningi reglugerðar (EB) nr. 1013/2006, hvort úrgangurinn sé rétt flokkaður og hvort úrgangurinn verði sendur á umhverfisvænar starfsstöðvar í samræmi við 49. gr. þeirrar reglugerðar. Ákvæði 50. gr. reglugerðar (EB) nr. 1013/2006 ættu því að veita yfirvöldum sem koma að skoðunum í aðildarríkjum möguleikann á að krefjast slíkra sönnunargagna. Slíkra sönnunargagna má krefjast á grundvelli almennra ákvæða eða í hverju tilviki fyrir sig. Séu slík sönnunargögn ekki lögð fram eða þau teljast ófullnægjandi ætti flutningur efnisins eða hlutarins sem um ræðir, eða tilflutningur úrgangsins sem um ræðir, að teljast ólöglegur tilflutningur og ætti að meðhöndla hann í samræmi við viðeigandi ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1013/2006.

7) Ólöglegan tilflutning úrgangs má oft rekja til söfnunar, flokkunar og geymslu án eftirlits. Kerfisbundnar skoðanir í tengslum við tilflutning úrgangs ættu því að hjálpa við að auðkenna og að takast á við þessa eftirlitslausu starfsemi og þar með stuðla að framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1013/2006.

8) Í því skyni að aðildarríkjum gefist nægur tími til að undirbúa beitingu ráðstafananna sem krafist er í 50. gr. reglugerðar (EB) nr. 1013/2006, eins og henni er breytt með þessari reglugerð, þykir rétt að fyrstu skoðunaráætlanirnar verði samþykktar fyrir 1. janúar 2017.

9) Vegna gildistöku Lissabonsáttmálans ætti að samræma valdheimildina, sem framkvæmdastjórninni er veitt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1013/2006, við 290. og 291. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (SUSE).

10) Að því er varðar breytingar á tilteknum veigalitlum þáttum reglugerðar (EB) nr. 1013/2006 ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu framseldra gerða ætti framkvæmdastjórnin að tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.

11) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1013/2006 ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvaldið. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ([6]).

12) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1013/2006 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1013/2006 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi liðir bætast við 2. gr.:

„7a. „endurnotkun“: eins og hún er skilgreind í 13. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB (*).

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

35a. „skoðun“: aðgerðir framkvæmdar af hálfu viðkomandi yfirvalda til að ganga úr skugga um hvort starfsstöð, fyrirtæki, miðlari, söluaðili, tilflutningur úrgangs eða tengd endurnýting eða förgun uppfylli viðeigandi kröfur sem settar eru fram í þessari reglugerð.“

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana (Stjtíð. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3).

2) Í stað 4. mgr. 26. gr. komi eftirfarandi:

„4. Ef viðkomandi lögbær yfirvöld og tilkynnandinn koma sér saman um það er heimilt að leggja fram og skiptast á þeim upplýsingum og gögnum, sem um getur í 1. mgr., með rafrænum gagnaskiptum með rafrænni undirskrift eða rafrænni sannvottun í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/93/EB (*) eða með sambærilegu rafrænu sannvottunarkerfi sem veitir sama öryggi.

Í því skyni að greiða fyrir framkvæmd fyrstu undirgreinar skal framkvæmdastjórnin, ef það er raunhæft, samþykkja framkvæmdargerðir um tækni- og skipulagskröfur fyrir verklega framkvæmd rafrænna gagnaskipta við framlagningu skjala og upplýsinga. Framkvæmdastjórnin skal taka tillit til viðkomandi alþjóðlegra staðla og tryggja að þessar kröfur séu í samræmi við tilskipun 1999/93/EB eða veita a.m.k. sama öryggisstig og kveðið er á um samkvæmt þeirri tilskipun. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 59. gr. a.“

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/93/EB um ramma Bandalagsins frá 13. desember 1999 varðandi rafrænar undirskriftir (Stjtíð. EB L 13, 19.1.2000, bls. 12).

3) Ákvæðum 50. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Aðildarríkin skulu með ráðstöfunum til framfylgdar þessari reglugerð m.a. kveða á um skoðun starfsstöðva, fyrirtækja, miðlara og söluaðila í samræmi við 34. gr. tilskipunar 2008/98/EB og um skoðanir í tengslum við tilflutninga úrgangs eða tengda endurnýtingu eða förgun hans.“

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„2a. Að því er varðar allt landfræðilegt yfirráðasvæði þeirra skulu aðildarríkin sjá til þess, fyrir 1. janúar 2017, að komið sé á fót einni eða fleiri áætlunum, annaðhvort aðgreindum eða sem sérskilgreindum hluta af öðrum áætlunum, fyrir skoðanir sem fara fram skv. 2. mgr. („skoðunaráætlun“). Skoðunaráætlanir skulu byggjast á áhættumati, sem nær yfir sértæka strauma úrgangs og upptök ólöglegra tilflutninga og taka tillit til, séu þau fáanleg og eiga við, gagna sem eru byggð á vitneskju úr rannsóknum lögreglu og tollyfirvalda ásamt greiningu á afbrotastarfsemi. Við áhættumatið skal m.a. miða að því að tilgreina lágmarksfjölda skoðana sem þörf er á, þ.m.t. eftirlit með ástandi starfsstöðva, fyrirtækja, miðlara, söluaðila og tilflutningi úrgangs eða tengdri endurnýtingu eða förgun. Skoðunaráætlun skal ná yfir eftirfarandi:

a) markmið og forgangsröðun skoðananna, þ.m.t. lýsing á því hvernig forgangsröðunin var ákvörðuð,

b) hvaða landfræðilegt svæði tiltekin skoðunaráætlun nær yfir,

c) upplýsingar um fyrirhugaðar skoðanir, þ.m.t. eftirlit með ástandi,

d) verkefni sem hverju yfirvaldi sem kemur að skoðun er úthlutað,

e) fyrirkomulag á samvinnu milli yfirvalda sem koma að skoðunum,

f) upplýsingar um þjálfun skoðunarmanna um atriði sem snúa að skoðunum og

g) upplýsingar um mannafla, fjármagn og önnur tilföng fyrir framkvæmd skoðunaráætlunarinnar.

Skoðunaráætlun skal endurskoðuð a.m.k. á þriggja ára fresti og uppfærð eftir því sem við á. Við endurskoðunina skal meta að hve miklu marki markmið og aðrir þættir skoðunaráætlunarinnar hafa náðst.“

c) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Skoðanir í tengslum við tilflutninga geta einkum farið fram:

a) á upphafsstað í samvinnu við framleiðanda, úrgangshafa eða tilkynnanda,

b) á ákvörðunarstað, þ.m.t. bráðabirgðaendurnýtingar og endurnýting sem er ekki til bráðabirgða eða förgun, í samvinnu við viðtakanda eða stöð,

c) á landamærum Sambandsins og/eða

d) meðan á tilflutningi stendur innan Sambandsins.“

d) Í stað 4. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Skoðun í tengslum við tilflutninga skal fela í sér sannprófun á skjölum, staðfestingu á auðkenni og, ef við á, eftirlit með ástandi úrgangsins.“

e) Eftirfarandi málsgreinar bætist við:

„4a. Til að ganga úr skugga um að efni eða hlutur, sem er fluttur á vegum, með járnbrautum, flugi, á sjó eða skipgengum vatnaleiðum, sé ekki úrgangur geta yfirvöld sem koma að skoðunum, með fyrirvara um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/19/ESB (*), farið fram á að sá einstaklingur eða lögaðili sem hefur efnið eða hlutinn sem um er að ræða í sinni vörslu, eða sá sem annast flutninginn, leggi fram skrifleg sönnunargögn:

a) um uppruna og ákvörðunarstað efnisins eða hlutarins sem um er að ræða og

b) um að ekki sé um úrgang að ræða, þ.m.t., eftir því sem við á, staðfestingu á virkni.

Að því er varðar fyrstu undirgreinina skal einnig ganga úr skugga um viðeigandi varnir efnisins eða hlutarins gegn skemmdum við flutning, fermingu og affermingu, s.s. með fullnægjandi umbúðum og viðeigandi stöflun.

4b. Yfirvöld sem koma að skoðunum geta ákvarðað að efnið eða hluturinn sem um er að ræða sé úrgangur í tilvikum þar sem:

— sönnunargögnin, sem um getur í 4. mgr. a eða sem krafist er samkvæmt annarri löggjöf Sambandsins, til að ganga úr skugga um að efni eða hlutur sé ekki úrgangur, hafa ekki verið lögð fram innan þess tímabils sem þau tilgreina eða

— þau telja tiltæk sönnunargögn og upplýsingar ófullnægjandi til að komast að niðurstöðu eða þau telja varnir gegn skemmdum, sem um getur í annarri undirgrein 4. mgr. a, ófullnægjandi.

Í slíkum tilvikum skal flutningur á efninu eða hlutnum sem um er að ræða eða tilflutningur úrgangsins sem um er að ræða teljast ólöglegur. Af þessum sökum skal fara með hann í samræmi við 24. og 25. gr. og yfirvöldin sem koma að skoðunum skulu tafarlaust tilkynna lögbæru yfirvaldi þess lands, þar sem skoðunin fór fram, um það.

4c. Í því skyni að komast að því hvort tilflutningur úrgangs uppfylli ákvæði þessarar reglugerðar geta yfirvöldin sem koma að skoðununum krafist þess að tilkynnandinn, sá sem skipuleggur tilflutninginn, eigandinn, flutningsaðilinn, viðtakandinn og stöðin sem tekur við úrganginum leggi fyrir yfirvöldin viðeigandi skrifleg sönnunargögn innan tímabils sem þau tilgreina.

Í því skyni að komast að því hvort tilflutningur úrgangs, sem fellur undir almennu upplýsingakröfurnar í 18. gr., sé ætlaður til endurnýtingar í samræmi við 49. gr. geta yfirvöldin sem koma að skoðunum krafist þess að sá sem skipuleggur tilflutninginn leggi fram viðeigandi skrifleg sönnunargögn, sem eru lögð fram af starfsstöð sem annast bráðabirgðaendurnýtingu og endurnýtingu sem ekki er til bráðabirgða, samþykkt af lögbæru yfirvaldi ákvörðunarstaðar.

4d. Ef sönnunargögnin, sem um getur í 4. mgr. c, hafa ekki verið lögð fram til yfirvalda, sem koma að skoðunum, innan þess tímabils sem þau tilgreina eða þau telja að tiltæk sönnunargögn og upplýsingar nægi ekki til að komast að niðurstöðu skal viðkomandi tilflutningur teljast ólöglegur. Af þessum sökum skal fara með hann í samræmi við 24. og 25. gr. og yfirvöldin sem koma að skoðunum skulu tafarlaust tilkynna lögbæru yfirvaldi þess lands, þar sem skoðunin fór fram, um það.

4e. Fyrir 18. júlí 2015 skal framkvæmdastjórnin samþykkja með framkvæmdargerðum bráðabirgðasamsvörunartöflu yfir annars vegar kóða sameinuðu nafnaskrárinnar sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87 (**) og hins vegar yfir færslur um úrgang sem tilgreindar eru í III. viðauka, III. viðauka A, III. viðauka B, IV. viðauka, IV. viðauka A og V. viðauka við þessa reglugerð. Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að samsvörunartaflan sé uppfærð til þess að endurspegla breytingar á nafnaskránni og færslunum sem tilgreindar eru í þessum viðaukum og einnig að hún feli í sér alla nýja kóða sem tengjast úrgangi í samræmdu tollskránni sem Alþjóðatollastofnunin getur samþykkt.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 59. gr. a.“

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/19/ESB frá 4. júlí 2012 um raf- og rafeindabúnaðarúrgang (Stjtíð. ESB L 197, 24.7.2012, bls. 38).
(**) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87 frá 23. júlí 1987 um tollskrár- og hagtöluflokkunarkerfið og sameiginlegu tollskrána (Stjtíð. EB L 256, 7.9.1987, bls. 1).

f) Í stað 5. mgr. komi eftirfarandi:

„5. Aðildarríkin skulu vinna saman, tvö eða fleiri, til að auðveldara sé að koma í veg fyrir eða koma upp um ólöglega tilflutninga. Þau skulu skiptast á viðeigandi upplýsingum um tilflutning úrgangs, úrgangsflæði, rekstraraðila og starfsstöðvar og deila reynslu og kunnáttu varðandi framfylgdarráðstafanir, þ.m.t. áhættumatið sem framkvæmt er skv. 2. mgr. a í þessari grein, innan ramma þess skipulags sem komið hefur verið á, einkum gegnum net fulltrúa samkvæmt tilnefningum í samræmi við 54. gr.“

4) Í stað 2. mgr. 51. gr. komi eftirfarandi:

„2. Fyrir lok hvers almanaksárs skulu aðildarríkin einnig semja skýrslu fyrir næstliðið ár, sem byggist á viðbótarspurningalistanum í IX. viðauka, og senda hana til framkvæmdastjórnarinnar. Innan mánaðar eftir að skýrslan er lögð fyrir framkvæmdastjórnina skulu aðildarríki einnig gera hluta skýrslunnar sem varðar 24. gr. og 1. mgr., 2. mgr. og 2. mgr. a í 50. gr., þ.m.t. töflu 5 í IX. viðauka, aðgengilegan öllum, þ.m.t. með rafrænum hætti á Netinu, ásamt öllum útskýringum sem aðildarríkin telja viðeigandi. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skrá yfir tengla aðildarríkjanna sem um getur í hlutanum sem varðar 2. mgr. og 2. mgr. a í 50. gr í IX. viðauka og veita almenningi aðgang að henni á vefsíðu sinni.“

5) Í stað 58. gr. komi eftirfarandi:

„58. gr.

Breytingar á viðaukum

1. Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 58. gr. a, í því skyni að breyta eftirfarandi:

a) ákvæðum I. viðauka A, I. viðauka B, I. viðauka C, II. og III. viðauka, III. viðauka A, III. viðauka B, og IV., V., VI. og VII. viðauka til að taka tillit til þeirra breytinga sem samþykktar eru samkvæmt Basel-samningnum og ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar,

b) ákvæðum V. viðauka til að hann endurspegli samþykktar breytingar á skránni yfir úrgang sem var samþykkt í samræmi við 7. gr. tilskipunar 2008/98/EB,

c) ákvæðum VIII. viðauka þannig að hann endurspegli ákvarðanir sem teknar eru samkvæmt viðeigandi alþjóðasamþykktum og -samningum.“

6) Eftirfarandi grein bætist við:

„58. gr. a

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Það framsal valds, sem um getur í 58. gr., skal falið framkvæmdastjórninni í fimm ár, frá og með 17. júlí 2014. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um framsal valds, eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framsal valds skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþingið eða ráðið getur hvenær sem er afturkallað framsal valds sem um getur í 58. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endi á framsal valdsins sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 58. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.“

7) Ákvæði 59. gr. falli brott.

8) Í stað 59. gr. a komi eftirfarandi:

„59. gr. a

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar sem komið er á fót með 39. gr. tilskipunar 2008/98/EB. Nefnd þessi er nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gildir 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

Skili nefndin ekki áliti skal framkvæmdastjórnin ekki samþykkja drögin að framkvæmdargerðinni og ákvæði þriðju undirgreinar 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 gilda.“

9) Í 60. gr. bætist við eftirfarandi málsgrein:

„2a. Eigi síðar en 31. desember 2020 skal framkvæmdastjórnin annast endurskoðun á þessari reglugerð, m.a. með tilliti til skýrslna sem gerðar eru í samræmi við 51. gr., og leggja skýrslu um niðurstöðurnar fyrir Evrópuþingið og ráðið ásamt tillögum að nýrri löggjöf ef við á. Í þeirri endurskoðun skal framkvæmdastjórnin einkum íhuga skilvirkni ákvæða 2. mgr. a í 50. gr. við að berjast gegn ólöglegum tilflutningi með tilliti til umhverfislegra, félagslegra og efnahagslegra þátta.“

10) Ákvæðum IX. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað þáttarins sem varðar 2. mgr. 50. gr. komi eftirfarandi:

„Samantekt upplýsinga um niðurstöður skoðana sem fara fram skv. 2. mgr. 50. gr, þ.m.t.:

— fjöldi skoðana, þ.m.t. eftirlit með ástandi starfsstöðva, fyrirtækja, miðlara og söluaðila tengdum tilflutningi úrgangs:

— fjöldi skoðana í tengslum við tilflutning úrgangs, þ.m.t. eftirlit með ástandi:

— fjöldi meintra lagabrota er varða starfsstöðvar, fyrirtæki, miðlara og söluaðila tengdum tilflutningi úrgangs:

— fjöldi meintra, ólöglegra tilflutninga sem staðfestir hafa verið við skoðanirnar:

Aðrar athugasemdir:“

b) Eftirfarandi þáttur sem varðar 2. mgr. a í 50. gr. bætist við:

„2. mgr. a 50. gr.

Upplýsingar um skoðunaráætlun eða -áætlanir

Fjöldi skoðunaráætlana fyrir allt landfræðilegt yfirráðasvæðið:

Dagsetning samþykktar skoðunaráætlunar eða áætlana og gildistími þeirra:

Síðasti endurskoðunardagur skoðunaráætlunarinnar eða -áætlananna:

Yfirvöld sem koma að skoðunum og samvinna á milli þessara yfirvalda:

Tilgreinið einstaklinga eða stofnanir sem má tilkynna áhyggjur eða frávik til:“.

c) Eftirfarandi þáttur sem varðar 2. mgr. og 2. mgr. a í 50. gr. bætist við:

„Tengillinn þar sem hægt er að nálgast upplýsingar, sem aðildarríkin gerðu aðgengilegar öllum á Netinu í samræmi við 2. mgr. 51. gr., með rafrænum hætti:“

11) Í stað fyrirsagnar síðasta dálks í töflu 5 í IX. viðauka komi eftirfarandi:

„Ráðstafanir, sem gerðar eru, einnig hugsanleg viðurlög.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2016.

Þrátt fyrir ákvæði annarrar málsgreinar gildir 4. liður 1. gr. frá og með 1. janúar 2018.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. maí 2014.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
M. SCHULZ	D. KOURKOULAS
forseti.	*forseti.*

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1234/2014 **2015/EES/63/76**

frá 18. nóvember 2014

um breytingu á III. viðauka B og V. og VIII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 um tilflutning úrgangs (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 frá 14. júní 2006 um tilflutning úrgangs ([1]), einkum 1. mgr. 58. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ráðstefna aðila að Basel-samningnum um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra (Basel-samningurinn) samþykkti á ellefta fundi sínum í Genf 28. apríl til 10. maí 2013 ákvörðun BC-11/6 um breytingu á IX. viðauka við Basel-samninginn. Ákvæði IX. viðauka við Basel-samninginn má finna í skrá B í 1. hluta V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1013/2006. Breytingin, m.a. tvær nýjar úrgangsfærslur, tekur gildi þegar liðnir eru sex mánuðir frá 26. nóvember 2013 í samræmi við b-lið 2. mgr. 18. gr. Basel-samningsins.

2) Þeir straumar úrgangs, sem lýst er með tveimur nýju færslunum B3026 og B3027, samsvara straumum í þremur færslum sem fyrir eru í III. viðauka B við reglugerð (EB) nr. 1013/2006. Umræddar færslur eru BEU01, BEU02 og BEU03. Fyrsti undirliður færslu B3026 samsvarar færslu BEU02 og annar undirliður færslu B3026 samsvarar færslu BEU03. Færsla B3027 samsvarar færslu BEU01.

3) Til að taka tillit til ákvörðunar BC-11/6 þarf að bæta færslum B3026 og B3027 við í skrá B í 1. hluta V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1013/2006. Jafnframt ætti að fella færslur BEU01, BEU02 and BEU03 brott úr III. viðauka B við reglugerð (EB) nr. 1013/2006 sem inniheldur óflokkaðan úrgang til bráðabirgða þar til tekin hefur verið ákvörðun um að færa hann á skrá í viðeigandi viðaukum við Basel-samninginn eða ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar.

4) Á sama fundi samþykkti ráðstefna aðila að Basel-samningnum, með ákvörðun BC-11/15, 1., 2., 4. og 5. lið í leiðbeiningarskjalinu um umhverfisvæna meðhöndlun á notuðum og úr sér gengnum tölvubúnaði. Í kjölfar samþykktarinnar ætti að uppfæra VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1013/2006 til samræmis við það.

5) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1013/2006 til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 39. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB ([2]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka B og V. og VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1013/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 332, 19.11.2014, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 230/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 190, 12.7.2006, bls. 1.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana (Stjtíð. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 26. maí 2014.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. nóvember 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukum við reglugerð (EB) nr. 1013/2006 er breytt sem hér segir:

1. Færslur BEU01, BEU02 og BEU03 falli brott úr 2. lið III. viðauka B.

2. Í skrá B í 1. hluta V. viðauka bætast eftirfarandi tvær færslur við á eftir færslu B3020.

„B3026 Eftirfarandi úrgangur frá formeðhöndlun samsettra umbúða fyrir vökva, sem inniheldur ekki efni í I. viðauka í styrk sem nægir til að eiginleikar úr III. viðauka komi fram:

— Óaðskiljanlegir plasthlutar

— Óaðskiljanlegir plast- og álhlutar

B3027 Úrgangur úr sjálflímandi merkimiðum sem innihalda hráefni sem notuð eru við framleiðslu á efni í merkimiða“.

3. Ákvæðum VIII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað liðar I.14 komi eftirfarandi:

„14. Guidance Document on Environmentally Sound Management of Used and End-of-life Computing Equipment, Sections 1, 2, 4 and 5 ([5]).“

_____

([5]) Samþykkt á elleftu ráðstefnu aðila Basel-samningsins um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra, 28. apríl til 10 maí 2013.

b) Í stað annarrar færslu í II. lið komi eftirfarandi:

„Used and scrap personal computers ([6])“

_____

([6]) Samþykkt af hálfu umhverfismálanefndar Efnahags- og framfarastofnunarinnar í febrúar 2003 (skjal ENV/EPOC/WGWPR(2001)3/FINAL).

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/245 **2015/EES/63/77**

frá 16. febrúar 2015

um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar skrána fyrir 2016 yfir aukamarkbreytur varðandi aðgang að þjónustu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 frá 16. júní 2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC)([1]), einkum f-lið 2. mgr. 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 1177/2003 er settur sameiginlegur rammi um kerfisbundna evrópska hagskýrslugerð um tekjur og lífskjör. Markmiðið með honum er að tryggja að samanburðarhæf og uppfærð þversniðs- og langsniðsgögn um tekjur og um umfang og samsetningu fátæktar og félagslegrar útilokunar séu tiltæk, bæði á landsbundnum og evrópskum vettvangi.

2) Samþykkja skal framkvæmdarráðstafanir árlega samkvæmt f-lið 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1177/2003 til að tilgreina aukamarksvið og -breytur sem eiga að fylgja með á því ári í þversniðsþætti hagskýrslna ESB um tekjur og lífskjör. Því þarf að breyta framkvæmdarráðstöfunum sem tilgreina aukamarkbreytur og kennimerki þeirra fyrir viðhengið 2016 um aðgang að þjónustu.

3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Skrá skal aukamarkbreyturnar og kennimerkin fyrir viðhengið 2016 um aðgang að þjónustu, sem eru hluti af þversniðsþætti hagtalna ESB um tekjur og lífskjör, í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. febrúar 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 41, 17.2.2015, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 232/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 165, 3.7.2003, bls. 1.

VIÐAUKI

Í þessari reglugerð gilda eftirfarandi einingar, gagnasöfnunaraðferðir og viðmiðunartímabil:

1. **Eining**

Markbreyturnar tengjast mismunandi einingum:

Breytunum, sem tengjast viðráðanlegu verði á dagvistunarþjónustu barna, óuppfylltum þörfum fyrir slíka þjónustu og ástæðum þess að þær hafa ekki verið nýttar, viðráðanlegu verði á formlegri menntun, heilsugæslu, viðurvist einstaklinga sem þarfnast heimahlynningar og öllum breytum sem varða nýtta heimahlynningu á vettvangi heimilisins og vísa til heimilisins sem heildar.

Upplýsingar um óuppfylltar þarfir vegna formlegrar menntunar, meginástæðuna að baki því að hafa ekki tekið þátt í formlegu námi, ævinámi, þegið veitta heimahlynningu og fjöldi klukkustunda sem umönnun er veitt á viku, ber að veita fyrir hvern núverandi heimilismann eða, ef við á, fyrir alla valda svarendur 16 ára og eldri.

Sá sem svarar fyrir heimilið skal veita upplýsingar um greiðslu fyrir dagvistun barna, hlutfall kostnaðar og hver greiðir/leggur fram fé þar að lútandi vegna barna 0–12 ára.

Sá sem svarar fyrir heimilið skal veita upplýsingar um greiðslu skólagjalda vegna formlegrar menntunar, hlutfall sem greitt er og hver greiðir/leggur fram fé þar að lútandi fyrir hvern heimilismann.

2. **Gagnasöfnunaraðferð**

Einstaklingsviðtal við þann sem svarar fyrir heimilið er gagnasöfnunaraðferðin sem notuð er fyrir breytur sem gilda um heimili eða breytur sem gilda um hvern heimilismann (þ.m.t. breytur sem varða börn) þegar upplýsingar eru gefnar á vettvangi heimilisins.

Einstaklingsviðtal við alla núverandi heimilismenn 16 ára eða eldri eða, ef við á, valinn svaranda, er gagnasöfnunaraðferðin fyrir breytur sem gilda um einstaklinga.

Aldurinn miðast við aldur við lok tekjuviðmiðunartímabilsins.

Einungis er heimilt að taka einstaklingsviðtöl (þar sem í undantekningatilvikum er talað við þann sem fer með umboð fyrir þá sem eru fjarverandi tímabundið eða vanhæfir) í ljósi eðlis þeirra upplýsinga sem safna skal.

3. **Viðmiðunartímabil**

Markbreyturnar tengjast tveimur mismunandi viðmiðunartímabilum:

Síðustu 12 mánuðir: vegna breytna sem varða óuppfylltar þarfir vegna formlegrar menntunar og meginástæðu þess að ekki hefur verið um þátttöku að ræða í formlegu námi, ævinámi og notkun og greiðslu fyrir heilsugæsluþjónustu.

Hefðbundin: vegna allra annarra breytna

4. **Gagnasending**

Senda ætti aukamarkbreyturnar til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins) í gagnaskránni um heimili (H-skráin), gagnaskráningarskránni (R-skráin) og gagnaskránni um einstaklinga (P-skráin) á eftir aðalmarkbreytunum.

VIÐHENGIÐ 2016 UM AÐGANG AÐ ÞJÓNUSTU: SKRÁ YFIR MARKBREYTUR

Kennimerki breytu	Gildi	Markbreyta
		Dagvistun barna
RC010		*Greiðsla fyrir kostnað vegna formlegrar dagvistunarþjónustu barna*
	1	Já
	2	Nei

Kennimerki breytu	Gildi	Markbreyta
RC010_F	1	Fyllt út
	– 1	Vantar
	– 4	Engin formleg dagvistun fyrir þetta barn
	– 5	Engin börn á aldrinum 0–12 ára á heimilinu
RC020		*Hlutfall kostnaðar vegna formlegrar dagvistunarþjónustu barna*
	1	Fullt verð (fullur kostnaður)
	2	Niðursett verð (niðurgreiðsla hins opinbera, vinnuveitanda, einstaklings, o.s.frv.)
	9	Veit ekki
RC020_F	1	Fyllt út
	– 1	Vantar
	– 2	Á ekki við (RC010 = 2)
	– 4	Engin formleg dagvistun fyrir þetta barn
	– 5	Engin börn á aldrinum 0–12 ára á heimilinu
RC030		*Hver greiðir/leggur fram fé fyrir kostnaði við formlega dagvistunarþjónustu barna*
	1	Hið opinbera eða staðaryfirvöld
	2	Vinnuveitandi
	3	Aðrar stofnanir (t.d. kirkja eða stofnanir sem eru ekki reknar í hagnaðarskyni)
	4	Einstaklingar sem eru ekki heimilismenn
	5	Annað
	9	Veit ekki
RC030_F	1	Fyllt út
	– 1	Vantar
	– 2	Á ekki við (RC020 = 1)
	– 4	Engin formleg dagvistun fyrir þetta barn
	– 5	Engin börn á aldrinum 0–12 ára á heimilinu
HC040		*Viðráðanlegt verð á dagvistunarþjónustu barna*
	1	Mjög erfitt

Kennimerki breytu	Gildi	Markbreyta
	2	Erfitt
	3	Nokkuð erfitt
	4	Nokkuð auðvelt
	5	Auðvelt
	6	Mjög auðvelt
HC040_F	1	Fyllt út
	– 1	Vantar
	– 4	Enginn dagvistunarkostnaður barna á heimilinu
	– 5	Engin börn á aldrinum 0–12 ára á heimilinu
HC050		Óuppfylltar þarfir vegna formlegrar dagvistunarþjónustu barna
	1	Já
	2	Nei
HC050_F	1	Fyllt út
	– 1	Vantar
	– 5	Engin börn á aldrinum 0–12 ára á heimilinu
HC060		Meginástæða þess að dagvistunarþjónusta barna er ekki (betur) nýtt
	1	Hef ekki efni á henni
	2	Engin pláss tiltæk
	3	Pláss tiltæk en ekki í nágrenninu
	4	Pláss tiltæk en opnunartímar eru óhentugir
	5	Pláss tiltæk en gæði tiltækrar þjónustu eru ófullnægjandi
	6	Aðrar ástæður
HC060_F	1	Fyllt út
	– 1	Vantar
	– 2	Á ekki við (HC050 = 2)
	– 5	Engin börn á aldrinum 0–12 ára á heimilinu
		Formleg menntun og þjálfun
RC070		*Greiðsla skólagjalda*
	1	Já
	2	Nei

Kennimerki breytu	Gildi	Markbreyta
RC070_F	1	Fyllt út
	– 1	Vantar
	– 4	Einstaklingur tekur ekki þátt í formlegri menntun
RC080		*Hluti skólagjalda greiddur*
	1	Fullt verð (fullur kostnaður)
	2	Niðursett verð (niðurgreiðsla hins opinbera, vinnuveitanda, einstaklings, o.s.frv.)
	9	Veit ekki
RC080_F	1	Fyllt út
	– 1	Vantar
	– 2	Á ekki við (RC070 = 2)
	– 4	Einstaklingur tekur ekki þátt í formlegri menntun
RC090		*Hver greiðir/leggur fram fé fyrir kostnaði vegna skólagjalda*
	1	Hið opinbera eða staðaryfirvöld
	2	Vinnuveitandi
	3	Aðrar stofnanir (t.d. kirkja eða stofnanir sem eru ekki reknar í hagnaðarskyni)
	4	Einstaklingar sem eru ekki heimilismenn
	5	Annað
	9	Veit ekki
RC090_F	1	Fyllt út
	– 1	Vantar
	– 2	Á ekki við (RC080 = 1)
	– 4	Einstaklingur tekur ekki þátt í formlegri menntun
HC100		*Viðráðanlegt verð á formlegri menntun*
	1	Mjög erfitt
	2	Erfitt
	3	Nokkuð erfitt
	4	Nokkuð auðvelt
	5	Auðvelt
	6	Mjög auðvelt
HC100_F	1	Fyllt út
	– 1	Vantar
	– 4	Enginn kostnaður vegna formlegrar menntunar á heimilinu
	– 5	Enginn á heimilinu tekur þátt í formlegri menntun

Kennimerki breytu	Gildi	Markbreyta
PC110		Óuppfylltar þarfir vegna formlegrar menntunar
	1	Já
	2	Nei
PC110_F	1	Fyllt út
	– 1	Vantar
	– 3	Svarandi var ekki valinn
	– 4	Einstaklingur stundar formlegt nám
PC120		*Meginástæða þess að formlegt nám hefur ekki verið stundað*
	1	Hef ekki efni á því
	2	Fékk ekki aðgang að námskeiði eða námi
	3	Tímahömlur (full dagskrá, fjölskylduábyrgð, o.s.frv.)
	4	Ekki er völ á viðeigandi námskeiði eða námi
	5	Aðrar ástæður
PC120_F	1	Fyllt út
	– 1	Vantar
	– 2	Á ekki við (PC110 = 2)
	– 3	Svarandi var ekki valinn
	– 4	Einstaklingur stundar formlegt nám
		Ævinám
PC130		Þátttaka í námskeiðum sem tengjast áhugamálum
	1	Já
	2	Nei
PC130_F	1	Fyllt út
	– 1	Vantar
	– 3	Svarandi var ekki valinn
PC140		Þátttaka í þjálfun sem tengist atvinnustarfsemi
	1	Já
	2	Nei
PC140_F	1	Fyllt út
	– 1	Vantar
	– 3	Svarandi var ekki valinn

Kennimerki breytu	Gildi	Markbreyta
PC150		*Meginástæða þess að taka ekki þátt í þjálfun sem tengist atvinnustarfsemi*
	1	Hef ekki efni á henni
	2	Hefur ekki áhuga
	3	Tímahömlur (full dagskrá, fjölskylduábyrgð, o.s.frv.)
	4	Ekki er völ á viðeigandi námskeiðum eða námi
	5	Vinnuveitandi býður ekki upp á slíkt
	6	Aðrar ástæður
PC150_F	1	Fyllt út
	– 1	Vantar
	– 2	Á ekki við (PC140 = 1)
	– 3	Svarandi var ekki valinn
		Heilsugæsla
HC160		*Notkun á heilsugæsluþjónustu*
	1	Já
	2	Nei
HC160_F	1	Fyllt út
	– 1	Vantar
HC170		*Greiðsla fyrir heilsugæsluþjónustu*
	1	Já
	2	Nei
HC170_F	1	Fyllt út
	– 1	Vantar
	– 2	Á ekki við (HC160 = 2)
HC180		*Viðráðanlegt verð á heilsugæsluþjónustu*
	1	Mjög erfitt
	2	Erfitt
	3	Nokkuð erfitt
	4	Nokkuð auðvelt
	5	Auðvelt
	6	Mjög auðvelt
HC180_F	1	Fyllt út
	– 1	Vantar
	– 4	Enginn kostnaður vegna heilsugæsluþjónustu á heimilinu

Kennimerki breytu	Gildi	Markbreyta
		Heimahlynning
HC190		*Meðal heimilismanna eru einstaklingar sem þurfa aðstoð vegna langvarandi líkamlegs eða andlegs heilsuleysis, veikinda eða vegna elli*
	1	Já
	2	Nei
HC190_F	1	Fyllt út
	– 1	Vantar
HC200		*Nýting á faglegri heimahlynningu*
	1	Já
	2	Nei
HC200_F	1	Fyllt út
	– 1	Vantar
	– 2	Á ekki við (HC190 = 2)
HC210		*Fjöldi klukkustunda sem fagleg heimahlynning er nýtt á viku*
	1	Færri en 10 klst. á viku
	2	Að minnsta kosti 10 klst. en færri en 20 klst. á viku
	3	20 klst. á viku eða meira
HC210_F	1	Fyllt út
	– 1	Vantar
	– 2	Á ekki við (HC200 = 2)
HC220		*Greiðsla fyrir faglega heimahlynningu*
	1	Já
	2	Nei
HC220_F	1	Fyllt út
	– 1	Vantar
	– 2	Á ekki við (HC200 = 2)
HC230		*Viðráðanlegt verð á faglegri heimahlynningarþjónustu*
	1	Mjög erfitt
	2	Erfitt
	3	Nokkuð erfitt
	4	Nokkuð auðvelt
	5	Auðvelt
	6	Mjög auðvelt

Kennimerki breytu	Gildi	Markbreyta
HC230_F	1	Fyllt út
	– 1	Vantar
	– 2	Á ekki við (HC220 = 2)
HC240		Óuppfylltar þarfir vegna greiðslna fyrir faglega heimahlynningu
	1	Já
	2	Nei
HC240_F	1	Fyllt út
	– 1	Vantar
	– 2	Á ekki við (HC190 = 2)
HC250		*Meginástæða þess að fagleg heimahlynningarþjónusta er ekki (betur) nýtt*
	1	Hef ekki efni á henni
	2	Einstaklingur sem þarf slíka þjónustu hafnaði henni
	3	Engin slík umönnunarþjónusta er tiltæk
	4	Gæði þjónustunnar eru ófullnægjandi
	5	Aðrar ástæður
HC250_F	1	Fyllt út
	– 1	Vantar
	– 2	Á ekki við (HC240 = 2)
PC260		*Umönnun eða aðstoð í boði*
	1	Já — aðeins til heimilismanna
	2	Nei — aðeins til einstaklinga sem eru ekki heimilismenn
	3	Já — til heimilismanna og einstaklinga sem eru ekki heimilismenn
	4	Nei
PC260_F	1	Fyllt út
	– 1	Vantar
	– 3	Svarandi var ekki valinn
PC270		*Fjöldi klukkustunda sem umönnun eða aðstoð er nýtt á viku*
	1	Færri en 10 klst. á viku
	2	Að minnsta kosti 10 klst. en færri en 20 klst. á viku
	3	20 klst. á viku eða meira

Kennimerki breytu	Gildi	Markbreyta
PC270_F	1	Fyllt út
	– 1	Vantar
	– 2	Á ekki við (PC260 = 4)
	– 3	Svarandi var ekki valinn

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1722/2005 2015/EES/63/78

frá 20. október 2005

um meginreglur um mat á húsnæðisþjónustu að því er varðar reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 1287/2003 um samræmingu vergra þjóðartekna á markaðsvirði (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af stofnsáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 1287/2003 frá 15. júlí 2003 um samræmingu vergra þjóðartekna á markaðsvirði (reglugerð um vergar þjóðartekjur)([1]), einkum 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 7. mgr. 2. gr. ákvörðunar ráðsins 2000/597/EB, KBE frá 29. september 2000 um skipulag á eigin tekjum Evrópubandalaganna ([2]) er mælt fyrir um að verg þjóðarframleiðsla á markaðsverði skuli teljast jöfn vergum þjóðartekjum á markaðsverði eins og framkvæmdastjórnin mælir fyrir um í samræmi við evrópska þjóðhagsreikningakerfið (ESA). Evrópska þjóðhagsreikningakerfinu frá 1995 (ESA95), sem kemur í stað tveggja eldri kerfa frá 1970 og 1979, var komið á fót með reglugerð ráðsins (EB) nr. 2223/96 frá 25. júní 1996 um evrópskt þjóðhags- og svæðisreikningakerfi í Bandalaginu ([3]), og sett fram í viðaukanum við hana. Vergar þjóðartekjur, eins og þær eru notaðar í ESA95, komu í stað vergrar þjóðarframleiðslu sem viðmiðun fyrir eigin tekjur frá og með fjárhagsárinu 2002.

2) Um framkvæmd 1. gr. tilskipunar ráðsins 89/130/EBE, KBE um samræmingu skýrslugerðar um verga þjóðarframleiðslu á markaðsverði ([4]), hafa meginreglurnar um mat á húsnæðisþjónustu verið settar fram í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/309/EBE, KBE ([5]). Nú ætti að setja fram sams konar meginreglur að því er varðar vergar þjóðartekjur að því er varðar 1. gr. reglugerðar (EB, KBE), nr. 1287/2003.

3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um vergar þjóðartekjur sem sett var á fót með reglugerð (EB, KBE) nr. 1287/2003,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í reglugerð (EB, KBE) nr. 1287/2003 gilda eftirfarandi meginreglur um mat á húsnæðisþjónustu, eins og þær eru settar fram í þessari reglugerð.

2. gr.

1. Aðildarríki skulu beita lagskiptingaraðferðinni sem byggir á raunhúsaleigu til að taka saman framleiðslu á húsnæðisþjónustu.

Aðildarríki skulu nota töflugreiningar eða tölfræðilegar aðferðir til að finna marktækt viðmið lagskiptingar.

2. Aðildarríki skulu notast við raunhúsaleigu sem greidd er fyrir rétt til afnota af húsnæði án húsgagna samkvæmt öllum samningum sem varða íbúðir í einkaeigu til að taka saman húsaleiguígildi.

Einnig má nota leigu fyrir íbúðir með húsgögnum ef hún er kvörðuð niður til að undanskilja greiðslu fyrir notkun húsgagna.

Í sérstökum undantekningartilvikum er heimilt að nota húsaleigu í opinbera geiranum til að víkka grunn húsaleiguígildis í löndum þar sem hlutfall einkaleigu er lágt.

3. gr.

1. Aðildarríkjum er heimilt að beita öðrum hlutlægum aðferðum eins og kostnaðarverðsaðferðinni, í sérstökum undantekningartilvikum og í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum.

Engrar réttlætingar er þörf við að beita kostnaðarverðsaðferðinni við samantekt á framleiðslu íbúða þar sem íbúi býr í eigin húsnæði, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) leigðar íbúðir í einkaeigu verða að vera undir 10% af íbúðastofninum og

b) munurinn á leigðum íbúðum í einkaeigu og öðrum verður að vera hærri en stuðullinn þrír.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 276, 21.10.2005, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/2006 frá 2. júní 2006 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 7.9.2006, s. 33.

([1]) Stjtíð. ESB L 181, 19.7.2003, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 253, 7.10.2000, bls. 42.

([3]) Stjtíð. EB L 310, 30.11.1996, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1267/2003 (Stjtíð. ESB L 180, 18.7.2003, bls. 1).

([4]) Stjtíð. EB L 49, 21.2.1989, bls. 26. Tilskipuninni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

([5]) Stjtíð. EB L 186, 5.8.1995, bls. 59.

2. Nefndin um vergar þjóðartekjur skal endurskoða virkni kostnaðarverðsaðferðarinnar innan þriggja ára frá þeim degi þegar reglugerð þessi var samþykkt.

4. gr.

Aðildarríki sem nota viðmiðunarársnálgunina skulu framreikna tölur frá uppgefnu grunnári með því að nota viðeigandi magn-, verð- og gæðavísa.

5. gr.

Frekari og ítarlegri meginreglur um áætlun á framleiðslu, aðfanganotkun og viðskiptum við þriðju aðila, með tilliti til húsnæðisþjónustu, skulu geymdar í viðaukanum.

6. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. október 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Joaquín ALMUNIA

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Í reglugerð (EB; KBE) nr. 1287/2003 miða eftirfarandi liðir að því að skýra meginreglur vegna mats á framleiðslu, aðfanganotkun og viðskiptum við önnur lönd, varðandi húsnæðisþjónustu.

1. FRAMBOÐ Á HÚSNÆÐISÞJÓNUSTU

1.1. **Grunnaðferðir**

Í þjóðhagsreikningum er venjan að framleiðsla á húsnæðisþjónustu samanstandi ekki einungis af leigðum íbúðum heldur einnig af íbúðum sem eigandi nýtir. Varðandi mat á framleiðslu á húsnæðisþjónustu mælir evrópska þjóðhags- og svæðisreikningakerfið (ESA95) fyrir um, í málsgrein 3.64, að meta skuli framleiðslu á þjónustu við íbúa í eigin húsnæði á áætluðu leiguverði ([6]) sem leigjandi myndi greiða fyrir sömu vistarverur með tilliti til þátta eins og staðsetningar, þæginda í nágrenninu o.s.frv., einnig stærðar og gæða húsnæðisins sjálfs. Að jafnaði eru nokkrar aðferðir tiltækar til að meta verðgildi þjónustu af íbúðum sem eigandi nýtir:

– lagskiptingaraðferðin er byggð á raunhúsaleigu sem nær yfir heildarupplýsingar húsnæðis, sundurliðuð í mismunandi lög með upplýsingum um raunverulega greidda leigu í hverju lagi,

– kostnaðarverðsaðferðin, þegar aðgreindar áætlanir eru gerðar á aðfanganotkun, fjármunanotkun og öðrum sköttum að frádrengnum styrkjum á framleiðslu og hreinum rekstrarafgangi. Framleiðsla á húsnæðisþjónustu er summa þessara þátta,

– sjálfsmatsaðferðin, þegar íbúar í eigin húsnæði eru beðnir um að meta hugsanlega leigu á eign þeirra,

– stjórnsýslumatsaðferðir, þegar þriðji aðili ákvarðar húsaleigu, t.d. hið opinbera í skattalegum tilgangi.

Lagskiptingaraðferðin, sem byggð er á raunhúsaleigu, er ákjósanlegasta aðferðin. Einnig er hægt að nota þessa aðgerð til að meta verðgildi allrar raunhúsaleigu frá dæmum um raunhúsaleigu og til að meta verðgildi húsnæðisþjónustu íbúða þar sem engin eða lág leiga er greidd (sjá lið 1.4.1 fyrir upplýsingar).

Einungis skal beita kostnaðarverðsaðferðinni við sérstök skilyrði og aðeins fyrir þau lög húsnæðis þar sem raunhúsaleiga liggur ekki fyrir eða er tölfræðilega ótraust.

Sjálfsmatsaðferðina ætti ekki að nota vegna mikilla huglægra áhrifa á matið sem leiðir til talsverðrar óvissu í niðurstöðunum.

Stjórnsýslumatsaðferðir, einkum þegar þær snúa að skattlagningu, geta leitt af sér bjagaðar niðurstöður. Stundum geta þó niðurstöður frá hlutlægum stjórnsýslumatsaðferðum verið tiltækar fyrir sum lög. Ásættanlegt er að nota niðurstöðurnar þegar hægt er að sýna fram á hlutlægni aðferðarinnar og sambærileika niðurstaðnanna.

Með lagskiptingaraðferðinni er notast við upplýsingar um raunhúsaleigu leigðra íbúða til að komast að áætluðu leiguvirði íbúða. Þetta er hægt að túlka sem hækkunaraðferð er byggist á aðferðinni verð sinnum magnupplýsingar. Lagskiptingar alls húsnæðis er krafist til að mat verði áreiðanlegt og til að hlutfallslegur verðmunur sé meðtalinn á tilhlýðilegan hátt. Í kjölfarið er meðaltali raunhúsaleigu á hvert lag beitt á allar íbúðir í því ákveðna lagi. Séu fyrirliggjandi upplýsingar leiddar af úrtakskönnunum tengist þessi hækkunaraðferð bæði hluta þess leigða og öllu húsnæði sem eigandi nýtir. Nákvæm aðferð til að ákvarða leigu hvers lags er yfirleitt framkvæmd fyrir viðmiðunarár og er síðan framreiknuð á komandi ár.

Leigan er gilda mun um íbúðir sem eigandi nýtir í lagskiptingaraðferðinni er skilgreind sem leiga á einkamarkaði vegna réttarins til að nota íbúð sem ekki er búin húsgögnum. Nota skal leigu fyrir íbúðir án húsgagna frá öllum samningum á einkamarkaði til að ákvarða húsaleiguígildi. Leiga á einkamarkaði, sem er lág vegna opinberra afskipta, ætti einnig að teljast með.

([6]) Hugtakið „leiga“ er notað í öllum textanum til samræmis við ESA95.

Nauðsynlegt getur verið, ef upplýsingarnar koma frá leigjanda, að leiðrétta sannreynda húsaleigu með því að bæta sérstakri leigugreiðslu við, sem af stjórnsýslulegum ástæðum er greidd beint til leigusalans. Einnig má nota sannreynda húsaleigu á íbúðum með húsgögnum vegna tilreiknings ef úrtaksstærð fyrir sannreynda húsaleigu, eins og hún er skilgreind hér að ofan, er ekki nógu stór, að því tilskildu að hún sé aðlöguð húsgagnaþættinum. Í undantekningartilvikum er heimilt að hækka leigu á íbúðum í eigu hins opinbera. Ekki ætti að nota lága húsaleigu íbúða sem leigðar eru skyldmennum eða starfsmönnum (sjá þætti 1.2.3 og 1.4.1 fyrir nánari upplýsingar).

Einnig er heimilt að nota lagskiptingaraðferðina fyrir hækkunaraðferð á öllum leigðum íbúðum. Meðalleiga fyrir tilreikning, eins og lýst er hér að ofan, er e.t.v. ekki nothæf fyrir suma hluta leigumarkaðarins. Til dæmis getur lækkun á leigu fyrir íbúðir með húsgögnum eða hækkun húsaleigu í opinbera geiranum verið óviðeigandi fyrir viðkomandi íbúðir sem eru raunverulega í leigu. Aðskilin lög fyrir raunverulega leigðar íbúðir með húsgögnum eða félagslegar íbúðir tengdar viðeigandi meðaltalsleigu geta unnið á þessum vanda.

Leigan ætti, að meginreglu til, að undanskilja gjöld vegna hitunar, vatns, rafmagns o.s.frv. Þar sem gagnagjafinn heimilar þetta ekki verður að tryggja samfellu milli leigu og aðfanganotkunar (sjá þátt 2 fyrir frekari upplýsingar).

Í flestum tilvikum væri hægt að komast hjá vandamálum við þessa aðferð, þar sem raunverulega leigu fyrir tiltekin lög húsnæðis sem eigandi nýtir vantar, með því að beita framreikningi eða aðhvarfsgreiningu.

Notkun á ánægjuaðferð við aðhvarfsgreiningu er annar kostur við stöðluðu lagskiptingaraðferðina sem byggist á að framreikna meðaltalsleigu á hvert lag. Í stuttu máli eru úrtaksgögn um leigðar íbúðir notuð með slíkum aðferðum til að ákvarða verð á einkennum hverrar íbúðar (stærð, staðsetning, hvort svalir fylgi, o.s.frv.). Framleiðsla er fengin með því að margfalda hvert einkenni (dæmigert úrtak af) íbúastofninum með ánægjuverði þessa einkennis. Aðhvarfsaðferðir heimila að tekið sé tillit til aukins fjölda breytna og geta þær verið sérlega skilvirkar þegar sum lög sannreyndrar leigu vantar.

Vitanlega leysir þetta ekki vandamálið séu allar íbúðir nýttar af eiganda eða þegar þróaður leigumarkaður er ekki fyrir hendi. Beita ætti kostnaðarverðsaðferð sem hlutlægu mati í slíkum tilvikum. Aðeins ætti að beita kostnaðarverðsaðferðinni við íbúðir sem eigandi nýtir.

Upplýsingar um kostnaðarverðsaðferðina

Aðeins ætti að beita kostnaðarverðsaðferðinni þegar ekki er hægt að nota lagskiptingaraðferðina, sem byggð er á raunhúsaleigu, vegna þess að leigumarkaðurinn er ekki dæmigerður.

Þetta telst jafnan vera málið þegar tvö af eftirfarandi skilyrðum eru uppfyllt samtímis: 1) fjöldi leigðra íbúða í einkaeigu er undir 10% heildarfjölda íbúða og 2) munurinn á leigðum íbúðum í einkaeigu og öðrum er hærri en stuðullinn þrír. Jafnvel þegar bæði skilyrðin eiga við getur tiltekið land samt ákveðið að nota lagskiptingaraðferðina að því tilskildu að niðurstöðurnar séu af nægjanlegum gæðum. Nota ætti lagskiptingaraðferðina þegar annað eða bæði skilyrðin eru ekki uppfyllt nema hægt sé að sýna fram á að kostnaðarverðsaðferðin leiði til samanburðarhæfari niðurstaðna.

Með kostnaðarverðsaðferðinni eru aðföng húsnæðisþjónustu summa aðfanganotkunar, fjármunanotkunar (CFC) og annarra skatta að frádregnum styrkjum á framleiðslu og hreinum rekstrarafgangi (NOS). Engin vinnuaflsnotkun er skráð hjá íbúðum íbúa í eigin húsnæði fyrir vinnu sem eigendurnir inna sjálfir af hendi ([7]). Reynslan sýnir að fjármunanotkun og hreinn rekstrarafgangur eru tveir stærstu liðirnir, þar sem hvor um sig nemur 30-40% framleiðslu.

Fjármunanotkun ætti að vera reiknuð út með PIM-aðferðinni eða öðrum viðurkenndum aðferðum. Aðgreind áætlun fyrir íbúðarhúsnæði íbúa í eigin húsnæði ætti að vera tiltæk.

Mæla ætti hreinan rekstrarafgang með því að beita föstu árlegu 2,5% arðsemihlutfalli á hreint stofnverðgildi íbúða sem eigandi nýtir á gangverði (endurstofnverð). 2,5% raunarðsemi er beitt á stofnverðgildi á gangverði þar sem aukið gangverð íbúða hefur þegar verið haft til hliðsjónar í PIM-aðferðinni. Sama arðsemi ætti að gilda um verðgildi lands á gangverði þar sem íbúð íbúa í eigin húsnæði er staðsett.

Erfitt getur reynst að fylgjast með árlegu verðgildi lands á gangvirði. Finna má út hlutföll lóðaverðs og verðs bygginga í mismunandi lögum frá greiningu samsetningar kostnaðar nýrra húsa og tilheyrandi lóða.

([7]) Hægt er að hugsa sér að íbúar í eigin húsnæði, einir eða með öðrum, ráði húsverði án þess að blanda í málið öðrum hagskýrslueiningum eins og húsfélögum eða rekstrar- og þjónustufyrirtækjum. Þegar slíkar aðstæður koma upp ætti framleiðsla samkvæmt kostnaðarverðsaðferðinni að fela í sér niðurfærslu fyrir laun og launatengd gjöld.

Nefndin um vergar þjóðartekjur ætti að endurskoða ofangreindar upplýsingar með kostnaðarverðsaðferðinni á grundvelli reynslunnar í aðildarríkjum innan þriggja ára frá þeim degi þegar þessi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar var samþykkt.

1. meginregla:

Til að taka saman framleiðslu á húsnæðisþjónustu skulu aðildarríki beita lagskiptingaraðferðinni sem byggir á raunhúsaleigu, annaðhvort með beinum framreikningi eða með hagrænni aðhvarfsgreiningu. Að því er íbúðir varðar sem eigandi nýtir felur þetta í sér að nota þarf raunhúsaleigu fyrir sambærilegar leigðar íbúðir. Í vel rökstuddum undantekningartilvikum, þar sem raunhúsaleigu vantar eða tölfræði er óáreiðanleg, er hægt að nota aðrar hlutlægar aðferðir, s.s. kostnaðarverðsaðferðina. Frekari réttlætingar er ekki þörf við að taka saman framleiðslu á íbúðum þar sem íbúi býr í eigin húsnæði með kostnaðarverðsaðferðinni að því tilskildu að skilyrðunum tveimur sé fullnægt samtímis: leigðar íbúðir í einkaeigu eru undir 10% heildarfjölda íbúða og munurinn á leigðum íbúðum í einkaeigu og öðrum verður að vera hærri en stuðullinn þrír.

1.2. **Lagskipting alls húsnæðis**

1.2.1. *Þættir sem hafa áhrif á leigustig*

Fyrsta mengi breyta sem ákvarða stig húsaleigu varðar einkenni íbúðarinnar og byggingarinnar. Hið fyrsta er að stærð íbúðar er mikilvæg, bæði hvað svæðið og fjölda herbergja varðar. Því stærri sem íbúðin er því hærri verður húsaleigan. Á sama tíma hefur leigan á hvern fermetra tilhneigingu til að lækka eftir því sem íbúð verður stærri. Fyrir suma íbúðaflokka (t.d. blokkaríbúðir í höfuðborgum) er þó heimilt að hafa U-laga kúrfu milli fermetraverðs og stærðar íbúðarinnar. Annar þýðingarmikill þáttur varðar þægindi íbúðar. Þau geta náð yfir breytur líkt og hvort baðherbergi er fyrir hendi, svalir/verönd, sérstök gólfefni eða veggklæðningar, opið eldstæði, miðstöðvarhitun, loftjöfnun, sérstök gler eða önnur hávaða- eða varmaeinangrun, skipulag íbúðarinnar skiptir líka máli. Að því er bygginguna varðar getur tiltekin aðstaða haft áhrif, s.s. bílskúr, lyfta, sundlaug, (þak)garður eða staðsetning íbúðar innan byggingarinnar. Tegund byggingarinnar (einbýlishús, sambyggð hús, íbúð), byggingarlistin, aldurinn eða fjöldi íbúða í byggingu getur einnig haft áhrif á leiguna.

Annar hópur breytna tengist eiginleikum með tilliti til umhverfisverndar. Þekktur þáttur er leigumismunurinn á milli sambærilegrar íbúðar í borg og fjarlægari staðar. Fjarlægð til efnahagslegrar þungamiðju eða landslag (flatneskja, fjalllendi) þurfa ekki að vera óverulegir þættir. Til viðbótar geta þættir á borð við útsýni, nærliggjandi græn svæði, flutningsaðstöðu og -aðgang, verslanir og skóla eða orðspor og öryggi hverfis haft áhrif á raunhúsaleiguna.

Annað mengi breytna er hægt að taka saman sem félagslega og hagræna þætti. Til dæmis hafa reglugerðir opinberra yfirvalda, á borð við leigutakmarkanir eða niðurgreiðslur, í flestum löndum áhrif á leigu. Enn fremur getur lengd leigusamnings, samningstegund (tímabundinn, varanlegur), fjöldi íbúa í hverri íbúð (samleiga), eigendafyrirkomulag (opinber aðili, húsnæðisfélag, einkaaðili, vinnuveitandi) eða leigustefna leigusala einnig haft áhrif á leigu.

Vitanlega geta ýmsar aðrar breytur haft áhrif á leigu. Sé öllum framangreindum þáttum safnað saman gæti það leitt til of flókinna spurningalista. Því er hægt að íhuga notkun fjármagnsvirðis vegna lagskiptingar. Grunnforsenda notkunar fjármagnsvirðis íbúðar er að það endurspegli alla mikilvæga eiginleika hennar. Því má líta á fjármagnsvirðið sem óbeinan lagskiptingarþátt. Líta má á notkun hlutfalls fjármagnsvirðis og raunhúsaleigu sem mögulega aðferð, sérstaklega í þeim löndum þar sem leigðar íbúðir standa fyrir minnihluta alls húsnæðis. Að því gefnu að hlutfallið sé stöðugt gerði slík aðferð kleift að ákvarða leiguvirðið fyrir þær íbúðir sem eru í húsnæði sem eigandi nýtir. Til viðbótar útilokar fjármagnsvirði ekki notkun „efnislegs“ lagskiptingarviðmiðs heldur er hægt að sameina aðferðirnar. Við þessar aðstæður er talið að fjármagnsvirði endurspegli „efnislega“ lagskiptingarviðmiðið sem vantaði. Hvað sem öðru líður þarf að byggja fjármagnsvirði sem á að nota við leiguútreikning á hlutlægu mati sem er komið á fyrir uppfært viðmiðunarár.

Í raun er lagskiptingin frábrugðin frá einu aðildarríki til annars, bæði að því er fjölda laga og nákvæmt viðmið varðar sem var notað til að skilgreina þau. Þótt við fyrstu sýn geti þetta valdið áhyggjum þarf að leggja áherslu á að tiltekin grunnviðmið, s.s. stærð og landfræðileg staðsetning íbúðar, séu nánast allsstaðar notuð. Auk þess getur merking annarra eiginleika verið breytileg milli landa og að aðildarríkin sjálf séu í bestri aðstöðu til að ákvarða marktæk viðmið.

2. meginregla:

Með hliðsjón af lagskiptingunni skulu aðildarríkin nota mikilvæg atriði íbúðanna. Þau geta tengst einkennum íbúðarinnar og byggingarinnar, umhverfiseinkennum íbúðarinnar eða félagslegum og hagrænum þáttum. Þar að auki er notkun uppfærðs fjármagnsvirðis ásættanleg með hliðsjón af lagskiptingunni, byggi hún á hlutlægu mati.

1.2.2. *Val lagskiptingarviðmiða*

Vegna ýmissa eiginleika sem hafa áhrif á leigu íbúða er fyrsta verkefnið að rannsaka þær breytur sem hafa marktæk áhrif. Ein leið til að finna mikilvægar breytur er að setja upp töflugreiningu tiltækra tölfræðilegra upplýsinga. Til að ná hlutlægri mælingu mats virðist gagnlegt að dreifni raunhúsaleigu sé innan lags. Þetta gæti leitt til hvata hugsanlegra endurbóta á lagskiptingunni með því að velja lag til að lágmarka dreifni innan lags. Því er mælt með að dreifni hvers lags sé reiknað út hið minnsta í þeim tilvikum þar sem lagið hefur bæði áhrif á raunhúsaleigu og húsaleiguígildi.

Þróaðri nálgun fæst með því að nota þróaðar, tölfræðilegar aðferðir, s.s. (margþátta) aðhvarfsgreiningu. Slík aðferð gerir kleift að meta áhrif einstakra breyta, til að hægt sé að heimfæra breytileika í leigu undir tiltekna eiginleika. Í stuttu máli er hægt að mæla skýringar breytu með fylgnistuðlinum. Þar að auki gerir það kleift að raða eiginleikunum samkvæmt mikilvægi þeirra. Þetta hjálpar til við að ákvarða hvar þarf að sundurliða lögin frekar. Við sameiningu mikilvægustu breytna með margþættri aðhvarfsgreiningu er mögulegt að ákvarða almennar skýringar þeirra. Notkun þróaðra tölfræðilegra aðferða til að velja mikilvægar breytur er talin vera skilvirk leið til að lagskipta öllu húsnæði. Til viðbótar er heimilt að nota aðhvarfsgreiningu á beinan hátt til að meta leigu, t.d. í formi ánægjuverðslíkana. Aðferðin er einnig gagnlegt verkfæri til að áætla meðalleigu í lögum þar sem engar samsvarandi athuganir hafa farið fram á leigu (auð lög).

Frekari kostur þess að velja lagskiptingarviðmið á grunni þróaðrar tölfræðilegrar aðferðar er að þá þarf ekki að mæla fyrir um samræmd viðmið fyrir öll lönd. Til að fá megi fram samanburðarhæfar niðurstöður er fullnægjandi að koma á röðun mikilvægustu viðmiða í hverju landi og kveða á um nauðsynleg heildarstig vegna skýringa. Slík aðhvarfsgreining styðst augljóslega að mestu leyti við tiltækar tölfræðilegar upplýsingar. Samt sem áður, jafnvel ef um er að ræða takmarkaðar tölfræðilegar upplýsingar, gæti þetta verið hvatning til endurbóta í framtíðinni.

Þar sem upplýsingar um mismunandi breytur sem hafa áhrif á leigu styðjast aðallega við þróun grunnhagtalna, er hægt að takmarka möguleikann á notkun þróaðra, tölfræðilegra aðferða við núverandi aðferðir. Því er mælt með staðalaðferð, þ.e. að aðildarríkin skulu beita öllum marktækum viðmiðum sem eru fengin úr töflugreiningum. Að minnsta kosti þarf að nota stærð, staðsetningu og að lágmarki einn annan mikilvægan eiginleika íbúðar við lagskiptingu alls húsnæðis, þessi lagskipting á að lágmarki að leiða af sér 30 hólf. Sundurliðun alls húsnæðis þarf að vera markviss og lýsandi fyrir allar íbúðir. Mögulegt er að nota þróaða tölfræðilega aðferð til að ákvarða mikilvæga(r) skýringarbreytu(r) við val á lögum.

Í raun getur aðildarríki hins vegar valið að nota færri breytur eða aðrar breytur en þær sem staðalaðferðin gerir kröfu um. Þetta er ásættanlegt meðan ein eða fleiri aðhvarfsgreining staðfestir viðunandi stig skýringa. Mælt er með fylgnistuðli að lágmarki 70% sem viðmiðunarmörkum til að ábyrgjast samanburðarhæfar niðurstöður. Þetta viðmiðunargildi væri ásættanlegt fyrir stórt úrtak, þar sem búið væri að fjarlægja núllgildi og lága leigu, sem og frávik.

3. meginregla:

Aðildarríki skulu nota töflugreiningar eða tölfræðilegar aðferðir til að finna marktækt viðmið lagskiptingar. Að lágmarki þarf að nota stærð, staðsetningu og a.m.k. eitt mikilvægt atriði til viðbótar um íbúð. Að lágmarki þarf að aðgreina 30 hólf, þrjá stærðarflokka og tvenns konar staðsetningu. Notkun færri eða annarra breytna er ásættanleg hafi áður sannast að (margfeldis)fylgnistuðullinn nái 70%.

1.2.3. *Raunveruleg húsaleiga og húsaleiguígildi*

Húsaleiguígildi er byggt á sannreyndri raunhúsaleigu. Vegna tilreiknings er leiga skilgreind sem verðið sem reiknast vegna notkunar íbúðar án húsgagna. Þurft gæti að leiðrétta sannreynda leigu til að uppfylla þessa skilgreiningu.

Gjöld vegna hitunar, vatns, rafmagns o.s.frv. ættu að falla utan leigu, þó að stundum geti verið erfitt að aðskilja þau í raun. Reikningur fyrir húsnæðisþjónustu ætti að vera á grunnverði, í samræmi við matsreglur evrópska þjóðhagsreikningakerfisins.

Tiltekinn opinber stuðningur er líklega mikilvægur að því er sannreynda húsaleigu varðar. Til dæmis á sérstakt heimili sem neytandi rétt á greiðslu opinberra yfirvalda (t.d. húsnæðisbótum) en af stjórnsýslulegum ástæðum eru þær greiddar beint til leigusala. Með hliðsjón af uppruna upplýsinganna getur sannreynda húsaleigan verið önnur. Nauðsynlegt getur verið, ef upplýsingarnar koma frá leigjanda, að leiðrétta sannreynda húsaleigu með því að bæta sérstakri leigugreiðslu við.

Til viðbótar krefst notkun raunhúsaleigu vegna tilreiknings nánari útlistunar nokkurra grundvallarspurninga sem hafa áhrif á samhæfingu gagna. Fyrsti liðurinn tengist spurningunni hvort nota eigi alla raunhúsaleigu eða einungis leigu nýrra samninga vegna tilreiknings. Með hliðsjón af markmiðinu er hægt að yfirfæra önnur fræðileg rök með greiddri raunhúsaleigu samkvæmt nýjum samningum, undirrituðum samningum á byggingarári eða „meðaltals“samningum. Með beitingu almennu reglunnar, þ.e. að nota leigu sambærilegra íbúða, virðist ekki viðunandi að takmarka tilreikningsgrunn við leigu úr nýjum samningum. Þar sem „meðal“leiga er notuð fyrir leigumarkaðinn á það sama að gilda fyrir íbúðir sem eigandi nýtir. Hér við bætist að önnur lausn gæti líklega valdið miklum erfiðleikum í mörgum löndum við beitingu lagskiptingaraðferðarinnar. Í stuttu máli er niðurstaðan sú að nota eigi meðaltal raunhúsaleigu allra samninga til að reikna út húsaleiguígildi. Af þessum sökum ætti leiga á einkamarkaði, sem er lág vegna opinberra afskipta, einnig að teljast með þegar meðaltalsleigan er reiknuð út.

Önnur spurningin snýst um hvort hægt sé að nota leigu íbúða í eigu hins opinbera vegna tilreikninga. Samkvæmt meginreglu skal einungis nota raunhúsaleigu einkageira vegna tilreikninga, að því gefnu að íbúðir, sem eigandi nýtir, séu að mestu í einkaeign. Samt sem áður má í undantekningartilvikum styðjast við leigu íbúða í eigu hins opinbera, að því tilskildu að hún hafi hækkað það mikið að hún geti verið notuð í stað húsaleigu á einkamarkaði, ef ekki eru nægjanlegar athuganir á raunhúsaleigu íbúða í einkaeigu fyrir hendi til að stofna fullnægjandi tilreikningsgrunn út frá.

Frekari spurning tengist notkun leiguíbúða með húsgögnum til að stækka grunn húsaleiguígildis. Að meginreglu til er tilreikningur á leigu íbúða án húsganga grunnur útreiknings á leiguvirði íbúða sem eigandi nýtir. Því er ekki hægt að nota leigðar íbúðir með húsgögnum beint. Til að tryggja tilreikning á réttu stigi leigu skal hún færð niður sem svarar til greiðslu vegna notkunar húsgagna.

4. meginregla:

Vegna tilreiknings skal skilja leiguna sem reiknað verð vegna notkunar á íbúð án húsgagna. Nauðsynlegt getur verið, ef upplýsingarnar koma frá leigjanda, að leiðrétta sannreynda húsaleigu með því að bæta sérstakri leigugreiðslu við, sem af stjórnsýslulegum ástæðum er greidd beint til leigusalans. Til að taka saman leigu skal, við húsaleiguígildi, nota raunverulegar leigugreiðslur úr öllum samningum að því er varðar íbúðir í einkaeign án húsgagna. Nota má leigu á íbúðum í eigu hins opinbera, í undantekningartilvikum og ef nauðsynlegt er af hagtölulegum ástæðum, að því tilskildu að hún hafi hækkað það mikið að hægt sé að nota hana í stað húsaleigu á einkamarkaði. Á sama hátt er hægt að innifela leigu íbúða með húsgögnum í tilreikningsgrunn eftir frádrátt leigumismunar á milli íbúða með húsgögnum og án húsgagna.

1.3. **Heimildir mats grunnárs og aðferðir framreiknings**

1.3.1. *Allt húsnæði*

Grundvallaratriði útreiknings samkvæmt lagskiptingaraðferðinni eru upplýsingar um allar íbúðir. Þessar upplýsingar eru heimild fyrir framreikningstilhögun. Allt húsnæði samanstendur almennt af öllum byggingum eða hlutum þeirra sem eru notaðir sem íbúðir. Nánari upplýsingar eru veittar í hlutanum um sérstök vandamál. Mest notuðu heimildirnar vegna alls húsnæðis eru húsnæðistöl, stjórnsýslulegar byggingaskrár eða manntöl. Tölur grunnársins eru síðan uppfærðar til að fá fram áætlun yfirstandandi árs.

Að því er varðar allt húsnæði grunnárs virðast húsnæðistöl vera vandræðaminnst og heildstæðust, sérstaklega þegar þau hefur verið gerð samhliða manntali. Stjórnsýslulegar byggingaskrár styðjast að mestu leyti við lagareglur sem geta valdið óvissu, t.d. hvort viðbyggingar, endurbætur, breytingar og niðurrif íbúða sé skráð á tilhlýðilegan hátt. Notkun veittra upplýsinga heimila, sem grunnur alls húsnæðis í manntali, getur valdið vandamálum þar sem niðurstöðurnar vantelja gjarnan önnur heimili sem er ekki búið á við gerð talsins.

5. meginregla:

Vegna samantektar alls húsnæðis grunnárs skulu aðildarríki annaðhvort nota húsnæðistal eða manntal eða stjórnsýslulega byggingaskrá sem útgangspunkt. Þar sem húsnæðistal veitir venjulega heildstæðasta mynd útheimtir notkun stjórnsýslulegra byggingaskráa og manntala rækilegra og ítarlegra athugana til að verða tæmandi.

1.3.2. *Raunhúsaleiga*

Annar lykilþáttur vegna útreiknings framleiðslu húsnæðisþjónustu samkvæmt lagskiptingaraðferðinni varðar greidda raunhúsaleigu á leigumarkaði. Upplýsingar um raunhúsaleigu á grunnári kunna annaðhvort að vera fengnar úr heildarkönnun (t.d. manntali) eða úr úrtakskönnun, s.s. könnun á tekjum og útgjöldum heimila eða sértækri könnun á húsaleigu. Fyrst er líklegt að niðurstöðutala nái yfir raunhúsaleigu og að útreikningarnir hafi einungis áhrif á umfang húsaleiguígildis. Sé um úrtakskönnun að ræða hafa útreikningarnir bæði áhrif á umfang raunverulegrar leigu og húsaleiguígildis. Vitaskuld veitir heildarkönnun breiðan grunn fyrir áreiðanlegar upplýsingar. Kannanir á tekjum og útgjöldum heimila eru venjulega einnig taldar fremur áreiðanlegar, sérstaklega að því er nauðsynjar varðar. Samt sem áður er ýmiss konar brottfall þekkt sem almennt vandamál hvað varðar þessa tegund könnunar. Sé litið á húsnæðið sem munað fremur en nauðsynjar mundi þetta vandamál hafa óæskileg áhrif á niðurstöður útreikningsins og ætti að jafna það. Annað vandamál við könnun á tekjum og útgjöldum heimila, a.m.k. í sumum löndum, varðar smæð úrtaks þeirra sem getur takmarkað möguleikann á lagskiptingu leigunnar. Í öllum tilvikum skulu aðrar tiltækar heimildir notaðar, eftir því sem unnt er. Þetta getur t.d. átt við í löndum þar sem hátt hlutfall húsnæðis lýtur opinberum yfirráðum og þar sem húsnæðismiðlarar verða að setja fram reikninga. Enn fremur skal sífellt rannsaka aðrar heimildir, s.s. sérstakar leigukannanir, til að bæta niðurstöðurnar.

6. meginregla:

Aðildarríki skulu nota yfirgripsmestu og áreiðanlegustu heimildir til að komast að upplýsingum um raunverulega leigu í hverju lagi, t.d. manntal eða könnun um heimili. Meta ætti aðrar heimildir til að bæta áreiðanleika og nákvæmni, og sérstaklega til að bæta lagskiptinguna.

1.3.3. *Framreikningur niðurstaðna grunnárs*

Einungis fá aðildarríki búa yfir nauðsynlegum árlegum upplýsingum til að framkvæma fullan endurútreikning á framleiðslu íbúða sem eigandi nýtir á hverju ári. Í flestum löndum er litið á niðurstöður tiltekins árs sem viðmiðun og því næst eru þær uppfærðar til að áætla tölur yfirstandandi árs með hjálp vísa. Uppfærsluna má gera með því að beita samsettum vísi á (heildar)framleiðslu grunnárs eða framreikna aðskilið allt húsnæði og leigu hvers lags. Þó almennt megi vænta líkra niðurstaðna geta breytingar í uppbyggingu, t.d. á tengslum leigðra íbúða og íbúða sem eigandi nýtir, valdið mismuni. Til viðbótar myndi aðskilinn útreikningur gera sennileikaathuganir mögulegar.

Að því er notaða vísa varðar er magnvísitalan að mestu leidd af framleiðslu byggingariðnaðarins. Hins vegar er verðvísirinn oft byggður á verðvísitölu greiddrar leigu úr neysluverðsvísitölunni. Þetta getur valdið röskunum í þeim tilvikum þar sem sú forsenda, að húsaleiguígildi sé ekki í tengslum við hreyfingu samtölunnar, er ekki réttmæt, t.d. vegna opinbers leigueftirlits. Vegna framreiknings húsaleiguígildis virðist því ákjósanlegt, eins og fyrir grunnárið, að nota verðvísitölu sem endurspeglar hreyfingar á leigðum íbúðum í einkaeigu. Enn fremur þarf að veita þeirri staðreynd athygli að verðvísitölur undanskilja venjulega verðhækkanir sem verða vegna breytinga á gæðum. Því þarf að auka við verðvísitölurnar með gæðavísi sem endurspeglar úrbætur.

Að endingu virðist gagnlegt að lágmarka áhrif skipulagsbreytinga á niðurstöðurnar með því að takmarka framreikningstímabilið. Að teknu tilliti til tíðni viðeigandi grunnhagskýrslna virðist viðeigandi að setja viðmiðanir um allt húsnæði á 10 ára fresti, þ.e. hefðbundið tímabil á milli manntala. Til viðbótar skal setja viðmiðanir verðþátta (leigu hvers lags) að lágmarki á fimm ára fresti, þ.e. hefðbundið tímabil á milli kannana á tekjum og útgjöldum heimila.

7. meginregla:

Ef ekki er mögulegt að framkvæma árlegt heildarendurmat á framleiðslu íbúðaþjónustu geta aðildarríki framreiknað tölur frá uppgefnu grunnári með því að nota viðeigandi magn-, verð- og gæðavísa. Framreikna skal allt húsnæði og meðalleigu aðskilið fyrir hvert lag. Framreikningstilhögunin skal greina á milli útreikninga raunverulegrar húsaleigu og húsaleiguígildis. Ef nauðsyn krefur er hægt að nota færri lög vegna framreiknings en þau sem eru notuð vegna útreiknings grunnárs. Til að framreikna húsaleiguígildi íbúða sem eigandi nýtir skal almennt nota verðvísitölu sem endurspeglar leigu á einkamarkaði. Hvað sem öðru líður skal setning viðmiðana alls húsnæðis ekki fara yfir 10 ár og fyrir verðþáttinn skal hún ekki fara yfir fimm ár, eða svipuðum gæðum ætti að ná með öðrum aðferðum sem eru viðeigandi.

1.4. **Sérstök vandamál**

1.4.1. *Íbúðir þar sem leigan er ekki innheimt og íbúðir með lágri leigu*

Við gagnasöfnun raunhúsaleigu eru núllgildi eða mjög lág gildi stundum athuguð. Sé um íbúðir að ræða þar sem leiga er ekki innheimt leiðir það til þeirrar einkennilegu stöðu að húsnæðisþjónustan er raunverulega veitt en án (sýnilegrar) greiðslu. Í slíkum tilvikum virðist því viðeigandi að velja þá lausn að leiðrétta hið sannreynda núllvirði. Hliðstæð lausn væri rökrétt fyrir íbúðir þar sem leigan er lág.

Fyrir utan afskipti opinberra yfirvalda eru aðrar ástæður fyrir því að leiga af íbúðum er ekki innheimt eða höfð lág. Sem dæmi er íbúð í eigu vinnuveitanda til umráða fyrir starfsmann gegn lækkaðri eða engri leigu. Þetta getur varðað hvers konar starfsfólk, þ.m.t. heimilishjálp eða vaktaðila. Í þessu tilviki þarf að leiðrétta raunhúsaleiguna og muninn á raunhúsaleigu og sambærilegri leigu þarf að fara með sem greiðslu í friðu (sjá ESA95, málsgreinar 4.04 til 4.06). Annar möguleiki er að íbúðir séu leigðar skyldmennum eða vinum gegn engri eða mjög lágri leigu. Í þessu tilviki er hægt að leiðrétta með því einfaldlega að endurflokka þær íbúðir á leigumarkaði í húsnæði sem eigandi nýtir. Enn fremur virðist sambærileg leiðréttíng viðeigandi sé um eingreiðslur leigjenda að ræða, þ.e. þar sem leigjandinn greiðir fyrirframleiguna á lengra tímabili en hefðbundið er.

8. meginregla:

Leiðrétta skal raunhúsaleigu sé um íbúðir að ræða þar sem leiga er ekki innheimt og íbúðir með lágri leigu, til að ná yfir alla húsnæðisþjónustu. Hvorki skal nota enga né lága leigu til að reikna út húsaleiguígildi á óleiðréttum grunni.

1.4.2. *Orlofsheimili*

Orlofsheimili nær yfir allar tegundir frístundaíbúða s.s. nærliggjandi hús til helgardvalar sem er notað í stuttan tíma í senn oft á ári eða fjarlægari dvalarstað sem er notaður í lengri tímabil en einungis nokkur skipti á ári. Við fyrstu sýn virðast leigð orlofsheimili ekki vera til vandræða þar sem greidd raunhúsaleiga er notuð sem mælikvarði fyrir framleiðsluna. Samt sem áður getur framreikningur á árlega niðurstöðutölu, sé raunhúsaleiga innheimt mánaðarlega, leitt til ofmats séu engar viðbótarupplýsingar um meðalnotkun innifaldar.

Við útreikning húsaleiguígildis orlofsheimila sem eigandi nýtir er röklegasta aðferðin að lagskipta þessum eiginleikum og nota viðeigandi meðaltal árlegrar leigu vegna raunverulega leigðrar sambærilegrar gistiaðstöðu. Ársleigan endurspeglar meðalnotkun með óbeinum hætti. Komi upp vandkvæði er hægt að nota staðgengilsaðferð, þ.e. að safna saman upplýsingum um orlofsheimili í eitt lag og nota meðaltal árlegrar leigu fyrir raunverulega leigð orlofsheimili fyrir þau sem eigandi nýtir. Í þriðja lagi er ásættanlegt að nota alla ársleiguna fyrir hefðbundnar íbúðir í sama staðsetningarlagi þar sem orlofsheimili reiknast sem minnihluti alls húsnæðis eða þar sem ekki er hægt að aðskilja þau frá öðrum íbúðum. Jafnvel ef um fjarlægari dvalarstað er að ræða virðist þessi tilhögun skynsamleg að því gefnu að hann sé alltaf aðgengilegur eigandanum og sé einnig notaður endurgjaldslaust af vinum eða skyldmennum hans eða hennar.

9. meginregla:

Orlofsheimili ná yfir allar tegundir frístundaíbúða, s.s. nærliggjandi hús til helgardvalar eða fjarlægari dvalarstað. Til að áætla framleiðslu orlofsheimila skal helst nota meðaltal árlegrar leigu sambærilegrar aðstöðu. Ársleigan endurspeglar meðalnotkun með óbeinum hætti. Þó lagskipting væri æskileg er hægt að hafa orlofsheimili í einu lagi. Séu orlofsheimili lítill minnihluti alls húsnæðis er hægt að nota alla árlega leigu hefðbundinna íbúða í sama staðsetningarlagi. Í vel rökstuddum undantekningartilvikum, þar sem raunhúsaleigu vantar eða tölfræði er óáreiðanleg fyrir tiltekið lag orlofsheimila, er hægt að nota aðrar hlutlægar aðferðir, s.s. kostnaðarverðsaðferðina.

1.4.3. *Þjónusta tengd gistiaðstöðu*

Sé um skiptileigu að ræða selur fasteignasali dvalarréttinn í tiltekinn tíma á hverju ári í ákveðinni íbúð sem er á ferðamannasvæði og annast stjórnun þessarar eignar. Rétturinn er tryggður með skírteini sem er gefið út eftir að upphafsgreiðsla er innt af hendi. Mögulegt er að selja þetta skírteini á gangverði. Reglubundnar greiðslur leggjast einnig við til að standa straum af umsýslukostnaði.

Samkvæmt þessari lýsingu skal farið með upphafsgreiðsluna sem fjárfestingu þar sem útgefna skírteinið er sambærilegt við hlutabréf. Þetta er stutt þeirri staðreynd að í einu aðildarríki að lágmarki séu lög um raunverulegan rétt kaupanda. Því væri gagnlegt að telja upphafsgreiðsluna með sem óefnislegar eignir í þjóðhagsreikningunum. Enn fremur virðist rökrétt að líta á gistiþjónustu þar sem leigan er ekki innheimt sem arð sem fasteignasalinn greiðir í fríðu.

Grunnvandamálið er að þjónusta er í raun veitt af gistiaðstöðu skiptileigunnar sem er ekki talin með í framleiðslu hagkerfisins. Rökfræðilega krefst þetta leiðréttingar. Í fyrsta lagi hefur tillagan um að samþykkja reglubundna greiðslu sem umboð óbeint merkt að engin leiðrétting er gerð fyrir gistiþjónustuna þar sem reglubundin greiðsla nær yfir aðra þjónustu, það er að segja stjórnunarkostnað. Annar fræðilegur möguleiki væri að telja upphafsgreiðsluna fyrirframgreiðslu veittrar þjónustu og að dreifa henni yfir viðeigandi dvalartímabil. Þrátt fyrir tölfræðileg vandamál við framkvæmd þessarar aðferðar virðist vera mótsögn í lagaskilmálum þar sem óorðuð túlkun er kaup á þjónustu en ekki kaup eignar.

Enn annar möguleiki er að nota niðurstöður árlegrar raunhúsaleigu fyrir sambærilega gistiaðstöðu (með eldunaraðstöðu). Þessi lausn er studd þeirri staðreynd að gistiaðstaða skiptileigunnar sé staðsett á ferðamannasvæðum og sé innan um raunverulega leigðar orlofsíbúðir. Komi upp erfiðleikar eru hinar tvær aðferðirnar, sem lagt hefur verið til að nota fyrir orlofsheimili, einnig ásættanlegar fyrir skiptileigueignir. Húsaleiguígildið á að vera á hreinum grunni til að forðast tvítalningu kostnaðar sem fellur undir reglubundna greiðslu.

10. meginregla:

Að því er gistiaðstöðu skiptileigunnar varðar gildir sama tilhögun og fyrir orlofsheimili.

1.4.4. *Leigjendur aukaherbergja*

Í flestum löndum býr fjöldi námsmanna í aukaherbergjum. Oft á þetta einnig við um annað ungt fólk eða þá sem hafa atvinnu fjarri heimili. Sé herbergið hluti af leigðri íbúð, þ.e. er framleigt, virðast engin umfangsmikil vandamál koma upp. Líta má á leigu aukaherbergja sem framlag til raunverulegrar aðalleigu, þ.e. tilfærslu á milli heimila. Ef herbergið er aftur á móti hluti af íbúð sem eigandi nýtir væri það tvítalning að reikna bæði leiguna sem leigjandinn greiðir og húsaleiguígildið í heild sinni. Líklega væri rétta lausnin að nota greidda raunhúsaleigu leigjanda fyrir það hlutfall íbúðarinnar sem hann eða hún býr í og áætla leigu fyrir eftirstandandi hluta hennar. Samt sem áður gæti það verið óframkvæmanlegt. Í stað þess væri hægt að líta á leiguna sem tilfærslu sem nær yfir samnýtingu útgjalda íbúðarinnar. Þetta gæti verið sambærilegt við fyrsta dæmið svo fremi að litið sé á leigu raunverulega aukaherbergisins sem framlag til ígildis aðalleigu. Af þessu leiðir að leiðréttingar verður þörf séu heimilin sundurliðuð eftir hópum.

Önnur spurning er hvernig eigi að fara með áframleigu fleiri herbergja. Í slíku tilviki er mælt með að hugtakið leigjendur aukaherbergja eigi einungis við þegar eigandinn eða aðalleigjandinn sjálfur býr áfram í íbúðinni. Annars skal líta á framleigu sem aðskilda efnahagslega starfsemi (þjónusta tengd íbúð eða gistiheimili).

11. meginregla:

Telja skal greidda leigu fyrir aukaherbergi innan íbúðar sem framlag til aðalleigu svo fremi sem eigandinn eða aðalleigjandinn búi áfram í íbúðinni.

1.4.5. *Tómar íbúðir*

Í fyrsta lagi er alltaf litið á leigða íbúð sem nýtta, jafnvel þó leigjandinn velji að búa annars staðar. Í öðru lagi, í samræmi við samþykkta almenna lausn fyrir orlofsheimili og gistiaðstöðu skiptileigu, endurspeglar ársleigan meðalnotkun með óbeinum hætti. Vandamálið við tómar íbúðir er því takmarkað við óleigðar íbúðir sem eigandinn notar ekki, þ.e. þær sem eru til sölu eða leigu. Í slíkum tilvikum er engin húsnæðisþjónusta veitt, því ætti að færa leiguna sem núll.

Nauðsynlegar upplýsingar til að ákvarða hvort óleigð eign sé tóm eða ekki er hægt að byggja á yfirlýsingu eigandans eða nágranna. Liggi slíkar upplýsingar ekki fyrir er hægt að nota upplýsingar um hvort húsgögn eru fyrir hendi sem vísbendingu um hvort eignin sé nýtt. Á hinn bóginn er hægt að líta svo á að húsnæði án húsgagna sé tómt, þar sem erfitt er að ímynda sér að húsnæðisþjónusta sé veitt. Tómar íbúðir skulu einnig ná yfir íbúðir sem eru endurheimtar eftir vanskil, eða sem eru tómar í stuttan tíma þar sem húsnæðismiðlunin finnur ekki tafarlaust nýjan leigjanda. Jaðartilvik er tóm íbúð sem er að fullu búin húsgögnum og eigandinn getur notað tafarlaust. Hér væri hægt að færa rök fyrir því að engin húsnæðisþjónusta sé veitt svo lengi sem eigandinn nýtir ekki íbúðina í raun og veru. En þar sem það er sambærilegt við dæmið um leigða íbúð sem stendur tóm virðist viðeigandi að færa leigu. Því er venjulega litið á íbúðir búnar húsgögnum sem eigandi nýtir sem nýttar.

Kostnaður getur komið til vegna tómrar íbúðar, s.s. rekstrarútgjöld vegna viðhalds, rafmagns, iðgjalda, skatta o.s.frv. Líta skal á þessi útgjöld sem aðfanganotkun, aðra framleiðsluskatta o.s.frv. Sé um fyrirtæki að ræða sem veitir enga þjónustu getur það leitt til neikvæðs virðisauka.

12. meginregla:

Fyrir óleigða íbúð sem er hægt að selja eða leigja skal færa leiguna sem núll. Almennt skal meðhöndla íbúð búna húsgögnum sem eigandi nýtir sem nýtta íbúð.

1.4.6. *Bílskúrar*

Þar sem bílskúrar eru hluti af vergri fjármunamyndun er ekki einungis viðeigandi að telja með þjónustu þeirra sem leigðir eru í framleiðslu hagkerfisins heldur einnig að reikna út áætlaða framleiðslu bílskúra sem eigandi nýtir. Í báðum tilvikum er bílskúrinn liður í þægindum íbúðarinnar eins og hver önnur aðstaða. Þar skal telja bílskýli og bílastæði með þar sem þau gegna trúlega sama hlutverki.

Í málsgrein 3.64 í ESA95 segir að „svipaður tilreikningur verður gerður fyrir bílskúra sem aðskildir eru frá íbúðum og eigandinn notar sem lokaneyslu vegna íbúðarinnar. Enginn tilreikningur verður gerður fyrir bílskúra sem einkaeigandi notar einungis til að geyma bíl sinn nærri vinnustað.“

Venjulega eru fleiri íbúðir sem eigandi nýtir með bílskúr en leigðar íbúðir. Til að telja þennan kerfislæga mismun með á tilhlýðilegan hátt virðist besta leiðin vera að nota tilvist bílskúrs sem lagskiptingarviðmið.

13. meginregla:

Bílskúrar og bílastæði sem notuð eru sem lokaneysla veita þjónustu sem telja skal með í húsnæðisþjónustunni.

2. AÐFANGANOTKUN

Aðfanganotkun verður að vera í samræmi við framleiðslu. Gjöld fyrir hitun, vatn, rafmagn, o.s.frv. auk stærsta hluta viðhalds og viðgerða sem tengjast húsnæði, í samræmi við flokkun á einkaneyslu eftir tilgangi (COICOP), ætti að vera skráð sérstaklega og því undanskilið framleiðslu á húsnæðisþjónustu.

Í raun gæti þó þurft að telja ýmis gjöld, auk viðhalds og viðgerða, til hluta af leiguþjónustunni sem ekki er hægt að skilja þau frá. Verg meðhöndlun ætti ekki að hafa áhrif á stig vergra þjóðartekna sé hún framkvæmd með samræmdum hætti fyrir aðfanganotkun og framleiðslu.

Gera ætti greinarmun á þremur flokkum að því er tekur til viðgerða og viðhalds. Í fyrsta lagi, endurbætur á fyrirliggjandi fastafjármunum sem eru mun víðtækari en kröfur um eðlilegt viðhald og viðgerðir eru innan vergrar fjármunamyndunar (ESA95, málsgrein 3.107).

Í öðru lagi, útgjöld vegna eðlilegra viðgerða og viðhalds sem íbúi í eigin húsnæði stofnar til vegna skreytinga, viðhalds og viðgerða íbúar sem leigjendur annast að jafnaði ekki sjálfir eru meðhöndluð sem aðfanganotkun í framleiðslu húsnæðisþjónustu (ESA95, málsgrein 3.77).

Að lokum, þrif, skreytingar og viðhald íbúða, að því marki sem leigjendur annast slíkt einnig reglulega, er undanskilið frá framleiðslu (ESA95, málsgrein 3.09). Útgjöld sem tengjast þessum athöfnum ætti að skrá beint sem lokaneyslu heimila. Í málsgrein 3.76 í ESA95 segir að í lokaneyslukostnaði heimila felist efni til lítils háttar viðgerða og innréttinga húsnæðis sem eru þess eðlis að leigjendur eða eigendur annast þær.

Fyrir íbúðir þar sem íbúi býr í eigin húsnæði ætti aðfanganotkun að ná yfir sömu tegundir hefðbundins viðhalds og viðgerða og leigusali myndi venjulega telja aðfanganotkun í svipuðum leiguíbúðum. Meðhöndla ætti útgjöld vegna þess háttar viðgerða og viðhalds sem leigjendur, frekar en leigusalar, myndu venjulega sjá um eins og lokaneyslukostnað heimilis fyrir bæði leigjendur og íbúa í eigin húsnæði.

Hægt er að fá aðfanganotkun við hefðbundið viðhald og viðgerðir sem tengjast íbúðum þar sem íbúi býr í eigin húsnæði beint frá heimildum fyrir hagskýrslugerð eins og könnunum á tekjum og útgjöldum heimila. Rannsaka ætti ástæður þess þegar hlutfall aðfanganotkunar við framleiðslu hjá íbúðum þar sem íbúi býr í eigin húsnæði er mjög frábrugðið hlutfallinu í leigugeiranum. Aðlaga ætti húsaleiguígildi til samræmis við það þegar mismunurinn stafar af mismunandi gæðum, til dæmis mismunandi stigi hefðbundins viðhalds fyrir íbúðir sem eru að öðru leyti mjög svipaðar.

Aðfanganotkun ætti að fela í sér óbeint mælda fjármálaþjónustu (FISIM) í samræmi við reglugerð ráðsins (EB) nr. 448/98 ([8]). Þar með talin er aðfanganotkun heimila þar sem þau eru eigendur íbúða með tilliti til húsnæðislána.

Tómar íbúðir geta leitt til aðfanganotkunar eins og greint er frá í þætti 1.4.5. Almennt er lögð áhersla á að komist sé hjá tvítalningu aðfanganotkunar, sé um íbúðir í eigu vinnuveitanda að ræða.

14. meginregla:

Aðfanganotkun skal ákvörðuð í samræmi við skilgreiningu á framleiðslu á húsnæðisþjónustu. Almennt skulu gjöld fyrir hitun, vatn, rafmagn o.s.frv. undanskilin frá báðum liðum. Sé ólík meðferð valin til hagræðingar er það ásættanlegt svo lengi sem það hefur ekki áhrif á verga landsframleiðslu og vergar þjóðartekjur.

3. VIÐSKIPTI VIÐ ÞRIÐJU AÐILA

Samkvæmt ESA95 (málsgreinum 1.30 og 2.15) er litið á einingar þar sem enginn er búsettur sem ímyndaðar búsetueiningar, þegar þær eru eigendur lóða eða bygginga á efnahagssvæði lands, en einungis að því er varðar viðskipti sem hafa áhrif á slíkar lóðir eða byggingar.

Þetta þýðir að veitt þjónusta við íbúð í eigu einhvers sem er ekki búsettur þar er innifalin í framleiðslu hagkerfisins þar sem íbúðin er. Ef um er að ræða íbúð íbúa sem býr í eigin húsnæði en er ekki búsettur verður hún skráð sem útflutningur á húsnæðisþjónustu og verður því hreinn rekstrarafgangur, sem kemur til, skráður sem frumtekjur og greiddur þriðju aðilum (ESA95, málsgreinar 3.142 og 4.60).

Að því er varðar heimilisfasta einstaklinga sem eiga íbúðir utanlands segir svo í ESA95, málsgrein 3.64, að „ekki ætti að skrá verðgildi leigu á íbúðum utanlands þar sem íbúi býr í eigin húsnæði, t.d. orlofsheimili, sem hluta af innlendri framleiðslu heldur sem innflutning þjónustu og hreinan rekstrarafgang, sem kemur til, skráður sem frumtekjur og fenginn frá þriðju aðilum.“

Almennt koma fá vandamál upp sé eignin í eigu einhvers sem hefur ekki búsetu þar þegar hún er raunverulega leigð til heimilisfasts einstaklings, þar sem fylgst verður með peningalegu flæði og það talið með í greiðslujöfnuði. Íbúðir í eigu eða búsetu útlendinga með búsetu yrðu að vera auðkenndar með aðskildum hætti. Þjóðerni íbúa í eigin húsnæði nægir ekki til að aðskilja heimilisfastan einstakling frá þeim sem eru ekki búsettir. Orlofsheimili í eigu útlendinga með búsetu munu trúlega skipta mestu máli og yrði gagnlegt að ná samkomulagi um fjölda eiganda sem eru ekki heimilisfastir milli hlutaðeigandi aðildarríkja. Þó er almennur skortur á upplýsingum um íbúa í eigin húsnæði sem eru ekki heimilisfastir. Upplýsingar um heimilisfasta einstaklinga sem eiga orlofsheimili utanlands eru jafnvel fágætari. Aðildarríki sem dregur frumtekjur af íbúðum í eigu íbúa í eigin íbúð sem er ekki búsettur ætti, til að forða misræmi, samtímis að bæta við frumtekjum fyrir íbúðir utanlands sem eru í eigu og búsetu heimilisfastra einstaklinga.

Skiptileigueignir eru sérstakt mál hvað þetta varðar. Þar sem slík eign getur verið nýtt af heimilisföstum einstaklingum annarra landa á sama uppgjörstímabili virðist bein úthlutun til upprunalands nánast ómöguleg. Mögulegt er að fá samanburðarhæfar niðurstöður með því að nota vænlegri aðferð. Fyrst er tilreiknuðum virðisauka gistiaðstöðu skiptileigu úthlutað á upprunaland þess fyrirtækis sem hefur eignarhaldið með höndum. Síðar er fyrirtækið sem hefur eignarhaldið með höndum beðið um að veita upplýsingar um upprunalönd, sem getur þá gegnt hlutverki dreifingarlykils.

15. meginregla:

Samkvæmt ESA95 eru allar íbúðir efnahagssvæðis aðildarríkis hluti af vergri landsframleiðslu þess. Skrá skal hreinan rekstrarafgang, sem einstaklingar sem eru ekki heimilisfastir sem eigendur lóða og bygginga í viðkomandi landi móttaka, sem eignatekjur gagnvart öðrum löndum og skal því draga hana frá vergri landsframleiðslu við umskipti í verga þjóðarframleiðslu (og öfugt). Líta skal á hreinan rekstrarafgang sem hreinan rekstrarafgang frá raunhúsaleigu og húsaleiguígildi íbúða. Aðildarríki sem dregur eignatekjur af íbúðum í eigu íbúa í eigin íbúð sem er ekki búsettur ætti samtímis að bæta við eignatekjum fyrir íbúðir utanlands sem eru í eigin og búsetu heimilisfastra einstaklinga.

([8]) Stjtíð. EB L 58, 27.2.1998, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 377/2008 2015/EES/63/79

frá 25. apríl 2008

um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 577/98 um skipulag vinnumarkaðskönnunar í Bandalaginu að því er varðar kerfisskráningu fyrir gagnaflutninga frá og með árinu 2009, notkun hlutaúrtaks við öflun gagna um formgerðarbreytur og skilgreiningu á viðmiðunarfjórðungum

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 frá 9. mars 1998 um skipulag vinnumarkaðskönnunar í Bandalaginu ([1]), einkum 1. gr. og 3. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 577/98 er þess krafist, ef um er að ræða samfellda könnun, að framkvæmdastjórnin taki saman skrá yfir vikurnar sem mynda viðmiðunarársfjórðunga könnunarinnar.

2) Nauðsynlegt er, í samræmi við 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 577/98, að gera ráðstafanir til að koma á skráningarkerfi yfir breyturnar sem eru notaðar við sendingu gagna.

3) Samkvæmt 4. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 577/98 má fastsetja skrá yfir breytur, hér á eftir nefndar formgerðarbreytur, valdar úr þeim könnunaratriðum sem einungis þarf að kanna sem ársmeðaltal 52 vikna viðmiðunartímabils í stað meðaltals fyrir hvern ársfjórðung. Því ber að mæla fyrir um skilyrði fyrir notkun hlutaúrtaks við öflun gagna um formgerðarbreytur.

4) Þar eð gögn um atvinnu og atvinnuleysi eru þýðingarmikil skal samræmis gætt í samtölum þessara vísa, hvort sem þær eru reiknaðar út frá árlegu hlutaúrtaki eða út frá ársmeðaltali alls úrtaks allra ársfjórðunganna.

5) Þar eð gögn, sem aflað er í viðhengjum, skipta miklu máli ætti að vera unnt að tengja þessar upplýsingar við aðrar breytur í könnuninni.

6) Með reglugerð (EB) nr. 577/98, eins og henni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1372/2007, er afhending á breytunni „laun í aðalstarfi“ gerð skyldubundin. Því ætti að breyta skráningarkerfinu fyrir breyturnar.

7) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 430/2005, um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 577/98 um skipulag vinnumarkaðskönnunar í Bandalaginu að því er varðar kerfisskráningu fyrir gagnaflutninga frá og með árinu 2006, notkun hlutaúrtaks við öflun gagna um formgerðarbreytur og skilgreiningu á viðmiðunarfjórðungum ([2]), skilgreinir skráningarkerfið sem nota á fyrir gagnasendingu frá 2006 og áfram. Þó er nauðsynlegt að breyta kóðunarkerfinu frá 2009 og áfram til að hafa hliðsjón af breytingum á tveimur breytum (hæsta menntunar- eða þjálfunarstigi sem er lokið og mánaðarlaun í aðalstarfi) til að aðlaga afhendingardálka til samræmis við það og til að leiðrétta villur og úrfellingar í síum fyrir aðrar breytur. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 430/2005 ætti því að falla úr gildi frá og með 1. janúar 2009.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit hagskýrsluáætlunarnefndarinnar sem komið var á fót með tilskipun ráðsins 89/382/EBE, KBE ([3]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Formgerðarbreytur

Í I. viðauka er mælt fyrir um skilyrði fyrir notkun hlutaúrtaks við öflun gagna um formgerðarbreytur.

2. gr.

Viðmiðunarársfjórðungar

Í II. viðauka er mælt fyrir um skilgreiningu fyrir viðmiðunarársfjórðunga fyrir árið 2009 og áfram.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 114, 26.4.2008, bls. 57. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2008 frá 5. desember 2008 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 5, 29.1.2009, bls. 6.

([1]) Stjtíð. EB L 77, 14.3.1998, bls. 3. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1372/2007 (Stjtíð. ESB L 315, 3.12.2007, bls. 42).

([2]) Stjtíð. ESB L 71, 17.3.2005, bls. 36. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 973/2007 (Stjtíð. ESB L 216, 21.8.2007, bls. 10).

([3]) Stjtíð. ESB L 181, 28.6.1989, bls. 47.

3. gr.

Skráningarkerfi

Í III. viðauka er mælt er fyrir um kóðana fyrir breyturnar, sem notaðar verða fyrir gagnasendingu fyrir árin 2009 og áfram.

4. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (EB) nr. 430/2005 fellur úr gildi frá og með 1. janúar 2009.

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. janúar 2009.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. apríl 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Joaquín ALMUNIA

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

SKILYRÐI FYRIR NOTKUN HLUTAÚRTAKS VIÐ ÖFLUN GAGNA UM FORMGERÐARBREYTUR

1) **Árlegar og ársfjórðungslegar breytur**

Með orðinu „árlega“ í dálkinum „Tíðni“ í skráningarkerfinu, sem mælt er fyrir um í III. viðauka, eru tilgreindar formgerðarbreytur sem, í stað ársfjórðungsmeðaltals, þarf einungis að kanna valfrjálst sem ársmeðaltal á grundvelli hlutaúrtaks sjálfstæðra athugana sem miðast við 52 vikur. Grunnbreytur, sem ber að kanna á hverjum ársfjórðungi, eru tilgreindar með „ársfjórðungslega“.

2) **Trúverðugleiki niðurstaðna**

Að því er varðar formgerðarbreytur má hlutfallsleg staðalskekkja (án þess að tekið sé tillit til sniðáhrifa) í árlegu mati, sem tekur til minnst 1% eða fleiri íbúa á vinnualdri, ekki vera meiri en:

a) 9% í löndum með íbúafjölda á bilinu 1 til 20 milljónir og

b) 5% í löndum með íbúafjölda sem er 20 milljónir eða meiri.

Lönd með færri en eina milljón íbúa eru undanþegin þessum nákvæmniskröfum og skal formgerðarbreytum safnað fyrir heildarúrtakið nema sýnið uppfylli kröfurnar sem settu eru fram í a-lið.

Heildartölur í hlutaúrtökunum skulu byggjast á sjálfstæðum athugunum ef lönd nota hlutaúrtak við öflun gagna um formgerðarbreytur og könnunarbylgjurnar eru fleiri en ein.

3) **Samræmi heildartalna**

Tryggja skal samræmi milli árlegra heildartalna hlutaúrtaks og ársmeðaltals alls úrtaks að því er varðar atvinnu, atvinnuleysi og aðra íbúa utan vinnumarkaðar eftir kyni og í eftirtöldum aldurshópum: 15 til 24, 25 til 34, 35 til 44, 45 til 54, 55 +.

4) **Viðhengi**

Úrtakið, sem er notað til þess að afla upplýsinga um viðhengi, skal einnig fela í sér upplýsingar um formgerðarbreytur.

II. VIÐAUKI

SKILGREINING Á VIÐMIÐUNARFJÓRÐUNGUM

a) Fjórðungar hvers árs vísa til 12 mánaða ársins, þannig að janúar, febrúar og mars tilheyra fyrsta fjórðungnum, apríl, maí og júní öðrum fjórðungnum, júlí, ágúst og september þriðja fjórðungnum og október, nóvember og desember fjórða fjórðungnum.

b) Viðmiðunarvikunum er úthlutað til viðmiðunarársfjórðunga þannig að vika tilheyri fjórðungnum eins og skilgreint er í a-lið og a.m.k. fjórir dagar þeirrar viku tilheyra, nema þetta leiði til þess að fyrsti fjórðungur ársins samanstandi aðeins af 12 vikum. Þegar það gerist verða umræddir fjórðungar ársins settir saman með samliggjandi 13 vikna samstæðum.

c) Þegar fjórðungur, samkvæmt b-lið, samanstendur af 14 vikum í stað 13, ættu aðildarríkin að reyna að dreifa úrtakinu yfir allar 14 vikurnar.

d) Hlutaðeigandi aðildarríkjum er heimilt að sleppa einni viku á þeim fjórðungi (þ.e. ekki telja hana með) ef ekki er gerlegt að dreifa úrtakinu þannig að það nái yfir allar 14 vikur þessa fjórðungs. Vikan, sem sleppa verður, ætti að vera dæmigerð að því er varðar atvinnuleysi, atvinnu og meðaltal raunvinnustunda og ætti að vera hluti af mánuðinum sem inniheldur fimm fimmtudaga.

e) Fyrsti ársfjórðungurinn 2009 hefst mánudaginn 29. desember 2008.

Aðildarríkjunum, sem framkvæma vinnumarkaðskönnunina ásamt öðrum könnunum sem eina samþætta könnun, er heimilt að skilgreina upphaf viðmiðunarársfjórðunganna einni viku fyrr en mælt er fyrir um í a-, b- og e-lið fram til ársloka 2011.

III. VIÐAUKI

SKRÁNINGARKERFI

Nafn	Dálkur	Tíðni	Kóði	Lýsing	Sía/athugasemdir
				MANNTALSUPPLÝSINGAR	
HHSEQNUM	1/2	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Raðnúmer innan heimilisins (sem skal vera það sama í öllum bylgjum)*	allir
			01–98	Tveggja tölustafa raðnúmeri úthlutað á hvern heimilismann	
HHLINK	3	ÁRLEGA		*Tengsl við svaranda á heimilinu*	HHTYPE=1,3
			1	Svarandi	
			2	Maki (eða sambýlismaður/-kona) svaranda	
			3	Barn svaranda (eða maka hans eða sambýlismanns/-konu)	
			4	Eldra skyldmenni svaranda (eða maka hans eða sambýlismanns/-konu)	
			5	Annar ættingi	
			6	Annað	
			9	Á ekki við (HHTYPE≠1,3)	
HHSPOU	4/5	ÁRLEGA		*Raðnúmer maka eða sambýlismanns/-konu*	HHTYPE=1,3
			01–98	Raðnúmer maka eða sambýlismanns/-konu á heimilinu	
			99	Á ekki við (einstaklingurinn tilheyrir ekki einkaheimili, á engan maka eða makinn tilheyrir ekki sama einkaheimili)	
HHFATH	6/7	ÁRLEGA		*Raðnúmer föður*	HHTYPE=1,3
			01–98	Raðnúmer föður á heimilinu	
			99	Á ekki við (einstaklingurinn tilheyrir ekki einkaheimili eða faðirinn tilheyrir ekki sama einkaheimili)	
HHMOTH	8/9	ÁRLEGA		*Raðnúmer móður*	HHTYPE=1,3
			01–98	Raðnúmer móður á heimilinu	
			99	Á ekki við (einstaklingurinn tilheyrir ekki einkaheimili eða móðirin tilheyrir ekki sama einkaheimili)	
KYN	10	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Kyn*	allir
			1	Karl	
			2	Kona	
YEARBIR	11/14	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Fæðingarár*	allir
				Fæðingarár er tilgreint með fjórum tölustöfum	

Nafn	Dálkur	Tíðni	Kóði	Lýsing	Sía/athugasemdir
DATEBIR	15	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Fæðingardagur með hliðsjón af lokum viðmiðunartímabils*	allir
			1	Fæðingardagur einstaklings er á tímabilinu 1. janúar til loka viðmiðunarvikunnar	
			2	Fæðingardagur einstaklings er eftir lok viðmiðunarvikunnar	
MARSTAT	16	ÁRLEGA		*Hjúskaparstaða*	allir
			1	Einhleyp(ur)	
			2	Gift(ur)	
			3	Ekkja/ekkill	
			4	Fráskilin(n) eða skilin(n) að borði og sæng	
			óútfyllt	Ekkert svar	
Á LANDSVÍSU	17/18	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Þjóðerni*	allir
				Kóðun, sjá ISO-landaflokkun	
YEARESID	19/20	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Búsetutími í árum í þessu landi*	allir
			00	Fædd(ur) í þessu landi	
			01–99	Búsetutími í árum í þessu landi	
			óútfyllt	Ekkert svar	
COUNTRYB	21/22	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Fæðingarland*	YEARESID≠00
				Kóðun, sjá ISO-landaflokkun	
			99	Á ekki við (dálkur.19/20 = 00)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
PROXY	23	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Ástæða fyrir þátttöku í könnuninni*	allir 15 ára og eldri
			1	Bein þátttaka	
			2	Þátttaka fyrir milligöngu annars heimilismanns	
			9	Á ekki við (barn yngra en 15 ára)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
				ATVINNUSTAÐA Á VINNUMARKAÐI	
WSTATOR	24	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Atvinnustaða á vinnumarkaði í viðmiðunarviku*	allir 15 ára og eldri
			1	Stundaði einhverja launaða vinnu eða aðra tekjuskapandi vinnu í viðmiðunarvikunni – í eina klukkustund eða meira (þ.m.t. einstaklingar sem vinna við fyrirtæki eigin fjölskyldu, þó ekki þeir sem fá kvaðningu um að gegna lögboðinni herskyldu eða samfélagsþjónustu)	
			2	Var ekki í vinnu en gegndi starfi eða rak fyrirtæki sem einstaklingurinn var fjarverandi frá í viðmiðunarvikunni (þ.m.t. einstaklingar sem vinna við fyrirtæki eigin fjölskyldu, þó ekki þeir sem fengu kvaðningu um að gegna lögboðinni herskyldu eða samfélagsþjónustu)	

Nafn	Dálkur	Tíðni	Kóði	Lýsing	Sía/athugasemdir
			3	Var ekki að vinna vegna þess að viðkomandi hafði verið sagt upp tímabundið	
			4	Fékk kvaðningu um að gegna lögboðinni herskyldu eða samfélagsþjónustu	
			5	Aðrir (15 ára eða eldri) sem hvorki unnu né voru í starfi eða ráku fyrirtæki í viðmiðunarvikunni	
			9	Á ekki við (barn yngra en 15 ára)	
NOWKREAS	25/26	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Ástæða fyrir því að hafa ekki stundað vinnu þrátt fyrir að vera í starfi*	WSTATOR=2
			00	Slæmt veður	
			01	Minni vinna af tækni- og efnahagslegum ástæðum	
			02	Vinnudeila	
			03	Menntun eða þjálfun í skólum	
			04	Eigin veikindi, meiðsli eða tímabundin fötlun	
			05	Fæðingarorlof	
			06	Foreldraorlof	
			07	Orlofsdagar	
			08	Yfirvinna tekin út í frii (sem uppsöfnuð yfirvinna eða liður í samningi þar sem vinnustundir eru ákveðnar á ársgrundvelli)	
			09	Aðrar ástæður (t.d. persónulegar ástæður eða fjölskylduaðstæður)	
			99	Á ekki við (WSTATOR=1,3–5,9,9)	
				ATVINNUMÁL – EINKENNI Á AÐALSTARFI	
STAPRO	27	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Atvinnustétt*	WSTATOR=1,2
			1	Sjálfstætt starfandi einstaklingur með starfsmenn á launum	
			2	Sjálfstætt starfandi einstaklingur án starfsmanna á launum	
			3	Launamaður	
			4	Einstaklingur sem vinnur við fyrirtæki eigin fjölskyldu	
			9	Á ekki við (WSTATOR=3–5,9)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
SIGNISAL	28	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Heldur áfram að þiggja laun*	(WSTATOR=2 og NOWKREAS≠04 og NOWKREAS≠05 og STAPRO=3) eða WSTATOR=3
			1	Fjarverandi í þrjá mánuði eða skemur	
			2	Fjarverandi lengur en í þrjá mánuði og þiggur laun eða félagslegar greiðslur sem eru minnst helmingurinn af laununum	
			3	Fjarverandi lengur en í þrjá mánuði og þiggur laun eða félagslegar greiðslur sem eru minna en helmingurinn af laununum	

Nafn	Dálkur	Tíðni	Kóði	Lýsing	Sía/athugasemdir
			4	Veit ekki	
			9	Á ekki við (WSTATOR≠2 eða NOWKREAS=04 eða NOWKREAS=05 eða STAPRO≠3) og WSTATOR≠3	
NACE3D	29/31	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Efnahagsleg starfsemi starfsstöðvarinnar*	WSTATOR=1,2
				Kóðun atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins (NACE 2. endursk.) með 2 eða, ef hægt er, 3 tölustöfum	
			000	Á ekki við (WSTATOR=3–5,9)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
ISCO4D	32/35	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Staða*	WSTATOR=1,2
				Kóðun alþjóðlegu starfaflokkunarinnar (ISCO-88 (COM)) með 3 eða, ef hægt er, 4 tölustöfum	
			9999	Á ekki við (WSTATOR=3–5,9)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
SUPVISOR	36	ÁRLEGA		*Stjórnunarábyrgð*	STAPRO=3
			1	Já	
			2	Nei	
			9	STAPRO≠3	
			óútfyllt	Ekkert svar	
SIZEFIRM	37/38	ÁRLEGA		*Fjöldi einstaklinga sem vinna á starfsstöðinni*	STAPRO=1,3,4, óútfyllt
			01–10	Nákvæmur fjöldi einstaklinga ef hann er frá 1 til 10	
			11	11–19 einstaklingar	
			12	20–49 einstaklingar	
			13	50 einstaklingar eða fleiri	
			14	Ekki vitað en færri en 11 einstaklingar	
			15	Ekki vitað en fleiri en 10 einstaklingar	
			99	Á ekki við (STAPRO=2,9)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
COUNTRYW	39/40	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Landið þar sem vinnustaðurinn er*	WSTATOR=1,2
				Kóðun, sjá ISO-landaflokkun	
			99	Á ekki við (WSTATOR=3–5,9)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
REGIONW	41/42	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Svæðið þar sem vinnustaðurinn er*	WSTATOR=1,2
				Flokkun hagskýrslusvæða 2	
			99	Á ekki við (WSTATOR=3–5,9)	
			óútfyllt	Ekkert svar	

Nafn	Dálkur	Tíðni	Kóði	Lýsing	Sía/athugasemdir
YSTARTWK	43/46	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Árið þegar einstaklingur hóf störf hjá þessum atvinnurekanda eða varð sjálfstætt starfandi*	WSTATOR=1,2
				Tilgreindu 4 tölustafi fyrir viðkomandi ár	
			9999	Á ekki við (WSTATOR=3–5,9)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
MSTARTWK	47/48	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Mánuðurinn þegar einstaklingur hóf störf hjá þessum atvinnurekanda eða varð sjálfstætt starfandi*	YSTARTWK≠9999, óútfyllt & REFYEAR-YSTARTWK<=2
			01–12	Tilgreindu töluna fyrir viðkomandi mánuð	
			99	Á ekki við (YSTARTWK≠9999, óútfyllt eða REFYEAR-YSTARTWK >2)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
WAYJFOUN	49	ÁRLEGA		*Aðstoð opinberrar atvinnumiðlunar við að útvega núverandi starf*	STAPRO=3 & hóf störf á síðustu 12 mánuðum
			0	Nei	
			1	Já	
			9	STAPRO≠3 eða byrjaði í þessu starfi fyrir meira en ári	
			óútfyllt	Ekkert svar	
FTPT	50	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Hvort unnið er í fullu starfi eða hlutastarfi*	WSTATOR=1,2
			1	Fullt starf	
			2	Hlutastarf	
			9	WSTATOR≠1,2	
			óútfyllt	Ekkert svar	
FTPTREAS	51	ÁRLEGA		*Ástæður þess að unnið er í hlutastarfi*	FTPT=2
				Ástæður þess að hlutastarf er tekið:	
			1	Einstaklingurinn er í námi eða starfsþjálfun	
			2	Eigin veikindi eða fötlun	
			3	Gæsla barna eða fullorðinna, ólögráða einstaklinga	
			4	Aðrar persónulegar ástæður eða fjölskylduástæður	
			5	Einstaklingur fékk ekki fullt starf	
			6	Aðrar ástæður	
			9	Á ekki við (FTPT≠2)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
TEMP	52	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Hvort um fast starf er að ræða*	STAPRO=3
			1	Einstaklingur er í föstu starfi eða með verksamning í ótiltekinn tíma	
			2	Einstaklingur er með tímabundinn starfs- eða verksamning	

Nafn	Dálkur	Tíðni	Kóði	Lýsing	Sía/athugasemdir
			9	Á ekki við (STAPRO≠3)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
TEMPREAS	53	ÁRLEGA		*Ástæður fyrir tímabundnum starfs- eða verksamningi*	TEMP=2
				Einstaklingur er með tímabundinn starfs- eða verksamning vegna þess að:	
			1	Samningurinn tekur til þjálfunartímabils (lærlinga, starfsnema, aðstoðarmanna á rannsóknarstofu o.s.frv.)	
			2	Einstaklingur fékk ekki fast starf	
			3	Einstaklingurinn vildi ekki fast starf	
			4	Um ræðir samning á reynslutíma	
			9	Á ekki við (TEMP≠2)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
TEMPDUR	54	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Heildarlengd tímabundins starfs- eða verksamnings*	TEMP=2
			1	Minna en einn mánuður	
			2	1–3 mánuðir	
			3	4–6 mánuðir	
			4	7–12 mánuðir	
			5	13–18 mánuðir	
			6	19–24 mánuðir	
			7	25–36 mánuðir	
			8	Lengra en 3 ár	
			9	Á ekki við (TEMP≠2)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
TEMPAGCY	55	ÁRLEGA		*Samningur við vinnumiðlun fyrir afleysingafólk*	STAPRO=3
			0	Nei	
			1	Já	
			9	Á ekki við (STAPRO≠3)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
				ÓHEFÐBUNDIN VINNA	
SHIFTWK	56	ÁRLEGA		*Vaktavinna*	STAPRO=3
			1	Einstaklingur vinnur vaktavinnu	
			3	Einstaklingur vinnur aldrei vaktavinnu	
			9	Á ekki við (STAPRO≠3)	
			óútfyllt	Ekkert svar	

Nafn	Dálkur	Tíðni	Kóði	Lýsing	Sía/athugasemdir
EVENWK	57	ÁRLEGA		*Kvöldvinna*	WSTATOR=1 eða WSTATOR=2
			1	Einstaklingur vinnur jafnan á kvöldin	
			2	Einstaklingur vinnur stundum á kvöldin	
			3	Einstaklingur vinnur aldrei á kvöldin	
			9	Á ekki við (WSTATOR=3–5,9)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
NIGHTWK	58	ÁRLEGA		*Næturvinna*	WSTATOR=1 eða WSTATOR=2
			1	Einstaklingur vinnur jafnan á nóttunni	
			2	Einstaklingur vinnur stundum á nóttunni	
			3	Einstaklingur vinnur aldrei á nóttunni	
			9	Á ekki við (WSTATOR=3–5,9)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
SATWK	59	ÁRLEGA		*Laugardagsvinna*	WSTATOR=1 eða WSTATOR=2
			1	Einstaklingur vinnur jafnan á laugardögum	
			2	Einstaklingur vinnur stundum á laugardögum	
			3	Einstaklingur vinnur aldrei á laugardögum	
			9	Á ekki við (WSTATOR=3–5,9)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
SUNWK	60	ÁRLEGA		*Sunnudagsvinna*	WSTATOR=1 eða WSTATOR=2
			1	Einstaklingur vinnur jafnan á sunnudögum	
			2	Einstaklingur vinnur stundum á sunnudögum	
			3	Einstaklingur vinnur aldrei á sunnudögum	
			9	Á ekki við (WSTATOR=3–5,9)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
				VINNUSTUNDIR	
HWUSUAL	61/62	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Fjöldi vinnustunda unnar að jafnaði á viku í aðalstarfi*	WSTATOR=1,2
			00	Ekki er hægt að gefa upp vanalegan fjölda vinnustunda vegna þess að hann eru töluvert breytilegur eftir vikum og mánuðum	
			01–98	Fjöldi vinnustunda unnar að jafnaði á viku í aðalstarfi	
			99	Á ekki við (WSTATOR=3–5,9)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
HWACTUAL	63/64	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Fjöldi raunvinnustunda í viðmiðunarvikunni í aðalstarfi*	WSTATOR=1,2
			00	Einstaklingur í starfi eða eigin atvinnurekstri sem vann ekkert í aðalstarfinu í viðmiðunarvikunni:	

Nafn	Dálkur	Tíðni	Kóði	Lýsing	Sía/athugasemdir
			01–98	Fjöldi raunvinnustunda í aðalstarfi í viðmiðunarvikunni	
			99	Á ekki við (WSTATOR=3–5,9)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
HWOVERP	65/66	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Greidd yfirvinna í viðmiðunarvikunni í aðalstarfi*	STAPRO=3
			00–98	Fjöldi greiddra yfirvinnustunda	
			99	Á ekki við (STAPRO≠3)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
HWOVERPU	67/68	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Ógreidd yfirvinna í viðmiðunarvikunni í aðalstarfi*	STAPRO=3
			00–98	Fjöldi ógreiddra yfirvinnustunda	
			99	Á ekki við (STAPRO≠3)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
HOURREAS	69/70	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Helsta ástæða þess að raunvinnustundir í viðmiðunarviku eru aðrar en hefðbundnar vinnustundir einstaklingsins*	HWUSUAL=00–98 & HWACTUAL=00–98 & WSTATOR=1
				Einstaklingur hefur unnið meira en vanalega vegna:	
			01	— breytilegs vinnutíma (t.d. sveigjanlegra vinnustunda)	
			16	— yfirvinnu	
			02	— annarra ástæðna	
				Einstaklingur hefur unnið minna en vanalega vegna:	
			03	— slæms veðurs	
			04	— minni vinnu af tækni- og efnahagslegum ástæðum	
			05	— vinnudeilna	
			06	— menntunar eða þjálfunar	
			07	— breytilegs vinnutíma (t.d. sveigjanlegra vinnustunda)	
			08	— eigin veikinda, áverka eða tímabundinnar fötlunar	
			09	— barnsburðarleyfis eða foreldraorlofs	
			10	— sérstaks leyfis vegna persónulegra ástæðna eða fjölskylduástæðna	
			11	— árlegra frídaga	
			12	— almennra frídaga	
			13	— byrjunar eða breytingar á starfi í viðmiðunarviku	
			14	— starfsloka án þess að byrjað sé í nýju starfi í viðmiðunarviku	
			15	— annarra ástæðna	
			97	Einstaklingur hefur unnið vanalegan fjölda vinnustunda í viðmiðunarvikunni (HWUSUAL=HWACTUAL=01–98)	

Nafn	Dálkur	Tíðni	Kóði	Lýsing	Sía/athugasemdir
			98	Einstaklingur sem vinnur mjög breytilegar vinnustundir eftir vikum eða mánuðum og gaf ekki ástæðu fyrir mismun á fjölda raunvinnustunda og vanalegra vinnustunda (HWUSUAL=00 & HOURREAS#01–16)	
			99	Á ekki við (WSTATOR=2-5,9 eða HWUSUAL=óútfyllt eða HWACTUAL=óútfyllt)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
WISHMORE	71	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Óskað er eftir að vinna yfirleitt meira en núverandi stundafjölda*	(WSTATOR=1 eða WSTATOR=2)
			0	Nei	
			1	Já	
			9	Á ekki við (WSTATOR=3–5,9)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
WAYMORE	72	ÁRLEGA		*Hvernig einstaklingur óskar eftir að vinna fleiri stundir*	WISHMORE=1
			1	Með aukastarfi	
			2	Með starfi þar sem viðkomandi vinnur fleiri stundir en í núverandi starfi	
			3	Einungis í núverandi starfi	
			4	Á einhvern ofangreindan hátt	
			9	Á ekki við (WISHMORE≠1)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
HWWISH	73/74	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Heildarfjöldi stunda sem einstaklingurinn vildi vinna*	WSTATOR=1 eða WSTATOR=2
			01–98	Heildarfjöldi vinnustunda sem óskað er eftir	
			99	Á ekki við (WSTATOR=3–5,9)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
HOMEWK	75	ÁRLEGA		*Heimavinnandi*	WSTATOR=1 eða WSTATOR=2
			1	Einstaklingur vinnur jafnan heima hjá sér	
			2	Einstaklingur vinnur stundum heima hjá sér	
			3	Einstaklingur vinnur aldrei heima hjá sér	
			9	Á ekki við (WSTATOR=3–5,9)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
LOOKOJ	76	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Leit að öðru starfi*	WSTATOR=1 eða WSTATOR=2
			0	Einstaklingur leitar ekki að öðru starfi	
			1	Einstaklingur leitar að öðru starfi	
			9	Á ekki við (WSTATOR=3–5,9)	
			óútfyllt	Ekkert svar	

Nafn	Dálkur	Tíðni	Kóði	Lýsing	Sía/athugasemdir
LOOKREAS	77	ÁRLEGA		*Ástæður leitar að öðru starfi*	LOOKOJ=1
			1	— hætta á eða vissa um missi eða lúkningu núverandi starfs	
			2	— raunverulegt starf er talið vera umbreytingastarf	
			3	— leitað að viðbótarsarfi til að bæta fleiri stundum við vinnustundir í núverandi starfi	
			4	— leitað að starfi með fleiri vinnustundum en í núverandi starfi	
			5	— leitað að starfi með færri vinnustundum en í núverandi starfi	
			6	— óskar sér betri vinnuskilyrða (t.d. hærri launa, vinnu- eða ferðatíma, gæði vinnu)	
			7	— aðrar ástæður	
			9	Á ekki við (LOOKOJ≠1)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
				AUKASTARF	
EXIST2J	78	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Tilvist fleiri en eins starfs eða fyrirtækis*	WSTATOR=1 eða WSTATOR=2
			1	Einstaklingur hafði aðeins eitt starf eða rak fyrirtæki í viðmiðunarvikunni	
			2	Einstaklingur hafði með höndum fleiri en eitt starf eða fyrirtæki í rekstri í viðmiðunarvikunni (ekki vegna þess að hann skipti um starf eða starfsemi)	
			9	Á ekki við (WSTATOR=3–5,9)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
STAPRO2J	79	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Atvinnustétt (í aukastarfinu)*	EXIST2J/2
			1	Sjálfstætt starfandi einstaklingur með starfsmenn á launum	
			2	Sjálfstætt starfandi einstaklingur án starfsmanna á launum	
			3	Launamaður	
			4	Einstaklingur sem vinnur við fyrirtæki eigin fjölskyldu	
			9	Á ekki við (EXIST2J =1,9, óútfyllt)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
NACE2J2D	80/81	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Efnahagsleg starfsemi í starfsstöð (í aukastarfinu)*	EXIST2J/2
				Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk.	
			00	Á ekki við (EXIST2J =1,9, óútfyllt)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
HWACTUA2	82/83	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Fjöldi raunvinnustunda í viðmiðunarvikunni í aukastarfinu*	EXIST2J/2
			00	Einstaklingur sem vann ekki í aukastarfinu í viðmiðunarvikunni	

Nafn	Dálkur	Tíðni	Kóði	Lýsing	Sía/athugasemdir
			01–98	Fjöldi raunvinnustunda í aukastarfinu í viðmiðunarvikunni	
			99	Á ekki við (EXIST2J =1,9, óútfyllt)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
				FYRRI STARFSREYNSLA ATVINNULAUSS EINSTAKLINGS	
EXISTPR	84	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Reynsla á fyrri vinnustað liggur fyrir*	WSTATOR=3–5
			0	Einstaklingur hefur aldrei haft atvinnu (hrein íhlaupavinna, eins og vinna í fríum, lögboðin herskylda eða samfélagsþjónusta, á ekki að teljast atvinna)	
			1	Einstaklingur hefur haft atvinnu (hrein íhlaupavinna, eins og vinna í fríum, lögboðin herskylda eða samfélagsþjónusta, á ekki að teljast atvinna)	
			9	Á ekki við (WSTATOR=1,2 eða 9)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
YEARPR	85/88	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Árið þegar einstaklingur var síðast að störfum*	EXISTPR=1
				Tilgreindu 4 tölustafi fyrir árið þegar einstaklingur var síðast að störfum	
			9999	Á ekki við (EXISTPR=0,9, óútfyllt)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
MONTHPR	89/90	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Mánuðurinn þegar einstaklingur var síðast að störfum*	YEARPR≠9999, óútfyllt & REFYEAR-YEARPR<=2
			01–12	Tilgreindu númer mánaðarins þegar einstaklingur var síðast að störfum	
			99	Á ekki við (YEARPR=9999, óútfyllt eða REFYEAR-YEARPR>2)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
LEAVREAS	91/92	ÁRLEGA		*Helsta ástæða þess að hætt var í síðasta starfi eða sjálfstæðum rekstri*	EXISTPR=1 og REFYEAR-YEARPR<8
			00	Einstaklingi var vikið úr starfi eða sagt upp vegna þess að ekki var þörf fyrir hann	
			01	Tímabundnu starfi lokið	
			02	Annast börn eða fullorðinn, ólögráða einstakling	
			03	Aðrar persónulegar ábyrgðir eða fjölskylduábyrgðir	
			04	Eigin sjúkdómur eða fötlun	
			05	Menntun eða þjálfun	
			06	Snemmtekin eftirlaun	
			07	Eftirlaun tekin á eðlilegum tíma	
			08	Lögboðin herskylda eða samfélagsþjónusta	
			09	Aðrar ástæður	

Nafn	Dálkur	Tíðni	Kóði	Lýsing	Sía/athugasemdir
			99	Á ekki við (EXISTPR=0,9, óútfyllt, eða EXISTPR=1 og vann ekki á síðustu 8 árum)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
STAPROPR	93	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA aðeins ef unnið var á síðustu 12 mánuðum,		*Atvinnustétt í síðasta starfi*	EXISTPR=1 og REFYEAR-YEARPR<8
			1	Sjálfstætt starfandi einstaklingur með starfsmenn á launum	
		ÁRLEGA að öðrum kosti	2	Sjálfstætt starfandi einstaklingur án starfsmanna á launum	
			3	Launamaður	
			4	Einstaklingur sem vinnur við fyrirtæki eigin fjölskyldu	
			9	Á ekki við (EXISTPR=0,9, óútfyllt, eða EXISTPR=1 og vann ekki á síðustu 8 árum)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
NACEPR2D	94/95	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA ef unnið var á síðustu 12 mánuðum,		*Efnahagsleg starfsemi í starfsstöð þar sem einstaklingur vann síðast*	EXISTPR=1 og REFYEAR-YEARPR<8
				Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk.	
		ÁRLEGA að öðrum kosti	00	Á ekki við (EXISTPR=0,9, óútfyllt, eða EXISTPR=1 og vann ekki á síðustu 8 árum)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
ISCOPR3D	96/98	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA ef unnið var á síðustu 12 mánuðum,		*Starfsgrein í síðasta starfi*	EXISTPR=1 og REFYEAR-YEARPR<8
				ISCO-88(COM)	
		ÁRLEGA að öðrum kosti	999	Á ekki við (EXISTPR=0,9, óútfyllt, eða EXISTPR=1 og vann ekki á síðustu 8 árum)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
				ATVINNULEIT	
SEEKWORK	99	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Atvinnuleit á síðustu fjórum vikum*	(WSTATOR=3–5 eða SIGNISAL=3) og aldur<75
			1	Einstaklingur hefur þegar fundið starf sem mun hefjast innan þriggja mánaða tímabils	
			2	Einstaklingur hefur þegar fundið starf sem mun hefjast eftir meira en þriggja mánaða tímabil og leitar ekki atvinnu.	
			3	Einstaklingur er ekki í atvinnuleit og hefur ekki fundið starf sem hefst síðar	
			4	Einstaklingur er í atvinnuleit	
			9	Á ekki við (WSTATOR=1,2 eða 9 og SIGNISAL≠3) eða aldur jafn eða hærri en 75	
SEEKREAS	100	ÁRLEGA		*Ástæður þess að atvinnu er ekki leitað*	EXISTPR=3
				Einstaklingur er ekki í atvinnuleit:	
			1	— bíður eftir að vera kallaður aftur til vinnu (einstaklingar sem sagt var upp tímabundið)	
			2	— vegna eigin sjúkdóms eða fötlunar	

Nafn	Dálkur	Tíðni	Kóði	Lýsing	Sía/athugasemdir
			3	— annast börn eða fullorðna, ólögráða einstaklinga	
			4	— vegna annarra persónulegra ábyrgða eða fjölskylduábyrgða	
			5	— vegna menntunar eða þjálfunar	
			6	— vegna starfsloka	
			7	— vegna þeirrar skoðunar að engin atvinna sé tiltæk	
			8	— af öðrum ástæðum	
			9	Á ekki við (SEEKWORK≠3)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
SEEKTYPE	101	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Tegund atvinnu sem leitað er (eða er fundin)*	SEEKWORK=1,2,4 eða LOOKOJ=1
				Atvinna sem leitað (fyrir SEEKWORK=1,2 atvinna fundin) er að:	
			1	sem sjálfstætt starfandi einstaklingur	
				sem launamaður:	
			2	— og aðeins er leitað að fullu starfi (eða búið er að finna það)	
			3	— og leitað er að fullu starfi en ef það fæst ekki kemur hlutastarf til greina	
			4	— og leitað er að hlutastarfi en ef það fæst ekki kemur fullt starf til greina	
			5	— og aðeins er leitað að hlutastarfi (eða búið er að finna það)	
			6	— og einstaklingur tók ekki fram hvort hann leitaði að fullu starfi eða hlutastarfi (eða hvort búið væri að finna það)	
			9	Á ekki við (SEEKWORK≠1,2,4 og LOOKOJ≠1)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
SEEKDUR	102	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Hversu lengi atvinnuleitin stóð*	SEEKWORK=1,4 eða LOOKOJ=1
			0	Leit hefur enn ekki hafist	
			1	Skemur en 1 mánuður	
			2	1–2 mánuðir	
			3	3–5 mánuðir	
			4	6–11 mánuðir	
			5	12–17 mánuðir	
			6	18–23 mánuðir	
			7	24–47 mánuðir	
			8	4 ár eða lengur	

Nafn	Dálkur	Tíðni	Kóði	Lýsing	Sía/athugasemdir
			9	Á ekki við (SEEKWORK≠1,4 og LOOKOJ≠1)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
				AÐFERÐIR SEM NOTAÐAR VORU Á SÍÐUSTU FJÓRUM VIKUM TIL AÐ FINNA ATVINNU	
METHODA	103	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Hafði samband við opinbera atvinnumiðlun til að finna atvinnu*	SEEKWORK=4 eða LOOKOJ=1
			0	Nei	
			1	Já	
			9	Á ekki við (SEEKWORK≠4 og LOOKOJ≠1)	
METHODB	104	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Hafði samband við einkarekna ráðningarstofu til að finna atvinnu*	SEEKWORK=4 eða LOOKOJ=1
			0	Nei	
			1	Já	
			9	Á ekki við (SEEKWORK≠4 og LOOKOJ≠1)	
METHODC	105	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Hafði beint samband við vinnuveitendur*	SEEKWORK=4 eða LOOKOJ=1
			0	Nei	
			1	Já	
			9	Á ekki við (SEEKWORK≠4 og LOOKOJ≠1)	
METHODD	106	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Spurði vini, ættingja, stéttarfélög o.s.frv.*	SEEKWORK=4 eða LOOKOJ=1
			0	Nei	
			1	Já	
			9	Á ekki við (SEEKWORK≠4 og LOOKOJ≠1)	
METHODE	107	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Auglýsingar settar í dagblöð eða tímarit eða þeim svarað*	SEEKWORK=4 eða LOOKOJ=1
			0	Nei	
			1	Já	
			9	Á ekki við (SEEKWORK≠4 og LOOKOJ≠1)	
METHODF	108	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Auglýsingar í dagblöðum eða tímaritum skoðaðar*	SEEKWORK=4 eða LOOKOJ=1
			0	Nei	
			1	Já	
			9	Á ekki við (SEEKWORK≠4 og LOOKOJ≠1)	
METHODG	109	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Tók próf eða fór í atvinnuviðtal*	SEEKWORK=4 eða LOOKOJ=1
			0	Nei	
			1	Já	
			9	Á ekki við (SEEKWORK≠4 og LOOKOJ≠1)	
METHODH	110	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Leitað að lóðum, húsnæði eða búnaði*	SEEKWORK=4 eða LOOKOJ=1
			0	Nei	
			1	Já	
			9	Á ekki við (SEEKWORK≠4 og LOOKOJ≠1)	

Nafn	Dálkur	Tíðni	Kóði	Lýsing	Sía/athugasemdir
METHODI	111	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Grennslast fyrir um heimildir, leyfi eða fjármögnun*	SEEKWORK=4 eða LOOKOJ=1
			0	Nei	
			1	Já	
			9	Á ekki við (SEEKWORK≠4 og LOOKOJ≠1)	
METHODJ	112	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Beðið eftir niðurstöðum úr atvinnuumsókn*	SEEKWORK=4 eða LOOKOJ=1
			0	Nei	
			1	Já	
			9	Á ekki við (SEEKWORK≠4 og LOOKOJ≠1)	
METHODK	113	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Beðið eftir að opinber atvinnumiðlun hafi samband*	SEEKWORK=4 eða LOOKOJ=1
			0	Nei	
			1	Já	
			9	Á ekki við (SEEKWORK≠4 og LOOKOJ≠1)	
METHODL	114	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Beðið eftir niðurstöðum úr samkeppni um ráðningu hjá hinu opinbera*	SEEKWORK=4 eða LOOKOJ=1
			0	Nei	
			1	Já	
			9	Á ekki við (SEEKWORK≠4 og LOOKOJ≠1)	
METHODM	115	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Aðrar aðferðir notaðar*	SEEKWORK=4 eða LOOKOJ=1
			0	Nei	
			1	Já	
			9	Á ekki við (SEEKWORK≠4 og LOOKOJ≠1)	
WANTWORK	116	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		Áhugi einstaklings, sem er ekki í atvinnuleit, á að vinna	EXISTPR=3
				Einstaklingur er ekki í atvinnuleit:	
			1	— en hefur samt sem áður áhuga á að fá vinnu	
			2	— og hefur ekki áhuga á að vinna	
			9	Á ekki við (SEEKWORK≠3)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
AVAILBLE	117	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Getur hafið störf innan tveggja vikna*	SEEKWORK=1,4 eða WANTWORK=1, óútfyllt eða WISHMORE=1
				Ef vinna finnst núna:	
			1	Einstaklingur getur hafið störf tafarlaust (innan tveggja vikna)	
			2	Einstaklingur getur ekki hafið störf tafarlaust (innan tveggja vikna)	
			9	Á ekki við (SEEKWORK≠1, 4 og WANTWORK≠1, óútfyllt og WISHMORE≠1)	

Nafn	Dálkur	Tíðni	Kóði	Lýsing	Sía/athugasemdir
AVAIREAS	118	ÁRLEGA		*Ástæður þess að einstaklingurinn getur ekki hafið störf innan tveggja vikna*	AVAILBLE=2
				Einstaklingur gat ekki hafið störf tafarlaust (innan tveggja vikna) vegna þess:	
			1	— að hann þarf að ljúka menntun eða þjálfun	
			2	— að hann þarf að ljúka herskyldu eða samfélagsþjónustu	
			3	— að hann getur ekki hætt í núverandi starfi innan tveggja vikna vegna uppsagnarfrests	
			4	— að persónulegar ástæður eða fjölskylduaðstæður valda (þ.m.t. barnsburðarleyfi)	
			5	— að eigin veikindi eða óvinnufærni veldur	
			6	— af öðrum ástæðum	
			9	Á ekki við (AVAILBLE≠2)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
PRESEEK	119	ÁRLEGA		*Aðstæður rétt áður en einstaklingur hóf atvinnuleit (eða beið eftir að byrja í nýju starfi)*	SEEKWORK=1,2,4
			1	Einstaklingur var í vinnu (þ.m.t. lærlingar og starfsnemar)	
			2	Einstaklingur var í fullu námi (þó ekki lærlingur og nemi)	
			3	Einstaklingur fékk kvaðningu um að gegna lögboðinni herskyldu eða samfélagsþjónustu	
			4	Einstaklingur sinnti heimilis- eða fjölskylduábyrgð	
			5	Annað (t.d. starfslok sökum aldurs)	
			9	Á ekki við (SEEKWORK=3,9)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
NEEDCARE	120	ÁRLEGA		*Skortur á gæslu barna og annarra skjólstæðinga*	FTPTREAS=3 eða SEEKREAS=3
				Einstaklingurinn er ekki að leita að starfi eða er í hlutastarfi vegna þess að:	
			1	viðeigandi umönnunarþjónusta fyrir börn er ekki fyrir hendi eða er of dýr	
			2	viðeigandi umönnunarþjónusta fyrir sjúka, fatlaða eða aldraða er ekki fyrir hendi eða er of dýr	
			3	viðeigandi umönnunarþjónusta fyrir börn og sjúka, fatlaða eða aldraða er ekki fyrir hendi eða er of dýr	
			4	umönnunarþjónusta hefur ekki áhrif á ákvörðun um að vera í hlutastarfi eða að leita ekki að starfi	
			9	Á ekki við (FTPTREAS≠3 og SEEKREAS≠3)	
			óútfyllt	Ekkert svar	

Nafn	Dálkur	Tíðni	Kóði	Lýsing	Sía/athugasemdir
REGISTER	121	ÁRLEGA		*Skráning hjá opinberri atvinnumiðlun*	allir á aldrinum 15 til 74 ára
			1	Einstaklingur er skráður hjá opinberri atvinnumiðlun og þiggur bætur eða aðstoð	
			2	Einstaklingur er skráður hjá opinberri atvinnumiðlun en þiggur hvorki bætur né aðstoð	
			3	Einstaklingur er ekki skráður hjá opinberri atvinnumiðlun en þiggur bætur eða aðstoð	
			4	Einstaklingur er ekki skráður hjá opinberri atvinnumiðlun og þiggur hvorki bætur né aðstoð	
			9	Á ekki við (einstaklingur er undir 15 ára aldri eða eldri en 75 ára)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
				AÐALATVINNUSTAÐA Á VINNUMARKAÐI	
MAINSTAT (valkvætt)	122	ÁRLEGA		*Helsta atvinnustaða*	allir 15 ára og eldri
			1	Gegnir starfi, þ.m.t. er ólaunuð vinna við fyrirtæki eða eign eigin fjölskyldu, einnig nám á námssamningi eða launuð starfsþjálfun o.s.frv.	
			2	Atvinnulaus	
			3	Nemandi, háskólanemi, frekari þjálfun, ólaunuð starfsreynsla	
			4	Kominn á eftirlaun eða snemmtekin eftirlaun eða er hættur atvinnustarfsemi	
			5	Varanlega fatlaður	
			6	Gegnir lögboðinni herskyldu	
			7	Heimavinnandi	
			8	Aðrir einstaklingar utan vinnumarkaðar	
			9	Á ekki við (barn yngra en 15 ára)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
				MENNTUN OG ÞJÁLFUN	
EDUCSTAT	123	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Námsmaður eða lærlingur sem stundað hefur reglubundið nám undanfarnar fjórar vikur*	allir 15 ára og eldri
			1	Hefur verið námsmaður eða lærlingur	
			3	Einstaklingur í reglubundnu námi en er í fríi	
			2	Hefur ekki verið námsmaður eða lærlingur	
			9	Á ekki við (barn yngra en 15 ára)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
EDUCLEVL	124	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Stig menntunar eða þjálfunar sem um er að ræða*	EDUCSTAT = 1 *eða* 3
			1	1. stig í alþjóðlegu menntunarflokkuninni	
			2	2. stig í alþjóðlegu menntunarflokkuninni	

Nafn	Dálkur	Tíðni	Kóði	Lýsing	Sía/athugasemdir
			3	3. stig í alþjóðlegu menntunarflokkuninni	
			4	4. stig í alþjóðlegu menntunarflokkuninni	
			5	5. stig í alþjóðlegu menntunarflokkuninni	
			6	6. stig í alþjóðlegu menntunarflokkuninni	
			9	Á ekki við (EDUCSTAT=2,9, óútfyllt)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
EDUCFILD (valkvætt)	125/127	ÁRLEGA		*Svið menntunar eða þjálfunar sem um er að ræða*	EDUCSTAT=1 *eða 3* og EDUCLEVL= 3 til 6
			000	Almennar áætlanir	
			100	Kennaranám og menntunarfræði	
			200	Hugvísindi, tungumál og listir	
			222	Erlend tungumál	
			300	Félagsvísindi, viðskiptafræði og lögfræði	
			400	Raunvísindi, stærðfræði og tölvuvinnsla	
			420	Lífvísindi (þ.m.t. líffræði og umhverfisfræði)	
			440	Eðlisvísindi (þ.m.t. eðlisfræði, efnafræði og jarðvísindi)	
			460	Stærðfræði og tölfræði	
			481	Tölvunarfræði	
			482	Tölvunotkun	
			500	Verkfræði, framleiðsla og byggingarstarfsemi	
			600	Landbúnaður og dýralækningar	
			700	Heilbrigðisvísindi og velferðarmál	
			800	Þjónustustarfsemi	
			900	Óþekkt	
			999	Á ekki við (EDUCSTAT=2,9, óútfyllt eða EDUCLEVL≠(3 til 6))	
			óútfyllt	Ekkert svar	
COURATT	128	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Sóttir þú einhver námskeið, málstofur, ráðstefnur eða naustu einkakennslu eða leiðsagnar utan hins hefðbundna menntakerfis (hér á eftir vísað til sem nám undir leiðsögn) undanfarnar fjórar vikur?*	Allir 15 ára og eldri
			1	Já	
			2	Nei	
			9	Á ekki við (barn yngra en 15 ára)	
			óútfyllt	Ekkert svar	

Nafn	Dálkur	Tíðni	Kóði	Lýsing	Sía/athugasemdir
COURLEN	129/131	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Fjöldi stunda sem varið var til náms undir leiðsögn undanfarnar fjórar vikur*	COURATT=1
			3 tölu-stafir	Fjöldi stunda	
			999	Á ekki við (COURATT=2,9, óútfyllt)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
COURPURP (valkvætt)	132	ÁRLEGA		*Tilgangur síðasta náms undir leiðsögn*	COURATT=1
			1	Að mestu leyti starfstengdur (faglegur)	
			2	Að mestu leyti persónulegur/ félagslegur	
			9	Á ekki við (COURATT=2,9, óútfyllt)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
COURFILD (valkvætt)	133/135	ÁRLEGA		*Svið síðasta náms undir leiðsögn*	COURATT=1
			000	Almennar áætlanir	
			100	Kennaranám og menntunarfræði	
			200	Hugvísindi, tungumál og listir	
			222	Erlend tungumál	
			300	Félagsvísindi, viðskiptafræði og lögfræði	
			400	Raunvísindi, stærðfræði og tölvuvinnsla	
			420	Lífvísindi (þ.m.t. líffræði og umhverfisfræði)	
			440	Eðlisvísindi (þ.m.t. eðlisfræði, efnafræði og jarðvísindi)	
			460	Stærðfræði og tölfræði	
			481	Tölvunarfræði	
			482	Tölvunotkun	
			500	Verkfræði, framleiðsla og byggingarstarfsemi	
			600	Landbúnaður og dýralækningar	
			700	Heilbrigðisvísindi og velferðarmál	
			800	Þjónustustarfsemi	
			900	Óþekkt	
			999	Á ekki við (COURATT=2,9, óútfyllt)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
COURWORH (valkvætt)	136	ÁRLEGA		*Fór síðasta nám undir leiðsögn fram á greiddum vinnutíma?*	COURATT=1
			1	Einungis á greiddum vinnutíma	
			2	Að mestu leyti á greiddum vinnutíma	
			3	Að mestu leyti utan greidds vinnutíma	
			4	Aðeins utan greidds vinnutíma	

Nafn	Dálkur	Tíðni	Kóði	Lýsing	Sía/athugasemdir
			5	Atvinnulaus á þeim tíma	
			9	Á ekki við (COURATT=2,9, óútfyllt)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
HATLEVEL	137/138	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Hæsta stig menntunar eða þjálfunar sem viðkomandi hefur lokið*	Allir 15 ára og eldri
			00	Engin formleg menntun eða lægri en 1. stig í alþjóðlegu menntunarflokkuninni (ISCED 1)	
			11	1. stig í alþjóðlegu menntunarflokkuninni	
			21	2. stig í alþjóðlegu menntunarflokkuninni	
			22	3. flokkur c í alþjóðlegu menntunarflokkuninni (styttra en *tvö* ár)	
			31	3. flokkur c í alþjóðlegu menntunarflokkuninni (*tvö* ár eða lengur)	
			32	3. flokkur a og b í alþjóðlegu menntunarflokkuninni	
			30	3. flokkur í alþjóðlegu menntunarflokkuninni (án aðgreiningar í a, b eða c, fleiri ár en 2)	
			41	4. flokkur a og b í alþjóðlegu menntunarflokkuninni	
			42	4. flokkur c í alþjóðlegu menntunarflokkuninni	
			43	4. flokkur í alþjóðlegu menntunarflokkuninni (án aðgreiningar í a, b eða c)	
			51	5. flokkur b í alþjóðlegu menntunarflokkuninni	
			52	5. flokkur a í alþjóðlegu menntunarflokkuninni	
			60	6. stig í alþjóðlegu menntunarflokkuninni	
			99	Á ekki við (barn yngra en 15 ára)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
HATFIELD	139/141	ÁRLEGA		*Svið hæsta stigs menntunar eða þjálfunar sem viðkomandi hefur lokið*	HATLEVEL=22 til 60
			000	Almennar áætlanir([1])	
			100	Kennaranám og menntunarfræði([1])	
			200	Hugvísindi, tungumál og listir([1])	
			222	Erlend tungumál	
			300	Félagsvísindi, viðskiptafræði og lögfræði([1])	
			400	Raunvísindi, stærðfræði og tölvuvinnsla([1])	
			420	Lífvísindi, þ.m.t. líffræði og umhverfisfræði([1])	
			440	Eðlisvísindi, þ.m.t. eðlisfræði, efnafræði og jarðvísindi([1])	
			460	Stærðfræði og tölfræði([1])	
			481	Tölvunarfræði	
			482	Tölvunotkun	

Nafn	Dálkur	Tíðni	Kóði	Lýsing	Sía/athugasemdir
			500	Verkfræði, framleiðsla og byggingarstarfsemi([1])	
			600	Landbúnaður og dýralækningar([1])	
			700	Heilbrigðisvísindi og velferðarmál([1])	
			800	Þjónustustarfsemi([1])	
			900	Óþekkt	
			999	Á ekki við (HATLEVEL=00, 11, 21, 99, óútfyllt)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
HATYEAR	142/145	ÁRLEGA		*Árið þegar hæsta stigi menntunar eða þjálfunar var lokið*	HATLEVEL=11–60
				Færið inn 4 tölustafi fyrir árið þegar hæsta stigi menntunar eða þjálfunar var lokið	
			9999	Á ekki við (HATLEVEL=00, 99, óútfyllt)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
				AÐSTÆÐUR EINU ÁRI FYRIR KÖNNUNINA	
WSTAT1Y	146	ÁRLEGA		*Aðstæður hvað varðar starfsemi einu ári fyrir könnunina*	allir 15 ára og eldri
			1	Gegnir starfi, þ.m.t. er ólaunuð vinna við fyrirtæki eða eign eigin fjölskyldu, einnig nám á námssamningi eða launuð starfsþjálfun o.s.frv.:	
			2	Atvinnulaus	
			3	Nemandi, háskólanemi, frekari þjálfun, ólaunuð starfsreynsla	
			4	Kominn á eftirlaun eða snemmtekin eftirlaun eða er hættur atvinnustarfsemi	
			5	Varanlega fatlaður	
			6	Gegnir lögboðinni herskyldu	
			7	Heimavinnandi	
			8	Aðrir einstaklingar utan vinnumarkaðar	
			9	Á ekki við (barn yngra en 15 ára)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
STAPRO1Y	147	ÁRLEGA		*Atvinnustaða einu ári fyrir könnunina*	WSTAT1Y/1
			1	Sjálfstætt starfandi einstaklingur með starfsmenn á launum	
			2	Sjálfstætt starfandi einstaklingur án starfsmanna á launum	
			3	Launamaður	
			4	Einstaklingur sem vinnur við fyrirtæki eigin fjölskyldu	
			9	Á ekki við (WSTAT1Y ≠ 1)	
			óútfyllt	Ekkert svar	

Nafn	Dálkur	Tíðni	Kóði	Lýsing	Sía/athugasemdir
NACE1Y2D	148/149	ÁRLEGA		*Efnahagsleg starfsemi starfsstöðvar þar sem einstaklingurinn vann einu ári fyrir könnunina*	WSTAT1Y/1
				Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk.	
			00	Á ekki við (WSTAT1Y ≠ 1)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
COUNTR1Y	150/151	ÁRLEGA		*Búsetuland einu ári fyrir könnunina*	Allir eins árs eða eldri
				Kóðun, sjá ISO-landaflokkun	
			99	Á ekki við (barn yngra en eins árs)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
REGION1Y	152/153	ÁRLEGA		*Búsetusvæði einu ári fyrir könnunina*	Allir eins árs eða eldri
				Flokkun hagskýrslusvæða 2	
			99	Á ekki við (einstaklingur sem hefur skipt um búsetuland eða barn sem er yngra en ársgamalt)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
				TEKJUR	
INCDECIL	154/155	ÁRLEGA		*Mánaðarlaun fyrir aðalstarf (útborguð laun)*	STAPRO=3
			01–10	Röð tíundarhluta	
			99	Á ekki við (STAPRO≠3)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
				TÆKNILEG ATRIÐI SEM TENGJAST VIÐTALINU	
REFYEAR	156/159	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Könnunarár*	allir
				4 tölustafir ársins	
REFWEEK	160/161	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Viðmiðunarvika*	allir
				Númer vikunnar frá mánudegi til sunnudags	
INTWEEK	162/163	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Viðtalsvika*	allir
				Númer vikunnar frá mánudegi til sunnudags	
LAND	164/165	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Land*	allir
				Kóðun, sjá ISO-landaflokkun	
SVÆÐI	166/167	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Svæði heimilis*	allir
				Flokkun hagskýrslusvæða 2	
DEGURBA	168	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Stig þéttbýlismyndunar*	allir
			1	Þéttbýlt svæði	
			2	Meðalþéttbýlt svæði	
			3	Strjálbýlt svæði	

Nafn	Dálkur	Tíðni	Kóði	Lýsing	Sía/athugasemdir
HHNUM	169/174	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Raðnúmer heimilis*	allir
				Hagstofur aðildarríkjanna úthluta raðnúmerum sem eru þau sömu í öllum bylgjum	
				Skrár sem eiga við allt heimilisfólk sama heimilis hafa sama raðnúmer	
HHTYPE	175	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Tegund heimilis*	allir
			1	Einstaklingur sem býr á einkaheimili (eða hefur fast aðsetur á hóteli) og fellur undir könnun á viðkomandi einkaheimili	
			2	Einstaklingur sem býr á stofnun og fellur undir könnun á viðkomandi stofnun	
			3	Einstaklingur sem býr á stofnun en fellur undir könnun á viðkomandi einkaheimili	
			4	Einstaklingur sem býr á öðru einkaheimili á yfirráðasvæði landsins en fellur undir könnun á viðkomandi upprunaheimili	
HHINST	176	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Tegund stofnunar*	HHTYPE=2,3
			1	Menntastofnun	
			2	Sjúkrahús	
			3	Önnur velferðarstofnun	
			4	Trúarleg stofnun (sem fellur ekki undir 1–3)	
			5	Gistiheimili fyrir starfsmenn, gistiaðstaða fyrir starfsmenn á byggingarstöðum, stúdentaíbúðir, stúdentagarðar o.s.frv.	
			6	Herbúðir	
			7	Annað (t.d. fangelsi)	
			9	Á ekki við (HHTYPE=1,4)	
			óútfyllt	Ekkert svar	
COEFFY	177/182	ÁRLEGA		*Árlegur vægisstuðull*	allir
			0000–9999	Í dálkum 177–180 eru heilar tölur	
			00–99	Í dálkum 181–182 eru aukastafir	
COEFFQ	183/188	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Ársfjórðungslegur vægisstuðull*	allir
			0000–9999	Í dálkum 183–186 eru heilar tölur	
			00–99	Í dálkum 187–188 eru aukastafir	
COEFFH	189/194	ÁRLEGA		*Árlegur vægisstuðull úrtaks að því er varðar skráningaratriði heimilis (þegar um er að ræða úrtak einstaklinga)*	
			0000–9999	Í dálkum 189–192 eru heilar tölur	

Nafn	Dálkur	Tíðni	Kóði	Lýsing	Sía/athugasemdir
			00–99	Í dálkum 193–194 eru aukastafir	
INTWAVE	195	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Raðnúmer könnunarbylgjunnar*	allir
			1–8	Raðnúmer bylgjunnar	
INTQUEST	196	ÁRSFJÓRÐUNGSLEGA		*Hvernig spurningalistinn er notaður*	allir
			1	Eingöngu grunnbreytur	
			2	Allur spurningalistinn	

([1]) Eða undirkaflar alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar 1997 — menntunarsvið — kóðaðir með 3 tölustöfum.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 250/2009 2015/EES/63/80

frá 11. mars 2009

um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 295/2008 að því er varðar skilgreiningar á könnunaratriðum, tæknilegt snið gagnasendinga, kröfur um tvöfalda skýrslugjöf fyrir atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, endursk. 1.1, og atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk., og undanþágur sem ber að veita vegna hagskýrslna um skipulag fyrirtækja(*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 295/2008 um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja([1]), einkum a-, c-, d- og e-liðum 1. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB, KBE) nr. 58/97([2]) var settur sameiginlegur rammi um hagskýrslugerð Bandalagsins um skipulag, starfsemi, samkeppnishæfni og afkomu fyrirtækja í Bandalaginu. Fyrir skýrleika sakir og til hagræðingar hefur sú reglugerð verið endurútgefin með mikilvægum breytingum á ýmsum ákvæðum.

2) Reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2700/98 um skilgreiningar á breytum fyrir hagskýrslur um skipulag fyrirtækja([3]) og (EB) nr. 2702/98 um tæknilegt snið til nota við afhendingu á hagskýrslum um skipulag fyrirtækja([4]) verður að aðlaga með tilliti til þessara breytinga. Fyrir skýrleika sakir ætti þessi reglugerð að koma í stað þeirra.

3) Nauðsynlegt er að skilgreina könnunaratriðin fyrir hagskýrslur um skipulag fyrirtækja til að fá fram gögn sem eru sambærileg og samræmd milli aðildarríkjanna.

4) Þar að auki er nauðsynlegt að tilgreina tæknilegt snið og verklag við afhendingu á þeim hagskýrslum um skipulag fyrirtækja sem taldar eru upp í I.–IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 295/2008, til að unnt sé að útbúa gögn sem eru sambærileg og samræmd milli aðildarríkjanna og draga með því úr hættu á skekkjum við afhendingu gagna og flýta fyrir því að unnt sé að vinna úr gögnunum sem safnað er og gera þau aðgengileg notendum.

5) Enn fremur er nauðsynlegt að skilgreina kröfur um tvöfalda skýrslugjöf um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja samkvæmt atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, endursk. 1.1, til viðbótar við þær hagskýrslur sem krafist er samkvæmt atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk., fyrir viðmiðunarárið 2008.

6) Í 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 295/2008 er kveðið á um að samþykkja megi undanþágur frá ákvæðum viðaukanna við þá reglugerð á umbreytingartímabilunum.

7) Nokkur aðildarríki hafa óskað eftir undanþágum fyrir umbreytingartímabilin frá tilteknum ákvæðum í I., II., III., VIII. og IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 295/2008 í því skyni að koma á nauðsynlegum gagnasöfnunarkerfum, eða aðlaga þau sem fyrir eru, til þess að ákvæði þeirrar reglugerðar hafi verið uppfyllt við lok umbreytingartímabilsins.

8) Ástæða virðist til að veita þessar undanþágur þar eð óskir aðildarríkjanna eru byggðar á lögmætri þörf til að aðlaga gagnasöfnunarkerfi sín frekar.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit hagskýrsluáætlunarnefndarinnar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 86, 31.3.2009, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 151/2009 frá 4. desember 2009 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 12, 11.3.2010, bls. 51.

([1]) Stjtíð. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 13-59.

([2]) Stjtíð. EB L 14, 17.1.1997, bls. 1.

([3]) Stjtíð. EB L 344, 18.12.1998, bls. 49.

([4]) Stjtíð. EB L 344, 18.12.1998, bls. 102.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Könnunaratriðin sem um getur í 3. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 295/2008 skulu vera eins og þau eru skilgreind í I. viðauka við þessa reglugerð.

Sé í þessum skilgreiningum vísað til ársreikninga fyrirtækja skal það metið svo að vísað sé til þeirra liða sem mælt er fyrir um í 9. gr. (efnahagsreikningur), 23. gr. (rekstrarreikningur) eða 43. gr. (athugasemdir við ársreikningana) fjórðu tilskipunar ráðsins 78/660/EBE um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð([1]) sem og til þeirra liða sem mælt er fyrir um í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003([2]).

2. gr.

Tæknilegt snið fyrir gagnasendingar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 295/2008 skal vera eins og sett er fram í II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Lögbær landsyfirvöld (hagstofur aðildarríkja og yfirvöld sem hafa eftirlit með tilteknum fjármálastofnunum) skulu senda gögn og lýsigögn sem afhent eru samkvæmt þessari reglugerð á rafrænu formi til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópubandalaganna). Afhendingarsniðið skal uppfylla viðeigandi staðla um gagnaskipti sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skilgreinir. Gögn skulu send eða þeim upphalað með rafeindatækni til sameiginlegs komustaðar fyrir gögn sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) rekur.

Aðildarríki skulu taka í notkun þá staðla um gagnaskipti og þær viðmiðunarreglur sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) leggur fyrir samkvæmt kröfum þessarar reglugerðar.

4. gr.

Kröfurnar um tvöfalda skýrslugjöf eins og um getur í 2. tölulið 9. liðar I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 295/2008 skulu vera eins og þær eru settar fram í III. viðauka við þessa reglugerð.

5. gr.

Undanþágur frá ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 295/2008 eins og um getur í I. viðauka (11. lið), II. viðauka (10. lið), III. viðauka (9. lið), VIII. viðauka (8. lið) og IX. viðauka (13. lið) þeirrar reglugerðar skal veita eftir því sem tilgreint er í IV. viðauka við þessa reglugerð.

6. gr.

Reglugerðir (EB) nr. 2700/98 og (EB) nr. 2702/98 eru hér með felldar úr gildi.

Þær skulu þó gilda áfram um söfnun, samantekt og gagnasendingar frá viðmiðunarárum fram að og að meðtöldu árinu 2007.

7. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. mars 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Joaquín ALMUNIA

framkvæmdastjóri.

([1]) Stjtíð. EB L 222, 14.8.1978, bls. 11.
([2]) Stjtíð. ESB L 261, 13.10.2003, bls. 1.

I. VIÐAUKI

SKILGREININGAR Á KÖNNUNARATRIÐUM

Kóði: 11 11 0

Heiti: Fjöldi fyrirtækja

Viðauki: I.–VIII.

Skilgreining:

Fjöldi fyrirtækja á markaði eins og þau eru skilgreind í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 696/93([1]) sem skráð eru í viðkomandi þýði í fyrirtækjaskránni eftir að villur í henni, einkum skekkjur vegna úrtaksramma, hafa verið leiðréttar. Aðeins ætti að telja með virkar einingar sem einhvern tímann á viðmiðunartímabilinu sýndu veltu eða starfsemi. Einingar í dvala (tímabundið óvirkar) og óvirkar einingar eru ekki taldar með. Þessi breyta ætti að ná yfir allar einingar sem hafa verið virkar á a.m.k. hluta viðmiðunartímabilsins. Hún nær einnig yfir starfsstöðvar (útibú) sem eru ekki aðskildir lögaðilar og sem eru háðar erlendum fyrirtækjum, að undanskilinni þeirri starfsemi sem fellur undir V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 295/2008. Að því er varðar hagskýrslur um starfsemi sem skilgreind er í 3. þætti V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 295/2008 skal þetta könnunaratriði takmarkast við fjölda fyrirtækja sem komið er á fót samkvæmt lögum skýrslugjafarlandsins og útibú fyrirtækja með aðalskrifstofu í löndum utan EES. Að því er varðar endurtryggingafélög eru ekki skráð nein útibú fyrirtækja með aðalskrifstofu í löndum utan EES. Að því er varðar hagskýrslur um starfsemi sem skilgreind er í 3. þætti VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 295/2008, skal þetta könnunaratriði einnig taka til lífeyrissjóða sem ekki hafa starfsfólk í vinnu. Það skal einnig taka til lífeyrissjóða, sem ekki eru stofnaðir sem lögaðilar og stjórnað er af rekstrarfélögum lífeyrissjóða, vátryggingafélögum eða öðrum fjármálastofnunum (án þess þó að falla undir ársreikninga þessara stofnana). Könnunaratriðið skal þó ekki taka til þeirra lífeyrissjóða sem eru ekki stofnaðir aðskilið frá fjármögnunarfyrirtækinu eða -atvinnugreininni (t.d. lífeyrissjóðir sem eru ekki sjálfstæðir og fyrirtækjasjóðir sem ekki byggja á sjóðsöfnun og vinnuveitandi rekur yfirleitt sem viðbótarstarfsemi).

Kóði: 11 11 1

Heiti: Fjöldi fyrirtækja, sundurliðað eftir réttarstöðu

Viðauki: V. og VI.

Skilgreining:

Fjöldi fyrirtækja (sjá breytu 11 11 0) er sundurliðaður eftir réttarstöðu.

Tenging við aðrar breytur:

„Fjöldi fyrirtækja, sundurliðað eftir réttarstöðu“ felur í sér frekari sundurliðun á fjölda fyrirtækja (11 11 0).

Kóði: 11 11 2

Heiti: Fjöldi fyrirtækja, sundurliðað eftir stærðarflokki bókfærðra brúttóiðgjalda

Viðauki: V.

Skilgreining:

Fjöldi fyrirtækja (sjá breytu 11 11 0) sem er sundurliðaður eftir stærðarflokkum bókfærðra brúttóiðgjalda.

Tenging við aðrar breytur:

Fjöldi fyrirtækja, sundurliðað eftir stærðarflokki bókfærðra brúttóiðgjalda, felur í sér frekari sundurliðun á fjölda fyrirtækja (11 11 0).

Kóði: 11 11 3

Heiti: Fjöldi fyrirtækja, sundurliðað eftir stærðarflokki heildarvátryggingaskulda

Viðauki: V.

Skilgreining:

Fjöldi fyrirtækja (sjá breytu 11 11 0) sem er sundurliðaður eftir stærðarflokki heildarvátryggingaskulda.

([1]) Stjtíð. EB L 76, 30.3.1993, bls. 1

Tenging við aðrar breytur:

Fjöldi fyrirtækja, sundurliðað eftir stærðarflokki heildarvátryggingaskulda, felur í sér frekari sundurliðun á fjölda fyrirtækja (11 11 0).

Kóði: 11 11 4

Heiti: Fjöldi fyrirtækja, sundurliðað eftir aðsetri móðurfyrirtækis

Viðauki: VI.

Skilgreining:

Með „móðurfyrirtæki“ er átt við móðurfyrirtæki eins og það er skilgreint í 1. og 2. gr. tilskipunar ráðsins 83/349/EBE frá 13. júní 1983([1]) um samstæðureikninga, sem byggir á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans og sérhvert fyrirtæki sem, að áliti hlutaðeigandi eftirlitsstofnunar, hefur í raun ráðandi áhrif í lánastofnuninni.

Nota skal eftirfarandi landfræðilega sundurliðun móðurfyrirtækja: móðurfyrirtæki sem er staðsett í heimaaðildarríki (fyrirtækinu, sem í hlut á, telst stjórnað af innlendum aðilum), móðurfyrirtæki sem er staðsett í öðrum löndum (fyrirtækinu, sem í hlut á, telst stjórnað af erlendum aðilum). Útibú lánastofnana með aðalskrifstofu í öðru landi en skýrslugjafarlandinu hafa ekki nein móðurfyrirtæki. Þessi fyrirtæki eru ekki tekin til athugunar hér. Sú hageining sem hefur endanleg yfirráð, eins og hún er skilgreind í reglugerð (EB) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 716/2007([2]) er það hugtak sem ætti að nota eftir því sem kostur er.

Tenging við aðrar breytur:

„Fjöldi fyrirtækja, sundurliðað eftir aðsetri móðurfyrirtækis“ er hluti af fjölda fyrirtækja (11 11 0).

Kóði: 11 11 5

Heiti: Fjöldi fyrirtækja, sundurliðað eftir aðseturslandi móðurfyrirtækisins

Viðauki: V.

Skilgreining:

Með „móðurfyrirtæki“ er átt við móðurfyrirtæki í skilningi 1. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 83/349/EBE frá 13. júní 1983 um samstæðureikninga, sem byggð er á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans, og sérhvert fyrirtæki sem, að áliti hlutaðeigandi eftirlitsstofnunar, hefur í raun ráðandi áhrif í tryggingafélaginu.

Nota skal eftirfarandi landfræðilega sundurliðun móðurfyrirtækja: móðurfyrirtæki sem er staðsett í heimaaðildarríki (fyrirtækinu, sem í hlut á, telst stjórnað af innlendum aðilum), móðurfyrirtæki sem er staðsett í öðrum löndum (fyrirtækinu, sem í hlut á, telst stjórnað af erlendum aðilum). Þar sem gagnkvæm fyrirtæki og útibú tryggingafyrirtækja með höfuðstöðvar í löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins hafa engin móðurfyrirtæki eru þau ekki tekin til skoðunar hér. Sú hageining sem hefur endanleg yfirráð, eins og hún er skilgreind í (EB) nr. 716/2007, er það hugtak sem ætti að nota eftir því sem kostur er.

Tenging við aðrar breytur:

„Fjöldi fyrirtækja eftir aðsetri móðurfyrirtækis“ er hluti af fjölda fyrirtækja (11 11 0).

Kóði: 11 11 6

Heiti: Fjöldi fyrirtækja, sundurliðað eftir stærðarflokki niðurstöðutölu efnahagsreiknings

Viðauki: VI.

Skilgreining:

Fjöldi fyrirtækja (sjá breytu 11 11 0) er sundurliðaður eftir stærðarflokki niðurstöðutölu efnahagsreiknings. Tekið er mið af niðurstöðutölu efnahagsreiknings í lok uppgjörsárs (sjá breytu 43 30 0).

([1]) Stjtíð. EB L 193, 18.7.1983, bls. 1
([2]) Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2007, bls. 17

Tenging við aðrar breytur:

„Fjöldi fyrirtækja, sundurliðað eftir stærðarflokki niðurstöðutölu efnahagsreiknings," felur í sér frekari sundurliðun á fjölda fyrirtækja (11 11 0).

Kóði: 11 11 7

Heiti: Fjöldi fyrirtækja, sundurliðað eftir flokkum lánastofnana

Viðauki: VI.

Skilgreining:

Fjöldi fyrirtækja (sjá breytu 11 11 0) er sundurliðaður eftir flokkum lánastofnana á eftirfarandi hátt: bankar með starfsleyfi, sérhæfðar lánastofnanir, aðrar lánastofnanir.

Tenging við aðrar breytur:

„Fjöldi fyrirtækja, sundurliðað eftir flokkum lánastofnana" felur í sér frekari sundurliðun á fjölda fyrirtækja (11 11 0).

Kóði: 11 11 8

Heiti: Fjöldi fyrirtækja, sundurliðað eftir stærð fjárfestinga

Viðauki: **VII.**

Skilgreining:

Fjöldi fyrirtækja, eins og þau eru skilgreind í breytu 11 11 0, sundurliðað eftir stærðarflokkum fjárfestinga, um er að ræða fjárfestingar sem heyra undir breyturnar 48 10 0 eða 48 10 4, þ.e. heildarfjárfestingar á markaðsvirði.

Tenging við aðrar breytur:

Breytan „Fjöldi fyrirtækja, sundurliðað eftir stærð fjárfestinga" (11 11 8) felur í sér frekari sundurliðun á breytunni „Fjöldi fyrirtækja" (11 11 0).

Kóði: 11 11 9

Heiti: Fjöldi fyrirtækja, sundurliðað eftir stærðarflokkum félagsaðila

Viðauki: **VII.**

Skilgreining:

Fjöldi fyrirtækja, eins og þau eru skilgreind í breytu 11 11 0, sundurliðað eftir stærðarflokkum félagsaðila, um er að ræða félagsaðilana sem skilgreindir eru í breytunni „Fjöldi félagsaðila" (48 70 0).

Athugasemd: Taka ætti mið af fjölda félagsaðila í lok uppgjörsárs.

Tenging við aðrar breytur:

Breytan „Fjöldi fyrirtækja, sundurliðað eftir stærðarflokkum félagsaðila" (11 11 9) felur í sér frekari sundurliðun á breytunni „Fjöldi fyrirtækja" (11 11 0).

Kóði: 11 15 0

Heiti: Fjöldi fyrirtækja með lífeyrissjóði sem eru ekki sjálfstæðir

Viðauki: **VII.**

Skilgreining:

Þessi breyta varðar fjölda fyrirtækja sem eru með bókfærða varasjóði (e. *book reserves*) til að greiða launþegum sínum lífeyri. Stjórnun lífeyrissjóðs, sem ekki er sjálfstæður, er viðbótarstarfsemi hjá þessum fyrirtækjum.

Kóði: 11 21 0

Heiti: Fjöldi starfsstöðva

Viðauki: I. til IV. og VI.

Skilgreining:

Fjöldi starfsstöðva eins og þær eru skilgreindar í reglugerð (EBE) nr. 696/93, sem skráðar eru í viðkomandi þýði í fyrirtækjaskránni eftir að villur í henni, einkum skekkjur vegna úrtaksramma, hafa verið leiðréttar. Starfsstöðvar verður að telja með jafnvel þó þar sé ekkert launað starfsfólk. Þessi breyta ætti að taka með allar einingar sem hafa verið virkar á a.m.k. hluta viðmiðunartímabilsins.

Kóði: 11 31 0

Heiti: Fjöldi rekstrareininga

Viðauki: II. og IV.

Skilgreining:

Fjöldi rekstrareininga eins og þær eru skilgreindar í reglugerð (EBE) nr. 696/93, sem skráðar eru í viðkomandi þýði í fyrirtækjaskránni eftir að villur í henni, einkum skekkjur vegna úrtaksramma, hafa verið leiðréttar, eða mat á þeim fjölda ef þessi gerð eininga er ekki skráð. Þessi breyta ætti að taka með allar einingar sem hafa verið virkar á a.m.k. hluta viðmiðunartímabilsins.

Kóði: 11 41 0

Heiti: Heildarfjöldi útibúa í öðrum löndum og staðsetning þeirra

Viðauki: V.

Skilgreining:

Útibú eins og það er skilgreint í 1. gr. tilskipunar ráðsins 92/49/EBE (þriðja tilskipun um skaðatryggingar)([1]) og í 1. gr. tilskipunar ráðsins 92/96/EBE (þriðja tilskipun um líftryggingar)([2]). Nota skal eftirtalda landfræðilega sundurliðun á fjölda útibúa erlendis: sérhvert einstakt annað aðildarríki, önnur EES-lönd, Sviss, Bandaríkin, Japan, önnur þriðju lönd (önnur lönd).

Kóði: 11 41 1

Heiti: Heildarfjöldi útibúa, sundurliðað eftir staðsetningu í löndum utan EES

Viðauki: VI.

Skilgreining:

„Útibú“ er skilgreint í 1. gr. tilskipunar ráðsins 89/646/EBE([3]) og tíundað nánar í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um réttinn til að veita þjónustu og um hagsmuni almennings í annarri bankatilskipuninni (95/C 291/06).

Nota skal eftirtalda landfræðilega sundurliðun á fjölda útibúa erlendis: Sviss, Bandaríkin, Japan, þriðju lönd (önnur lönd).

Athugasemd: Tekið er tillit til allra virkra útibúa í löndum utan EES sem tilkynnt hefur verið um í heimaaðildarríki lánastofnunarinnar.

Kóði: 11 51 0

Heiti: Heildarfjöldi fjárhagslegra dótturfyrirtækja, sundurliðað eftir staðsetningu í öðrum löndum

Viðauki: VI.

Skilgreining:

Með „dótturfyrirtæki“ er átt við dótturfyrirtæki eins og það er skilgreint í 1. og 2. gr. tilskipunar 83/349/EBE um samstæðureikninga, byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans. Öll fyrirtæki innan ramma fjármálaþjónustufyrirtækja (eins og þau eru skilgreind í kafla 1.3 í handbók um aðferðafræði í hagskýrslugerð um lánastofnanir) eru meðtalin.

Athugasemd: Nota skal eftirtalda landfræðilega sundurliðun á dótturfyrirtækjum: Hvert einstakt aðildarríki (að heimalandinu frátöldu), önnur EES-lönd (að heimalandinu frátöldu), Sviss, Bandaríkin, Japan, þriðju lönd (önnur lönd). Einungis skal taka tillit til fyrsta stigs dótturfyrirtækja.

([1]) Stjtíð. EB L 311, 14.11.1997, bls. 35
([2]) Stjtíð. EB L 360, 9.12.1992, bls. 1
([3]) Stjtíð. EB L 386, 30.12.1989, bls. 1

Kóði: 11 61 0

Heiti: Fjöldi lífeyriskerfa

Viðauki: VII.

Skilgreining:

Þessi breyta skal taka til heildarfjölda lífeyriskerfa undir stjórn lífeyrissjóða. Lífeyriskerfi byggist á samningi, yfirleitt milli aðila vinnumarkaðsins, sem kveður á um hvaða eftirlaun eru greidd og með hvaða skilyrðum.

Kóði: 11 91 0

Heiti: Þýði virkra fyrirtækja í t

Viðauki: IX.

Skilgreining:

Fjöldi fyrirtækja á markaði sem einhvern tímann á gefnu viðmiðunartímabili sýndu veltu eða starfsemi.

Kóði: 11 92 0

Heiti: Fjöldi nýstofnaðra fyrirtækja í t

Viðauki: IX.

Skilgreining:

Fjöldi nýstofnaðra markaðsfyrirtækja sem skráð eru í viðkomandi þýði í fyrirtækjaskránni eftir villuleiðréttingar. Nýtt fyrirtæki telst stofnað þegar framleiðsluþættir hafa verið settir saman á nýjan hátt, með þeim takmörkunum að engin önnur fyrirtæki eigi þar hlut að máli. Færslur í þýðið vegna samruna, þegar fyrirtæki er leyst upp, uppskiptingar eða endurskipulagningar í fyrirtækjahópi falla ekki undir þessa breytu. Hún nær ekki heldur yfir færslur í undirþýði sem aðeins eru til komnar vegna breytinga á starfsemi.

Kóði: 11 93 0

Heiti: Fjöldi niðurlagðra fyrirtækja í t

Viðauki: IX.

Skilgreining:

Fjöldi niðurlagðra markaðsfyrirtækja sem skráð eru í viðkomandi þýði í fyrirtækjaskránni eftir villuleiðréttingar. Niðurlagning jafngildir því að samsetning framleiðsluþátta sé hætt, með þeim takmörkunum að engin önnur fyrirtæki eigi þar hlut að máli. Niðurlagningar ná ekki yfir fækkun í þýði vegna samruna, við yfirtöku, þegar fyrirtæki er leyst upp eða við endurskipulagningu í fyrirtækjahópi. Þær ná ekki heldur yfir fækkun í undirþýði sem aðeins er til komin vegna breytinga á starfsemi.

Kóði: 11 94 1

Heiti: Fjöldi nýlega stofnaðra fyrirtækja í t-1 sem eru enn í rekstri til t

Kóði: 11 94 2

Heiti: Fjöldi nýlega stofnaðra fyrirtækja í t-2 sem eru enn í rekstri til t

Kóði: 11 94 3

Heiti: Fjöldi nýlega stofnaðra fyrirtækja í t-3 sem eru enn í rekstri til t

Kóði: 11 94 4

Heiti: Fjöldi nýlega stofnaðra fyrirtækja í t-4 sem eru enn í rekstri til t

Kóði: 11 94 5

Heiti: Fjöldi nýlega stofnaðra fyrirtækja í t-5 sem eru enn í rekstri til t

Viðauki: IX.

Skilgreining:

Fyrirtæki, sem um getur í þessum breytum, eru enn í rekstri ef þau eru virk hvað varðar atvinnu og/eða veltu á stofnárinu og eftirkomandi ári/árum. Þeim má skipta í tvo flokka:

1) Fyrirtæki sem stofnað er á ári t-1 telst enn í rekstri á ári t ef það er virkt með tilliti til veltu og/eða atvinnu á hvaða hluta ársins t sem er (= enn í rekstri án breytinga).

2) Fyrirtæki telst einnig enn í rekstri þó að tengdar lögformlegar einingar, ein eða fleiri, séu ekki lengur virkar ef starfsemi þeirra hefur verið tekin yfir af nýrri lögformlegri einingu sem sérstaklega er stofnuð til að taka yfir framleiðsluþætti þess fyrirtækis (= enn í rekstri með yfirtöku).

Kóði: 12 11 0

Heiti: Velta

Viðauki: I.–V., VII. og VIII.

Skilgreining:

Að því er varðar hagskýrslur um starfsemi sem skilgreind er í 3. þætti I.–IV. og VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 295/2008 að undanskilinni þeirri starfsemi sem flokkuð er í K-bálki í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk. er velta sú heildarfjárhæð sem viðkomandi spurnareining reikningsfærir á viðmiðunartímabilinu og svarar til sölu á vörum eða þjónustu til þriðja aðila. Vörusala nær yfir vörur sem fyrirtækið framleiðir, sem og varning sem smásali kaupir eða land eða aðrar eignir til endursölu (ef lönd og aðrar eignir voru upphaflega keyptar í fjárfestingartilgangi ætti ekki að telja þær með veltu). Veiting þjónustu felur að jafnaði í sér að fyrirtæki vinnur verk samkvæmt samningi á umsömdu tímabili. Tekjur af langtímasamningum (t.d. byggingasamningum) ætti að færa með tilvísun til hvers verkáfanga sem lokið er í samningnum en ekki samkvæmt verklokaaðferðinni. Vörur sem framleiddar eru til eigin neyslu eða fjárfestingar ættu að falla utan veltu.

Velta nær yfir öll gjöld og skatta á vörur eða þjónustu sem færð er til reiknings hjá einingunni að undanskildum virðisaukasköttum. Fyrirtækið innheimtir virðisaukaskatt í áföngum og neytandi vörunnar greiðir hann að fullu.

Hann tekur einnig til alls annars kostnaðar (vegna flutnings, pökkunar o.s.frv.), sem fellur á viðskiptavininn, jafnvel þótt þessi kostnaður sé talinn upp sérstaklega í reikningnum. Draga verður frá verðlækkanir, afslátt og virði umbúða sem skilað er.

Tekjur flokkaðar samkvæmt fjórðu reikningsskilatilskipun sem aðrar rekstrartekjur, fjárhagstekjur og óreglulegar tekjur í ársreikningum fyrirtækja, sem og tekjur af notkun annarra á fyrirtækjaeignum sem gefa af sér vexti, rétthafa- og arðgreiðslur og aðrar tekjur samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IAS og IFRS) skulu falla utan veltu. Rekstrarstyrkir frá opinberum yfirvöldum eða stofnunum Evrópusambandsins eru einnig undanskildir.

Samsvarandi heiti þessa könnunaratriðis, að því er varðar hagskýrslur um starfsemi, sem skilgreint er í 3. þætti V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 295/2008, er „Bókfærð brúttóiðgjöld“. Þetta könnunaratriði er skilgreint í 35. gr. tilskipunar 91/674/EBE([1]). Athugasemd: Fyrir uppsetningu á rekstrarreikningum (tekjur og gjöld af vátryggingarekstri): ákvæði a-liðar 1. liðar I. liðar 34. gr. í tilskipun 91/674/EBE um skaðatryggingafélög og ákvæði a-liðar 1. liðar II. liðar 34. gr. tilskipunar 91/674/EBE um líftryggingafélög.

Samsvarandi heiti þessa könnunaratriðis, að því er varðar hagskýrslur um starfsemi, sem skilgreind er í 3. þætti VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 295/2008, er „Lífeyrisiðgjöld alls“. Þetta könnunaratriði skal taka til allra lífeyrisiðgjalda sem koma til greiðslu á fjárhagsárinu að því er varðar lífeyrissamninga, s.s. öll skyldubundin iðgjöld, önnur reglubundin iðgjöld, valfrjáls viðbótariðgjöld, réttindi flutt í sjóðinn og önnur lífeyrisiðgjöld.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Að því er varðar hagskýrslur um starfsemi, sem skilgreind er í 3. þætti I.–IV. og VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 295/2008 að undanskilinni þeirri starfsemi sem flokkuð er í K-bálki í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk.

([1]) Stjtíð. EB L 374, 31.12.1991, bls. 7

Fjórða reikningsskilatilskipun: *tilskipun ráðsins 78/660/EBE*

Velta eins og hún er skilgreind hér að ofan vegna hagskýrslugerðar nær yfir bókhaldsliðinn

— Hrein velta að meðtöldum öðrum sköttum á vörur sem tengjast veltu en eru ekki frádráttarbærar

Reglusetning um alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS): reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002([1]) *og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003*

Velta eins og hún er skilgreind vegna hagskýrslugerðar nær yfir bókhaldsliðina:

— tekjur af vörusölu og veitingu þjónustu (alþjóðlegur reikningsskilastaðall 18.35). Ef vaxtatekjur, tekjur af arði og rétthafagreiðslum eru taldar með í þessum lið skulu þær dregnar frá.

Tenging við aðrar breytur:

Að því er varðar hagskýrslur um starfsemi, sem skilgreind er í 3. þætti I.–IV. og VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 295/2008 að undanskildum fyrirtækjum með starfsemi sem flokkuð er í K-bálki í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk.

— Velta er notuð við útreikning á framleiðsluverðmæti (12 12 0) og öðrum samtölum og jöfnuði.

— Veltu má sundurliða eftir starfsemi: Velta í i. aðalstarfsemi, ii. iðnrekstri, iii. viðskiptum vegna kaupa, endursölu og milliliðastarfsemi, iv. milliliðastarfsemi (umboðsaðilar), v. annarri persónulegri þjónustustarfsemi (18 11 0 til 18 16 0).

— Veltu má sundurliða eftir vörutegundum: sundurliðun veltu eftir vörutegundum (18 21 0).

Að því er varðar hagskýrslur um starfsemi sem skilgreind er í 3. þætti V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 295/2008 eru „Bókfærð bruttóiðgjöld“ (12 11 0) reiknuð út á eftirfarandi hátt:

bókfærð frumtryggingariðgjöld (12 11 1),

\+ bókfærð, fengin endurtryggingariðgjöld, bókfærð iðgjöld (12 11 2).

Bókfærð bruttóiðgjöld eru notuð við útreikning á Iðgjaldatekjum (32 11 0) og öðrum samtölum og jöfnuði.

Að því er varðar hagskýrslur um starfsemi, sem skilgreind er í 3. þætti VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 295/2008 er velta (Lífeyrisiðgjöld alls) reiknuð út á eftirfarandi hátt:

lífeyrisiðgjöld frá félagsaðilum (48 00 1),

\+ lífeyrisiðgjöld frá vinnuveitendum (48 00 2),

\+ flutt réttindi í sjóðinn (48 00 3),

\+ önnur lífeyrisiðgjöld (48 00 4)

eða:

lífeyrisiðgjöld til kerfa ákvarðaðra réttinda (48 00 5),

\+ lífeyrisiðgjöld til kerfa ákvarðaðra réttinda (48 00 6),

\+ lífeyrisiðgjöld til blandaðra kerfa (48 00 7).

Að því er varðar hagtölur um starfsemi, sem skilgreind er í 3. þætti VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 295/2008 er „Velta“ sundurliðuð frekar eftir vörutegundum og búsetu viðskiptavinarins

([1]) Stjtíð. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1

Kóði: 12 11 1

Heiti: Bókfærð frumtryggingariðgjöld

Viðauki: V.

Skilgreining:

Ákvæði 35. gr. tilskipunar ráðsins 91/674/EBE. Aðeins frumtryggingariðgjöld eru tekin með.

Athugasemd:

Fyrir uppsetningu á rekstrarreikningum (tekjur og gjöld af vátryggingarekstri): ákvæði a-liðar 1. liðar I. liðar 34. gr. í tilskipun 91/674/EBE um skaðatryggingafélög og ákvæði a-liðar 1. liðar II. liðar 34. gr. tilskipunar 91/674/EBE um líftryggingafélög.

Tenging við aðrar breytur:

Bókfærð frumtryggingariðgjöld (12 11 1)

\+ Bókfærð, fengin endurtryggingariðgjöld, bókfærð iðgjöld (12 11 2)

= Bókfærð brúttóiðgjöld (12 11 0)

Kóði: 12 11 2

Heiti: Bókfærð, fengin endurtryggingariðgjöld, bókfærð iðgjöld

Viðauki: V.

Skilgreining:

Ákvæði 35. gr. tilskipunar ráðsins 91/674/EBE – bókfærð, fengin endurtryggingariðgjöld, bókfærð iðgjöld eru talin með í vátryggingarhluta rekstrarreikningsins. Aðeins fengin bókfærð iðgjöld hins yfirtekna fyrirtækis eru tekin með.

Athugasemd:

Fyrir uppsetningu á rekstrarreikningum (tekjur og gjöld af vátryggingarekstri): ákvæði a-liðar 1. liðar I. liðar 34. gr. í tilskipun 91/674/EBE um skaðatryggingafélög og ákvæði a-liðar 1. liðar II. liðar 34. gr. tilskipunar 91/674/EBE um líftryggingafélög.

Tenging við aðrar breytur:

Bókfærð frumtryggingariðgjöld (12 11 1)

\+ Bókfærð, fengin endurtryggingariðgjöld, bókfærð iðgjöld (12 11 2)

= Bókfærð brúttóiðgjöld (12 11 0)

Kóði: 12 11 3

Heiti: Bókfærð frumtryggingariðgjöld, stök iðgjöld

Viðauki: V.

Skilgreining:

Ákvæði 35. gr. tilskipunar ráðsins 91/674/EBE – bókfærð frumtryggingariðgjöld, stök iðgjöld eru talin með í vátryggingarhluta rekstrarreikningsins.

Athugasemd:

Hvað varðar sundurliðun stakra iðgjalda: ákvæði 63. gr. tilskipunar 91/674/EBE.

Tenging við aðrar breytur:

Bókfærð frumtryggingariðgjöld, stök iðgjöld (12 11 3)

\+ Bókfærð frumtryggingariðgjöld, iðgjöld fyrir hóptryggingar (12 11 4)

= Bókfærð frumtryggingariðgjöld (12 11 1)

Kóði: 12 11 4

Heiti: Bókfærð frumtryggingariðgjöld, iðgjöld fyrir hóptryggingar

Viðauki: V.

Skilgreining:

Ákvæði 35. gr. tilskipunar ráðsins 91/674/EBE – bókfærð frumtryggingariðgjöld, iðgjöld fyrir hóptryggingar eru færð undir vátryggingarhluta rekstrarreikningsins.

Athugasemd:

Hvað varðar sundurliðun iðgjalda fyrir hóptryggingar: ákvæði 63. gr. tilskipunar 91/674/EBE.

Tenging við aðrar breytur:

Bókfærð frumtryggingariðgjöld, stök iðgjöld (12 11 3)

\+ Bókfærð frumtryggingariðgjöld, iðgjöld fyrir hóptryggingar (12 11 4)

= Bókfærð frumtryggingariðgjöld (12 11 1)

Kóði: 12 11 5

Heiti: Bókfærð frumtryggingariðgjöld, lotubundin iðgjöld

Viðauki: V.

Skilgreining:

Ákvæði 35. gr. tilskipunar ráðsins 91/674/EBE – bókfærð frumtryggingariðgjöld, lotubundin iðgjöld eru talin með í vátryggingarhluta rekstrarreikningsins.

Athugasemd:

Hvað varðar sundurliðun lotubundinna iðgjalda: ákvæði 63. gr. tilskipunar 91/674/EBE.

Tenging við aðrar breytur:

Bókfærð frumtryggingariðgjöld, lotubundin iðgjöld (12 11 5)

\+ Bókfærð frumtryggingariðgjöld, eingreiðsluiðgjöld (12 11 6)

= Bókfærð frumtryggingariðgjöld (12 11 1)

Kóði: 12 11 6

Heiti: Bókfærð frumtryggingariðgjöld, eingreiðsluiðgjöld

Viðauki: V.

Skilgreining:

Ákvæði 35. gr. tilskipunar ráðsins 91/674/EBE – bókfærð frumtryggingariðgjöld, eingreiðsluiðgjöld eru talin með í vátryggingarhluta rekstrarreikningsins.

Athugasemd:

Hvað varðar sundurliðun eingreiðsluiðgjalda: ákvæði 63. gr. tilskipunar 91/674/EBE.

Tenging við aðrar breytur:

Bókfærð frumtryggingariðgjöld, lotubundin iðgjöld (12 11 5)

\+ Bókfærð frumtryggingariðgjöld, eingreiðsluiðgjöld (12 11 6)

= Bókfærð frumtryggingariðgjöld (12 11 1)

Kóði: 12 11 7

Heiti: Bókfærð frumtryggingariðgjöld, iðgjöld af samningum án ágóðahlutdeildar

Viðauki: V.

Skilgreining:

Ákvæði 35. gr. tilskipunar ráðsins 91/674/EBE – bókfærð frumtryggingariðgjöld, iðgjöld af samningum án ágóðahlutdeildar eru talin með í vátryggingarhluta rekstrarreikningsins.

Athugasemd:

Hvað varðar sundurliðun iðgjalda af samningum án ágóðahlutdeildar: ákvæði 63. gr. tilskipunar 91/674/EBE.

Tenging við aðrar breytur:

Bókfærð frumtryggingariðgjöld, iðgjöld af samningum án ágóðahlutdeildar (12 11 7)

\+ Bókfærð frumtryggingariðgjöld, iðgjöld af samningum með ágóðahlutdeild (12 11 8)

\+ Bókfærð frumtryggingariðgjöld, iðgjöld af samningum þar sem vátryggingartakar bera fjárfestingaráhættuna (12 11 9)

= Bókfærð frumtryggingariðgjöld (12 11 1)

Kóði: 12 11 8

Heiti: Bókfærð frumtryggingariðgjöld, iðgjöld af samningum með ágóðahlutdeild

Viðauki: V.

Skilgreining:

Ákvæði 35. gr. tilskipunar ráðsins 91/674/EBE – bókfærð frumtryggingariðgjöld, iðgjöld af samningum með ágóðahlutdeild eru talin með í vátryggingarhluta rekstrarreikningsins.

Athugasemd:

Hvað varðar sundurliðun iðgjalda af samningum með ágóðahlutdeild: ákvæði 63. gr. tilskipunar 91/674/EBE.

Tenging við aðrar breytur:

Bókfærð frumtryggingariðgjöld, iðgjöld af samningum án ágóðahlutdeildar (12 11 7)

\+ Bókfærð frumtryggingariðgjöld, iðgjöld af samningum með ágóðahlutdeild (12 11 8)

\+ Bókfærð frumtryggingariðgjöld, iðgjöld af samningum þar sem vátryggingartakar bera fjárfestingaráhættuna (12 11 9)

= Bókfærð frumtryggingariðgjöld (12 11 1)

Kóði: 12 11 9

Heiti: Bókfærð frumtryggingariðgjöld; iðgjöld af samningum vegna fjárfestingaráhættu vátryggingartaka

Viðauki: V.

Skilgreining:

Ákvæði 35. gr. tilskipunar ráðsins 91/674/EBE – bókfærð frumtryggingariðgjöld, iðgjöld af samningum vegna fjárfestingaráhættu vátryggingartaka eru talin með í vátryggingarhluta rekstrarreikningsins.

Athugasemd:

Hvað varðar sundurliðun iðgjalda af samningum vegna fjárfestingaráhættu vátryggingartaka: ákvæði 63. gr. tilskipunar 91/674/EBE.

Tenging við aðrar breytur:

Bókfærð frumtryggingariðgjöld, iðgjöld af samningum án ágóðahlutdeildar (12 11 7)

\+ Bókfærð frumtryggingariðgjöld, iðgjöld af samningum með ágóðahlutdeild (12 11 8)

\+ Bókfærð frumtryggingariðgjöld, iðgjöld af samningum þar sem vátryggingartakar bera fjárfestingaráhættuna (12 11 9)

= Bókfærð frumtryggingariðgjöld (12 11 1)

Kóði: 12 12 0

Heiti: Framleiðsluverðmæti

Viðauki: I. til IV., VI. og VII.

Skilgreining:

Að því er varðar hagskýrslur um starfsemi, sem skilgreind er í 3. þætti I. til IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 295/2008 að undanskildum fyrirtækjum með starfsemi sem flokkuð er í K-bálki í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk.

Framleiðsluverðmæti mælir raunverulega framleiðslu einingarinnar, byggt á sölu, þ.m.t. breytingar á birgðum og endursölu á vörum og þjónustu.

Framleiðsluverðmæti er skilgreint sem velta eða tekjur af sölu vöru og þjónustu, að viðbættum eða frádregnum breytingum á birgðum fullunninnar vöru, vöru í vinnslu og vöru og þjónustu sem keypt er til endursölu, að frádregnum kaupum á vöru og þjónustu til endursölu (á aðeins við um þær vörur og þjónustu sem seld er á skýrslutímabilinu en ekki geymslu- og flutningskostnað þeirrar vöru sem keypt er til endursölu), að viðbættri framleiðslu sem færð er til eignar og að viðbættum öðrum tekjum (rekstrartekjum og óreglulegum tekjum, að undanskildum styrkjum). Tekjur og gjaldaliðir sem í ársreikningum fyrirtækja eru flokkuð sem fjármunatekjur eða sem tekjur í formi vaxta og arðs eru ekki talin með framleiðsluverðmæti. Meðtalin í kaupum á vörum og þjónustu til endursölu eru kaup á þjónustu, sem keypt er til að veita þriðja aðila, í óbreyttu ástandi.

Athugasemd: Framleiðsla sem færð er til eignar nær yfir framleiðslu fyrir eigin reikning á öllum vörum sem framleiðandinn heldur eftir sem fjárfestingu. Hið síðarnefnda nær yfir framleiðslu á efnislegum fastafjármunum (byggingum o.s.frv.) sem og óefnislegum eignum (hugbúnaðarþróun o.s.frv.). Framleiðsla sem færð er til eignar er óseld framleiðsla og metin á framleiðslukostnaðarverði. Athugið að þessar fjárfestingarvörur skal einnig taka með í fjárfestingu.

Athugasemd: Aðrar tekjur (rekstrartekjur og óreglulegar tekjur) eru liður í ársreikningum fyrirtækja. Innihald þessa liðar getur verið breytilegt eftir geirum og tímabilum og ekki er hægt að skilgreina það nákvæmlega vegna hagskýrslugerðar.

Að því er varðar hagskýrslur um starfsemi í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk. flokkar 65.1 og 65.2, er framleiðsluverðmæti skilgreint sem iðgjaldatekjur, að viðbættum heildartekjum af verðbréfakaupum, að viðbættri annarri þjónustu sem er látin í té, að frádregnum tjónum ársins alls, að undanskildum útgjöldum við uppgjör tjóna, og að viðbættum söluhagnaði af eignum.

Að því er varðar hagskýrslur um starfsemi, sem skilgreind er í 3. þætti VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 295/2008, er framleiðsluverðmæti skilgreint sem vaxtatekjur og hliðstæðar tekjur, að frádregnum vaxtagjöldum og hliðstæðum gjöldum, að viðbættum óinnheimtum þóknunartekjum, að viðbættum tekjum af hlutabréfum og öðrum verðbréfum með breytilegri ávöxtun, að viðbættum hreinum tekjum eða hreinu tapi af fjármálastarfsemi, að viðbættum öðrum rekstrartekjum.

Að því er varðar hagskýrslur um starfsemi, sem skilgreind er í 3. þætti VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 295/2008, er framleiðsluverðmæti skilgreint sem velta, að frádregnum ógreiddum tryggingariðgjöldum, að viðbættum fjárfestingartekjum, að viðbættum öðrum tekjum, að viðbættum óinnheimtum vátryggingakröfum, að frádregnum heildarútgjöldum vegna lífeyris og að frádreginni hreinni breytingu á vátryggingaskuldum.

Að því er varðar fyrirtækin í atvinnugrein nr. 64.11 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins 2. endursk. (seðlabankar), er framleiðsluverðmæti skilgreint sem vaxtatekjur og hliðstæðar tekjur, að frádregnum vaxtagjöldum og hliðstæðum gjöldum, að viðbættum óinnheimtum þóknunartekjum, að viðbættum tekjum af hlutabréfum og öðrum verðbréfum með breytilegri ávöxtun, að viðbættum hreinum tekjum eða hreinu tapi af fjármálastarfsemi og að viðbættum öðrum rekstrartekjum.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Að því er varðar hagskýrslur um starfsemi, sem skilgreind er í 3. þætti I.–IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 295/2008 að undanskildum fyrirtækjum með starfsemi sem flokkuð er í K-bálki í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk.

Fjórða reikningsskilatilskipun: *tilskipun ráðsins 78/660/EBE*

Þegar framleiðsluverðmæti er reiknað út eru eftirtaldir bókhaldsliðir lagðir til grundvallar:

— hrein velta

— hluti af öðrum rekstrartekjum – að undanskildum styrkjum

— hluti af óreglulegum tekjum – að undanskildum styrkjum

— breytingar á birgðum fullunninnar vöru og vörum í vinnslu

— hluti af Hráefnum og rekstrarvörum er varða kaup og breytingar á birgðum vöru til endursölu

— verk unnið af fyrirtæki í eigin þágu og fært þar til eignar

Reglusetning um alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS): *reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003*

Efnisþættir Framleiðsluverðmæta eru innifaldir í eftirfarandi bókhaldsliðum (starfsemiskostnaðaraðferð):

— tekjur af vörusölu og veitingu þjónustu, tekjur af rétthafagreiðslum (að undanskildum vaxtatekjum og tekjum af arði ef þær eru meðtaldar í tekjum)

— aðrar tekjur – að undanskildum styrkjum

\+ birgðabreytingar á fullunnum vörum og vörum í vinnslu

– - hluti af hráefnum og rekstrarvörum er varða kaup og breytingar á birgðum vöru til endursölu

– + verk unnið af fyrirtæki í eigin þágu og fært þar til eignar (meðtalið í öðrum tekjum)

Efnisþættir Framleiðsluverðmæta eru innifaldir í eftirfarandi bókhaldsliðum (tegundaflokkun):

— tekjur af vörusölu og veitingu þjónustu, tekjur af rétthafagreiðslum (að undanskildum vaxtatekjum og tekjum af arði ef þær eru meðtaldar í tekjum)

— aðrar tekjur – að undanskildum styrkjum

— - kostnaðarverð seldra vara að undanskildum kostnaði við fyrningar og afskriftir

— + verk unnið af fyrirtæki í eigin þágu og fært þar til eignar (meðtalið í öðrum tekjum)

Tenging við aðrar breytur:

Að því er varðar hagskýrslur um starfsemi, sem skilgreind er í 3. þætti I.–IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 295/2008 að undanskildum fyrirtækjum með starfsemi sem flokkuð er í K-bálki í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk. er grundvöllur framleiðsluverðmætis

Velta (12 11 0),

+/- Breytingar á birgðum af fullunnum vörum og vörum í vinnslu, sem einingin sjálf framleiðir (13 21 3)

+/- Breytingar á birgðum af vörum og þjónustu sem keypt er til endursölu í óbreyttu ástandi (13 21 1)

\- Kaup á vörum og þjónustu sem keypt er til endursölu í óbreyttu ástandi (13 12 0)

\+ Framleiðsla sem færð er til eignar

\+ Aðrar rekstrartekjur (að undanskildum styrkjum)

Framleiðsluverðmæti er notað við útreikning á Vinnsluvirði á þáttaverði (12 15 0) og öðrum samtölum og jöfnuði.

Að því er varðar hagskýrslur um starfsemi í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk. flokkar 65.1 og 65.2, er framleiðsluverðmæti reiknað út á eftirfarandi hátt:

Þegar um er að ræða líftryggingar:

Bókfærð bráttóiðgjöld (12 11 0),

\+ Verg breyting á vátryggingarsjóðum fyrir iðgjaldaskuldir (32 11 2)

\+ Fjárfestingartekjur (32 22 0)

\- Bakfærsla fjárfestinga (32 71 5)

\- Hagnaður af sölu fjárfestinga (32 71 6)

\- Tekjur af eignarhlutum (32 71 1)

+ [(Heildarvátryggingaskuldir (37 30 0) – Hrein vátryggingaskuld alls (37 30 1))/Hrein vátryggingaskuld alls (37 30 1)] × (Fjárfestingartekjur (32 22 0) – Bakfærsla fjárfestinga (32 71 5) – Hagnaður af sölu fjárfestinga (32 71 6) – Tekjur af eignarhlutum (32 71 1)),

+ Aðrar tekjur af vátryggingum, hrein fjárhæð (32 16 1)

+ Aðrar tekjur (32 46 0)

- Bókfærð tjón (32 13 1)

- Verg breyting á vátryggingarsjóðum fyrir tjónaskuldir (32 13 4)

+ Ytri og innri tjónauppgjörskostnaður (32 61 5)

+ Hagnaður af sölu fjárfestinga (32 71 6)

+ Dulinn hagnaður af fjárfestingum (32 23 0)

- Tap af sölu fjárfestinga (32 72 3)

- Dulið tap af fjárfestingum (32 28 0)

- Verg breyting á líftryggingasjóði (32 25 0)

- Áunnin ágóðahlutdeild og afslættir, nettófjárhæð (32 16 3)

- Breytingar á sjóði til ráðstöfunar síðar (hluti af 32 29 0)

- Hreinar breytingar annarra vátryggingaskulda, ekki tilgreint í öðrum liðum (32 16 2).

Þegar um er að ræða skaðatryggingar og endurtryggingar:

Bókfærð brúttóiðgjöld (12 11 0)

+ Verg breyting á vátryggingarsjóðum fyrir iðgjaldaskuldir (32 11 2)

+ Fjárfestingartekjur (32 42 0)

- Bakfærsla fjárfestinga (32 71 5)

- Hagnaður af sölu fjárfestinga (32 71 6)

- Tekjur af eignarhlutum (32 71 1)

+ [(Heildarvátryggingaskuldir (37 30 0) – Hrein vátryggingaskuld alls (37 30 1))/Hrein vátryggingaskuld alls (37 30 1)] × (Fjárfestingartekjur (32 42 0) – Bakfærsla fjárfestinga (32 71 5) – Hagnaður af sölu fjárfestinga (32 71 6) – Tekjur af eignarhlutum (32 71 1))

+ Aðrar tekjur af vátryggingum, hrein fjárhæð (32 16 1)

+ Aðrar tekjur (32 46 0)

- Bókfærð tjón (32 13 1)

- Verg breyting á vátryggingarsjóðum fyrir tjónaskuldir (32 13 4)

+ Ytri og innri tjónauppgjörskostnaður (32 61 5)

\+ Hagnaður af sölu fjárfestinga (32 71 6)

\- Tap af sölu fjárfestinga (32 72 3)

\- Áunnin ágóðahlutdeild og afslættir, nettófjárhæð (32 16 3)

\- Breyting á útjöfnunarsjóði (32 15 0)

\- Hreinar breytingar annarra vátryggingaskulda, ekki tilgreint í öðrum liðum (32 16 2).

Að því er varðar hagskýrslur um starfsemi, sem skilgreind er í 3. þætti VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 295/2008 er framleiðsluverðmæti reiknað út á eftirfarandi hátt:

Vaxtatekjur og hliðstæðar tekjur (42 11 0)

\- Vaxtagjöld og hliðstæð gjöld (42 12 0)

\+ Þóknunartekjur (42 14 0)

\+ Tekjur af hlutabréfum og öðrum verðbréfum með breytilegri ávöxtun (42 13 1)

\+ Hreinn hagnaður eða tap af fjármálastarfsemi (42 20 0)

\+ Aðrar rekstrartekjur (42 31 0)

Að því er varðar hagskýrslur um starfsemi, sem skilgreind er í 3. þætti VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 295/2008 er Framleiðsluverðmæti reiknað út á eftirfarandi hátt:

Velta (12 11 0),

\- Ógreidd iðgjöld (48 05 0)

\+ Fjárfestingartekjur (48 01 0)

\+ Aðrar tekjur (48 02 2)

\+ Óinnheimtar vátryggingarkröfur (48 02 1)

\- Heildarútgjöld vegna lífeyris (48 03 0)

\- Hrein breyting á vátryggingaskuld (48 04 0)

Kóði: 12 13 0

Heiti: Vergur hagnaður af vörum til endursölu

Viðauki: II.–IV.

Skilgreining

Samsvarar hagnaði af kaupum og endursölu án frekari úrvinnslu. Hagnaðurinn er reiknaður út frá veltu, kaupum og breytingum á birgðum af vörum og þjónustu sem keypt var til endursölu í óbreyttu ástandi.

Meðtalið í veltu, kaupum og breytingum á birgðum af vörum og þjónustu til endursölu er sala, kaup og birgðabreytingar á þjónustu sem keypt er til að veita þriðja aðila í óbreyttu ástandi.

Einnig kallað vergur viðskiptahagnaður.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Að því er varðar hagskýrslur um starfsemi, sem skilgreind er í 3. þætti I.–IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 295/2008 að undanskildum fyrirtækjum með starfsemi sem flokkuð er í K-bálki í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk.

Fjórða reikningsskilatilskipun: *tilskipun ráðsins 78/660/EBE*

Þessar tölur má ekki einangra í ársreikningum fyrirtækja. Samkvæmt fjórðu reikningsskilatilskipun (78/660) eru þær hluti af hreinni veltu og hráefnum og rekstrarvörum í reikningunum.

Reglusetning um alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS): reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003

Þessar tölur má ekki einangra í ársreikningum fyrirtækja. Í tegundaflokkuninni eru þær hluti af tekjum og hráefnum og rekstrarvörum sem notaðar eru. Í starfsemiskostnaðaraðferðinni eru þær hluti af tekjum og kostnaðarverði seldra vara.

Tenging við aðrar breytur:

Grundvöllur vergs hagnaðar af vörum til endursölu er

Viðskipti vegna kaupa og endursölu (18 16 0)

- Kaup á vörum og þjónustu sem keypt er til endursölu í óbreyttu ástandi (13 12 0)

+/- Breytingar á birgðum af vörum og þjónustu sem keypt er til endursölu í óbreyttu ástandi (13 21 1)

— Vergur hagnaður af vörum til endursölu er hluti af framleiðsluverðmæti (12 12 0)

Kóði: 12 15 0

Heiti: Vinnsluvirði á þáttaverði

Viðauki: I. til IV., VI. og VII.

Skilgreining

Að því er varðar hagskýrslur um starfsemi, sem skilgreind er í 3. þætti I.–IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 295/2008 að undanskildum fyrirtækjum með starfsemi sem flokkuð er í K-bálki í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk. er vinnsluvirði á þáttaverði vergar tekjur af rekstri eftir leiðréttingar vegna rekstrarstyrkja og óbeinna skatta.

Hægt er að reikna það út sem veltu, að viðbættri framleiðslu sem færð er til eignar, að viðbættum öðrum rekstrartekjum (að meðtöldum rekstrarstyrkjum), að viðbættum eða frádregnum breytingum á birgðum, að frádregnum kaupum á vörum og þjónustu, að frádregnum öðrum sköttum á vörur sem tengjast veltu en eru ekki frádráttarbærar, og að frádregnum gjöldum og sköttum sem tengjast framleiðslu. Gjöld og skattar tengd framleiðslu eru lögboðnar, einhliða greiðslur í fé eða fríðu sem opinber yfirvöld eða stofnanir Evrópusambandsins leggja á framleiðslu og innflutning á vörum og þjónustu, ráðningu vinnuafls, eignarrétt á eða afnotarétt af landi, byggingum eða öðrum eignum, sem notaðar eru við framleiðslu án tillits til magns eða verðmætis vörunnar og þjónustunnar sem framleidd er eða seld. Annar möguleiki er að reikna það út sem vergan rekstrarafgang að viðbættum starfsmannakostnaði.

Samkvæmt fjórðu reikningsskilatilskipun (78/660/EBE) eru þær tekjur og þau útgjöld sem flokkuð eru sem fjármunatengd í ársreikningum fyrirtækja undanskilin vinnsluvirði. Tekjur og útgjöld flokkuð sem vaxtatekjur, arðstekjur, gengishagnaður á erlendum gjaldmiðlum af lántöku erlendra gjaldmiðla sem tengjast vaxtagjöldum, hagnaður af innlausnum og ógildingum skulda eða fjármagnskostnaðar samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) 1725/2003 falla ekki undir vinnsluvirði

Vinnsluvirði á þáttaverði er reiknað sem „vergt“ þar sem virðisbreytingar (t.d. fyrningar og virðisrýrnunartap) eru ekki dregnar frá.

Að því er varðar hagskýrslur um starfsemi í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk. flokkar 65.1 og 65.2, er vinnsluvirði á þáttaverði skilgreint sem framleiðsluverðmæti að frádregnu vergu gildi endurtryggingaþjónustu, að frádregnum þóknunum og að frádregnum öðrum ytri útgjöldum vegna vara og þjónustu.

Að því er varðar hagskýrslur um starfsemi, sem skilgreind er í 3. þætti VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 295/2008 er vinnsluvirði á þáttaverði skilgreint sem framleiðsluverðmæti, að frádregnum heildarkaupum á vöru og þjónustu.

Að því er varðar hagskýrslur um starfsemi, sem skilgreind er í 3. þætti VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 295/2008 er vinnsluvirði á þáttaverði skilgreint sem framleiðsluverðmæti, að frádregnum heildarkaupum á vöru og þjónustu.

Að því er varðar fyrirtækin í grein 64.11 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 2. endursk. er vinnsluvirði á þáttaverði skilgreint sem framleiðsluverðmæti, að frádregnum heildarkaupum á vöru og þjónustu.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Að því er varðar hagskýrslur um starfsemi, sem skilgreind er í 3. þætti I.–IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 295/2008 að undanskildum fyrirtækjum með starfsemi sem flokkuð er í K-bálki í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk.

Fjórða reikningsskilatilskipun: *tilskipun ráðsins 78/660/EBE*

Hægt er að reikna vinnsluvirði á þáttaverði út beint með eftirtalda bókhaldsliði til grundvallar:

— hrein velta

— breytingar á birgðum fullunninnar vöru og vörum í vinnslu

— verk unnið af fyrirtæki í eigin þágu og fært þar til eignar

— hráefni og rekstrarvörur

— önnur ytri gjöld

— annar rekstrarkostnaður

— aðrar rekstrartekjur

— óreglulegur kostnaður

— óreglulegar tekjur

Reglusetning um alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS): reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003

Vinnsluvirði á þáttaverði er hægt að reikna út beint með tegundaflokkun með eftirtalda bókhaldsliði til grundvallar

Tekjur (að undanskildum tekjum af vöxtum og arði ef þær eru taldar með í tekjum)

+/- Birgðabreytingar á fullunnum vörum og vörum í vinnslu

- Hráefni og rekstrarvörur sem eru notuð

- Önnur útgjöld

+ Aðrar tekjur

Hægt er að reikna vinnsluvirði á þáttaverði út beint með starfsemiskostnaðaraðferðinni með eftirtalda bókhaldsliði til grundvallar

Tekjur (að undanskildum tekjum af vöxtum og arði ef þær eru taldar með í tekjum)

- Kostnaðarverð seldra vara (að undanskildum kostnaði vegna starfskjara og kostnaði við fyrningar og afskriftir)

- Dreifingarkostnaður (að undanskildum kostnaði vegna starfskjara)

- Stjórnunarkostnaður (að undanskildum kostnaði vegna starfskjara)

- Önnur útgjöld

+ Aðrar tekjur

Tenging við aðrar breytur:

Að því er varðar hagskýrslur um starfsemi, sem skilgreind er í 3. þætti I.–IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 295/2008 að undanskildum fyrirtækjum með starfsemi sem flokkuð er í K-bálki í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk.,

Grundvöllur vinnsluvirði á þáttaverði er

Velta (12 11 0)

+/- Breytingar á birgðum af vörum og þjónustu (13 21 0)

+ Framleiðsla sem færð er til eignar

+ Aðrar rekstrartekjur

- Heildarkaup á vörum og þjónustu (13 11 0)

- Aðrir skattar á vörur sem eru veltutengdir en ekki frádráttarbærir

- Gjöld og skattar sem tengjast framleiðslu

— Vinnsluvirði á þáttaverði er notað við útreikning á vergum rekstrarafgangi (12 17 0) og öðrum samtölum og jöfnuði.

Að því er varðar hagskýrslur um starfsemi í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk. flokkar 65.1 og 65.2, er vinnsluvirði á þáttaverði reiknað út sem:

Framleiðsluverðmæti (12 12 0),

- Heildarkaup á vörum og þjónustu (13 11 0).

Að því er varðar hagskýrslur um starfsemi, sem skilgreind er í 3. þætti VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 295/2008 er vinnsluvirði á þáttaverði reiknað út á eftirfarandi hátt:

Framleiðsluverðmæti (12120),

- Heildarkaup á vörum og þjónustu (13 11 0).

Að því er varðar hagskýrslur um starfsemi, sem skilgreind er í 3. þætti VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 295/2008, er vinnsluvirði á þáttaverði reiknað út á eftirfarandi hátt:

Framleiðsluverðmæti (12 12 0),

- Heildarkaup á vörum og þjónustu (13 11 0).

Kóði: 12 17 0

Heiti: Vergur rekstrarafgangur

Viðauki: *I.–IV.*

Skilgreining

Vergur rekstrarafgangur er tekjur umfram gjöld af rekstri eftir að kostnaður við vinnuafl hefur verið greiddur. Hægt er að reikna hann út sem vinnsluvirði á þáttaverði að frádregnum starfsmannakostnaði. Þetta er sá mismunur sem gerir einingunni kleift að endurgreiða fjármögnunaraðilum eigin fjárframlög og lán, greiða skatta og að lokum fjármagna alla fjárfestingu sína eða hluta af henni.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Að því er varðar hagskýrslur um starfsemi, sem skilgreind er í 3. þætti I.–IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 295/2008 að undanskildum fyrirtækjum með starfsemi sem flokkuð er í K-bálki í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk.

Fjórða reikningsskilatilskipun: *tilskipun ráðsins 78/660/EBE*

Hægt er að reikna út vergan rekstrarafgang út frá eftirtöldum bókhaldsliðum:

hrein velta

— breytingar á birgðum fullunninnar vöru og vörum í vinnslu

— verk unnið af fyrirtæki í eigin þágu og fært þar til eignar

— hráefni og rekstrarvörur

— önnur ytri gjöld

— annar rekstrarkostnaður

— aðrar rekstrartekjur

— óreglulegur kostnaður

— óreglulegar tekjur

— starfsmannakostnaður

Reglusetning um alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS): reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003

Hægt er að reikna vergan rekstrarafgang beint út með tegundaflokkun út frá eftirtöldum bókhaldsliðum

— Tekjur (að undanskildum tekjum af vöxtum og arði ef þær eru taldar með í tekjum)

— +/- Birgðabreytingar á fullunnum vörum og vörum í vinnslu

— - Hráefni og rekstrarvörur sem eru notuð

— - Önnur útgjöld

— + Aðrar tekjur

— - kostnaður vegna starfskjara

Hægt er að reikna vergan rekstrarafgang út beint með starfsemiskostnaðaraðferðinni út frá eftirtöldum bókhaldsliðum

— - Tekjur (að undanskildum tekjum af vöxtum og arði ef þær eru taldar með í tekjum)

— - Kostnaðarverð seldra vara (að undanskildum fyrningum og afskriftum)

— - Dreifingarkostnaður (að undanskildum fyrningum og afskriftum)

— - Stjórnunarkostnaður (að undanskildum fyrningum og afskriftum)

— - Önnur útgjöld (að undanskildum fyrningum og afskriftum)

— + Aðrar tekjur

Tenging við aðrar breytur:

Vergur rekstrarafgangur er byggður á

Vinnsluviði á þáttaverði (12 15 0)

- Starfsmannakostnaði (13 31 0)

Kóði: 13 11 0

Heiti: Heildarkaup á vörum og þjónustu

Viðauki: I. til IV., VI. og VII.

Skilgreining

Kaup á vörum og þjónustu ná yfir verðmæti allrar vöru og þjónustu sem keypt er á uppgjörstímabilinu, til endursölu eða notkunar í framleiðsluferlinu, að undanskildum fjárfestingarvörum en notkun þeirra er skráð sem fjármunanotkun. Vörurnar og þjónustuna sem um er að ræða má í fyrsta lagi endurselja með frekari umbreytingum eða án þeirra, í öðru lagi nota til fulls í framleiðsluferlinu eða, í síðasta lagi, geyma sem birgðir.

Meðtalin í þessum kaupum eru efnin sem fara beint í framleiðsluvörurnar (hráefni, millistigsvörur, íhlutir), að viðbættum smáverkfærum og búnaði sem ekki eru færð til eignar. Einnig er meðtalið verðmæti hjálparefna (smurefna, vatns, umbúða, viðhalds- og viðgerðarefna, skrifstofuvöru) sem og orkuvara. Hráefniskaup til framleiðslu á fjárfestingarvörum sem einingin framleiðir sjálf eru tekin með í þessari breytu.

Þjónusta sem greitt er fyrir á viðmiðunartímabilinu er einnig talin með án tillits til hvort hún er tengd iðnaði eða ekki. Í þessari tölu eru greiðslur fyrir alla vinnu sem unnin er af þriðja aðila fyrir hönd einingarinnar, þ.m.t. daglegar viðgerðir og viðhald, vinna við uppsetningar og tæknilegar rannsóknir. Upphæðir sem greiddar eru fyrir uppsetningu fjárfestingarvara og verðmæti fjárfestingarvaranna sjálfra eru undanskildar.

Einnig eru meðtaldar greiðslur fyrir þjónustu sem ekki er tengd iðnaði t.d. greiðslur til lögfræðinga og endurskoðenda, greiðslur fyrir einkaleyfi og önnur leyfi (séu þau ekki færð til eignar), iðgjöld, kostnaður við fundi með hluthöfum og stjórn, framlög til fyrirtækjasamtaka og fagfélaga, kostnaður við póstsendingar, síma, rafræn samskipti, ritsíma og faxtæki, flutningaþjónusta fyrir vörur og starfsfólk, auglýsingakostnaður, umboðslaun (séu þau ekki innifalin í launum), leiga, bankakostnaður (að undanskildum vaxtagreiðslum) og öll önnur viðskiptaþjónusta sem þriðji aðili veitir. Meðtalin er þjónusta sem einingin umbreytir og eignfærir sem framleiðslu sem færð er til eignar.

Útgjöld flokkuð sem fjármunagjöld eða sem tekjur í formi vaxta og arðs eru ekki talin með í heildarkaupum á vörum og þjónustu.

Kaup á vörum og þjónustu eru metin á innkaupsverði, þ.e. því verði sem kaupandinn greiðir í raun fyrir vörurnar, þ.m.t. allir skattar, að frádregnum styrkjum, á þær vörur sem keyptar eru, þó að undanskildum virðisaukatengdum sköttum.

Engir aðrir skattar og gjöld á vörurnar eru því dregnir frá við mat á kaupum vörunnar og þjónustunnar. Meðferð á framleiðslusköttum skiptir ekki máli í mati á þessum kaupum.

Að því er varðar hagskýrslur um starfsemi, sem skilgreind er í 3. þætti I.–IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 295/2008 að undanskildum fyrirtækjum með starfsemi sem flokkuð er í K-bálki í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk. teljast útgjöld flokkuð sem fjármunagjöld í ársreikningum fyrirtækja ekki með í heildarkaupum á vörum og þjónustu.

Að því er varðar hagskýrslur um starfsemi í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk., flokkar 65.1 og 65.2, eru heildarkaup á vörum og þjónustu skilgreind sem vergt gildi endurtryggingaþjónustu sem þegin er að viðbættum samanlögðum þóknunum, eins og um getur í 64. gr. tilskipunar ráðsins 91/674, og að viðbættum öllum öðrum ytri kostnaði við vöru og þjónustu (að undanskildum starfsmannakostnaði).

Að því er varðar hagskýrslur um starfsemi, sem skilgreind er í 3. þætti VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 295/2008, eru heildarkaup á vörum og þjónustu skilgreind sem þóknunargjöld, að viðbættum öðrum stjórnunarkostnaði og öðrum rekstrarkostnaði.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Að því er varðar hagskýrslur um starfsemi, sem skilgreind er í 3. þætti I.–IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 295/2008 að undanskildum fyrirtækjum með starfsemi sem flokkuð er í K-bálki í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk.

Fjórða reikningsskilatilskipun: *tilskipun ráðsins 78/660/EBE*

Þegar kaup á vörum og þjónustu eru reiknuð út má leggja eftirtalda bókhaldsliði til grundvallar:

— Hráefni og rekstrarvörur (áður en grein er gerð fyrir breytingum á birgðum af vörum og þjónustu)

— Önnur ytri gjöld (áður en grein er gerð fyrir breytingum á birgðum af vörum og þjónustu)

— hluti af Öðrum rekstrarkostnaði – Sá hluti sem hér um ræðir eru greiðslur fyrir vörur og þjónustu sem ekki eru taldar með í bókhaldsliðunum tveimur hér á undan (hráefni og rekstrarvörur og önnur ytri gjöld). Hinn hluti þessa liðar eru greiðslur á framleiðslusköttum.

— Óreglulegur kostnaður

Reglusetning um alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS): reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003

Hægt er að reikna út kaup á vörum og þjónustu með tegundaflokkun út frá eftirtöldum bókhaldsliðum

— Hráefni og rekstrarvörur sem eru notuð

— Önnur útgjöld (áður en grein er gerð fyrir breytingum á birgðum af vörum og þjónustu)

Hægt er að reikna út kaup á vörum og þjónustu með starfsemiskostnaðaraðferðinni út frá eftirtöldum bókhaldsliðum

— Kostnaðarverð seldra vara (áður en gerð er grein fyrir breytingum vöru og þjónustu og að undanskildum kostnaði vegna starfskjara, fyrninga og afskrifta)

— Dreifingarkostnaður (á uppgjörstímabilinu og að undanskildum kostnaði vegna starfskjara, fyrninga og afskrifta)

— Stjórnunarkostnaður (á uppgjörstímabilinu og að undanskildum kostnaði vegna starfskjara, fyrninga og afskrifta)

— Önnur útgjöld

Tenging við aðrar breytur:

Að því er varðar hagskýrslur um starfsemi, sem skilgreind er í 3. þætti I.–IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 295/2008, að undanskildum fyrirtækjum með starfsemi sem flokkuð er í K-bálki í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk., eru heildarkaup á vörum og þjónustu notuð við útreikning á vinnsluvirði á þáttaverði (12 15 0) og öðrum samtölum og jöfnuði.

Margir liðir sem teljast með í Heildarkaupum á vörum og þjónustu eru auðkenndir hver fyrir sig

— Sala á vörum og þjónustu sem keypt er til endursölu í óbreyttu ástandi (13 12 0)

— Greiðslur til afleysingafólks (13 13 1)

— Greiðslur fyrir langtímaleigu og rekstrarleigu á búnaði (13 41 1)

— Kaup á orkuvörum (20 11 0)

Að því er varðar hagskýrslur um starfsemi í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk., flokkar 65.1 og 65.2, eru heildarkaup á vörum og þjónustu reiknuð út á eftirfarandi hátt:

Þegar um er að ræða líftryggingar:

Endurtryggingajöfnuður (32 18 0),

\+ [(Heildarvátryggingaskuldir (37 30 0) – Hrein vátryggingaskuld alls (37 30 1))/Hrein vátryggingaskuld alls (37 30 1)] × (Fjárfestingartekjur (32 22 0) – Bakfærsla fjárfestinga (32 71 5) – Hagnaður af sölu fjárfestinga (32 71 6) – Tekjur af eignarhlutum (32 71 1)),

\+ Þóknun (32 61 1),

\+ Ytri útgjöld vegna vara og þjónustu (32 61 4)

Þegar um er að ræða skaðatryggingar og endurtryggingar:

Endurtryggingajöfnuður (32 18 0),

\+ [(Heildarvátryggingaskuldir (37 30 0) – Hrein vátryggingaskuld alls (37 30 1))/Hrein vátryggingaskuld alls (37 30 1)] × (Fjárfestingartekjur (32 42 0) – Bakfærsla fjárfestinga (32 71 5) – Hagnaður af sölu fjárfestinga (32 71 6) – Tekjur af eignarhlutum (32 71 1)),

\+ Þóknun (32 61 1),

\+ Ytri útgjöld vegna vara og þjónustu (32 61 4)

Að því er varðar hagskýrslur um starfsemi, sem skilgreind er í 3. þætti VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 295/2008 eru heildarkaup á vörum og þjónustu reiknuð út á eftirfarandi hátt:

Þóknunargjöld (42 15 0),

\+ Annar stjórnunarkostnaður (42 32 2),

\+ Annar rekstrarkostnaður (42 33 0).

Að því er varðar hagskýrslur um starfsemi, sem skilgreind er í 3. þætti VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 295/2008 er breytan „Heildarkaup á vörum og þjónustu“ (13 11 0) notuð við útreikning á breytunni „Heildarrekstrarkostnaður“ (48 06 0).

Kóði: 13 12 0

Heiti: Kaup á vörum og þjónustu til endursölu í óbreyttu ástandi

Viðauki: *I.–IV.*

Skilgreining

Kaup til endursölu eru kaup á vörum til endursölu til þriðja aðila án frekari úrvinnslu. Þau taka einnig til kaupa á þjónustu af „vörureiknings“-þjónustufyrirtækjum, þ.e. fyrirtækjum sem hafa veltu sína ekki aðeins af umboðsþóknunum sem lagðar eru á þjónustu (eins og ef um fasteignasala er að ræða) heldur einnig af sjálfum upphæðunum sem eru innifaldar í hinni keyptu þjónustu, t.d. kaup ferðaskrifstofu á farmiðum. Verðmæti vara og þjónustu sem er seld til þriðja aðila þannig að umboðslaun koma fyrir er ekki meðtalið þar sem umboðsaðilinn sem launin fær hvorki selur né kaupir þessar vörur.

Þegar hér er getið um þjónustu til endursölu er átt við afrakstur persónulegrar þjónustustarfsemi, réttinda til að nota áður skilgreinda þjónustu eða hjálparbúnaðar fyrir þjónustu. Kaup á vörum og þjónustu til endursölu í óbreyttu ástandi eru metin á innkaupsverði að undanskildum frádráttarbærum virðisaukaskatti og öðrum frádráttarbærum sköttum sem tengjast veltu beint. Engir aðrir skattar og gjöld á vörurnar eru því dregnir frá við mat á kaupum vörunnar og þjónustunnar.

Meðferð á framleiðslusköttum skiptir ekki máli í mati á þessum kaupum.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Að því er varðar hagskýrslur um starfsemi, sem skilgreind er í 3. þætti I.–IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 295/2008 að undanskildum fyrirtækjum með starfsemi sem flokkuð er í K-bálki í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk.

Fjórða reikningsskilatilskipun: *tilskipun ráðsins 78/660/EBE*

Kaup á vörum og þjónustu til endursölu í óbreyttu ástandi má ekki einangra í reikningsskilum fyrirtækja. Þau eru hluti af

— hráefni og rekstrarvörum

— öðrum ytri gjöldum

— öðrum rekstrarkostnaði

Reglusetning um alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS): reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003

Kaup á vörum og þjónustu til endursölu í óbreyttu ástandi má ekki einangra í reikningsskilum fyrirtækja. Þau eru hluti af eftirfarandi bókhaldsliðum með tegundaflokkuninni

— Hráefni og rekstrarvörur sem notuð eru (áður en gerð er grein fyrir breytingum á birgðum af vörum og þjónustu)

— Önnur útgjöld

Kaup á vörum og þjónustu til endursölu í óbreyttu ástandi má ekki einangra í reikningsskilum fyrirtækja. Þau eru hluti af eftirfarandi bókhaldsliðum með starfsemiskostnaðaraðferðinni:

— Kostnaðarverð seldra vara (áður en gerð er grein fyrir breytingum vöru og þjónustu og að undanskildum kostnaði vegna starfskjara, fyrninga og afskrifta)

— Önnur útgjöld

Tenging við aðrar breytur:

Hluti af heildarkaupum á vörum og þjónustu (13 11 0)

— Kaup á vörum og þjónustu til endursölu í óbreyttu ástandi eru notuð til útreikninga á Vergum hagnaði af vörum til endursölu (12 13 0), á Framleiðsluverðmæti (12 12 0) og á öðrum samtölum og jöfnuði.

Kóði: 13 13 1

Heiti: Greiðslur til vinnumiðlana vegna afleysingafólks

Viðauki: *I.–IV.*

Skilgreining

Með í þessum tölum eru greiðslur til skammtímaráðningarskrifstofa og hliðstæðra fyrirtækja sem útvega fólk til vinnu í fyrirtæki viðskiptavina til skamms tíma til að bæta við eða koma tímabundið í staðinn fyrir vinnuafl viðskiptavinarins, séu einstaklingarnir sem um er að ræða starfsmenn hjá þessari skammtíma þjónustu. Þessar skrifstofur og fyrirtæki hafa þó ekki beint eftirlit með starfsmönnum sínum á vinnustöðum viðskiptavinarins. Aðeins eru meðtaldar greiðslur fyrir að útvega starfsfólk sem ekki vinnur við að veita tiltekna þjónustu, hvort sem hún tengist iðnaði eða ekki.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Að því er varðar hagskýrslur um starfsemi, sem skilgreind er í 3. þætti I.–IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 295/2008 að undanskildum fyrirtækjum með starfsemi sem flokkuð er í K-bálki í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk.

Fjórða reikningsskilatilskipun: *tilskipun ráðsins 78/660/EBE*

Greiðslur til afleysingafólks má ekki einangra í reikningsskilum fyrirtækja. Þær eru hluti af öðrum ytri gjöldum og öðrum rekstrarkostnaði.

Reglusetning um alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS): reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003

Greiðslur til afleysingafólks má ekki einangra í reikningsskilum fyrirtækja. Þær eru hluti af liðnum „önnur útgjöld“ eða hluti af hráefnum og rekstrarvörum sem eru notuð (í sumum tilvikum þegar afleysingafólk vinnur við framleiðsluna) í tegundaflokkuninni.

Greiðslur til afleysingafólks má ekki einangra í reikningsskilum fyrirtækja. Þær eru hluti af liðunum „kostnaðarverð seldra vara“, „dreifingarkostnaður“, „stjórnunarkostnaður“ og/eða annar kostnaður í starfsemiskostnaðaraðferðinni.

Að því er varðar hagskýrslur um starfsemi í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk., flokka 65.1 og 65.2

Greiðslur til afleysingafólks má ekki einangra í reikningsskilum fyrirtækja eins og lýst er í 16. lið III. liðar 34. gr. í tilskipun ráðsins 91/674/EBE

Að því er varðar hagskýrslur um starfsemi lánastofnana í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk,. flokka 64.19 og 64.92

Greiðslur til afleysingafólks má ekki einangra í Öðrum stjórnunarkostnaði, eins og um getur í 8. lið b í 27. gr. og b-lið 4. liðar A-liðar í 28. gr. í tilskipun 86/635/EBE

Tenging við aðrar breytur:

Hluti af heildarkaupum á vörum og þjónustu (13 11 0)

Kóði: 13 21 0

Heiti: Breytingar á birgðum af vöru og þjónustu

Viðauki: III.

Skilgreining

Breytingar á birgðum (jákvæðar eða neikvæðar) eru mismunurinn á verðmæti birgðanna við lok og upphaf viðmiðunartímabilsins. Breytingar á birgðum má mæla í verðmæti innfærðra birgða að frádregnu verðmæti úttekta og hvers kyns tjóns sem verður á vörubirgðum. Ef birgðir eru keyptar frá annarri einingu eru þær skráðar á kaupverði án virðisaukaskatts, annars á framleiðslukostnaðarverði.

Eftirfarandi sundurliðun má gera á birgðum (og breytingum á birgðum):

— birgðir af fullunnum vörum

— birgðir af vörum í vinnslu

— birgðir af vörum og þjónustu til endursölu í óbreyttu ástandi

— birgðir af hráefnum og rekstrarvörum.

Meðtaldar eru birgðir fullunninna vara eða vara í vinnslu sem hafa verið framleiddar í einingunni en ekki enn verið seldar. Til þessara vara teljast vörur í vinnslu sem tilheyra einingunni, jafnvel þó að vörurnar sem um er að ræða séu í vörslu þriðja aðila. Eins eru vörur sem eru í einingunni en tilheyra þriðja aðila undanskildar.

Meðtaldar eru birgðir af vörum og þjónustu sem keyptar eru í þeim tilgangi einum að selja þær aftur í sama ástandi. Birgðir af vörum og þjónustu sem eru afhentar þriðja aðila gegn umboðslaunum eru ekki taldar með. Vörur sem þjónustufyrirtæki kaupa til endursölu og geyma á lager geta hvort sem er verið vörur (búnaður til iðnaðar þegar um er að ræða „samning um gerð mannvirkja sem eru tilbúin til afhendingar“ eða byggingar ef um er að ræða endurbætur á fasteignum o.s.frv.) eða þjónusta (réttur til notkunar á auglýsingarými, flutningum, gistiaðstöðu o.s.frv.).

Þegar getið er um birgðir af þjónustu er átt við afrakstur persónulegrar þjónustustarfsemi, réttindi til að nota áður skilgreinda þjónustu eða hjálparbúnað fyrir þjónustu.

Einnig eru meðtaldar birgðir hrá- og hjálparefna, millistigsvara, íhluta, orku, smáverkfæra sem ekki eru færð til eignar og þjónustu sem tilheyrir einingunni.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Fjórða reikningsskilatilskipun: *tilskipun ráðsins 78/660/EBE*

Hægt er að reikna út breytingar á birgðum af vörum og þjónustu út frá eftirtöldum bókhaldsliðum:

Breytingar á birgðum fullunninna vara og vara í vinnslu

Hluti af hráefnum og rekstrarvörum

Hluti af öðrum ytri gjöldum

Hluti af öðrum rekstrarkostnaði

Reglusetning um alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS): reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003

Hægt er að reikna út breytingar á birgðum af vörum og þjónustu út frá eftirtöldum bókhaldsliðum samkvæmt tegundaflokkuninni

Birgðabreytingar á fullunnum vörum og vörum í vinnslu

Hluti af hráefnum og rekstrarvörum sem notuð eru

Hluti annarra útgjalda

Hægt er að reikna út breytingar á birgðum af vörum og þjónustu samkvæmt eftirtöldum bókhaldsliðum í rekstrarreikningi samkvæmt starfsemiskostnaðaraðferðinni

Hluti af kostnaðarverði seldra vara

Hluti dreifingarkostnaðar

Hluti stjórnunarkostnaðar

Hluti annarra útgjalda

Tenging við aðrar breytur:

— Breytingar á birgðum af vörum og þjónustu eru notaðar við útreikning á Vinnsluvirði á þáttaverði (12 15 0) og öðrum samtölum og jöfnuði.

— Breytingar á birgðum af vörum og þjónustu má sundurliða eftir tegundum birgða: i. **b**reytingar á birgðum af vörum og þjónustu sem keypt var til endursölu í óbreyttu ástandi (13 21 1) ii. breytingar á birgðum af fullunnum vörum og vörum í vinnslu, sem einingin sjálf framleiðir (13 21 3) og iii. breytingar á birgðum af hráefnum og rekstrarvörum.

Kóði: 13 21 1

Heiti: Breytingar á birgðum af vörum og þjónustu sem keypt er til endursölu í óbreyttu ástandi

Viðauki: III.

Skilgreining

Þessi breyta er skilgreind sem breyting á birgðum á kaupverði að undanskildum virðisaukaskatti á milli upphafs og loka viðmiðunartímabilsins. Breytingar á birgðum má mæla í verðmæti innfærðra vörubirgða sem keyptar eru til endursölu að frádregnu verðmæti úttekta og hvers kyns tjóns sem verður á vörubirgðum.

Meðtaldar í þessum birgðum eru vörur og þjónusta sem keypt er í þeim tilgangi einum að selja aftur í sama ástandi. Birgðir af vörum og þjónustu sem eru afhentar þriðja aðila gegn umboðslaunum eru ekki taldar með.

Vörur sem þjónustufyrirtæki kaupa til endursölu og geyma á lager geta hvort sem er verið vörur (búnaður til iðnaðar þegar um er að ræða „samning um gerð mannvirkja sem eru tilbúin til afhendingar“ eða byggingar ef um er að ræða endurbætur á fasteignum o.s.frv.) eða þjónusta (réttur til notkunar á auglýsingarými, flutningum, gistiaðstöðu o.s.frv.).

Þegar getið er um birgðir af þjónustu er átt við afrakstur persónulegrar þjónustustarfsemi, réttindi til að nota áður skilgreinda þjónustu eða hjálparbúnað fyrir þjónustu.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Fjórða reikningsskilatilskipun: *tilskipun ráðsins 78/660/EBE*

Breytingar á birgðum af vörum sem keyptar voru til endursölu í óbreyttu ástandi má ekki einangra í reikningsskilum fyrirtækja. Þær eru hluti af hráefnum og rekstrarvörum, öðrum ytri gjöldum og öðrum rekstrarkostnaði.

Reglusetning um alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS): reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003

Breytingar á birgðum af vörum og þjónustu til endursölu í óbreyttu ástandi má ekki einangra í reikningsskilum fyrirtækja. Þær eru hluti af hráefnum og rekstrarvörum sem notuð eru og öðrum útgjöldum í rekstrarreikningnum samkvæmt tegundaflokkuninni

Breytingar á birgðum af vörum og þjónustu til endursölu í óbreyttu ástandi má ekki einangra í reikningsskilum fyrirtækja. Þær eru hluti af kostnaðarverði seldra vara og öðrum útgjöldum í rekstrarreikningnum samkvæmt starfsemiskostnaðaraðferðinni.

Tenging við aðrar breytur:

— Breytingar á birgðum af vörum sem keyptar eru til endursölu í óbreyttu ástandi eru notaðar við útreikninga á vergum hagnaði af vörum til endursölu (12 13 0, Framleiðsluverðmæti (12 12 0) og öðrum samtölum og jöfnuði.

— Hluti af Breytingum á birgðum af vörum og þjónustu (13 21 0)

Kóði: 13 21 3

Heiti: Breytingar á birgðum af fullunnum vörum og vörum í vinnslu, sem einingin sjálf framleiðir

Viðauki: II. og IV.

Skilgreining

Þessi breyta er skilgreind sem breytingin á birgðaverðmæti fullunninna vara eða vara í vinnslu sem voru framleiddar í einingunni en hafa ekki enn verið seldar, frá fyrstu dögum og til síðustu daga viðmiðunartímabilsins.

Til þessara vara teljast vörur í vinnslu sem tilheyra einingunni, jafnvel þó að vörurnar sem um er að ræða séu í vörslu þriðja aðila. Eins eru vörur sem eru í einingunni en tilheyra þriðja aðila undanskildar.

Birgðir eru metnar á framleiðslukostnaðarverði og áður en kemur að endurmati (t.d. fyrningu).

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Fjórða reikningsskilatilskipun: *tilskipun ráðsins 78/660/EBE*

Breytingar á birgðum fullunninna vara og vara í vinnslu eru skráðar í reikningsskilum fyrirtækja undir liðnum „breytingar á birgðum fullunninna vara og vara í vinnslu“.

Reglusetning um alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS): reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003

Breytingar á birgðum fullunninna vara og vara í vinnslu eru skráðar í rekstrarreikninginn samkvæmt tegundaflokkuninni undir liðnum „Birgðabreytingar á fullunnum vörum og vörum í vinnslu“.

Breytingar á birgðum fullunninna vara og vara í vinnslu eru hluti af liðnum kostnaðarverð seldra vara í rekstrarreikningnum samkvæmt starfsemiskostnaðaraðferðinni.

Tenging við aðrar breytur:

— Breytingar á birgðum fullunninna vara og vara í vinnslu sem einingin framleiðir eru notaðar við útreikning á framleiðsluverðmæti (12 12 0) og öðrum samtölum og jöfnuði.

— Hluti af Breytingum á birgðum af vörum og þjónustu (13 21 0).

Kóði: 13 31 0

Heiti: Starfsmannakostnaður

Viðauki: I.–VII.

Skilgreining

Starfsmannakostnaður er skilgreindur sem heildarlaun, í reiðufé eða í fríðu, sem vinnuveitandi greiðir starfsmanni (fastráðnum starfsmönnum eða afleysingafólki, sem og starfsmönnum með vinnuaðstöðu heima) fyrir vinnu þess síðarnefnda á viðmiðunartímabilinu. Starfsmannakostnaður nær einnig yfir skatta og framlög starfsmanna til almannatrygginga, sem einingin dregur af, sem og lögboðin og sjálfviljug framlög starfsmannsins til félagslegra kerfa.

Starfsmannakostnaður er:

— laun

— kostnaður vinnuveitanda vegna almannatrygginga.

Öll laun greidd á viðmiðunartímabilinu eru meðtalin, án tillits til hvort þau miðast við vinnutíma, afrakstur eða ákvæðisvinnu og hvort sem þau eru greidd reglulega eða ekki. Til þeirra teljast allar aukagreiðslur, vinnustaða- og afkastalaunaaukar, greiðslur sem launagreiðandi er ekki skyldugur að greiða, greiðslur fyrir þrettánda mánuð (og hliðstæðir fastir kaupaukar), biðlaun, húsnæðisstyrkir, ferðastyrkir, framfærslukostnaður og fjölskyldugreiðslur, þóknanir, þóknanir fyrir fundarsetur, yfirvinna, næturvinna o.s.frv. sem og skattar, framlög til almannatrygginga og aðrar upphæðir sem starfsmönnum ber að greiða og vinnuveitendur draga af launum þeirra.

Meðtalinn er einnig kostnaður vinnuveitandans vegna almannatrygginga. Hann nær yfir framlag vinnuveitanda til almannatrygginga sem síðan sjá um lífeyrisgreiðslur og greiðslur vegna veikinda, fæðingarorlofs, örorku, atvinnuleysis, vinnuslysa og sjúkdóma, fjölskyldugreiðslur og aðrar greiðslur. Þessi kostnaður er talinn með án tillits til hvort hann er lögboðinn, í kjarasamningi, samningsbundinn eða valfrjáls í eðli sínu.

Greiðslur til afleysingafólks heyra ekki undir starfsmannakostnað.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Fjórða reikningsskilatilskipun: *tilskipun ráðsins 78/660/EBE*

Hægt er að reikna starfsmannakostnað út beint samkvæmt eftirtöldum bókhaldsliðum:

— Starfsmannakostnaður, sem er samtala liðanna laun og almannatryggingar

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1606/2002 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003

Starfsmannakostnað er hægt að reikna út beint frá bókhaldsliðnum kostnaður vegna starfskjara í rekstrarreikningnum samkvæmt tegundaflokkuninni.

Kostnaður vegna starfskjara er talinn fram sem viðbót við rekstrarreikninginn samkvæmt starfsemiskostnaðaraðferðinni

Tenging við aðrar breytur:

Starfsmannakostnaður er

Laun (13 32 0)

\+ Kostnaður vegna almannatrygginga (13 33 0)

Starfsmannakostnaður er notaður við útreikning á vergum rekstrarafgangi (12 17 0) og öðrum samtölum og jöfnuði.

Kóði: 13 32 0

Heiti: Laun

Viðauki: I.–IV.

Skilgreining

Laun eru skilgreind sem „heildarlaun í fé eða fríðu sem greidd eru öllum einstaklingum á launaskrá (þ.m.t. starfsmönnum með vinnuaðstöðu heima) fyrir unna vinnu á uppgjörstímabilinu“, án tillits til þess hvort greitt er fyrir hana með tilliti til vinnutíma, afraksturs eða ákvæðisvinnu eða hvort greitt er fyrir hana reglulega eða ekki.

Laun taka til virðis hvers konar framlags til almannatrygginga, tekjuskatts o.s.frv. sem starfsmanni ber að greiða, jafnvel þótt vinnuveitandi dragi þau í raun af launum og greiði beint til almannatryggingakerfa, skattyfirvalda o.s.frv. fyrir hönd starfsmannsins. Framlög til almannatrygginga sem vinnuveitanda ber að greiða teljast ekki til launa.

Laun taka til: allra óreglulegra aukagreiðslna, kaupauka, greiðslna sem vinnuveitandi er ekki skyldugur að greiða, greiðslna fyrir þrettánda mánuð, biðlauna, húsnæðisstyrks, ferðastyrks, framfærslu- og fjölskyldugreiðslna, þjórfjár, umboðslauna, aukaþóknunar fyrir fundarsetur o.s.frv., sem starfsmenn fá, auk skatta, framlags til almannatrygginga og annarra fjárhæða sem starfsmönnum ber að greiða og vinnuveitandi dregur af launum þeirra. Laun sem vinnuveitandi heldur áfram að greiða ef um er að ræða sjúkdóma, vinnuslys, fæðingarorlof eða skammtímaráðningu má skrá hér eða undir liðnum „kostnaður við almannatryggingar“, eftir reikningsskilavenjum einingarinnar.

Greiðslur til afleysingafólks heyra ekki undir laun.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Fjórða reikningsskilatilskipun: *tilskipun ráðsins 78/660/EBE*

Laun eru skráð í reikningsskilum fyrirtækja undir liðnum Laun.

Reglusetning um alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS): reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003

Laun eru hluti af liðnum Kostnaður vegna starfskjara, í rekstrarreikningnum samkvæmt tegundaflokkuninni.

Laun eru hluti af liðnum Kostnaður vegna starfskjara, sem birtur er til viðbótar við rekstrarreikninginn samkvæmt starfsemiskostnaðaraðferðinni.

Tenging við aðrar breytur:

Laun eru notuð við útreikninga á Starfsmannakostnaði (13 31 0)

Kóði: 13 33 0

Heiti: Kostnaður vegna almannatrygginga

Viðauki: I.–IV.

Skilgreining

Kostnaður vinnuveitanda vegna almannatrygginga svarar til upphæðar sem er jafnhá og framlög til félagslegra kerfa sem vinnuveitendur greiða til þess að tryggja starfsmönnum sínum rétt á félagslegum bótum.

Kostnaður vinnuveitandans vegna almannatrygginga nær yfir framlag vinnuveitanda til almannatrygginga sem sjá um greiðslur vegna lífeyris, veikinda, fæðingarorlofs, örorku, atvinnuleysis, vinnuslysa og sjúkdóma, fjölskyldugreiðslur sem og aðrar greiðslur.

Meðtalinn er kostnaður vegna allra starfsmanna, þ.m.t. starfsmanna með vinnuaðstöðu heima, og lærlinga.

Allur kostnaður er talinn með án tillits til þess hvort hann er lögboðinn, samkvæmt kjarasamningi, samningsbundinn, eða valfrjáls í eðli sínu. Laun sem vinnuveitandi heldur áfram að greiða ef um er að ræða sjúkdóma, vinnuslys, fæðingarorlof eða skammtímaráðningu má skrá hér eða undir liðnum „laun“, eftir reikningsskilavenjum einingarinnar.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Fjórða reikningsskilatilskipun: *tilskipun ráðsins 78/660/EBE*

Kostnaður vegna almannatrygginga er skráður í reikningsskilum fyrirtækja undir liðnum Kostnaður vegna almannatrygginga.

Reglusetning um alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS): reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003

Kostnaður vegna almannatrygginga er hluti af liðnum „Kostnaður vegna starfskjara“ í rekstrarreikningnum samkvæmt tegundaflokkuninni.

Kostnaður vegna almannatrygginga er hluti af liðnum Kostnaður vegna starfskjara, sem talinn er fram sem viðbót við rekstrarreikninginn samkvæmt starfsemiskostnaðaraðferðinni.

Tenging við aðrar breytur:

Kostnaður vegna almannatrygginga er notaður við útreikninga á starfsmannakostnaði (13 31 0)

Kóði: 13 41 1

Heiti: Greiðslur fyrir langtímaleigu og rekstrarleigu á vörum

Viðauki: II. og IV.

Skilgreining

Greiðslur fyrir langtímaleigu ná yfir öll gjöld sem tengjast leigu á efnislegum fjármunum til lengri tíma en eins árs.

Rekstrarleiga er leiguform sem yfirfærir þá áhættu og þann ávinning sem fylgir löglegri eignarheimild ekki nema að litlu leyti til leigutakans. Með rekstrarleigu fær leigutakinn afnotarétt á varanlegum nytjahlut í tiltekinn tíma sem getur hvort sem er verið langur eða stuttur og þarf ekki nauðsynlega að vera ákveðinn fyrirfram. Þegar leigutíminn rennur út reiknar leigusalinn með að fá útleigða hlutinn aftur í meira eða minna sama ástandi og hann var í þegar leigt var út, að undanskildu eðlilegu sliti. Þannig nær leigutíminn hvorki yfir allan né stóran hluta hins efnahagslega endingartíma hlutarins. Greiðslur fyrir rekstrarleigu á nytjahlutum tengjast kostnaði við notkun á efnislegum fjármunum sem einingin fær aðgang að með þessum samningum.

Ef öll áhætta og allur ávinningur af eignarhaldi eru, *í reynd* en þó ekki *að lögum*, færð frá leigusala til leigutaka er um að ræða fjármögnunarleigu. Með fjármögnunarleigu nær leigutíminn yfir allan, eða nánast allan, efnahagslegan endingartíma hins varanlega nytjahlutar. Við lok leigutímans býðst leigutakanum oft að kaupa hlutinn á lágmarksverði. Leigusalinn þarf ekki að búa yfir neinni sérþekkingu á þeim hlutum sem um er að ræða. Hann sér ekki um viðgerðir, viðhald eða endurnýjun fyrir leigutakann. Yfirleitt velur leigutakinn hlutina og framleiðandi eða seljandi afhenda honum þá beint. Hlutverk leigusalans er því eingöngu fjárhagslegt. Engar greiðslur vegna fjármögnunarleigu ættu að falla undir breytu 13 41 1. Innkaupsverð hlutanna sem um er að ræða ætti að skrá sem verga fjárfestingu um leið og tekið er við hlutunum.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Fjórða reikningsskilatilskipun: *tilskipun ráðsins 78/660/EBE*

Greiðslur fyrir langtímaleigu og rekstrarleigu á hlutum má ekki einangra í reikningsskilum fyrirtækja. Þær eru hluti af öðrum ytri gjöldum og öðrum rekstrarkostnaði.

Reglusetning um alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS): reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003

Greiðslur fyrir langtímaleigu og rekstrarleigu á hlutum má ekki einangra í reikningsskilum fyrirtækja. Þær eru hluti af öðrum útgjöldum í rekstrarreikningnum samkvæmt tegundaflokkuninni.

Greiðslur fyrir langtímaleigu og rekstrarleigu á hlutum má ekki einangra í reikningsskilum fyrirtækja. Þær eru hluti af öðrum útgjöldum í rekstrarreikningnum samkvæmt starfsemiskostnaðaraðferðinni.

Tenging við aðrar breytur:

Hluti af heildarkaupum á vörum og þjónustu (13 11 0)

Kóði: 15 11 0

Heiti: Verg fjármunamyndun í efnislegum fjármunum

Viðauki: I. til IV., VI. og VII.

Skilgreining

Fjárfesting í öllum efnislegum fjármunum á viðmiðunartímabilinu. Til þessa teljast bæði nýjar og efnislegar fjárfestingarvörur og þær sem til eru, hvort sem þær eru keyptar af þriðja aðila, fengnar með fjármögnunarleigusamningi (þ.e. afnotarétti á varanlegum nytjahlutum sem keyptur er fyrir leigugreiðslur til fyrirfram ákveðins langs tíma) eða framleiddar til eigin nota (þ.e. framleiðsla á efnislegum fjárfestingavörum sem færð er til eignar), og sem eru með lengri nýtingartíma en eitt ár, að meðtöldum efnislegum vörum sem ekki eru framleiddar, t.d. landi. Viðmiðunarmörkin fyrir nýtingartíma vöru, sem unnt er að færa til eignar, má hækka samkvæmt reikningsskilaaðferðum félaga ef þær krefjast lengri áætlaðs nýtingartíma en þess eina árs sem tilgreint er hér að framan.

Allar fjárfestingar eru metnar áður en þær eru endurmetnar (þ.e. á vergu virði) og áður en tekjur vegna sölu eru dregnar frá. Keyptar vörur eru metnar á innkaupsverði, þ.e. að meðtöldum flutnings- og uppsetningarkostnaði, þóknunum, sköttum og öðrum kostnaði vegna eigendaskipta. Verðmæti hlutar sem tekinn er á fjármögnunarleigu með samningi samsvarar markaðsvirði hlutarins aðeins ef hann var keyptur á leigutökuárinu. Þetta verðmæti liggur að jafnaði fyrir í samningnum eða þá að hægt er að meta það með samantekt á þeim hluta afborgananna sem nær yfir greiðslu fyrir fjármagn. Sá hluti afborgananna sem samsvarar vaxtagreiðslum skal ekki talinn með. Efnislegir fjármunir, sem eru eigin framleiðsla, eru metnir á framleiðslukostnaðarverði. Undanskildir eru fjármunir sem verða til við endurskipulagningu (s.s. vegna samruna, yfirtöku, þess að fyrirtæki er leyst upp eða uppskiptingar fyrirtækja). Kaup á smáverkfærum, sem ekki eru færð til eignar, eru talin með rekstrarútgjöldum.

Einnig eru meðtaldar allar viðbætur, breytingar, úrbætur og endurnýjun sem lengja endingartíma eða auka framleiðslugetu fjárfestingarvara.

Rekstrartengdur viðhaldskostnaður er undanskilinn sem og verðmæti fjárfestingarvara og rekstrarútgjöld vegna fjárfestingarvara sem eru nýttar samkvæmt leigu- og rekstrarleigusamningum. Undanskildar eru árlegar greiðslur fyrir fjármuni í tengslum við fjármögnunarleigu. Undanskildar eru fjárfestingar í óefnislegum eignum og peningalegum eignum.

Fjármögnunarleiga einkennist enn frekar af því að öll áhætta og ávinningur af eignarhaldi yfirfærist *í reynd* en ekki *að lögum* frá leigusala til leigutaka. Leigutíminn nær yfir allan, eða nánast allan, efnahagslegan endingartíma hinnar varanlegu neysluvöru. Við lok leigutímans býðst leigutakanum oft að kaupa vöruna á lágmarksverði. Hlutverk leigusalans er eingöngu fjárhagslegt.

Að því er varðar skráningu fjárfestinga, þar sem gerð reiknings, afhending, greiðsla og fyrsta notkun vörunnar kann að eiga sér stað á mismunandi viðmiðunartímabilum, er lagt til að notuð sé eftirfarandi aðferð:

Fjárfestingar eru skráðar þegar eignarrétturinn færist til einingarinnar sem hyggst nota þær. Verðmæti skal skráð þegar varan er afhent leigutakanum ef um er að ræða vörur sem fengnar eru með fjármögnunarleigu. Framleiðsla, sem færð er til eignar, er skráð þegar hún er framleidd. Þegar fjárfesting fer fram í nokkrum áföngum er hver hluti fjárfestingarinnar skráður á það viðmiðunartímabil þegar hann er gerður.

Vera kann að í framkvæmd sé þetta ekki mögulegt og að samkvæmt reikningsskilavenjum félagsins reynist nauðsynlegt að nálgast þessa aðferð með einhverjum eftirfarandi hætti:

i. fjárfestingar eru skráðar á það viðmiðunartímabil þegar þær eru afhentar,

ii. fjárfestingar eru skráðar á það viðmiðunartímabil þegar framleiðsluferli þeirra hefst,

iii. fjárfestingar eru skráðar á það viðmiðunartímabil þegar reikningur vegna þeirra er gerður,

iv. fjárfestingar eru skráðar á það viðmiðunartímabil þegar þær eru greiddar.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Fjárfesting er ekki færð á efnahagsreikning. Hins vegar koma viðbætur, ráðstafanir og tilfærslur allra fastafjármuna, sem og endurmat þessara fastafjármuna, fram á efnahagsreikningi eða í skýringum með reikningsskilunum.

Fjórða reikningsskilatilskipun: *tilskipun ráðsins 78/660/EBE*

Efnislegir fjármunir eru taldir upp í reikningsskilum fyrirtækja undir „Fastafjármunir – rekstrarfjármunir“. Ekki er getið um verðmæti efnislegra fjármuna sem fengnir eru með fjármögnunarleigu í fjórðu reikningsskilatilskipuninni. Þó heimila sumir landsbundnir reikningsskilastaðlar að þessir fjármunir séu eignfærðir á efnahagsreikning.

Reglusetning um alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS): reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003

Efnislegir fjármunir eru taldir upp í reikningsskilum fyrirtækja undir „Varanlegir rekstrarfjármunir“. Upplýsingar um fjármögnunarleigu verður að sýna sérstaklega í reikningsskilum fyrirtækja.

Tenging við aðrar breytur:

Verg fjármunamyndun í efnislegum fjármunum er byggð á

Vergri fjármunamyndun í lóðum (15 12 0)

\+ Vergri fjármunamyndun í húseignum og byggingum sem til eru (15 13 0)

\+ Vergri fjármunamyndun í byggingu og breytingu húseigna (15 14 0)

\+ Vergri fjármunamyndun í vélum og búnaði (15 15 0)

Verg fjármunamyndun í efnislegum fjármunum getur verið meiri en samtala 15 12 0 + 15 13 0 + 15 14 0 + 15 15 0 þar sem til eru eignaliðir, t.d. listmunir, skógar, aldingarðar, nautgripir o.fl. sem ekki er hægt að flokka í ákveðinn flokk efnislegra fjármuna.

Kóði: 15 12 0

Heiti: Verg fjármunamyndun í lóðum

Viðauki: II.–IV.

Skilgreining

Meðtalin í þessari breytu, auk lóða, eru nýtanleg jarðlög, skógar og landvötn. Séu húseignir á lóð sem keypt er og verðmæti þessara tveggja þátta verði ekki aðskilið, er heildarupphæð skráð undir þessum lið ef það er metið svo að verðmæti lóðarinnar sé meira en verðmæti húseignanna sem á henni eru. Ef það er metið svo að húseignirnar sem á lóðinni eru séu verðmætari en það sjálft skal heildarupphæð skráð sem verg fjárfesting í byggingum og mannvirkjum sem til eru (15 13 0). Einnig eru hér meðtaldar lóðir sem einungis hefur verið bætt með sléttun, lögnum eða með lagningu stíga eða vega. Undanskildar eru lóðir sem keyptar eru vegna endurskipulagningar (t.d. vegna samruna, yfirtöku, þess að fyrirtæki er leyst upp eða uppskiptingar fyrirtækja).

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Fjárfesting er ekki færð á efnahagsreikning. Hins vegar koma viðbætur, ráðstafanir og tilfærslur allra fastafjármuna, sem og endurmat þessara fastafjármuna, fram á efnahagsreikningi eða í skýringum með reikningsskilunum.

Fjórða reikningsskilatilskipun: *tilskipun ráðsins 78/660/EBE*

Verðmæti lóða er ekki einangrað í skránni yfir efnislegar eignir sem færð er í ársreikningum fyrirtækja undir „Fastafjármunir – rekstrarfjármunir – Lóðir og húseignir“. Hlutann sem varðar húseignir ætti ekki að telja með. Hluta af fyrirframgreiðslum og rekstrarfjármuni í byggingu ætti að telja með svo framarlega sem þetta tengist lóðunum.

Reglusetning um alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS): reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003

Verg fjármunamyndun í lóðum er ekki einangruð í ársreikningum fyrirtækja, hún er færð undir liðinn Varanlegir rekstrarfjármunir.

Tenging við aðrar breytur:

Hluti af vergri fjármunamyndun í efnislegum fjármunum (15 11 0)

Kóði: 15 13 0

Heiti: Verg fjármunamyndun í húseignum og byggingum sem til eru

Viðauki: II.–IV.

Skilgreining

Fjárfestingin nær yfir kostnað við húseignir sem til eru (sem hafa áður verið í notkun) og byggingar, sem hafa verið keyptar á viðmiðunartímabilinu. Séu húseignir á lóð sem keypt er og verðmæti þessara tveggja þátta verði ekki aðskilið, er heildarupphæð skráð undir þessum lið ef það er metið svo að verðmæti húseignanna sem á lóðinni eru sé meira en verðmæti hennar sjálfrar. Ef það er metið svo að lóðin sé verðmætari en húseignirnar sem á henni eru skal heildarupphæð skráð sem verg fjármunamyndun í lóðum (15 12 0). Undanskilin eru kaup á nýjum húseignum sem hafa aldrei verið notaðar. Undanskildar eru byggingar og mannvirki sem til eru, sem keyptar eru vegna endurskipulagningar (t.d. vegna samruna, yfirtöku, þess að fyrirtæki er leyst upp eða uppskiptingar fyrirtækja).

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Fjárfesting er ekki færð á efnahagsreikning. Hins vegar koma viðbætur, ráðstafanir og tilfærslur allra fastafjármuna, sem og endurmat þessara fastafjármuna, fram á efnahagsreikningi eða í skýringum með reikningsskilunum.

Fjórða reikningsskilatilskipun: *tilskipun ráðsins 78/660/EBE*

Verg fjármunamyndun í húseignum og byggingum sem til eru er ekki einangruð í skránni yfir efnislegar eignir sem færð er í ársreikningum fyrirtækja undir „Fastafjármunir – rekstrarfjármunir – Lóðir og húseignir“. Undanskildir eru þeir hlutar sem varða lóðir og byggingu og breytingu húseigna. Hluta af fyrirframgreiðslum og efnislega fjármuni í byggingu ætti að telja með svo framarlega sem þeir tengjast byggingum og mannvirkjum sem til eru.

Reglusetning um alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS): reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003

Verg fjármunamyndun í húseignum og byggingum sem til eru er ekki einangruð í ársreikningum fyrirtækja, hún er færð sem varanlegir rekstrarfjármunir.

Tenging við aðrar breytur:

Hluti af vergri fjármunamyndun í efnislegum fjármunum (15 11 0)

Kóði: 15 14 0

Heiti: Verg fjármunamyndun í byggingu og breytingu húseigna

Viðauki: II.–IV.

Skilgreining

Þessi breyta nær yfir útgjöld vegna byggingar og breytinga húseigna á viðmiðunartímabilinu. Meðtalin eru kaup á nýjum húseignum sem hafa aldrei verið notaðar. Einnig eru meðtaldar allar viðbætur, breytingar, úrbætur og endurnýjun sem lengja endingartíma eða auka framleiðslugetu húseigna.

Meðtalinn er varanlegur búnaður t.d. vatnsveita, miðstöðvarhitun, loftræsting, lýsing o.s.frv. sem og byggingarkostnaður sem tengist olíulindum (borun), námum í rekstri, lögnum, háspennulínum, gasleiðslum, járnbrautarsporum, hafnarmannvirkjum, vegum, brúm, brúarvegum, holræsum og öðrum úrbótum á byggingarlóðum. Rekstrartengdur viðhaldskostnaður er undanskilinn.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Fjárfesting er ekki færð á efnahagsreikning. Hins vegar koma viðbætur, ráðstafanir og tilfærslur allra fastafjármuna, sem og endurmat þessara fastafjármuna, fram á efnahagsreikningi eða í skýringum með reikningsskilunum.

Fjórða reikningsskilatilskipun: *tilskipun ráðsins 78/660/EBE*

Verg fjármunamyndun í byggingu og breytingu húseigna er ekki einangruð í skránni yfir efnislegar eignir sem færð er í ársreikningum fyrirtækja undir „Fastafjármunir – rekstrarfjármunir – Lóðir og húseignir“. Undanskilja ætti þá hluta sem varða lóðir, byggingar og mannvirki sem til eru. Hluta af fyrirframgreiðslu og rekstrarfjármuni í byggingu ætti að telja með svo framarlega sem þetta tengist byggingu og breytingum á húseignum sem til eru.

Reglusetning um alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS): reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003

Verg fjármunamyndun í byggingu og breytingu húseigna sem til eru er ekki einangruð í reikningsskilum fyrirtækja, hún er færð sem varanlegir rekstrarfjármunir.

Tenging við aðrar breytur:

Hluti af vergri fjármunamyndun í efnislegum fjármunum (15 11 0)

Kóði: 15 15 0

Heiti: Verg fjármunamyndun í vélum og búnaði

Viðauki: II. til IV.

Skilgreining

Þessi breyta nær yfir vélar og búnað (skrifstofuvélar o.s.frv.), sérútbúin ökutæki sem notuð eru á athafnasvæði fyrirtækis, aðrar vélar og búnað, allar vélar og báta sem notuð eru utan athafnasvæðis fyrirtækis, t.d. bifreiðar, atvinnuökutæki og vörubíla sem og sérútbúin ökutæki af öllum gerðum, báta, járnbrautarvagna o.s.frv. sem eru keypt annaðhvort ný eða notuð á viðmiðunartímabilinu. Undanskildar eru vélar og búnaður sem keypt er vegna endurskipulagningar (t.d. vegna samruna, yfirtöku, þess að fyrirtæki er leyst upp eða uppskiptingar fyrirtækja). Einnig eru meðtaldar allar viðbætur, breytingar, úrbætur og endurnýjun sem lengja endingartíma eða auka framleiðslugetu þessara fjárfestingarvara. Rekstrartengdur viðhaldskostnaður er undanskilinn.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Fjárfesting er ekki færð á efnahagsreikning. Hins vegar koma viðbætur, ráðstafanir og tilfærslur allra fastafjármuna, sem og endurmat þessara fastafjármuna, fram á efnahagsreikningi eða í skýringum með reikningsskilunum.

Fjórða reikningsskilatilskipun: *tilskipun ráðsins 78/660/EBE*

Verg fjármunamyndun í vélum og búnaði er tekin með í skránni yfir efnislegar eignir sem færð er í ársreikningum fyrirtækja undir „Fastafjármunir – rekstrarfjármunir – Verksmiðjur og vélar og annar fastur búnaður og útbúnaður, verkfæri og búnaður“. Hluta af fyrirframgreiðslum og rekstrarfjármuni í byggingu ætti að telja með svo framarlega sem þeir tengjast vélum og búnaði.

Reglusetning um alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS): reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003

Verg fjármunamyndun í vélum og búnaði er ekki einangruð í reikningsskilum fyrirtækja, hún er færð sem varanlegir rekstrarfjármunir. Hluta af fyrirframgreiðslum og rekstrarfjármuni í byggingu ætti að telja með svo framarlega sem þeir tengjast vélum og búnaði.

Tenging við aðrar breytur:

Hluti af vergri fjármunamyndun í efnislegum fjármunum (15 11 0)

Kóði: 15 21 0

Heiti: Sala efnislegrar fjárfestingarvöru

Viðauki: II. til IV.

Skilgreining

Sala á efnislegum vörum nær yfir verðmæti efnislegra fjárfestingarvara sem til eru og seldar eru þriðja aðila. Sala á efnislegum fjárfestingarvörum er metin á raunverulegu söluverði (að undanskildum virðisaukaskatti) en ekki á bókfærðu verði, eftir að allur kostnaður við eigendaskipti sem seljandi stofnar til hefur verið dreginn frá. Undanskilið er endurmat og ráðstafanir aðrar en þær sem tengjast sölu

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Sala á fjárfestingarvörum er ekki færð á efnahagsreikning. Hins vegar koma viðbætur, ráðstafanir og tilfærslur allra fastafjármuna fram á efnahagsreikningi eða í skýringum með reikningsskilunum.

Fjórða reikningsskilatilskipun: *tilskipun ráðsins 78/660/EBE*

Efnislegar fjárfestingarvörur vísa til fjármuna sem skráðir eru í reikningsskilum fyrirtækja undir „Fastafjármunir – rekstrarfjármunir".

Reglusetning um alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS): reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003

Efnislegar fjárfestingarvörur vísa til fjármuna sem skráðir eru í ársreikningum fyrirtækja sem varanlegir rekstrarfjármunir

Kóði: 15 42 0

Heiti: Verg fjármunamyndun í sérleyfum, einkaleyfum, leyfum, vörumerkjum og svipuðum réttindum

Viðauki: II**.**

Skilgreining

Fjárfesting í sérleyfum, einkaleyfum, leyfum, vörumerkjum og svipuðum réttindum er færð sem óefnisleg eign ef og aðeins ef líklegt er að seinni tíma efnahagslegur ávinningur sem rekja má til eignarinnar muni renna til fyrirtækisins, og ef hægt er að mæla verð eignarinnar á áreiðanlegan hátt. Þessi krafa gildir hvort sem óefnisleg eign er aðkeypt eða myndast innan fyrirtækis.

Sérleyfi gefur heimild til að reka fyrirtæki samkvæmt samningi eða leyfi sem tengt er ákveðnum einkarétti á atvinnurekstri innan tiltekins landfræðilegs svæðis. Til dæmis er hægt að veita sérleyfi fyrir sölustæði á íþróttaleikvöngum eða almenningsgörðum og opinbera þjónustu, t.d. vatnsveitu, er hægt að reka með sérleyfi. Eigandi sérleyfisins – sérleyfishafinn – rekur sjálfstætt fyrirtæki og greiðir annaðhvort fast gjald, hlutfall af tekjum eða hagnaði eða hvort tveggja til þess aðila sem getur úthlutað einkarétti fyrir svæði eða aðstöðu. Sérleyfi getur falið í sér að sérleyfishafinn fær yfirfærðan afnotarétt tiltekins grunnvirkis sem er fyrir hendi og þörf er á atvinnurekstrar (t.d. vatnsveitukerfi í borg).

Einkaleyfi er löglegt eignarhald á sviði iðnaðar sem veitir eigandanum einkarétt til að hagnýta uppfinningu á viðskiptalegan hátt á takmörkuðu sviði og í takmarkaðan tíma. Einkaleyfið gefur eigandanum rétt til að stöðva aðra í því að m.a. búa til, nota eða selja slíka uppfinningu án leyfis. Í staðinn fyrir einkarétt til hagnýtingar á uppfinningu eru tæknilegar upplýsingar um hana birtar. Til þess að uppfinning sé einkaleyfishæf þarf hún að vera ný, hugvitsamleg og nothæf í iðnaði.

Leyfisveitandi getur veitt leyfi samkvæmt „hugverkaréttindum" til að framkvæma eitthvað (t.d. að afrita hugbúnað eða nota uppfinningu sem einkaleyfi er fyrir) án þess að hætta sé á að honum sé borið á brýn brot á hugverkaréttindum. Leyfi samkvæmt hugverkaréttindum tekur yfirleitt til nokkurra þátta, m.a. tímabils, svæðis og endurnýjunar, sem og annarra takmarkana sem teljast mikilvægar fyrir leyfisveitandann.

Vörumerki er auðkennandi merki sem hægt er að setja fram á myndrænan hátt. Sem samkeppnistæki er það leið fyrir iðnaðarfyrirtæki og önnur fyrirtæki til að laða að viðskiptavini og halda í þá með því að aðgreina vörur sínar og þjónustu frá vörum og þjónustu samkeppnisaðilanna.

Vörumerki er notað til að aðgreina vöru eða þjónustu. Vörumerki geta verið í tví- eða þrívídd og búin til með orðum, myndum, litum, og/eða hljóðum o.s.frv.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Fjárfesting er ekki færð á efnahagsreikning. Hins vegar koma viðbætur, ráðstafanir og tilfærslur allra fastafjármuna, sem og endurmat þessara fastafjármuna, fram á efnahagsreikningi eða í skýringum með reikningsskilunum.

Fjórða reikningsskilatilskipun: *tilskipun ráðsins 78/660/EBE*

Sérleyfi, einkaleyfi, leyfi, vörumerki og svipuð réttindi vísa til fjármuna sem skráðir eru í ársreikningum fyrirtækja sem „Fastafjármunir – óefnislegar eignir“.

Reglusetning um alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS): reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003

Sérleyfi, einkaleyfi, leyfi, vörumerki og svipuð réttindi vísa til fjármuna sem skráðir eru í reikningsskilum fyrirtækja sem óefnislegar eignir.

Kóði: 15 44 1

Heiti: Fjárfesting í aðkeyptum hugbúnaði

Viðauki: II., IV.

Skilgreining

Fjárfesting í aðkeyptum hugbúnaði er færð sem óefnisleg eign ef og aðeins ef líklegt er að seinni tíma efnahagslegur ávinningur sem rekja má til eignarinnar muni renna til fyrirtækisins og ef verð eignarinnar er hægt að mæla á áreiðanlegan hátt. Ef kaup á hugbúnaði fullnægja ekki þessum skilyrðum eru þau færð sem kostnaður þegar til þeirra er stofnað og verðmæti þeirra talið með í breytu 13 11 0, Heildarkaup á vörum og þjónustu.

Innifalið í fjárfestingu í aðkeyptum hugbúnaði er kaupverð hans, þ.m.t. hvers kyns innflutningsgjöld, óafturkræfir skattar vegna kaupanna og hvers kyns útgjöld sem rekja má beint til undirbúnings hugbúnaðarins til þeirra nota sem honum eru ætluð. Útgjöld, sem rekja má beint til kaupanna, eru m.a. sérfræðiþóknun fyrir uppsetningu. Þegar kostnaðarverðið er reiknað eru hvers kyns viðskiptaafsláttur og endurgreiðslur dregin frá.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Fjárfesting er ekki færð á efnahagsreikning. Hins vegar koma viðbætur, ráðstafanir og tilfærslur allra fastafjármuna, sem og endurmat þessara fastafjármuna, fram á efnahagsreikningi eða í skýringum með reikningsskilunum.

Fjórða reikningsskilatilskipun: *tilskipun ráðsins 78/660/EBE*

Fjárfesting í hugbúnaði er skráð í ársreikningum fyrirtækja sem Fastafjármunir – óefnislegar eignir.

Reglusetning um alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS): reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003

Fjárfesting í hugbúnaði vísar til fjármuna sem skráðir eru í reikningsskilum fyrirtækja sem óefnislegar eignir.

Kóði: 16 11 0

Heiti: Fjöldi starfsmanna

Viðauki: I. til VII.

Skilgreining

Fjöldi starfsmanna er skilgreindur sem heildarfjöldi einstaklinga sem starfar í viðkomandi spurnareiningu (að meðtöldum starfandi eigendum, meðeigendum sem starfa reglulega í einingunni, og ólaunuðum starfsmönnum í fjölskyldum eigenda sem starfa reglulega í einingunni), auk einstaklinga sem vinna utan einingarinnar en tilheyra henni og fá greidd laun frá henni (t.d. sölufulltrúar, sendlar og þeir sem annast viðgerðir og viðhald). Hún tekur til fólks sem er fjarverandi um skamman tíma (t.d. í sjúkraleyfi, launuðu leyfi eða sérstöku leyfi), auk þeirra sem eru í verkfalli, en ekki þeirra sem eru fjarverandi ótímabundið. Hún tekur einnig til starfsmanna í hlutastarfi, sem samkvæmt lögum í viðkomandi landi teljast til starfsmanna í hlutastarfi og eru á launaskrá, auk árstíðabundins vinnuafls, lærlinga og starfsmanna með vinnuaðstöðu heima sem eru á launaskrá.

Fjöldi starfsmanna tekur ekki til mannafla sem önnur fyrirtæki sjá einingunni fyrir, einstaklinga, sem sinna viðgerðum og viðhaldi í rannsóknareiningunni fyrir hönd annarra fyrirtækja, né heldur til þeirra sem gegna lögboðinni herþjónustu.

Með ólaunuðum starfsmönnum í fjölskyldum eigenda er átt við einstaklinga sem búa á heimili eiganda einingarinnar og starfa reglulega fyrir einingunа en hafa ekki ráðningarsamning og fá ekki tiltekna fjárhæð fyrir þau störf sem þeir sinna. Þetta takmarkast við þá einstaklinga sem eru ekki á launaskrá hjá annarri einingu þar sem þeir gegna aðalstarfi sínu.

Athugasemd: Til að hafa eftirlit með samanburðarhæfi gagna er nauðsynlegt að tilgreina hvort sjálfboðaliðar teljast með í þessum lið eða ekki.

Fjöldi starfsmanna er höfðatala og reiknaður sem árlegt meðaltal út frá gögnum fyrir **að minnsta kosti** hvern ársfjórðung nema að því er varðar hagskýrslur um starfsemina sem skilgreind er í 3. þætti V., VI. og VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 295/2008 en útreikninga fyrir þær má gera á grunni gagna sem safnað er með lengra millibili.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Fjórða reikningsskilatilskipun: *tilskipun ráðsins 78/660/EBE*

Fjöldi starfsmanna er skráður í skýringar með reikningsskilum fyrirtækja (9. mgr. 43. gr.).

Tenging við aðrar breytur:

Fjölda starfsmanna má skipta í fjölda launþega (16 13 0) og fjölda ólaunaðra starfsmanna (16 12 0).

Kóði: 16 11 1

Heiti: Fjöldi starfsmanna, sundurliðað eftir flokkum lánastofnana

Viðauki: VI.

Skilgreining:

Fjöldi starfsmanna (sjá breytu 16 11 0) er sundurliðaður eftir flokkum lánastofnana á eftirfarandi hátt: bankar með starfsleyfi, sérhæfðar lánastofnanir, aðrar lánastofnanir. Þessi sundurliðun gerir kleift að finna flokkum lánastofnana viðeigandi atvinnugrein í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 2. endursk.

Tenging við aðrar breytur:

Fjöldi starfsmanna, sundurliðað eftir flokkum lánastofnana felur í sér frekari sundurliðun á fjölda starfsmanna (16 11 0).

Kóði: 16 11 2

Heiti: Fjöldi kvenna meðal starfsmanna

Viðauki: VI.

Skilgreining:

Fjöldi starfsmanna (sjá breytu 16 11 0) sem eru kvenkyns.

Tenging við aðrar breytur:

Fjöldi kvenna meðal starfsmanna er hluti af fjölda starfsmanna (16 11 0).

Kóði: 16 12 0

Heiti: Fjöldi ólaunaðra starfsmanna

Viðauki: I. til IV. og VI.

Skilgreining

Fjöldi ólaunaðra starfsmanna er skilgreindur sem fjöldi einstaklinga sem vinnur reglulega í spurnareiningunni og sem fær ekki greiðslur í formi launa, þóknunar, óreglulegra aukagreiðslna, ákvæðisvinnukaups eða þóknunar í fríðu (ólaunaðir starfsmenn í sömu fjölskyldu, vinnandi eigendur sem ekki fá greiðslur í formi kaups, launa o.s.frv.).

Tenging við aðrar breytur:

Fjöldi ólaunaðra starfsmanna (16 12 0) er reiknaður út sem mismunurinn á fjölda starfsmanna (16 11 0) og fjölda launþega (16 13 0).

Kóði: 16 13 0

Heiti: Fjöldi launþega

Viðauki: I. til IV. og VI.

Skilgreining

Fjöldi launþega er skilgreindur sem þeir einstaklingar sem vinna fyrir vinnuveitanda, hafa ráðningarsamning og fá greitt fyrir í formi launa, þóknunar, óreglulegra aukagreiðslna, ákvæðisvinnukaups eða þóknunar í fríðu. (Allir einstaklingar sem fá greiðslur sem bókaðar eru undir liðnum starfsmannakostnaður í rekstrarreikningum fyrirtækis skulu taldir með, jafnvel þó að í sumum tilvikum sé ráðningarsamningur ekki til staðar).

Tengsl eru á milli vinnuveitanda og launþega þegar fyrir hendi er formlegur eða óformlegur samningur milli fyrirtækis og einstaklings, sem báðir aðilar ganga yfirleitt að af fúsum og frjálsum vilja, en samkvæmt honum vinnur einstaklingurinn fyrir fyrirtækið gegn greiðslu í fé eða fríðu.

Starfsmaður er talinn vera launþegi hjá tiltekinni einingu ef einingin greiðir honum eða henni laun, án tillits til þess hvar vinnan er innt af hendi (innan eða utan framleiðslueiningarinnar). Starfsmaður frá vinnumiðlun fyrir afleysingafólk er talinn vera launþegi vinnumiðlunarinnar en ekki einingarinnar (viðskiptavinarins) sem hann vinnur hjá.

Einkum er litið svo á að eftirtaldir aðilar séu launþegar:

— starfandi eigendur á launum,

— námsmenn með formlega skuldbindingu um að leggja sitt af mörkum til framleiðsluferlis einingarinnar gegn þóknun og/eða kennslu,

— launþegar sem eru ráðnir samkvæmt samningi sem sérstaklega er ætlað að hvetja til ráðningar atvinnulausra einstaklinga,

— starfsmenn með vinnuaðstöðu heima, ef fyrir hendi er skýr samningur um að starfsmaðurinn fái greidd laun fyrir þá vinnu sem innt er af hendi og sé á launaskrá.

Fjöldi launþega tekur til starfsmanna í hlutastarfi, árstíðabundins vinnuafls og einstaklinga í verkfalli eða í stuttu leyfi en einstaklingar í langtímaleyfi eru undanskildir.

Fjöldi launþega tekur ekki til sjálfboðaliða.

Fjöldi launþega er reiknaður út á sama hátt og fjöldi starfsmanna, hann er nánar tiltekið höfðatala og reiknaður sem árlegt meðaltal út frá gögnum fyrir a.m.k. hvern ársfjórðung nema að því er varðar hagskýrslur um starfsemina sem skilgreind er í 3. þætti VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 295/2008 en útreikninga fyrir þær má gera á grunni gagna sem safnað er með lengra millibili.

Tenging við aðrar breytur:

Hluti af fjölda starfsmanna (16 11 0)

Kóði: 16 13 6

Heiti: Fjöldi kvenkyns launþega

Viðauki: VI.

Skilgreining:

Fjöldi launþega (sjá breytu 16 13 0) sem eru kvenkyns.

Tenging við aðrar breytur:

Fjöldi kvenkyns launþega er hluti af fjölda launþega (16 13 0).

Kóði: 16 14 0

Heiti: Fjöldi launþega í heilum stöðugildum

Viðauki: I. til IV. og VI.

Skilgreining

Fjöldi launþega sem umreiknaður er yfir í heil stöðugildi.

Tölur yfir fjölda starfsmanna sem vinna styttra en sem nemur venjulegum vinnutíma miðað við starfsmann í fullu starfi í heilt ár, skal umreikna yfir í heil stöðugildi með tilliti til vinnutíma starfsmanns í fullu starfi í heilt ár í einingunni. Það er heildarfjöldi vinnustunda deilt með meðaltali árlegs fjölda vinnustunda í heilum stöðugildum innan efnahagssvæðisins. Þar sem lengd fullrar vinnu hefur breyst með tímanum og er mismunandi milli atvinnugreina, verður í hverjum starfshóp að nota aðferðir sem staðfesta meðalhlutfall og meðalvinnustundir í störfum sem ekki eru heilt stöðugildi. Fyrst verður að meta venjulega viku í fullu stöðugildi í hverjum starfshóp. Ef mögulegt er, má skilgreina starfshópa innan atvinnugreinar eftir kyni og (eða) vinnu fólks. Vinnutími sem samþykktur er í samningi um störf, getur verið viðeigandi viðmiðun til ákvörðunar á þessum tölum. Full stöðugildi eru reiknuð sérstaklega út í hverjum starfshóp, síðan lögð saman.

Meðtalið í þessum flokki er fólk sem vinnur styttra en sem nemur venjulegum vinnudegi, færri daga en sem nemur venjulegum fjölda vinnudaga á viku eða minna en venjulegan fjölda vikna/mánaða á ári. Umreikna skal á grundvelli þess fjölda af stundum, dögum, vikum eða mánuðum sem unninn er.

Tenging við aðrar breytur:

Fjöldi vinnustunda sem unnar eru af launþegum (16 15 0) má nota við að umreikna fjölda launþega (16 13 0) yfir í heil stöðugildi.

Kóði: 16 15 0

Heiti: Fjöldi vinnustunda sem unnar eru af launþegum

Viðauki: II. og IV.

Skilgreining

Heildarfjöldi vinnustunda sem unnar eru af launþegum er samanlagður fjöldi vinnustunda sem launþegar hafa raunverulega unnið við framleiðslu í spurnareiningunni á viðmiðunartímabilinu.

Þessi breyta tekur ekki til óunninna vinnustunda sem greitt er fyrir, s.s. vegna orlofs, frídaga og veikindaleyfis. Hún tekur heldur ekki til matarhlés eða tímans sem það tekur að ferðast milli heimilis og vinnu.

Breytan tekur til vinnustunda sem eru raunverulega unnar á hefðbundnum vinnutíma, unninna vinnustunda í viðbót við þær, tíma sem fer í verk á borð við undirbúningsvinnu á vinnustað og tímans sem samsvarar stuttum hvíldarhléum á vinnustað.

Ef nákvæmur fjöldi vinnustunda, sem raunverulega eru unnar, er óþekktur má meta hann á grundvelli þess fjölda vinnustunda sem vinnuskipulagið gerir ráð fyrir og meðaltals fjarvistarstunda (vegna veikinda, barneigna o.s.frv.).

Tenging við aðrar breytur:

Fjölda vinnustunda sem unnar eru af launþegum má nota til að umreikna fjölda launþega (16 13 0) yfir í fjölda launþega í heilum stöðugildum (16 14 0).

Kóði: 16 91 0

Heiti: Fjöldi starfsmanna í þýði virkra fyrirtækja í t

Viðauki: IX.

Skilgreining

Fjöldi starfsmanna er skilgreindur sem heildarfjöldi einstaklinga sem starfar í viðkomandi spurnareiningu (að meðtöldum starfandi eigendum, félögum, sem starfa reglulega í einingunni, og ólaunuðum starfsmönnum í fjölskyldu eiganda), auk einstaklinga sem vinna utan einingarinnar en tilheyra henni og fá greidd laun frá henni (t.d. sölufulltrúar, sendlar og þeir sem annast viðgerðir og viðhald). Hún tekur til fólks sem er fjarverandi um skamman tíma (t.d. í sjúkraleyfi, launuðu leyfi eða sérstöku leyfi), auk þeirra sem eru í verkfalli, en ekki þeirra sem eru fjarverandi ótímabundið. Hún tekur einnig til starfsmanna í hlutastarfi, sem samkvæmt lögum í viðkomandi landi teljast til starfsmanna í hlutastarfi og eru á launaskrá, auk árstíðabundins vinnuafls, lærlinga og starfsmanna með vinnuaðstöðu heima sem eru á launaskrá.

Fjöldi starfsmanna tekur ekki til mannafla sem önnur fyrirtæki sjá einingunni fyrir, einstaklinga, sem sinna viðgerðum og viðhaldi í rannsóknareiningunni fyrir hönd annarra fyrirtækja, né heldur til þeirra sem gegna lögboðinni herþjónustu.

Með ólaunuðum starfsmönnum í fjölskyldum eigenda er átt við einstaklinga sem búa á heimili eiganda einingarinnar og starfa reglulega fyrir eininguna en hafa ekki ráðningarsamning og fá ekki tiltekna fjárhæð fyrir þau störf sem þeir sinna. Þetta takmarkast við þá einstaklinga sem eru ekki á launaskrá hjá annarri einingu þar sem þeir gegna aðalstarfi sínu.

Athugasemd: Til að hafa eftirlit með samanburðarhæfi gagna er nauðsynlegt að tilgreina hvort sjálfboðaliðar teljast með í þessum lið eða ekki.

Kóði: 16 91 1

Heiti: Fjöldi launþega í þýði virkra fyrirtækja í t

Viðauki: IX.

Skilgreining

Fjöldi launþega er skilgreindur sem þeir einstaklingar sem vinna fyrir vinnuveitanda, hafa ráðningarsamning og fá greitt fyrir í formi launa, þóknunar, óreglulegra aukagreiðslna, ákvæðisvinnukaups eða þóknunar í fríðu.

Tengsl eru á milli vinnuveitanda og launþega þegar fyrir hendi er formlegur eða óformlegur samningur milli fyrirtækis og einstaklings, sem báðir aðilar ganga yfirleitt að af fúsum og frjálsum vilja, en samkvæmt honum vinnur einstaklingurinn fyrir fyrirtækið gegn greiðslu í fé eða fríðu.

Starfsmaður er talinn vera launþegi hjá tiltekinni einingu ef einingin greiðir honum eða henni laun, án tillits til þess hvar vinnan er innt af hendi (innan eða utan framleiðslueiningarinnar). Starfsmaður frá vinnumiðlun fyrir afleysingafólk er talinn vera launþegi vinnumiðlunarinnar en ekki einingarinnar (viðskiptavinarins) sem hann vinnur hjá.

Einkum er litið svo á að eftirtaldir aðilar séu launþegar:

— starfandi eigendur á launum,

— námsmenn með formlega skuldbindingu um að leggja sitt af mörkum til framleiðsluferlis einingarinnar gegn þóknun og/eða kennslu,

— launþegar sem eru ráðnir samkvæmt samningi sem sérstaklega er ætlað að hvetja til ráðningar atvinnulausra einstaklinga,

— starfsmenn með vinnuaðstöðu heima, ef fyrir hendi er skýr samningur um að starfsmaðurinn fái greidd laun fyrir þá vinnu sem innt er af hendi og sé á launaskrá.

Fjöldi launþega tekur til starfsmanna í hlutastarfi, árstíðabundins vinnuafls og einstaklinga í verkfalli eða í stuttu leyfi en einstaklingar í langtímaleyfi eru undanskildir.

Fjöldi launþega tekur ekki til sjálfboðaliða.

Fjöldi launþega er reiknaður út á sama hátt og fjöldi starfsmanna, nánar tiltekið sem fjöldi starfa og er reiknaður sem árlegt meðaltal.

Kóði: 16 92 0

Heiti: Fjöldi starfsmanna í þýði nýstofnaðra fyrirtækja í t

Viðauki: IX.

Skilgreining

Fjöldi starfsmanna er skilgreindur eins og í breytu 16 91 0. Þýði nýstofnaðra fyrirtækja er skilgreint eins og í breytu 11 92 0.

Kóði: 16 92 1

Heiti: Fjöldi launþega í þýði nýstofnaðra fyrirtækja í t

Skilgreining

Fjöldi launþega er skilgreindur eins og í breytu 16 91 1. Þýði nýstofnaðra fyrirtækja er skilgreint eins og í breytu 11 92 0.

Kóði: 16 93 0

Heiti: Fjöldi starfsmanna í þýði niðurlagðra fyrirtækja í t

Viðauki: IX.

Skilgreining

Fjöldi starfsmanna er skilgreindur eins og í breytu 16 91 0. Þýði niðurlagðra fyrirtækja er skilgreint eins og í breytu 11 93 0.

Kóði: 16 93 1

Heiti: Fjöldi launþega í þýði niðurlagðra fyrirtækja í t

Viðauki: IX.

Skilgreining

Fjöldi launþega er skilgreindur eins og í breytu 16 91 1. Þýði niðurlagðra fyrirtækja er skilgreint eins og í breytu 11 93 0.

Kóði: 16 94 1

Heiti: Fjöldi starfsmanna í þýði nýlega stofnaðra fyrirtækja í t-1 sem eru enn í rekstri til t

Kóði: 16 94 2

Heiti: Fjöldi starfsmanna í þýði nýlega stofnaðra fyrirtækja í t-2 sem eru enn í rekstri til t

Kóði: 16 94 3

Heiti: Fjöldi starfsmanna í þýði nýlega stofnaðra fyrirtækja í t-3 sem eru enn í rekstri til t

Kóði: 16 94 4

Heiti: Fjöldi starfsmanna í þýði nýlega stofnaðra fyrirtækja í t-4 sem eru enn í rekstri til t

Kóði: 16 94 5

Heiti: Fjöldi starfsmanna í þýði nýlega stofnaðra fyrirtækja í t-5 sem eru enn í rekstri til t

Viðauki: IX.

Skilgreining

Fjöldi starfsmanna er skilgreindur eins og í breytu 16 91 0. Þýði nýstofnaðra fyrirtækja er skilgreint eins og í breytu 11 92 0. Að vera enn í rekstri er skilgreint eins og í breytum 11 94 1 til 11 94 5.

Kóði: 16 95 1

Heiti: Fjöldi starfsmanna á stofnárinu í þýði nýlega stofnaðra fyrirtækja í t-1 sem eru enn í rekstri til t

Kóði: 16 95 2

Heiti: Fjöldi starfsmanna á stofnárinu í þýði nýlega stofnaðra fyrirtækja í t-2 sem eru enn í rekstri til t

Kóði: 16 95 3

Heiti: Fjöldi starfsmanna á stofnárinu í þýði nýlega stofnaðra fyrirtækja í t-3 sem eru enn í rekstri til t

Kóði: 16 95 4

Heiti: Fjöldi starfsmanna á stofnárinu í þýði nýlega stofnaðra fyrirtækja í t-4 sem eru enn í rekstri til t

Kóði: 16 95 5

Heiti: Fjöldi starfsmanna á stofnárinu í þýði nýlega stofnaðra fyrirtækja í t-5 sem eru enn í rekstri til t

Viðauki: IX.

Skilgreining

Fjöldi starfsmanna er skilgreindur eins og í breytu 16 91 0. Þýði nýstofnaðra fyrirtækja er skilgreint eins og í breytu 11 92 0. Að vera enn í rekstri er skilgreint eins og í breytum 11 94 1 til 11 94 5.

Kóði: 17 32 0

Heiti: Fjöldi smásöluverslana

Viðauki: III.

Skilgreining

Þetta er heildarfjöldi smásöluverslana sem fyrirtæki reka, annaðhvort eiga fyrirtækin verslanirnar eða leigja þær. Verslanir eru skilgreindar sem fastir sölustaðir þangað sem viðskiptavinir koma til að versla. Smásöluverslanir skulu flokkaðar í flokka 47.1–47.7 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk.

Tenging við aðrar breytur:

Hluti af fjölda starfsstöðva (11 21 0)

Kóði: 17 33 1

Heiti: Sölurými

Viðauki: III.

Skilgreining

Sölurými er áætlaður yfirborðsflötur (í m^2) í þeim hluta af húsnæði fyrirtækis sem varið er til sölu og útstillinga, t.d.:

— það heildarrými sem viðskiptavinir hafa aðgang að, þ.m.t. mátunarklefar,

— rými við afgreiðsluborð og gluggarými,

— rými bak við afgreiðsluborð sem afgreiðslumenn nota.

Til sölurýmis teljast ekki skrifstofur, geymslur og herbergi fyrir tilreiðslu, verkstæði, stigahús, fatageymslur og önnur herbergi til almenningsnota.

Kóði: 18 10 0

Heiti: Velta í landbúnaði, skógrækt, fiskveiðum og iðnaðarstarfsemi

Viðauki: III.

Skilgreining

Hluti veltu í starfsemi sem flokkuð er í bálkum A til F í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk.

Velta í endursölu á vörum og þjónustu, sem keypt er til endursölu í óbreyttu ástandi, er undanskilin.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Velta í landbúnaði, skógrækt, fiskveiðum og iðnaðarstarfsemi er ekki einangruð í reikningsskilum fyrirtækja.

Fjórða reikningsskilatilskipun: *tilskipun ráðsins 78/660/EBE*

Hún er hluti af hreinni veltu.

Reglusetning um alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS): reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003

Hún er hluti tekna.

Tenging við aðrar breytur:

Hluti af veltu (12 11 0)

Kóði: 18 11 0

Heiti: Velta í aðalstarfsemi í þriggja stafa þrepi atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalagsins, 2. endursk.

Viðauki: II. og IV.

Skilgreining

Sá hluti veltunnar sem myndast af aðalstarfsemi einingarinnar. Aðalstarfsemi einingar er ákvörðuð samkvæmt reglum sem mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 696/93 frá 15. mars 1993 um hagskýrslueiningar.

Velta í sölu á vörum og þjónustu þar sem um er að ræða undirverktakatengsl er meðtalin. Velta í endursölu á vörum og þjónustu, sem keypt er til endursölu í óbreyttu ástandi, er undanskilin.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Veltu í aðalstarfsemi í þriggja stafa þrepi atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalagsins, 2. endursk. má ekki einangra í reikningsskilum fyrirtækja.

Fjórða reikningsskilatilskipun: *tilskipun ráðsins 78/660/EBE*

Hún er hluti af hreinni veltu.

Reglusetning um alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS): reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003

Hún er hluti tekna.

Tenging við aðrar breytur:

Hluti af veltu (12 11 0)

Kóði: 18 12 0

Heiti: Velta í iðnaði

Viðauki: II.

Skilgreining

Hluti veltu í starfsemi sem flokkuð er í bálkum B–F í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk.

Velta í sölu á vörum og þjónustu þar sem um er að ræða undirverktakatengsl er meðtalin. Velta í endursölu á vörum og þjónustu, sem keypt er til endursölu í óbreyttu ástandi, er undanskilin.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Veltu í iðnaði skal ekki einangra í reikningsskilum fyrirtækja.

Fjórða reikningsskilatilskipun: *tilskipun ráðsins 78/660/EBE*

Hún er hluti af hreinni veltu.

Reglusetning um alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS): reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003

Hún er hluti tekna.

Tenging við aðrar breytur:

Hluti af veltu (12 11 0)

Hluti af veltu í landbúnaði, skógrækt, fiskveiðum og iðnaðarstarfsemi (18 10 0)

Kóði: 18 12 1

Heiti: Velta í iðnaðarstarfsemi að undanskilinni byggingarstarfsemi

Viðauki: IV.

Skilgreining

Hluti veltu í starfsemi sem flokkuð er í bálkum B–E í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk.

Velta í sölu á vörum og þjónustu þar sem um er að ræða undirverktakatengsl er meðtalin. Velta í endursölu á vörum og þjónustu, sem keypt er til endursölu í óbreyttu ástandi, er undanskilin.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Veltu í iðnaði að undanskilinni byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð má ekki einangra í reikningsskilum fyrirtækja.

Fjórða reikningsskilatilskipun: *tilskipun ráðsins 78/660/EBE*

Hún er hluti af hreinni veltu.

Reglusetning um alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS): reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003

Hún er hluti tekna.

Tenging við aðrar breytur:

Hluti af veltu (12 11 0)

Hluti af veltu í landbúnaði, skógrækt, fiskveiðum og iðnaðarstarfsemi (18 10 0)

Hluti af veltu í iðnaði (18 12 0)

Kóði: 18 12 2

Heiti: Velta í byggingarstarfsemi

Viðauki: IV.

Skilgreining

Hluti veltu í starfsemi sem flokkuð er í bálki F í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk.

Velta í sölu á vörum og þjónustu þar sem um er að ræða undirverktakatengsl er meðtalin. Velta í endursölu á vörum og þjónustu, sem keypt er til endursölu í óbreyttu ástandi, er undanskilin.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Veltu í byggingarstarfsemi má ekki einangra í reikningsskilum fyrirtækja.

Fjórða reikningsskilatilskipun: *tilskipun ráðsins 78/660/EBE*

Hún er hluti af hreinni veltu.

Reglusetning um alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS): reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003

Hún er hluti tekna.

Tenging við aðrar breytur:

Hluti af veltu (12 11 0)

Hluti af veltu í landbúnaði, skógrækt, fiskveiðum og iðnaðarstarfsemi (18 10 0)

Hluti af veltu í iðnaði (18 12 0)

Kóði: 18 15 0

Heiti: Velta í þjónustu

Viðauki: II. til IV.

Skilgreining

Tekjur af allri þjónustu sem veitt er (þjónustustarfsemi banka og vátryggingafélaga, fyrirtækjaþjónusta og persónuleg þjónusta).

Þessi breyta nær yfir veltu í þjónustu sem kemur til af aðal- eða aukastarfsemi og sem iðnaðareiningar mega veita að einhverju leyti. Þessi starfsemi er flokkuð í bálkum H–N og bálkum P–S og einnig í viðhalds og viðgerðarflokka 45.2 og 45.4 í G-bálki í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Veltu í þjónustu má ekki einangra í reikningsskilum fyrirtækja.

Fjórða reikningsskilatilskipun: *tilskipun ráðsins 78/660/EBE*

Hún er hluti af hreinni veltu.

Reglusetning um alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS): reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003

Hún er hluti tekna.

Tenging við aðrar breytur:

Hluti af veltu (12 11 0)

Kóði: 18 16 0

Heiti: Velta í verslun, þ.e. kaupum og endursölu og í milliliðastarfsemi

Viðauki: II. til IV.

Skilgreining

Sá hluti veltu sem verður til við verslun, þ.e. kaup og endursölu og milliliðastarfsemi í einingunni. Hún samsvarar sölu á vörum sem einingin kaupir í eigin nafni og fyrir eigin reikning og endurselur í óbreyttu ástandi, eða eftir þær merkingar, þann umbúnað og þá innpökkun sem yfirleitt er viðhöfð í fyrirtækjum í dreifingarstarfsemi, sem og öllum umboðslaunum fyrir kaup og sölu sem gerð eru í nafni og fyrir hönd þriðja aðila, í dreifingarstarfsemi og svipaðri starfsemi.

Endursölu má skipta í:

— endursölu til annarra kaupmanna, til þeirra sem nota vöruna í atvinnuskyni o.s.frv. (heildsölu),

— endursölu til heimila eða lítilla notenda (smásölu).

Þessi starfsemi er flokkuð í bálk G í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk. (að undanskildum viðhalds- og viðgerðaflokkum 45.2 og 45.4).

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Veltu í verslun og milliliðastarfsemi má ekki einangra í reikningsskilum fyrirtækja.

Fjórða reikningsskilatilskipun: *tilskipun ráðsins 78/660/EBE*

Hún er hluti af hreinni veltu.

Reglusetning um alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS): reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003

Hún er hluti tekna.

Tenging við aðrar breytur:

Hluti af veltu (12 11 0)

Kóði: 18 21 0

Heiti: Sundurliðun veltu eftir vörum (samkvæmt bálki G í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum (CPA))

Viðauki: III.

Skilgreining

Sá hluti veltu sem sundurliða á er velta í verslun, þ.e. kaupum og endursölu og milliliðastarfsemi í einingunni (eins og hún er skilgreind í breytu 18 16 0).

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Sundurliðun veltu eftir vörum má ekki einangra í reikningsskilum fyrirtækja.

Fjórða reikningsskilatilskipun: *tilskipun ráðsins 78/660/EBE*

Hún er hluti af hreinni veltu.

Reglusetning um alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS): reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003

Hún er hluti tekna.

Tenging við aðrar breytur:

Samtala veltu fyrir allar vörur verður að jafngilda veltu af verslun og milliliðastarfsemi (18 16 0)

Kóði: 18 31 0

Heiti: Velta í byggingarvinnu

Viðauki: IV.

Skilgreining

Sá hluti veltu sem verður til í starfsemi sem flokkuð er í bálki F í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk. og tengist þeirri byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð sem flokkast sem byggingar í flokkun á tegundum mannvirkja.

Velta í sölu á vörum og þjónustu þar sem um er að ræða undirverktakatengsl er meðtalin. Velta í endursölu á vörum og þjónustu, sem keypt er til endursölu í óbreyttu ástandi, er undanskilin.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Veltu í byggingarvinnu má ekki einangra í reikningsskilum fyrirtækja.

Fjórða reikningsskilatilskipun: *tilskipun ráðsins 78/660/EBE*

Hún er hluti af hreinni veltu.

Reglusetning um alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS): reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003

Hún er hluti tekna.

Tenging við aðrar breytur:

Hluti af veltu (12 11 0)

Hluti af veltu í landbúnaði, skógrækt, fiskveiðum og iðnaðarstarfsemi (18 10 0)

Hluti af veltu í iðnaði (18 12 0)

Hluti af veltu í byggingarstarfsemi (18 12 2)

Kóði: 18 32 0

Heiti: Velta í mannvirkjagerð

Viðauki: IV.

Skilgreining

Sá hluti veltu sem verður til í starfsemi sem flokkuð er í bálki F í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2. endursk. og tengist þeirri byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð sem flokkast sem mannvirkjagerð í flokkun á tegundum byggingarstarfsemi.

Velta í sölu á vörum og þjónustu þar sem um er að ræða undirverktakatengsl er meðtalin. Velta í endursölu á vörum og þjónustu, sem keypt er til endursölu í óbreyttu ástandi, er undanskilin.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Veltu í mannvirkjagerð má ekki einangra í reikningsskilum fyrirtækja.

Fjórða reikningsskilatilskipun: *tilskipun ráðsins 78/660/EBE*

Hún er hluti af hreinni veltu.

Reglusetning um alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS): reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003

Hún er hluti tekna.

Tenging við aðrar breytur:

Hluti af veltu (12 11 0)

Hluti af veltu í landbúnaði, skógrækt, fiskveiðum og iðnaðarstarfsemi (18 10 0)

Hluti af veltu í iðnaði (18 12 0)

Hluti af veltu í byggingarstarfsemi (18 12 2)

Kóði: 20 11 0

Heiti: Kaup á orkuvörum (verðmæti)

Viðauki: II. og IV.

Skilgreining

Öll kaup á orkuvörum á viðmiðunartímabilinu heyra undir þessa breytu svo fremi vörurnar séu keyptar til nota sem eldsneyti. Orkuvörur, sem keyptar eru sem hráefni eða til endursölu óbreyttar, eru undanskildar. Ekki skal gefa upp tölur í öðru en verðmæti orkuvaranna.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Kaup á orkuvörum skal ekki einangra í reikningsskilum fyrirtækja.

Fjórða reikningsskilatilskipun: *tilskipun ráðsins 78/660/EBE*

Þau eru hluti af „Hráefnum og rekstrarvörum“.

Reglusetning um alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS): reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003

Þau eru hluti af „Hráefnum og rekstrarvörum“ sem notuð eru í tegundaflokkuninni.

Þau eru hluti af kostnaðarverði seldra vara, dreifingarkostnaði og stjórnunarkostnaði í starfsemiskostnaðaraðferðinni.

Tenging við aðrar breytur:

Hluti af heildarkaupum á vörum og þjónustu (13 11 0)

Kóði: 21 11 0

Heiti: Fjárfesting í mengunareftirlitsbúnaði og -stöð og sérstökum aukabúnaði til mengunarvarna (einkum „útblásturshreinsibúnaði“)

Viðauki: II**.**

Skilgreining

Fjárfestingarútgjöld vegna aðferða, tækni, vinnslu eða búnaðar til að taka við og fjarlægja mengun og mengunarvalda (t.d. losun út í andrúmsloftið, frárennsli eða úrgangur í föstu formi) sem þegar hafa myndast, koma í veg fyrir útbreiðslu mengunar og mæla stig hennar og meðhöndla og farga mengunarvöldum sem verða til í rekstri fyrirtækisins.

Þau eru samtala útgjalda á umhverfissviðunum Verndun andrúmslofts og loftslags, Hreinsun skolps, Meðferð úrgangsefna og Önnur umhverfisverndarstarfsemi. Önnur umhverfisverndarstarfsemi felur í sér Verndun og hreinsun jarðvegs, grunnvatns og yfirborðsvatns, Ráðstafanir til að draga úr hávaða og titringi, Verndun líffræðilegrar fjölbreytni og landslags, Geislavarnir, Rannsóknir og þróun, Almenna umhverfisstjórnun og -stjórnsýslu, Menntun, þjálfun og upplýsingar, Starfsemi sem leiðir til óskiptanlegra útgjalda og Starfsemi sem ekki er flokkuð annars staðar.

Meðtaldar eru:

— Fjárfestingar í skýrt skilgreindum þáttum sem koma til viðbótar búnaði sem fyrir er, sem gerðar eru við lok eða alveg utan við framleiðslulínuna („útblásturshreinsibúnaður“).

— Fjárfestingar í búnaði (t.d. síum eða aðgreindum hreinsunarþrepum) sem draga úr eða draga út mengunarvalda í framleiðslulínunni, ef þennan aukabúnað má fjarlægja án þess að það hafi áhrif á meginstarfsemi framleiðslulínunnar.

Megintilgangur eða hlutverk þessara fjárfestingarútgjalda er umhverfisvernd og skal tilgreina heildarútgjöld vegna þessa.

Tilgreina skal verg útgjöld, þ.e. að meðtöldum hvers kyns kostnaði sem vegur upp á móti og er til kominn vegna framleiðslu og sölu á markaðshæfum aukaafurðum, sparnaði eða mótteknum styrkjum.

Keyptar vörur eru metnar á innkaupsverði, að undanskildum frádráttarbærum virðisaukaskatti og öðrum frádráttarbærum sköttum sem tengjast veltu með beinum hætti.

Undanskilið er:

— Aðgerðir og starfsemi sem eru hagstæð umhverfinu en hefðu verið framkvæmd án tillits til umhverfisverndarsjónarmiða, þ.m.t. ráðstafanir sem fyrst og fremst stuðla að hollustuháttum og öryggi á vinnustað og öryggi í framleiðslu.

— Ráðstafanir til að draga úr mengun þegar verið er að nota vörurnar eða úrelda þær (aðlögun vara að umhverfinu), nema umhverfisstefna og reglur færi út lagalega ábyrgð framleiðanda þannig að hún nái einnig yfir mengun sem stafar af vörunum þegar verið er að nota þær eða ganga frá þeim sem úrgangi.

— Aðgerðir í tengslum við notkun og sparnað á auðlindum (t.d. vatnsveitu eða orku- eða hráefnissparnað), nema meginmarkmiðið með þeim sé umhverfisvernd: þ.e. þegar slíkar aðgerðir miða að því að uppfylla innlenda eða alþjóðlega umhverfisstefnu en eru ekki af sparnaðarástæðum.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Skilgreiningin byggist á þeim reikningsskilastöðlum sem fyrirtækið notar við bókhald sitt, í samræmi við reikningsskilastaðla ESB, þ.e.a.s. þessi útgjöld uppfylla skilyrði fyrir færslu sem eign.

Varanlegir rekstrarfjármunir kunna að vera keyptir af öryggis- eða umhverfisástæðum. Þó að kaup þessara varanlegu rekstrarfjármuna auki ekki beint efnahagslegan framtíðarávinning af einhverjum tilteknum, varanlegum rekstrarfjármunalið kunna þau að vera nauðsynleg til að fyrirtækið hafi efnahagslegan framtíðarávinning af öðrum eignum sínum. Í slíku tilviki uppfylla kaup á varanlegum rekstrarfjármunum skilyrði fyrir eignfærslu þar sem þau gera fyrirtækinu fært að hafa efnahagslegan framtíðarávinning af tengdum eignum umfram það sem fyrirtækið hefði fengið ef þeir hefðu ekki verið keyptir. Slíkar eignir eru þó aðeins færðar að því marki að bókfært verð slíkrar eignar og tengdra eigna sé ekki hærra en endurheimtanleg heildarfjárhæð þeirrar eignar og tengdra eigna. Framleiðandi kemískra efna getur t.d. þurft að setja upp nýtt ferli í meðferð kemískra efna til að uppfylla umhverfiskröfur sem eru gerðar um framleiðslu og geymslu hættulegra efna. Viðeigandi endurbætur á verksmiðjunni eru eignfærðar að því marki sem þær eru endurheimtanlegar vegna þess að án þeirra getur fyrirtækið ekki framleitt og selt kemísk efni.

Tenging við aðrar breytur:

Heildarfjárfesting í umhverfisvernd er samtala breytanna 21 11 0 og 21 12 0. Heildarútgjöld til umhverfisverndar eru samtala breytanna 21 11 0, 21 12 0 og 21 14 0.

Hluti af:

15 11 0 Verg fjármunamyndun í efnislegum fjármunum

Kóði: 21 12 0

Heiti: Fjárfesting í búnaði og stöð í tengslum við hreinni tækni („samþætt tækni“)

Viðauki: II.

Skilgreining

Fjárfestingarútgjöld vegna nýrra eða aðlögunar eldri aðferða, tækni, vinnslu eða búnaðar (eða hluta þeirra) til að koma í veg fyrir eða draga úr mengun sem til verður við upptök hennar (t.d. mengandi efni sem eru losuð út í andrúmsloftið, frárennsli eða úrgangur í föstu formi) og draga þannig úr áhrifum á umhverfið sem tengjast losun mengunarefna og/eða starfsemi sem veldur mengun.

Þau eru samtala útgjalda á umhverfissviðunum Verndun andrúmslofts og loftslags, Hreinsun skolps, Meðferð úrgangsefna og Önnur umhverfisverndarstarfsemi. Önnur umhverfisverndarstarfsemi felur í sér Verndun og hreinsun jarðvegs, grunnvatns og yfirborðsvatns, Ráðstafanir til að draga úr hávaða og titringi, Verndun líffræðilegrar fjölbreytni og landslags, Geislavarnir, Rannsóknir og þróun, Almenna umhverfisstjórnun og -stjórnsýslu, Menntun, þjálfun og upplýsingar, Starfsemi sem leiðir til óskiptanlegra útgjalda og Starfsemi sem ekki er flokkuð annars staðar.

Meðtaldar eru:

— Fjárfestingarútgjöld sem varða sérstaka, auðgreinanlega (umhverfislega hluta) aðferða, vinnslu, tækni og búnaðar. Megintilgangur eða hlutverk þeirra er, samkvæmt skilgreiningu, umhverfisvernd og tilgreina ber heildarútgjöld til (umhverfislegra hluta) aðferða, vinnslu, tækni og búnaðar.

— Fjárfestingarútgjöld vegna aðferða, vinnslu, tækni og búnaðar sem er samþættur heildarrekstrinum (framleiðsluferli/búnaði) með þeim hætti að erfitt er að aðgreina sérstaklega mengunarvarnaþáttinn. Í slíkum tilvikum (samþættar ráðstafanir) skal aðeins tilgreina umhverfisverndarhluta heildarfjárfestingarinnar.

Sá hluti samsvarar þeirri viðbótarfjárfestingu, gagnvart fjárfestingarútgjöldum, sem stofnað hefði verið til ef ekki hefði verið tekið tillit til umhverfisverndarsjónarmiða. Því samsvarar samanburðarkosturinn ódýrasta kostinum sem fyrirtækið á völ á sem hefur svipað hlutverk og eiginleika, að undanskildum þeim sem tengjast umhverfisvernd.

Þegar kosturinn, sem valinn er, er staðaltækni og fyrirtækið á ekki annarra kosta völ sem eru ódýrari og óhagstæðari fyrir umhverfið er ráðstöfunin, samkvæmt skilgreiningu, ekki umhverfisverndarstarfsemi og ekki skal tilgreina nein útgjöld.

Tilgreina skal verg útgjöld, þ.e. að meðtöldum hvers kyns kostnaði sem vegur upp á móti og er til kominn vegna framleiðslu og sölu á markaðshæfum aukaafurðum, sparnaði eða mótteknum styrkjum.

Keyptar vörur eru metnar á innkaupsverði, að undanskildum frádráttarbærum virðisaukaskatti og öðrum frádráttarbærum sköttum sem tengjast veltu með beinum hætti.

Undanskilið er:

— Aðgerðir og starfsemi sem eru hagstæð umhverfinu en hefðu verið framkvæmd án tillits til umhverfisverndarsjónarmiða, þ.m.t. ráðstafanir sem fyrst og fremst stuðla að hollustuháttum og öryggi á vinnustað og öryggi í framleiðslu.

— Ráðstafanir til að draga úr mengun þegar verið er að nota vörurnar eða úrelda þær (aðlögun vara að umhverfinu), nema umhverfisstefna og reglur færi út lagalega ábyrgð framleiðanda þannig að hún nái einnig yfir mengun sem stafar af vörunum þegar verið er að nota þær eða ganga frá þeim sem úrgangi.

— Aðgerðir í tengslum við notkun og sparnað á auðlindum (t.d. vatnsveitu eða orku- eða hráefnissparnað), nema meginmarkmiðið með þeim sé umhverfisvernd: þ.e. þegar slíkar aðgerðir miða að því að uppfylla innlenda eða alþjóðlega umhverfisstefnu en eru ekki af sparnaðarástæðum.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Skilgreiningin byggist á þeim reikningsskilastöðlum sem fyrirtækið notar við bókhald sitt, í samræmi við reikningsskilastaðla ESB, þ.e.a.s. þessi útgjöld uppfylla skilyrði fyrir færslu sem eign.

Varanlegir rekstrarfjármunir kunna að vera keyptir af öryggis- eða umhverfisástæðum. Þó að kaup þessara varanlegu rekstrarfjármuna auki ekki beint efnahagslegan framtíðarávinning af einhverjum tilteknum, varanlegum rekstrarfjármunalið kunna þau að vera nauðsynleg til að fyrirtækið hafi efnahagslegan framtíðarávinning af öðrum eignum sínum. Í slíku tilviki uppfylla kaup á varanlegum rekstrarfjármunum skilyrði fyrir eignfærslu þar sem þau gera fyrirtækinu fært að hafa efnahagslegan framtíðarávinning af tengdum eignum umfram það sem fyrirtækið hefði fengið ef þeir hefðu ekki verið keyptir. Slíkar eignir eru þó aðeins færðar að því marki að bókfært verð slíkrar eignar og tengdra eigna sé ekki hærra en endurheimtanleg heildarfjárhæð þeirrar eignar og tengdra eigna. Framleiðandi kemískra efna getur t.d. þurft að setja upp nýtt ferli í meðferð kemískra efna til að uppfylla umhverfiskröfur sem eru gerðar um framleiðslu og geymslu hættulegra efna. Viðeigandi endurbætur á verksmiðjunni eru eignfærðar að því marki sem þær eru endurheimtanlegar vegna þess að án þeirra getur fyrirtækið ekki framleitt og selt kemísk efni.

Tenging við aðrar breytur:

Heildarfjárfesting í umhverfisvernd er samtala breytanna 21 11 0 og 21 12 0. Heildarútgjöld til umhverfisverndar eru samtala breytanna 21 11 0, 21 12 0 og 21 14 0.

Hluti af:

15 11 0 Verg fjármunamyndun í efnislegum fjármunum

Kóði: 21 14 0

Heiti: Samanlögð rekstrarútgjöld til umhverfisverndar

Viðauki: II.

Skilgreining

Samanlögð rekstrarútgjöld til umhverfisverndar eru útgjöld til reksturs og viðhalds á starfsemi, tækni, vinnslu og búnaði (eða hlutum þeirra) til að koma í veg fyrir, draga úr, hreinsa eða útrýma mengunarvöldum og mengun (t.d. mengandi efnum sem eru losuð út í andrúmsloftið, frárennsli eða úrgangi í föstu formi) eða annarri hnignun umhverfisins sem stafar af rekstri fyrirtækisins.

Þau eru samtala útgjalda á umhverfissviðunum Verndun andrúmslofts og loftslags, Hreinsun skolps, Meðferð úrgangsefna og Önnur umhverfisverndarstarfsemi. Önnur umhverfisverndarstarfsemi felur í sér Verndun og hreinsun jarðvegs, grunnvatns og yfirborðsvatns, Ráðstafanir til að draga úr hávaða og titringi, Verndun líffræðilegrar fjölbreytni og landslags, Geislavarnir, Rannsóknir og þróun, Almenna umhverfisstjórnun og -stjórnsýslu, Menntun, þjálfun og upplýsingar, Starfsemi sem leiðir til óskiptanlegra útgjalda og Starfsemi sem ekki er flokkuð annars staðar.

Tilgreina ætti heildarfjárhæð samanlagðra rekstrarútgjalda til umhverfisverndar, þ.e. að meðtöldum hvers kyns kostnaði sem vegur upp á móti og er til kominn vegna sölu á markaðshæfum aukaafurðum, sparnaði eða mótteknum styrkjum.

Rekstrarútgjöld eru samtala „innanhússútgjalda“ og „kaupa á umhverfisverndarþjónustu“:

— Innanhússútgjöld taka til allra rekstrarútgjalda vegna umhverfisverndar nema kaupa á umhverfisverndarþjónustu frá öðrum einingum. Þau eru samtala launakostnaðar, notkunar á hráefnum og rekstrarvörum, þ.m.t. orkukostnaður og greiðslur vegna rekstrarleigu. Til dæmis tengt: rekstri og viðhaldi á umhverfistengdum búnaði, mælingum og vöktun á mengunarmagni, umhverfisstjórnun, upplýsingum og menntun, umhverfistengdum rannsóknum og þróunarstarfsemi.

— Kaup á umhverfisverndarþjónustu tekur til allra þóknana, gjalda og svipaðra greiðslna til annarra stofnana (utan svareiningarinnar), opinberra jafnt sem einkarekinna, í skiptum fyrir umhverfisverndarþjónustu sem tengist umhverfisáhrifum af rekstri fyrirtækisins. Til dæmis greiðslur fyrir söfnun og meðferð úrgangs og skólps, greiðslur í tengslum við afmengun jarðvegs, eftirlitsgjöld, greiðslur til ráðgjafa í umhverfismálum, t.d. í tengslum við umhverfisupplýsingar, vottanir eða notkun á umhverfistengdum búnaði.

Keyptar vörur og þjónusta eru metin á innkaupsverði að undanskildum frádráttarbærum virðisaukaskatti og öðrum frádráttarbærum sköttum sem tengjast veltu með beinum hætti. Launaútgjöld fela í sér vergan launakostnað, að meðtöldum gjöldum atvinnuveitanda og kostnaði vegna almannatrygginga, en að undanskildum almennum óbeinum kostnaði.

Undanskilið er:

— Aðgerðir og starfsemi sem eru hagstæð umhverfinu en hefðu verið framkvæmd án tillits til umhverfisverndarsjónarmiða, þ.m.t. ráðstafanir sem fyrst og fremst stuðla að hollustuháttum og öryggi á vinnustað og öryggi í framleiðslu.

— Ráðstafanir til að draga úr mengun þegar verið er að nota vörurnar eða úrelda þær (aðlögun vara að umhverfinu), nema umhverfisstefna og reglur færi út lagalega ábyrgð framleiðanda þannig að hún nái einnig yfir mengun sem stafar af vörunum þegar verið er að nota þær eða ganga frá þeim sem úrgangi.

— Aðgerðir í tengslum við notkun og sparnað á auðlindum (t.d. vatnsveitu eða orku- eða hráefnissparnað), nema meginmarkmiðið með þeim sé umhverfisvernd: þ.e. þegar slíkar aðgerðir miða að því að uppfylla innlenda eða alþjóðlega umhverfisstefnu en eru ekki af sparnaðarástæðum.

— Greiðsla svareiningarinnar á sköttum, þóknunum eða gjöldum, sem ekki eru tengd kaupum á umhverfisþjónustu í tengslum við umhverfisáhrif frá rekstri fyrirtækisins, jafnvel þótt stjórnvöld hafi eyrnamerkt tekjurnar fjármögnun á umhverfisverndarstarfsemi (t.d. mengunarskattar).

— Reiknaðir kostnaðarþættir t.d. fyrning á umhverfistengdum búnaði, tap vegna óumflýjanlegrar endurnýjunar á búnaði eða fastakostnaðar.

— Tekjutap, uppbótargjöld, sektir, viðurlög og annað þ.u.l. sem tengist ekki umhverfisverndarstarfsemi.

Tenging við ársreikninga fyrirtækja

Skilgreiningin á rekstrarútgjöldum byggist á þeim reikningsskilastöðlum sem fyrirtækið notar við bókhald sitt, í samræmi við reikningsskilastaðla ESB, þ.e.a.s. rekstrarútgjöld taka til allra útgjalda sem eru ekki færð til eignar heldur á rekstrarreikning.

Þau eru samtala kaupa á hráefnum og rekstrarvörum, launakostnaðar, opinberra þóknana og gjalda, útgjalda vegna utanaðkomandi þjónustu og leigugjalda fyrir umhverfisverndarstarfsemi.

Tenging við aðrar breytur:

Heildarfjárfesting í umhverfisvernd er samtala breytanna 21 11 0 og 21 12 0. Heildarútgjöld til umhverfisverndar eru samtala breytanna 21 11 0, 21 12 0 og 21 14 0.

Hluti af:

13 11 0 Heildarkaup á vörum og þjónustu

13 31 0 Starfsmannakostnaður

Kóði: 23 11 0

Heiti: Greiðslur til undirverktaka

Viðauki: II. og IV.

Skilgreining

Að því er varðar hagskýrslur um starfsemi, sem skilgreind er í 3. þætti II. viðauka eru greiðslur til undirverktaka greiðslur, sem einingin innir af hendi til þriðja aðila fyrir iðnaðarvörur og þjónustu sem veitt er sem hluti af undirverktakatengslum sem skilgreind eru sem hér segir:

Tvö fyrirtæki eru tengd með undirverktakastarfsemi, hvenær sem bæði skilyrði A og B eru uppfyllt:

A. Viðskiptamannafyrirtækið, einnig nefnt aðalverktaki, tekur þátt í vöruframleiðslu með því að sjá birgðafyrirtækinu, einnig nefnt undirverktaki, að hluta til eða að öllu leyti, fyrir tækniforskriftum og/eða sjá því fyrir efni til vinnslu.

B. Viðskiptamannafyrirtækið selur vöruna sem undirverktakinn framleiddi, annaðhvort sem slíka eða sem hluta af samsettari framleiðsluvöru, og tekur ábyrgð á vörunni eftir að hún er seld.

Athugasemd: Einvörðungu fyrirmæli um lit, stærð eða vöruskrárnúmer er ekki tækniforskrift í sjálfu sér. Framleiðsla á sérsniðinni vöru bendir ekki endilega til að um undirverktakatengsl sé að ræða.

Að því er varðar hagskýrslur um starfsemi, sem skilgreind er í 3. þætti IV. viðauka eru greiðslur til undirverktaka greiðslur sem einingin innir af hendi til þriðja aðila í staðinn fyrir byggingarvinnu sem er unnin sem hluti af undirverktakatengslum.

Tvö fyrirtæki eru tengd með undirverktakastarfsemi, alltaf þegar skilyrði A, B, C og D eru uppfyllt samtímis:

A. Viðskiptamannafyrirtækið gerir samning við birgðafyrirtækið, hér á eftir nefnt „undirverktaki“, um framkvæmd verks eða þjónustu sem er sérstaklega bætt inn í byggingarferlið.

B. Viðskiptamannafyrirtækið ber ábyrgð á lokaafurð byggingarferlisins, ábyrgðin nær einnig yfir þá hluta sem unnir eru af undirverktökum, undirverktakinn getur í einhverjum tilvikum borið hluta af ábyrgðinni.

C. Viðskiptamannafyrirtækið veitir undirverktakanum nákvæmar skilgreiningar, t.d. verður vinnan eða þjónustan sem undirverktakinn veitir að vera sérsniðin að viðkomandi verkefni og því getur vinnan eða þjónustan ekki verið samkvæmt stöðlum.

D. Gagnkvæmur samningur er ekki hluti af samstarfssamningi, t.d. sameiginlegu svari við útboði, félagi um samvinnu eða samrekstur o.s.frv.

Tengingar við reikningsskil fyrirtækja

Ekki er nauðsynlegt að gera sérstaka grein fyrir greiðslum til undirverktaka í reikningsskilum fyrirtækja.

Fjórða reikningsskilatilskipun: tilskipun ráðsins 78/660/EBE

Þær má telja með í Öðrum ytri gjöldum og Öðrum rekstrarkostnaði.

Reglusetning um alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS): reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003

Þær má telja með öðrum útgjöldum í rekstrarreikningnum samkvæmt tegundaflokkuninni.

Þær má telja með öðrum útgjöldum í rekstrarreikningnum samkvæmt starfsemiskostnaðaraðferðinni.

Tengingar við aðrar breytur

Hluti af heildarkaupum á vörum og þjónustu (13 11 0).

Kóði: 23 12 0

Heiti: Tekjur af undirverktakastarfsemi

Viðauki: IV.

Skilgreining

Að því er varðar hagskýrslur um starfsemi, sem skilgreind er í 3. þætti IV. viðauka eru Tekjur af undirverktakastarfsemi sú velta sem kemur til af eigin byggingarvinnu einingarinnar sem unnin er fyrir þriðja aðila samkvæmt undirverktakatengslum.

Tvö fyrirtæki eru tengd með undirverktakastarfsemi, alltaf þegar skilyrði A, B, C og D eru uppfyllt samtímis:

A. Viðskiptamannafyrirtækið gerir samning við birgðafyrirtækið, hér á eftir nefnt „undirverktaki“, um framkvæmd verks eða þjónustu sem er sérstaklega bætt inn í byggingarferlið.

B. Viðskiptamannafyrirtækið ber ábyrgð á lokaafurð byggingarferlisins, ábyrgðin nær einnig yfir þá hluta sem unnir eru af undirverktökum, undirverktakinn getur í einhverjum tilvikum borið hluta af ábyrgðinni.

C. Viðskiptamannafyrirtækið veitir undirverktakanum nákvæmar skilgreiningar, t.d. verður vinnan eða þjónustan sem undirverktakinn veitir að vera sérsniðin að viðkomandi verkefni og því getur vinnan eða þjónustan ekki verið samkvæmt stöðlum.

D. Gagnkvæmur samningur er ekki hluti af samstarfssamningi, t.d. sameiginlegu svari við útboði, félagi um samvinnu eða samrekstur o.s.frv.

Tengingar við reikningsskil fyrirtækja

Ekki er nauðsynlegt að gera sérstaka grein fyrir tekjum af undirverktakastarfsemi í ársreikningum fyrirtækja.

Fjórða reikningsskilatilskipun: *tilskipun ráðsins 78/660/EBE*

Þær eru taldar með í hreinni veltu.

Reglusetning um alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS): reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003

Þær eru taldar með reglulegum tekjum í rekstrarreikningnum samkvæmt tegundaflokkuninni.

Þær eru taldar með reglulegum tekjum í rekstrarreikningnum samkvæmt starfsemiskostnaðaraðferðinni.

Tenging við aðrar breytur:

Hluti af veltu (12 11 0)

Hluti af veltu í landbúnaði, skógrækt, fiskveiðum og iðnaðarstarfsemi (18 10 0)

Hluti af veltu í iðnaði (18 12 0)

Hluti af veltu í byggingarstarfsemi (18 12 2)

Hluti af veltu í byggingarvinnu (18 31 0) eða veltu í mannvirkjagerð (18 32 0)

Kóði: 32 11 2

Heiti: Verg breyting í vátryggingasjóði fyrir iðgjaldaskuldir (+/-)

Viðauki: V.

Skilgreining:

Ákvæði 25. og 37. gr. tilskipunar ráðsins 91/674/EBE – verg breyting í vátryggingarsjóði fyrir iðgjaldaskuldir er talin með í vátryggingarhluta rekstrarreikningsins.

Athugasemd:

Fyrir uppsetningu á rekstrarreikningum (tekjur og gjöld af vátryggingarekstri): Ákvæði c-liðar 1. liðar I. liðar 34. gr. tilskipunar 91/674/EBE um skaðatryggingafélög og c-liðar 1. liðar II. liðar 34. gr. tilskipunar 91/674/EBE um líftryggingafélög.

Tenging við aðrar breytur:

Verg breyting í vátryggingarsjóði fyrir iðgjaldaskuldir er notuð við útreikning á iðgjaldatekjum og við útreikning á vergri stöðu tekna og gjalda af vátryggingarekstri (32 17 0) og öðrum samtölum og jöfnuði.

Kóði: 32 11 4

Heiti: Bókfærð bráttóiðgjöld, sundurliðað eftir réttarstöðu

Viðauki: V.

Skilgreining:

Bókfærð bráttóiðgjöld (sjá breytu 12 11 0) eru sundurliðuð eftir réttarstöðu á eftirfarandi hátt: hlutafélög, gagnkvæm félög, útibú tryggingafélaga með aðalskrifstofu í löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins, önnur.

Athugasemd:

Að því er varðar endurtryggingafyrirtæki eru ekki skráð nein útibú fyrirtækja með aðalskrifstofu í löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Tenging við aðrar breytur:

Bókfærð bráttóiðgjöld, sundurliðuð eftir réttarstöðu, fela í sér frekari sundurliðun á bókfærðum iðgjöldum (12 11 0).

Kóði: 32 11 5

Heiti: Bókfærð frumtryggingariðgjöld, sundurliðuð eftir aðseturslandi móðurfyrirtækisins

Viðauki: V.

Skilgreining:

Í samræmi við sundurliðun breytunnar 11 11 5 eru bókfærð frumtryggingariðgjöld sundurliðuð í hluta sem tengist fyrirtækjum, sem stjórnað er af innlendum aðilum, og hluta sem tengist fyrirtækjum sem stjórnað er af erlendum aðilum.

Kóði: 32 11 6

Heiti: Bókfærð fengin endurtryggingariðgjöld, bókfærð iðgjöld, sundurliðuð eftir aðseturslandi móðurfyrirtækisins

Viðauki: V.

Skilgreining:

Í samræmi við sundurliðun breytunnar 11 11 5 eru bókfærð, fengin endurtryggingariðgjöld bókfærð iðgjöld sundurliðuð í hluta, sem tengist fyrirtækjum stjórnað af innlendum aðilum, og hluta sem tengist fyrirtækjum stjórnað af erlendum aðilum.

Kóði: 32 12 0

Heiti: Reiknaðar fjárfestingartekjur, færðar vátryggingum öðrum en líftryggingum

Viðauki: V.

Skilgreining:

Ákvæði 42. og 43. gr. tilskipunar ráðsins 91/674/EBE – reiknaðar fjárfestingartekjur, færðar vátryggingum öðrum en líftryggingum, eru taldar með í vátryggingarhluta rekstrarreikningsins.

Athugasemd:

Fyrir uppsetningu á rekstrarreikningum: Ákvæði 2. liðar I. liðar 34. gr. í tilskipun 91/674/EBE. Þessum gögnum verður safnað í samræmi við mismunandi aðferðir við að færa fjárfestingartekjur á tekjur og gjöld af vátryggingarekstri og tekjur og gjöld af fjármálarekstri. Að því er varðar þau lönd, sem færa sér í nyt möguleikana í 4. mgr. 42. gr. tilskipunar 91/674/EBE, er unnt að láta aðra liði koma í stað þessa liðar í samræmi við valkostina sem skapast með þessari grein.

Tenging við aðrar breytur:

Reiknaðar fjárfestingartekjur, færðar vátryggingum öðrum en líftryggingum, eru notaðar við útreikning á vergri stöðu tekna og gjalda af vátryggingarekstri (32 17 0) og öðrum samtölum og jöfnuði.

Kóði: 32 13 1

Heiti: Bókfærð tjón

Viðauki: V.

Skilgreining:

Ákvæði 38. gr. tilskipunar ráðsins 91/674/EBE – bókfærð tjón eru talin með í vátryggingarhluta rekstrarreikningsins.

Athugasemd:

Fyrir uppsetningu á rekstrarreikningum (tekjur og gjöld af vátryggingarekstri): Ákvæði aa-undirliðar a-liðar 4. liðar. I. liðar 34. gr. í tilskipun 91/674/EBE um skaðatryggingafélög og ákvæði aa-undirliðar a-liðar 5. liðar II. liðar 34. gr. tilskipunar 91/674/EBE um líftryggingafélög. Tekið er til allra bókfærðra tjóna á fjárhagsárinu.

Tenging við aðrar breytur:

Bókfærð tjón eru notuð við útreikning á tjónum ársins alls og við útreikning á vergri stöðu tekna og gjalda af vátryggingarekstri (32 17 0) og öðrum samtölum og jöfnuði.

Kóði: 32 13 2

Heiti: Bókfærðar greiðslur í tengslum við tjón á yfirstandandi uppgjörsári

Viðauki: V.

Skilgreining:

Ákvæði 38. gr. tilskipunar ráðsins 91/674/EBE – bókfærðar greiðslur í tengslum við tjón á yfirstandandi uppgjörsári eru taldar með í vátryggingarhluta rekstrarreikningsins.

Athugasemd:

Tekið er til allra bókfærðra greiðslna í tengslum við tjón á fjárhagsárinu sem vísa til tjóna sem verða á sama uppgjörsári.

Tenging við aðrar breytur:

Bókfærðar greiðslur í tengslum við tjón á yfirstandandi uppgjörsári eru hluti af breytunni Bókfærð tjón (32 13 1).

Kóði: 32 13 4

Heiti: Verg breyting í vátryggingarsjóði fyrir tjónaskuldir (+/-)

Viðauki: V.

Skilgreining:

Ákvæði 38. gr. tilskipunar ráðsins 91/674/EBE – verg breyting í vátryggingarsjóði fyrir tjónaskuldir er talin með í vátryggingarhluta rekstrarreikningsins.

Athugasemd:

Fyrir uppsetningu á rekstrarreikningum (tekjur og gjöld af vátryggingarekstri): Ákvæði aa- undirliðar b-liðar 4. liðar. I. liðar 34. gr. í tilskipun 91/674/EBE um skaðatryggingafélög og aa-undirliður b-liðar 5. liðar II. liðar 34. gr. tilskipunar 91/674/EBE um líftryggingafélög.

Tenging við aðrar breytur:

Verg breyting í vátryggingarsjóði fyrir tjónaskuldir er notuð við útreikning á breytunni Tjón ársins alls, og einnig við útreikning á vergri stöðu tekna og gjalda af vátryggingarekstri (32 17 0) og öðrum samtölum og jöfnuði.

Kóði: 32 14 0

Heiti: Verg rekstrarútgjöld

Viðauki: V.

Skilgreining:

Þessi breyta er samtalan af kostnaði við öflun vátrygginga, breytingu á fyrirframgreiddum kostnaði og stjórnunarútgjöldum.

Athugasemd:

Fyrir uppsetningu á rekstrarreikningum (tekjur og gjöld af vátryggingarekstri): Ákvæði a-, b- og c-liðar 7. liðar I. liðar 34. gr. í tilskipun 91/674/EBE um skaðatryggingafélög og ákvæði a-, b- og c-liðar 8. liðar II. liðar 34. gr. tilskipunar 91/674/EBE um líftryggingafélög.

Tenging við aðrar breytur:

Verg rekstrarútgjöld eru notuð við útreikning á vergri stöðu tekna og gjalda af vátryggingarekstri (32 17 0) og öðrum samtölum og jöfnuði.

Kóði: 32 15 0

Heiti: Breyting í útjöfnunarsjóði (+/-)

Viðauki: V.

Skilgreining:

Ákvæði 30. gr. tilskipunar ráðsins 91/674/EBE – breyting í útjöfnunarsjóði er talin með í vátryggingarhluta rekstrarreikningsins.

Athugasemd:

Fyrir uppsetningu á rekstrarreikningum (tekjur og gjöld af vátryggingarekstri): ákvæði 9. liðar I. liðar 34. gr. í tilskipun 91/674/EBE um skaðatryggingar.

Tenging við aðrar breytur:

Breyting í útjöfnunarsjóði er notuð við útreikning á vergri stöðu tekna og gjalda af vátryggingarekstri (32 17 0) og öðrum samtölum og jöfnuði.

Kóði: 32 16 0

Heiti: Aðrir tekju- og gjaldaliðir af vátryggingarekstri, verg fjárhæð (+/-)

Viðauki: V.

Skilgreining:

Þessi breyta er mismunurinn af öðrum tekjum af vátryggingum, vergri fjárhæð, vergri breytingu á öðrum vátryggingaskuldum, ekki tilgreint í öðrum liðum, áunninni ágóðahlutdeild og afsláttum, vergri fjárhæð og öðrum kostnaði af vátryggingarekstri, verg fjárhæð.

Skipti mismunurinn á vergri og hreinni fjárhæð þessa liðar litlu máli geta „aðrir tekju- og gjaldaliðir í vátryggingarekstri, hrein fjárhæð“ komið í stað þessa liðar. Í því tilviki er breytan mismunurinn á öðrum tekjum af vátryggingarekstri, hreinni fjárhæð (32 16 1), hreinum breytingum á öðrum vátryggingaskuldum, ekki tilgreint í öðrum liðum (32 16 2), áunninni ágóðahlutdeild og afsláttum, hreinni fjárhæð (32 16 3) og öðrum kostnaði af vátryggingarekstri, hrein fjárhæð (32 16 4). Ef aðildarríki nýtir sér hreina fjárhæð skal tilgreina það.

Tenging við aðrar breytur:

Aðrir tekju- og gjaldaliðir af vátryggingarekstri, verg fjárhæð, eru notaðir við útreikning á vergri stöðu tekna og gjalda af vátryggingarekstri (32 17 0) og öðrum samtölum og jöfnuði.

Kóði: 32 16 1

Heiti: Aðrar tekjur af vátryggingum, hrein fjárhæð

Viðauki: V.

Skilgreining:

Hreinar tekjur af vátryggingum, ekki tilgreint í öðrum liðum.

Athugasemd:

Fyrir uppsetningu á rekstrarreikningum (tekjur og gjöld af vátryggingarekstri): Ákvæði 3. liðar I. liðar 34. gr. í tilskipun 91/674/EBE um skaðatryggingafélög og 4. liðar II. liðar 34. gr. tilskipunar 91/674/EBE um líftryggingafélög.

Tenging við aðrar breytur:

Aðrar tekjur af vátryggingum, verg fjárhæð, er notuð til útreikninga á Öðrum tekju- og gjaldaliðum af vátryggingarekstri, verg fjárhæð (32 16 0).

Kóði: 32 16 2

Heiti: Hreinar breytingar annarra vátryggingaskulda, ekki tilgreint í öðrum liðum (+/-)

Viðauki: V.

Skilgreining:

Ákvæði 26. gr. tilskipunar ráðsins 91/674/EBE – hreinar breytingar annarra vátryggingaskulda, ekki tilgreint í öðrum liðum eru taldar með í vátryggingarhluta rekstrarreikningsins.

Athugasemd:

Fyrir uppsetningu á rekstrarreikningum (tekjur og gjöld af vátryggingarekstri): Ákvæði 5. liðar I. liðar 34. gr. í tilskipun 91/674/EBE um skaðatryggingafélög og ákvæði b-liðar 6. liðar II. liðar 34. gr. tilskipunar 91/674/EBE um líftryggingafélög.

Tenging við aðrar breytur:

Hreinar breytingar annarra vátryggingaskulda, ekki tilgreint í öðrum liðum er notuð til útreikninga á Öðrum tekju- og gjaldaliðum af vátryggingarekstri, vergri fjárhæð (32 16 0).

Kóði: 32 16 3

Heiti: Ágóðahlutdeild og afslættir, hrein fjárhæð

Viðauki: V.

Skilgreining:

Ákvæði 29. og 39. gr. tilskipunar ráðsins 91/674/EBE – ágóðahlutdeild og afslættir, hrein fjárhæð er talin með í vátryggingarhluta rekstrarreikningsins.

Athugasemd:

Fyrir uppsetningu á rekstrarreikningum (tekjur og gjöld af vátryggingarekstri): Ákvæði 6. liðar I. liðar 34. gr. í tilskipun 91/674/EBE um skaðatryggingafélög og ákvæði 7. liðar II. liðar 34. gr. tilskipunar 91/674/EBE um líftryggingafélög.

Tenging við aðrar breytur:

Ágóðahlutdeild og afslættir, hrein fjárhæð er notuð til útreikninga á öðrum tekju- og gjaldaliðum af vátryggingarekstri, verg fjárhæð (32 16 0).

Kóði: 32 16 4

Heiti: Annar kostnaður af vátryggingarekstri, hrein fjárhæð

Viðauki: V.

Skilgreining:

Hreinn kostnaður af vátryggingarekstri, ekki tilgreindur í öðrum liðum.

Athugasemd:

Fyrir uppsetningu á rekstrarreikningum (tekjur og gjöld af vátryggingarekstri): ákvæði 8. liðar I. liðar 34. gr. í tilskipun 91/674/EBE um skaðatryggingafélög og ákvæði 11. liðar II. liðar 34. gr. tilskipunar 91/674/EBE um líftryggingafélög.

Tenging við aðrar breytur:

Annar kostnaður af vátryggingarekstri, hrein fjárhæð, er notaður til útreikninga á öðrum tekju- og gjaldaliðum af vátryggingarekstri, verg fjárhæð (32 16 0).

Kóði: 32 17 0

Heiti: Millisamtala I (= verg staða tekna og gjalda af vátryggingarekstri) (+/-)

Viðauki: V.

Skilgreining:

Verg staða tekna og gjalda af vátryggingarekstri í rekstrarreikningi.

Athugasemd:

Verg fjárhæðin samsvarar millisamtölunni samkvæmt 10. lið I. liðar 34. gr. tilskipunar 91/674/EBE (tekjur og gjöld af vátryggingarekstri) um skaðatryggingafélög og ákvæði 13. liðar II. liðar 34. gr. tilskipunar 91/674/EBE um líftryggingafélög.

Tenging við aðrar breytur:

Millisamtala I er reiknuð út fyrir skaðatryggingar sem hér segir:

Iðgjaldatekjur [12 11 0 + 32 11 2 (+/-)]

\+ Reiknaðar fjárfestingartekjur, færðar vátryggingum öðrum en líftryggingum (32 12 0)

\- Tjón ársins alls [32 13 1 + 32 13 4 (+/-)]

\- Verg rekstrarútgjöld (32 14 0)

\+ Breyting í útjöfnunarsjóði (32 15 0) (+/-)

\+ Aðrir tekju- og gjaldaliðir af vátryggingarekstri, verg fjárhæð (32 16 0) (+/-).

Ef „aðrir tekju- og gjaldaliðir af vátryggingarekstri“ (32 16 0) eru einungis skráðir á hreinum grundvelli er tekið tillit til þessarar hreinu fjárhæðar við útreikning á millisamtölu I: verg staða tekna og gjalda af vátryggingarekstri.

Millisamtala I er reiknuð út fyrir líftryggingafélög á eftirfarandi hátt:

Iðgjaldatekjur [12 11 0 + 32 11 2 (+/-)]

\+ Fjárfestingartekjur (32 22 0)

\+ Dulinn hagnaður af fjárfestingum (32 23 0)

\- Tjón ársins alls [32 13 1 + 32 13 4 (+/-)]

\+ Verg breyting í líftryggingasjóðum (32 25 0) (+/-)

\- Verg rekstrarútgjöld (32 14 0)

\- Fjárfestingarkostnaður (32 27 0)

\- Óinnleyst tap af fjárfestingum (32 28 0)

\- Reiknaðar fjárfestingartekjur, færðar á fjármálarekstur (32 29 0)

\+ Aðrir tekju- og gjaldaliðir af vátryggingarekstri, verg fjárhæð (32 16 0) (+/-).

Ef „aðrir tekju- og gjaldaliðir af vátryggingarekstri“ (32 16 0) eru einungis skráðir á hreinum grundvelli er tekið tillit til þessarar hreinu fjárhæðar við útreikning á millisamtölu I: verg staða tekna og gjalda af vátryggingarekstri.

Millisamtala I (= verg staða tekna og gjalda af vátryggingarekstri) er notuð við útreikning á millisamtölu II (= hrein staða tekna og gjalda af vátryggingarekstri) (32 19 0).

Kóði: 32 18 0

Heiti: Endurtryggingajöfnuður (+/-)

Viðauki: V.

Skilgreining:

Endurtryggingajöfnuður tekna og gjalda af vátryggingarekstri í rekstrarreikningi.

Athugasemd:

ákvæði 63. gr. tilskipunar 91/674/EBE.

Tenging við aðrar breytur:

Þessi breyta er reiknuð út á eftirfarandi hátt:

Hluti endurtryggjenda af bókfærðum bráttóiðgjöldum (32 18 1)

\+ Hluti endurtryggjenda af vergri breytingu í vátryggingarsjóði fyrir iðgjaldaskuldir (32 18 3) (+/-)

\- Hluti endurtryggjenda í tjónum ársins alls [32 18 5 + 32 18 6 (+/-)]

\- Greidd umboðslaun og ágóðahluti frá endurtryggjendum (32 18 7)

\+ Hluti endurtryggjenda af vergri fjárhæð annarra tekju- og gjaldaliða af vátryggingarekstri (32 18 8) (+/-)

\+ Hluti endurtryggjenda af vergri breytingu í líftryggingasjóði (32 33 4) (+/-)

Endurtryggingajöfnuður er notaður við útreikning á millisamtölu II (= hrein staða tekna og gjalda af vátryggingarekstri) (32 19 0) (+/-).

Kóði: 32 18 1

Heiti: Hlutur endurtryggjenda af bókfærðum bráttóiðgjöldum

Viðauki: V.

Skilgreining:

Ákvæði 36. gr. tilskipunar ráðsins 91/674/EBE – hlutur endurtryggjenda af bókfærðum bráttóiðgjöldum er talinn með í vátryggingarhluta rekstrarreikningsins.

Athugasemd:

Fyrir uppsetningu á rekstrarreikningum (tekjur og gjöld af vátryggingarekstri): Ákvæði b-liðar 1. liðar I. liðar 34. gr. tilskipunar 91/674/EBE um skaðatryggingafélög og b-liður 1. liðar II. liðar 34. gr. tilskipunar 91/674/EBE um líftryggingafélög.

Tenging við aðrar breytur:

Hluti endurtryggjenda af bókfærðum bráttóiðgjöldum er hluti af endurtryggingajöfnuði (32 18 0).

Kóði: 32 18 2

Heiti: Hlutur endurtryggjenda af bókfærðum bráttóiðgjöldum, sundurliðuðum eftir aðseturslandi móðurfyrirtækisins

Viðauki: V.

Skilgreining:

Í samræmi við sundurliðun breytunnar „hlutur endurtryggjenda af bókfærðum bráttóiðgjöldum“ 11 11 5 er hlutur endurtryggjenda af bókfærðum iðgjöldum sundurliðaður í hluta sem tengist fyrirtækjum, sem stjórnað er af innlendum aðilum, og hluta sem tengist fyrirtækjum sem stjórnað er af erlendum aðilum.

Kóði: 32 18 3

Heiti: Hlutur endurtryggjenda af vergri breytingu í vátryggingasjóði fyrir iðgjaldaskuldir (+/-)

Viðauki: V.

Skilgreining:

Ákvæði 25. og 37. gr. tilskipunar ráðsins 91/674/EBE – hlutur endurtryggjenda af vergri breytingu í vátryggingasjóði fyrir iðgjaldaskuldir er talinn með í vátryggingarhluta rekstrarreikningsins.

Athugasemd:

Fyrir uppsetningu á rekstrarreikningum (tekjur og gjöld af vátryggingarekstri): Ákvæði d-liðar 1. liðar I. liðar 34. gr. í tilskipun 91/674/EBE um skaðatryggingafélög og ákvæði c-liðar 1. liðar II. liðar 34. gr. tilskipunar 91/674/EBE um líftryggingafélög. Hlutur endurtryggjenda af vergu fjárhæðinni er skráður hér.

Tenging við aðrar breytur:

Hlutur endurtryggjenda af vergri breytingu í vátryggingasjóði fyrir iðgjaldaskuldir er hluti af Endurtryggingajöfnuðinum (32 18 0).

Kóði: 32 18 5

Heiti: Hluti endurtryggjenda af bókfærðum tjónum

Viðauki: V.

Skilgreining:

Ákvæði 38. gr. tilskipunar ráðsins 91/674/EBE – hlutur endurtryggjenda af bókfærðum tjónum er talinn með í vátryggingarhluta rekstrarreikningsins.

Athugasemd:

Fyrir uppsetningu á rekstrarreikningum (tekjur og gjöld af vátryggingarekstri): Ákvæði bb-undirliðar a-liðar 4. liðar I. liðar 34. gr. í tilskipun 91/674/EBE um skaðatryggingafélög og ákvæði bb-undirliðar a-liðar 5. liðar II. liðar 34. gr. tilskipunar 91/674/EBE um líftryggingafélög.

Tenging við aðrar breytur:

Hlutur endurtryggjenda af bókfærðum tjónum er hluti af Endurtryggingajöfnuði (32 18 0).

Kóði: 32 18 6

Heiti: Hlutur endurtryggjenda af vergri breytingu í vátryggingasjóði fyrir tjónaskuldir (+/-)

Viðauki: V.

Skilgreining:

Ákvæði 38. gr. tilskipunar ráðsins 91/674/EBE – hlutur endurtryggjenda af vergri breytingu í vátryggingasjóði fyrir tjónaskuldir er talinn með í vátryggingarhluta rekstrarreikningsins.

Athugasemd:

Fyrir uppsetningu á rekstrarreikningum (tekjur og gjöld af vátryggingarekstri): Ákvæði bb-undirliðar b-liðar 4. liðar I. liðar 34. gr. í tilskipun 91/674/EBE um skaðatryggingafélög og ákvæði bb-undirliðar b-liðar 5. liðar II. liðar 34. gr. tilskipunar 91/674/EBE varðandi líftryggingafélög.

Tenging við aðrar breytur:

Hlutur endurtryggjenda af vergri breytingu í vátryggingasjóði fyrir útistandandi kröfur er hluti af endurtryggingajöfnuði (32 18 0).

Kóði: 32 18 7

Heiti: Greidd umboðslaun og ágóðahluti frá endurtryggjendum

Viðauki: V.

Skilgreining:

Greidd umboðslaun og ágóðahluti frá endurtryggjendum fyrir starfsemi sína.

Athugasemd:

Fyrir uppsetningu á rekstrarreikningum (tekjur og gjöld af vátryggingarekstri): Ákvæði d-liðar 7. liðar I. liðar 34. gr. í tilskipun 91/674/EBE um líftryggingafélög og ákvæði d-liðar 8. liðar II. liðar 34. gr. tilskipunar 91/674/EBE um líftryggingafélög.

Tenging við aðrar breytur:

Greidd umboðslaun og ágóðahluti frá endurtryggjendum eru hluti af Endurtryggingajöfnuðinum (32 18 0).

Kóði: 32 18 8

Heiti: Hlutur endurtryggjenda af vergri fjárhæð annarra tekju- og gjaldaliða af vátryggingarekstri (+/-)

Viðauki: V.

Skilgreining:

Þessi breyta er hlutur endurtryggjenda sem samsvarar breytunni 32 16 0 (tekur til eftirtalinna þátta: annarra tekna af vátryggingarekstri; breytinga á öðrum vátryggingaskuldum, ekki tilgreint í öðrum liðum, ágóðahlutdeildar og afslátta; annars kostnaðar af vátryggingarekstri).

Athugasemd:

Ekki þarf að skýra frá þessari breytu ef aðrir tekju- og gjaldaliðir af vátryggingarekstri (32 16 0) eru einungis skráðir á hreinum grundvelli.

Tenging við aðrar breytur:

Hlutur endurtryggjenda af vergri fjárhæð annarra tekju- og gjaldaliða af vátryggingarekstri er hluti af endurtryggingajöfnuðinum (32 18 0).

Kóði: 32 19 0

Heiti: Millisamtala II (= hrein staða tekna og gjalda af vátryggingarekstri) (+/-)

Viðauki: V.

Skilgreining:

Hrein staða tekna og gjalda af vátryggingarekstri í rekstrarreikningi – að frádregnum hlut endurtryggjenda –.

Athugasemd:

Fyrir uppsetningu á rekstrarreikningum: ákvæði 10. liðar I. liðar 34. gr. í tilskipun 91/674/EBE (tekjur og gjöld af vátryggingarekstri) um skaðatryggingafélög og ákvæði 13. liðar II. liðar 34. gr. í tilskipun 91/674/EBE (tekjur og gjöld af vátryggingarekstri) um líftryggingafélög og ákvæði 1. og 2. liðar III. liðar 34. gr. tilskipunar 91/674/EBE (tekjur og gjöld af fjármálarekstri).

Tenging við aðrar breytur:

Þessi breyta er reiknuð út á eftirfarandi hátt:

Verg staða tekna og gjalda af vátryggingarekstri (32 17 0) (+/-)

- Endurtryggingajöfnuður (32 18 0) (+/-).

Kóði: 32 22 0

Heiti: Fjárfestingartekjur

Viðauki: V.

Skilgreining:

Ákvæði 42. gr. tilskipunar ráðsins 91/674/EBE – sem varða fjárfestingartekjur sem taldar eru með í vátryggingarhluta rekstrarreikningsins.

Athugasemd:

Fyrir uppsetningu á rekstrarreikningum (tekjur og gjöld af vátryggingarekstri): ákvæði 2. liðar II. liðar 34. gr. og ákvæði 2. liðar II. liðar 34. gr. tilskipunar 91/674/EBE um líftryggingafélög. Gögnum fyrir þessa breytu skal safna í samræmi við mismunandi aðferðir við að færa fjárfestingartekjur á tekjur og gjöld af vátryggingarekstri og tekjur og gjöld af fjármálarekstri.

Tenging við aðrar breytur:

Fjárfestingartekjur eru notaðar við útreikning á millisamtölu I (= verg staða tekna og gjalda af vátryggingarekstri) (32 17 0).

Kóði: 32 23 0

Heiti: Óinnleystur hagnaður af fjárfestingum

Viðauki: V.

Skilgreining:

Ákvæði 44. gr. tilskipunar ráðsins 91/674/EBE – sem varða óinnleystan hagnað af fjárfestingum sem talinn er með í vátryggingarhluta rekstrarreikningsins.

Athugasemd:

Fyrir uppsetningu á rekstrarreikningum (tekjur og gjöld af vátryggingarekstri): ákvæði 3. liðar II. liðar 34. gr. og ákvæði 2. liðar II. liðar 34. gr. tilskipunar 91/674/EBE um líftryggingafélög.

Tenging við aðrar breytur:

Óinnleystur hagnaður af fjárfestingum er notaður við útreikning á millisamtölu I (= verg staða tekna og gjalda af vátryggingarekstri) (32 17 0).

Kóði: 32 25 0

Heiti: Verg breyting í líftryggingasjóðum (+/-)

Viðauki: V.

Skilgreining:

Ákvæði 27. gr. tilskipunar ráðsins 91/674/EBE – verg breyting í líftryggingasjóðum er talin með í vátryggingarhluta rekstrarreikningsins.

Athugasemd:

Fyrir uppsetningu á rekstrarreikningum (tekjur og gjöld af vátryggingarekstri): ákvæði 2. liðar II. liðar 34. gr. og ákvæði aa-undirliðar a-liðar 6. liðar II. liðar 34. gr. tilskipunar 91/674/EBE um líftryggingafélög.

Tenging við aðrar breytur:

Verg breyting í líftryggingasjóðum er notuð við útreikning á millisamtölu I (= verg staða tekna og gjalda af vátryggingarekstri) (32 17 0).

Kóði: 32 27 0

Heiti: Fjárfestingarkostnaður

Viðauki: V.

Skilgreining:

Ákvæði 42. gr. tilskipunar ráðsins 91/674/EBE – varða fjárfestingarkostnað sem talinn er með í vátryggingarhluta rekstrarreikningsins.

Athugasemd:

Fyrir uppsetningu á rekstrarreikningum (tekjur og gjöld af vátryggingarekstri): ákvæði 9. liðar II. liðar 34. gr. tilskipunar 91/674/EBE um líftryggingafélög. Þessum gögnum verður safnað í samræmi við mismunandi aðferðir við að færa fjárfestingartekjur á tekjur og gjöld af vátryggingarekstri og tekjur og gjöld af fjármálarekstri.

Tenging við aðrar breytur:

Fjárfestingarkostnaður er notaður við útreikning á millisamtölu I (= verg staða tekna og gjalda af vátryggingarekstri) (32 17 0).

Kóði: 32 28 0

Heiti: Óinnleyst tap af fjárfestingum

Viðauki: V.

Skilgreining:

Ákvæði 44. gr. tilskipunar ráðsins 91/674/EBE – varða óinnleyst tap af fjárfestingum sem talið er með í vátryggingarhluta rekstrarreikningsins.

Athugasemd:

Fyrir uppsetningu á rekstrarreikningum (tekjur og gjöld af vátryggingarekstri): ákvæði 2. liðar II. liðar 34. gr. tilskipunar 91/674/EBE.

Tenging við aðrar breytur:

Óinnleyst tap af fjárfestingum er notað við útreikning á millisamtölu I (= verg staða tekna og gjalda af vátryggingarekstri) (32 17 0).

Kóði: 32 29 0

Heiti: Reiknaðar fjárfestingartekjur færðar á fjármálarekstur

Viðauki: V.

Skilgreining:

Ákvæði 43. gr. tilskipunar ráðsins 91/674/EBE – reiknaðar fjárfestingartekjur færðar á fjármálarekstur eru taldar með í vátryggingarhluta rekstrarreikningsins.

Athugasemd:

Fyrir uppsetningu á rekstrarreikningum: ákvæði 12. liðar II. liðar 34. gr. tilskipunar 91/674/EBE. Þessum gögnum verður safnað í samræmi við mismunandi aðferðir við að færa fjárfestingartekjur á tekjur og gjöld af vátryggingarekstri og tekjur og gjöld af fjármálarekstri.

Tenging við aðrar breytur:

Reiknaðar fjárfestingartekjur, færðar á fjármálarekstur, eru notaðar við útreikning á millisamtölu I (= verg staða tekna og gjalda af vátryggingarekstri) (32 17 0).

Kóði: 32 33 4

Heiti: Hlutur endurtryggjenda af vergri breytingu í líftryggingasjóði (+/-)

Viðauki: V.

Skilgreining:

Ákvæði 27. gr. tilskipunar ráðsins 91/674/EBE – hlutur endurtryggjenda af vergri breytingu í líftryggingasjóði er talinn með í vátryggingarhluta rekstrarreikningsins.

Athugasemd:

Fyrir uppsetningu á rekstrarreikningum: ákvæði bb-liðar a-liðar 6. liðar II. liðar 34. gr. tilskipunar 91/674/EBE.

Tenging við aðrar breytur:

Hlutur endurtryggjenda af vergri breytingu í líftryggingasjóði er hluti af endurtryggingajöfnuðinum (32 18 0).

Kóði: 32 42 0

Heiti: Fjárfestingartekjur

Viðauki: V.

Skilgreining:

Ákvæði 42. gr. tilskipunar ráðsins 91/674/EBE – sem varða fjárfestingartekjur sem taldar eru með í hlutanum „tekjur og gjöld af fjármálarekstri“ í rekstrarreikningnum.

Athugasemd:

Fyrir uppsetningu á rekstrarreikningum (tekjur og gjöld af fjármálarekstri): ákvæði 3. liðar III. liðar 34. gr. tilskipunar 91/674/EBE. Gögnum fyrir þessa breytu skal safna í samræmi við mismunandi aðferðir við að færa fjárfestingartekjur á tekjur og gjöld af vátryggingarekstri og tekjur og gjöld af fjármálarekstri.

Kóði: 32 43 0

Heiti: Reiknaðar fjárfestingartekjur færðar frá líftryggingarekstrinum

Viðauki: V.

Skilgreining:

Ákvæði 43. gr. tilskipunar ráðsins 91/674/EBE – sem varða reiknaðar fjárfestingartekjur færðar frá líftryggingarekstrinum sem taldar eru með í hlutanum „tekjur og gjöld af fjármálarekstri“ í rekstrarreikningnum.

Athugasemd:

Fyrir uppsetningu á rekstrarreikningum (tekjur og gjöld af fjármálarekstri): ákvæði 4. liðar III. liðar 34. gr. tilskipunar 91/674/EBE. Þessum gögnum verður safnað í samræmi við mismunandi aðferðir við að færa fjárfestingartekjur á tekjur og gjöld af vátryggingarekstri og tekjur og gjöld af fjármálarekstri.

Kóði: 32 44 0

Heiti: Fjárfestingarkostnaður

Viðauki: V.

Skilgreining:

Ákvæði 42. gr. tilskipunar ráðsins 91/674/EBE – sem varða fjárfestingarkostnað sem talinn er með í hlutanum „tekjur og gjöld af fjármálarekstri“ í rekstrarreikningnum.

Athugasemd:

Vísað er til 44. gr. tilskipunar ráðsins 92/49/EBE. Taka skal tillit til heildarfjölda allra óhappa sem hafa orðið og verið tilkynnt á bókhaldsárinu og sem veita rétt til kröfu (áætluð tjón ársins sem eru ekki tilkynnt eru undanskilin).

Kóði: 42 11 0

Heiti: Vaxtatekjur og hliðstæðar tekjur

Viðauki: VI.

Skilgreining:

Í þessari breytu skulu koma fram:

1) allar tekjur af Fé og inneign hjá seðlabanka, Ríkisvíxlum og öðrum víxlum sem hæfir eru til endurfjármögnunar í seðlabönkum, Lánum og fyrirframgreiðslum til lánastofnana, Lánum og fyrirframgreiðslum til viðskiptavina og Skuldabréfum, þ.m.t. verðbréfum með fastri ávöxtun, hvernig sem þær eru reiknaðar út. Slíkar tekjur skulu einnig ná yfir tekjur sem eru til komnar vegna affalla, sem dreifast yfir ákveðinn tíma, af eignum keyptum á lægra verði og skuldum sem samið var um á hærra verði en því sem greiða ber á gjalddaga.

2) tekjur og gjöld sem eru til komin vegna afleiðna sem jafnast út yfir samningstímabilið og svipar til vaxta.

Athugasemd: Vísun til 1. liðar 27. gr. og 1. liðar B-hluta 28. gr. tilskipunar 86/635/EBE([1]). Vísun til 35. mgr. IAS-staðals 18, reglulegar tekjur, eins og hún er í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003 (vextir og hliðstæðar tekjur) og 20. mgr. IFRS-staðals 7, fjármálagerningar: upplýsingagjöf, eins og hún er í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 108/2006([2]).

Tenging við aðrar breytur:

Þessi breyta er notuð við útreikning á framleiðsluverðmæti (breyta 12 12 0).

Kóði: 42 11 1

Heiti: Vaxtatekjur og hliðstæðar tekjur af verðbréfum með fastri ávöxtun

Viðauki: VI.

Skilgreining:

Í þessari breytu skulu koma fram:

1) allar tekjur af verðbréfum með fastri ávöxtun. Slíkar tekjur skulu einnig ná yfir tekjur sem eru til komnar vegna affalla, sem dreifast yfir ákveðinn tíma, af eignum keyptum á lægra verði og skuldum sem samið var um á hærra verði en því sem greiða ber á gjalddaga.

2) tekjur og gjöld sem eru til komin vegna afleiðna sem jafnast út yfir samningstímabilið og svipar til vaxta.

Athugasemd: Vísun til 1. liðar 27. gr. og 1. liðar B-hluta 28. gr. tilskipunar 86/635/EBE. Hvorki er minnst á þennan lið sérstaklega í birtingarkröfum IAS-staðals 18, reglulegar tekjur, eins og þær eru í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003 né í 20. mgr. IFRS-staðals 7, fjármálagerningar: upplýsingagjöf, eins og hún er í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 108/2006.

Tenging við aðrar breytur:

Þessi breyta er hluti af breytunni 42 11 0.

Kóði: 42 12 0

Heiti: Vaxtagjöld og hliðstæð gjöld

Viðauki: VI.

Skilgreining:

Í þessari breytu skulu koma fram:

1) öll gjöld sem koma til af skuldum við lánastofnanir, skuldum við viðskiptavini, Skjalfestum skuldum og Víkjandi skuldbindingum, hvernig sem þau eru reiknuð út. Slík gjöld skulu einnig ná yfir gjöld sem eru til komin vegna yfirverðs, sem dreifist yfir ákveðinn tíma, á eignum keyptum á hærra verði og skuldum sem samið var um á lægra verði en því sem greiða ber á gjalddaga.

([1]) Stjtíð. EB L 372, 31.12.1986. bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB L 24, 27.1.2006. bls. 1.

2) tekjur og gjöld sem eru til komin vegna afleiðna sem jafnast út yfir samningstímabilið og svipar til vaxta.

Athugasemd: Vísun til 2. liðar 27. gr. og 1. liðar A-hluta 28. gr. tilskipunar 86/635/EBE. Vísun til 35. mgr. IAS-staðals 18, reglulegar tekjur, eins og hún er í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003 og 20. mgr. IFRS-staðals 7, fjármálagerningar: upplýsingagjöf, eins og hún er í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 108/2006.

Tenging við aðrar breytur:

Þessi breyta er notuð við útreikning á framleiðsluverðmæti (breyta 12 12 0).

Kóði: 42 12 1

Heiti: Vaxtagjöld og hliðstæð gjöld í tengslum við skuldabréfaútgáfu

Viðauki: VI.

Skilgreining:

Í þessari breytu skulu koma fram:

1) öll gjöld af útgefnum skuldabréfum, hvernig sem þau eru reiknuð út. Slík gjöld skulu einnig ná yfir gjöld sem eru til komin vegna yfirverðs, sem dreifist yfir ákveðinn tíma, á eignum keyptum á hærra verði og skuldum sem samið var um á lægra verði en því sem greiða ber á gjalddaga. Skuldabréf ná yfir framseljanleg skuldabréf að meðtöldum verðbréfum með fastri ávöxtun sem lánastofnanir gefa út, verðbréf sem bera breytilega vexti sem eru háðir ákveðnum þáttum, til dæmis vöxtum á millibankamarkaði eða á Evrópumarkaðinum, skulu einnig talin skuldabréf.

2) tekjur og gjöld sem eru til komin vegna afleiðna sem jafnast út yfir samningstímabilið og svipar til vaxta.

Athugasemd: Vísun til a-liðar 3. mgr. 4. gr. (skuldir) tilskipunar 86/635/EBE. Hvorki er minnst á þennan lið sérstaklega í birtingarkröfum IAS-staðals 18, reglulegar tekjur, eins og þær eru í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003 né í 20. mgr. IFRS-staðals 7, fjármálagerningar: upplýsingagjöf, eins og hún er í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 108/2006.

Tenging við aðrar breytur:

Þessi breyta er hluti af breytunni 42 12 0.

Kóði: 42 13 0

Heiti: Tekjur af verðbréfum

Viðauki: VI.

Skilgreining:

Þessi breyta skal ná yfir allan arð og aðrar tekjur af verðbréfum með breytilegri ávöxtun og hlutum í eigna- og hagsmunatengdum fyrirtækjum. Tekjur af hlutum í fjárfestingarfyrirtækjum skulu einnig falla undir þennan lið. Fyrir lánastofnanir sem nota rekstrarreikning IFRS-staðals 7, fjármálagerningar: upplýsingagjöf, má takmarka breytuna við arðstekjur. Tilkynna skal Hagstofu Evrópubandalaganna ef um slíkt er að ræða.

Athugasemd: Vísun til a-, b- og c-liðar 3. liðar 27. gr. sem samtölu og a-, b- og c-liðar 2. liðar B-hluta 28. gr. sem samtölu í tilskipun 86/635/EBE. Vísun til 35. mgr. IAS-staðals 18, reglulegar tekjur, eins og hún er í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003 og a-liðar 20. mgr. IFRS-staðals 7, fjármálagerningar: upplýsingagjöf, eins og hún er í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 108/2006.

Kóði: 42 13 1

Heiti: Tekjur af hlutabréfum og öðrum verðbréfum með breytilegri ávöxtun

Viðauki: VI.

Skilgreining:

Þessi breyta skal ná yfir allan arð og aðrar tekjur af hlutum og öðrum verðbréfum með breytilegri ávöxtun að undanskildum tekjum af hlutum í eigna- og hagsmunatengdum félögum.Fyrir lánastofnanir sem nota rekstrarreikning IAS-staðals 30, upplýsingagjöf í reikningsskilum banka og sambærilegra fjármálastofnana, má takmarka breytuna við arðstekjur. Tilkynna skal Hagstofu Evrópubandalaganna ef um slíkt er að ræða.

Athugasemd: Vísun til a-liðar 3. liðar 27. gr. og a-liðar 2. liðar B-liðar 28. gr. tilskipunar 86/635/EBE. Ekki er minnst á þennan lið sérstaklega í birtingarkröfum IFRS-staðals 7, fjármálagerningar: upplýsingagjöf, eins og þær eru í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 108/2006.

Tenging við aðrar breytur:

Þessi breyta er hluti af breytu 42 13 0 og er notuð við útreikning á Framleiðsluverðmæti (breyta 12 12 0).

Kóði: 42 14 0

Heiti: Þóknunartekjur

Viðauki: VI.

Skilgreining:

Þóknunartekjur skulu fela í sér tekjur af allri þjónustu sem veitt er þriðja aðila, einkum:

— þóknun vegna ábyrgða, lánaumsjónar vegna annarra lánveitenda og verðbréfaviðskipta fyrir hönd þriðja aðila,

— þóknun og önnur gjöld og tekjur vegna greiðslumiðlunar, fjármálaþjónustu, gjöld og þóknun fyrir verðmætavörslu og umsjón með verðbréfum,

— þóknun vegna viðskipta með erlendan gjaldeyri, sölu og kaupa á mynt og eðalmálmum fyrir hönd þriðja aðila,

— þóknun sem tekin er fyrir verðbréfamiðlunarþjónustu í sambandi við innlána- og tryggingarsamninga og láns-viðskipti.

Athugasemd: Vísun til 4. liðar 27. gr. og 3. liðar B-hluta 28. gr. tilskipunar 86/635/EBE. Vísun til 20. mgr. IFRS-staðals 7, fjármálagerningar: upplýsingagjöf, eins og hún er í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 108/2006.

Tenging við aðrar breytur:

Þessi breyta er notuð við útreikning á framleiðsluverðmæti (breyta 12 12 0).

Kóði: 42 15 0

Heiti: Þóknunargjöld

Viðauki: VI.

Skilgreining:

Þóknunargjöld skulu ná yfir gjöld fyrir þjónustu sem þriðji aðili veitir, einkum:

— þóknun vegna ábyrgða, lánaumsjónar vegna annarra lánveitenda og verðbréfaviðskipta fyrir hönd þriðja aðila,

— þóknun og önnur gjöld og tekjur vegna greiðslumiðlunar, fjármálaþjónustu, gjöld og þóknun fyrir verðmætavörslu og umsjón með verðbréfum,

— þóknun vegna viðskipta með erlendan gjaldeyri, sölu og kaupa á mynt og eðalmálmum fyrir hönd þriðja aðila,

— þóknun sem tekin er fyrir verðbréfamiðlunarþjónustu í sambandi við innlána- og tryggingarsamninga og lánsviðskipti.

Athugasemd: Vísun til 5. liðar 27. gr. og 2. liðar A-hluta 28. gr. tilskipunar 86/635/EBE. Vísun til 20. mgr. IFRS-staðals 7, fjármálagerningar: upplýsingagjöf, eins og hún er í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 108/2006.

Tenging við aðrar breytur:

Þessi breyta er notuð við útreikning á Heildarkaupum á vörum og þjónustu (breyta 13 11 0).

Kóði: 42 20 0

Heiti: Hreinn hagnaður eða tap af fjármálastarfsemi

Viðauki: VI.

Skilgreining:

Þessi breyta nær yfir:

1. hreinan hagnað eða tap af viðskiptum með verðbréf, sem ekki teljast áhættufjármunir, ásamt endurmati og bakfærslum á slíkum verðbréfum og, þegar 2. mgr. 36. gr. tilskipunar 86/635 er beitt, þann mismun sem leiðir af beitingu þeirrar greinar; í þeim aðildarríkjum sem hagnýta sér þann möguleika sem kveðið er á um í 37. gr. tilskipunar 86/635, skal hreinn hagnaður eða tap og endurmat og bakfærslur samkvæmt framansögðu því aðeins teljast hér með að hagnaðurinn og tapið sé í tengslum við verðbréf sem eru í viðskiptasafni. Endurmat og bakfærslur sem koma til af beitingu IAS-staðals 32, fjármálagerningar: upplýsingar og framsetning, og IAS-staðals 39, fjármálagerningar: færsla og mat, eins og þeir eru í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003, skulu einnig meðtaldar,

2. hreinan hagnað eða tap á verðbréfamarkaði, að undanteknum tekjum og gjöldum sem koma til af tryggðum framvirkum samningum sem jafnast út yfir samningstímabilið og svipar til vaxta,

3. hreinan hagnað og tap af öðrum kaup- og söluviðskiptum sem taka til fjármuna, þar á meðal eðalmálma.

Athugasemd: Vísun til 6. liðar 27. gr. og 3. liðar A-hluta eða 4. liðar B-hluta 28. gr. tilskipunar 86/635/EBE. Vísun til a-liðar 20. mgr. IFRS-staðals 7, fjármálagerningar: upplýsingagjöf, eins og hún er í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 108/2006.

Tenging við aðrar breytur:

Þessi breyta er notuð við útreikning á framleiðsluverðmæti (breyta 12 12 0).

Kóði: 42 31 0

Heiti: Aðrar rekstrartekjur

Viðauki: VI.

Skilgreining:

Rekstrartekjur, ekki tilgreindar í öðrum liðum. Engar óreglulegar tekjur skulu teljast til þessa liðar.

Athugasemd: Vísun til 7. liðar 27. gr. og 7. liðar B-hluta 28. gr. tilskipunar 86/635/EBE. Vísun til 86. mgr. IAS-staðals 1, framsetning reikningsskila, eins og hún er í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003 (aðrar tekjur).

Tenging við aðrar breytur:

Þessi breyta er notuð við útreikning á framleiðsluverðmæti (breyta 12 12 0).

Kóði: 42 32 0

Heiti: Almennur stjórnunarkostnaður

Viðauki: VI.

Skilgreining:

Þessi breyta er samtala Starfsmannakostnaðar (breyta 13 31 0) og Annars stjórnunarkostnaðar (breyta 42 32 2).

Athugasemd: Vísun til samanlagðra a- og b-liða 8. liðar 27. gr. og samanlagðra a- og b-liða 4. liðar A-hluta 28. gr. í tilskipun 86/635/EBE. Engin vísun er til 20. mgr. IFRS-staðals 7, fjármálagerningar: upplýsingagjöf, eins og hún er í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 108/2006.

Kóði: 42 32 2

Heiti: Annar stjórnunarkostnaður

Viðauki: VI.

Skilgreining:

Annar stjórnunarkostnaður, ekki meðtalinn í breytu 13 31 0.

Athugasemd: Vísun til b-liðar 8. liðar 27. gr. og b-liðar 4. liðar A-hluta 28. gr. tilskipunar 86/635/EBE. Engin vísun er til 20. mgr. IFRS-staðals 7, fjármálagerningar: upplýsingagjöf, eins og hún er í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 108/2006.

Tenging við aðrar breytur:

Þessi breyta er notuð við útreikning á Heildarkaupum á vörum og þjónustu (breyta 13 11 0) og Almennum stjórnunarkostnaði (breyta 42 32 0).

Kóði: 42 33 0

Heiti: Annar rekstrarkostnaður

Viðauki: VI.

Skilgreining:

Rekstrarkostnaður, ekki tilgreindur í öðrum liðum. Engir skattar og óreglulegur kostnaður ættu að falla undir þennan lið.

Athugasemd: Vísun til 10. liðar 27. gr. og 6. liðar A-hluta 28. gr. tilskipunar 86/635/EBE. Vísun til 91. mgr. IAS-staðals 1, framsetning reikningsskila, eins og hún er í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003.

Tenging við aðrar breytur:

Þessi breyta er notuð við útreikning á Heildarkaupum á vörum og þjónustu (breyta 13 11 0).

Kóði: 42 35 0

Heiti: Endurmat og bakfærslur í tengslum við lán og fyrirframgreiðslur og framlög (afskriftir) vegna skilyrtra skulda og skuldbindinga

Viðauki: VI.

Skilgreining:

1. Annars vegar skal þessi breyta ná yfir kostnað vegna endurmats í tengslum við lán og fyrirframgreiðslur og framlög (afskriftir) vegna skilyrtra skulda og skuldbindinga sem á að sýna í lið utan efnahagsreiknings, og hins vegar tekjur af áður afskrifuðum útlánum, fyrirframgreiðslum og bakfærðum upphæðum vegna eldra endurmats og framlaga.

2. Í þeim aðildarríkjum er hagnýta sér þann möguleika sem kveðið er á um í 37. gr. tilskipunar 86/635, skal þessi liður einnig ná yfir hreinan hagnað eða tap af viðskiptum með verðbréf sem teljast vera skuldabréf og hlutabréf og sem hvorki teljast áhættufjármunir né eru innifalin í viðskiptasafni, ásamt endurmati og bakfærslum á slíkum verðbréfum og, sé ákvæðum 2. mgr. 36. gr. tilskipunar 86/635 beitt, skal tekið tillit til þess mismunar sem leiðir af beitingu þeirrar greinar.

3. Jafna má gjöld og tekjur sem þessir liðir fela í sér þannig að eingöngu hreinn tekju- eða gjaldaliður komi fram.

Athugasemd: Vísun til 11. og 12. liðar 27. gr. og 7. liðar A-hluta og 5. liðar B-hluta 28. gr. tilskipunar 86/635/EBE. Vísun til 84. mgr. IAS-staðals 37, reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir, eins og hún er í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003 (framlög (afskriftir) vegna skilyrtra skulda og skuldbindinga).

Kóði: 42 36 0

Heiti: Annað endurmat og bakfærslur

Viðauki: VI.

Skilgreining:

1. Þessar breytur skulu annars vegar ná yfir kostnað af endurmati að því er varðar skuldabréf, þ.m.t. verðbréf með fastri ávöxtun og hlutabréf, og hins vegar allar bakfærðar upphæðir vegna eldra endurmats, að svo miklu leyti sem þessi gjöld og tekjur eiga við framseljanleg verðbréf sem teljast áhættufjármunir og hlutir í eigna- og hagsmunatengdum fyrirtækjum.

2. Jafna má gjöld og tekjur sem þessir liðir fela í sér þannig að eingöngu hreinn tekju- eða gjaldaliður komi fram.

Athugasemd: Vísun til 9., 13. og 14. liðar 27. gr. og 5. og 8. liðar A-hluta og 6. liðar B-hluta 28. gr. tilskipunar 86/635/EBE. Ekki er minnst á þennan lið sérstaklega í birtingarkröfum IAS-staðals 30, upplýsingagjöf í reikningsskilum banka og sambærilegra fjármálastofnana, eins og þær eru í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003.

Kóði: 42 40 0

Heiti: Hagnaður eða tap af reglulegri starfsemi

Viðauki: VI.

Skilgreining:

Þessi breyta er skilgreind í 22. gr. og eftirfylgjandi greinum í tilskipun ráðsins 78/660/EBE frá 25. júlí 1978 sem er byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans, um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð. Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar (IAS/IFRS) leyfa ekki að niðurstöður óreglulegra liða séu settar fram sérstaklega í reikningum fyrirtækja. Í löndum þar sem reikningar einstakra lánastofnana lúta alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IAS/IFRS) er þessi breyta ekki lengur notuð.

Athugasemd: Vísun til 15. og 16. liðar 27. gr. og 9. og 10. liðar A-hluta og 8. liðar B-hluta 28. gr. tilskipunar 86/635/EBE. Ekki er minnst á þennan lið sérstaklega í birtingarkröfum IFRS-staðals 7, fjármálagerningar: upplýsingagjöf, eins og þær eru í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 108/2006.

Kóði: 42 50 0

Heiti: Óreglulegur hagnaður eða tap

Viðauki: VI.

Skilgreining:

Þessi breyta er skilgreind í 22. gr. og eftirfylgjandi greinum í tilskipun ráðsins 78/660/EBE frá 25. júlí 1978 sem er byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans, um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð. Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar (IAS/IFRS) leyfa ekki að niðurstöður óreglulegra liða séu settar fram sérstaklega í reikningum fyrirtækja. Í löndum þar sem reikningar einstakra lánastofnana lúta alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IAS/IFRS) er þessi breyta ekki lengur notuð.

Athugasemd: Vísun til 19. liðar 27. gr. og 13. liðar A-hluta og 10. liðar B-hluta 28. gr. tilskipunar 86/635/EBE. Ekki er minnst á þennan lið sérstaklega í birtingarkröfum IFRS-staðals 7, fjármálagerningar: upplýsingagjöf, eins og þær eru í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 108/2006.

Kóði: 42 51 0

Heiti: Allir skattar (skattur á hagnað eða tap af reglulegri starfsemi, skattur á óreglulegan hagnað eða tap, aðrir skattar)

Viðauki: VI.

Skilgreining:

Þessi breyta er skilgreind í 22. gr. og eftirfylgjandi greinum í tilskipun ráðsins 78/660/EBE frá 25. júlí 1978 sem er byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans, um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð.

Athugasemd: Vísun til 15., 20. og 22. liðar 27. gr. og 9., 12. og 14. liðar A-hluta 28. gr. tilskipunar 86/635/EBE. Vísun til e-liðar 81. mgr. IAS-staðals 1, framsetning reikningsskila, eins og hann er í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003.

Kóði: 42 60 0

Heiti: Hagnaður eða tap á fjárhagsárinu

Viðauki: VI.

Skilgreining:

Þessi breyta er skilgreind í 22. gr. og eftirfylgjandi greinum í tilskipun ráðsins 78/660/EBE frá 25. júlí 1978 sem er byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans, um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð.

Athugasemd: Vísun til 23. liðar 27. gr. og 15. liðar A-hluta og 11. liðar B-hluta 28. gr. tilskipunar 86/635/EBE. Vísun til f-liðar 81. mgr. IAS-staðals 1, framsetning reikningsskila, eins og hann er í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003.

Kóði: 43 11 0

Heiti: Lán og fyrirframgreiðslur til viðskiptavina

Viðauki: VI.

Skilgreining:

Þessi breyta skal ná yfir allar kröfur á innlenda eða erlenda viðskiptavini, aðra en lánastofnanir, án tillits til kröfuheitis.

Eina undantekningin frá þessu eru kröfur samkvæmt skuldabréfum eða öðrum verðbréfum.

Athugasemd: Vísun til 4. liðar 4. gr. (eignir) og 16. gr. (eignir: liður 4) tilskipunar 86/635/EBE. Vísun til 8. mgr. IFRS-staðals 7, fjármálagerningar: upplýsingagjöf, eins og hún er í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 108/2006.

Kóði: 43 21 0

Heiti: Skuldir við viðskiptavini

Viðauki: VI.

Skilgreining:

Þessi breyta skal ná yfir allar skuldir við lánveitendur sem eru ekki lánastofnanir, án tillits til kröfuheitis.

Eina undantekningin varðar skuldir í formi skuldabréfa og annarra verðbréfa.

Athugasemd: Vísun til samanlagðra a- og b-liða 2. liðar 4. gr. (skuldir) og 19. gr. (skuldir: liður 2) tilskipunar 86/635/EBE. Vísun til 8. mgr. IFRS-staðals 7, fjármálagerningar: upplýsingagjöf, eins og hún er í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 108/2006.

Kóði: 43 29 0

Heiti: Eigið fé og varasjóðir alls

Viðauki: VI.

Skilgreining:

Þessi breyta skal ná yfir skráð hlutafé og varasjóði. Skráð hlutafé skal ná yfir allar fjárhæðir, án tillits til þess hvernig þær eru merktar, sem eru í samræmi við lagalega uppbyggingu viðkomandi stofnunar að landslögum taldar hlutafé sem hluthafar eða aðrir eigendur hafa skrifað sig fyrir. Varasjóðir skulu ná yfir allar tegundir varasjóða sem taldir eru upp í 9. gr. í tilskipun 78/660/EBE undir skuldalið A.IV svo sem þar er skilgreint. Aðildarríkin geta einnig fyrirskipað aðrar tegundir af varasjóðum ef nauðsyn ber til fyrir lánastofnanir sem eru þannig lagalega uppbyggðar að tilskipun 78/660/EBE nær ekki til þeirra.

Athugasemd: Vísun til samanlagðra 7., 9., 10., 11., 12., 13. og 14. liða (skuldir) og 16. liðar (eignir) 4. gr. í tilskipun 86/635/EBE. Ekki er minnst á þennan lið sérstaklega í birtingarkröfum IFRS-staðals 7, fjármálagerningar: upplýsingagjöf, eins og þær eru í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 108/2006.

Kóði: 43 30 0

Heiti: Niðurstöðutala efnahagsreiknings

Viðauki: VI.

Skilgreining:

Þessi breyta er samtala 1.–15. liðar í eignahluta efnahagsreikningsins eða samtala 1.–14. liðar í skuldahluta efnahagsreikningsins eins og þeir eru í 4. gr. tilskipunar 86/635. Almennt skal niðurstöðutala efnahagsreiknings jafngilda samtölu allra liða í eignahluta efnahagsreikningsins eða samtölu allra liða í skuldahluta efnahagsreikningsins.

Athugasemd: Vísað er til 4. gr. tilskipunar 86/635/EBE. Ekki er minnst á þennan lið sérstaklega í birtingarkröfum IFRS-staðals 7, fjármálagerningar: upplýsingagjöf, eins og þær eru í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 108/2006.

Kóði: 43 31 0

Heiti: Niðurstöðutala efnahagsreiknings, sundurliðað eftir aðsetri móðurfyrirtækis

Viðauki: VI.

Skilgreining:

Niðurstöðutala efnahagsreiknings (sjá breytu 43 30 0) er sundurliðuð eftir aðsetri móðurfyrirtækis.

Í samræmi við sundurliðun breytunnar 11 11 4 er niðurstöðutölu efnahagsreiknings skipt upp í hluta sem tengist lánastofnunum, sem stjórnað er af innlendum aðilum og hluta sem tengist fyrirtækjum sem stjórnað er af erlendum aðilum. Móðurfyrirtækið er skráð samkvæmt hageiningunni sem hefur endanleg yfirráð, eins og hún er skilgreind í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 716/2007.

Tenging við aðrar breytur:

Niðurstöðutala efnahagsreiknings, sundurliðað eftir aðsetri móðurfyrirtækis, felur í sér frekari sundurliðun á niðurstöðutölu efnahagsreiknings (43 30 0).

Kóði: 43 32 0

Heiti: Niðurstöðutala efnahagsreiknings, sundurliðað eftir réttarstöðu

Viðauki: VI.

Skilgreining:

Niðurstöðutala efnahagsreiknings (sjá breytu 43 30 0) er sundurliðuð eftir réttarstöðu á eftirfarandi hátt: hlutafélög, samvinnufélög, opinber fyrirtæki, útibú fyrirtækja með aðalskrifstofu í löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins, önnur.

Tenging við aðrar breytur:

Niðurstöðutala efnahagsreiknings, sundurliðað eftir réttarstöðu, felur í sér frekari sundurliðun á niðurstöðutölu efnahagsreiknings (43 30 0).

Kóði: 44 11 0

Heiti: Vaxtatekjur og hliðstæðar tekjur, sundurliðaðar eftir (undir)flokkum í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum (CPA)

Viðauki: VI.

Skilgreining:

Vaxtatekjur og hliðstæðar tekjur eru skilgreindar sem:

1) allar tekjur af verðbréfum með fastri ávöxtun, hvernig sem þær eru reiknaðar út. Slíkar tekjur skulu einnig ná yfir tekjur sem eru til komnar vegna affalla, sem dreifast yfir ákveðinn tíma, af eignum keyptum á lægra verði og skuldum sem samið var um á hærra verði en því sem greiða ber á gjalddaga.

2) tekjur og gjöld sem eru til komin vegna afleiðna sem jafnast út yfir samningstímabilið og svipar til vaxta.

Sundurliðun eftir vörum byggist á vöruflokkun samkvæmt starfsemi í fjármálaþjónustu og starfsemi sem tengist fjármálaþjónustu. Sundurliða skal breytuna eftir (undir)flokkum í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum á viðeigandi stigi.

Athugasemd: Vísun til 1. liðar 27. gr. og 1. liðar B-hluta 28. gr. tilskipunar 86/635/EBE. Vísun til 20. mgr. IFRS-staðals 7, fjármálagerningar: upplýsingagjöf, eins og hún er í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 108/2006.

Tenging við aðrar breytur:

Vaxtatekjur og hliðstæðar tekjur, sundurliðaðar eftir (undir)flokkum í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum (CPA) felur í sér frekari sundurliðun á breytunni Vaxtatekjur og hliðstæðar tekjur (42 11 0).

Kóði: 44 12 0

Heiti: Vaxtagjöld og hliðstæð gjöld, sundurliðað eftir (undir)flokkum í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum (CPA)

Viðauki: VI.

Skilgreining:

Vaxtagjöld og hliðstæð gjöld eru skilgreind sem:

1. öll gjöld sem koma til af skuldum við lánastofnanir, skuldum við viðskiptavini, Skjalfestum skuldum og Víkjandi skuldbindingum, hvernig sem þau eru reiknuð út. Slík gjöld skulu einnig ná yfir gjöld sem eru til komin vegna yfirverðs, sem dreifist yfir ákveðinn tíma, á eignum keyptum á hærra verði og skuldum sem samið var um á lægra verði en því sem greiða ber á gjalddaga.

2. tekjur og gjöld sem eru til komin vegna afleiðna sem jafnast út yfir samningstímabilið og svipar til vaxta.

Sundurliðun eftir vörum byggist á vöruflokkun samkvæmt starfsemi í fjármálaþjónustu og starfsemi sem tengist fjármálaþjónustu. Sundurliða skal breytuna eftir (undir)flokkum í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum á viðeigandi stigi.

Athugasemd: Vísun til 2. liðar 27. gr. og 1. liðar A-hluta 28. gr. tilskipunar 86/635/EBE. Vísun til 20. mgr. IFRS-staðals 7, fjármálagerningar: upplýsingagjöf, eins og hún er í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 108/2006.

Tenging við aðrar breytur:

„Vaxtagjöld og hliðstæð gjöld“, sundurliðað eftir (undir)flokkum vöruflokkunar Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum felur í sér frekari sundurliðun á breytunni Vaxtagjöld og hliðstæð gjöld (42 12 0).

Kóði: 44 13 0

Heiti: Þóknunartekjur, sundurliðaðar eftir (undir)flokkum í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum (CPA)

Viðauki: VI.

Skilgreining:

Þóknunartekjur skulu fela í sér tekjur af allri þjónustu sem veitt er þriðja aðila. Sundurliðun eftir vörum byggist á vöruflokkun samkvæmt starfsemi í fjármálaþjónustu og starfsemi sem tengist fjármálaþjónustu. Sundurliða skal breytuna eftir (undir)flokkum í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum á viðeigandi stigi.

Athugasemd: Vísun til 4. liðar 27. gr. og 3. liðar B-hluta 28. gr. tilskipunar 86/635/EBE. Vísun til 20. mgr. IFRS-staðals 7, fjármálagerningar: upplýsingagjöf, eins og hún er í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 108/2006.

Tenging við aðrar breytur:

Þóknunartekjur, sundurliðaðar eftir (undir)flokkum í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum (CPA) felur í sér frekari sundurliðun á breytunni Þóknunartekjur (42 14 0).

Kóði: 44 14 0

Heiti: Þóknunargjöld, sundurliðað eftir (undir)flokkum í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum (CPA)

Viðauki: VI.

Skilgreining:

Þóknunargjöld eru skilgreind í 31. gr. tilskipunar 86/635/EBE. Sundurliðun eftir vörum byggist á vöruflokkun samkvæmt starfsemi í fjármálaþjónustu og starfsemi sem tengist fjármálaþjónustu. Sundurliða skal breytuna eftir (undir)flokkum í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum á viðeigandi stigi.

Athugasemd: Vísun til 5. liðar 27. gr. og 2. liðar A-hluta 28. gr. tilskipunar 86/635/EBE. Vísun til 20. mgr. IFRS-staðals 7, fjármálagerningar: upplýsingagjöf, eins og hún er í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 108/2006.

Tenging við aðrar breytur:

Þóknunargjöld, sundurliðað eftir (undir)flokkum í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum (CPA) felur í sér frekari sundurliðun á breytunni Þóknunargjöld (42 15 0).

Kóði: 45 11 0

Heiti: Landfræðileg sundurliðun á heildarfjölda útibúa innan EES

Viðauki: VI.

Skilgreining:

„Útibú“ er skilgreint í 1. gr. tilskipunar ráðsins 89/646/EBE frá 15. desember 1989 og sú skilgreining tíunduð nánar í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um réttinn til að veita þjónustu og um hagsmuni almennings í Annarri bankatilskipuninni (95/C 291/06).

Athugasemd: Frá sjónarhóli gistiaðildarríkisins skal sundurliða heildarfjölda EES-útibúa eftir hverju og einu hinna EES-landanna.

Kóði: 45 21 0

Heiti: Landfræðileg sundurliðun á vaxtatekjum og hliðstæðum tekjum

Viðauki: VI.

Skilgreining:

Óinnheimtar vaxtatekjur og hliðstæðar tekjur (sjá breytu 42 11 0) sem útibú með aðalskrifstofu í öðru EES-landi, hafa bókfært í gistiaðildarríkinu, skipt upp eftir löndum.

Kóði: 45 22 0

Heiti: Landfræðileg sundurliðun á niðurstöðutölu efnahagsreiknings

Viðauki: VI.

Skilgreining:

Niðurstöðutala efnahagsreiknings (sjá breytu 43 30 0) útibúa í gistiaðildarríkinu með aðalskrifstofu í öðru EES-landi, skipt upp eftir löndum.

Kóði: 45 31 0

Heiti: Landfræðileg sundurliðun á vaxtatekjum og hliðstæðum tekjum í tengslum við Réttinn til að veita þjónustu (í öðrum EES-löndum)

Viðauki: VI.

Skilgreining:

Óinnheimtar vaxtatekjur og hliðstæðar tekjur (sjá breytu 42 11 0) sem lánastofnanir með leyfi í heimaaðildarríkinu hafa bókfært í sérhverju hinna EES-landanna samkvæmt réttinum um frelsi til að veita þjónustu.

Kóði: 45 41 0

Heiti: Landfræðileg sundurliðun á vaxtatekjum og hliðstæðum tekjum í tengslum við starfsemi útibúa (í löndum utan EES)

Viðauki: VI.

Skilgreining:

Óinnheimtar vaxtatekjur og hliðstæðar tekjur (sjá breytu 42 11 0) sem útibú lánastofnana með leyfi í heimaaðildarríkinu hafa bókfært í löndum utan EES, skipt upp eftir löndum.

Nota skal eftirtalda sundurliðun: Sviss, Bandaríkin, Japan, þriðju lönd (önnur lönd).

Kóði: 45 42 0

Heiti: Landfræðileg sundurliðun á vaxtatekjum og hliðstæðum tekjum í tengslum við réttinn um frelsi til að veita þjónustu (í löndum utan EES)

Viðauki: VI.

Skilgreining:

Óinnheimtar vaxtatekjur og hliðstæðar tekjur (sjá breytu 42 11 0) sem útibú lánastofnana með leyfi í heimaaðildarríkinu hafa bókfært í löndum utan EES samkvæmt réttinum um frelsi til að veita þjónustu.

Nota skal eftirtalda sundurliðun: Sviss, Bandaríkin, Japan, þriðju lönd (önnur lönd).

Kóði: 47 11 0

Heiti: Fjöldi reikninga, sundurliðað eftir (undir)flokkum í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum (CPA)

Viðauki: VI.

Skilgreining:

Fjöldi reikninga lánastofnana í lok uppgjörsárs er meðtalinn hér. Sundurliðun eftir vörum byggist á vöruflokkun samkvæmt starfsemi í fjármálaþjónustu og starfsemi sem tengist fjármálaþjónustu. Fjöldi reikninga tengist (undir) flokkum í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum á viðeigandi stigi.

Kóði: 47 12 0

Heiti: Fjöldi lána og fyrirframgreiðslna til viðskiptavina, sundurliðað eftir (undir)flokkum í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum (CPA)

Viðauki: VI.

Skilgreining:

Fjöldi lána og fyrirframgreiðslna til viðskiptavina í lok uppgjörsárs er meðtalinn hér. Sundurliðun eftir vörum byggist á vöruflokkun samkvæmt starfsemi í fjármálaþjónustu og starfsemi sem tengist fjármálaþjónustu. Fjöldi lána og fyrirframgreiðslna til viðskiptavina tengist (undir)flokkum í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum (CPA) á viðeigandi stigi.

Kóði: 47 13 0

Heiti: Fjöldi hraðbanka (e. *ATM*) í eigu lánastofnana

Viðauki: VI.

Skilgreining:

Hugtakið „hraðbanki“ tekur til mismunandi véla sem notaðar eru fyrir rafræna bankaþjónustu, t.d. vélar til að taka út peninga (seðlavélar), til að inna af hendi greiðslur og fá upplýsingar um færslur, til að skipta peningum, til að hlaða fjölnota kort o.s.frv.

Kóði: 48 00 1

Heiti: Lífeyrisiðgjöld frá félagsaðilum

Viðauki: VII.

Skilgreining:

Þessi breyta skal taka til allra lífeyrisiðgjalda frá félagsaðilum, sem koma til greiðslu á fjárhagsárinu að því er varðar lífeyrissamninga, þ.m.t. öll skyldubundin iðgjöld, önnur reglubundin iðgjöld og valfrjáls viðbótariðgjöld.

Tenging við aðrar breytur:

Breytan Lífeyrisiðgjöld frá félagsaðilum (48 00 1) er notuð við útreikning á breytunni „Velta“ (12 11 0).

Kóði: 48 00 2

Heiti: Lífeyrisiðgjöld frá vinnuveitendum

Viðauki: VII.

Skilgreining:

Þessi breyta skal taka til allra lífeyrisiðgjalda frá vinnuveitendum, sem koma til greiðslu á fjárhagsárinu að því er varðar lífeyrissamninga, þ.m.t. öll skyldubundin iðgjöld, önnur reglubundin iðgjöld og valfrjáls viðbótariðgjöld.

Tenging við aðrar breytur:

Breytan „Lífeyrisiðgjöld frá vinnuveitendum“ (48 00 2) er notuð við útreikning á breytunni Velta (12 11 0).

Kóði: 48 00 3

Heiti: Flutt réttindi í sjóðinn

Viðauki: VII.

Skilgreining:

Þessi breyta skal taka til allra fluttra réttinda í sjóðinn. Þessi réttindi flytjast yfirleitt frá öðrum lífeyrissjóðum eða tryggingafélögum. Þegar launþegi skiptir um vinnuveitanda á hann þess oft kost að flytja lífeyrisréttindi sín hjá lífeyrissjóði eða tryggingakerfi fyrri vinnuveitanda í lífeyrissjóð nýja vinnuveitandans.

Tenging við aðrar breytur:

Breytan Flutt réttindi í sjóðinn (48 00 3) er notuð við útreikning á breytunni Velta (12 11 0).

Kóði: 48 00 4

Heiti: Önnur lífeyrisiðgjöld

Viðauki: VII.

Skilgreining:

Þessi breyta skal taka til allra annarra lífeyrisiðgjalda, sem koma til greiðslu á fjárhagsárinu að því er varðar lífeyrissamninga (s.s. lífeyrisiðgjöld frá ríki eða sveitarfélögum, einstaklingum og samtökum).

Tenging við aðrar breytur:

Breytan Önnur lífeyrisiðgjöld (48 00 4) er notuð við útreikning á breytunni Velta (12 11 0).

Kóði: 48 00 5

Heiti: Lífeyrisiðgjöld til kerfa ákvarðaðra réttinda

Viðauki: VII.

Skilgreining:

Þessi breyta skal taka til allra lífeyrisiðgjalda til kerfa ákvarðaðra réttinda, sem koma til greiðslu á fjárhagsárinu að því er varðar lífeyrissamninga, s.s. öll reglubundin iðgjöld, valfrjáls iðgjöld og önnur iðgjöld.

Tenging við aðrar breytur:

Breytan Lífeyrisiðgjöld til kerfa ákvarðaðra réttinda (48 00 5) er notuð við útreikning á breytunni Velta (12 11 0).

Kóði: 48 00 6

Heiti: Lífeyrisiðgjöld til kerfa ákvarðaðra iðgjalda

Viðauki: VII.

Skilgreining:

Þessi breyta skal taka til allra lífeyrisiðgjalda til kerfa ákvarðaðra iðgjalda, sem koma til greiðslu á fjárhagsárinu að því er varðar lífeyrissamninga, þ.m.t. öll reglubundin iðgjöld, valfrjáls iðgjöld og önnur iðgjöld.

Tenging við aðrar breytur:

Breytan Lífeyrisiðgjöld til kerfa ákvarðaðra iðgjalda (48 00 6) er notuð við útreikning á breytunni Velta (12 11 0).

Kóði: 48 00 7

Heiti: Lífeyrisiðgjöld til blandaðra kerfa

Viðauki: VII.

Skilgreining:

Þessi breyta skal taka til allra lífeyrisiðgjalda til blandaðra kerfa, sem koma til greiðslu á fjárhagsárinu að því er varðar lífeyrissamninga, þ.m.t. öll reglubundin iðgjöld, valfrjáls iðgjöld og önnur iðgjöld.

Athugasemd: Blönduð kerfi eru kerfi með þáttum bæði úr kerfum með fyrirfram skilgreind réttindi og kerfum þar sem lífeyrisréttindi ákvarðast af framlögum í sjóðinn.

Tenging við aðrar breytur:

Breytan Lífeyrisiðgjöld til blandaðra kerfa (48 00 7) er notuð við útreikning á breytunni Velta (12 11 0).

Kóði: 48 01 0

Heiti: Fjárfestingartekjur (PF)

Viðauki: VII.

Skilgreining:

Þessi breyta skal taka til tekna af fjárfestingum, bakfærslna fjárfestinga og tekna af innleystum og óinnleystum söluhagnaði og -tapi Hún tekur til leigutekna, óinnheimtra vaxtatekna, arðs og innleysts og óinnleysts söluhagnaðar og -taps.

Tenging við aðrar breytur:

Breytan Fjárfestingartekjur (PF) (48 01 0) felur í sér breytuna Söluhagnaður og –tap (48 01 1).

Kóði: 48 01 1

Heiti: Söluhagnaður og -tap

Viðauki: VII.

Skilgreining:

Þessi breyta skal taka til tekna af innleystum og óinnleystum söluhagnaði og –tapi sem kemur fram í rekstrarreikningi. Söluhagnaður og –tap er mismunurinn á mati á fjárfestingum við upphaf uppgjörstímabils (eða við kaup, ef það er síðar) og mats á þeim í lok uppgjörstímabilsins (eða við sölu, ef það er fyrr).

Tenging við aðrar breytur:

Breytan Söluhagnaður og –tap (48 01 1) er notuð við útreikning á breytunni Fjárfestingartekjur (PF) (48 01 0).

Kóði: 48 02 1

Heiti: Óinnheimtar vátryggingakröfur

Viðauki: VII.

Skilgreining:

Þessi breyta skal taka til óinnheimtra krafna frá trygginga- eða endurtryggingafélögum í tengslum við tryggða áhættu.

Kóði: 48 02 2

Heiti: Aðrar tekjur (PF)

Viðauki: VII.

Skilgreining:

Aðrar tekjur skulu taka til allra tekna lífeyrissjóða annarra en lífeyrisiðgjalda og fjárfestingatekna lífeyrissjóða, s.s. þóknana og annarra tekna.

Kóði: 48 03 0

Heiti: Heildarútgjöld vegna lífeyris

Viðauki: VII.

Skilgreining:

Þessi breyta skal ná yfir allar tegundir útgjalda til félagsaðila í lífeyriskerfinu og einstaklinga úr skylduliði þeirra, réttindi flutt úr sjóði o.s.frv. Útgjöld, sem einnig má flokka sem tekjur í tengslum við áhættu sem afsalað er til tryggingafyrirtækja, falla hér undir.

Tenging við aðrar breytur:

Heildarútgjöld vegna lífeyris (48 03 0) eru reiknuð út á eftirfarandi hátt:

Reglubundnar lífeyrisgreiðslur (48 03 1)

\+ Eingreiðslur lífeyris (48 03 2)

\+ Flutt réttindi úr sjóðnum (48 03 3).

Kóði: 48 03 1

Heiti: Reglubundnar lífeyrisgreiðslur

Viðauki: VII.

Skilgreining:

Þessi breyta skal taka til allra greiðslna lífeyris sem inntar eru af hendi reglulega (þ.e. árlegra lífeyrisgreiðslna).

Tenging við aðrar breytur:

Breytan Reglubundnar lífeyrisgreiðslur (48 03 1) er notuð við útreikning á breytunni Heildarútgjöld vegna lífeyris (48 03 0).

Kóði: 48 03 2

Heiti: Eingreiðslur lífeyris

Viðauki: VII.

Skilgreining:

Þessi breyta skal taka til allra greiðslna vegna lífeyris sem greiddar eru með eingreiðslu.

Tenging við aðrar breytur:

Breytan Eingreiðslur lífeyris (48 03 2) er notuð við útreikning á breytunni Heildarútgjöld vegna lífeyris (48 03 0).

Kóði: 48 03 3

Heiti: Flutt réttindi úr sjóði

Viðauki: VII.

Skilgreining:

Þessi breyta tekur til allra fluttra réttinda úr sjóðnum (yfirleitt lífeyrisréttinda, sem flutt eru til annarra lífeyrissjóða eða tryggingafélaga þegar launþegi skiptir um vinnuveitanda og verða þar af leiðandi hluti af lífeyrissjóði eða tryggingakerfi nýja vinnuveitandans).

Tenging við aðrar breytur:

Breytan Flutt réttindi úr sjóði (48 03 3) er notuð við útreikning á breytunni Heildarútgjöld vegna lífeyris (48 03 0).

Kóði: 48 04 0

Heiti: Hrein breyting á vátryggingaskuld (varasjóðir)

Viðauki: VII.

Skilgreining:

Þessi breyta skal taka til allra breytinga á vátryggingaskuld að frádregnum hluta endurtryggjenda. Fluttar vátryggingaskuldir í eða úr einum lífeyrissjóði í annan teljast með hér.

Kóði: 48 05 0

Heiti: Ógreidd vátryggingariðgjöld

Viðauki: VII.

Skilgreining:

Þessi breyta skal taka til allra ógreiddra tryggingariðgjalda vegna hvers konar áhættu sem tryggð er af trygginga- eða endurtryggingafélagi.

Kóði: 48 06 0

Heiti: Heildarrekstrarkostnaður

Viðauki: VII.

Skilgreining:

Þessi breyta skal taka til alls kostnaðar við innheimtu lífeyrisiðgjalda, stýringu verðbréfasafns, umsýslu lífeyrisgreiðslna og einnig þóknana, annars ytri kostnaðar við vörur og þjónustu og starfsmannakostnaðar.

Tenging við aðrar breytur:

Heildarrekstrarkostnaður (48 06 0) er reiknaður út á eftirfarandi hátt:

Starfsmannakostnaður (13 31 0)

\+ Heildarkaup á vörum og þjónustu (13 11 0).

Kóði: 48 07 0

Heiti: Allir skattar

Viðauki: VII.

Skilgreining:

Þessi breyta skal taka til allra beinna skatta (t.d. af fjárfestingartekjum o.s.frv.), sem koma til greiðslu af hálfu lífeyrissjóðsins og eru ekki hluti af ytri kostnaði við vörur og þjónustu eða starfsmannakostnaði.

Kóði: 48 08 0

Heiti: Velta lífeyrissjóða sem eru ekki sjálfstæðir

Viðauki: VII.

Skilgreining:

Þessi breyta skal taka til allra lífeyrisiðgjalda, að því er varðar lífeyrissamninga, sem greidd eru í bókfærða varasjóðinn á fjárhagsárinu.

Kóði: 48 10 0

Heiti: Heildarfjárfestingar lífeyrissjóða

Viðauki: VII.

Skilgreining:

Þessi breyta er samtala eftirfarandi breytna: Lóðir og húseignir (PF) (48 11 0) + Fjárfestingar í eigna- og hagsmunatengdum fyrirtækjum (48 12 0) + Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegri ávöxtun (48 13 0) + Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum (48 14 0) + Skuldabréf og önnur verðbréf með fastri ávöxtun (48 15 0) + Hlutdeild í fjárfestingarsjóðum (48 16 0) + Veðlán og önnur lán sem ekki eru tilgreind annars staðar (48 17 0) + Aðrar fjárfestingar (48 18 0).

Kóði: 48 10 1

Heiti: Heildarfjárfestingar í „fjármögnunarfyrirtækinu“

Viðauki: VII.

Skilgreining:

Þessi breyta skal taka til allra fjárfestinga í fjármögnunarfyrirtækjum, t.d. hlutabréfa í fjármögnunarfyrirtækjum, skuldabréfa sem fjármögnunarfyrirtæki gefa út, lána til fjármögnunarfyrirtækja o.s.frv. Fjármögnunarfyrirtækin eru þeir vinnuveitendur sem greiða iðgjöld í lífeyrissjóði fyrir launþega sína.

Tenging við aðrar breytur:

Breytan Heildarfjárfestingar í „fjármögnunarfyrirtækinu“ er hluti af breytunni Heildarfjárfestingar lífeyrissjóða (48 10 0).

Kóði: 48 10 4

Heiti: Heildarfjárfestingar á markaðsverði

Viðauki: VII.

Skilgreining:

Þessi breyta skal ná yfir Heildarfjárfestingar (= samtala breytanna Lóðir og húseignir (PF) (48 11 0) + Fjárfestingar í eigna- og hagsmunatengdum fyrirtækjum (48 12 0) + Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegri ávöxtun (48 13 0) + Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum (48 14 0) + Skuldabréf og önnur verðbréf með fastri ávöxtun (48 15 0) + Hlutdeild í fjárfestingasjóðum (48 16 0) + Veðlán og önnur lán sem ekki eru tilgreind annars staðar (48 17 0) + Aðrar fjárfestingar (48 18 0)) á markaðsverði.

Athugasemd: Einungis þarf að skýra frá breytunni Heildarfjárfestingar á markaðsverði (48 10 4) ef breytan Heildarfjárfestingar lífeyrissjóða (48 10 0) er ekki gefin upp á markaðsverði.

Kóði: 48 11 0

Heiti: Lóðir og húseignir (PF)

Viðauki: VII.

Skilgreining:

Þessi breyta skal taka til allra lóða og húseigna í eigu lífeyrissjóðsins.

Tenging við aðrar breytur:

Breytan Lóðir og húseignir (PF) (48 11 0) er notuð við útreikning á breytunni Heildarfjárfestingar lífeyrissjóða (48 10 0).

Kóði: 48 12 0

Heiti: Fjárfestingar í eigna- og hagsmunatengdum fyrirtækjum (PF)

Viðauki: VII.

Skilgreining:

Þessi breyta skal taka til hlutabréfa í eignatengdum fyrirtækjum, skuldabréfa sem gefin eru út af eignatengdum fyrirtækjum og lána til þeirra, hagsmunatengdra félaga og skuldabréfa, sem gefin eru út af fyrirtækjum sem lífeyrissjóðurinn er hagsmunatengdur og lán til þeirra. Undanskildar eru fjárfestingar í lið 48 10 1.

Tenging við aðrar breytur:

Breytan Fjárfestingar í eigna- og hagsmunatengdum fyrirtækjum (PF) (48 12 0) er notuð við útreikning á breytunni Heildarfjárfestingar lífeyrissjóða (48 10 0).

Kóði: 48 13 0

Heiti: Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegri ávöxtun

Viðauki: VII.

Skilgreining:

Þessi breyta skal ná yfir hvers kyns skráð og óskráð hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegri ávöxtun sem falla undir þennan lið, nema þau sem heyra undir liði 48 12 0 og 48 14 0.

Tenging við aðrar breytur:

Breytan Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegri ávöxtun (48 13 0) er notuð við útreikning á breytunni Heildarfjárfestingar lífeyrissjóða (48 10 0) og byggist á:

Hlutabréfum sem viðskipti eru stunduð með á skipulegum markaði (48 13 1)

\+ Hlutabréfum sem ekki eru stunduð opinber viðskipti með (48 13 3)

\+ Öðrum verðbréfum með breytilegri ávöxtun (48 13 4).

Kóði: 48 13 1

Heiti: Hlutabréf sem viðskipti eru stunduð með á skipulegum markaði

Viðauki: VII.

Skilgreining:

Þessi breyta skal taka til allra hlutabréfa sem viðskipti eru stunduð með á verðbréfamarkaði.

Tenging við aðrar breytur:

Breytan Hlutabréf sem viðskipti eru stunduð með á skipulegum markaði (48 13 1) er hluti af breytunni Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegri ávöxtun (48 13 0).

Kóði: 48 13 2

Heiti: Hlutabréf sem viðskipti eru stunduð með á skipulegum markaði sem er sérhæfður fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki

Viðauki: VII.

Skilgreining:

Þessi breyta skal taka til allra hlutabréfa sem viðskipti eru stunduð með á skipulegum markaði sem er sérhæfður fyrir ört vaxandi fyrirtæki á sviði nýsköpunar og lítil og meðalstór fyrirtæki. Slíkir markaðir eru einnig þekktir sem markaðir lítilla og meðalstórra fyrirtækja (e. *Small and Medium-Sized Business Markets*) eða hliðstæðir markaðir (e. *Parallel Markets*). Á þessum mörkuðum er unnt að stunda viðskipti með skráð verðbréf í litlum og meðalstórum fyrirtækjum á skilvirkan og samkeppnishæfan hátt.

Tenging við aðrar breytur:

Breytan Hlutabréf sem viðskipti eru stunduð með á skipulegum markaði sem er sérhæfður fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki (48 13 2) er hluti af breytunni Hlutabréf sem viðskipti eru stunduð með á skipulegum markaði (48 13 1).

Kóði: 48 13 3

Heiti: Hlutabréf sem ekki eru stunduð opinber viðskipti með

Viðauki: VII.

Skilgreining:

Þessi breyta skal taka til allra hlutabréfa sem ekki eru stunduð viðskipti með á verðbréfamarkaði.

Tenging við aðrar breytur:

Breytan Hlutabréf sem ekki eru stunduð opinber viðskipti með (48 13 3) er hluti af breytunni Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegri ávöxtun (48 13 0).

Kóði: 48 13 4

Heiti: Önnur verðbréf með breytilegri ávöxtun

Viðauki: VII.

Skilgreining:

Þessi breyta skal ná yfir öll önnur verðbréf með breytilegri ávöxtun sem ekki eru tilgreind í öðrum liðum.

Tenging við aðrar breytur:

Breytan Önnur verðbréf með breytilegri ávöxtun (48 13 4) er hluti af breytunni Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegri ávöxtun (48 13 0).

Kóði: 48 14 0

Heiti: Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum

Viðauki: VII.

Skilgreining:

Þessi breyta skal taka til hvers konar hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóðum eins og þau eru skilgreind í tilskipun ráðsins 85/611/EBE([1]). Þetta á einnig við um opna sjóði og önnur fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu.

Tenging við aðrar breytur:

Breytan Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum (48 14 0) er notuð við útreikning á breytunni Heildarfjárfestingar lífeyrissjóða (48 10 0).

Kóði: 48 15 0

Heiti: Skuldabréf og önnur verðbréf með fastri ávöxtun

Viðauki: VII.

Skilgreining:

Þessi breyta skal taka til framseljanlegra skuldabréfa og annarra verðbréfa með fastri ávöxtun sem gefin eru út af lánastofnunum, öðrum fyrirtækjum eða opinberum aðilum, nema þeirra sem heyra undir lið 48 12 0. Verðbréf sem bera breytilega vexti sem eru háðir ákveðnum þáttum, t.d. vöxtum á millibankamarkaði eða á Evrópumarkaðnum skulu einnig talin skuldabréf og önnur verðbréf með fastri ávöxtun.

Tenging við aðrar breytur:

Breytan Skuldabréf og önnur verðbréf með fastri ávöxtun (48 15 0) er notuð við útreikning á breytunni Heildarfjárfestingar lífeyrissjóða (48 10 0) og byggist á:

Skuldabréfum og öðrum verðbréfum með fastri ávöxtun sem opinber stofnun gefur út (48 15 1)

\+ Öðrum skuldabréfum og öðrum verðbréfum með fastri ávöxtun (48 15 2).

([1]) Stjtíð. EB L 375, 31.12.1985, bls. 3

Kóði: 48 15 1

Heiti: Skuldabréf og önnur verðbréf með fastri ávöxtun sem opinber stofnun gefur út

Viðauki: VII.

Skilgreining:

Þessi breyta skal taka til skuldabréfa og annarra verðbréfa með fastri ávöxtun sem ríki, sveitarfélög og opinberar stofnanir gefa út eða ábyrgjast.

Tenging við aðrar breytur:

Breytan Skuldabréf og önnur verðbréf með fastri ávöxtun sem opinber stofnun gefur út (48 15 1) er notuð við útreikning á breytunni Skuldabréf og önnur verðbréf með fastri ávöxtun (48 15 0).

Kóði: 48 15 2

Heiti: Önnur skuldabréf og önnur verðbréf með fastri ávöxtun

Viðauki: VII.

Skilgreining:

Þessi breyta skal taka til allra annarra skuldabréfa og annarra verðbréfa með fastri ávöxtun (t.d. skuldabréfa fyrirtækja).

Tenging við aðrar breytur:

Breytan Önnur skuldabréf og önnur verðbréf með fastri ávöxtun (48 15 2) er notuð við útreikning á breytunni Skuldabréf og önnur verðbréf með fastri ávöxtun (48 15 0).

Kóði: 48 16 0

Heiti: Hlutdeild í fjárfestingasjóðum (PF)

Viðauki: VII.

Skilgreining:

Þessi breyta skal taka til fjárfestinga í hlutabréfum sem nokkur fyrirtæki eða lífeyrissjóðir hafa tekist á hendur sameiginlega og þar sem eitt fyrirtækjanna eða sjálfstæður sjóðsstjóri fer með stjórnina.

Tenging við aðrar breytur:

Breytan Hlutdeild í fjárfestingasjóðum (PF) (48 16 0) er notuð við útreikning á breytunni Heildarfjárfestingar lífeyrissjóða (48 10 0).

Kóði: 48 17 0

Heiti: Veðlán og önnur lán sem ekki eru tilgreind annars staðar

Viðauki: VII.

Skilgreining:

Þessi breyta skal taka til hvers kyns lífeyrissjóðslána, hvort sem þau eru tryggð með veði í fasteignum eða ekki.

Tenging við aðrar breytur:

Breytan Veðlán og önnur lán sem ekki eru tilgreind annars staðar (48 17 0) er notuð við útreikning á breytunni Heildarfjárfestingar lífeyrissjóða (48 10 0).

Kóði: 48 18 0

Heiti: Aðrar fjárfestingar

Viðauki: VII.

Skilgreining:

Þessi breyta skal taka til allra annarra fjárfestinga sem eru ekki hluti af áðurnefndum fjárfestingarbreytum, t.d. innlána hjá lánastofnunum, reiðufjár, annarra skammtímafjárfestinga, afleiðna eða annarra fjárfestinga.

Tenging við aðrar breytur:

Breytan Aðrar fjárfestingar (48 18 0) er notuð við útreikning á breytunni Heildarfjárfestingar lífeyrissjóða (48 10 0).

Kóði: 48 20 0

Heiti: Aðrar eignir

Viðauki: VII.

Skilgreining:

Þessi breyta skal taka til allra annarra eigna sem ekki eru tilgreindar undir liðnum fjárfestingar.

Kóði: 48 30 0

Heiti: Eigið fé og varasjóðir

Viðauki: VII.

Skilgreining:

Þessi breyta skal taka til eigin fjár og varasjóða sem ekki er formlega útdeilt til lífeyrisþega, t.d. eigið fé, varasjóðir eða aðrir jafngildir sjóðir.

Kóði: 48 40 0

Heiti: Hrein vátryggingaskuld (PF)

Viðauki: VII.

Skilgreining:

Þessi breyta skal taka til vátryggingaskuldar að frádregnum endurtryggingahlutanum sem útdeilt er til lífeyrisþega. Þessi vátryggingaskuld er yfirleitt metin samkvæmt tryggingafræðilegum grundvallarreglum.

Kóði: 48 50 0

Heiti: Aðrar skuldir

Viðauki: VII.

Skilgreining:

Þessi breyta skal taka til allra annarra skulda sem ekki eru skráðar undir eigin fé og varasjóðum eða hreinum vátryggingaskuldum.

Kóði: 48 61 0

Heiti: Landfræðileg sundurliðun á veltu

Viðauki: VII.

Skilgreining:

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 frá 18. júní 2009 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja og hreyfla með tilliti til losunar frá þungum ökutækjum (Euro VI) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 715/2007 og tilskipun 2007/46/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 80/1269/EBE, 2005/55/EB og 2005/78/EB (Stjtíð. ESB L 188, 18.7.2009, bls. 1).

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 frá 20. júní 2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja (Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2007, bls. 1).

([7]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 582/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd og breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 að því er varðar losun frá þungum ökutækjum (Euro VI) og um breytingu á I. og III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB (Stjtíð. ESB L 167, 25.6.2011, bls. 1).

gerðarviðurkenningar. Framleiðendum sem ekki vilja nýta sýndarprófunaraðferðir ætti að vera heimilt að notast áfram við núverandi aðferðir sem fela í sér raunverulegar prófanir.

19) Gerðarviðurkenningarprófanir eru framkvæmdar af tækniþjónustu sem tilkynnt er með tilhlýðilegum hætti til gerðarviðurkenningaryfirvalda aðildarríkis, eftir að búið er að meta færni þeirra og hæfni samkvæmt viðeigandi alþjóðlegum stöðlum. Í þessum stöðlum er að finna nauðsynlegar kröfur til að gera viðurkenningaryfirvaldi kleift að tilnefna framleiðanda eða undirverktaka sem kemur fram fyrir hans hönd sem tækniþjónustu í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/24/EB([8]) (rammatilskipun). Til að koma í veg fyrir mögulega hagsmunaárekstra ætti þó að tilgreina ábyrgð framleiðenda. Til viðbótar ætti að skýra út við hvaða skilyrði framleiðandi má fela undirverktaka að framkvæma prófun.

20) Einn af helstu þáttum ESB-gerðarviðurkenningarkerfisins er hið mikla traust sem ætti að ríkja milli viðurkenningaryfirvalds og tækniþjónustunnar sem það hefur tilnefnt. Því er mikilvægt að tryggja að upplýsingaskipti á milli tækniþjónusta og viðurkenningaryfirvalds einkennist af gagnsæi og skýrleika.

21) Sýndarprófunaraðferð ætti að gefa jafn áreiðanlegar niðurstöður og raunveruleg prófun. Því þykir rétt að mæla fyrir um viðeigandi skilyrði til að tryggja að framleiðendur sem gegna hlutverki innri tækniþjónustu, undirverktakar sem starfa fyrir hönd framleiðenda eða tækniþjónusta geti á tilhlýðilegan hátt vottað reiknilíkön sem notast er við.

22) Athugun á samræmi ökutækja, íhluta eða aðskildra tæknieininga í framleiðsluferlinu er mikilvægur hluti ESB-gerðarviðurkenningarkerfisins. Þessar samræmisprófanir eru framkvæmdar með því að framkvæma raunverulegar prófanir á ökutækjum, íhlutum eða aðskildum tæknieiningum sem teknar eru úr framleiðslulínunni. Sýndaraðferðir ættu ekki að vera leyfilegar að því er varðar samræmisprófanir framleiðslu, jafnvel þegar þær eru notaðar vegna gerðarviðurkenninga.

23) Þessi reglugerð gildir frá og með gildistökudegi reglugerðar (ESB) nr. 168/2013.

([8]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/24/EB frá 18. mars 2002 um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/61/EBE (Stjtíð. EB L 124, 9.5.2002, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

VIÐFANGSEFNI OG SKILGREININGAR

1. gr.

Efni

1. Í reglugerð þessari er komið á ítarlegum tæknilegum kröfum og prófunaraðferðum varðandi smíði ökutækja og almennar kröfur fyrir viðurkenningu ökutækja í flokki L og kerfa, íhluta og aðskilinna tæknieininga sem ætluð eru fyrir slík ökutæki í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 168/2013 og sett fram skrá yfir reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu og breytingar á þeim.

2. Í henni er einnig komið á staðli um afkastagetu tækniþjónusta sem og aðferð við mat á þeim.

2. gr.

Skilgreiningar

Skilgreiningarnar í reglugerð (ESB) nr. 168/2013 gilda. Að auki gilda eftirfarandi skilgreiningar:

1) „ráðstafanir gegn óheimilum breytingum“: röð tæknilegra krafna og forskrifta sem, eins og kostur er, eiga að koma í veg fyrir óheimilaðar breytingar á aflrás ökutækisins sem gætu dregið úr notkunaröryggi, einkum með því að auka afköst ökutækisins og valda umhverfinu skaða, og eru ekki heimilaðar skv. II. viðauka,

2) „inntaksrör“:samsetning inntaksganga og inntaksgreinar,

3) „inntaksgöng“: göngin til að taka loft inn á strokk, strokklok eða sveifarhús,

4) „inntaksgrein“: hlutinn sem tengir saman blöndung eða loftstýrikerfi og strokk, strokklok eða sveifarhús,

5) „inntakskerfi“:samsetning inntaksrörs og inntakshljóðdeyfis,

6) „útblásturskerfi“: samsetning útblástursrörs, þenslukúts, útblásturshljóðdeyfis og mengunarvarnarbúnaðar,

7) „sérstök verkfæri“: verkfæri sem notuð eru á búnað til að koma í veg fyrir óheimilaðar breytingar og eru aðeins gerð aðgengileg dreifingaraðilum sem framleiðandi ökutækis samþykkir en eru ekki aðgengileg almenningi,

8) „kveikineisti frá kveikjukerfi“: allir eiginleikar neista sem verður til í kveikjukerfi hreyfla með rafkveikju og notast til að kveikja í eldsneytisloftblöndu, slíkt felur í sér tímastillingu, styrk og staðsetningu,

9) „eldsneytisgjafarkerfi“: safn íhluta þ.m.t. og á milli eldsneytisgeymslu og blöndunar eldsneytislofts eða inndælingarbúnaðar,

10) „samræmi framleiðslu“: getan til að tryggja að sérhver framleiðsluröð sé framleidd í samræmi við forskriftir gerðarviðurkenningarinnar og kröfurnar um notkun og merkingu,

11) „gæðastjórnunarkerfi“: safn tengdra eða samverkandi þátta sem stofnanir nota til að stjórna og hafa eftirlit með því hvernig gæðastefnum er framfylgt og gæðamarkmiðum náð,

12) „úttekt“:ferlið við að safna vísbendingum sem notaðar eru til að meta hversu vel úttektarviðmiðunum er beitt með það að markmiði að þær séu hlutlægar, óhlutdrægar og óháðar og að þær séu meðhöndlaðar með kerfisbundnu og skjalfestu úttektarferli,

13) „aðgerðir til úrbóta“: ferli til úrlausna vandamála í gæðastjórnunarferli þar sem skref eru tekin til að fjarlægja ástæður fyrir frávikum eða óæskilegum aðstæðum og er þannig hannað að það komi í veg fyrir að þær endurtaki sig,

14) „vottun“: staðfesting frá faggildingarstofu í aðildarríki um að stofnun uppfylli kröfurnar sem eru settar fram í samhæfðum staðli og, þar sem við á, allar viðbótarkröfur, þ.m.t. þær sem settar eru fram í viðeigandi atvinnugreinakerfum, til að annast sérstaka samræmis-matsstarfsemi,

15) „tengibúnaður fyrir ökutæki í flokki L“: allir hlutar og búnaður sem uppsettir eru á ramma, burðarhluta yfirbyggingar og grindar ökutækis sem gera það að verkum að dráttarökutæki og eftirvagnar tengjast, þ.m.t. uppsettir eða lausir hlutar til að festa, stilla eða stýra tengibúnaði,

16) „tengikúla og dráttarfesting“: tengibúnaður sem hefur kúlulaga búnað og festingu sem uppsett er á ökutæki í flokki L til að tengjast eftirvagni með tengihaus,

17) „tengihaus“: véltengi á dráttarbeisli eftirvagna til að tengjast tengikúlu á ökutæki í flokki L,

18) „tengipunktur“: sá punktur tengibúnaðar þar sem uppsettur tengibúnaður eftirvagns tengist uppsettum tengibúnaði dráttarbifreiðar,

19) „aukatenging“: tengibúnaður sem getur tryggt að eftirvagn verði áfram tengdur dráttarbifreið ef aðaltenging rofnar og tryggi að enn sé hægt að stýra eftirvagninum að einhverju marki,

20) „brún skráningarmerkis“: útlína skráningarmerkis sem myndi hafa fjórar auðgreinanlegar brúnir í heildina en lögun þess væri flöt og rétthyrnd og með heildarefnisþykkt sem er ekki meiri en 10 mm,

21) „skaft“: allir framstæðir hlutar eða aðrir hlutar sem virðast hringlaga eða því sem næst hringlaga, þ.m.t. bolta- og skrúfuhausar með tiltölulega stöðugt heildarþvermál og sem hafa lausan enda sem hægt er að tengjast,

22) „möskvastærð“: fjöldi (línulegra) opa á hvern þumlung möskva,

23) „hleðslupallur“: pallur sem er festur við burðarvirki ökutækis í flokki L til að flytja hleðslu,

24) „staðalbúnaður“: grunnsamskipan ökutækis sem býr yfir öllum þeim þáttum sem krafist er samkvæmt stjórnvaldsfyrirmælunum sem um getur í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 168/2013/EB, þ.m.t. allir þættir sem ökutæki býr yfir án þess að ástæða sé til frekari forskrifta um samskipan eða búnað,

25) „valfrjáls búnaður“: þættir sem ekki eru hluti af staðalbúnaði og festa má á ökutæki á ábyrgð framleiðanda,

26) „massi valfrjáls búnaðar“: massi búnaðar, sem heimilt er að koma fyrir í ökutæki til viðbótar við staðalbúnað, í samræmi við forskriftir framleiðanda,

27) „massi tengibúnaðar“: massi tengibúnaðarins og þeirra hluta sem nauðsynlegir eru til að festa tengibúnaðinn við ökutækið,

28) „tæknilega leyfilegur hámarksmassi við tengipunkt“: massi sem samsvarar leyfilegu lóðréttu hámarksstöðuálagi á tengipunktinum (gildi „S“ eða „U“) á dráttarbifreið, með tilliti til smíðaeiginleika tengibúnaðarins og dráttarbifreiðarinnar,

29) „raunmassi“: í tengslum við ökutæki, massi ökutækis sem er tilbúið til aksturs eins og um getur í 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013, auk massa ökumanns (75 kg), auk massa geymsluhólfs fyrir óhefðbundið eldsneyti ef það er til staðar og auk massa valfrjáls búnaðar sem uppsettur er á sérhvert ökutæki,

30) „tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu“: leyfilegur hámarksmassi fyrir hvert ökutæki á grundvelli smíðieiginleika og hönnunarnothæfis,

31) „tæknilega leyfilegur hámarksdráttarmassi“: hámarksmassi sem dráttarbifreið getur dregið,

32) „ás“: sameiginlegur snúningsás tveggja eða fleiri hjóla, hvort sem þau eru aflknúin eða snúast hindrunarlaust og hvort sem þau eru í einum eða fleiri hlutum sem staðsettir eru á sama fleti, hornrétt á miðlínu langsniðs ökutækisins,

33) „tæknilega leyfilegur hámarksmassi á ás“: massi sem svarar til hámarks leyfilegs stöðuálags sem er yfirfært á jörð af hjólum á ás, með tilliti til byggingarþátta og hönnunarnothæfis ökutækisins og ássins,

34) „farmmassi“: mismunur á milli tæknilega leyfilegs hámarksmassa með hleðslu og raunmassa ökutækis,

35) „lengdarplan“: lóðrétt plan sem er samsíða stefnu ökutækisins þegar það ferðast fram á við,

36) „mengunarvarnakerfi“: stjórnbúnaður rafeindakerfis hreyfilsins og sérhver annar íhlutur sem tengist mengunarvörnum í útblásturs- eða uppgufunarkerfum sem miðla upplýsingum til þessa stjórnbúnaðar eða fá upplýsingar frá honum.

37) „bilanavísir“: sjón- eða hljóðmerki sem gefur ökumanni ökutækis skýrt til kynna ef upp kemur bilun eins og um getur í 21. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013,

38) „bilun“: þegar bilun verður í íhlut eða kerfi sem myndi leiða til þess að losun færi yfir viðmiðunarmörk sem mælt er fyrir um í B-hluta VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 168/2013, eða sem myndi virkja notkunarham sem dregur verulega úr snúningsvægi hreyfils eða leiða til þess að innbyggða greiningarkerfið gæti ekki uppfyllt grundvallarkröfur um vöktun í XII. viðauka,

39) „aukaloft“: loft sem er hleypt inn í útblásturskerfið með dælu, innsogsventli eða á annan hátt og er ætlað að auka oxun vetniskolefna og kolsýrings í útblástursloftinu,

40) „miskveiking hreyfils“: eðlilegur bruni verður ekki í strokki rafkveikjuhreyfils vegna ónógrar neistamyndunar, lélegrar eldsneytisskömmtunar, lélegrar þjöppunar eða af öðrum orsökum,

41) „prófun I“: viðeigandi aksturslota sem notuð er við gerðarviðurkenningu að því er varðar losun,

42) „aksturslota“: prófunarlota sem samanstendur af ræsingu hreyfils, akstурslagi þar sem bilun kæmi fram ef um bilun væri að ræða og stöðvun hreyfilsins,

43) „upphitunarlota“: notkun ökutækis þar sem hitastig kælivökva hækkar um a.m.k. 22 K frá því að hreyfill er ræstur, upp í a.m.k. 343,2 K (70 °C),

44) „eldsneytisstilling“: endurgjafarstilling á grundvallarskömmtun eldsneytis,

45) „skammtímaeldsneytisstilling“: vísar til virkrar stillingar eða augnabliksstillingar á grundvallarskömmtun eldsneytis,

46) „langtímaeldsneytisstilling“: vísar til mun jafnari aðlögunar að eldsneytiskvörðunaráætluninni sem bætir upp fyrir frávik milli ökutækja og hægfara breytinga sem verða með tímanum,

47) „reiknað álagsgildi“: yfirstandandi loftflæði deilt með hámarksloftflæði, þar sem hámarksloftflæði er leiðrétt með tilliti til hæðar yfir sjávarmáli, ef hún er þekkt. Þessi skilgreining gefur einingarlausa tölu sem er ekki bundin við tiltekinn hreyfil og gefur tæknimanninum vísbendingu um hlutfall hreyfilafkasta sem er nýtt (fullopin eldsneytisgjöf jafngildir 100%),

48) „föst forrituð staðalstilling“: forrit sem er óháð upplýsingum frá biluðum íhlut eða kerfi sem stjórnbúnaður hreyfils stillir sig varanlega á ef útlit er fyrir að bilaði íhlutinn eða kerfið muni valda aukinni losun frá ökutækinu sem færi yfir þau mörk sem sett eru fram í B-hluta VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 168/2013,

49) „aflúttakseining“: hreyfildrifið úttak til að knýja aukabúnað sem hefur verið settur í ökutækið,

50) „aðgangur að innbyggðu greiningarkerfi“: aðgangur að öllum upplýsingum innbyggðra greiningarvarnarkerfisins er varða mengunarvarnir og öryggi, þ.m.t. nauðsynlegir bilanakóðar vegna skoðunar, greiningar, þjónustu eða viðgerða á hlutum ökutækisins er varða umhverfi og öryggi, í gegnum raðtengi fyrir stöðluðu greiningartenginguna, samkvæmt lið 3.12 í 1. viðbæti við XII. viðauka,

51) „óhindraður aðgangur að innbyggðu greiningarkerfi“:

a) aðgangur er ekki bundinn við aðgangskóða sem eingöngu er fáanlegur hjá framleiðanda eða svipaða aðferð, eða

b) aðgangur sem gerir kleift að meta upplýsingarnar án þess að þurfa til þess sérstakar afkóðunarupplýsingar, nema þær upplýsingar séu sjálfar staðlaðar,

52) „staðlaðar upplýsingar“: að allar upplýsingar í gagnastreymi sé framleiddar, þ.m.t. allir bilanakóðar sem eru notaðir, í samræmi við staðla iðnaðarins sem tryggja hámarkssamræmingu í iðnaði bifreiða í flokki L, vegna

þess að snið þeirra og leyfilegir valmöguleikar eru skýrt skilgreind og sem gagngert er leyfilegt að nota samkvæmt þessari reglugerð,

53) „ágalli“: í innbyggðum greiningarkerfum ökutækja er ástand þegar allt að tveir aðskildir íhlutir eða kerfi sem eru vöktuð fela í sér bráðabirgða- eða varanlega vinnslueiginleika sem skaða annars skilvirka vöktun innbyggða greiningarkerfisins eða uppfylla ekki allar aðrar ítarlegar kröfur sem gerðar eru til innbyggðra greiningarkerfa,

54) „veruleg lækkun á knýjandi snúningsvægi“: snúningsvægi hreyfils sem er 90% af snúningsvægi við venjulega notkun, eða minna,

55) „yfirborð með mynstruðu neti“: yfirborð með mynstri sem er t.d. hring-, sporöskju-, demants-, rétthyrnings- eða ferningslaga göt sem er dreift jafnt með millibili sem er ekki meira en 15 mm,

56) „yfirborð ristar“: yfirborð með samhliða rimlum sem er dreift jafnt og sem eru með millibil sem er ekki meira en 15 mm,

57) „nafnyfirborð“: fræðilegt, rúmfræðilega fullkomið yfirborð þar sem ekki er tekið tillit til misfellna á yfirborðinu, s.s. framskota eða dælda,

58) „halli“: frávik í gráðum miðað við lóðrétt plan,

59) „aðlögun fyrir viðskiptavini“: sérhver breyting á ökutæki, kerfi, íhlut eða aðskilinni tæknieiningu sem gerð er vegna beiðni viðskiptavinar og sem er háð viðurkenningu,

60) „yfirfærslukerfi“: kerfi, eins og skilgreint er í 15. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013 sem yfirfærist frá eldri gerð ökutækis til nýrri gerðar,

61) „standari“: búnaður sem er tryggilega festur á ökutæki og getur haldið því alveg ómönnuðu í þeirri kyrrstöðu sem því er ætlað,

62) „hliðarstandari“: standari sem styður við ökutækið einungis frá einni hlið þegar hann er færður í notkunarstillingu þannig að bæði hjólin snerta undirlagið,

63) „miðstandari“: standari sem styður við ökutækið með einum eða fleiri snertiflötum milli ökutækis og undirlags þegar honum er smellt í notkunarstillingu báðum megin við lengdarmiðjuplan ökutækisins,

64) „halli á þverveginn“: hundraðshlutfall halla á raunverulegu undirlagi þar sem línan sem myndast af skurðpunkti lengdarmiðjuplans ökutækisins og undirlagsins eru hornrétt á hámarkshallalínu,

65) „halli á langveginn“: halli sem gefinn er upp sem hundraðshluti og er fyrir framan og aftan raunverulegt undirlag sem lengdarmiðjuplan ökutækis er samsíða og þar með í samræmi við hámarkshallalínu,

66) „í notkunarstöðu“: þegar standari er færður út eða er í opinni stöðu og settur í fyrirhugaða stöðu fyrir kyrrstöðu,

67) „ekki í notkunarstöðu“: þegar standari er dreginn inn eða er í lokaðri stöðu og settur í fyrirhugaða stöðu fyrir akstur.

II. KAFLI

SKYLDUR FRAMLEIÐENDA AÐ ÞVÍ ER VARÐAR SMÍÐI ÖKUTÆKIS

3. gr.

Uppsetningar- og sýnikröfur varðandi smíði ökutækis

1. Til þess að uppfylla kröfur um smíði ökutækis sem mælt er fyrir um í 18. gr. og II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 168/2013 skulu framleiðendur búa ökutæki í flokki L með kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem hafa áhrif á notkunaröryggi og umhverfisvernd og eru hönnuð, smíðuð og sett þannig saman að ökutæki við eðlilega notkun sem viðhaldið er í samræmi við forskriftir framleiðanda uppfylli ítarlegar tæknilegar kröfur og prófunaraðferðir.

2. Í samræmi við 6. til 20. gr. skulu framleiðendur með raunverulegri sýniprófun sýna viðurkenningaryfirvaldi fram á að ökutæki í flokki L sem sett eru á markað, skráð eða tekin í notkun í Sambandinu uppfylli kröfur um smíði ökutækis í III. kafla reglugerðar (ESB) nr. 168/2013 og uppfylli ítarlegar tæknilegar kröfur og prófunaraðferðir sem mælt er fyrir um í 6. til 20. gr. þessarar reglugerðar.

3. Framleiðendur skulu tryggja að varahlutir og búnaður sem boðnir eru fram á markaði eða teknir í notkun í Sambandsins uppfylli viðeigandi kröfur reglugerðar (ESB) nr. 168/2013, eins og tilgreint er í ítarlegum tæknilegum kröfum og prófunaraðferðum sem um getur í þessari reglugerð. Viðurkennt ökutæki í flokki L sem búið er varahlutum eða búnaði skal uppfylla sömu prófunarkröfur og viðmiðunarmörk vegna notkunar og ökutæki sem búið er upprunalegum hlutum eða búnaði og uppfylla kröfur um þol til og með þeim sem settar eru fram í 2. mgr. 22. gr. og 23. og 24. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013.

4. Framleiðendur skulu einnig tryggja að farið sé að gerðarviðurkenningaraðferðum til að sannprófa samræmi framleiðslu, að því er varðar ítarlegar kröfur um smíði ökutækis sem mælt er fyrir um í 33. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013 sem og ítarlegum tæknilegum kröfum í þessari reglugerð.

5. Eftir atvikum skal framleiðandi leggja fyrir viðurkenningaryfirvaldið lýsingu á þeim ráðstöfunum sem gripið er til, til að koma í veg fyrir átt sé við stjórnunarkerfi aflrásar, þ.m.t. tölvueftirlitskerfi með mengunarvarnarbúnaði og notkunaröryggi.

4. gr.

Beiting reglugerða efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu

1. Reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu og breytingar á henni sem settar eru fram í I. viðauka við þessa reglugerð gilda um gerðarviðurkenningu.

2. Ökutæki með hámarkshönnunarhraða sem er 25 km/klst. eða lægri skulu uppfylla allar viðeigandi kröfur í reglugerðum efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu sem gilda um ökutæki með hámarkshönnunarhraða sem er hærri en 25 km/klst.

3. Skilja skal tilvísanir í ökutækjaflokka L_1, L_2, L_3, L_4, L_5, L_6 og L_7 í reglugerðum efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu sem tilvísanir í ökutækjaflokka L1e, L2e, L3e, L4e, L5e, L6e og L7e, eftir því sem við á samkvæmt þessari reglugerð, þ.m.t. allir undirflokkar.

5. gr.

Tækniforskriftir um kröfur um smíði ökutækis og prófunaraðferðir

1. Prófunaraðferðir fyrir smíði ökutækis skulu framkvæmdar í samræmi við prófunarkröfur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

2. Prófunaraðferðirnar skulu framkvæmdar af eða í viðurvist viðurkenningaryfirvalds eða, ef viðurkenningaryfirvald heimilar það, af tækniþjónustu.

3. Mæliaðferðir og niðurstöður úr prófun skal tilkynna viðurkenningaryfirvaldi í prófunarskýrslu á því formi sem mælt er fyrir um skv. 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013.

6. gr.

Kröfur sem gilda um ráðstafanir gegn óheimilum breytingum á aflrásum

Prófunaraðferðir og kröfur sem gilda um ráðstafanir gegn óheimilum breytingum á aflrásum sem um getur í II. viðauka (C1) við reglugerð (ESB) nr. 168/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi II. viðauka við þessa reglugerð.

7. gr.

Kröfur sem gilda um fyrirkomulag við gerðarviðurkenningaraðferðir

Prófunaraðferðir og kröfur sem gilda um fyrirkomulag við gerðarviðurkenningu sem um getur í II. viðauka (C2) við reglugerð (ESB) nr. 168/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.

8. gr.

Kröfur sem gilda um samræmi framleiðslu

Prófunaraðferðir og kröfur sem gilda um framleiðslusamræmi sem um getur í II. viðauka (C3) við reglugerð (ESB) nr. 168/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við IV. viðauka við þessa reglugerð.

9. gr.

Kröfur sem gilda um tengibúnað og tengingar

Prófunaraðferðir og kröfur sem gilda um tengibúnað og tengingar eins og um getur í II. viðauka (C4) við reglugerð (ESB) nr. 168/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við V. viðauka við þessa reglugerð.

10. gr.

Kröfur sem gilda um búnað til að koma í veg fyrir notkun án leyfis

Prófunaraðferðir og kröfur sem gilda um búnað til að koma í veg fyrir notkun án leyfis sem um getur í II. viðauka (C5) við reglugerð (ESB) nr. 168/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við VI. viðauka við þessa reglugerð.

11. gr.

Kröfur sem gilda um rafsegulsviðssamhæfi

Prófunaraðferðir og kröfur sem gilda um rafsegulsviðssamhæfi eins og um getur í II. viðauka (C6) við reglugerð (ESB) nr. 168/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við VII. viðauka við þessa reglugerð.

12. gr.

Kröfur sem gilda um útstæða hluta

Prófunaraðferðir og kröfur sem gilda um útstæða hluta sem um getur í II. viðauka (C7) við reglugerð (ESB) nr. 168/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.

13. gr.

Kröfur sem gilda um geymslu eldsneytis

Prófunaraðferðir og kröfur sem gilda um geymslu eldsneytis sem um getur í II. viðauka (C8) við reglugerð (ESB) nr. 168/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við IX. viðauka við þessa reglugerð.

14. gr.

Kröfur sem gilda um hleðslupalla

Prófunaraðferðir og kröfur sem gilda um hleðslupalla sem um getur í II. viðauka (C9) við reglugerð (ESB) nr. 168/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við X. viðauka við þessa reglugerð.

15. gr.

Kröfur sem gilda um massa og mál

Prófunaraðferðir og kröfur sem gilda um massa og mál eins og um getur í II. viðauka (C10) við reglugerð (ESB) nr. 168/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við XI. viðauka við þessa reglugerð.

16. gr.

Kröfur sem gilda um starfræn innbyggð greiningarkerfi

Prófunaraðferðir og kröfur sem gilda um starfræn innbyggð greiningarkerfi sem um getur í II. viðauka (C11) við reglugerð (ESB) nr. 168/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við XII. viðauka við þessa reglugerð.

17. gr.

Kröfur sem gilda um handföng og fóthvílur fyrir farþega

Prófunaraðferðir og kröfur sem gilda um handföng og fóthvílur fyrir farþega sem um getur í II. viðauka (C12) við reglugerð (ESB) nr. 168/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við XIII. viðauka við þessa reglugerð.

18. gr.

Kröfur sem gilda um flöt fyrir skráningarmerki

Prófunaraðferðir og kröfur sem gilda um flöt fyrir skráningarmerki sem um getur í II. viðauka (C13) við reglugerð (ESB) nr. 168/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við XIV. viðauka við þessa reglugerð.

19. gr.

Kröfur sem gilda um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald

Prófunaraðferðir og kröfur sem gilda um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald sem um getur í II. viðauka (C14) við reglugerð (ESB) nr. 168/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við XV. viðauka við þessa reglugerð.

20. gr.

Kröfur sem gilda um standara

Prófunaraðferðir og kröfur sem gilda um standara sem um getur í II. viðauka (C15) við reglugerð (ESB) nr. 168/2013 skal framkvæma og staðfesta í samræmi við XVI. viðauka við þessa reglugerð.

III. KAFLI

SKYLDUR OG KRÖFUR VARÐANDI TÆKNIÞJÓNUISTU

21. gr.

Staðlar um frammistöðu sem og mat á tækniþjónustu

Tækniþjónusta skal uppfylla staðla um frammistöðu og verklag vegna mats á þeim sem um getur í II. viðauka (C16) við reglugerð (ESB) nr. 168/2013 sem skal staðfest í samræmi við XVII. viðauka við þessa reglugerð.

22. gr.

Að hvaða marki sjálfsprófun er heimiluð

Að því er varðar sjálfsprófun innri tækniþjónustu sem um getur í 1. mgr. 64. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013 skal aðeins framkvæma slíkar prófanir þegar þær eru heimilar skv. III. viðauka við þessa reglugerð.

IV. KAFLI

SKYLDUR AÐILDARRÍKJANNA

23. gr.

Gerðarviðurkenning ökutækja, kerfa, íhluta eða aðskilinna tæknieininga

Í samræmi við 18., 25. og 33. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013 og frá og með þeim dagsetningum sem mælt er fyrir um í IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 168/2013 skulu landsyfirvöld, að því er varðar ný ökutæki sem ekki uppfylla kröfur reglugerðar (ESB) nr. 168/2013 og þessarar reglugerðar, líta svo á að samræmisvottorð gildi ekki lengur að því er varðar 1. mgr. 43. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013 og skulu, á grundvelli losunar, eldsneytis- eða orkunotkunar eða viðeigandi krafna um notkunaröryggi eða smíði ökutækja, banna að slík ökutæki verði boðin fram á markaði, skráð eða tekin í notkun.

V. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

24. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. nóvember 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

SKRÁ YFIR VIÐAUKA

Númer viðauka	Heiti viðauka	Bls.
C1 Smíði ökutækis og almennar gerðarviðurkenningarkröfur		
I	Skrá yfir reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu sem skylt er að beita	12
II	Kröfur sem gilda um ráðstafanir gegn óheimilum breytingum á aflrásum	13
III	Kröfur um fyrirkomulag vegna gerðarviðurkenningaraðferða	17
IV	Kröfur sem gilda um samræmi framleiðslu	23
V	Kröfur sem gilda um tengibúnað og tengingar	35
VI	Kröfur sem gilda um búnað til að koma í veg fyrir notkun án leyfis	44
VII	Kröfur sem gilda um rafsegulsviðssamhæfi	45
VIII	Kröfur sem gilda um útstæða hluta	46
IX	Kröfur sem gilda um geymslu eldsneytis	53
X	Kröfur sem gilda um hleðslupalla	59
XI	Kröfur sem gilda um massa og mál	60
XII	Kröfur sem gilda um starfræn innbyggð greiningarkerfi	68
XIII	Kröfur sem gilda um handföng og fóthvílur fyrir farþega	85
XIV	Kröfur sem gilda um flöt fyrir skráningarmerki	86
XV	Kröfur sem gilda um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald	89
XVI	Kröfur sem gilda um standara	96
C2 Kröfur varðandi tækniþjónustu		
XVII	Staðlar um frammistöðu sem og mat á tækniþjónustu	102

I. VIÐAUKI

Skrá yfir reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu sem skylt er að beita

Reglugerð efnahags-nefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr.	Viðfangsefni	Röð breytinga	Tilvísun í Stjtíð.	Gildissvið
10	Rafsegulsviðssamhæfi (EMC)	04	Stjtíð. ESB L 254, 20.9.2012, bls. 1.	L1e, L2e, L3e, L4e, L5e, L6e og L7e
62	Vörn gegn notkun án leyfis	00	Stjtíð. ESB L 89, 27.3.2013, bls. 37.	L1e, L2e, L3e, L4e, L5e, L6e og L7e

Til skýringar:

Það að íhlutur sé talinn upp í þessari skrá þýðir ekki að uppsetning hans sé lögboðin. Hvað varðar tiltekna íhluti er þó mælt fyrir um lögboðnar kröfur í öðrum viðaukum við þessa reglugerð.

II. VIÐAUKI

Kröfur sem gilda um ráðstafanir gegn óheimilum breytingum á aflrásum

1. **Tilgangur og gildissvið**

1.1. Ráðstöfunum gegn óheimilum breytingum á aflrásum er ætlað að tryggja að dregið sé úr neikvæðum breytingum á aflrásum ökutækja sem hafa neikvæð áhrif á notkunaröryggi og/eða umhverfið.

1.2. Ráðstafanirnar skulu fela í sér sérstakar kröfur um merkingar ökutækja, að því er varðar hámarksafl, hámarkshönnunarhraða ökutækis og hljóðstig í kyrrstöðu, á lögboðinni merkiplötu sem um getur í 1. mgr. 39. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013. Sérstakar merkingar upprunalegra og óupprunalegra íhluta, aðskilinna tæknieininga, hluta og búnaðar sem hafa áhrif á vistvænleika, afköst knúningsaflseiningar og notkunaröryggi skulu uppfylla kröfur 2. og 3. mgr. 39. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013 þannig að fullnustuyfirvaldi sé heimilt að sannprófa hvort hlutar og búnaður á ökutæki sem er í notkun séu viðeigandi fyrir gerðarviðurkennt ökutækið.

1.3. Gildissvið

Öll ökutæki í flokki L sem um getur í 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013, að undanskildum (undir)flokkum L3e-A3, L4e-A3 og L5e.

2. **Almennar kröfur**

2.1. Framleiðandi skal tryggja að viðurkenningaryfirvaldi og tækniþjónustu séu veittar nauðsynlegar upplýsingar og, eftir því sem við á, ökutæki, knúningsafl, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem nauðsynleg eru fyrir yfirvaldið til að sannprófa hvort kröfur þessa viðauka séu uppfylltar.

2.2. Framleiðandi skal lýsa því yfir í umsókn um gerðarviðurkenningu að hann skuldbindi sig til að setja ekki á markað útskiptanlega íhluti sem geta gert það að verkum að afköst knúningsaflseininga verði meira en viðeigandi er fyrir viðkomandi (undir)flokk.

2.3. Útskiptanleiki hluta sem ekki eru eins á milli gerðarviðurkenndra ökutækja:

2.3.1. Útskiptanleiki eftirfarandi hluta, hvers fyrir sig eða í heild, skal ekki gera það að verkum að afköst knúningsaflseiningar fari yfir gildin sem mæld eru og gefin upp við gerðarviðurkenningu sem þýðir að í öllum tilfellum skuli hámarkshönnunarhraði og/eða samfellt hámarksnafnafl og/eða nettóafl hreyfils í viðeigandi flokki vera innan marka samræmis framleiðslu, sem sett er fram í lið 4.1.4 í IV. viðauka:

2.3.1.1. fyrir ökutæki með tvígengishreyfil: samsetning strokks/stimpils, blöndungs- eða eldsneytisinnspýtir, inntaksgrein, útblásturskerfi,

2.3.1.2. fyrir ökutæki með fjórgengishreyfil: strokklok, kambás, samsetning strokks/stimpils, blöndungs- eða eldsneytisinnspýtir, inntaksgrein, útblásturskerfi.

2.4. Aldrei má fara yfir samþykktan hámarkshönnunarhraða ökutækis og/eða samfellt hámarksnafnafl og/eða nettóafl sem sett er fram í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 168/2013 fyrir viðeigandi (undir)flokk, sem þýðir að afköst knúningsaflseiningar ökutækisins skuli alltaf vera innan marka framleiðslusamræmis sem sett eru fram í lið 4.1.4 í IV. viðauka.

2.5. Ef um er að ræða keðjur eða tannreimar skal fjöldi tanna sýndur á tannstangardrifi.

2.6. Framleiðandi skal lýsa því yfir að breytingar sem hann leyfir á eftirfarandi einkennum auki ekki afköst knúningsaflseiningar umfram þau mörk framleiðslusamræmis sem sett eru fram í lið 4.1.4 í IV. viðauka: kveikineisti frá kveikjukerfi ef við á, eldsneytisgjafarkerfi og skammtari, loftinntakskerfi, þ.m.t. (breytingar eða fjarlæging) loftsía, fyrirkomulag knúningsrafgeymis eða raforka rafgeyma ef við á, aflrás og stýribúnaður sem stýra aflrás ökutækis.

2.7. Ef tímastilling á kveikju er breytileg skulu afköst knúningsaflseininga mæld með flýtingu kveikju stillta innan ± 5° af því gildi þegar hámarkshreyfilafli er náð.

2.8. Framleiðandi skal tryggja að viðurkennt ökutæki uppfylli eftirfarandi ákvæði um öryggi rafræns kerfis sem takmarkar umhverfisáhrif og afköst knúningsaflseiningar ökutækis.

2.8.1. Fyrir ökutæki sem búið er rafmagns- eða raftæknilegum búnaði sem takmarkar afköst knúningsaflseiningar þess skal framleiðandi ökutækis veita prófunaryfirvöldum gögn og sannanir til að sýna fram á að breyting eða aftenging búnaðar eða leiðslukerfis auki ekki afköst.

2.8.2. Í sérhverju ökutæki með rafeindastýringu skulu vera stillingar sem koma í veg fyrir breytingar, aðrar en þær sem heimilaðar eru af framleiðandanum. Framleiðandinn skal heimila breytingar sem eru nauðsynlegar vegna greiningar, þjónustu, skoðunar, ísetningar endurbótarhlutar eða viðgerðar ökutækis.

2.8.3. Allir endurforritanlegir tölvukóðar eða rekstrarmæliþættir skulu varðir gegn því að átt sé við þá og veita vernd sem er a.m.k. sambærileg ákvæðunum í ISO DIS 15031-7:2001, að því tilskildu að örugg gagnaskipti fari fram samkvæmt samskiptareglum og stöðluðum greiningartengingum sem kveðið er á um í 1. viðbæti við XII. viðauka.

2.8.4. Til að koma í veg fyrir aukningu í afköstum knúningsaflseiningar skal ekki vera unnt að breyta tölvuforrituðum knúningsaflsrekstrarþáttum, t.d. lóðuðum eða huldum tölvuíhlutum eða innsigluðum, eða lóðuðum tölvu-umlykjum, nema með sérhæfðum verkfærum og aðferðum.

2.8.5. Allir kvörðunarminniskubbar sem unnt er að fjarlægja skulu huldir, þeir inniluktir í innsigluðum ílátum eða þeir varðir með rafrænum reikniritum og skulu óbreytanlegir nema með sérhæfðum verkfærum og aðferðum.

2.8.6. Framleiðendur sem nota forritanleg tölvukóðunarkerfi (t.d. rafrænt, endurnýtanlegt lesminni, (EEPROM)) skulu fyrirbyggja óleyfilega endurforritun. Þeir skulu notast við aðferðir sem auka vörn gegn óheimilum breytingum og ritvörn sem krefst þess að notuð sé tölva sem ekki er í ökutækinu og framleiðandinn rekur og sem sjálfstæðir rekstraraðilar skulu hafa aðgang að í samræmi við verndarákvæðin í XV. viðauka. Viðurkenningaryfirvald skal samþykkja aðferðir sem veita fullnægjandi vernd gegn óheimilum breytingum, s.s. öryggisaðgang með upphafsgildum (seed) og lyklum, á borð við Keyword 2000 samskiptareglurnar.

2.8.7. Bilanakóðar innbyggða greiningarkerfisins frá aflrás eða stýrieiningu hreyfils skal ekki þurrka út við aftengingu innri tölvu frá aflgjafa ökutækis, þeir skulu heldur ekki þurrkast út ef bilun verður í rafgeymi ökutækisins eða hann aftengist.

3. **Sértækar viðbótarkröfur fyrir ökutæki í (undir)flokkum L1e, L2e og L6e**

3.1. Ásættanleg vikmörk fyrir hámarkshraða ökutækis og/eða takmörkun afls fyrir ökutæki í flokkum L1e, L2e og L6e skulu vera ± 5% af flokkunarviðmiðum um hámarkshönnunarhraða ökutækis og/eða nettó og/eða samfellt hámarksnafnafl sem um getur í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 168/2013.

3.2. Kröfur fyrir ökutæki í flokkum L1e, L2e og L6e sem hafa brunahreyfil

3.2.1. Inntakskerfi

3.2.1.1. Allar inntaksgreinar skulu festar með skerþolsboltum eða boltum sem aðeins er hægt að fjarlægja með sérstökum verkfærum. Afmarkað svæði sem er merkt að utan skal staðsett innan pípanna, á þeim punkti skal veggurinn vera minna en 4 mm þykkur, eða 5 mm ef hann er gerður úr sveigjanlegu efni svo sem gúmmíi.

3.2.1.2. Ef átt er við pípurnar með það í huga að breyta afmarkaða svæðinu skal það leiða af sér að pípurnar eyðileggist eða að hreyfill bili algjörlega og varanlega, þar til pípurnar eru aftur komnar í viðurkennt ástand.

3.2.1.3. Merking sem gefur til kynna ökutækjaflokk eða flokka skal vera læsileg á pípunum.

3.2.2. Hreyfill

3.2.2.1. Ef hreyfill er búinn plötuloka skal hann hafa skerþolsbolta sem koma í veg fyrir endurnotkun burðarstoðar eða bolta sem aðeins er hægt að fjarlægja með sérstökum verkfærum.

3.2.2.2. Eftir uppsetningu skal hámarksþykkt strokkloksþéttis, sé það til staðar, ekki vera meiri en 1,3 mm.

3.2.2.3. Stimpill fyrir tvígengishreyfla.

Þegar stimpill er staðsettur í efri dástöðu skal hann ekki fara fyrir inntaksrás. Þessi krafa á ekki við um þá hluta flutnings-/tæmirása sem falla saman við inntaksrás ef um er að ræða ökutæki sem hafa hreyfla með inntakskerfi með plötuloka eða plötulokum.

3.2.2.4. Að því er varðar tvígengishreyfla skal 180° snúningur stimpils ekki auka hreyfilafköst.

3.2.3. Útblásturskerfi

3.2.3.1. Engar tilbúnar takmarkanir eru leyfðar í útblásturskerfi. Ventlastýring fjórgengishreyfils skal ekki teljast til tilbúinna takmarkanna.

3.2.3.2. Það að fjarlægja sveifluhermisrör, sé það uppsett, skal ekki leiða til aukningar á afköstum knúningsaflseiningar.

3.2.3.3. Þann (eða þá) hluta útblásturskerfis innan hljóðdeyfis sem ákvarðar raunlengd útblástursrörs skal festa við hljóðdeyfi eða þenslukút með þeim hætti að ekki sé hægt að fjarlægja hann (eða þá).

3.5. Samfelld stiglaus skipting (CVT)

3.5.1. Hlífðarlok stiglausra gírskiptinga, séu þau til staðar, skulu fest með a.m.k. 2 skerþolsboltum eða þannig að ekki sé hægt að taka þau í sundur nema með sérstökum verkfærum.

3.5.2. Búnaður stiglausrar skiptingar sem ætlað er að takmarka drifhlutfall með takmörkunum á raunverulega fjarlægð á milli tveggja diska skal að fullu felldur inn í einn eða báða diska þannig að ómögulegt sé að breyta raunverulegri fjarlægð umfram þau mörk sem myndu leiða til aukningar á hámarkshraða ökutækis um sem nemur meira en 10% af leyfilegum hámarkshraða ökutækis, án þess að eyðileggja diskakerfið. Ef framleiðandi notast við útskiptanlega skífuhringi í stiglausri skiptingu til að stilla hámarkshraða ökutækis skal hámarkshraði ökutækis ekki hækka um meira en 10% þrátt fyrir að hringirnir séu fjarlægðir að fullu.

4. **Sértækar viðbótarkröfur fyrir ökutæki í (undir)flokkum L3e-A1 og L4e-A1**

4.1. Ökutæki í undirflokkum L3e-A1 og L4e-A1 skulu annað hvort uppfylla kröfurnar í liðum 3.2.1, 3.2.2.1 eða 3.2.3.1 og uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í liðum 3.2.3.2 og 3.2.3.3.

4.2. Inntakskerfi

Í inntaksröri skal vera slíf sem ekki er hægt að fjarlægja.

4.2.1. Ef slík slíf er staðsett í inntaksgrein skal hið síðarnefnda vera fest við hreyfilsblokk með skerþolsboltum eða boltum sem aðeins er hægt að fjarlægja með sérstökum verkfærum.

4.2.2. Slífin skal hafa lágmarkshörku sem nemur 60 HRC. Á takmarkaða svæðinu skal hún ekki vera meira en 4 mm þykk.

4.2.3. Ef átt er við slífina með það í huga að breyta henni eða fjarlægja hana skal það leiða af sér að hún eða stoð hennar eyðileggist eða að hreyfill bili algjörlega og varanlega, þar til slífin er aftur komin í viðurkennt ástand.

4.2.4. Merking með tilgreiningu um ökutækjaflokk skal vera læsileg á yfirborði slífar eða ekki langt frá henni.

4.2.5. Allar inntaksgreinar skulu festar með skerþolsboltum eða boltum sem aðeins er hægt að fjarlægja með sérstökum verkfærum. Afmarkað svæði sem er merkt að utan skal staðsett innan pípanna, á þeim punkti skal veggurinn vera minna en 4 mm þykkur, eða 5 mm ef hann er gerður úr sveigjanlegu efni svo sem gúmmíi.

4.2.6. Ef átt er við pípurnar með það í huga að breyta afmarkaða svæðinu skal það leiða af sér að pípurnar eyðileggist eða að hreyfill bili algjörlega og varanlega, þar til pípurnar eru aftur komnar í viðurkennt ástand.

4.2.7. Merking með tilgreiningu um (undir)flokka ökutækis eins og skilgreint er í 2. og 4. gr. í reglugerð (ESB) nr. 168/2013 og í I. viðauka við hana, skal læsileg á pípunum.

4.2.8. Sá hluti inntaksrörs sem staðsettur er í strokkloki skal hafa afmarkað svæði. Ekki skal vera neitt svæði á allri inntaksleiðinni sem er meira afmarkað (nema svæðið fyrir ventilsæti).

4.2.9. Ef átt er við rörið með það í huga að breyta afmarkaða svæðinu skal það leiða af sér að rörið eyðileggist eða að hreyfill bili algjörlega og varanlega, þar til rörið eru aftur komið í viðurkennt ástand.

4.2.10. Merking með tilgreiningu um flokk ökutækis eins og um getur í 39. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013 skal læsileg á strokklokinu.

4.2.11. Þvermál afmarkaða svæðisins sem um getur í lið 4.1 getur verið mismunandi eftir þeim (undir)flokki ökutækis sem um er að ræða.

4.2.12. Framleiðandi skal gefa upp þvermál afmarkaða svæðisins og sýna viðurkenningaryfirvaldi og tækniþjónustu fram á þetta afmarkaða svæði sé mikilvægast fyrir flutning á lofttegundum og að ekki sé um neitt annað svæði að ræða sem myndi leiða til aukinna afkasta knúningsaflseininga, ef því væri breytt.

5. **Sértækar viðbótarkröfur fyrir aðra (undir) flokka ökutækja innan gildissviðs liðar 1.3.**

5.1. Fyrir ökutæki í undirflokkum L3e-A2 eða L4e-A2 skulu afbrigði eða útgáfur innan sömu gerðar ekki hafa hámarksnettóhreyfilafl og/eða samfellt hámarksnafnafl sem er meira en tvöfalt það afl.

5.2. Framleiðandi skal lýsa því yfir að breytingar og útskiptanleiki þeirra einkenna og íhluta sem skráð eru hér á eftir leiði ekki til:

— hvað varðar ökutæki í undirflokkum L3e-A2 og L4e-A2, að þau fari yfir tvöfalt nettóafl eða samfelt hámarksnafnafl, eða

— hvað varðar ökutæki í flokki L7e, að þau fari yfir viðurkennd afköst knúningsafleiningar,

5.2.1. kveikineisti frá kveikjukerfi, ef við á,

5.2.3. eldsneytisgjafarkerfi og skammtari,

5.2.4. loftinntakskerfi, þ.m.t. (breytingar eða fjarlæging) loftsía,

5.2.5. aflrás,

5.2.6. stýrieining sem stjórnar afköstum knúningsaflseiningar fyrir aflrásina,

5.2.7. fjarlæging allra íhluta (vélrænna, rafrænna, í burðarvirki, o.s.frv.) sem takmarka fullt hreyfilálag sem leiðir til breytinga í afköstum knúningsaflseiningar sem viðurkennd er í samræmi við II. viðauka A við reglugerð nr. 168/2013.

III. VIÐAUKI

Kröfur um fyrirkomulag vegna gerðarviðurkenningaraðferða

1. **Gerðarviðurkenningarferli**

1.1. Þegar viðurkenningaryfirvald tekur á móti umsókn um gerðarviðurkenningu ökutækis skal það:

1.1.1. sannprófa að öll ESB-gerðarviðurkenningarvottorð sem gefin eru út samkvæmt stjórnvaldsfyrirmælum sem gilda um gerðarviðurkenningu ökutækis taki til gerðar ökutækisins og samsvari þeim kröfum sem mælt er fyrir um,

1.1.2. ganga úr skugga um, með því að athuga skjölin, að forskriftir og gögn í upplýsingaskjalinu um ökutækið séu í gögnunum í upplýsingasöfnunum og ESB-gerðarviðurkenningarvottorðunum með skírskotun til viðurkenninga á grundvelli viðkomandi stjórnvaldsfyrirmæla,

1.1.3. ef lið í upplýsingaskjali vantar í upplýsingasafn stjórnvaldsfyrirmæla, staðfesta að viðkomandi hluti eða eiginleiki sé í samræmi við atriðin í upplýsingamöppunni,

1.1.4. skoða eða láta skoða hluti og kerfi úr ökutækjum úr völdu sýnishorni ökutækja af þeirri gerð sem á að viðurkenna til að sannprófa að ökutækið eða ökutækin séu smíðuð í samræmi við viðkomandi gögn í viðurkenndu upplýsingasafni með tilliti til viðkomandi ESB-gerðarviðurkenningarvottorðs,

1.1.5. athuga eða láta viðeigandi athuganir fara fram á uppsetningu aðskildra tæknieininga þar sem það á við,

1.1.6. hafa eftirlit með eða sjá til þess að eftirlit sé haft með því að búnaðurinn sem kveðið er á um í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 168/2013 sé fyrir hendi,

1.1.7. athuga eða láta nauðsynlegar athuganir fara fram til að tryggja að kröfur um kerfi fyrir loftkennt eldsneyti séu uppfylltar, ef við á.

2. **Samsetning tækniforskrifta**

2.1. Fjöldi ökutækja, sem leggja skal fram, skal vera nægilega mikill til að unnt sé að hafa fullnægjandi eftirlit með ólíkum samsetningum sem eiga að fá gerðarviðurkenningu í samræmi við eftirfarandi viðmiðanir:

2.1.1. gerð ökutækis, afbrigði og útfærsla,

2.1.2. hópur ökutækis og knúningsafls,

2.1.3. gírkassi,

2.1.4. lögun yfirbyggingar,

2.1.5. fjöldi dyra,

2.1.6. sætafjöldi.

3. **Sértæk ákvæði**

3.1. Ef ekki eru tiltæk viðurkenningarvottorð fyrir nein af þeim stjórnvaldsfyrirmælum sem við eiga skal viðurkenningaryfirvaldið:

3.1.1. framkvæma eða láta framkvæma nauðsynlegar prófanir og athuganir eins og krafist er í viðeigandi stjórnvaldsfyrirmælum,

3.1.2. sannprófa að ökutækið sé í samræmi við atriðin í upplýsingamöppu ökutækisins og að það standist tæknikröfur allra viðeigandi stjórnvaldsfyrirmæla,

3.1.3. athuga eða láta viðeigandi athuganir fara fram á uppsetningu aðskildra tæknieininga þar sem það á við,

3.1.4. hafa eftirlit með eða sjá til þess að eftirlit sé haft með því að búnaðurinn sem kveðið er á um í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 168/2013 sé fyrir hendi, eftir atvikum,

3.1.5. athuga eða láta nauðsynlegar athuganir fara fram til að tryggja að kröfur um kerfi fyrir loftkennt eldsneyti séu uppfylltar, ef við á.

4. **Ákvæði varðandi umbreytingar á bifhjólum í undirflokkum (L3e/L4e)-A2 og (L3e/l4e)-A3**

4.1. Almenn atriði

Ákvæði fyrir umbreytingu skulu aðeins gilda um bifhjól í undirflokkum (L3e/L4e)-A2 yfir í (L3e/L4e)-A3, með og án hliðarvagna, og öfugt.

4.2. Umbreyting sem tilgreind er fyrir bifhjól í undirflokki (L3e/L4e)-A2 í bifhjól í undirflokki (L3e/L4e)-A3 og öfugt, skal leyfileg við eftirfarandi stýrð skilyrði:

4.2.1. Gerðarviðurkenning

Við gerðarviðurkenningu skal framleiðandi framkvæma aðskildar prófanir fyrir samskipan bifhjóla í flokkum (L3e/L4e)-A2 og (L3e/L4e)-A3 og sýna tækniþjónustu, þannig að það uppfylli kröfur viðurkenningaryfirvalds, fram á að bifhjól í flokki L3e uppfylli ákvæði í 4. lið og veit aðskilda skýrslu um eftirfarandi kröfur:

4.2.2. Kröfur um vistvænleika og knúningsaflseiningu sem settar eru fram í III. kafla reglugerðar (ESB) nr. 168/2013 og prófanir sem um getur í II., V., VI. og VII. viðauka við þá reglugerð:

4.2.2.1. umhverfisprófanir I, II, V, VI, VII og IX sem um getur í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 168/2013,

4.2.2.2. kröfur um afköst knúningsaflseiningar og prófanir sem um getur í II. viðauka (A2) við reglugerð (ESB) nr. 168/2013,

4.2.2.3. skilgreiningar á ökutækja-/knúningsaflshópum skulu vera ákvarðaðar og tilkynntar með aðskildum hætti fyrir samskipan bifhjóla í flokkum (L3e/L4e)-A2 og (L3e/L4e)-A3.

4.2.3. Kröfur um notkunaröryggi: prófanir skulu framkvæmdar og viðkomandi kröfur uppfylltar samkvæmt liðum (B2), (B4), (B14), (B17) og (B18) í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 168/2013,

4.2.4. Prófun á smíði ökutækis skal framkvæmd og viðkomandi kröfur uppfylltar samkvæmt liðum (C1) og (C10) í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 168/2013, í samskipan fyrir (L3e/L4e)-A2.

4.2.5. Allar kröfur um gerðarviðurkenningu aðrar en þær sem skráðar eru í lið 4.1.1.1 og settar eru fram í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 168/2013 skulu teljast þær sömu og jafnar fyrir samskipan bifhjóla á milli flokka (L3e/L4e)-A2 og (L3e/L4e)-A3 og því skal aðeins prófa þær og veita skýrslu um þær einu sinni fyrir báðar samskipanir. Fyrir kerfi, íhluti, aðskildar tæknieiningar, hluta eða búnað í ökutæki sem ekki verður fyrir áhrifum af breytingum skal vera leyfilegt að notast við sömu prófunarskýrslu.

4.2.6. Gefa skal út eina heildargerðarviðurkenningu fyrir bifhjól í flokki L3e-A2 sem hafa einkvæmt ESB-gerðarviðurkenningarnúmer. Upplýsingar um gerðarheiti, gerðarviðurkenningarnúmer, tæknileg gögn um breytt ökutæki sem og lýsing á hlutum, hugbúnaði, o.s.frv. til að breyta ökutæki í samskipan fyrir flokk L3e-A3 skulu tilgreindar í sérstökum lið á upplýsingaskjali og gerðarviðurkenningarvottorði.

4.2.7. Gefa skal út eina heildargerðarviðurkenningu fyrir bifhjól í flokki L3e-A3 sem hafa einkvæmt ESB-gerðarviðurkenningarnúmer. Sérstökum lið í upplýsingaskjalinu sem um getur í lið 4.1.2 skal bætt inn á gerðarviðurkenningarskjal fyrir ökutæki í flokki L3e-A3.

4.2.8. Ef allar upplýsingar fyrir breytingar liggja ekki fyrir á þeim tíma sem gerðarviðurkenning er veitt má bæta upplýsingunum við með viðbæti við ESB-heildargerðarviðurkenningu. Ef það vantar aðeins númer annarar ESB-heildargerðarviðurkenningar má bæta því við með endurskoðun á ESB-heildargerðarviðurkenningu.

4.2.9. Rafrænar upplýsingar um bifhjól í flokki (L3e/L4e)-A2 eða A3

Framleiðandi skal forrita viðeigandi undirflokk bifhjóls „L3e-A2“ eða „L3e-A3“ í minni stýribúnaðar aflrásar/rafstýringareiningar bifhjólsins þegar skipt er úr samskipan fyrir (L3e/L4e)-A2 yfir í (L3e/L4e)-A3, eða öfugt.

4.2.9.1. Þessar upplýsingar skulu gerðar aðgengilegar á læsilegu sniði þegar beiðni er send úr almennu skönnunartæki, til að uppfylla ákvæði sem sett eru fram í XII. viðauka.

4.2.9.2. Þessar rafrænu upplýsingar skulu varðar gegn óheimilum breytingum í samræmi við lið 2.8. í II. viðauka.

4.2.9.3. Ef framleiðandi bifhjóls fer fram á það má undanskilja ökutækið frá því að uppfylla kröfur í liðum 4.2.9.1 og 4.2.9.2 þar til 1. janúar 2020, með því skilyrði að ítarlegum tæknilegum rökstuðningi verði bætt inn í upplýsingamöppuna.

4.2.10. Við lok framleiðslulínu í verksmiðju skal samræmisvottorð aðeins hafa gögn um eina samskipan ökutækis, annað hvort (L3e/L4e)-A2 eða (L3e/L4e)-A3, þegar ökutækið er endanlega stillt á eina af tveimur mögulegum samskipunum.

4.2.11. Aðeins skal úthluta einu verksmiðjunúmeri ökutækis á bifhjól af gerðunum (L3e/L4e)-A2 og A3 sem hægt er að breyta úr undirflokki (L3e/L4e)-A2 yfir í (L3e/L4e)-A3, eða öfugt. Lögboðin merkiplata á ökutæki skal hafa þetta verksmiðjunúmer ökutækis og skal bera tvö ESB-gerðarviðurkenningarnúmer þar sem skýrt er tekið fram hávaðastig í kyrrstöðu og hreyfilafl í báðum samskipunum.

4.3. Breyting

Breyting úr samskipan (L3e/L4e)-A2 yfir í (L3e/L4e)-A3, eða öfugt, skal aðeins framkvæmd og henni stýrt af framleiðanda ökutækis.

4.3.1. Að beiðni eiganda ökutækis skal framleiðandi gefa út yfirlýsingu með nauðsynlegum upplýsingum um breytingu sem verksmiðjunúmer ökutækis tengir við samræmisvottorð samkvæmt formi í viðauka samræmisvottorðsins sem sett er í fram í 2. mgr. 38. gr. í reglugerð (ESB) nr. 168/2013 og lýsa því yfir að út frá tæknilegu sjónarhorni megi breyta bifhjóli sem er viðurkennt fyrir L3e yfir í nothæfisstig (L3e/L4e)-A2 eða (L3e/L4e)-A3.

4.3.2. Yfirlýsing framleiðanda skal fela í sér: ESB-heildargerðarviðurkenningarnúmer ökutækis, breytt gögn (með tilvísun í gerðarviðurkenningarnúmer sem varðar samræmisvottorð), stutta lýsingu á hlutum og búnaði sem á að breyta og auðkenningu hugbúnaðar og sanngreiningarnúmer kvörðunar fyrir báðar samskipanir. Eintak af útfylltri yfirlýsingu framleiðanda skal vera í upplýsingamöppunni.

4.4. Fyrsta skráning

Aðildarríki skal ekki synja fyrstu skráningu og skal ekki krefjast frekari prófana vegna fyrstu skráningar á nýjum bifhjólum í flokki (L3e/L4e)-A2 eða (L3e/L4e)-A3 ef nýju (L3e/L4e)-A2 bifhjóli er breytt í nothæfisstig (L3e/L4e)-A3, eða öfugt, við eftirfarandi skilyrði:

4.4.1. mæling úr almennu skönnunartæki sem um getur í lið 4.2.9 gefur til kynna viðeigandi (L3e/L4e)-A2 eða (L3e/L4e)-A3 samskipan og sjónræn skoðun leiðir til þeirrar niðurstöðu að öllum hlutum bifhjóls sem nauðsynlegir eru vegna breytinga hafi verið breytt og/eða þeir settir upp,

4.4.2. eigandi ökutækis leggur fram gilt samræmisvottorð með meðfylgjandi yfirlýsingu framleiðanda sem um getur í lið 4.3.1.

5. **Aðferðir sem beita skal við fjölþrepa ESB-gerðarviðurkenningu**

5.1. Almenn atriði

5.1.1. Fullnægjandi árangur fjölþrepa ESB-gerðarviðurkenningar næst einungis með samvinnu allra framleiðenda sem hlut eiga að máli. Í þessu augnamiði skulu yfirvöld sem annast gerðarviðurkenningar ganga úr skugga um, áður en þau veita viðurkenningu á fyrsta þrepi eða hærri þrepum, að viðeigandi fyrirkomulag sé til staðar varðandi framsetningu og skipti á skjölum og upplýsingum milli viðkomandi framleiðenda þannig að fullbúin ökutækjagerð í áföngum standist allar tæknikröfur allra ákvæða sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 168/2013. Í þeim upplýsingum skal lýsa viðkomandi viðurkenningum á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum, svo og á þeim hlutum ökutækisins sem eru hlutar hins ófullbúna ökutækis en hafa ekki enn fengið viðurkenningu.

5.1.2. Gerðarviðurkenningar í samræmi við 5. lið eru veittar á grundvelli þess smíðaþreps sem ökutækjagerðin er á og skulu innihalda allar viðurkenningar sem veittar hafa verið á fyrri þrepum.

5.1.3. Sérhver framleiðandi, sem tekur þátt í ferli fjölþrepa ESB-gerðarviðurkenningar, er ábyrgur fyrir viðurkenningu og framleiðslusamræmi allra kerfa, íhluta eða aðskildra tæknieininga sem hann framleiðir eða sem hann bætir við það smíðaþrep sem fyrir er. Hann er ekki ábyrgur fyrir viðfangsefnum sem voru viðurkennd á fyrri þrepum nema hann hafi breytt viðkomandi hlutum á þann veg að fyrri viðurkenning, sem veitt hefur verið, hafi fallið úr gildi.

5.2. Aðferðir

Viðurkenningaryfirvald skal:

5.2.1. sannprófa að öll ESB-gerðarviðurkenningarvottorð sem gefin eru út samkvæmt stjórnvaldsfyrirmælum sem gilda um gerðarviðurkenningu ökutækis taki til gerðar ökutækisins á smíðastigi þess og samsvari þeim kröfum sem mælt er fyrir um,

5.2.2. sannprófa, í samræmi við 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013, að ökutæki sem er gerðarviðurkennt á lokastigum uppfylli allar viðeigandi tæknilegar kröfur á þeim tíma. Þetta skal fela í sér sannprófun skjala vegna allra krafna sem eiga við um gerðarviðurkenningu fyrir ófullbúið ökutæki sem veitt er með fjölþrepa aðferð, jafnvel þó hún sé veitt fyrir annan flokk eða undirflokk ökutækis.

5.2.3. tryggja, í samræmi við 7. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013, að val á viðurkenningaraðferð hafi ekki áhrif á viðeigandi efnislegar kröfur sem viðurkennd gerð ökutækis skal uppfylla þegar gefin er út gerðarviðurkenning fyrir fullbúið ökutæki.

5.2.4. ganga úr skugga um að öll gögn, sem máli skipta, séu í upplýsingamöppunni, að teknu tilliti til smíðaþreps ökutækisins,

5.2.5. ganga úr skugga um, með því að athuga skjölin, að forskriftir og gögn í I. hluta upplýsingamöppunnar um ökutækið séu í gögnunum í upplýsingasafninu og/eða ESB-gerðarviðurkenningarvottorði með skírskotun til viðurkenninga á grundvelli viðkomandi stjórnvaldsfyrirmæla og, þegar um er að ræða fullbúið ökutæki í áföngum, og lið í I. hluta upplýsingamöppu vantar í upplýsingasafn stjórnvaldsfyrirmæla, staðfesta að viðkomandi hluti eða eiginleiki sé í samræmi við atriðin í upplýsingamöppunni,

5.2.6. skoða eða láta skoða hluti og kerfi úr ökutækjum úr völdu úrtaki ökutækja af þeirri gerð sem á að viðurkenna til að sannprófa að ökutækið eða ökutækin séu smíðuð í samræmi við viðkomandi gögn í viðurkenndu upplýsingasafni varðandi allar viðkomandi EB-gerðarviðurkenningar með skírskotun til viðeigandi stjórnvaldsfyrirmæla,

5.2.7. athuga eða láta viðeigandi athuganir fara fram á uppsetningu aðskildra tæknieininga þar sem það á við.

5.3. Fjöldi ökutækja sem skoða á í samræmi við lið 4.2.4 skal vera nægilega mikill til að unnt sé að hafa fullnægjandi eftirlit með ólíkum samsetningum sem eiga að fá ESB-gerðarviðurkenningu í samræmi við smíðastig ökutækis og viðmiðanir sem settar eru fram í lið 2.1.

6. **Sérstök skilyrði sem krafist er að því er varðar sýndarprófunaraðferðir og stjórnvaldsfyrirmæli sem heimila framleiðanda eða tækniþjónustu að beita sýndarprófunar- og/eða sjálfsprófunaraðferðum**

6.0. Markmið og gildissvið

6.0.1. Í þessum 6. lið er mælt fyrir um viðeigandi ákvæði er varða sýndarprófun í samræmi við 6. mgr. 32. gr. í reglugerð (ESB) nr. 168/2013. Hann gildir ekki um annan undirlið 3. mgr. 32. gr. þeirrar reglugerðar.

6.0.2. Í þessum 6. lið eru einnig sett fram viðfangsefni vegna sjálfsprófunar í samræmi við kröfurnar í 1. mgr. 64. gr. í reglugerð (ESB) nr. 168/2013.

6.1. Skrá yfir framseldar gerðir og viðauka þeirra

Tafla 3.-1

Yfirlit yfir kröfur sem skráðar eru í reglugerð (ESB) nr. 168/2013 og varða sýndarprófun og sjálfsprófun

Kröfur sem skráðar eru í reglugerð (ESB) nr. 168/2013	Á sýndarprófun og/eða sjálfsprófun við ?	Viðfangsefni	Takmarkanir/athugasemdir
Liður A2 í II. viðauka	Sjálfsprófun	Prófunaraðferðir fyrir hámarkshönnunarhraða ökutækis	Aðeins fyrir undirflokka L3e-A3, L4e-A3 og L5e og felur ekki í sér neina aðra prófun á afköstum knúningsaflseiningar.
Liður B1 í II. viðauka	Sjálfsprófun	Hljóðmerkjabúnaður	Eingöngu uppsetning
Liður B7 í II. viðauka	Sjálfsprófun	Stjórntæki sem ökumaður stjórnar, þ.m.t. auðkenning stjórntækja, gaumbúnaðar og merkjabúnaðar	Eingöngu hraðamælir
Liður B8 í II. viðauka	Sýndarprófun	Uppsetning ljósa- og ljósmerkjabúnaðar	Eingöngu mál

Kröfur sem skráðar eru í reglugerð (ESB) nr. 168/2013	Á sýndarprófun og/eða sjálfsprófun við ?	Viðfangsefni	Takmarkanir/athugasemdir
Liður B9 í II. viðauka	Sýndarprófun	Útsýn aftur fyrir	Eingöngu uppsetning, eingöngu samkvæmt reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 81
Liður B14 í II. viðauka	Sýndarprófun	Áfesting hjólbarða	Eingöngu þegar fríhæð er meiri en 10 mm.
Liður C13 í II. viðauka	Sjálfsprófun og sýndarprófun	Flötur fyrir skráningarmerki	
Liður C15 í II. viðauka	Sjálfsprófun	Standarar	Eingöngu kerfi til að halda standara í tiltekinni stöðu í lið 2.5.
Ákvæði 39. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013	Sjálfsprófun	Lögboðin merkiplata og ESB gerðarviðurkenningarmerki	

7. **Almenn skilyrði fyrir sýndarprófunaraðferðir**

7.1. Sýndarprófunarmynstur

Eftirfarandi kerfi skal nota sem grunn að lýsingu og framkvæmd sýndarprófanna:

7.1.1. tilgangur,

7.1.2. tegund burðarvirkis,

7.1.3. jaðarskilyrði,

7.1.4. álagsforsendur,

7.1.5. útreikningar,

7.1.6. mat,

7.1.7. skjalfesting.

7.2. Grunnatriði tölvuhermunar og útreikninga

7.2.1. Reiknilíkan

Framleiðandi skal leggja fram reiknilíkan. Það skal endurspegla hversu flókið burðarvirki ökutækis, kerfi og íhlutar sem á að prófa eru í tengslum við kröfur stjórnvaldsfyrirmæla og jaðarskilyrða þess. Sömu ákvæði skulu eiga við að breyttu breytanda um prófanir íhluta eða tæknieininga óháð ökutækinu.

7.2.2. Ferli við fullgildingu á reiknilíkani

Fullgilda skal reiknilíkanið með samanburði við raunveruleg prófunarskilyrði. Raunveruleg prófun skal framkvæmd í þeim tilgangi að bera saman niðurstöður sem fást þegar reiknilíkanið er notað við niðurstöður raunverulegrar prófunar. Sýna skal fram á samanburðarhæfi niðurstaðna úr prófunum. Framleiðandi eða tækniþjónusta skal semja fullgildingarskýrslu og leggja fyrir viðurkenningaryfirvald. Athygli viðurkenningaryfirvalds skal vakin á sérhverri breytingu sem gerð er á reiknilíkani eða hugbúnaði sem líklegt er að ógildi fullgildingarskýrslu sem kann að krefjast þess að nýtt fullgildingarferli fari fram. Flæðirit fullgildingarferlis er sýnt í 3. viðbæti.

7.2.3. Skjalfesting

Gögn og hjálpartæki sem notuð eru við hermunina og útreikninginn skal framleiðandi gera tiltæk og skjalfesta á viðeigandi hátt.

7.2.4. Tæki og aðstoð

Framleiðandi skal, að beiðni tækniþjónustu, veita aðgang að nauðsynlegum tækjum, þ.m.t. viðeigandi hugbúnaður,


7.2.5. Að auki skal framleiðandinn veita tækniþjónustunni viðeigandi stuðning.

7.2.6. Að veita aðgang og aðstoð leysir tækniþjónustu ekki undan skyldum að því er varðar færni starfsfólks, greiðslu leyfisréttinda og virðingu við trúnað.

8. **Fullgildingarferli fyrir sýndarprófun**

8.1. *Mynd 3-1*

Flæðirit fyrir fullgildingarferli sýndarprófunar



V. VIÐAUKI

Kröfur sem gilda um samræmi framleiðslu

0. **Markmið**

0.1. Aðferðin til að tryggja samræmi framleiðslu miðar að því að tryggja að sérhvert ökutæki, kerfi, íhlutur og aðskilin tæknieining eða búnaður sem framleiddur er sé í samræmi við viðurkennda gerð.

0.2. Aðferðin tekur alltaf til mats á gæðatryggingarstjórnunarkerfum sem lýst er í „frummati“ hér á eftir og sannprófun og stjórnun varðandi framleiðslu sem lýst er í „fyrirkomulag varðandi samræmi framleiðslunnar“.

1. **Frummat**

1.1. Áður en gerðarviðurkenning er veitt skal viðurkenningaryfirvald sannprófa að fyrir hendi séu fullnægjandi vinnutilhögun og aðferðir sem framleiðandi hefur komið á til að tryggja skilvirkt eftirlit þannig að ökutæki, kerfi, íhlutir eða aðskildar tæknieiningar séu framleidd í samræmi við viðurkennda gerð.

1.2. Leiðbeiningar um það hvernig mat skal fara fram má finna í staðli EN ISO 19011:2011 — Leiðbeiningar um úttekt á gæða- og/eða umhverfisstjórnunarkerfum.

1.3. Viðurkenningaryfirvöld sem veita gerðarviðurkenninguna skulu sannprófa að krafan í lið 1.1 sé uppfyllt. Frummatið og upphaflegt fyrirkomulag til að tryggja samræmi framleiðslu sem um getur í 2. lið í þessum viðauka skulu vera fullnægjandi að mati sömu yfirvalda, að teknu tilliti, eftir því sem þurfa þykir og við á, til eins eða fleiri þátta þess fyrirkomulags sem lýst er í liðum 1.3.1-1.3.3 hér á eftir.

1.3.1. Framkvæmd frummatsins og/eða sannprófun á samræmi framleiðslunnar skal framkvæmt af viðurkenningaryfirvaldi sem veitir viðurkenninguna eða tækniþjónustu sem hefur verið tilnefnd til að starfa í umboði þess yfirvalds.

1.3.1.1. Þegar viðurkenningaryfirvald metur umfang frummatsins sem gera þarf getur það stuðst við fyrirliggjandi upplýsingar um eftirfarandi atriði:

1.3.1.1.1. vottun framleiðandans, sem lýst er í lið 1.3.3 hér að neðan, hafi hann ekki fengið réttindi eða viðurkenningu samkvæmt þeim lið,

1.3.1.1.2. ef um er að ræða gerðarviðurkenningu kerfa, íhluta eða aðskilinna tæknieininga, mat gæðakerfa sem framleiðandi ökutækis framleiðir á athafnasvæði framleiðanda kerfa, íhluta eða aðskilinna tæknieininga samkvæmt einni eða fleiri af nákvæmum skilgreiningum atvinnugreinarinnar sem uppfylla kröfur í stöðlum EN ISO 9001:2008 eða ISO/TS16949.

1.3.2. Framkvæmd frummatsins og/eða sannprófun á samræmi framleiðslunnar getur verið í höndum viðurkenningaryfirvalda annars aðildarríkis eða tækniþjónustu sem það yfirvald tilnefnir í þessu skyni.

1.3.2.1. Í slíku tilviki skal viðurkenningaryfirvaldið í síðarnefnda aðildarríkinu gefa yfirlýsingu þar sem fram kemur hvaða svið og framleiðsluaðstaða var talin skipta máli í sambandi við eftirlit með þeirri vöru sem skal fá gerðarviðurkenningu og reglugerðir ESB sem varan skal gerðarviðurkennd í samræmi við.

1.3.2.2. Viðurkenningaryfirvaldið skal, þegar umsókn um framangreinda samræmisyfirlýsingu berst frá yfirvaldi annars aðildarríkis sem veitir gerðarviðurkenningu, þegar í stað senda yfirlýsinguna eða lýsa yfir að þau geti ekki gefið út slíka yfirlýsingu.

1.3.2.3. Í yfirlýsingunni skulu a.m.k. koma fram upplýsingar um eftirfarandi:

1.3.2.3.1. hóp fyrirtækja eða fyrirtæki (t.d. XYZ bifreiðar),

1.3.2.3.2. sérstaka deild (t.d. svæðisbundin deild),

1.3.2.3.3. verksmiðjur/framleiðslustaðir (t.d. hreyflaverksmiðja 1 (í landi A) — ökutækjaverksmiðja 2 (í landi B)),

1.3.2.3.4. svið ökutækja/íhluta (t.d. allar tegundir í flokki LXe),

1.3.2.3.5. atriði sem metin eru (t.d. samsetning hreyfils, mótun og samsetning yfirbyggingar, samsetning ökutækis),

1.3.2.3.6. skoðuð skjöl (t.d. handbækur fyrirtækis og framleiðslustaðar um gæði og starfsaðferðir),

1.3.2.3.7. dagssetning á mati (t.d. úttekt framkvæmd frá dd/mm/áááá til dd/mm/áááá),

1.3.2.3.8. fyrirhuguð eftirlitsferð (t.d. mm/áááá),

1.3.3. Viðurkenningaryfirvald getur einnig samþykkt vottun framleiðandans með skírskotun til alþjóðastaðla EN ISO 9001:2008 eða ISO/TS16949:2009 (í því tilfelli skal gildissvið þessarar vottunar ná yfir vörur sem á að viðurkenna) eða jafngildra vottunarstaðla sem uppfylla kröfur um frummat í lið 1.1, að því tilskildu að samræmi framleiðslu falli undir gæðastjórnunarkerfi. Framleiðandi skal láta í té upplýsingar um vottunina og skuldbinda sig til að upplýsa viðurkenningaryfirvald um allar breytingar sem kunna að verða gerðar að því er varðar gildistíma hennar eða gildissvið.

1.4. Þegar um er að ræða gerðarviðurkenningu ökutækis, þarf ekki að endurtaka frummatið vegna gerðarviðurkenningar kerfa, íhluta eða aðskilinna tæknieininga heldur nægir mat sem tekur til framleiðslustaðar og starfsemi sem tengist samsetningu ökutækisins í heild og fyrrnefnda matið nær ekki yfir.

2. **Fyrirkomulag varðandi samræmi framleiðslunnar**

2.1. Sérhvert ökutæki, kerfi, íhlutur, aðskilin tæknieining, hluti eða hlutur í búnaði samkvæmt reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu sem fylgir með í viðauka við endurskoðaða samkomulagið frá 1958 og reglugerð (ESB) nr. 168/2013 skal vera þannig framleitt að það sé í samræmi við þá gerð sem viðurkennd er með því að uppfylla kröfur þessa viðauka, fyrrnefndrar reglugerðar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu og reglugerðar (ESB) nr. 168/2013.

2.2. Áður en gerðarviðurkenning er veitt samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 168/2013 og reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu sem fylgir með í viðauka við endurskoðað samkomulagið frá 1958 skal viðurkenningaryfirvald staðfesta að fullnægjandi fyrirkomulag og skjalfestar eftirlitsáætlanir séu til staðar sem framleiðandi skal samþykkja fyrir hverja viðurkenningu, til að framkvæma, með tilteknu millibili, þær prófanir eða tilheyrandi athuganir sem nauðsynlegar eru til að staðfesta áframhaldandi samræmi við viðurkennda gerð, þ.m.t., eftir atvikum, prófanir sem tilgreindar eru í reglugerð (ESB) nr. 168/2013 og fyrrnefndri reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu.

2.3. Handhafi gerðarviðurkenningar skal einkum:

2.3.1. ganga úr skugga um að fyrir hendi séu aðferðir til að hafa skilvirkt eftirlit með samræmi framleiðslunnar (ökutækjum, kerfum, íhlutum, aðskildum tæknieiningum, hlutum eða búnaði) við viðurkennda gerð,

2.3.2. hafa aðgang að þeim prófunarbúnaði eða öðrum búnaði sem viðeigandi og nauðsynlegur er til að hafa eftirlit með samræmi við hverja viðurkennda gerð,

2.3.3. ganga úr skugga um að niðurstöður prófana og athugana séu skráðar og að meðfylgjandi skjöl séu tiltæk yfir tímabil sem má ná allt að 10 árum en er ákveðið með samkomulagi við viðurkenningaryfirvöld.

2.3.4. sundurgreina niðurstöður hverrar prófunar eða athugunar til að sannprófa og ganga úr skugga um stöðugleika að því er lýtur að eiginleikum vörunnar, að teknu tilliti til frávika vegna fjöldaframleiðslu,

2.3.5. tryggja að fyrir hverja vörutegund séu a.m.k. framkvæmdar þær athuganir og prófanir sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 168/2013 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum hennar sem og þær sem settar eru fram í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu sem vísað er í og við á,

2.3.6. ganga úr skugga um að frekari sýnishorn séu tekin og frekari prófanir gerðar ef þær prófanir sem gerðar eru sýna að einhverjar sýnishorna- eða prófunarhlutasamstæður eru í ósamræmi við viðkomandi gerð. Öll nauðsynleg skref skulu tekin til að koma framleiðsluferli á og til að tryggja samræmi við viðurkennda gerð.

2.4. Ef um er að ræða gerðarviðurkenningu í áföngum, blandaða gerðarviðurkenningu og fjölþrepa gerðarviðurkenningu getur viðurkenningaryfirvald sem veitir heildargerðarviðurkenningu farið fram á að önnur viðurkenningaryfirvöld sem veita gerðarviðurkenningu fyrir viðeigandi kerfi, íhlut eða aðskilda tæknieiningu, veiti tilgreindar upplýsingar varðandi það að farið sé að ákvæðum um samræmi framleiðslu sem sett eru fram í þessum viðauka.

2.5. Telji viðurkenningaryfirvald sem veitir heildargerðarviðurkenningu ökutækis upplýsingarnar sem um getur í lið 2.4 og því eru sendar ekki fullnægjandi og það hefur tilkynnt það skriflega þeim framleiðanda sem um er að ræða og viðurkenningaryfirvaldi sem veitir gerðarviðurkenningu fyrir kerfi, íhlut eða aðskilda tæknieiningu skal viðurkenningaryfirvaldið sem veitir heildargerðarviðurkenningu fara fram á að viðbótarúttektir eða -skoðanir á samræmi framleiðslu verði framkvæmdar á athafnasvæði framleiðanda þessara kerfa, íhluta eða aðskilinna tæknieininga og skulu þessar niðurstöður gerðar aðgengilegar viðkomandi viðurkenningaryfirvaldi, án tafar.

2.6. Ef ákvæði liða 2.4 og 2.5 eiga við og niðurstöður frekari úttektar eða skoðunar teljast ekki fullnægjandi að áliti viðurkenningaryfirvalds sem veitir heildargerðarviðurkenningu ökutækis skal framleiðandinn tryggja að samræmi framleiðslu sé komið á eins fljótt og auðið er með aðgerðum til úrbóta sem viðurkenningaryfirvaldið sem veitir heildargerðarviðurkenningu ökutækis og viðurkenningaryfirvaldið sem veitir gerðarviðurkenningu fyrir kerfi, íhlut eða aðskilda tæknieiningu telja fullnægjandi.

3. **Fyrirkomulag við áframhaldandi sannprófun**

3.1 Yfirvaldi sem veitt hefur gerðarviðurkenningu er hvenær sem er heimilt að sannprófa eftirlitsaðferðir með samræmi framleiðslu sem beitt er í hverri framleiðsluaðstöðu, með reglulegum úttektum. Í þeim tilgangi skal framleiðandi leyfa aðgang að athafnasvæði til framleiðslu, skoðunar, prófunar, geymslu og dreifingar og skal veita allar nauðsynlegar upplýsingar að því er varðar skjöl og gögn um gæðastjórnunarkerfið.

3.1.1. Að öðru jöfnu ber að nálgast slíkar reglulegar úttektir með því að fylgjast með því að ráðstafanirnar sem mælt er fyrir um í 1. og 2. lið (frummat og fyrirkomulag varðandi samræmi framleiðslunnar) verði áfram skilvirkar.

3.1.1.1. Líta ber svo á að eftirlit, sem tækniþjónusta (sem hefur réttindi eða er viðurkennd í samræmi við kröfurnar í lið 1.3.3) sinnir, uppfylli kröfurnar í lið 3.1.1 að því er varðar þær aðferðir sem ákveðnar eru við frummat.

3.1.1.2. Eðlileg tíðni þessara sannprófana sem viðurkenningaryfirvaldið framkvæmir (annarra en þeirra sem um getur í lið 3.1.1.1) skal vera þannig að tryggt sé að viðkomandi eftirlitsaðgerðum með samræmi framleiðslu, sem beitt er skv. 1. og 2. lið, sé endurskoðað eftir hæfilega langan tíma miðað við það hve mikið traust ríkir milli framleiðanda og viðurkenningaryfirvalds.

3.2. Í hverri endurskoðun skulu skýrslur um prófanir og athuganir og framleiðsluskýrslur vera skoðunarmanni tiltækar, einkum þær skýrslur um prófanir eða athuganir sem skjalfestar eru samkvæmt því sem krafist er í lið 2.2.

3.3. Framleiðandi má taka slembiúrtak til prófunar á rannsóknarstofu framleiðanda eða á athafnasvæði tækniþjónustu en þá skal aðeins framkvæma raunverulegar prófanir. Lágmarksfjölda sýnishorna er heimilt að ákvarða í samræmi við niðurstöður í sannprófun framleiðanda sjálfs.

3.4. Þar sem eftirlitsstig virðist ófullnægjandi, eða þegar það virðist nauðsynlegt að staðfesta gildi þeirra prófana sem framkvæmdar eru með beitingu liðar 3.2, skal eftirlitsmaður velja sýni til að senda tækniþjónustu til að framkvæma raunverulegar prófanir samkvæmt kröfum um samræmi framleiðslu sem settar eru fram í 4. lið og í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu sem um getur í reglugerð (ESB) nr. 168/2013 eða í framseldum gerðum hennar.

3.5. Ef niðurstöður skoðunar eða endurskoðunar eru ófullnægjandi skal viðurkenningaryfirvaldið gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma samræmi framleiðslunnar á að nýju svo fljótt sem verða má.“

3.6. Í þeim tilfellum þar sem ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 168/2013 krefjast samræmis við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu getur framleiðandi valið að beita ákvæðum þessa viðauka til jafngildis við kröfur um samræmi framleiðslu í viðkomandi reglugerðum efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu. Ef liðir 3.5 eða 3.6 eiga við þarf þó að fara að öllum aðskildum kröfum um samræmi framleiðslu í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu þannig að viðurkenningaryfirvald telji það fullnægjandi þar til það telur að samræmi framleiðslu hafi verið komið á.

4. **Prófunarkröfur varðandi samræmi framleiðslu ef um er að ræða ófullnægjandi samræmiseftirlit með vörum eins og um getur í lið 3.4.**

4.1. Kröfur um vistvænleika og afköst knúningsaflseiningar

4.1.1. Prófun I á losun eftir kaldræsingu, prófun II á aukinni losun í lausagangi og prófun VII á mælingum á losun CO_2, eldsneytisnotkun, raforkunotkun og ákvörðun á drægi raforku

4.1.1.1. Ökutæki skulu framleidd í samræmi við viðurkennda gerð ökutækis.

4.1.1.2. Viðeigandi athuganir á samræmi framleiðslu skulu fara fram til að staðfesta að farið sé að skilyrðum sem um getur í lið 4.1.1.1.

4.1.1.3. Eingöngu ökutæki knúin brunahreyfli:

4.1.1.3.1. Samkvæmt almennri reglu skal athuga mælingar til að tryggja samræmi framleiðslu með tilliti til losunar frá útblástursröri og losunar CO_2 frá ökutækjum á grundvelli lýsinga í gerðarviðurkenningarvottorði sem er í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í 2. mgr. 30. gr. í reglugerð (ESB) nr. 168/2013.

Eftirlit með samræmi framleiðslu er byggt á mati viðurkenningaryfirvalds á eftirlitsaðferð framleiðandans til að tryggja samræmi ökutækis sem framleitt er með tilliti til útblástursrörs og losunar koltvísýrings.

Ef viðurkenningaryfirvaldið er ekki ánægt með gæði úttektaraðferða framleiðandans skal það krefjast þess að gerðar séu sannprófanir á ökutækjum í framleiðslu.

4.1.1.3.1.1. Mælingar á losun frá útblástursröri og losun CO_2 frá gerð ökutækis sem hefur hlotið eina eða fleiri rýmkanir skulu framkvæmdar á ökutæki sem er til staðar þegar prófunin fer fram (á ökutæki sem lýst er í fyrsta skjali eða rýmkunum sem koma í kjölfarið).

4.1.1.3.1.1.1. Gerðarsamræmi ökutækis fyrir gerð I, losun frá útblástursröri eftir kaldræsingu og prófun VII á CO_2 losun

4.1.1.3.1.1.1.1. Þrjú ökutæki skulu valin af handahófi úr röðinni og prófuð samkvæmt kröfunum sem settar eru fram í 23. og 24. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013. Beita skal spillistuðlum á meðaltal prófunarniðurstaðna úr prófun I á losun mengandi efna, með eftirfarandi hætti:

4.1.1.3.1.1.1.1.1. Ef endingaraðferð sem sett er fram í 3. mgr. a í 23. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013 á við skal reikna spillistuðla út frá prófunarniðurstöðum úr losunarprófun I upp að og með fullri kílómetrasöfnun sem um getur í VII. viðauka A við reglugerð (ESB) nr. 168/2013 og í samræmi við línulega reikniaðferð sem um getur í lið 4.1.1.3.1.1.1.1.2 sem leiðir af sér halla og jöfnuð gildi fyrir hvern efnisþátt losunar. Niðurstöður prófana á losun mengandi efna fyrir samræmi framleiðslu skulu reiknaðar út eftir formúlunni:

Jafna 4-1:

$$y = a\,x + b$$

þar sem:

a = hallagildi ákvarðað samkvæmt prófun V skv. V. viðauka A við reglugerð (ESB) nr. 168/2013,

b = jafnað gildi ákvarðað samkvæmt prófun V skv. V. viðauka A við reglugerð (ESB) nr. 168/2013,

x = niðurstöður úr prófun á losun mengandi efna (HC, CO, NO_x, NMHC og PM ef við á) á hvern efnisþátt losunar frá tilkeyrðu (degreened) ökutæki (má í mesta lagi hafa farið 100 km frá upphafi framleiðslulínu) í mg/km.

y = Losunarniðurstöður vegna samræmi framleiðslu á hvern efnisþátt losunar í mg/km. Meðaltal niðurstaðna samræmi framleiðslu skal vera lægra en mörk fyrir losun mengandi efna sem sett eru fram í VI. viðauka A við reglugerð (ESB) nr. 168/2013.

4.1.1.3.1.1.1.1.2. Ef endingaraðferð sem sett er fram í b-lið 3. mgr. 23. gr. í reglugerð (ESB) nr. 168/2013 á við skal spillistuðull samanstanda af hallagildi og jöfnuðu gildi á hvern efnisþátt losunar sem er reiknað út til að uppfylla kröfur um prófun V skv. V. viðauka A við reglugerð (ESB) nr. 168/2013. Nota skal jöfnu 4-1 til að reikna út losunarniðurstöður vegna samræmis framleiðslu á hvern efnisþátt losunar mengandi efna (y).

4.1.1.3.1.1.1.1.3. Ef endingaraðferðin sem sett er fram í c-lið 3. mgr. 23. gr. í reglugerð (ESB) nr. 168/2013 á við skulu fastir spillistuðlar sem settir eru fram í VII. viðauka A við reglugerð (ESB) nr. 168/2013 notaðir sem hallagildi með jafnaða gildið sett á 0. Nota skal jöfnu 4-1 til að reikna út meðaltal losunarniðurstaðna vegna samræmis framleiðslu á hvern efnisþátt losunar mengandi efna (y).

4.1.1.3.1.1.1.1.4. Meðaltal niðurstaðna úr prófun VII (losun CO_2, eldsneytis/orkunotkun og drægi rafmagns, ef við á) skal vera lægra en eða jafnt því gildi sem framleiðandi tilgreinir í gerðarviðurkenningu.

4.1.1.3.1.1.1.1.5. Ef meðallosun fyrstu tveggja ökutækjanna uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í lið 4.1.1.3.1.1.1.1 telst samræmi framleiðslu fullnægjandi.

4.1.1.3.1.1.1.2. Ef meðallosun fyrstu tveggja ökutækjanna uppfyllir ekki kröfur heldur aðferð við samræmi framleiðslu áfram sem hér segir:

4.1.1.3.1.1.1.2.1. Ef yfirvaldið telur framleiðslustaðalfrávik sem framleiðandi gefur upp fullnægjandi eru prófanir gerðar samkvæmt lið 4.1.1.3.2.

4.1.1.3.1.1.1.2.2. Ef yfirvaldið telur framleiðslustaðalfrávik sem framleiðandi gefur upp ófullnægjandi eru prófanir gerðar samkvæmt lið 4.1.1.3.3.

4.1.1.3.1.1.1.3. Framleiðsla á röð telst í samræmi við kröfur eða ekki á grundvelli prófanna á úrtaksökutækjunum þremur, þegar búið er að taka ákvörðun um hvort þau uppfylli eða uppfylli ekki kröfur um losun gegnum útblástursrör eða CO_2 losun samkvæmt prófunarviðmiðunum sem gilda fyrir viðeigandi töflu.


Ef ekki er tekin ákvörðun um hvort þau uppfylli eða uppfylli ekki kröfur um losun gegnum útblástursrör eða CO_2 losun er framkvæmd prófun á viðbótarökutæki (sjá mynd 4-1).

4.1.1.3.1.1.1.4. Ef um er að ræða kerfi sem endurnýja sig reglulega skal margfalda niðurstöður með stuðlinum K_i sem fenginn var þegar gerðarviðurkenning var veitt.

Að beiðni framleiðanda má framkvæma prófun um leið og endurnýjun hefur átt sér stað.

Mynd 4-1

Viðmiðanir um hvort kröfur eru uppfylltar eða ekki að því er varðar prófanir I, II og VII



4.1.1.3.1.1.2. Með fyrirvara um umhverfiskröfur sem settar eru fram í 23. og 24. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013 skulu prófanir framkvæmdar á ökutækjum sem hefur verið ekið að hámarki 100 km frá upphafi framleiðslulínu.

4.1.1.3.1.1.2.1. Að beiðni framleiðanda eru prófanir framkvæmdar á ökutækjum sem hefur verið ekið í mesta lagi 1000 km.

4.1.1.3.1.1.2.2. Fari framleiðandi fram á að mega framkvæma tilkeyrslu („x“ km, þar sem $x \leq 1000$ km) má framkvæma hana sem hér segir:

Losun gegnum útblástursrör og CO_2 losun skal mæla að hámarki 100 km frá upphafi framleiðslulínu og „x“ km á ökutækinu sem fyrst er prófað (sem getur verið gerðarviðurkennda ökutækið),

Þróunarstuðull vegna breytingar á losun frá 100 km til „x“ km er reiknaður með eftirfarandi hætti:

Jafna 4-2:

$$EC = \frac{Losun\_við\_x\_kmLosun\_við\_Að\ hámarki\_100\_km}{Gildi\ þróunarstuðuls\ getur\ verið\ minna\ en\ 1.}$$

Ekki skal tilkeyra önnur ökutæki en umreikna skal losun þeirra við 100 km með þróunarstuðlinum.

Í því tilviki eru eftirfarandi gildi notuð:

Gildi við „x“ km fyrir fyrsta ökutækið,

Gildin við að hámarki 100 km, margfölduð með þróunarstuðlinum, fyrir önnur ökutæki.

4.1.1.3.1.1.2.3. Annar valkostur við þessa aðferð er að framleiðandi noti fastan þróunarstuðul upp á 0,92 og margfaldi öll gildi losunar gegnum útblástursrör og CO_2 losunar, eins og þau mælast við núll km, með þessum stuðli.

4.1.1.3.1.1.2.4. Við prófun á samræmi í framleiðslu er heimilt að nota markaðseldsneyti þar sem hlutfallið C3/C4 hefur gildi sem er á milli samsvarandi gilda fyrir tvenns konar viðmiðunareldsneyti sem um getur í hluta A1 í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 168/2013 ef um er að ræða fljótandi jarðolíugas eða sem hefur Wobbe-stuðul sem er á milli samsvarandi gilda fyrir jaðarviðmiðunareldsneyti þegar um jarðgas eða blöndu vetnis og jarðgass er að ræða. Í því tilviki skal afhenda viðurkenningaryfirvaldinu eldsneytisgreiningu.

4.1.1.3.2. Samræmi framleiðslu þegar tölfræðileg gögn framleiðanda eru til staðar

4.1.1.3.2.1. Eftirfarandi liðir lýsa aðferðum sem notast skal við til að sannprófa kröfur um samræmi framleiðslu hvað varðar losun gegnum útblástursrör og CO_2 losun þegar framleiðslustaðalfrávik framleiðanda eru aftur orðin fullnægjandi.

4.1.1.3.2.2. Úrtaksaðferðin, þar sem a.m.k. þrjú ökutæki eru í úrtaki, miðast við að líkur á að framleiðslulota standist prófun, ef 40% framleiðslunnar eru gölluð, séu 0,95 (áhætta framleiðanda = 5%), en líkur á að framleiðslulota sé samþykkt, ef 65% framleiðslunnar er gölluð, séu 0,1 (áhætta neytenda = 10%).

4.1.1.3.2.3. Eftirfarandi aðferð er notuð (sjá mynd 4-1):

L stendur fyrir náttúrulegan logra marka losunar gegnum útblástursrör sem sett eru fram í VI. viðauka A við reglugerð (ESB) nr. 168/2013 og tilgreint losunargildi CO_2 vegna gerðarviðurkenningar:

x_i = χi = náttúrlegur logri mælingar vegna ökutækis i í úrtakinu,

s = áætlað framleiðslustaðalfrávik (eftir að náttúrlegur logri mælinganna hefur verið mældur),

n = fjöldi í því úrtaki sem verið er að prófa.

4.1.1.3.2.4. Fyrir úrtakið skal reikna út prófunarstærð sem sýnir summu staðalfrávika frá mörkunum og er skilgreind sem:

Jafna 4-2:

$$\frac{1}{s}\sum_{i=1}^{n}(L - x_i)$$

4.1.1.3.2.5. Þá gildir eftirfarandi:

4.1.1.3.2.5.1. ef prófunarstærð er meiri en viðmiðunartalan fyrir fullnægjandi niðurstöðu miðað við þá úrtaksstærð sem kemur fram í töflu 4-1 fæst fullnægjandi niðurstaða,

4.1.1.3.2.5.2. ef prófunarstærð er minni en viðmiðunarstærð fyrir ófullnægjandi niðurstöðu miðað við þá úrtaksstærð sem kemur fram í töflu 4-1 fæst ófullnægjandi niðurstaða,

4.1.1.3.2.5.3. annars er viðbótarökutæki prófað í samræmi við II. viðauka A við reglugerð (ESB) nr. 168/2013 og aðferðinni er beitt á úrtakið með einni einingu til viðbótar.

4.1.1.3.2.5.4. *Tafla 4-1*

Ákvörðun um hvort niðurstöður séu fullnægjandi eða ekki, samræmi framleiðslu þegar tölfræðileg gögn framleiðanda eru til staðar

Stærð úrtaks (hækkandi fjöldi ökutækja prófaður)	Viðmiðunartala fyrir fullnægjandi niðurstöður	Viðmiðunartala fyrir ófullnægjandi niðurstöður
(a)	(b)	(c)
3	3327	-4724
4	3261	-4.79
5	3195	-4856
6	3129	-4922
7	3063	-4988
8	2997	-5054
9	2931	-5.12

Stærð úrtaks (hækkandi fjöldi ökutækja prófaður)	Viðmiðunartala fyrir fullnægjandi niðurstöður	Viðmiðunartala fyrir ófullnægjandi niðurstöður
(a)	(b)	(c)
10	2865	-5185
11	2799	-5251
12	2733	-5317
13	2667	-5383
14	2601	-5449
15	2535	-5515
16	2469	-5581
17	2403	-5647
18	2337	-5713
19	2271	-5779
20	2205	-5845
21	2139	-5911
22	2073	-5977
23	2007	-6043
24	1941	-6109
25	1875	-6175
26	1809	-6241
27	1743	-6307
28	1677	-6373
29	1611	-6439
30	1545	-6505
31	1479	-6571
32	-2112	-2112

4.1.1.3.3. Samræmi framleiðslu þegar tölfræðileg gögn framleiðanda eru ófullnægjandi eða ekki til staðar

4.1.1.3.3.1. Eftirfarandi liðir lýsa aðferðum sem notast skal við til að sannprófa kröfur um samræmi framleiðslu hvað varðar losun gegnum útblástursrör og CO_2 losun þegar sannanir framleiðanda á framleiðslustaðalfrávikum eru annað hvort ófullnægjandi eða ekki til staðar

4.1.1.3.3.2. Úrtaksaðferðin, þar sem a.m.k. þrjú ökutæki eru í úrtaki, miðast við að líkur á að framleiðslulota standist prófun, ef 40 % framleiðslunnar eru gölluð, séu 0,95 (áhætta framleiðanda = 5%), en líkur á að framleiðslulota sé samþykkt, ef 65% framleiðslunnar er gölluð, séu 0,1 (áhætta neytenda = 10%).

4.1.1.3.3.3. Litið er á mælingar á losun í gegnum útblástursrör og losun CO_2 sem logra í normaldreifingu og verður fyrst að ummynda þær með því að taka náttúrulegan logra þeirra. Gildin m_o og m sýna annars vegar lágmarksstærð og hins vegar hámarksstærð úrtaks ($m_o = 3$ og $m = 32$) og n sýnir fjölda í því úrtaki sem verið er að prófa.

4.1.1.3.3.4. Ef náttúrulegir lograr mælinga í röðinni eru x_1, x_2, …, x_j og L er náttúrulegur logri fyrir mörk losunar mengandi efna sem sett eru fram í VI. viðauka A við reglugerð (ESB) nr. 168/2013 og tilgreint gerðarviðurkenningargildi CO_2, þá er skilgreint:

Jafna 4-3:

$$d_j = x_j - L$$

$$\bar{d}_n = \frac{1}{n}\sum_{i=1}^{n} d_j$$

$$v_n^2 = \frac{1}{n}\sum_{i=1}^{n} (d_j - \bar{d}_n)^2$$

4.1.1.3.3.5. Tafla 4-2 hér að neðan sýnir gildi fyrir þann fjölda sem stenst prófun (A_n) og sem stenst ekki prófun (B_n) miðað við fjölda í úrtaki sem verið er að prófa. Prófunarstærðin er hlutfallið $\bar{d}_n/v_n$ og skal notast á eftirfarandi hátt til að ákvarða hvort framleiðsluröðin stenst prófun eða ekki:

fyrir $m_o \leq n \leq m$:

4.1.1.3.3.5.1. röð stenst prófun ef $\bar{d}_n/v_n \leq A_n$),

4.1.1.3.3.5.2. röð stenst ekki prófun ef $\bar{d}_n/v_n \geq B_n$),

4.1.1.3.3.5.3. gera skal aðra mælingu ef $A_n \leq \bar{d}_n/v_n \leq B_n$

Tafla 4-2

Ákvörðun um hvort niðurstöður séu fullnægjandi eða ekki, samræmi framleiðslu þegar tölfræðileg gögn framleiðanda eru ófullnægjandi eða ekki til staðar

Stærð úrtaks (hækkandi fjöldi ökutækja prófaður)	Viðmiðunartala fyrir fullnægjandi niðurstöður A_n	Viðmiðunartala fyrir ófullnægjandi niðurstöður B_n
(a)	(b)	(c)
3	-0.80380	16,64743
4	-0,76339	7,68627
5	-0,72982	4,67136
6	-0,69962	3,25573
7	-0,67129	2,45431
8	-0,64406	1,94369
9	-0,61750	1,59105
10	-0,59135	1,33295
11	-0,56542	1,13566
12	-0,53960	0,97970
13	-0,51379	0,85307
14	-0,48791	0,74801
15	-0,46191	0,65928
16	-0,43573	0,58321
17	-0,40933	0,51718
18	-0,38266	0,45922
19	-0,35570	0,40788
20	-0,32840	0,36203
21	-0,30072	0,32078
22	-0,27263	0,28343
23	-0,24410	0,24943
24	-0,21509	0,21831

Stærð úrtaks (hækkandi fjöldi ökutækja prófaður)	Viðmiðunartala fyrir fullnægjandi niðurstöður A_n	Viðmiðunartala fyrir ófullnægjandi niðurstöður B_n
(a)	(b)	(c)
25	-0,18557	0,18970
26	-0,15550	0,16328
27	-0,12483	0,13880
28	-0,09354	0,11603
29	-0,06159	0,09480
30	-0,02892	0,07493
31	0,00449	0,05629
32	0,03876	0,03876

4.1.1.3.3.6. Athugasemdir

Eftirfarandi raktar jöfnur má nota til að reikna út röð gilda út frá prófunarstærðum:

Jafna 4-4:

$$\bar{d}_n = \left(1 - \frac{1}{n}\right)\bar{d}_{n-1} + \frac{1}{n}d_n$$

$$v_n^2 = \left(1 - \frac{1}{n}\right)v_{n-1}^2 + \frac{(\bar{d}_n - d_n)^2}{n-1}$$

$$(n = 2, 3, \ldots; \bar{d}_1 = d_1; v_1 = 0)$$

4.1.1.3.4. Gerðarviðurkenningaryfirvaldið sem gefur út viðurkenninguna getur hvenær sem er sannprófað þær aðferðir sem beitt er í hverri framleiðslueiningu.

4.1.1.3.5 Skýrslur um prófanir og framleiðslueftirlit skulu látnar skoðunarmanni í té við hverja skoðun.

4.1.1.3.6. Skoðunarmaður getur valið sýnishorn af handahófi til prófunar á rannsóknarstofu framleiðanda. Lágmarksfjölda sýnishorna skal ákvarða á grundvelli útkomu úr eftirliti framleiðandans.

4.1.1.3.7. Ef gæðastaðallinn virðist ófullnægjandi eða nauðsynlegt virðist að sannprófa gildi prófana sem framkvæmdar eru samkvæmt lið 9.4.2.2 skal skoðunarmaður velja sýnishorn til að senda tækniþjónustunni sem annaðist prófanirnar vegna gerðarviðurkenningarinnar.

4.1.1.3.8. Gerðarviðurkenningaryfirvöldum er heimilt að framkvæma allar prófanir sem settar eru fram í þessum viðauka.

4.1.1.4. Ökutæki sem eru með blendingsrafaflrás

Samkvæmt almennri reglu skal athuga mælingar til að tryggja samræmi framleiðslu með tilliti til losunar frá útblástursröri og losunar CO_2, raforkunotkunar og drægi raforku frá blendingsrafökutækjum á grundvelli lýsinga í gerðarviðurkenningarvottorði sem er í samræmi við fyrirmynd í 2. mgr. 30. gr. í reglugerð (ESB) nr. 168/2013.

Eftirlit með samræmi framleiðslu er byggt á mati viðurkenningaryfirvalds á eftirlitsaðferð framleiðandans til að tryggja samræmi ökutækjagerðarinnar með tilliti til losunar frá útblástursröri og losunar koltvísýrings, raforkunotkunar og gildissviðs.

Ef yfirvaldið er ekki ánægt með gæði eftirlitsaðferða framleiðandans skal það krefjast þess að gerðar séu sannprófanir á ökutækjum í framleiðslu.

Samræmi losunar gegnum útblástursrör og losunar CO_2 er athugað með tölfræðiaðferð sem lýst er

í liðum 4.1.1.3.1 til 4.1.1.3.3. Ökutæki eru prófuð samkvæmt aðferð sem lýst er í II. viðauka A við reglugerð (ESB) nr. 168/2013.

4.1.1.5. Endurnýjunarmengunarvarnarbúnaður

4.1.1.5.1. Við prófun á samræmi, eins og kveðið er á um hér að framan, skal taka sýnishorn af endurnýjunarme ngunarvarnarbúnaði úr framleiðslulínu gerðarviðurkennds ökutækis.

4.1.1.5.2. Framleiðsla telst í samræmi við ákvæði þessa viðauka ef dæmigert stofnökutæki sem búið er mengunarvarnarbúnaði og valið af handahófi úr framleiðslulínu uppfyllir viðeigandi kröfur sem settar eru fram í 23. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013, um vistvænleika. Afköst knúningsaflseiningar dæmigerðs stofnökutækis skulu mæld skv. II. viðauka A við reglugerð (ESB) nr. 168/2013 og skulu ekki vera meiri en afköst knúningsaflseiningar upphaflega mengunarvarnarbúnaðarins sem það kemur í staðinn fyrir.

4.1.1.6. Aðgerðir sem grípa skal til ef samræmi framleiðslu er ekki til staðar

Verði ósamræmis vart við skoðun skal viðurkenningaryfirvald tryggja að allar nauðsynlegar ráðstafanir séu gerðar til að koma á samræmi framleiðslunnar að nýju eins fljótt og unnt er.

4.1.1.7. Viðurlög við skorti á samræmi framleiðslu

4.1.1.7.1. Draga má viðurkenninguna sem veitt er að því er varðar gerð ökutækis til baka ef kröfurnar í lið 4.1.1.1 eru ekki uppfylltar.

4.1.1.7.2. Ef aðildarríki dregur til baka viðurkenningu sem áður hefur verið veitt skal það þegar í stað tilkynna það öðrum aðildarríkjum.

4.1.2. Samræmi framleiðslu fyrir prófun IV, losun við uppgufun

Fyrir hefðbundna prófun við lok á framleiðslulínu getur framleiðandi sýnt fram á að farið sé að ákvæðum með úrtaki ökutækja sem skulu uppfylla eftirfarandi kröfur. Að öðrum kosti skal framkvæma heila prófunaraðferð sem lýst er í þessum viðauka. Að beiðni framleiðanda má nota aðra prófunaraðferð ef sú aðferð hefur verið kynnt tækniþjónustu og samþykkt af henni, með þeim hætti að viðurkenningaryfirvald telji fullnægjandi, á meðan á gerðarviðurkenningarferlinu stendur.

4.1.2.1. Lekaprófun

4.1.2.1.1. Loftop út í andrúmsloftið frá mengunarvarnarbúnaði fyrir uppgufun skulu vera einangruð.

4.1.2.1.2. Þrýstingi sem nemur 3,7 kPa ± 0,1 kPa (370 ± 10 mm af H_2O) skal beitt á eldsneytiskerfið.

4.1.2.1.3. Þrýstingurinn skal verða stöðugur áður en eldsneytiskerfi er einangrað frá þrýstingsbúnaði.

4.1.2.1.4. Í kjölfar einangrunar eldsneytiskerfis skal þrýstingurinn ekki falla um meira en 0,5 kPa (50 mm af H_2O) á fimm mínútum.

4.1.2.2. Prófun fyrir loftop

4.1.2.2.1. Loftop út í andrúmsloftið frá mengunarvarnarbúnaði skulu vera einangruð.

4.1.2.2.2. Þrýstingi sem nemur 3,7 kPa ± 0,1 kPa (370 ± 10 mm af H_2O) skal beitt á eldsneytiskerfið.

4.1.2.2.3. Þrýstingurinn skal verða stöðugur áður en eldsneytiskerfi er einangrað frá þrýstingsbúnaði.

4.1.2.2.4. Útleiðslum loftopa frá mengunarvarnarkerfi út í andrúmsloftið skal aftur komið fyrir við framleiðsluskilyrði.

4.1.2.2.5. Þrýstingur eldsneytiskerfis skal falla niður fyrir 1,0 kPa (100 mm af H_2O) innan tveggja mínútna.

4.1.2.3. Hreinsiprófun

4.1.2.3.1. Búnaður sem getur numið loftstreymi upp á 0,25 lítra á einni mínútu skal festur á hreinsunarinntak og þrýstihylki af fullnægjandi stærð til að hafa óveruleg áhrif á hreinsunarkerfi skal tengt með skiptiventli við hreinsunarinntak, eða að öðrum kosti:

4.1.2.3.2. Framleiðandi má notast við straummæli að eigin vali ef viðurkenningaryfirvald samþykkir hann.

4.1.2.3.3. Ökutæki skal stýrt þannig að öll hönnunareinkenni hreinsunarkerfis sem gætu komið í veg fyrir hreinsun greinist og þær aðstæður skráðar.

4.1.2.3.4. Á meðan að hreyfill er í gangi innan þeirra marka sem tilgreind eru í þessum lið skal loftstreymi ákvarðað annað hvort með:

4.1.2.3.4.1. því að búnaðurinn er stilltur á þrýstingsfall frá loftþrýstingi, í þrýsting sem gefur til kynna að 0,25 lítrar af lofti flæði inn í mengunarvarnarbúnað fyrir uppgufun á innan við einni mínútu, eða

4.1.2.3.4.2. Öðrum búnaði sem mælir flæði með greinanlega mælingu upp á a.m.k. 0,25 lítra á mínútu.

4.1.2.3.4.3. Að beiðni framleiðanda má notast við aðra aðferð við hreinsiprófun ef sú aðferð hefur verið kynnt tækniþjónustu og samþykkt af henni, á meðan á gerðarviðurkenningarferlinu stendur.

4.1.2.4. Eftirlitsaðferðir

4.1.2.4.1. Viðurkenningaryfirvaldi sem veitt hefur gerðarviðurkenningu er hvenær sem er heimilt að sannprófa eftirlitsaðferðir með samræmi sem eiga við fyrir hverja framleiðslueiningu.

4.1.3. Prófun VIII á hljóðstigi

4.1.3.1. Samræmi ökutækis að því er varðar hljóðstig

Öll framleidd ökutæki skulu vera í samræmi við viðurkennda gerð ökutækis og skulu búin hljóðdeyfi sem það var gerðarviðurkennt með og þau skulu uppfylla kröfur 23. gr. og VI. viðauka D við reglugerð (ESB) nr. 168/2013, varðandi þá gerð ökutækis sem um er að ræða.

4.1.3.1.1. Við prófun á samræmi, eins og kveðið er á um hér að framan, skal taka ökutæki úr framleiðslulínu sem gerðarviðurkennd er samkvæmt lið 4.1.3. Framleiðsla telst í samræmi við ákvæði þessa liðar ef hljóðstig sem mælt er með prófunaraðferðinni sem um getur í VI. viðauka D við reglugerð (ESB) nr. 168/2013 fer hvorki meira en 3 dB(A) yfir það gildi sem mældist á þeim tíma sem gerðarviðurkenning var veitt né meira en 1 dB(A) yfir þau mörk sem mælt er fyrir um í þessum lið.

4.1.3.2. Samræmi framleiðslu fyrir útblásturskerfi til endurnýjunar sem ekki er upprunalegt

4.1.3.2.1. Öll útblásturskerfi sem framleidd eru skulu vera í samræmi við gerð sem viðurkennd er samkvæmt þessum lið og uppfylla kröfurnar í VI. viðauka D við reglugerð (ESB) nr. 168/2013, er varðar þá gerð ökutækis sem það er ætlað fyrir,

4.1.3.2.2. Við prófun á samræmi, eins og kveðið er á um hér að framan, skal taka útblástursrör úr framleiðslulínu sem gerðarviðurkennd er samkvæmt lið 4.1.3.

4.1.3.2.3. Framleiðsla telst í samræmi við lið 4.1.3 ef kröfur VI. viðauka D við reglugerð (ESB) nr. 168/2013 eru uppfylltar og ef hljóðstig sem mælt er með prófunaraðferð sem um getur í þeim viðauka fer ekki meira en 3 dB(A) umfram það gildi sem mældist á þeim tíma sem gerðarviðurkenning var veitt.

4.1.4. Kröfur um samræmi framleiðslu varðandi hámarkshönnunarhraða ökutækis, hámarkssnúningsvægi, samfellt hámarksnafnafl og hámarksafl

4.1.4.1. Hámarks vikmörk í mælingum á hraða ökutækis á meðan á samræmisprófun á framleiðslu stendur

Á meðan á samræmisprófun á framleiðslu stendur má hámarkshönnunarhraði ökutækis vera ± 5% frá því gildi sem ákvarðað var við gerðarviðurkenningarprófun.

4.1.4.2. Hámarkssnúningsvægi, hámarks samfellt nafnafl, hámarks nettóafl og vikmörk hámarksafls við samræmisprófun framleiðslu

Tafla 4-3

Vikmörk í mælingum á hámarkssnúningsvægi, hámarks samfelldu nafnafli, hámarks nettóafli og hámarksafli sem er háð mældu afli

Mælt afl	Ásættanleg vikmörk fyrir hámarkssnúningsvægi, hámarks samfellt nafnafl, hámarks nettóafl og hámarksafl
< 1 kW	≤ 20%
1 kW < mælt afl < 11 kW	≤ 10%
> 11 kW	≤ 5%

4.1.5. Kröfur um samræmi framleiðslu að því er varðar massa ökutækis sem er tilbúið til aksturs

Massi ökutækis í flokki L sem er tilbúið til aksturs má ekki víkja meira en 8% frá nafngildi, að því er varðar leyfileg lægri og efri frávik sem eru jákvæð og neikvæð frávik frá tilgreindu nafngildi upp að

og að meðtöldum þeim mörkum massa ökutækis sem er tilbúið til aksturs sem tilgreind eru í I. viðauka við reglugerð (EBS) nr. 168/2013.

5. **Endurskoðun á samþykktum vikmörkum massa ökutækis sem er tilbúið til aksturs**

Óháð því hvort 4. liður á við skulu aðildarríki, fyrir 31. desember 2019, veita framkvæmdastjórninni tölfræðilegar upplýsingar um raunveruleg vikmörk massa ökutækis sem er tilbúið til aksturs sem komið hafa í ljós við skoðun á samræmi framleiðslu. Tölfræðilega upplýsingar skulu fela í sér massa ökutækis sem er tilbúið til aksturs eins og hann er mældur við gerðarviðurkenningu og öll jákvæð eða neikvæð mæld frávik sem hundraðshluta af því gildi sem koma í ljós við mat á samræmi framleiðslu framleiðslulínunnar. Út frá þessum upplýsingum mun framkvæmdastjórnin meta hvort nauðsynlegt er að endurskoða hámark hundraðshluta leyfilegra vikmarka sem mælt er fyrir um í lið 4.1.5.

V. VIÐAUKI

Kröfur sem gilda um tengibúnað og tengingar

1. **Gildissvið**

1.1. Þessi viðauki gildir um tengibúnað og tengingar fyrir ökutæki í flokki L, sé sá búnaður til staðar.

1.2. Í þessum viðauka eru settar fram þær kröfur sem tengibúnaður fyrir ökutæki í flokki L skal uppfylla til þess að:

1.2.1. Tryggja samrýmanleika þegar ökutæki í flokki L eru notuð með öðrum gerðum eftirvagna,

1.2.2. Tryggja örugga tengingu ökutækis og eftirvagns við öll notkunarskilyrði,

1.2.3. Tryggja öruggt verklag við að tengja og aftengja.

2. **Almennar kröfur**

2.1. Tengibúnaður fyrir ökutæki í flokki L skulu framleidd og fest í samræmi við góðar, verkfræðilegar starfsvenjur og skal hann vera öruggur í notkun. Viðurkenna má slíkan búnað sem aðskilda tæknieiningu samkvæmt þessari reglugerð og hann má vera viðurkenndur samkvæmt reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 55([9]).

2.2. Tengibúnaður skal þannig hannaður og framleiddur að við hefðbundna notkun, miðað við eðlilegt viðhald og tímanlega endurnýjun slithluta, virki hann enn með fullnægjandi hætti.

2.3. Sérhverjum tengibúnaði skulu fylgja fyrirmæli um uppsetningu og notkun sem veita nægjanlegar upplýsingar fyrir aðila sem er til þess hæfur að setja hann rétt á ökutækið og nota hann rétt. Leiðbeiningarnar skulu vera á opinberu tungumáli eða tungumálum aðildarríkisins þar sem tengibúnaðurinn er boðinn til sölu.

2.4. Ef mælt er fyrir um eiginleika er snúa að umsókninni fyrir tiltekin smíðaefni í stöðlum eða eiginleikar efna eru gefnir upp í skjölunum sem fylgja umsókninni má notast við þau efni.

2.5. Allir hlutar tengibúnaðar sem gegna þannig hlutverki að ef þeir bila verði ökutækin tvö aðskilin skulu gerðir úr stáli. Notast má við önnur smíðaefni að því tilskildu að framleiðandi sýni fram á jafngildi þeirra með þeim hætti sem tækniþjónusta telur fullnægjandi.

2.6. Allar tengingar skulu hannaðar fyrir vélræna samtengingu og lokuð staða skal tryggð a.m.k. einu sinni með vélrænni samtengingu.

2.7. Ef ökutæki í flokki L hefur tengibúnað skal tengikúla, eins og sú sem tilgreind er í samræmi við mynd Ap1-1 í 1. viðbæti, vera notuð. Tengibúnaður skal valinn og hann staðsettur þannig að hámarks samrýmanleiki náist við margs konar gerðir eftirvagna. Hinsvegar má notast við annan búnað en slíka tengikúlu að því tilskildu að kröfurnar í lið 2.8 séu uppfylltar og að samrýmanleiki og útskiptanleiki eftirvagna sé hvorki nauðsynlegur né mögulegur (ákveðnar samsetningar).

2.8. Tengibúnaður skal þannig hannaður að hann uppfylli kröfur vegna starfrækslu, stöðu, hreyfanleika og styrks í samræmi við liði 2.9, 2.10, 2.11 og liði 3, 4 og 5.

2.9. Tengibúnaðurinn skal þannig hannaður og festur að hámarksöryggi sé náð samkvæmt góðum, verkfræðilegum starfsvenjum, þetta á einnig við um starfrækslu tengibúnaðar.

2.10. Það skal vera mögulegt fyrir einn einstakling að tengja og aftengja ökutæki með öruggum hætti, án þess að nota verkfæri.

2.11. Það skal vera mögulegt að nota losanlegan tengibúnað auðveldlega með handafli, án þess að nota verkfæri.

2.12. Þegar vörur eru settar á markað skulu framleiðendur tengibúnaðar og ökutækja veita neytendum leiðbeiningar og upplýsingar á öllum opinberum tungumálum varðandi áhrif á akstureiginleika þegar ökutæki í flokki L er ekið með eftirvagni.

3. **Kröfur vegna staðsetningar**

3.1. Tengibúnaður sem festur er við ökutæki skal tryggja óhindraða og örugga notkun.

3.2. Tengikúlur sem festar eru við ökutæki skulu samsvara þeim rúmmálsskilyrðum sem tilgreind eru í mynd Ap1-2 í 1. viðbæti.

([9]) Stjtíð. ESB L 227, 28.8.2010, bls. 1.

3.3. Hæð tengipunktar tengibúnaðar, önnur en hæð tengikúlu, skal samsvara hæð tengipunktar tengivagns á bilinu ± 35 mm, að því tilskyldu að eftirvagn sé í láréttri stöðu.

3.4. Lögun og stærð dráttarfestinga skal samsvara kröfum framleiðanda ökutækis að því er varðar festingarpunkta og allan annan festibúnað sem gerð er krafa um.

3.5. Kröfur framleiðanda ökutækis að því er varðar gerð tengibúnaðar, leyfilegan massa eftirvagns og leyfilegt stöðuálag á tengipunkt, skulu hafðar til hliðsjónar.

3.6. Uppsettur tengibúnaður skal ekki koma í veg fyrir að aftari númeraplata og/eða íhlutir ljósabúnaðar sjáist, annars skal nota tengibúnað sem hægt er að taka í sundur án þess að nota sérstök verkfæri.

3.7. Framleiðendur dráttarfestinga skulu fella inn í þær festingarpunkta sem annað hvort er hægt að festa við aukatengingu eða búnað sem er nauðsynlegur til að gera það kleift að stöðva eftirvagn með sjálfvirkum hætti ef aðaltenging losnar frá.

3.7.1. Festingarpunktar fyrir aukatengingu og/eða losunarkapal skulu staðsettir þannig að þegar aukatenging eða losunarkapall eru í notkun komi það ekki í veg fyrir venjulega liðtengingu tenginga eða trufli venjulega starfrækslu ýtihemlunarkerfis.

3.7.2. Stakur festipunktur skal staðsettur innan 100 mm frá lóðréttu plani sem fer í gegnum miðja liðtengingu tengingarinnar. Sé þetta ekki raunhæft skulu tveir festipunktar vera til staðar, einn á hvorri hlið lóðréttrar miðlínu og jafnlangt frá miðju línunnar, í að hámarki 250 mm fjarlægð. Festipunktarnir skulu vera eins aftarlega og eins hátt uppi og frekast er unnt.

4. **Kröfur vegna liðtengingar**

4.1. Eftirfarandi liðtenging skal vera möguleg þegar tengibúnaður er ekki festur við ökutæki:

4.1.1. Horn með auðan láréttan skurð upp á 20° fyrir ofan eða neðan lárétta miðlínu við öll lárétt snúningshorn upp að a.m.k. 90° á hvorri hlið lengdarmiðlínu búnaðarins.

4.1.2. Við öll lárétt snúningshorn upp að 90° á hvorri hlið lengdarmiðlínu búnaðarins skal vera horn sem ásinn getur snúist frjálst í báðum megin við lengdarmiðlínu sem er 25° fyrir ökutæki á þremur eða fjórum hjólum eða 40° fyrir ökutæki á tveimur hjólum.

4.2. Við öll horn láréttrs snúnings skulu eftirfarandi samsetningar liðtengingar vera mögulegar:

4.2.1. Ef um er að ræða ökutæki á tveimur hjólum, nema þegar um er að ræða búnað sem er notaður með eftirvagni á einu hjóli sem hallar með ökutæki á tveimur hjólum:

4.2.1.1. Láréttur skurður upp á ± 15° þar sem ásinn getur snúist í ± 40°,

4.2.1.2. Ásinn getur snúist í ± 30° með láréttan skurð upp á ± 20°,

4.2.2. Ef um er að ræða ökutæki með þrjú hjól eða fjórhjól:

4.2.2.1. Láréttur skurður upp á ± 15° þar sem ásinn getur snúist í ± 25°,

4.2.2.2. Ásinn getur snúist í ± 10° með láréttan skurð upp á ± 20°.

4.3. Mögulegt skal vera að tengja og aftengja tengikúlur þegar lengdarás tengikúlu, í tengslum við miðlínu tengikúlu og festingar, er:

4.3.1. Láréttur $\beta = 60°$ til hægri eða vinstri,

4.3.2. Lóðréttur $\alpha = 10°$ upp eða niður á við,

4.3.3. Snýst um ás = 10° til hægri eða vinstri.

5. **Kröfur er varða styrk**

5.1. Framkvæma skal hreyfiprófun (þolprófun).

5.1.1. Þolprófun skal framkvæmd með samræmdu sínuslöguðu álagi sem breytist í samræmi við fjölda álagslotna, háð smíðaefni. Ekki skulu vera til staðar neinar sprungur eða brot eða aðrar sýnilegar skemmdir á yfirborði, eða veruleg varanleg aflögun sem gæti verið skaðleg fullnægjandi starfrækslu búnaðarins.

5.1.2. Grundvöllur álags fyrir hreyfiprófun er D-gildið sem sýnt er að neðan. Taka skal tillit til lóðrétts stöðuálags í stefnu prófunarálags í tengslum við lárétt plan, háð stöðu tengipunktar og lóðrétts stöðuálags sem leyfilegt er á tengipunkti.

Jafna 3-1:

$$D = g \cdot \frac{T \cdot R}{T + R} \, (kN)$$

þar sem:

T = Tæknilega leyfilegur hámarksdráttarmassi dráttarbifreiðar (í tonnum),

R = Tæknilega leyfilegur hámarksmassi eftirvagns (í tonnum),

g = hröðun vegna efnisþyngdar (áætluð = 9,81 m/s^2).

5.1.3. Einkennisgildin D og S sem prófunin skal byggja á eru tilgreind í umsókn framleiðanda um gerðarviðurkenningu, þar sem S er leyfilegt hámark lóðrétts stöðuálags (í kg) á tengipunkti.

5.2. Prófunarferli

5.2.1. Fyrir hreyfiprófun skal sýnishornið vera staðsett á viðeigandi búnaði með viðeigandi leiðum til að beita krafti þannig að það verði ekki fyrir neinum kröftum eða kraftvægi til viðbótar við tilgreindan prófunarkraft. Ef um er að ræða breytilegar prófanir skal stefnan sem kraftinum er beitt í ekki víkja meira en ± 10° frá tilgreindri stefnu. Til að koma í veg fyrir ótilgreinda krafta og kraftvægi í sýni getur verið nauðsynlegt að hafa eina tengingu á þeim punkti sem krafti er beitt og aðra í hæfilegri fjarlægð.

5.2.2. Prófunartíðni skal ekki vera meiri en 35 Hz. Valin tíðni skal vera vel aðskilin frá eigintíðni uppsetningar prófunar, þ.m.t. við prófun á búnaði. Fjöldi álagslota skal vera 2×10^6 fyrir tengibúnað sem gerður er úr stáli. Gera má kröfu um fleiri álagslotur fyrir tengibúnað sem gerður er úr öðru smíðaefni. Almennt skal sprunguprófun gerð í samræmi við aðferðina við að láta leysilit ganga niður í efnið, aðrar jafngildar aðferðir eru einnig leyfilegar.

5.2.3. Tengibúnaðurinn sem verið er að prófa skal festur með hefðbundnum hætti eins tryggilega og hægt er, á prófunarbúnaði í þeirri raunstöðu sem hann verður notaður á ökutæki. Festibúnaður skal vera sá sem tilgreindur er af framleiðanda eða umsækjanda og vera sá sem ætlaður er til festingar á ökutæki og/eða hafa jafngilda vélræna eiginleika.

5.2.4. Prófunarskilyrði

5.2.4.1. Ef kostur er á skulu tengingar prófaðar í upprunalegu ástandi eins og fyrirhugað er fyrir notkun á vegi. Samkvæmt ákvörðun framleiðanda og í samráði við tækniþjónustu má hlutleysa sveigjanlega íhluti, ef það er nauðsynlegt vegna prófunaraðferðarinnar og ef ekki er nein hætta á að það hafi óraunhæf áhrif á niðurstöður úr prófun.

5.2.4.2. Skipta má um sveigjanlega íhluti sem augljóslega hafa ofhitnað vegna þessarar hröðuðu prófunaraðferðar, á meðan á prófun stendur.

5.2.4.3. Beita má prófunarálagi með sérstökum slakalausum búnaði.

5.2.4.4. Allar hönnunarupplýsingar sem geta haft áhrif á styrkleikaviðmiðanir (t.d. plötur fyrir rafmagnsinnstungur, allar merkingar, o.s.frv.) skulu fylgja búnaði sem lagður er inn til prófunar. Jaðar prófunarinnar endar við festingarpunkta eða uppsetningarpunkta. Framleiðandi ökutækis skal gefa upp og sýna í prófunarskýrslu rúmfræðilega staðsetningu tengikúlu og festingarpunkta tengibúnaðar miðað við viðmiðunarlínuna.

5.2.4.5. Allar viðkomandi staðsetningar festipunkta með tilliti til viðmiðunarlínu, eins og sýnt er í 2. viðbæti sem framleiðandi dráttarbifreiðar skal veita framleiðanda dráttarbúnaðar allar upplýsingar fyrir skulu endurteknar á prófunarbekk.

5.3. Prófun á tengikúlum og dráttarfestingum

5.3.1. Gera skal hreyfiprófun á samsetningu sem uppsett er á prófunarbekk með prófunartæki fyrir togþol efnis (t.d. meðsveifluslegill) sem hefur breytilegt álag. Prófunin skal fela í sér eftirfarandi:

5.3.1.1. Prófunarálag skal vera breytilegur kraftur og skal því beitt á tengikúlu í 15 ± 1° halla, eins og sýnt er á myndum Ap2-1 og Ap2-2 í 2. viðbæti.

5.3.1.2. Ef miðja kúlunnar er ofan við línuna sem er samsíða viðmiðunarlínu sem sýnd er á mynd Ap2-3 í 2. viðbæti sem er með hæsta nálægan festingarpunkt skal framkvæma prófunina í $\alpha = -15 \pm 1°$ halla (mynd Ap2-1 í 2. viðbæti).

5.3.1.3. Ef miðja kúlunnar er neðan við línuna sem er samsíða viðmiðunarlínu sem sýnd er á mynd Ap2-3 í 2. viðbæti sem er með hæsta nálægan festingarpunkt skal framkvæma prófunina í $\alpha = -15 \pm 1°$ halla (mynd Ap2-2 í 2. viðbæti). Þessi halli er valinn til að taka tillit til lóðrétts stöðu- og hreyfiálag. Þessi prófunaraðferð á aðeins við fyrir leyfilegt stöðuálag sem er ekki meira en:

Jafna 3-2:

$$S = \frac{120 \cdot D}{g}$$

5.3.1.4. Ef farið er fram á meira stöðuálag skal hallinn aukinn um 20°. Hreyfiprófun skal framkvæmd með eftirfarandi prófunarkrafti:

Jafna 3-3:

$$F_{res} = \pm 0{,}6\ D$$

5.3.2. Einfaldar tengikúlur, þ.m.t. búnaður með óútskiptanlegum losanlegum kúlum og dráttarfestingar með útskiptanlegum kúlum sem hægt er að taka í sundur (að undanskildum kúlum fyrir óaðskiljanlegan stuðning), skal prófa í samræmi við lið 5.3.1.

5.3.3. Prófun dráttarfestinga sem nota má með mismunand kúlueiningum skal framkvæmd í samræmi við prófunarkröfur í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 55.

5.4. Prófunarkröfur í lið 5.3.1 skulu einnig eiga við um annan tengibúnað en tengikúlur.

6. Tengihausar

6.1. Tengihausar skulu vera þannig hannaðir að hægt sé að nota þá með öruggum hætti með tengikúlum sem lýst er á mynd Ap1-1 í 1. viðbæti.

6.2. Tengihausar sem fyrirhugað er að festa á óhemlaða eftirvagna skulu festir með aukatengibúnaði eða a.m.k. festipunktum til að leyfa tengingu á aukatengibúnaði. Festipunktar skulu þannig staðsettir að þegar aukatengibúnaður er í notkun hindri hann ekki venjulega liðtengingu tengingar.

6.3. Þolprófun skal framkvæmd með breytilegum prófunarkrafti og kyrrstöðuprófun (lyftiprófun) á hverju prófunarsýni.

6.4. Hreyfiprófun skal framkvæm með hentugri tengikúlu af viðeigandi styrkleika. Á prófunarbúnaði skal koma tengihaus og tengikúlu fyrir samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda og með þeim hætti sem samsvarar tengingu þeirra í ökutæki. Ekki skal vera neinn möguleiki á að sýnishornið verði fyrir krafti til viðbótar við prófunarkraftinn. Prófunarkrafti skal beitt í línu sem fer í gegnum miðju kúlunnar og er í 15° halla niður á við í átt að afturhluta (sjá mynd Ap3-1 í 3. viðbæti). Þolprófun skal framkvæmd á prófunarsýnishorni með eftirfarandi prófunarkrafti:

Jafna 3-3:

$$F_{res} = \pm 0{,}6\ D$$

6.5. Tengikúla sem notuð er fyrir prófunina skal hafa $49 - 0^{+0;13}$ mm þvermál til að líkja eftir notaðri tengikúlu. Lyftikrafturinn F_A skal aukinn hratt og snurðulaust upp að gildinu:

Jafna 3-4:

$$F_A = g \cdot \left(C + \frac{S}{1000} \right)$$

og haldið í 10 sekúndur, þar sem:

C = massi eftirvagns (summa álags á ása eftirvagns sem ber hámarks leyfilega hleðslu) í tonnum.

6.6. Ef annar búnaður en tengikúlur er notaður skal prófa tengihaus, eftir því sem við á, í samræmi við viðeigandi kröfur reglugerðar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 55.


1. viðbætir

Forskriftir fyrir mál tengikúlu ef uppsett á ökutækjum í flokki L

1. Tengikúlukerfi fyrir eftirvagna kemur ekki í veg fyrir að önnur kerfi séu notuð (t.d. hjöruliðstengi), ef kúlutengikerfi er notað skal kerfið hins vegar samsvara forskriftum sem mælt er fyrir um í Ap1-1.

1.1. *Mynd AP1-1*

Mál kúlutengis




1.1.1. Kringingarradíus á milli kúlu og háls snertir bæði hálsinn og neðra lárétta yfirborð tengikúlu.

1.1.2. Vísar til ISO/R 468:1982 og ISO 1302:2002; hrufutala N9 vísar til R_a gildis af 6,3 µm.

1.2. *Mynd AP1-2*

Auða svæðið fyrir tengikúlur



Athugasemdir:

1) 350-420 mm mælt við leyfilegan hámarksmassa ökutækis = T,
2) min. = lágmarksvegalengd, max. = hámarksvegalengd.


2. viðbætir

Forskriftir fyrir hreyfiprófun tengikúlu og dráttarfestingar

1. Prófunarstefna er sýnd með dæminu um tengikúlu með dráttarfestingu. (Gildir með hliðstæðum hætti fyrir önnur tengikerfi).


1.1. *Mynd AP2-1*

Stefna hreyfiprófunar á tengikúlu og dráttarfestingu – Prófunarbúnaður I. RL = viðmiðunarlína




1.2. *Mynd AP2-2*

Stefna hreyfiprófunar á tengikúlu og dráttarfestingu – Prófunarbúnaður II. RL = Hliðarviðmiðunarlína



1.3. *Mynd AP2-3*

Viðeigandi stöður festipunkta tengibúnaðar miðað við viðmiðunarlínu — Viðmiðanir fyrir horn hreyfiprófunar



Athugasemdir:

1) HFP = hæsti festingarpunktur,
2) PRL = samhliða viðmiðunarlína,
3) RL = viðmiðunarlína,
4) BC = miðja kúlu.


3. viðbætir

Forskriftir fyrir hreyfiprófun á tengihaus

1. Prófunarstefna er sýnd með dæminu um tengihaus.


1.1. *Mynd AP3-1*

Prófunarstefna við hreyfiprófun á tengihaus



1.2. *Mynd AP3-2*

Prófunarstefna við lyftiprófun á tengihaus í kyrrstöðu



VI. VIÐAUKI

Kröfur sem gilda um búnað til að koma í veg fyrir notkun án leyfis

1. **Kröfur**

1.1. „Gerð ökutækis að því er varðar búnað til að koma í veg fyrir notkun án leyfis“: flokkur ökutækja sem ekki eru frábrugðin öðrum ökutækjum að því er varðar veigamikla þætti svo sem hönnunareiginleika varnarbúnaðar sem kemur í veg fyrir notkun ökutækis án leyfis,

1.2. Ökutæki í flokkum L1e, með massa ökutækis sem er tilbúið til aksturs > 35 kg, L2e, L3e, L4e og L5e sem hafa handföng skulu uppfylla allar viðeigandi kröfur reglugerðar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 62([10]).

1.2.1. Ökutæki í flokkum L1e, L2e, L3e, L4e og L5e sem ekki hafa handföng skulu uppfylla allar viðeigandi kröfur í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 18([11]), eins og mælt er fyrir um fyrir ökutækjaflokk N_2.

1.3. Ökutæki í flokki L6e sem hafa handföng skulu uppfylla allar viðeigandi kröfur í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 62, eins og mælt er fyrir um fyrir ökutækjaflokk L2e.

1.3.1. Ökutæki í flokki L6e sem ekki hafa handföng skulu uppfylla allar viðeigandi kröfur í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 18, eins og mælt er fyrir um fyrir ökutækjaflokk N_2.

1.4. Ökutæki í flokki L7e sem hafa handföng skulu uppfylla allar viðeigandi kröfur í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 62, eins og mælt er fyrir um fyrir ökutækjaflokk L5e.

1.4.1. Ökutæki í flokki L7e sem ekki hafa handföng skulu uppfylla allar viðeigandi kröfur í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 18, eins og mælt er fyrir um fyrir ökutækjaflokk N_2.

([10]) Stjtíð. ESB L 89, 27.3.2013, bls. 37.
([11]) Stjtíð. ESB L 120, 13.5.2010, bls. 29.

VII. VIÐAUKI

Kröfur sem gilda um rafsegulsviðssamhæfi

1. **Kröfur**

1.1. „Gerð ökutækis að því er varðar rafsegulsviðssamhæfi“: flokkur ökutækja sem ekki eru frábrugðin öðrum ökutækjum að því er varðar veigamikla þætti svo sem hönnunareiginleika rafeindaíhluta, kveikikerta og vírabelta sem og aðferð við áfestingu og staðsetningu á ökutæki,

1.2. Ökutæki í flokkum L1e, L2e, L3e, L4e, L5e, L6e og L7e skulu uppfylla allar viðeigandi kröfur í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 10([12]).

_____

([12]) Stjtíð. ESB L 254, 20.9.2012, bls. 1.

VIII. VIÐAUKI

Kröfur sem gilda um útstæða hluta

1. **Kröfur sem gilda um létt bifhjól og bifhjól á tveimur hjólum með eða án hliðarvagns**

1.1. Almennar kröfur

1.1.2. Ökutæki í flokkum L1e, L3e og L4e skulu uppfylla eftirfarandi almennar kröfur:

1.1.2.1. Ökutæki skulu ekki hafa beitta, hvassa eða framstæða hluta sem vísa út á við og eru af þannig lögun eða stærð, halla í þá átt eða hafa þannig hörku að þeir auki hættu á eða alvarleika áverka eða skurðsára einstaklinga sem verða fyrir eða strjúkast upp við ökutæki ef slys verður. Ökutæki skulu þannig hönnuð að hlutar og brúnir sem óvarðir vegfarendur, svo sem gangandi vegfarendur, eru líklegir til að komast í snertingu við ef slys verður, uppfylli kröfurnar í liðum 1 til 1.3.8.

1.1.2.2. Öll snertanleg framskot eða brúnir sem eru gerð úr eða hjúpuð efni á borð við mjúkt gúmmí eða mjúkt plast og hafa hörku sem er minni en 60 „shore "(A) teljast uppfylla kröfur í liðum 1.3 til 1.3.8. Mæling á hörku skal framkvæmd með smíðaefni sem uppsett er á ökutæki eins og fyrirhugað er.

1.1.3. Sértæk ákvæði fyrir ökutæki í flokkum L1e, L3e, og L4e

1.1.3.1. Ökutæki skulu metin í samræmi við ákvæði liða 1.2 til 1.2.4.1.

1.1.3.2. Ef um er að ræða ökutæki sem eru búin einhvers konar burðarvirki eða þili sem ætlað er að loka af ökumann, farþega eða farangur, að hluta til eða að öllu leyti, eða til að hylja tiltekna íhluti ökutækis, getur framleiðandinn valið að fylgja frekar viðeigandi kröfum reglugerðar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 26, eins og mælt er fyrir um fyrir ökutækjaflokk M_1, sem nær yfir annað hvort útstæða hluti eða allt ytra yfirborð ökutækisins.


Viðeigandi útstæðir hlutir sem metnir eru í samræmi við þessi ákvæði skulu auðkennd með skýrum hætti í upplýsingaskjali og allt eftirstandandi ytra yfirborð skal uppfylla kröfurnar í liðum 1 til 1.3.8.

1.1.4. Sértæk ákvæði fyrir ökutæki í flokki L4e

1.1.4.1. Þegar hliðarvagn er tengdur við bifhjól, annað hvort varanlega eða þannig að hægt sé að losa hann frá, er rýmið á milli bifhjóls og hliðarvagns undanskilið frá matinu (sjá mynd 8-1).

1.1.4.1.1. *Mynd 8-1*

Sjónarhorn ofan frá yfir bifhjól í flokki L4e, með hliðarvagn



1.1.4.2. Ef hægt er að losa hliðarvagn frá bifhjóli þannig að hægt sé að nota bifhjólið án hans skal bifhjólið sjálft uppfylla kröfur fyrir stök bifhjól í liðum 1 til 1.3.8.

1.2. Mat á útstæðum hlutum

1.2.1. Prófunarbúnaður sem er í samræmi við forskriftir sem mælt er fyrir um með mynd Ap1-1 í 1. viðbæti skal notaður til að prófa útstæða hluti ökutækisins.


1.2.2. Ökutækið skal staðsett á láréttu yfirborði og því haldið í uppréttri stöðu, fyrst þannig að stýrisbúnaður og stýrt hjól vísi beint fram á við.

1.2.2.1. Í sæti prófunarökutækis, í eðlilegri akstursstöðu, þannig að það komi ekki í veg fyrir venjulegan snúning stýrisbúnaðar, skal vera manngervandi brúða með einkenni 50 hundraðshlutamarks eða manneskja með sambærilega eðliseiginleika. Fætur skulu hvíla á tilgreindri stoð fyrir fætur og skulu ekki hvíla á gírstöng eða hemlafetli.

1.2.3. Prófunarbúnaður skal færður frá framhluta ökutækis, aftur í það, með snöggri hreyfingu, báðum megin við það. Ef prófunarbúnaður kemst í snertingu við stýrisbúnað eða einhvern hluta sem festur er við hann, skal honum snúið frá, í læsta stöðu, prófun skal haldið áfram á meðan og á eftir. Prófunarbúnaður skal vera í snertingu við ökutækið og ökumann á meðan á prófun stendur (sjá mynd 8-2).

1.2.3.1. *Mynd 8-2*

Hreyfisvæði prófunarbúnaðar



1.2.3.1. Framhlið á ökutækinu skal vera fyrsti snertipunktur og prófunarbúnaður skal færast á hlið út á við, eftir útlínu ökutækis og ökumanns, ef við á. Prófunarbúnaðurinn skal einnig geta færst inn á við á hraða sem er ekki meiri en hraðinn sem bakkað er á (þ.e. í 45° halla miðað við lengdarmiðjuplan ökutækis).

1.2.3.2. Ef prófunarbúnaður kemst í beina snertingu við hendur og fætur ökumanns skal hann ýta þeim frá og það skal vera hægt að snúa, fella, beygja eða sveigja allar viðeigandi stoðir (t.d. fótstoðir) hindrunarlaust ef þær komast í snertingu við prófunarbúnaðinn og þær skulu metnar í öllum millistöðum.

1.2.3.3. Hlutar og íhlutir baksýnisspegla sem falla á viðeigandi hátt undir viðkomandi gerðarviðurkenningu íhlutar teljast uppfylla kröfurnar í liðum 1 til 1.3.8.

1.2.3.4. Útstæðir hlutir sem komast í snertingu við prófunarbúnað í öllum stöðum fyrirhugaðrar notkunar (t.d. fótstoðir fyrir farþega bæði þegar þær eru í uppréttri stöðu eða notkunarstöðu) skulu metnar í öllum stöðum fyrirhugaðrar notkunar.

1.2.4. Þegar prófunarbúnaður er færður meðfram ökutæki eins og lýst er að ofan teljast útstæðir hlutir og brúnir ökutækis sem komast í snertingu við búnaðinn falla innan:

— hóps 1: ef prófunarbúnaðurinn strýkst við hluta ökutækis, eða

— hóps 2: ef prófunarbúnaðurinn rekst utan í hluta ökutækis.


1.2.4.1. Til að tilgreina innan hvaða hóps útstæðir hlutar og brúnir falla skal nota prófunarbúnaðinn í samræmi við matsaðferðina sem sýnd er í mynd 8-3, hér að neðan og teljast tilheyra:

hópi 1 ef $0° \leq \alpha < 45°$, og

hópi 2 ef $45° \leq \alpha < 90°$.

Mynd 8-3

Sjónarhorn ofan frá yfir prófunarbúnað sem strýkst utan í hlið ökutækis og rekst utan í framstæðan hluta



1.3. Sértækar kröfur

1.3.1. Kröfur um geisla sem varðar hluti í hópi 1 (sem snertir eru með stroku):

1.3.1.1. Merkiplötur:

— brúnir plötu skulu hafa krappageisla sem er a.m.k. 0,5 mm.

Grind, vindhlífar, yfirbygging, o.s.frv.:

— horn skulu hafa krappageisla sem er a.m.k. 3,0 mm. „Horn“ er þrívídd lögun yfirborðs sem ekki er brún eða skaft plötu.

1.3.1.1.1. Geislar horna og brúna plötu skulu ákvarðast af snertipunktum prófunarbúnaðar og umskipti yfir í smærri geisla skulu vera snurðulaus, ef einhver, í þá átt þar sem prófunarbúnaður snertir ekki lengur horn eða brún.

1.3.1.2. Sköft

— sköft eða sambærilegir hlutar skulu hafa heildarþvermál sem er a.m.k. 10 mm,

— brúnir á endum skafts skulu hafa krappageisla sem er a.m.k. 2,0 mm.

1.3.1.2.1. Geislar brúna á endum skafts skulu ákvarðast af snertipunktum prófunarbúnaðar og hann má fara smám saman minnkandi eftir öllu ummáli á enda skaftsins.

1.3.2. Kröfur um geisla sem varða hluti í hópi 2 (sem snertir eru þegar rekist er í þá):

1.3.2.1. Merkiplötur:

— brúnir plötu skulu hafa krappageisla sem er a.m.k. 2,0 mm,

Grind, vindhlífar, yfirbygging, o.s.frv.:

— horn skulu hafa krappageisla sem er a.m.k. 2,0 mm.

1.3.2.1.1. Geislar horna og brúna plötu skulu ákvarðast af snertipunktum prófunarbúnaðar og hann skal haldast eða fara smám saman minnkandi í þá átt þar sem prófunarbúnaður snertir ekki lengur horn eða brún.

1.3.2.2. Sköft

— sköft eða sambærilegir hlutar skulu hafa heildarþvermál upp á a.m.k. 20 mm,

— skaft eða sambærilegur hluti má þó hafa heildarþvermál sem er minna en 20 mm, að því tilskildu að framstæður hluti sé minni en helmingur af heildarþvermáli hans,

— brúnir á endum skafts skulu hafa krappageisla sem er a.m.k. 2,0 mm.


1.3.2.2.1. Geislar brúna á endum skafts skulu ákvarðast af snertipunktum prófunarbúnaðar og hann má fara smám saman minnkandi eftir öllu ummáli á enda skaftsins.

1.3.3. Efri brún framrúðu eða vindhlífar, hvort sem þær eru gagnsæjar eða ekki, skulu hafa krappageisla sem er a.m.k. 2,0 mm eða geta verið varðar með verndarefni í samræmi við lið 1.1.1.2.

1.3.3.1. Efri brún afmarkast af plönum í 45° halla miðað við lárétt plan (sjá mynd 8-4).

Mynd 8-4

Útsýni ökumanns í gegnum glæra framrúðu



1.3.3.2. Ef geisla er beitt á efri brún skal hann ekki vera stærri en 0,70 sinnum þykkt framrúðunnar eða vindhlífar eins og þær eru mældar við efri brún.

1.3.3.3. Hlífar sem líkjast framrúðum eða vindhlífum og eru aðeins uppsettar til að verja stjórntækjaklasa ökumanns eða aðalljósabúnað og hafa heildarendurkast sem mælist í mesta lagi 50 mm frá efsta yfirborði viðkomandi stjórntækjaklasa eða aðalljósabúnaðar, eru undanþegnar frá kröfum í liðum 1.3.3, 1.3.3.1 og 1.3.3.2.

1.3.4. Endar tengsla- og hemlaarma sem uppsettir eru á stýrisbúnaði skulu vera merkjanlega kúptir og hafa krappageisla sem er a.m.k. 7,0 mm. Eftirstandandi ytri brúnir þessara arma skulu hafa krappageisla sem er a.m.k. 2,0 mm meðfram öllu gripsvæðinu. Sannprófun er gerð með arma í annarri stöðu en notkunarstöðu.

1.3.4.1. Ef armar eru að fullu varðir með varnarhlífum og geta því ekki komist í snertingu við einstakling sem verður fyrir ökutækinu teljast armar uppfylla kröfur í liðum 1.3.4.

1.3.5. Fremsta brún fremri aurbrettis eða annars hluta sem uppsettur er á því skal hafa krappageisla sem er a.m.k. 2,0 mm.


1.3.5.1. Fremsta brún fremra aurbrettis markast af tveimur lóðréttum plönum sem mynda lárétt horn sem er 45° miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins.

1.3.5.2. Ef geisla er beitt á fremstu brún fremra aurbrettis skal hann ekki vera stærri en 0,70 sinnum þykkt aurbrettis eins og það er mælt við fremstu brún.

1.3.6. Afturbrún á loki eldsneytisáfyllingarstúts eða búnaðar sem er sambærilegur í laginu og staðsettur t.d. á efra yfirborði eldsneytisgeymis þannig að líklegt sé að ökumaður sem færist fram við árekstur rekist í hann skal ekki skaga lengra en 15 mm út frá undirliggjandi yfirborði og skipting frá undirliggjandi yfirborði skal vera slétt eða merkjanlega kúpt. Dæmi er gefið í mynd 8-5. Hún má skaga meira en 15 mm út frá undirliggjandi yfirborði að því tilskildu að varnarbúnaður sé staðsettur aftan við hana til að tryggja að ekki verði farið út fyrir 15 mm útskögunina.

Mynd 8-5

Kröfur um uppsetningu eldsneytisáfyllingarstúts á eldsneytisgeymi



1.3.6.1. Lok eldsneytisáfyllingarstúts eða búnaður sem er sambærilegur í laginu og ekki staðsettur framan við ökumann eða neðan við þá hæð sem sæti ökumann er í eru undanskilin frá kröfunum í lið 1.3.6.

1.3.7. Höfuð kveikjulykils skulu hafa hlífðarlok sem gert er úr gúmmíi eða plasti með ávölum brúnum.

1.3.7.1. Kveikjulyklar sem ekki þarf að setja í kveikjulás á meðan ökutækið er í gangi, eru slétt við eða umluktir af nærliggjandi yfirborði og hafa höfuð sem hægt er að brjóta að skafti eða hlaupi og sem eru staðsettir neðan við hæð sætis ökumanns eða ekki staðsettir framan við ökumann eru undanskildir kröfum í lið 1.3.7.

1.3.8. Alla hluta sem vísa út á við eða eru framstæðir á ökutæki þegar þeir eru í hefðbundinni og uppréttri stöðu og komast ekki í snertingu við prófunarbúnað en geta þó aukið hættu á eða alvarleika áverka eða skurðsára sem verða vegna þess að einstaklingur verður fyrir ökutæki, skal gera ávala.

2. **Kröfur sem gilda um ökutæki á þremur hjólum og fjórhjól**

2.1. Almennar kröfur

2.1.1. Ökutæki í flokkum L2e, L5e, L6e og L7e skulu uppfylla eftirfarandi almennar kröfur.

2.1.1.1. Ökutæki skulu ekki hafa beitta, hvassa eða framstæða hluta sem vísa út á við og eru af þannig lögun eða stærð, halla í þá átt eða hafa þannig hörku að þeir auki hættu á eða alvarleika áverka eða skurðsára einstaklinga sem verða fyrir eða strjúkast upp við ökutæki ef slys verður. Ökutæki skulu þannig hönnuð að hlutar og brúnir sem óvarðir vegfarendur, svo sem gangandi vegfarendur, eru líklegir til að komast í snertingu við ef slys verður, uppfylli kröfurnar í liðum 2.1.2 til 2.1.2.1.4.

2.1.2. Sértæk ákvæði fyrir ökutæki í flokkum L2e, L5e, L6e og L7e.

2.1.2.1. Ökutæki skulu uppfylla allar veiðeigandi kröfur í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 26, eins og mælt er fyrir um fyrir ökutækjaflokk M_1.

2.1.2.1.1. Með fjölbreytileika smíðaaðferða á ökutækjum í þessum flokki í huga sem og það hvort þau séu búin búnaði til að bakka má framleiðandinn þó, í stað krafna í lið 2.1.2.1, velja að beita kröfum í liðum 1.1 til 1.1.2.1 og liðum 1.2 til 1.3.8, eins og mælt er fyrir um fyrir ökutæki í flokkum L1e og L3e, sem ná yfir sérstaka útstæða hluta (t.d. fremri gaflar, hjól, bretti, aurbretti og vindhlífar sem og afturhlutar ökutækja sem ekki eru búin búnaði til að bakka) þess ökutækis sem á að gerðarviðurkenna, í samráði við tækniþjónustu og viðurkenningaryfirvald (t.d. vegna tegundar ökutækis sem hefur heildarásýnd bifhjóls en er þó búið þremur hjólum og þau falla því innan ökutækjaflokks L5e).

Viðeigandi útstæðir hlutir sem metnir eru í samræmi við þessi ákvæði skulu auðkennd með skýrum hætti í upplýsingaskjali og allt eftirstandandi ytra yfirborð skal uppfylla kröfurnar í liðum 2 til 2.1.2.1.4.

2.1.2.1.2. Ef ökutæki eru búin einhvers konar burðarvirki eða þili sem ætlað er að loka ökumann, farþega eða farangur af, að öllu leyti eða að hluta til eða ætlað að hylja tiltekna íhluti ökutækisins og ekki er hægt að meta hluta ytra yfirborðs með viðeigandi hætti með beitingu liðar 2.1.2.1.1 (t.d. að því er varðar þak, þakstoðir, hurðir, hurðarhúna, rúður, vélarhlíf, skottlok, hnappa til að opna, hleðslupalla) skulu þessir eftirstandandi útstæðu hlutar uppfylla allar viðeigandi kröfur reglugerðar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 26, eins og mælt er fyrir um fyrir ökutæki í flokki M_1.

2.1.2.1.3. Ef um er að ræða ökutæki í flokkum L2e-U, L5e-B, L6e-BU og L7e-CU skulu brúnir sem hægt er að komast í snertingu við samkvæmt ákvæðum sem mælt er fyrir um hér að framan og sem staðsett eru aftan við aftara þil, eða ef aftara þil er ekki til staðar, lóðrétt þverplan sem fer í gegnum punkt sem staðsettur er 50 cm aftan við viðmiðunarpunkt sætis í öftustu sætisstöðu, a.m.k. gerðar ávalar þegar þær skaga 1,5 mm eða meira fram á við.

2.1.2.1.4. Athugun á því hvort farið sé að ákvæðum skal fara fram án þess að skráningarmerkið sé á ökutækinu og því skulu flötur eða yfirborð fyrir skráningarmerki ekki undanþegin frá matinu.


1. viðbætir

Prófunarbúnaður

1. **Prófunarbúnaður fyrir útstæða hluta**

1.1. *Mynd AP1-1*

Skýringarmynd af prófunarbúnaði



2. **Málsmeðferð vegna notkunar**

2.1. Prófunarbúnaðurinn skal geymdur í stefnu sem tryggir að línan sem samsvarar horni sem er α = 90° haldist samsíða lengdarmiðjuplani ökutækisins á meðan á prófuninni stendur.

2.2. Neðri hluti prófunarbúnaðar (þ.e. 100 mm hár flötur) má hafa aðra hönnun vegna stöðugleika eða til hægðarauka. Komist neðri hlutinn í beina snertingu við ökutækið skal hann hinsvegar stilltur (t.d. með því að minnka hann staðbundið niður í minnst 150 mm þvermál) þannig að full snerting verði á milli ökutækis og þess hluta prófunarbúnaðarins sem er í 100 mm til 1200 mm hæð.

IX. VIÐAUKI

Kröfur sem gilda um geymslu eldsneytis

1. **Almennar kröfur**

1.1. „Gerð ökutækis að því er varðar eldsneytisgeymslu“: flokkur ökutækja sem eru ekki frábrugðin með tilliti til grundvallaratriða er varða lögun, stærð og eiginleika smíðaefnis sem og aðferðir við uppsetningu og staðsetningu eldsneytisgeymis á ökutæki,

1.2. Eldsneytisgeymar ökutækja sem hafa einn eða fleiri geyma skulu uppfylla eftirfarandi almennar kröfur:

1.2.1. Eldsneytisgeymar skulu gerðir úr þannig smíðaefnum að varmafræðilegir, aflfræðilegir og efnafræðilegir eiginleikar haldist viðeigandi við fyrirhuguð notkunarskilyrði.

1.2.2. Eldsneytisgeymar og aðliggjandi ökutækjahlutar skulu þannig hannaðir að þeir myndi ekki stöðurafmagnshleðslu sem gæti valdið neistum á milli geymis og grindar ökutækis sem gæti kveikt í blöndu lofts og eldsneytis.

1.2.3. Eldsneytisgeymar skulu þannig gerðir að þeir séu tæringarþolnir.

1.2.4. Eldsneytisgeymar skulu hafa viðeigandi búnað (t.d. op eða öryggisloka) sem losar sjálfkrafa um allan umframþrýsting eða allan þrýsting sem er umfram vinnsluþrýsting. Slíkur búnaður skal vera þannig hannaður að komið sé í veg fyrir alla áhættu á að kvikni í blöndu lofts og eldsneytis.

1.2.5. Eldsneytisgeymar skulu þannig hannaðir að eldsneyti sem lekur þegar verið er að fylla á geyminn geti ekki fallið á útblásturskerfi ökutækis, hreyfil eða aðra hluta drifrásar eða innan farþega- eða farangursrýmis, heldur lendi á jörðinni.

1.2.6. Ekki skal vera möguleiki á að eldsneyti flæði frá eldsneytisáfyllingarstút eða öðrum búnaði sem uppsettur er til þess að losa um umframþrýsting, jafnvel þó geymirinn sé alveg á hvolfi. Vikmörk leka eru að hámarki 30 g/mín, sem sannprófað er með prófunum sem lýst er í liðum 2.1 til 2.1.4. Ef hraði leka virðist ekki stöðugur skal tryggja að hámarkshraði leka sé ákvarðaður innan einnar mínútu tímaramma (þ.e. meðaltal ekki reiknað út yfir lengri tímaramma).

1.2.7. Enginn geymir skal staðsettur á yfirborði, eða mynda það (t.d. gólf, veggur, þak eða skilrúm), farþegarýmis eða annars rýmis sem er hluti af því, ef ökutækið hefur yfirbyggingu.

1.2.7.1. Hvað varðar þennan viðauka skal ökutæki teljast hafa farþegarými eða annað rými sem er hluti af því ef það hefur rúður úr öryggisgleri, hliðarhurðir, afturhurð, hliðarstoðir og/eða þak sem myndar rými sem er lokað af að hluta til eða öllu leyti. Tækniþjónusta skal færa skýr rök fyrir matsviðmiðunum í prófunarskýrslu.

1.2.8. Op eldsneytisáfyllingarstúts skal ekki staðsett í farþegarými, farangursrými eða vélarrými, séu þau til staðar.

1.2.8.1. Til viðbótar við lið 1.2.7.1. hér að ofan telst ökutæki hafa vélarrými eða farangursrými ef það hefur hliðarþil með vélarhlífinni og/eða skottlok sem í sameiningu mynda rými sem eru lokuð að fullu eða hluta til. Tækniþjónusta skal færa skýr rök fyrir matsviðmiðunum í prófunarskýrslu.

1.2.9. Eldsneytisgeymar skulu standast lekaþéttniprófun sem framkvæmd eru með innri þrýsting sem er jafn tvöföldum viðkomandi vinnsluþrýstingi (hönnunarþrýstingi) eða með yfirþrýstingi upp á 30 kPa, hvort sem er hærra, eins og lýst er í liðum 2.2. til 2.2.1. Öll op mega vera lokuð fyrir þessa prófun. Eldsneytisgeymir skal ekki springa eða leka á meðan á prófun stendur en hann má þó afmyndast varanlega.

1.2.9.1. Eldsneytisgeymar úr öðru efni en málmi teljast uppfylla þessa kröfu hafi þeir staðist prófun sem er lýst í liðum 3.4 til 3.4.1.

1.2.10. Framkvæma skal prófunina á eldsneytisgeymum úr öðru efni en málmi í samræmi við liði 3 til 3.7.5.1 til viðbótar við þær prófanir sem tilgreindar eru í liðum 2.1. til 2.1.4.

1.3. Ökutæki sem hafa einn eða fleiri eldsneytisgeyma skulu uppfylla eftirfarandi almennar kröfur:

1.3.1. Eldsneytisgeymar skulu uppsettir þannig að þeir virki sem skyldi við öll fyrirsjáanleg notkunarskilyrði.

1.3.2. Allir hlutar og íhlutir í eldsneytisskömmtun ökutækis skulu hafa fullnægjandi vernd af hlutum úr ramma eða yfirbyggingu, gegn snertingu við mögulegar hindranir á jörðu niðri. Ekki er gerð krafa um slíka vernd ef viðkomandi hlutar eða íhlutir sem staðsettir eru undir ökutækinu eru lengra frá jörðu en hlutar rammans eða yfirbyggingar sem staðsettir eru beint fyrir framan þá.

1.3.3. Allir hlutar og íhlutir eldsneytisskömmtunar ökutækisins skulu hannaðir, framleiddir og uppsettir með þeim hætti að þeir þoli áhrif innri og ytri tæringar sem þeir komast í snertingu við. Enginn hluti eða íhlutur eldsneytisskömmtunar skal verða fyrir óeðlilegum núningi eða álagi af völdum hreyfingar sem verður við snúning, svignun eða titring burðarvirkis ökutækis, vélar eða gírskiptingar.

1.3.4. Ökutæki með knúningskerfi sem ganga fyrir fljótandi jarðolíugasi og geymar fyrir fljótandi jarðolíugas skulu uppfylla allar viðeigandi kröfur um uppsetningu og búnað í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 67([13]) eins og mælt er fyrir um fyrir ökutæki í flokki M_1.

1.3.5. Ökutæki með knúningskerfi sem ganga fyrir þjöppuðu jarðgasi og geymar fyrir þjappað jarðgas skulu uppfylla allar viðeigandi kröfur um uppsetningu og búnað í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 110([14]) eins og mælt er fyrir um fyrir ökutæki í flokki M_1.

2. **Prófanir á eldsneytisgeymum**

2.1. Veltiprófun

2.1.1. Festa skal geyminn ásamt öllum fylgihlutum við prófunarfestingu með sambærilegum hætti og honum er komið fyrir í ökutækinu sem geymirinn er gerður fyrir. Þetta gildir einnig fyrir kerfi fyrir jöfnun þrýstings að innanverðu.

2.1.2. Prófunarfestingin skal snúast um ás sem liggur samhliða lengdarási ökutækisins.

2.1.3. Prófunin skal fara fram með geyminn fylltan að þremur tíundu hlutum af heildarnafnrúmmáli og einnig níu tíundu hlutum af heildarnafnrúmmáli með óeldfimum vökva sem hefur svipaðan eðlismassa og seigju og það eldsneyti sem er notað að jafnaði, eða með vatni.

2.1.4. Snúa skal geyminum 90° til vinstri frá upphaflegri stöðu. Geymirinn skal vera kyrr í þessari stöðu í a.m.k. fimm mínútur. Því næst skal snúa geyminum aðrar 90° í sömu átt. Halda skal geyminum í þessari stöðu, þar sem hann er alveg á hvolfi, í a.m.k. fimm mínútur til viðbótar. Snúa skal geyminum til baka í venjulega stöðu.

Tæma skal prófunarvökva sem hefur ekki flætt til baka frá útrásarkerfinu inn í geyminn og endurfylla ef nauðsyn krefur.

Snúa ber geyminum 90° til hægri frá upphaflegri stöðu. Geymirinn skal vera kyrr í þessari stöðu í a.m.k. fimm mínútur. Því næst skal snúa geyminum aðrar 90° í sömu átt. Halda skal geyminum í þessari stöðu, þar sem hann er alveg á hvolfi, í a.m.k. fimm mínútur til viðbótar. Snúa skal geyminum til baka í venjulega stöðu.

90° snúningur skal eiga sér stað á einnar til þriggja mínútna fresti.

2.2. Vökvaprófun

2.2.1. Framkvæma skal vökvaþrýstiprófun á innri þrýstingi geymisins og nota til þess aðskilda einingu fullbúna öllum fylgihlutum. Geymirinn skal fylltur alveg með óeldfimum vökva sem hefur svipaðan eðlismassa og seigju og það eldsneyti sem er notað að jafnaði, eða með vatni. Eftir að allt samband við ytra umhverfið hefur verið rofið skal auka þrýstinginn smátt og smátt í gegnum eldsneytisleiðslu að hreyfli uns hlutfallslegum innri þrýstingi er náð eins og tilgreint er í lið 1.1.9 og þessum þrýstingi skal viðhaldið í a.m.k. 60 sekúndur.

3. **Sértækar kröfur og prófanir fyrir eldsneytisgeyma sem gerðir eru úr öðru efni en málmi**

3.1. Gera skal eftirfarandi prófanir á eldsneytisgeymum sem gerðir eru úr öðru efni en málmi:

— groppuprófun,

— hristingsprófun,

— prófun á vélrænum styrk,

— eldsneytisþolsprófun,

— hitaþolsprófun,

— prófun á brunaþoli.

([13]) Stjtíð. ESB L 72, 14.3.2008, bls. 1.
([14]) Stjtíð. ESB L 120, 7.5.2011, bls. 1.

3.2. Groppuprófun sem skal framkvæmd á alveg nýjum eldsneytisgeymi

3.2.1. Groppuprófunin sem er hluti af prófun IV sem um getur í V. viðauka (A) við reglugerð (ESB) nr. 168/2013, án þess að tekið sé tillit til flæðismælinga vegna prófunar í samræmi við þennan viðauka, skal framkvæmd á fullnægjandi fjölda geyma vegna prófunar í samræmi við liði 3.3. til 3.7.5.1.

3.3. Hristingsprófun sem skal framkvæmd á eldsneytisgeymi sem búið er að framkvæma groppuprófun á

3.3.1. Eldsneytisgeymir er fylltur að heildarnafnrúmmáli með blöndu af 50% vatni og 50% etýlenglýkól eða með öðrum kælivökva sem tærir ekki efnið sem geymirinn er gerður úr og hefur frostmark sem er lægra en (243,2 2K (– 30,2 °C)).

Hitastig efnanna í eldsneytisgeymi á meðan á prófun stendur skal vera (253,2 2K (– 20,2 °C)). Geymirinn er kældur niður í samsvarandi umhverfishita. Eldsneytisgeymir getur einnig verið fylltur með hæfilega kældum vökva, að því tilskildu að hann sé látinn bíða við prófunarhitastig í a.m.k. klukkustund.

Pendúll er notaður við prófunina. Högghluti pendúlsins skal vera í laginu eins og jafnhliða, þríhyrndur pýramídi með krappageisla sem er 3,0 mm við topp og brúnir. Massi pendúlsins sem hreyfist frjálst skal vera 15 kg ± 0,5 kg og ekki skal beita minni orku á pendúlinn en sem nemur 30,0 J fyrir hvert högg á eldsneytisgeyminn.

Tækniþjónusta skal velja þann fjölda staða á eldsneytisgeymi sem prófa skal og skulu þeir endurspegla staðsetningar þar sem áhætta þykir líkleg vegna uppsetningar geymisins og staðsetningar hans á ökutæki. Ekki skal taka tillit til hlífðarbúnaðar sem ekki er úr málmi en við mat á áhættu má taka tillit til röraramma eða grindar.

Notast má við fleiri en einn eldsneytisgeymi til að ljúka öllum höggum að því tilskildu að groppuprófun hafi verið gerð á öllum geymum sem notast á við.

Enginn vökvi skal leka í kjölfar eins höggs á neinum þeirra staða sem prófaðir eru.

3.4. Prófun á vélrænum styrk sem skal framkvæmd á eldsneytisgeymi sem búið er að framkvæma groppuprófun á

3.4.1. Eldsneytisgeymir er fylltur upp í heildarnafnrúmmál og prófunarvökvinn sem notaður er skal vera vatn við (326,2 ± 2K (53 ± 2 °C)). Svo skal beita innri þrýstingi á geyminn sem er jafn tvöföldum hlutfallslegum vinnsluþrýstingi (hönnunarþrýstingi) eða yfirþrýstingi sem er 30 kPa, hvort sem er hærra. Geymirinn skal vera lokaður og undir þrýstingi í a.m.k. fimm klukkustundir við umhverfishita sem er (326,2 ± 2K (53 ± 2 °C)).

Eldsneytisgeymirinn skal ekki sýna nein merki um leka og skal ekki verða ónothæfur vegna nokkurrar varanlegrar eða tímabundinnar aflögunar sem orðið getur. Taka skal tillit til sértækra uppsetningarskilyrða ef leggja á mat á afmyndun á geyminum.

3.5. Eldsneytisþolsprófun sem framkvæma skal á sýnishornum af alveg nýjum eldsneytisgeymi og sýnishornum af eldsneytisgeymi sem búið er að framkvæma groppuprófun á

3.5.1. Sex hlutar fyrir prófun á togþoli sem hafa u.þ.b. sömu þykkt eru teknir á flötum eða næstum flötum fleti á alveg nýjum eldsneytisgeymi. Togþol þeirra og fjaðurmörk ákvarðast við (296,2 ± 2K (23,2 ± 2 °C)) við lengingarhraða sem nemur 50 mm/mín. Fengin gildi skulu borin saman við togþol og fjöðrunargildi sem fást úr svipuðum prófunum sem gerðar eru með því að nota eldsneytisgeymi sem búið er að framkvæma groppuprófun á. Efnið skal teljast samþykkt ef ekki munar meira en 25% á togþoli.

3.6. Háhitaprófun sem skal framkvæmd á sýnishorni eldsneytisgeymis sem búið er að framkvæma groppuprófun á

3.6.1. Eldsneytisgeymir skal uppsettur á dæmigerðan hluta ökutækis og fylltur að 50% af heildarnafnrúmmáli með vatni við (293,2 ± 2K (20 ± 2 °C)). Prófunarhlutar, þ.m.t. eldsneytisgeymir, skulu uppsettir við umhverfishita sem nemur (343,2 ± 2K (70 ± 2 °C)) í 60 mínútur, eftir það skal eldsneytisgeymir ekki sýna nein merki um varanlega aflögun eða leka og skal að fullu vera í nothæfu ástandi.

3.7. Brunaþolprófun sem skal framkvæmd á sýnishorni eldsneytisgeymis sem búið er að framkvæma groppuprófun á

3.7.1. Undirbúningur prófunarsýna

3.7.1.1. A.m.k. tíu flöt eða næstum flöt prófunarsýnishorn sem eru 125 ± 5 mm löng og 12,5 ± 0,2 mm breið skulu tekin úr einum eða fleiri eldsneytisgeymum sem búið er að framkvæma groppuprófun á. Ef hönnunareinkenni eldsneytisgeymis (t.d. lögun) koma í veg fyrir að slík prófunarsýnishorn séu tekin telst þó ásættanlegt fyrir

þessa prófun að bera saman einn eða fleiri sérstaka geyma sem hafa sambærilega eiginleika en fleiri flöt eða næstum flöt yfirborð í veggjum. Heildarþykkt allra sýnishorna skal vera innan ± 5 % frá þykkasta sýnishorni.

3.7.1.2. Gera skal tvær línur í hvert sýnishorn, eina við 25 mm og aðra við 100 mm frá einum enda.

3.7.1.3. Brúnir prófunarsýnishorna skulu vera skarpt afmarkaðar. Brúnir sem verða til við sögun skulu slípaðar fínt niður til að fá sléttara yfirborð.

3.7.2. Prófunarbúnaður

3.7.2.1. Prófunarklefinn samanstendur af reykhettu fyrir rannsóknarstofu sem er alveg lokuð af og hitaþolnum skoðunarglugga fyrir prófanir. Nota má spegil í sérstökum prófunarbyrgjum til að sjá megi sýnishornið aftan frá.

Slökkt skal vera á reykgleypandi viftu á meðan á prófun stendur og til að koma í veg fyrir myndefni frá bruna ætti að endurræsa hana strax að prófun lokinni.

Einnig má framkvæma prófun innan í málmkassa sem staðsettur er fyrir neðan reykhettu með reykgleypandi viftu í gangi.

Efstu og neðstu hliðar kassans skulu hafa loftræstigöt sem hleypa nægilegu lofti í gegn fyrir brunann án þess að dragsúgur nái til brennandi sýnishornsins.

3.7.2.2. Burðarstoðin skal hafa tvær gripklær sem hægt er að setja í hvaða stöðu sem er með snúningsliðum.

3.7.2.3. Brennarinn skal vera gaskyntur af gerðunum „Bunsen“ eða „Tirill“ og hafa 10 mm stút. Stúturinn skal ekki uppsettur með neinum fylgihlut.

3.7.2.4. Nota skal skilrúm úr málmi með möskvastærðina 20 og heildarþvermál sem nemur u.þ.b. 100 × 100 mm.

3.7.2.5. Nota skal vatnsbað með ráðlögð mál sem eru u.þ.b. 150 × 75 × 30 mm.

3.7.2.6. Nota skal tímamæli (sem sýnir sekúndur).

3.7.2.7. Nota skal kvarða (sem sýnir millimetra).


3.7.2.8. Nota skal rennimál (með nákvæmni upp á a.m.k. 0,05 mm) eða sambærilegan mælibúnað.

3.7.3. Prófunarferli

3.7.3.1. Sýnishornið er fest við eina gripklóna á grunnfletinum við þann enda sem næstur er 100 mm markinu, með láréttan lengdarás og þverás í láréttum 45°. Neðan við prófunarsýni skal hreint skilrúm úr málmi fest á aðra gripkló og staðsett 10 mm lárétt neðan við brún sýnishornsins þannig að það standi u.þ.b. 13 mm fram fyrir brún skilrúmsins (sjá mynd 9-1). Fullt vatnsbað skal staðsett á borði reykhettu þannig að það taki við öllum glóandi ögnum sem fallið geta á meðan á prófun stendur.

Mynd 9-1

Uppsetning fyrir brunaþolsprófun



Athugasemdir:

1) TS = prófunarsýnishorn,
2) WMF = ofnar málmtrefjar.

3.7.3.2. Loftstreymi til brennara skal þannig stillt að u.þ.b. 25 mm blár logi myndist.

3.7.3.3. Brennari skal staðsettur þannig að loginn snerti ytri brún prófunarsýnishornsins (sjá mynd 1) á sama tíma og tímamælir er ræstur.

Loginn er látinn snerta sýnishornið í 30 sekúndur. Ef sýnishornið afmyndast, bráðnar eða minnkar skal loginn færður þannig að hann haldi enn snertingu við það. Veruleg afmyndun sýnishornsins á meðan á prófun stendur getur þó ógilt niðurstöður.

Brennari skal fjarlægður eftir 30 sekúndur eða þegar fremsti hluti logans nær 25 mm markinu, hvort sem gerist fyrr. Brennari skal færður a.m.k. 450 mm frá sýnishorninu og reykhetta skal vera lokuð.

3.7.3.4. Þegar fremsti hluti logans nær 25 mm markinu skal skrá tilgreindan tíma í sekúndum sem t_1.

3.7.3.5. Tímamælir er stöðvaður þegar bruni (með eða án loga) hættir eða nær 100 mm markinu frá lausum enda. Tilgreindur tími skal skráður sem t. Þegar kviknar aftur í sýnishorni út frá brennandi efni á málmskilrúmi má ógilda prófunarniðurstöður.

3.7.3.6. Ef bruni nær ekki 100 mm markinu er lengd óbrennds svæðis frá 100 mm markinu meðfram neðri brún sýnishornsins mæld og námunduð upp eða niður að næsta millimetra. Lengd brunasvæðis er því jöfn 100 mm að frádreginni lengd óbrennda svæðisins, gefin upp í mm.

3.7.3.7. Ef sýnishorn hefur brunnið upp að eða umfram 100 mm markið skal reikna hraða brunans út með eftirfarandi hætti: $((75)/(t - t_1))$ og gefið upp í mm/s.

3.7.3.8. Prófunin sem lýst er í liðum 3.7.3.1 til 3.7.3.7 skal endurtekin á mismunandi sýnishornum þar til þrjú sýni hafa brunnið upp að eða umfram 100 mm markið eða búið er að prófa tíu sýnishorn.

3.7.3.9. Ef aðeins eitt sýnishorn af tíu brennur upp að eða umfram 100 mm markið skal endurtaka prófun í liðum 3.7.3.1 til 3.7.3.7 á í mesta lagi tíu nýjum sýnishornum.

3.7.4. Framsetning niðurstaðna

3.7.4.1. Í prófunarskýrslunni skulu koma fram a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

— fjöldi prófaðra sýnishorna,

og að því er varðar hvert stakt sýnishorn:

— auðkennismerki,

— aðferð við undirbúning og geymslu,

— mæld þykkt á hverjum þriðjungi lengdar sýnishornsins (mm, með a.m.k. einum aukastaf),

— brunatíma(-tímar),

— lengd bruna (mm),

— yfirlýsing og ástæða fyrir því að sýnishorn brennur ekki upp að 100 mm markinu (t.d. þar sem það lekur, rennur eða brotnar niður í brenndar agnir),

— yfirlýsing ef kviknar aftur í sýnishorni út frá brennandi efni sem sett er á ofna málmskilrúmið.

3.7.4.2. Ef a.m.k. tvö sýnishorn hafa brunnið upp að eða umfram 100 mm markið skal ákvarða meðalhraða bruna (gefinn upp í mm/s og ákvarðaður út frá fjölda niðurstaðna og reiknaður út í samræmi við formúluna í lið 3.7.3.7). Meðalhraði bruna er þannig meðalhraði bruna allra sýna sem brunnið hafa upp að eða umfram 100 mm markið. Þetta gildi skal borið saman við kröfur í liðum 3.7.5 til 3.7.5.1 og ekki skal framkvæma útreikninga og sannprófanir sem um getur í lið 3.7.4.3.

3.7.4.3. Reikna skal út meðal brunatíma og meðal brunalengd ef ekkert sýnishorn af tíu sýnishornum eða ekki meira en eitt sýnishorn af tuttugu sýnishornum hefur brunnið upp að 100 mm markinu.

Jafna 9-1:

$$\text{ACT (s)} = \sum_{i=1}^{n} \cdot ((t_i - 30)/(n))$$

þar sem n er fjöldi sýnishorna.

Niðurstöður eru námundaðar upp eða niður að næsta fimm sekúndna bili. Þó skal ekki nota gildi meðal brunatíma upp á 0 sekúndur. (þ.e. ef bruni varir frá því að vera styttri en 2 sekúndur og allt að 7 sekúndur er meðal brunatími 5 sekúndur, ef bruni varir í á milli 8 og 12 sekúndur er meðal brunatími 10 sekúndur, ef bruni varir í á milli 13 og 17 sekúndur er meðal brunatími 15 sekúndur, o.s.frv.).

Jafna 9-2:

$$\text{Meðal brunalengd. (mm)} = \sum_{i=1}^{n} \cdot ((100 \text{ óbrennd lengd}_i)/(n))$$

þar sem n er fjöldi sýnishorna.

Niðurstöður eru gefnar upp í tengslum við næsta 5 mm bil (þ.e. tilgreina skal „undir 5 mm“ ef brunalengd er minni en 2°mm og því má aldrei gefa upp meðal brunalengd upp á 0 mm).

Þar sem eitt sýnishorn af 20 brennur upp að eða umfram 100 mm markið skal ganga út frá að brunalengd þess sýnis (þ.e. gildið (100 – óbrennd lengd$_i$)) sé 100 mm.

Jafna 9-3:

Meðalhraði bruna er því (meðal brunalengd/ meðal brunatíma) (gefið upp í mm/s).

Þetta gildi skal borið saman við kröfurnar sem mælt er fyrir um í liðum 3.7.5 til 3.7.5.1.

3.7.5. Kröfur er varða brunaþol efna í eldsneytisgeymi, annarra en málms

3.7.5.1. Efni í eldsneytisgeymi skulu ekki hafa meðal brunahraða sem er meiri en 0,64 mm/s eins og kveðið er á um í samræmi við prófunaraðferð sem mælt er fyrir um í liðum 3.7 til 3.7.4.3.

X. VIÐAUKI

Kröfur sem gilda um hleðslupalla

1. **Tilgangur**

1.1. Ef hleðslupallur er uppsettur á ökutæki í (undir)flokki L2e, L5e-B, L6e-B, L7e-B eða L7e-C skal samsetning ökutækis og hleðslupallar vera í samræmi við lágmarksviðmiðanir fyrir smíði til að flytja vörur með öruggum hætti.

2. **Kröfur**

2.1. Ef hleðslupallur er uppsettur skal hann aðeins hannaður til að flytja vöru og hafa opinn eða lokaðan vörupall sem skal vera svo til sléttur og láréttur.

2.2. Þungamiðja ökutækis í flokki L með hlaðinn pall og án ökumanns skal vera á milli ásanna.

2.3. Mál pallsins skulu vera þannig að:

2.3.1. Lengd vörupalls sem er fjarlægð frá fremsta innri punkti til aftasta innri punktar farmsvæðis mæld lárétt á lengdarplani ökutækis, sé ekki meiri en 1,4 sinnum sporvídd að framan eða aftan á ökutæki í flokki L, hvort sem er stærra,

Undirflokkar L6e-BU og L7e-CU eru undanþegnir þessari kröfu.

2.3.2. Breidd vörupalls fari ekki yfir hámark heildarbreidd ökutækis í flokki L án palls.

2.3.3. Fullnægjandi hliðarvernd sé veitt til að koma í veg fyrir að vörur á hleðslupalli detti af honum.

2.4. Pallur skal vera samhverfur miðað við lengdarmiðjuplan ökutækis í flokki L.

2.5. Hæð hleðslupalls yfir jörðu skal ekki vera meiri en 1000 mm.

2.6. Hleðslupallur skal festur við ökutæki í flokki L þannig að komið sé í veg fyrir alla hættu á að hann losni óvart frá.

2.7. Gerð palls og festing hans skal vera þannig að við eðlilega hleðslu haldist sjónsvið ökumanns fullnægjandi og ýmiss konar skyldubundinn ljósa- og ljósmerkjabúnaður sinni ennþá eðlilegri starfsemi sinni.

2.8. Framleiðandi ökutækis skal tilgreina flutningsgetu fyrir slíka hleðslupalla.

2.9. Á hleðslupalli skulu vera fullnægjandi festingarpunktar fyrir festingarbúnað fyrir farmmassa.

XI. VIÐAUKI

Kröfur sem gilda um massa og mál

1. **Tilgangur**

1.1. Í þessum viðauka er mælt fyrir um kröfur fyrir gerðarviðurkenningu ökutækja í flokki L að því er varðar massa þeirra og mál.

2. **Framlagning forskrifta um massa ökutækja og prófunarkröfur til að ákvarða slíkar forskriftir um massa**

2.1. Í umsókn um ESB-gerðarviðurkenningu fyrir gerð ökutækis að því er varðar massa þess og mál skal framleiðandi, fyrir hverja útfærslu innan gerðar ökutækis, óháð smíðastigi ökutækis, veita viðurkenningaryfirvaldi upplýsingar um eftirfarandi massa:

2.1.1. massa ökutækis sem er tilbúið til aksturs eins og um getur í 5.gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013,

2.1.2. raunmassa,

2.1.3. tæknilega leyfilegan hámarksmassa með hleðslu,

2.1.4. tæknilega leyfilegan hámarksmassa á hvern ás,

2.1.5. ef við á, tæknilega leyfilegan hámarksdráttarmassa,

2.1.6. ef við á, tæknilega leyfilegan hámarksmassa á tengipunkti, með tilliti til tæknilegra eiginleika tengjanna sem eru sett í ökutæki eða hægt er að setja í ökutæki, eftir því sem við á,

2.1.7. ef við á, massa valfrjáls búnaðar,

2.1.8. ef við á, massa burðarvirkis yfirbyggingar,

2.1.9. Ef við á, massa knúningsrafgeymis.

2.2. Þegar massi, sem um getur í 2. lið, er ákvarðaður, skal framleiðandi taka mið af bestu starfsvenjum í verkfræði og bestu tækniþekkingu, sem völ er á, til þess að lágmarka hættu á vélrænum bilunum, einkum þeim sem stafa af málmþreytu og til að koma í veg fyrir skemmdir á vegagrunnvirki.

2.3. Þegar framleiðandi ákvarðar massann, sem um getur í 2. lið, skal hann taka tillit til hámarkshraða miðað við smíðaeiginleika ökutækisins.

Hafi framleiðandi útbúið ökutæki með hraðatakmörkunarbúnaði fyrir ökutæki skal hámarkshraði, ökutækis samkvæmt smíðaeiginleikum, vera réttur, leyfður hraði ökutækis samkvæmt hraðatakmörkunarbúnaði ökutækisins.

2.4. Þegar massi sem um getur í 2. lið er ákvarðaður skal framleiðandi ekki setja takmarkanir á notkun ökutækisins nema að því er varðar afkastagetu hjólbarða sem hægt er að aðlaga að hraða miðað við smíðaeiginleika.

2.5. Þegar um er að ræða ófullbúin ökutæki, þ.m.t. ökutæki með undirvagni og stýrishúsi, þar sem krafist er fleiri þrepa til að teljast fullbúin, skal framleiðandinn veita framleiðendunum á næsta þrepi allar viðeigandi upplýsingar svo kröfur þessarar reglugerðar séu áfram uppfylltar.

Að því er varðar fyrsta undirlið skal framleiðandi tilgreina staðsetningu þungamiðju massans sem samsvarar samanlögðu álagi.

2.6. Þegar valfrjáls búnaður hefur veruleg áhrif á massa og mál ökutækis skal framleiðandinn veita tækniþjónustu upplýsingar um staðsetningu, massa og staðsetningu þyngdarpunkts að því er varðar ása valfrjálsa búnaðarins sem unnt er að setja í ökutækið.

2.7. Þegar viðurkenningaryfirvaldið eða tækniþjónustan telur það nauðsynlegt, er þeim heimilt að óska eftir að framleiðandinn leggi fram dæmigert ökutæki fyrir gerðina sem á að viðurkenna, í eftirlitsskyni.

2.8. Ef um er að ræða ökutæki til sérstakra nota í undirflokkum L5e-B, L6e-BU og L7e-CU sem ætluð eru til flutninga á vörum og hönnuð til að hafa yfirbyggingar sem hægt er að skipta um skal heildarmassi þessara yfirbygginga vera hluti af farmmassa. Í slíku tilviki skal eftirfarandi viðbótarskilyrðum fullnægt:

2.8.1. hægt er að skipta um yfirbyggingu ef auðvelt er að fjarlægja hana af stýrishúsi undirvagnsins,

2.8.2. í upplýsingaskjali skal framleiðandi ökutækis gefa upp leyfileg hámarksmál, heildarmassa yfirbygginga, takmörkun á staðsetningu þungamiðju sem og hafa teikningu með staðsetningu festibúnaðar.

2.9. Uppfylla skal prófunarskilyrði og kröfur í 1. viðbæti til þess að ákvarða massa sem framleiðandi gefur viðurkenningaryfirvaldi upp.

3. **Framlagning á málum ökutækis og prófunarkröfur til að ákvarða mál**

3.1. Í umsókn um ESB-gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki að því er varðar massa þess og mál skal framleiðandi, fyrir hverja útfærslu innan gerðar ökutækis, óháð smíðastigi ökutækis, veita viðurkenningaryfirvaldi upplýsingar um eftirfarandi mál ökutækis [í mm]:

3.1.1. lengd ökutækis, þ.e. fjarlægð á milli tveggja lóðréttra plana sem eru hornrétt á lengdarplan ökutækis og snerta, hvort fyrir sig, fram- og afturhlið ökutækis,

3.1.2. breidd ökutækis, þ.e. fjarlægð á milli tveggja plana sem liggja samsíða lengdarplani ökutækis og snerta ökutækið öðru hvoru megin við það plan,

3.1.3. hæð ökutækis, þ.e. fjarlægð á milli stoðplans ökutækis og samsíða plans sem snertir efri hluta ökutækis,

3.1.4. hjólhaf ökutækis, þ.e. málin sem um getur í lið 6.4.1 í ISO-staðli 612:1978,

3.1.5. fyrir ökutæki með tvöföld hjól eða fyrir ökutæki á þremur eða fjórum hjólum: sporvídd að framan og/eða aftan, þ.e. fjarlægðin sem um getur í lið 6.5 í ISO-staðli 612:1978,

3.1.6. ef við á, $lengd_{loading\ bed}$ og $breidd_{loading\ bed}$

3.2. Uppfylla skal prófunarskilyrði og kröfur í 1. viðbæti til þess að ákvarða mál sem framleiðandi gefur upp.

3.3. Raunveruleg mál sem um getur í lið 3.1 mega víkja í mesta lagi 3% frá þeim sem framleiðandi gefur upp.

1. viðbætir

Sértækar kröfur að því er varðar massa og mál ökutækja í flokki L

1. **Sértækar kröfur varðandi mál ökutækis**

1.1. Að því er varðar þær mælingar sem settar eru fram í 3. lið í XI. viðauka:

1.1.1. Ökutækið skal vera með eigin massa og tilbúið til aksturs, standa á láréttu, sléttu yfirborði, með loft í hjólbörðum við þann þrýsting sem framleiðandi mælir með,

1.1.2. Ökutækið skal vera í lóðréttri stöðu og hjólin í stöðu sem samsvarar þeirri þegar ekið er í beinni línu,

1.1.3. Stoðplan skal bera öll hjól ökutækis, að varahjólum undanskildum.

1.2. Við ákvörðun á málum ökutækis skal ekki taka tillit til tækja og búnaðar sem um getur í þessum 1. lið.

1.3. Að því er varðar lengd ökutækis skulu allir íhlutir ökutækis og þá einkum áfastir íhlutir sem ná í átt að fremri eða aftari enda (stuðarar, aurbretti, o.s.frv.) vera innan tveggja plana eins og um getur í lið 3.1.1 í XI. viðauka, að tengibúnaði undanskildum.

1.4. Að því er varðar breidd ökutækis skulu allir íhlutir ökutækis og þá einkum allir áfastir íhlutir sem ná út að hliðum ökutækis vera innan plananna tveggja sem um getur í lið 3.1.2 í XI. viðauka, að baksýnisspegli/um undanskildum.

1.5. Að því er varðar hæð ökutækis skulu allir áfastir íhlutir á ökutæki vera innan plananna tveggja sem um getur í lið 3.1.3 í XI. viðauka, að baksýnisspegli/-um undanskildum.

1.6. Að því er varðar hæð ökutækis sem hlaðið er raunmassa yfir jörð skal stysta fjarlægð á milli jarðflatar og lægsta fasta punktar ökutækis vera mæld á milli ása og undir ásum ef við á, í samræmi við 1. viðbæti við II. viðauka við tilskipun 2007/46/EB([15]). Öll fjöðrunarkerfi sem hafa sjálfvirka stillingu eða hægt er að stilla handvirkt og uppsett eru á ökutæki og geta hugsanlega orsakað breytilega hæð yfir jörðu, skulu vera í lægstu stillingu. Minnsta mælifjarlægð skal teljast hæð ökutækis yfir jörðu.

1.7. Ökutæki í flokki L7e-B2 (torfæruvagn (*e. buggy*)) sem uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í lið 1.6 skulu uppfylla a.m.k. fimm af eftirfarandi sex kröfum:

1.7.1. flái að framan ≥ 25 gráður,

1.7.2. flái að aftan ≥ 20 gráður,

1.7.3. fríhorn ≥ 20 gráður,

1.7.4. hæð frá jörðu undir framás ≥ 180 mm,

1.7.5. hæð frá jörðu undir afturás ≥ 180 mm,

1.7.6. lágmarkshæð frá jörð milli ása ≥ 180 mm.

1.8. Mæla skal fláa að framan, fláa að aftan og hæð yfir jörðu í samræmi við 1. viðbæti við II. viðauka við tilskipun 2007/46/EB.

2. **Sértækar kröfur varðandi massa ökutækis**

2.1. Samanlagður tæknilega leyfilegur hámarksmassi á ása skal ekki vera minni en tæknilega leyfilegur hámarksmassi ökutækisins með hleðslu.

2.2. Sértækar kröfur að því er varðar takmarkanir á massa valfrjáls búnaðar og tæknilega leyfilegur hámarksmassi ökutækis með hleðslu

2.2.1. Fyrir ökutæki í flokkum L2e, L5e, L6e og L7e sem hafa takmarkaðan massa þegar þau eru tilbúin til aksturs skal massi valfrjáls búnaðar takmarkaður við 10% af takmörkum massa ökutækis sem er tilbúið til aksturs eins og mælt er fyrir um í I viðauka við reglugerð (ESB) nr. 168/2013.

([15]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun) (Stjtíð. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1).

2.2.2. Tæknilega leyfilegur hámarksmassi ökutækis með hleðslu skal ekki vera minni en raunmassi.

2.3. Þegar hleðsla ökutækis samsvarar tæknilega leyfilegum hámarksmassa með hleðslu, skal massi á hvern ás ekki vera meiri en tæknilega leyfilegur hámarksmassi á þann ás.

2.4. Þegar hleðsla ökutækis samsvarar tæknilega leyfilegum hámarksmassa með hleðslu, skal massi á fremsta ás aldrei vera minni en 30% af tæknilega leyfilegum hámarksmassa ökutækisins með hleðslu.

2.4.1. Þegar hleðsla ökutækis samsvarar tæknilega leyfilegum hámarksmassa með hleðslu, að viðbættum tæknilega leyfilegum hámarksmassa á tengipunkti, skal massi á fremsta ás aldrei vera minni en 20% af tæknilega leyfilegum hámarksmassa ökutækisins með hleðslu.

2.5. Ökutækjum í flokki L getur verið heimilt af draga eftirvagna ≤ 50% af massa ökutækisins þegar það er tilbúið til aksturs.

2.6. Þegar ökutæki er búið sætum, sem hægt er að fjarlægja, skal sannprófunarferlið takmarkast við aðstæður þar sem um er að ræða hámarksfjölda uppsettra sæta.

2.7. Þar sem ökutæki er búið sætum og í þeim tilgangi að sannprófa kröfur í liðum 2.2, 2.3 og 2.4:

a) skulu sætin stillt eins og lýst er í lið 2.7.1,

b) skal dreifing massa farþega, farmmassa og massa valfrjáls búnaðar vera eins og mælt er fyrir um í liðum 2.7.2 til 2.7.6.

2.7.1. Sætisstillingar

2.7.1.1. Ef hægt er að stilla sæti skulu þau stillt í öftustu stöðu.

2.7.1.2. Þegar aðrir möguleikar eru fyrir hendi, að því er varðar sætastillingar (lóðrétt, hornrétt, sætisbak o.s.frv.), skulu stillingarnar vera eins og framleiðandi ökutækisins tilgreinir.

2.7.1.3. Ef um er að ræða fjaðrandi sæti skal sætið læst í þeirri stöðu sem framleiðandinn tilgreinir.

2.7.2. Dreifing massa ökumanns og farþega til að mæla massa ökutækis

2.7.2.1. Fyrir (undir)flokka L1e og L3e er áætlaður massi ökumanns 75 kg, sem deilist niður á 65 kg fyrir líkamsþyngd á viðmiðunarpunkti sætis og 10 kg fyrir massa farangurs í samræmi við ISO-staðal 2416-1992. Þar sem sæti hefur aðeins eina sætisstöðu (ekkert aukasæti) skal massi ökumanns staðsettur í þeirri stöðu.

2.7.2.2. Fyrir öll önnur ökutæki í flokki L skal massi sem gert er ráð fyrir vegna ökumanns vera 75 kg og massi sem gert er ráð fyrir vegna farþega vera 65 kg á hvern farþega.

2.7.2.3. Massi fyrir ökumann og fyrir hvern farþega skal vera staðsettur í viðmiðunarpunkti sætis.

2.7.3. Dreifing massa valfrjáls búnaðar

2.7.3.1. Dreifa skal massa valfrjáls búnaðar í samræmi við forskriftir framleiðanda.

2.7.4. Dreifing farmmassa

2.7.4.1. Dreifa skal farmmassa í samræmi við forskriftir framleiðanda í samráði við tækniþjónustu.

2.7.5. Að því er varðar ökutæki til sérstakra nota sem hafa yfirbyggingar í (undir)flokkum L2e-U, L5e-B, L6e-BU, L7e-B eða L7e-CU skal farmmassa dreift jafnt á vörupallinn.

2.7.6. Að því er varðar ökutæki til sérstakra nota sem ekki hafa yfirbyggingu (t.d. undirvagn með stýrishúsi) í (undir)flokkum L2e-U, L5e-B, L6e-BU, L7e-B eða L7e-CU skal framleiðandinn gefa upp ystu leyfilegu staðsetningarmörk þungamiðju farmmassa (t.d. frá 0,20 m að 0,50 m framan við fyrsta afturás).

2.8. Leyfilegur farmmassi

2.8.1. Leyfilegur hámarksfarmmassi ökutækis skal takmarkaður samkvæmt gildum sem sett eru fram í töflu Ap1-1 hér að neðan.

Tafla Ap1-1

Leyfilegur farmmassi

Flokkur eða undirflokkur ökutækis	Leyfilegur farmmassi (kg)
L1e-A/L1e-B/L2e-P/L6e-A/L6e-BP	Leyfilegur hámarksfarmmassi sem framleiðandi tilgreinir, en aldrei meiri en 250 kg.
L2e-U/L6e-BU	Leyfilegur hámarksfarmmassi sem framleiðandi tilgreinir, en aldrei meiri en 300 kg.
L3e/L4e/L5e-A/L7e-A/L7e-B/L7e-CP	Hámarksfarmmassi sem framleiðandi tilgreinir, þó aldrei meiri en takmörkun massa ökutækis sem er tilbúið til aksturs fyrir (undir) flokkinn eins og um getur í I. viðauka við ESB-reglugerð (ESB) nr. 168/2013.
L5e-B/L7e-CU	Hámarksfarmmassi sem framleiðandi tilgreinir, en aldrei meiri en 1000 kg.

2.9. Massi geymsluhólfs fyrir óhefðbundið eldneyti

Þegar forskriftir varðandi massa ökutækis eru ákvarðaðar og í viðeigandi prófunarkröfum til að ákvarða þær skal ganga út frá að massi geymsluhólfs fyrir óhefðbundið eldneyti sé jafn og:

2.9.1. massi knúningsrafgeyma, ef um er að ræða blendingsökutæki eða alveg rafknúin ökutæki,

2.9.2. massi eldsneytiskerfis fyrir loftkennt eldsneyti og massi geymslutanks fyrir loftkennt eldsneyti, ef um er að ræða ökutæki knúið með einni eldsneytistegund, tveimur eldsneytistegundum eða margs konar eldsneyti,

2.9.3. massi geymslutanks eða -tanka til að geyma þrýstiloft, ef um er að ræða ökutæki sem knúin eru þrýstilofti,

2.9.4. loftkennt eldsneyti í fljótandi formi eða þrýstiloft sem fyllir eldsneytisgeymi fyrir loftkennt eldsneyti upp að 90% af rúmtaki geymisins fyrir eldsneytismassa ef „eldsneytið“ er ekki tekið inn í massa ökutækis sem er tilbúið til aksturs, ef um er að ræða ökutæki sem knúið er loftkenndu eldsneyti,

3. **Sértækar kröfur að því er varðar massa og mál ökutækja í undirflokkum L6e-A, L7e-A og L7e-B, varðandi stöðugleika ökutækja í kyrrstöðu**

3.0.1. Markmið og gildissvið

3.0.1.1. Undirflokkar L6e-A (létt fjórhjól til aksturs á vegum), L7e-A (þung fjórhjól til aksturs á vegum) og L7e-B (þung fjórhjól til torfæruaksturs) eru fjögurra hjóla ökutæki sem geta þurft að uppfylla ósamrýmanlega hönnunareiginleika þar sem vera má að þau séu ekki bara notuð á yfirborði með bundnu slitlagi heldur einnig utan vega. Afleiðingar þess að þurfa að fást við ólíka staðhætti getur verið há þungamiðja sem leiðir til þess að ökutæki verður óstöðugt. Lágmarksprófunarkröfur varðandi stöðugleika ökutækja í kyrrstöðu geta haft jákvæð áhrif á tilhögun massa og máls á hönnunarstigi ökutækisins og aukið stöðugleika ökutækis í kyrrstöðu.

3.0.1.2. Ökutæki í undirflokkum L6e-A, L7e-A og L7e-B skulu uppfylla prófunarkröfur og viðmiðanir varðandi afköst sem mælt er fyrir um í þessum lið.

3.1. Prófunarökutæki

3.1.1. Prófunarökutæki skal gefa mynd af gerðarviðurkenndu ökutæki að því er varðar massa, mál og lögun. Allir íhlutir skulu vera í samræmi við framleiðsluröðina eða ef ökutæki í flokki L er frábrugðið framleiðsluröðinni skal prófunarskýrslunni fylgja ítarleg lýsing þar að lútandi. Við val á prófunarökutæki skulu framleiðandi og tækniþjónusta samþykkja, með þeim hætti sem viðurkenningaryfirvald telur fullnægjandi, hvaða eintak ökutækis í flokki L telst gefa góða mynd af viðkomandi afbrigði ökutækis.

3.1.2. Skoðanir

Eftirfarandi lágmarksskoðanir á prófunarökutæki skulu fara fram í samræmi við forskriftir framleiðanda fyrir fyrirhugaða notkun: hjól, felgur, hjólbarðar (dæmigerð tegund, gerð, þrýstingur), umfang ása, breytingar á fjöðrun og hæð ökutækis yfir jörð (stillt samkvæmt forskriftum framleiðanda).

3.2. Prófun á hliðarstöðugleika í kyrrstöðu

3.2.1. Öll ökutæki í undirflokkum L6e-A, L7e-A og L7e-B skulu uppfylla stöðugleikakröfur sem skráðar eru í liðum 3.2.3.3 og 3.2.4.1.3 þegar þau eru prófuð með þeim hætti sem lýst er hér á eftir. Hallaprófun á plötu skal framkvæmd bæði á hleðslutilhögun sem og stýri- og farþegatilhögun.

3.2.2. Hallaprófun á plötu

3.2.2.1. Prófunarskilyrði

Prófunarskilyrði skulu vera sem hér segir:

3.2.2.1.1. Hleðslutilhögun

3.2.2.1.1.1 Prófunartæki skal vera í stöðluðu ástandi, án aukabúnaðar. Prófunarökutæki og íhlutir skulu samsett og stillt samkvæmt fyrirmælum og forskriftum framleiðanda, að lið 3.2.2.1.1.5 undanskildum.

3.2.2.1.1.2 Lofti skal dælt í hjólbarða samkvæmt ráðleggingum framleiðanda fyrir venjulega notkun. Ef um fleiri en eitt þrýstingsgildi er tilgreint skal notast við hæsta gildi.

3.2.2.1.1.3 Allir vökvar skulu vera í ráðlögðu magni og eldsneytisgeymir skal vera fullur.

3.2.2.1.1.4 Stýranlegum hjólum skal haldið í stöðunni beint fram á við.

3.2.2.1.1.5 Stillanlega íhluti fyrir fjöðrun skal stilla í hæstu stöðu.

3.2.2.1.1.6 Prófunarökutæki skal vera hlaðið þannig að þyngd farþega við prófun eða sambærileg þyngd sé sett í hvert sæti þannig að þyngdarmiðjan fyrir hverja þyngd sé 152 mm ofan við lægsta punkt undirlags farþega og 254 mm framan við sætisbak. Prófunarálagi skal dreift með jöfnum og öruggum hætti á farmsvæði þannig að ekki sé farið yfir þær farmtakmarkanir og tæknilega leyfilegan massa (hámarksmassa) sem framleiðandi tilgreinir.

3.2.2.2. Tilhögun fyrir ökumann og farþega

3.2.2.2.1. Prófunartæki skal vera í stöðluðu ástandi, án aukabúnaðar. Prófunarökutæki og íhlutir skulu samsett og stillt samkvæmt fyrirmælum og forskriftum framleiðanda.

3.2.2.2.2. Lofti skal dælt í hjólbarða samkvæmt ráðleggingum framleiðanda fyrir venjulega notkun. Ef fleiri en eitt þrýstingsgildi er tilgreint skal notast við lægsta gildi.

3.2.2.2.3. Allir vökvar skulu vera í ráðlögðu magni og eldsneytisgeymir skal vera fullur.

3.2.2.2.4. Stýranlegum hjólum skal haldið í stöðunni beint fram á við.

3.2.2.2.5. Stillanlegir íhlutir fyrir fjöðrun skulu stilltir við þau gildi sem framleiðandi tilgreinir, á afhendingarstað söluaðila.

3.2.2.2.6. Prófunarökutæki skal vera hlaðið þannig að þyngd farþega við prófun eða sambærileg þyngd sé sett í ökumannssæti og ysta farþegasæti að framan þannig að þyngdarmiðjan fyrir hverja þyngd sé 152 mm ofan við lægsta punkt undirlags farþega og 254 mm framan við sætisbak.

3.2.2.3. Prófunarbúnaður

Prófunarpallur skal vera stífur, flatur og smíðaður þannig að hann hafi stillanlegan halla, hallaplötu eða sambærilegan búnað með yfirborð sem veitir a.m.k. núningsstuðul upp á 1,0 eða tein, stoppara eða annan búnað sem er ekki meira en 25,4 mm hár og getur hindrað það að hjólbarðar renni til við hefðbundin prófunarskilyrði. Yfirborð pallsins skal vera nægilega stórt til að styðja öll hjól ökutækisins sem verið er að prófa.

3.2.2.4. Prófunaraðferð

Prófunaraðferð skal vera sem hér segir:

3.2.2.4.1. Prófunarökutæki með prófunarálagi skal sett á pallinn þannig að lína sem nær í gegnum miðju hjólfara tveggja lægstu hjólbarðanna sé samsíða halla ássins á plötunni og stýranleg hjól ökutækisins skulu sett í stöðuna beint fram á við.

3.2.2.4.2. Stöðugleiki ökutækis skal ákvarðaður beint út frá halla pallsins við:

3.2.2.4.2.1. Hleðslutilhögun — 20 gráður (36,4%)

3.2.2.4.2.2 Ökumanns- og farþegatilhögun — 28 gráður (53,2%).

3.2.2.4.3. Pallur skal stilltur aftur í sömu stöðu.

3.2.2.4.4. Þrýstingur í öllum hjólbörðum skal sannprófaður aftur til að tryggja að þeir uppfylli ennþá prófunarkröfur.

3.2.2.4.5. Prófunin skal framkvæmd þannig að ein hlið ökutækisins snúi að þeim ás þar sem pallurinn hallar og svo endurtekin þannig að hin hliðin snúi þangað.

3.2.2.5. Kröfur um afköst

Til að prófun á hliðarstöðugleika fáist staðfest þarf a.m.k. einn hjólbarði eða hjólbarðar sem veita stuðning á þeirri hlið sem vísar upp að halda snertingu við yfirborð.

3.2.3. Stuðull stöðugleika í kyrrstöðu — Kst

3.2.3.1 Prófunarskilyrði

Prófunarskilyrði skulu vera sem hér segir:

3.2.3.1.1. Prófunartæki skal vera í stöðluðu ástandi, án aukabúnaðar. Prófunarökutæki og íhlutir skulu samsett og stillt samkvæmt fyrirmælum og forskriftum framleiðanda.

3.2.3.1.2. Lofti skal dælt í hjólbarða samkvæmt ráðleggingum framleiðanda prófunarökutækis fyrir venjulega notkun. Ef fleiri en eitt þrýstingsgildi er tilgreint skal notast við lægsta gildi.

3.2.3.1.3. Allir vökvar skulu vera í ráðlögðu magni og eldsneytisgeymir skal vera fullur.

3.2.3.1.4. Stýranlegum hjólum skal haldið í stöðunni beint fram á við.

3.2.3.1.5. Stillanlegir íhlutir fyrir fjöðrun skulu stilltir við tilgreind gildi, á afhendingarstað söluaðila.

3.2.3.1.6. Hæð þyngdarmiðju skal ákvörðuð samkvæmt ISO 10392:2011, aðferð fyrir jafnvægishalla eða gildri vísindaaðferð sem veitir samanburðarhæfar og endurtakanlegar niðurstöður.

3.2.3.2. Útreikningur Kst

Jafna 11-1:

$$Kst = \frac{Lt_2 + L_{CG}(t_1 - t_2)}{2LH_{CG}}$$

þar sem:

Kst: stuðull stöðugleika í kyrrstöðu

CG: þyngdarmiðja

Lcg: staðsetning þyngdarmiðju framan við afturás

Hcg: staðsetning þyngdarmiðju ofan við jarðflöt

t_1: sporvídd að framan

t_2: sporvídd að aftan

L: hjólhaf

3.2.3.3. Kröfur um afköst

3.2.3.3.1. (Undir)flokkar L6e-A, L7e-A og L7e-B2: Kst ≥ 1.0

3.2.3.3.2. (Undir)flokkur L7e-B1: Kst ≥ 0.7

3.2.4. Stöðugleiki á þverveginn

3.2.4.1. Prófunarskilyrði

Prófunarskilyrði skulu uppfylla skilyrðin í lið 3.2.2.1.

3.2.4.1.1. Prófunarbúnaður

Notast skal við prófunarpall sem uppfyllir kröfur í lið 3.2.2.

3.2.4.1.2. Prófunaraðferð

Hlaðið prófunarökutæki skal staðsett á hallaplötu þannig að lengdarmiðlína sé hornrétt á þann ás þar sem pallurinn hallar. Framhlið prófunarökutækis skal snúa að þeim ás þar sem pallurinn hallar. Pallinum skal hallað í 25 gráður (46,6%) og atriði sem talin eru upp í liðum 3.2.3 og 3.2.4 endurtekin.
Endurtakið aðferðina þannig að afturhlið prófunarökutækis snúi að þeim ás þar sem pallurinn hallar.

3.2.4.1.3. Kröfur um stöðugleika á þverveginn

Til að prófun á stvöðugleika á þverveginn fáist staðfest þarf a.m.k. einn hjólbarði eða hjólbarðar sem veita stuðning á þeirri hlið sem vísar upp að vera í snertingu við yfirborð.

XII. VIÐAUKI

Kröfur sem gilda um virk innbyggð greiningarkerfi

1. **Inngangur**

Þessi viðauki gildir um virknikröfur innbyggðra greiningarkerfa fyrir ökutæki í flokki L og sértækar kröfur eins og um getur í 21. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013, samkvæmt tímaáætlun sem sett er fram í IV. viðauka við þá reglugerð og með tilvísun í viðmiðunargildi innbyggðra greiningarkerfisins sem sett eru fram í B-hluta VI. viðauka við reglugerðina.

2. **Innbyggð greiningarkerfi í I. og II. áfanga**

2.1. Innbyggt greiningarkerfi í I. áfanga.

2.1.1. Tæknilegar kröfur þessa viðauka skulu vera skyldubundnar fyrir ökutæki í flokki L sem búin eru innbyggðum greiningarkerfum í I. áfanga eins og sett er fram í 21. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013 og í IV. viðauka við hana. Þessi skylda varðar uppfyllingu allra liða sem koma í kjölfarið að undanskyldum þeim sem tilgreina kröfur fyrir innbyggð greiningarkerfi í II. áfanga, í liðum 2.2 og 2.3.

2.2. Innbyggt greiningarkerfi í II. áfanga

2.2.1. Ökutæki í flokki L má vera búið innbyggðu greiningarkerfi í II. áfanga ef framleiðandi tekur ákvörðun um það.

2.2.2. Ef innbyggt greiningarkerfi í II. áfanga er uppsett gilda tæknilegar kröfur þessar viðauka. Þetta á einkum við um viðeigandi liði sem skráðir eru í töflu 12-1.

Tafla 12-1

Innbyggt greiningarkerfi í II. áfanga og tengdar kröfur í liðum þessa viðauka sem og 1. viðbætis

Atriði	Liðir í þessum viðauka sem og 1. viðbæti
Vöktun með hvarfakút	3.3.3.1/3.3.4.1
Skilvirkni- og streymisvöktun útblásturshringrásar	3.3.4.4
Vöktun á frammistöðu við notkun	4. liður 1. viðbætis
Greining miskveikingar	3.3.3.2/3.5.3/3.6.2/3.7.1/3.1.2 í 1. viðbæti
Vöktun eftirmeðferðarkerfis fyrir NO_X	3.3.4.5/3.3.4.6
Vöktun á afturför í virkni súrefnisskynjara	3.3.3.3
Vöktun agnasíu	3.3.4.2.
Vöktun á losun efnisagna	3.3.3.5.

2.3. Greiningarkerfi fyrir rafrásir

2.3.1. Að því er varðar liði 3.3.5 og 3.3.6 skal greiningarkerfi fyrir rafrás og rafmagnsbilanir, að því er varðar innbyggt greiningarkerfi í I. og/eða II. áfanga, a.m.k. hafa greiningarkerfi fyrir nema og gangsetningarbúnað sem og fyrir innri greiningu rafstýrieininga sem skráðar eru í 2. viðbæti.

2.3.2. Ósamfelld vöktunargreining fyrir rafrásir, þ.e. sú vöktunargreining fyrir rafrásir sem starfar ósamfellt þar til prófun er lokið, sem og uppfylling liðar 3.3.6, fyrir þá þætti sem koma fram í 2. viðbæti, skulu vera hluti af innbyggðu greiningarkerfi í II. áfanga.

2.3.3. Fyrir 31. desember 2018 skal skráin í 2. viðbæti endurskoðuð og uppfærð í samræmi við tækniframfarir, ef það telst nauðsynlegt. Allar bilanir í viðbótarbúnaði sem er vaktaður skulu varða innbyggða greiningarkerfið í II. áfanga til viðbótar við þær sem þegar eru tilgreindar í töflunni.

3. **Kröfur um virkni innbyggða greiningarkerfisins**

3.1. Ökutæki í flokki L skulu búin innbyggðum greiningarkerfum, sem eru þannig hönnuð, smíðuð og fyrir komið í ökutækjum að þau geti greint hvers konar slit eða bilanir allan endingartíma ökutækisins. Til að ná þessu markmiði skal viðurkenningaryfirvald taka gilt að ökutæki, sem hefur verið ekið lengri vegalengdir en endingarvegalengdir prófunar V, í A-hluta VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 168/2013, geti sýnt einhverja afturför í virkni innbyggða greiningarkerfisins þannig að farið sé yfir losunarmörkin sem tiltekin eru B-hluta VI. viðauka við reglugerð (ESB) 168/2013, áður en innbyggða greiningarkerfið gefur ökumanni ökutækisins til kynna að um bilun sé að ræða.

3.1.1. Aðgangur að innbyggða greiningarkerfinu, sem er nauðsynlegur vegna eftirlits, greiningar, viðhalds eða viðgerðar ökutækis, skal vera óhindraður og staðlaður. Allir bilanakóðar tengdir innbyggða greiningarkerfinu skulu vera í samræmi við lið 3.1.1 í 1. viðbæti við þennan viðauka.

3.1.2. Að geðþótta framleiðanda má útvíkka innbyggt greiningarkerfi þannig að það vakti og gefi skýrslu um önnur innbyggð kerfi, til að aðstoða tæknimenn við fullnægjandi viðgerðir á ökutækjum í flokki L. Útvíkkuð greiningarkerfi skulu ekki teljast falla undir gildissvið krafna vegna gerðarviðurkenningar.

3.2. Hönnun, smíði og ísetningu innbyggða greiningarkerfisins í ökutæki skal þannig háttað að við eðlilega notkun séu skilyrði þessa viðauka uppfyllt.

3.2.1. Innbyggða greiningarkerfið gert óvirkt um tíma

3.2.1.1. Framleiðandi má aftengja innbyggt greiningarkerfi ef geta þess til að vakta verður fyrir áhrifum frá lágri eldsneytisstöðu eða hleðsluástands knúningsrafgeyma eða rafknúinna kerfa sem er undir lágmarki (mesta afhleðsla rýmdar). Óheimilt skal að stöðva virkni kerfisins ef eldsneytismagn geymis er yfir 20% af nafnrúmtaki eldsneytisgeymis.

3.2.1.2. Framleiðandi getur gert innbyggða greiningarkerfið óvirkt þegar umhverfishitastig við ræsingu hreyfils er undir 266 K (– 7 °C) eða ef hæð yfir sjávarmáli er yfir 2500 metrum, að því tilskildu að hann leggi fram gögn og/eða verkfræðilegt mat sem sýnir á fullnægjandi hátt að vöktun myndi vera óáreiðanleg við slík skilyrði. Hann getur enn fremur óskað eftir að virkni innbyggða greiningarkerfisins sé stöðvuð við annað umhverfishitastig við ræsingu hreyfils ef hann sýnir viðurkenningaryfirvöldum fram á, með gögnum og/eða verkfræðilegu mati, að greining við slík skilyrði gefi rangar niðurstöður. Ekki er nauðsynlegt að lýsa upp bilanavísi ef farið er yfir viðmiðunarmörk innbyggða greiningarkerfisins á meðan á endurnýjun stendur, að því tilskildu að enginn galli sé til staðar.

3.2.1.3. Í ökutækjum, sem eru gerð fyrir ísetningu aflúttakseiningar, má leyfa stöðvun þeirra vöktunarkerfa sem aflúttak hefur áhrif á, að því tilskildu að stöðvun eigi sér eingöngu stað meðan aflúttakið er í notkun.

Til viðbótar við ákvæði þessa liðar getur framleiðandi gert innbyggða greiningarkerfið óvirkt tímabundið, við eftirfarandi skilyrði:

a) Í eina mínútu eftir eldsneytisáfyllingu fyrir ökutæki sem knúin eru fjölblöndueldsneyti eða gasknúin ökutæki sem knýja má með tveimur eldsneytistegundum, til að stýribúnaður aflrásar (PCU) geti áttað sig á gæðum eldsneytisins og samsetningu,

b) í 5 sek. eftir eldsneytisskipti fyrir ökutæki knúin tveimur eldsneytistegundum, til að leyfa endurstillingu á starfrækslumörkum hreyfils,

c) Framleiðandi má víkja frá þessum tímamörkum ef hann getur sýnt fram á að eldsneytiskerfið sé lengur að ná jafnvægi eftir eldsneytisáfyllingu eða eldsneytisskipti af rökstuddum tæknilegum ástæðum. Í öllum tilvikum skal þó endurvirkja innbyggða greiningarkerfið um leið og gæði eldsneytis eða samsetning liggja fyrir eða starfrækslumörk hreyfils hafa verið endurstillt.

3.2.2. Miskveiking í ökutækjum sem búin eru rafkveikjuhreyflum.

3.2.2.1. Framleiðendur geta samþykkt hærri hundraðshluta bilanaviðmiðana fyrir miskveikingar en þær sem eru tilgreindar af viðurkenningaryfirvöldum þegar um sérstakan hreyfilhraða og álagsskilyrði er að ræða og hægt er að sýna viðurkenningaryfirvöldum fram á að greining út frá færri miskveikingum myndi vera óáreiðanleg. Miskveiking er, að því er varðar vöktun innbyggða greiningarkerfisins, sá hundraðshluti miskveikinga miðað við heildarkveikingafjölda (sem framleiðandi gefur upp) sem myndi orsaka losun mengunarefna yfir mörkum innbyggða greiningarkerfisins sem tilgreind eru í B-hluta VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 168/2013, eða sá hundraðshluti sem gæti orsakað ofhitun hvarfakúts eða -kúta, sem aftur myndi valda óbætanlegu tjóni,

3.2.2.1. Þegar framleiðandi getur sýnt yfirvaldi fram á að greining stærri hundraðshluta miskveikinga sé enn ekki framkvæmanleg eða að ekki sé hægt að greina miskveikingu af öðrum völdum (t.d. erfiðum vegskilyrðum, gírskiptingum, skilyrðum eftir ræsingu hreyfils, o.s.frv.) má aftengja vöktunarkerfi fyrir miskveikingar þegar um slík skilyrði er að ræða.

3.3. Lýsing prófana

3.3.1. Innbyggt greiningarkerfi skal tilgreina bilun í íhlut eða kerfi sem tengist losun þegar sú bilun verður til þess að losun fer yfir þau viðmiðunargildi innbyggða greiningarkerfisins fyrir losun sem um getur í B-hluta VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 168/2013.

3.3.2. Vöktunarkröfur fyrir ökutæki búin rafkveikjuhreyfli

Til að uppfylla kröfur 21. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013, skal innbyggða greiningarkerfið a.m.k. vakta:

3.3.2.1. Minnkun á skilvirkni hvarfakúts með tilliti til losunar vetniskolefna og köfnunarefnisoxíða. Framleiðendur geta vaktað fremsta hvarfakútinn eingöngu eða ásamt næsta hvarfakút fyrir aftan. Telja skal að bilun sé í sérhverjum hvata eða hvatasamsetningu sem verið er að vakta ef útblástur fer yfir viðmiðunargildi fyrir NMHC eða NO_x sem kveðið er á um í B-hluta VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 168/2013.

3.3.2.2. Miskveiking hreyfils

Miskveikingu hreyfils í þeim hluta vinnslusvæðis hreyfilsins sem afmarkast af eftirfarandi:

a) hámarkshönnunarhraða hreyfils mínus 500 $mín^{-1}$,

b) línu sem afmarkar svæðið með jákvæðu kraftvægi (þ.e. álag á hreyfil með gírskiptingu í hlutlausri stöðu),

c) línulegar línur sem tengja eftirfarandi vinnslupunkta: línuna með jákvætt kraftvægi við 3 000 $mín^{-1}$ og punkt á hámarkshraðalínunni, sem er skilgreind í a-lið hér að framan, þar sem loftþrýstingur í soggrein hreyfilsins er 13,3 kPa lægri en á línunni með jákvæða kraftvæginu,

3.3.2.3. Afturför í virkni súrefnisskynjara

Þessi liður merkir að vakta skuli afturför í skilvirkni allra súrefnisskynjara, sem settir eru upp og notaðir til að vakta bilanir í hvarfakútum samkvæmt kröfum þessa viðauka.

3.3.2.4. Rafræn stýring á hreinsun mengunarvarnakerfisins fyrir uppgufun, en það skal a.m.k. vaktað með tilliti til virkni rafrása.

3.3.2.5. Fyrir rafkveikjuhreyfla með beinni innsprautun skal vakta alla bilun sem gæti leitt til þess að losun fari yfir þau viðmiðunarmörk innbyggða greiningarkerfisins fyrir massa agna sem losaðar eru og kveðið er á um í B-hluta VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 168/2013, í samræmi við kröfurnar í þessum viðauka fyrir þjöppukveikjuhreyfla.

3.3.3. Vöktunarkröfur fyrir ökutæki sem búin eru þjöppukveikjuhreyflum.

Til að uppfylla kröfur 21. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013, skal innbyggða greiningarkerfið vakta:

3.3.3.1. Minnkun á skilvirkni hvarfakúts, ef hvarfakútur er til staðar,

3.3.3.2. Virkni og heilleika agnasíu, ef agnasía er til staðar.

3.3.3.3. Virkni rafrása og allsherjarbilun í rafeindaknúnum gangsetningarbúnaði eldsneytiskerfisins fyrir eldsneytismagn og innsprautunartíma,

3.3.3.4. Vakta skal bilanir og minnkandi skilvirkni útblásturshringrásarkerfisins.

3.3.3.5. Vakta skal bilanir og minnkandi skilvirkni eftirmeðferðarkerfis fyrir NO_x sem notar virkt efni og skömmtunarkerfi virka efnisins.

3.3.3.6. Vakta skal bilanir og minnkandi skilvirkni eftirmeðferðarkerfis fyrir NO_x sem ekki notar virkt efni.

3.3.4. Vakta skal aðra mengunarvarnaríhluti eða -kerfi eða mengunarvarnartengda íhluti aflrása eða -kerfa sem eru tengd tölvu, þar sem bilun gæti orsakað losun mengunarefna gegnum útblástursrör sem færi yfir viðmiðunarmörk innbyggða greiningarkerfisins sem sett eru fram í B-hluta VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 168/2013, ef þau eru virk við notkun valins eldsneytis.

3.3.5. Nema það sé vaktað með öðrum hætti skal vakta rafmagns-/rafrásarbilanir í öllum öðrum rafmagnsaflrásaríhlutum sem tengdir eru tölvu sem varðar vistvænleika og/eða notkunaröryggi, þ.m.t. alla viðkomandi nema sem gera kleift að vakta þær aðgerðir sem ber að framkvæma. Einkum skal vakta stöðugt bilanir í samfellu rafrásar, skammhlaup í rafrásum, drægi/afköst rafmagns og merki þess að mengunarvarnir virki ekki í þessum rafeindaíhlutum.

3.3.6. Nema það sé vaktað með öðrum hætti skal vakta rafmagns-/rafrásarbilanir í öllum öðrum rafmagnsaflrásaríhlutum sem tengdir eru tölvu sem varðar vistvænleika og/eða notkunaröryggi og virkja forritaðan notkunarham fyrir heimhökt sem dregur verulega úr snúningsvægi hreyfils, t.d. með því að vernda rafmagnsaflrásaríhluti. Með fyrirvara um skrá Ap2-1 skal geyma viðkomandi bilanagreiningarkóða.

3.3.7. Framleiðendur geta sýnt viðurkenningaryfirvaldi fram á að ekki þurfi að hafa eftirlit með ákveðnum íhlutum eða kerfum ef losun fer ekki yfir losunarmörk í B-hluta VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 168/2013, þegar þau bila alveg eða eru fjarlægð.

3.4. Við hverja ræsingu hreyfilsins skal hefja og ljúka röð greiningarprófana a.m.k. einu sinni, að því tilskildu að rétt prófunarskilyrði séu uppfyllt. Prófunarskilyrðin skal velja þannig að þau komi öll upp við eðlilegan akstur eins og prófun I endurspeglar. Ef ekki er hægt að greina bilunina með áreiðanlegum hætti við prófunarskilyrði I getur framleiðandi lagt til viðbótar prófunarskilyrði sem gera kleift að greina bilunina með traustum hætti og sem tækniþjónusta samþykkir þannig að viðurkenningaryfirvald telji fullnægjandi.

3.5. Virkjun bilanavísis (MI)

3.5.1. Innbyggða greiningarkerfið skal innihalda bilanavísi sem ökumaður ökutækis sér greinilega. Bilanavísinn má ekki nota í neinum öðrum tilgangi en að sýna ökumanni neyðarræsingu eða heimhöktsaðgerðir. Bilanavísirinn skal vera sýnilegur við öll venjuleg birtuskilyrði. Þegar hann er virkur skal hann sýna merki í samræmi við ISO 2575:2010, merki F.01. Ökutæki skal ekki búið fleiri en einum bilanavísi til almennra nota fyrir vandamál er varða losun eða bilun í rafrás sem veldur því að verulega er dregið úr snúningsvægi. Sérstök viðvörunarljós eru leyfð fyrir t.d. hemla, öryggisbelti, olíuþrýsting o.fl. Bilanavísirinn má ekki vera rauður.

3.5.2. Þegar fleiri en tvær undirbúningslotur þarf til að virkja bilanavísi skal framleiðandinn leggja fram gögn og/eða verkfræðilegt mat sem sýnir með fullnægjandi hætti að vöktunarkerfið geti greint eyðingu íhluta með jafnskilvirkum hætti og í tæka tíð. Aðferðir, þar sem fleiri en tíu akstursslotur þarf að meðaltali til að virkja bilanavísi, eru ekki samþykktar. Bilanavísir skal einnig virkjast þegar stjórntæki aflrásar fara yfir í fasta, forritaða staðalstillingu sem veldur því að verulega er dregið úr snúningsvægi eða ef farið er yfir útblástursmörk innbyggða greiningarkerfisins í B-hluta VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 168/2013 eða ef innbyggða greiningarkerfið getur ekki uppfyllt grunnkröfur um vöktun sem mælt er fyrir um í liðum 3.3.2 eða 3.3.3.

3.5.3. Bilanavísirinn skal ætíð vara ökumann við með ákveðnum hætti, t.d. með blikkljósi, þegar miskveiking í hreyfli verður í þeim mæli að líklegt sé að hún valdi skemmdum á hvarfakút samkvæmt upplýsingum frá framleiðanda.

3.5.4. Einnig skal það virkja bilanavísinn ef kveikt er á stillingu fyrir kveikjubúnað ökutækisins áður en hreyfill er ræstur eða snúið og verða óvirkur ef bilunar hefur ekki orðið vart. Fyrir ökutæki sem ekki hafa rafgeymi skal bilanavísir loga um leið og hreyfill er ræstur og skal svo verða óvirkur eftir 5 sekúndur ef engrar bilunar verður vart áður.

3.6. Innbyggða greiningarkerfið skal skrá bilunarkóða sem gefa til kynna stöðu mengunarvarnarkerfis eða kerfis fyrir notkunaröryggi kerfa sem leiða til notkunarhams þar sem verulega er dregið úr snúningsvægi samanborið við venjulegan notkunarham. Nota skal sérstaka stöðukóða til að gefa upp hvaða mengunarvarnarkerfi og notkunaröryggiskerfi starfi rétt og þau mengunarvarnarkerfi þar sem frekari aksturs ökutækisins er þörf til að unnt sé að ljúka mati á þeim. Ef bilanavísirinn virkjast vegna eyðingar, bilunar eða fastra, forritaðra staðalstillinga, skal vera fyrir hendi bilanakóði til að bera kennsl á þá bilun sem um er að ræða. Einnig skal vera fyrir hendi bilanakóði í þeim tilvikum sem um getur í liðum 3.2.2.5 og 3.2.3.5.

3.6.1. Sú vegalengd, sem ökutækinu hefur verið ekið síðan bilanavísirinn fór í gang, skal vera aðgengileg á hverjum tíma gegnum raðtengið á staðlaðri greiningartengingu. Með undanþágu fyrir ökutæki sem búin eru vélrænum kílómetramæli sem ekki getur sent ílag í rafstýrieiningu má skipta „ekinni vegalengd“ út fyrir „starfrækslutíma hreyfils“ og skal það aðgengilegt öllum stundum með raðtengi í staðlaðri greiningartengingu.

3.6.2. Þegar um er að ræða ökutæki búin rafkveikjuhreyflum er ekki nauðsynlegt að tilgreina sérstaklega strokka sem kveikja ekki ef sérstakur bilanakóði er skráður fyrir miskveikingu í einum eða fleiri strokkum.

3.6.3. Virkja má bilanavísi við losunargildi sem eru undir þeim losunarmörkum innbyggða greiningarkerfisins sem sett eru fram í B-hluta VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 168/2013.

3.6.3. Virkja má bilanavísi ef staðalstilling er virk án þess að verulega sé dregið úr knýjandi snúningsvægi.

3.7. Slökkt á bilanavísi

3.7.1. Ef miskveiking á sér ekki lengur stað í þeim mæli að búast má við skemmdum á hvarfakút (eins og framleiðandi tilgreinir) eða ef hreyfill er keyrður eftir að breytingar hafa verið gerðar á hraða og hleðsluskilyrðum þannig að miskveiking valdi ekki skemmdum á hvarfakút má setja bilanavísi aftur í sömu stillingu og í þeirri akstursloturslotu þar sem miskveikingar varð vart og í venjulega notkunarstöðu í þeim akstursloturslotum sem koma í kjölfarið. Ef bilanavísir fer aftur í fyrri notkunarstöðu má þurrka út samsvarandi bilunarkóða og vistuð læst mæligildi.

3.7.2. Heimilt er, vegna allra annarra bilana, að gera bilanavísinn óvirkan eftir þrjár akstursloturslotur í röð ef vöktunarkerfið, sem á að gangsetja bilanavísinn, finnur ekki lengur bilunina meðan á þeim stendur og ef engin önnur bilun finnst sem ein og sér myndi gangsetja bilanavísinn.

3.8. Eyðing bilanakóða

3.8.1. Innbyggða greiningarkerfið má eyða bilanakóða, ekinni vegalengd og læstu mæligildi ef sama bilun er ekki endurskráð í a.m.k. 40 hreyfilupphitunarlotum.

3.8.2. Bilun sem búið er að vista skal ekki þurrkast út með aftengingu innri tölvu frá aflgjafa ökutækis eða með aftengingu eða bilun í rafgeymi eða -geymum ökutækis.

3.9. Gasknúin ökutæki, gerð fyrir tvær tegundir eldsneytis

Almennt, gilda allar kröfur fyrir innbyggt greiningarkerfi sem gilda um ökutæki sem knúin eru einni gerð eldsneytis einnig fyrir hverja gerð eldsneytis fyrir þau ökutæki sem knúin eru tveimur gerðum eldsneytis (bensín og (jarðgas/lífmetan/fljótandi jarðolíugas)). Hvað þetta varðar skal notast við einn af tveimur valkostum í liðum 3.8.1 eða 3.8.2 eða samsetningu af þeim.

3.9.1. Eitt innbyggt greiningarkerfi fyrir báðar gerðir eldsneytis

3.9.1.1. Eftirfarandi aðferð skal notuð fyrir hverja greiningu í einu innbyggðu greiningarkerfi þegar ökutækið er knúið bensíni og (jarðgasi/lífmetani)/fljótandi jarðolíugasi, annað hvort óháð því eldsneyti sem er í notkun eða háð tegund eldsneytis:

a) Virkjun bilanavísis (sjá lið 3.5),

b) Vistun bilunarkóða (sjá lið 3.6),

c) Slökkt á bilanavísi (sjá lið 3.7),

d) Eyðing bilunarkóða (sjá lið 3.8.).

Fyrir íhluti og kerfi sem vakta skal má nota annað hvort aðskilda greiningu fyrir sérhverja gerð eldsneytis eða sameiginlega greiningu.

3.9.1.2. Innbyggða greiningarkerfið getur verið í einni eða fleiri tölvum.

3.9.2. Tvö aðskilin greiningarkerfi, eitt fyrir hvora gerð eldsneytis.

3.9.2.1. Eftirfarandi aðferðir skulu framkvæmdar, óháð hver annarri, þegar ökutækið gengur fyrir bensíni eða (jarðgasi/lífmetani)/fljótandi jarðolíugasi:

a) Virkjun bilanavísis (sjá lið 3.5),

b) Vistun bilunarkóða (sjá lið 3.6),

c) Slökkt á bilanavísi (sjá lið 3.7),

d) Eyðing bilunarkóða (sjá lið 3.8.).

3.9.2.2. Aðskilin innbyggð greiningarkerfi geta verið í einni eða fleiri tölvum.

3.9.3. Sérkröfur um sendingu greiningarmerkja frá ökutækjum sem eru gerð fyrir tvær tegundir eldsneytis.

3.9.3.1. Greiningarmerki skulu send á eitt eða fleiri frumvistföng eftir beiðni um það frá skönnunartæki fyrir greiningu. Notkun frumvistfanga er sett fram í ISO 15031-5:2011.

3.9.3.2. Hægt er að framkvæma sanngreiningu á upplýsingum ´sem eru sérkennandi fyrir tiltekið eldsneyti:

a) Með notkun frumvistfanga, og/eða

b) Með notkun valrofa fyrir eldsneyti, og/eða

c) Með notkun bilunarkóða sem eru sérkennandi fyrir tiltekið eldsneyti.

3.9.4. Varðandi stöðukóða (sem lýst er í lið 3.6) skal notast við einn af eftirfarandi tveimur valkostum ef eitt eða fleiri greiningarkerfi, sem eru sérkennandi fyrir tiltekið eldsneyti, gefa til kynna að þau séu til reiðu.

a) Stöðukóðinn er sérkennandi fyrir tiltekið eldsneyti, þ.e. notkun tveggja stöðukóða, einn fyrir hvora gerð eldsneytis,

b) Stöðukóðinn skal gefa til kynna að eftirlitskerfi fyrir báðar gerðir eldsneytis (bensín og (jarðgas/lífmetan)/fljótandi jarðolíugas)) séu metin til fulls þegar eftirlitskerfin eru að fullu metin fyrir aðra eldsneytisgerðina.

Ef ekkert þeirra greiningarkerfa sem gefur til kynna að það sé til reiðu er sérkennandi fyrir tiltekið eldsneyti þarf aðeins að styðja einn stöðukóða.

4. **Kröfur um gerðarviðurkenningu á innbyggðum greiningarkerfum**

4.1. Framleiðandi getur farið fram á að yfirvöld samþykki innbyggt greiningarkerfi til gerðarviðurkenningar, jafnvel þótt á því séu einn eða fleiri ágallar og það fullnægi þess vegna ekki sérstökum kröfum þessa viðauka.

4.2. Þegar yfirvöld meta beiðnina skulu þau ákvarða hvort kröfur þessa viðauka séu framkvæmanlegar eða óréttmætar.

Yfirvald skal taka tillit til upplýsinga frá framleiðanda, þar sem meðal annars er gerð ítarleg grein fyrir þáttum eins og tæknilegum möguleikum, aðlögunartíma og framleiðsluferli, þar sem hreyflar eru teknir í notkun og teknir úr notkun í áföngum, hönnun ökutækja og áætluðum tölvuuppfærslum, og skera úr um að hve miklu leyti innbyggða greiningarkerfið uppfyllir kröfur þessarar reglugerðar og hvort framleiðandinn hafi lagt sig nægilega fram við að uppfylla kröfur þessarar reglugerðar.

4.2.1. Yfirvöld skulu ekki samþykkja beiðni vegna ágalla ef í kerfið vantar algjörlega nauðsynlegan greiningarvaktara.

4.2.2. Yfirvald skal ekki samþykkja neina beiðni vegna ágalla sem tekur ekki tillit til marka innbyggða greiningarkerfisins í B-hluta VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 168/2013.

4.3. Í sanngreindri röð ágalla skal fyrst sanngreina ágalla er varða liði 3.3.3.1, 3.3.3.2 og 3.3.3.3 fyrir rafkveikjuhreyfla og liða 3.3.4.1, 3.3.4.2 og 3.3.4.2 fyrir þjöppukveikjuhreyfla.

4.4. Fyrir eða við gerðarviðurkenningu skal ekki leyfa neina annmarka með tilliti til krafna í lið 3.5, að undanskildum lið 3.5.3.4 í 1. viðbæti.

4.5. Varanleiki ágalla

4.5.1. Ágalli má haldast í tvö ár eftir dagsetningu gerðarviðurkenningar ökutækis nema sýnt sé fram á svo viðunandi sé að verulegar lagfæringar á vélbúnaði ökutækisins og lengri aðlögunartími en tvö ár sé nauðsynlegur til að lagfæra hann. Í slíkum tilvikum má ágallinn í mesta lagi haldast í þrjú ár.

4.5.2. Framleiðandi getur óskað eftir að viðurkenningaryfirvöld viðurkenni ágallann afturvirkt þegar ágalli af þessi tagi finnst eftir upphaflegu gerðarviðurkenninguna. Í þessu tilviki má ágalli haldast í tvö ár eftir dagsetningu tilkynningar til stjórnsýsludeildar, nema sýnt sé fram á með viðunandi hætti að verulegar lagfæringar á vélbúnaði ökutækisins og lengri aðlögunartími en tvö ár sé nauðsynlegur til að lagfæra hann. Í slíkum tilvikum má ágallinn í mesta lagi haldast í þrjú ár.

4.6. Yfirvald skal tilkynna öðrum aðildarríkjum um ákvörðun sína þess efnis að veita leyfi vegna ágalla.

1. viðbætir

Virkni innbyggðra greiningarkerfa

1. **Inngangur**

Innbyggð greiningarkerfi í ökutækjum í flokki L skulu uppfylla kröfur um ítarlegar upplýsingar og virkni og um sannprófun prófunarbúnaðar í þessum viðbæti til að samræma kerfi og sannprófa hvort kerfi geti uppfyllt kröfur 21. gr. í reglugerð (ESB) nr. 168/2013.

2. **Innbyggð greining á sannprófun á virkni**

2.1. Sannprófa skal getu greiningarkerfisins hvað varðar vistvænleika og virkni og skal viðurkenningaryfirvaldi sýnt fram á hana með því að framkvæma prófunaraðferð VIII sem um getur í A-hluta V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 168/2013.

3. **Greiningarmerki**

3.1. Við greiningu bilunar á íhlut eða kerfi skal vista í tölvuminni „læst mæligildi“ sem lýsa ástandi hreyfils á þeim tíma. Vistaðar hreyfilupplýsingar skulu innihalda, en eru ekki takmarkaðar við, reiknað álagsgildi, snúningshraða hreyfils, eldsneytisstillingu eða -stillingar (ef þær liggja fyrir), eldsneytisþrýsting (ef hann liggur fyrir), hraða ökutækis (ef hann liggur fyrir), hitastig kælivökva, þrýsting soggreinarlofts (ef hann liggur fyrir), gildi súrefnisskynjara í lokaðri eða opinni hringrás (ef það liggur fyrir) og þá villukóða sem urðu til þess að upplýsingarnar voru vistaðar.

3.1.1. Fyrir læst mæligildi skal framleiðandi velja þá samstæðu skilyrða sem helst eiga við og auðvelda árangursríkar og skilvirkar viðgerðir. Aðeins er gerð krafa um eitt læst mæligildi. Framleiðandi getur kosið að vista viðbótarmæligildi, að því tilskildu að unnt sé að lesa a.m.k. hið tilskilda læsta mæligildi með almennu skönnunartæki sem er í samræmi við forskriftir í liðum 3.9 og 3.10. Ef villukóðanum, sem olli því að aðstæður voru vistaðar, er eytt í samræmi við lið 3.7 í XII. viðauka er einnig heimilt að eyða vistuðum mæligildum um ástand hreyfils.

3.1.2. Ef bilanir í eldsneytiskerfi eða miskveikingar verða í kjölfarið skal skipta áður vistuðum læstum mæligildum út fyrir upplýsingar um ástand eldsneytiskerfis eða miskveikingar (hvort sem kemur á undan).

3.2. Auk tilskilinna læstra mæligilda skal gera eftirfarandi viðbótarupplýsingar aðgengilegar, ef þær liggja fyrir og þeirra er óskað, í gegnum raðtengi á staðlaðri greiningartengingu, ef upplýsingarnar eru fyrir hendi í innbyggðu tölvunni eða ef hægt er að ákvarða þær með því að nota upplýsingar sem eru fyrir hendi í innbyggðu tölvunni: greiningarkóðar bilana, hitastig kælivökva, ástand stjórnkerfis eldsneytis (lokuð hringrás, opin hringrás, annað), eldsneytisstilling, framflutningur tímastillingar á kveikju, hitastig innsogslofts, þrýstingur soggreinarlofts, loftstreymi, snúningshraði hreyfils, frálagsgildi skynjara fyrir stöðu eldsneytisgjafar, staða aukalofts (aðstreymi, frástreymi eða andrúmsloft), reiknað álagsgildi, hraði ökutækis, staða rofa læsivarða hemlakerfisins, (kveikt/slökkt), virkjuð staðalstilling og eldsneytisþrýstingur.

Merkin skulu gefin í stöðluðum einingum sem grundvallast á forskriftunum í lið 3.7. Raunveruleg merki skal vera unnt að aðgreina skýrt frá föstum staðalgildum eða heimhöktsgildum.

3.3. Fyrir öll þau stýrikerfi sem innbyggða greiningarkerfið prófar sérstaklega í notkun (hvarfakútur, súrefnisskynjari o.s.frv.), nema miskveiking, ef við á, eftirlit með eldsneytiskerfi og allsherjareftirlit með íhlutum, skulu niðurstöður síðustu sjálfsprófunar ökutækisins og þau viðmiðunargildi sem kerfið er prófað gagnvart, gerð aðgengileg í gegnum raðtengi á staðlaðri greiningartengingu samkvæmt forskriftum í lið 3.8. Að því er varðar íhluti og kerfi, sem eru vöktuð og undanþegin eru hér að framan, skulu liggja fyrir ábendingar, fengnar frá staðlaðri greiningartengingu, um hvort þau hafa staðist síðustu prófanir eða ekki.

Öll gögn um afkastagetu innbyggða greiningarkerfisins við notkun sem vista skal samkvæmt lið 4.6 í þessum viðbæti skulu gerð aðgengileg í gegnum raðtengi á staðlaðri greiningartengingu samkvæmt þeim forskriftum sem gefnar eru í lið 3.8.

3.4. Kröfur innbyggða greiningarkerfisins, sem gerðarviðurkenning ökutækisins tekur mið af (þ.e. XII. viðauki eða aðrar kröfur sem tilgreindar eru í 5. lið) og helstu stjórnkerfi, sem innbyggða greiningarkerfið vaktar í samræmi við lið 3.10 skulu vera aðgengileg í gegnum raðtengi á staðlaðri greiningartengingu samkvæmt þeim forskriftum sem gefnar eru í lið 3.8 í þessum viðbæti.

3.5. Auðkenninganúmer hugbúnaðar og sanngreiningarnúmer kvörðunar skulu vera tiltæk gegnum raðtengið á staðlaðri greiningartengingu. Bæði númer skulu veitt á stöðluðu sniði.

3.6. Ekki er gert ráð fyrir að greiningarkerfi meti íhluti meðan bilun varir ef slíkt mat gæti ógnað notkunaröryggi eða skemmt íhlut.

3.7. Aðgangur að innbyggðu greiningarkerfi skal vera staðlaður og óhindraður og í samræmi við eftirfarandi ISO-staðla og/eða SAE-forskriftir:

3.8. Nota skal einn eftirfarandi staðla, með þeim takmörkunum sem er lýst, sem tengil fyrir samskipti milli ökutækis og ytra umhverfis:

— ISO 9141-2:1994/Amd 1:1996 „Road Vehicles — Diagnostic Systems — Part 2: CARB requirements for interchange of digital information“,

— SAE J1850: Mars 1998 „Class B Data Communication Network Interface. Í skilaboðum sem varða losun skal felast lotubundið eftirlit með umframmagni og þriggja bæta haus, en hvorki bil milli tákna né prófunarsummur.

— ISO 14229-3:2012 „Road vehicles — Unified diagnostic services (UDS) — Part 3: Unified diagnostic services on CAN implementation“,

— ISO 14229-4:2012 „Road vehicles — Unified diagnostic services (UDS) — Part 4: Unified diagnostic services on FlexRay implementation“,

— ISO 14230-4:2000 „Road Vehicles — Keyword protocol 2000 for diagnostic systems — Part 4: Requirements for emission-related systems“,

— ISO 15765-4:2011 „Road vehicles — Diagnostics on Controller Area Network (CAN) — Part 4: Requirements for emission-related systems', dated 1 November 2001“,

— ISO 22901-2:2011 „Road vehicles — Open diagnostic data exchange (ODX) — Part 2: Emissions-related diagnostic data“.

3.9. Prófunarbúnaður og greiningartæki, sem eru nauðsynleg til samskipta við innbyggða greiningarkerfið, skulu að lágmarki uppfylla notkunarforskriftir sem tilgreindar eru í ISO 15031-4:2005: „Road vehicles — Communication between vehicle and external test equipment for emissions-related diagnostics — Part 4: External test equipment“.

3.10. Grundvallargreiningargögn (eins og þau eru tilgreind í lið 6.5.1) og upplýsingar um tvíátta eftirlit skulu liggja fyrir í því sniði og einingum sem lýst er í ISO 15031-5:2011, „Road vehicles — Communication between vehicle and external test equipment for emissions-related diagnostics — Part 5: Emissions-related diagnostic services„ og skulu gerð aðgengileg með greiningartæki sem uppfyllir kröfurnar í ISO 15031-4:2005.

3.10.1. Framleiðandi ökutækis skal láta viðurkenningaryfirvaldi í té upplýsingar um greiningargögn, s.s. kenni íhluta, vöktunarkenni innbyggða greiningarkerfisins og prófunarkenni sem eru ekki tilgreind í ISO 15031-5:2001 en tengjast þessari reglugerð.

3.11. Þegar bilun er skráð skal framleiðandi greina bilunina með hjálp viðeigandi bilunarkóða sem skal vera í samræmi við þá sem gefnir eru upp í lið 6.3 í ISO 15031-6:2010 — „Road vehicles — Communication between vehicle and external test equipment for emissions-related diagnostics — Part 6: Diagnostic trouble code definitions“ relating to ' „emission-related system diagnostic trouble codes“. Ef þetta er ekki mögulegt getur framleiðandinn notað greiningarkóða bilana í liðum 5.3 og 5.6 í ISO DIS 15031-6:2010. Að öðrum kosti má taka saman bilunarkóða og gefa skýrslu um þá skv. ISO14229:2006. Bilunarkóðarnir skulu að fullu aðgengilegir með stöðluðum greiningarbúnaði sem er í samræmi við ákvæði liðar 3.9.

Framleiðandi ökutækis skal láta landsbundinni staðlastofnun í té upplýsingar um greiningargögn varðandi losun, s.s. kenni íhluta, vöktunarkenni innbyggða greiningarkerfisins og prófunarkenni sem eru ekki tilgreind í ISO 15031-5:2011 eða ISO14229:2006, en tengjast þessari reglugerð.

3.12. Tengildi milli ökutækisins og greiningarprófunarbúnaðarins skal vera staðlað og standast allar kröfur í ISO DIS 15031-3:2004 „Road vehicles — Communication between vehicle and external test equipment for emissions-related diagnostics — Part 3: Diagnostic connector and related electric circuits: specification and use“. Æskileg uppsetningarstaða er undir sætinu. Önnur staða fyrir greiningartengingu skal háð samkomulagi viðurkenningaryfirvalds og vera auðveldlega aðgengileg þjónustuaðilanum en vel varin fyrir því að átt sé við hana af ófaglærðu fólki. Staða tengildis skal tilgreind með skýrum hætti í notendahandbók.

3.13. Að ósk framleiðanda ökutækis er heimilt að beita öðru tengildi. Þegar notast er við annað tengildi skal framleiðandi ökutækis útvega millistykki sem gerir kleift að tengjast almennu skönnunartæki. Slíkt millistykki skal útvega öllum sjálfstæðum rekstraraðilum á jafnréttisgrundvelli.

4. **Frammistaða við notkun**

4.1. Almennar kröfur

4.1.1. Hver vöktunaraðgerð innbyggða greiningarkerfisins skal framkvæmd a.m.k. einu sinni í hverri akstursloto, þar sem vöktunarskilyrðin í lið 3.2 í XII. viðauka eru uppfyllt. Framleiðendur skulu ekki nota reiknað hlutfall (eða einstaka þætti þess) eða einhverjar aðrar vísbendingar um vöktunartíðni sem vöktunarskilyrði fyrir vöktunaraðgerð.

4.1.2. Hlutfall frammistöðu í notkun (in-use performance ratio, IUPR) tiltekinnar vöktunaraðgerðar M í innbyggða greiningarkerfinu og frammistaða við notkun mengunarvarnarbúnaðar, skal vera:

Jafna Ap1-1:

$$IUPRM = teljariM/nefnariM$$

4.1.3. Samanburður teljara og nefnara gefur vísbendingu um hversu oft tiltekin vöktunaraðgerð er framkvæmd miðað við notkun ökutækisins. Til að tryggja að allir framleiðendur greini IUPRM á sama hátt eru gefin nákvæm fyrirmæli til að skilgreina og hækka þessa talningu.

4.1.4. Ef ökutæki er búið tilteknum vaktara M, í samræmi við kröfurnar í þessum viðauka, skal IUPRM vera stærra en eða jafnt og 0,1 fyrir alla vaktara.

4.1.5. Kröfur þessa liðar teljast uppfylltar að því er varðar tiltekinn vaktara M ef öll ökutæki hóps ökutækja og knúningsafls, sem framleidd eru á tilteknu almanaksári, uppfylla eftirfarandi tölfræðileg skilyrði:

a) Meðalgildi IUPRMer jafnt eða stærra en lágmarksgildið sem á við vaktarann,

b) meira en 50% allra ökutækja eru með IUPRM sem er jafnt eða stærra en lágmarksgildið sem á við vaktarann.

4.1.6. Framleiðandinn skal sýna viðurkenningaryfirvaldi að þessi tölfræðilegu skilyrði séu uppfyllt fyrir ökutæki sem framleidd eru á tilteknu almanaksári að því er varðar allar vöktunaraðgerðir, sem innbyggða greiningarkerfið tilkynnir um samkvæmt lið 4.6 í þessum viðbæti, eigi síðar en 18 mánuðum eftir lok almanaksársins. Í þessu skyni skal framkvæma tölfræðilegar prófanir, sem fela í sér viðurkenndar tölfræðilegar aðferðir og öryggisstig.

4.1.7. Framleiðandi má í staðfestingarskyni vegna þessa liðar flokka saman ökutæki innan hóps ökutækis og knúningsafls í annað framleiðslutímabil sem er samhangandi 12 mánuðir án skörunar, í stað almanaksárs. Til að ákvarða prófunarúrtak ökutækja skal að lágmarki beita valviðmiðunum 2. liðar 3. viðbætis. Framleiðandinn skal gefa viðurkenningaryfirvaldi skýrslu um öll gögn um frammistöðu í notkun, sem innbyggða greiningarkerfinu er skylt að tilkynna um í samræmi við lið 4.6 í þessum viðbæti, fyrir allt prófunarúrtak ökutækja. Sé þess óskað skal viðurkenningaryfirvaldið sem veitir viðurkenninguna láta þessi gögn og niðurstöður tölfræðilegs mats viðurkenningaryfirvöldum í té.

4.1.8. Viðurkenningaryfirvöldum og tækniþjónustu er heimilt að gera frekari prófanir á ökutækjum eða taka saman frekari gögn sem skráð eru af ökutækinu, til að staðfesta að farið sé eftir ákvæðum þessa viðauka.

4.1.9. Framleiðandi skal veita landsyfirvöldum og sjálfstæðum rekstraraðilum greiðan aðgang án dulkóðunar að gögnum um frammistöðu við notkun sem innbyggt greiningarkerfi ökutækis skal geyma og veita.

4.2. TeljariM

4.2.1. Teljari tiltekinnar vöktunaraðgerðar er teljari sem telur hve oft ökutæki hafi verið notað með þeim hætti að öll vöktunarskilyrði séu til staðar, sem nauðsynleg eru þessari vöktunaraðgerð til að greina bilun og vara ökumanninn við. Ekki skal hækka teljarann oftar en einu sinni í hverri akstursloto, nema fyrir liggi rökstudd tæknileg sjónarmið.

4.3. NefnariM

4.3.1. Tilgangur nefnarans er að telja fjölda aksturstilvika ökutækisins með tilliti til sérstakra skilyrða fyrir tiltekna vöktunaraðgerð. Nefnarinn skal hækkaður a.m.k. einu sinni í hverri akstursloto, ef skilyrðin eru uppfyllt í þessari akstursloto og almenni nefnarinn hefur verið hækkaður, eins og tilgreint er í lið 4.5, nema nefnarinn sé óvirkur samkvæmt lið 4.7.

4.3.2. Til viðbótar við kröfurnar í lið 4.3.1 gildir eftirfarandi:

Hækka skal nefnara vaktara aukaloftskerfis ef skipun um að virkja aukaloftskerfi varir í 10 sekúndur eða lengur. Við ákvörðun á tíma skipunar um virkjun aukaloftskerfisins skal innbyggða greiningarkerfið ekki telja með tíma þar sem aukaloftskerfið er starfrækt eingöngu vegna vöktunar.

Nefnarar vöktunaraðgerða vegna kerfa sem aðeins eru virk við kaldræsingu skulu hækkaðir ef íhluturinn eða aðferðin fá skipun um virkjun í 10 sekúndur eða lengur.

Nefnarar vöktunaraðgerða vegna breytilegrar tímastillingar ventla (VVT) og/eða stjórnbúnaður skulu hækkaðir ef íhluturinn fær skipun um virkni (t.d. „á“, „opna“, „loka“, „læsa“, e.þ.h.) tvisvar eða oftar í akstурslotu eða í 10 sekúndur eða lengur, hvort sem verður fyrr.

Hækka skal nefnara eftirfarandi vaktara um einn ef, til viðbótar við að uppfylla skilyrði þessa liðar a.m.k. einu sinni í akstурslotu, er búið að aka ökutækinu a.m.k. 800 km síðan nefnarinn var hækkaður síðast:

i. dísiloxunarhvati

ii. dísilagnasía.

4.3.3. Að því er varðar blendingsökutæki sem nota öðruvísi hreyfilræsibúnað eða -aðferðir (t.d. samþættur ræsir og rafall) eða óhefðbundið eldsneyti (t.d. knúin einni gerð eldsneytis, tveimur gerðum eldsneytis eða eldsneytisblöndu) er framleiðanda heimilt að óska eftir heimild frá viðurkenningaryfirvaldi til að nota önnur viðmið vegna hækkunar nefnara en þau sem sett eru fram í þessum lið. Almennt skal viðurkenningaryfirvald ekki samþykkja önnur viðmið fyrir ökutæki sem aðeins nota stöðvun hreyfils við skilyrði þegar ökutækið er í hægagangi/stöðvað. Viðurkenning yfirvaldsins á öðrum viðmiðum skal byggjast á viðmiðum sem eru sambærileg, til að ákvarða notkun ökutækis í hlutfalli við notkun venjulegra ökutækja í samræmi við viðmið þessa liðar.

4.4. Kveikjulotuteljari

4.4.1. Kveikjulotuteljarinn sýnir fjölda kveikjulotna sem hafa átt sér stað í ökutækinu. Ekki má hækka kveikjulotuteljarann oftar ein einu sinni í hverri akstурslotu.

4.5. Almennur nefnari

4.5.1. Almenni nefnarinn telur hversu oft ökutækið hefur verið notað. Hann skal hækkaður innan 10 sekúndna, ef og aðeins ef eftirfarandi viðmiðunum er fullnægt í stakri akstурslotu:

a) Uppsafnaður tími eftir ræsingu hreyfils er 600 sekúndur eða meiri í hæð sem er minni en 2440 m yfir sjávarmáli og við umhverfishita sem er 266,2K (–7 °C) eða meiri,

b) Uppsöfnuð notkun ökutækis við eða yfir 25 km/klst. á sér stað í 300 sekúndur eða meira í hæð sem er minni en 2440 m yfir sjávarmáli og við umhverfishita sem er 266,2K (–7 °C) eða meiri,

c) Samfelld notkun ökutækis í lausagangi (þ.e. ökumaður sleppir eldsneytisgjöf og hraði ökutækis er 1,6 km/klst. eða minni) í 30 sekúndur eða meira í hæð sem er minni en 2440 m yfir sjávarmáli og við umhverfishita sem er 266,2K (–7 °C) eða meiri.

4.6. Tilkynningar og hækkun teljara

4.6.1. Innbyggða greiningarkerfið skal í samræmi við skilgreiningar ISO 15031-5 veita upplýsingar um kveikjulotuteljarann og almenna nefnarann, ásamt sérteljurum og -nefnurum fyrir eftirfarandi vöktunaraðgerðir, ef gerð er krafa í þessum viðauka um að þeir séu til staðar í ökutækinu:

a) Hvarfakútar (hver samstæða tilkynnt sérstaklega),

b) Súrefnisskynjarar/skynjarar útblásturslofts, þ.m.t. aukasúrefnisskynjarar (hver skynjari tilkynntur sérstaklega),

c) Stjórnbúnaður uppgufunar,

d) Útblástурshringrásarkerfi,

e) Kerfi fyrir breytilega tímastillingu ventla,

f) Aukaloftskerfi,

g) Agnasía,

h) NO_x eftirmeðferðarkerfi (t.d. NO_x ásogari, NO_x prófefni/hvatakerfi),

i) Stjórnbúnaður fyrir forþjöppuþrýsting.

4.6.2. Fyrir tiltekna íhluti eða kerfi sem eru með margar vöktunaraðgerðir og sem skylt er að tilkynna um samkvæmt þessum lið (t.d. súrefnisskynjarasamtæða 1 gæti verið með marga vöktunaraðgerðir vegna svörunar nema eða annars konar eiginleika skynjara) skal innbyggða greiningarkerfið vakta teljara og nefnara hverrar tiltekinnar vöktunaraðgerðar og tilkynna aðeins samsvarandi teljara og nefnara fyrir tiltekna vöktunaraðgerð sem er með lægsta tölulega hlutfallið. Ef tvær eða fleiri tilteknar vöktunaraðgerðir hafa sama hlutfall skal tilkynna samsvarandi teljara og nefnara tiltekinnar vöktunaraðgerðar sem hefur hæstan nefnara að því er varðar tiltekinn íhlut.

4.6.3. Alla teljara skal hækka um heiltöluna einn þegar þeir eru hækkaðir.

4.6.4. Lágmarksgildi hvers teljara er 0, hámarksgildi skal ekki vera lægra en 65535, þrátt fyrir aðrar kröfur varðandi staðlaða vistun og upplýsingagjöf innbyggða greiningarkerfisins.

4.6.5. Ef annað hvort teljari eða nefnari tiltekinnar vöktunaraðgerðar nær hámarksgildi sínu skal deilt í bæði talningargildi þessarar tilteknu vöktunaraðgerðar með tveimur áður en þau eru hækkuð aftur, í samræmi við liði 4.2 og 4.3. Ef kveikjulotuteljarinn eða almenni nefnarinn nær hámarksgildi sínu skal viðkomandi teljari núllstilltur við næstu hækkun, í samræmi við lið 4.4 annars vegar og lið 4.5 hins vegar.

4.6.6. Hver teljari skal aðeins núllstilltur þegar endurstilling fastheldins minnis á sér stað (t.d. við endurforritun) eða, ef gildin eru vistuð í fastaminni (KAM), þegar fastaminnið tapast vegna rofs á rafstraumi til stýrieiningarinnar (t.d. aftengd rafhlaða).

4.6.7. Framleiðandi skal gera ráðstafanir til að tryggja að ekki er hægt að endurstilla eða breyta tölugildum teljara og nefnara, nema í þeim tilvikum sem kveðið er á um í þessum lið.

4.7. Teljarar, nefnarar og almenni nefnarinn gerðir óvirkir

4.7.1. Eigi síðar en 10 sekúndum eftir að bilun greinist sem gerir vöktunaraðgerð, sem nauðsynleg er til að uppfylla vöktunarskilyrðin í þessum viðauka (þ.e. fyrirliggjandi eða staðfestur kóði er vistaður), óvirka skal innbyggða greiningarkerfið gera frekari hækkun viðeigandi teljara og nefnara óvirka fyrir hverja vöktun sem er óvirk. Þegar bilunin greinist ekki lengur (þ.e. fyrirliggjandi kóða er eytt sjálfvirkt eða með skipun skönnunartækis), skal hækkun allra viðeigandi teljara og nefnara hefjast á ný innan 10 sekúndna.

4.7.2. Eigi síðar en 10 sekúndum eftir ræsingu aflúttakseiningar sem gerir vöktunaraðgerð, sem nauðsynleg er til að uppfylla vöktunarskilyrðin í þessum viðauka, óvirka skal innbyggða greiningarkerfið gera frekari hækkun viðeigandi teljara og nefnara óvirka fyrir hverja vöktun sem er óvirk. Þegar notkun aflúttaks lýkur skal hækkun allra viðeigandi teljara og nefnara hefjast á ný innan 10 sekúndna.

4.7.3. Innbyggða greiningarkerfið skal gera frekari hækkun teljara og nefnara tiltekinnar vöktunaraðgerðar óvirka innan 10 sekúndna frá greiningu bilunar í íhlut, sem notaður er til að ákvarða þær viðmiðanir sem liggja innan skilgreiningar teljara tilteknu vöktunaraðgerðarinnar (t.d. hraði ökutækis, umhverfishiti, hægagangur, kaldræsing hreyfils eða notkunartími), og samsvarandi fyrirliggjandi bilanakóði hefur verið vistaður. Hækkun teljara og nefnara skal hefjast á ný innan 10 sekúndna þegar bilunin er ekki lengur til staðar (þ.e. fyrirliggjandi kóða er eytt sjálfvirkt eða með skipun skönnunartækis).

4.7.4. Innbyggða greiningarkerfið skal gera frekari hækkun almenna nefnarans óvirka innan 10 sekúndna frá greiningu bilunar íhlutar, sem notaður er til að ákvarða hvort viðmiðunum í lið 3.5 sé fullnægt (t.d. hraði ökutækis, umhverfishiti, landhæð, hægagangur eða notkunartími), og samsvarandi fyrirliggjandi bilanakóði hefur verið vistaður. Ekki má gera hækkun almenna nefnarans óvirka vegna neinna annarra skilyrða. Hækkun almenna nefnarans skal hefjast á ný innan 10 sekúndna þegar bilunin er ekki lengur til staðar (þ.e. fyrirliggjandi kóða er eytt eða með skipun skönnunartækis).

5. **Aðgangur að upplýsingum um innbyggða greiningarkerfið**

5.1. Umsóknir um gerðarviðurkenningu eða breytingu á gerðarviðurkenningu skulu sendar með viðkomandi upplýsingum varðandi innbyggt greiningarkerfi ökutækis. Þessar upplýsingar eiga að gera framleiðendum íhluta til endurnýjunar eða endurbóta kleift að gera hlutina, sem þeir framleiða, samrýmanlega innbyggða greiningarkerfinu með gallalausa starfsemi í huga sem tryggir notanda ökutækisins gegn bilunum. Á sama hátt skulu þessar upplýsingar gera framleiðendum greiningartækja og prófunarbúnaðar kleift að framleiða tæki og búnað á þann hátt að greining á mengunarvarnarkerfi ökutækisins verði árangursrík og rétt.

5.2. Framleiðandi skal, samkvæmt beiðni, gera viðeigandi upplýsingar um innbyggða greiningarkerfið aðgengilegar öllum viðkomandi framleiðendum íhluta, greiningartækja og prófunarbúnaðar án mismununar.

5.2.1. Lýsing á gerð og fjölda formeðhöndlunarlotna sem eru notaðar við upprunalega gerðarviðurkenningu ökutækisins.

5.2.2. Lýsing á gerð tilraunalotu innbyggða greiningarkerfisins sem er notuð við upprunalega gerðarviðurkenningu ökutækisins að því er varðar íhlut sem er vaktaður með greiningarkerfinu.

5.2.3. Ítarlegt skjal þar sem lýst er öllum íhlutum sem eru vaktaðir og þeirri aðferð sem notuð er til að greina bilanir og virkja bilanavísi (fastur fjöldi aksturslota eða tölfræðileg aðferð), þ.m.t. skrá yfir viðeigandi aukamæliþætti fyrir hvern íhlut sem er vaktaður með innbyggða greiningarkerfinu og skrá yfir alla frálagskóða innbyggða

greiningarkerfisins og snið þeirra (með skýringum á hverjum og einum) sem tengjast einstökum aflrásaríhlutum, sem hafa með losun að gera, og einnig þá sem tengjast einstökum íhlutum, sem tengjast ekki losun, þar sem vöktun íhlutarins er notuð til að ákvarða virkjun bilanavísis. Einkum er nauðsynlegt að afhenda heildarskýringu á gögnunum sem fást með þjónustunni $05 Test ID $21 til FF og gögnunum sem fást með þjónustunni $06. Ef um er að ræða ökutæki sem nota samskiptatengil í samræmi við ISO 15765-4 „Road vehicles — Diagnostics on Controller Area Network (CAN) — Part 4: Requirements for emissions-related systems“ skal afhenda ítarlega útskýringu á gögnunum sem fást með þjónustunni $06 Test ID $00 til FF, fyrir hvert vöktunarkenni innbyggða greiningarkerfisins.

5.2.4. Þessar upplýsingar má setja fram í töflu eins og þeirri sem fer hér á eftir:

Mynd AP1-1

Fyrirmynd að skrá yfir upplýsingar um innbyggða greiningarkerfið

Þáttur	Bilanagreiningarkóði	Vöktunaraðferð	Viðmiðanir fyrir bilanagreiningu	Viðmiðanir til að virkja bilanavísi	Annars stigs mælibætir	Formeðhöndlun	Tilraunaprófun	Staðalstilling
Hvata-aðgerð	P0420	Merki frá súrefnis-skynjara 1 og 2	Mismunur á merkjum frá skynjara 1 og 2	3. lota	Snúningshraði, álag hreyfils, A/F hamur, hiti í hvarfakút	Tvö próf-unar-ferli með prófun I	Prófun I	Ekkert

5.2.5. Fái viðurkenningaryfirvald beiðni frá framleiðendum íhluta, greiningartækja og prófunarbúnaðar um upplýsingar um innbyggt greiningartæki ökutækis:

a) skal yfirvaldið, innan 30 daga, óska eftir því að framleiðandi viðkomandi ökutækis leggi fram upplýsingarnar sem krafist er samkvæmt liðum 5.1 og 5.2,

b) framleiðandinn skal afhenda viðurkenningaryfirvaldinu þessar upplýsingar innan tveggja mánaða frá því að beiðni berst,

c) yfirvaldið skal senda þessar upplýsingar áfram til viðurkenningaryfirvalda annarra aðildarríkja og viðurkenningaryfirvaldið, sem veitti upphaflegu gerðarviðurkenninguna, skal bæta þessum upplýsingum við upplýsingar um gerðarviðurkenningu ökutækisins.

5.2.6. Einungis er hægt að óska eftir upplýsingum um íhluti til endurnýjunar eða viðgerða, sem eru háðir gerðarviðurkenningu, eða um íhluti sem eru hluti af kerfi sem er háð gerðarviðurkenningu.

5.2.7. Í beiðni um upplýsingar skal koma fram nákvæm lýsing á tegund ökutækisins sem óskað er eftir upplýsingum um. Fram skal koma staðfesting á því að upplýsinga sé óskað vegna þróunar hluta eða íhluta til endurnýjunar eða endurbóta eða greiningartækja eða prófunarbúnaðar.

6. **Upplýsingar sem eru nauðsynlegar vegna framleiðslu á greiningartækjum**

6.1. Til að auðvelda útvegun á almennum greiningartækjum fyrir viðgerðarverkstæði, sem gera við fleiri en eina gerð ökutækja, skulu framleiðendur ökutækja veita aðgang að upplýsingunum, sem vísað er til í liðunum að neðan, á vefsetrum sínum um viðgerðarupplýsingar.

6.2. Þar skulu vera upplýsingar um allar aðgerðir greiningartækisins og allir tenglar við viðgerðarupplýsingar og leiðbeiningar um bilanaleit. Heimilt er að leggja hóflegt gjald á aðgang að þessum upplýsingum.

6.2.1. Upplýsingar um samskiptareglur

Veita skal eftirfarandi upplýsingar, sem skulu vera flokkaðar samkvæmt tegund ökutækis, gerð og afbrigði eða annarri nothæfri skilgreiningu, eins og t.d. verksmiðjunúmer ökutækis eða auðkenni ökutækis og kerfis:

6.2.1.1. öll viðbótarupplýsingakerfi um samskiptareglur sem eru nauðsynleg fyrir fullnaðargreiningu til viðbótar við staðlana sem lýst er í lið 3.8 í 1. viðbæti við XII. viðauka, þ.m.t. allur viðbótarvélbúnaður eða upplýsingar um hugbúnaðarsamskiptareglur, auðkenning mæliþátta, færsluaðgerðir, kröfur um að halda tengingunni virkri (keep alive requirements), eða villuskilyrði,

6.2.1.2. Upplýsingar um hvernig nálgast megi upplýsingar og túlka alla bilanakóða sem eru ekki í samræmi við staðla sem lýst er í lið 3.11,

6.2.1.3. lista yfir alla tiltæka mæliþætti rauntímagagna, þ.m.t. upplýsingar um skölun og aðgang,

6.2.1.4. lista yfir allar tiltækar aðgerðaprófanir, þ.m.t. virkjun eða stjórnun tækja og hvernig þær skulu framkvæmdar,

6.2.1.5. upplýsingar um hvernig nálgast megi upplýsingar um íhluti og stöðu, tímastimpla, fyrirliggjandi greiningarkóða bilana og læst mæligildi,

6.2.1.6. endurstilling mæliþátta fyrir aðlögunarnám, afbrigðiskóðun og uppsetning íhluta til endurnýjunar og valkostir viðskiptavina,

6.2.1.7. auðkenni stýribúnaðar aflrásar/rafstýringareiningar og afbrigðiskóðun,

6.2.1.8. upplýsingar um endurstillingu þjónustuljósa,

6.2.1.9. staðsetning staðlaðrar greiningartengingar og upplýsingar um tengi,

6.2.1.10. auðkenni hreyfilkóða.

6.2.2. Prófun og greining á íhlutum sem eru vaktaðir með innbyggðu greiningarkerfi

Skylt er að veita eftirfarandi upplýsingar:

6.2.2.1. lýsing á prófunum til að staðfesta virkni, við íhlutinn eða í leiðsluknippinu,

6.2.2.2. prófunaraðferð ásamt mæliþáttum og upplýsingum um íhluti,

6.2.2.3. upplýsingar um tengingar, þ.m.t. hámarks- og lágmarksílag og hámarks- og lágmarksfrálag, ásamt aksturstölum og álagsgildum,

6.2.2.4. gildi sem búist er við, við tiltekin akstursskilyrði, þ.m.t. lausagang,

6.2.2.5. spennugildi íhlutarins í kyrrstöðu og virkri stöðu,

6.2.2.6. bilunargildi fyrir sviðsmyndirnar sem nefndar eru að ofan,

6.2.2.7. bilanagreiningarröð, þ.m.t. bilunartré og leiðbeinandi greining til að útiloka bilun,

6.2.3. Gögn sem nauðsynleg eru fyrir viðgerð

Skylt er að veita eftirfarandi upplýsingar:

6.2.3.1. frumstilling íhluta og rafstýringareiningar (ef verið er að setja í varahluti),

6.2.3.2. frumstilling nýrrar rafstýringareiningar eða varahlutar, með „pass-through“ (endur)forritunaraðferðum, þar sem við á.

2. viðbætir

Lágmarkskröfur um vöktun á innbyggðu greiningarkerfi í I. og II. áfanga

1. **Efni**

Eftirfarandi lágmarkskröfur um vöktun gilda um innbyggð greiningarkerfi sem uppfylla kröfur í I. og II. áfanga([16]) varðandi greiningarkerfi fyrir rafrásir.

2. **Gildissvið og kröfur um vöktun**

Ef eftirfarandi skráðir nemar og gangsetningarbúnaður eru uppsettir skal vakta þá fyrir bilun í rafrás sem getur valdið því að losun fari yfir tilgreind losunarmörk fyrir innbyggt greiningarkerfi sem mælt er fyrir um í B-hluta VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 168/2013 og/eða leitt til virkjunar á staðalstillingu sem leiðir til þess að verulega er dregið úr knýjandi snúningsvægi.

Tafla Ap2-1

Yfirlit yfir búnað (ef hann er uppsettur) sem vakta skal í innbyggðu greiningarkerfi í I. og/eða II. áfanga

Nr.	Straumrás búnaðar		Samfella rafrásar			Rökfræði rafrásar				Númer athuga-semdar
		Stig, vísar til liðar 2.3	Há rafrás	Lág rafrás	Opin straumrás	Utan sviðs	Afköst/áreiðanleiki	Frosið merki	Búnaður virkur/búnaður til staðar	
1	Innri villa í stýrieiningu (stýribúnaði rafrásar/ rafstýringareiningar)	3							I&II	([1])
	Nemar (ílag fyrir stýrieiningar)									
1	Stöðunemi eldsneytisgjafar (fetill/handfang)	1&3	I&II	I&II	I&II	(I&II)	(I&II)	(I&II)		([2])
2	Loftþrýstingsnemi	1	I&II	I&II	I&II		II			
3	Stöðunemi kambáss	3	(II)	(II)	(II)				I&II	([3])
4	Stöðunemi sveifaráss	3							I&II	
5	Hitanemi á kælivökva hreyfils	1	I&II	I&II	I&II	(II)	(II)	(II)		([4])
6	Hallanemi stjórnloka útblástursrörs	1	I&II	I&II	I&II	(II)	(II)	(II)		([4])
7	Nemi útblásturshringrásar	1&3	II	II	II	(II)	(II)	(II)		([4])
8	Þrýstinemi í eldsneytiskerfi	1	I&II	I&II	I&II	(II)	(II)	(II)		([4])
9	Hitanemi í eldsneytiskerfi	1	I&II	I&II	I&II	(II)	(II)	(II)		([4])
10	Stöðunemi gírskiptingar (spennudeilir)	1	I&II	I&II	I&II	(II)	(II)	(II)		([4])
11	Stöðunemi gírskiptingar (rofi)	3					(II)		I&II	

([16]) Þættir innbyggðs greiningarkerfis í II. áfanga með fyrirvara um rannsókn sem um getur í 4. lið 23. gr.

Nr.	Straumrás búnaðar		Samfella rafrásar			Rökfræði rafrásar				Númer athuga-semdar
		Stig, vísar til liðar 2.3	Há rafrás	Lág rafrás	Opin straumrás	Utan sviðs	Afköst/áreiðanleiki	Frosið merki	Búnaður virkur/búnaður til staðar	
12	Hitanemi innsogslofts	1	I&II	I&II	I&II	(II)	(II)	(II)		(4)
13	Banknemi (án meðsveiflunar)	3					(II)		I&II	
14	Banknemi (með meðsveiflun)	3					I&II			
15	Raunþrýstingsnemi í soggrein	1	I&II	I&II	I&II	(II)	(II)	(II)		(4)
16	Loftstreymisnemi massa	1	I&II	I&II	I&II	(II)	(II)	(II)		(4)
17	Hitanemi á smurolíu	1	I&II	I&II	I&II	(II)	(II)	(II)		(4)
18	Merki frá O_2 skynjara (tvíundartala/línulegt)	1	I&II	I&II	I&II	(II)	(II)	(II)		(4)
19	Þrýstinemi eldsneytis (hár)	1	I&II	I&II	I&II	(II)	(II)	(II)		(4)
20	Hitanemi í eldsneytisgeymi	1	I&II	I&II	I&II	(II)	(II)	(II)		(4)
21	Stöðunemi eldsneytisgjafar	1	I&II	I&II	I&II	(I&II)	(I&II)	(I&II)		(2)
22	Hraðanemi ökutækisins	3					(II)		I&II	(5)
23	Hraðanemi hjóls	3					(II)		I&II	(5)
	Gangsetningarbúnaður (stýribúnaður úttaks)									
1	Stjórnloki fyrir mengun í losunarkerfi við uppgufun	2	(II)	I&II	(II)					
2	Gangsetningarbúnaður stjórnloka fyrir útblástur (vélknúinn)	3					II		I&II	
3	Stýring útblásturshringrásar	3					II			
4	Eldsneytisspíss	2		I&II					(I&II)	(6)
5	Stjórnkerfi fyrir loft í lausagangi	1	I&II	I&II	I&II		II		(I&II)	(6)
6	Megin stýrirásir háspennukeflis	2		I&II					(I&II)	(6)
7	Hitari O_2-nema	1	I&II	I&II	I&II		II		(I&II)	(6)

Nr.	Straumrás búnaðar		Samfella rafrásar			Rökfræði rafrásar				Númer athuga-semdar
		Stig, visar til liðar 2.3	Há rafrás	Lág rafrás	Opin straumrás	Utan sviðs	Afköst/áreiðanleiki	Frosið merki	Búnaður virkur/búnaður til staðar	
8	Aukaloftinndælingarkerfi	2	(II)	I&II	(II)				(I&II)	(6)
9	Eldsneytisgjöf sem er virkjuð með vír	3		I&II					(I&II)	(6)

(1) Aðeins þegar virkjun staðalstillingar leiðir til þess að verulega er dregið úr knýjandi snúningsvægi eða ef uppsett er eldsneytisgjöf sem er virkjuð með vír.
(2) Ef aðeins APS og TPS eru uppsett er vöktun með rökfræði rafrásar ekki skyldubundin í APS og TPS.
(3) Innbyggt greiningarkerfi í II. áfanga: 1 & 3 stig.
(4) Innbyggt greiningarkerfi í II: áfanga: tvær af þremur bilunum í rökfræði rafrásar sem merktar eru „II“ skulu vaktaðar til viðbótar við samfellu rafrásar.
(5) Aðeins er það er notað sem ílag í stýribúnað aflrásar/rafstýringareiningar sem varðar frammistöðu í umhverfis- eða notkunaröryggi.
(6) Frávik eru heimil ef framleiðandi fer frekar fram á 3. stig, merki gangsetningarbúnaðar birtist aðeins ef ekki eru vísbendingar um einkenni.

2.2. Ef fleiri en einn búnaður af sömu gerð er uppsettur á ökutæki sem skráð er í töflu Ap2-1 skal vakta þann búnað með aðskildum hætti og gefa skýrslu um hann ef bilun kemur upp. Ef bilun er merkt með „I“ í töflu Ap2-1 þýðir það að vöktun sé skyldubundin fyrir innbyggt greiningarkerfi í I. áfanga og ef hún er merkt með „II“ skal einnig vera skyldubundið að vakta bilunina fyrir innbyggt greiningarkerfi í II. áfanga.

2.3. Nemum og gangsetningarbúnaði skal fylgja tilgreint greiningarstig sem sett er fram hér að neðan og skilgreinir hvaða tegund greiningarvöktunar skal fara fram:

2.3.1. Stig 1: hægt er að greina og gefa skýrslu um nema/gangsetningarbúnað sem hefur a.m.k. tvö einkenni um samfellu rafrásar (þ.e. skammhlaup við jörð, skammhlaup við afl og opna rás).

2.3.2. Stig 2: hægt er að greina og gefa skýrslu um nema/gangsetningarbúnað sem hefur a.m.k. eitt einkenni um samfellu rafrásar (þ.e. skammhlaup við jörð, skammhlaup við afl og opna rás).

2.3.3. Stig 3: nemi/gangsetningarbúnaður með a.m.k. eitt einkenni sem hægt er að greina en ekki hægt að gefa sérstaka skýrslu um.

2.4. Hægt er að sameina tvö af þremur einkennum um samfellu í straumrás sem og um rökfræði straumrásar, t.d. há eða opin straumrás og lág straumrás/há og lág eða opin straumrás/merki utan gildissviðs eða frammistaða straumrásar og frosið merki.

2.5. Undanþágur varðandi greiningu

Veita má undanþágu frá greiningu tiltekinna einkenna vöktunar rafrása í eftirfarandi tilfellum ef framleiðandi getur, þannig að viðurkenningaryfirvald telji fullnægjandi, sýnt tækniþjónustu fram á að:

2.5.1. skráð bilun verði ekki til þess að losun fari yfir tilgreind losunarmörk innbyggða greiningarkerfisins sem sett eru fram í B-hluta VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 168/2013, eða

2.5.2. skráð bilun verði ekki til þess að dregið sé verulega úr snúningsvægi, eða

2.5.3. eina mögulega vöktunaraðferðin myndi hafa verulega neikvæð áhrif á notkunaröryggi eða akstursháefni ökutækis.

2.6. Undanþágur varðandi losunarsannprófanir (prófunaraðferð VIII)

Að beiðni framleiðanda og byggt á tæknilegum rökstuðningi þannig að viðurkenningaryfirvald telji fullnægjandi má undanskilja tiltekna vaktara innbyggða greiningarkerfisins sem skráðir eru í töflu Ap2-1 frá losunarsannprófunaraðferð VIII sem um getur í A-hluta V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 168/2013, samkvæmt þeim skilyrðum að framleiðandi geti sýnt viðurkenningaryfirvaldi fram á að:

2.6.1. bilanavísir sem er uppsettur á ökutæki sé virkjaður þegar bilun sem skráð er í töflu Ap2-1 á sér stað:

2.6.1.1. á meðan á sömu lykillotu stendur og

2.6.1.2. strax að lokinni takmarkaðri seinkun (300 s eða styttri) í sömu lykillotu, eða

2.6.2. vöktun á einhverjum þáttum sem skráðir eru í töflu Ap2-1 sé í eðli sínu ekki möguleg. Ítarlegur, tæknilegur rökstuðningur fyrir því að slík vöktun innbyggða greiningarkerfisins sé ekki möguleg skal koma fram í upplýsingamöppu.

XIII. VIÐAUKI

Kröfur sem gilda um handföng og fóthvílur fyrir farþega

1. **Almennar kröfur**

1.1. „Gerð ökutækis að því er varðar handföng og fóthvílur“: flokkur ökutækja sem eru ekki frábrugðin með tilliti til grundvallaratriða er varða lögun, stærð, eiginleika smíðaefnis og festinga handfanga og fóthvíla fyrir farþega í ökutækinu.

1.2. Fyrir ökutæki sem hönnuð eru til að flytja einn eða fleiri farþega en ekki búin öryggisbeltum fyrir þessa farþega skulu sætin sem um er að ræða vera búin handföngum fyrir farþega sem hafa annaðhvort ól eða eitt eða tvö handarhöld.

1.2.1. Ólar á handföng skulu uppsettar nálægt viðkomandi sæti þannig að auðvelt sé fyrir farþega að nota þær. Þær skulu vera samhverfar að því er varðar lengdarmiðjuplan sætisins. Ólin og festingar hennar skulu geta þolað 2000 N lóðréttan togkraft, sem beitt er í kyrrstöðu á miðja ólina með hámarksþrýstingnum 2,0 MPa, án þess að hrökkva í sundur.

1.2.2. Stök handarhöld skulu uppsett nálægt viðkomandi sæti þannig að auðvelt sé fyrir farþega að nota þau. Þau skulu vera samhverf að því er varðar lengdarmiðjuplan sætisins. Handarhald og festingar þess skulu geta þolað 2000 N lóðréttan togkraft, sem beitt er í kyrrstöðu á miðju þess með hámarksþrýstingnum 2,0 MPa, án þess að hrökkva í sundur.

1.2.3. Tvö handarhöld skulu uppsett nálægt viðkomandi sæti þannig að auðvelt sé fyrir farþega að nota þau. Þau skulu vera samhverf hvert öðru og að því er varðar lengdarmiðjuplan sætisins. Bæði skulu geta þolað samtímis 1000 N lóðréttan togkraft, sem beitt er í kyrrstöðu á miðja ólina með hámarksþrýstingnum 1,0 MPa, án þess að hrökkva í sundur.

1.2.4. Hönnunareinkenni sem hægt er að taka í misgripum fyrir handföng fyrir farþega eru ekki leyfileg í ökutæki, nema þau uppfylli einnig kröfurnar í liðum 1.2.1 til 1.2.3.

1.3. Öll sæti ökutækis skulu búin annað hvort tilgreindum fóthvílum eða gólfi eða gólfplötum sem ökumenn eða farþegar geta hvílt báða fætur á.

1.3.1. Gólf ökutækis, sérhver tiltekin gólfplata og sérhver tiltekin fóthvíla skulu þola, án þess að verða fyrir varanlegri aflögun sem skaðar notkun þeirra, lóðrétt þrýstiafl upp á 1700 N sem beitt er í kyrrstöðu á einhvern hluta af gólfi eða gólfplötu eða 15 mm frá brún fóthvílu, við hámarksþrýsting upp á 2,0 MPa.

1.3.2. Rýmið sem veitt er fyrir hverja fóthvílu, þ.m.t. pláss á gólfi eða gólfplötu skal vera nægilega mikið til að fótur sem er a.m.k. 300 mm langur og a.m.k. 110 mm breiður geti verið staðsettur þar með öruggum hætti, án þess að hefta fót ökumanns ökutækisins. Fóthvíla skal staðsett þannig að komið sé í veg fyrir beina snertingu á milli fótar/fótleggjar og hluta sem snúast (t.d. hjólbarða) á meðan á notkun stendur.

1.3.3. Hönnunareinkenni sem hægt er að taka í misgripum fyrir fóthvílur, gólfplötur eða gólf ökutækis eru ekki leyfileg í ökutæki, nema þau uppfylli einnig kröfurnar í liðum 1.3.1 til 1.3.2.

1.3.4. Fetlar sem gera það að verkum að ökumaður getur knúið ökutækið áfram með vöðvaafli í fótlegg teljast uppfylla kröfur í liðum 1.3 til 1.3.3.

_____

XIV. VIÐAUKI

Kröfur sem gilda um flöt fyrir skráningarmerki

1. **Almennar kröfur**

1.1. „gerð ökutækis að því er varðar flöt fyrir skráningarmerki“: flokkur ökutækja sem ekki eru frábrugðin hvað varðar grundvallareiginleika svo sem mál flatar fyrir uppsetningu og festingu skráningarmerkis, staðsetningu flatarins og hönnunareiginleika yfirborðs fyrir uppsetningu og festingu skráningarmerkis að framan, ef við á,

1.2. Ökutæki skulu hafa flöt fyrir uppsetningu og festingu skráningarmerkis að aftan.

1.3. Ökutæki í flokkum L6e og L7e skulu að auki hafa flöt fyrir uppsetningu og festingu skráningarmerkis að framan.

1.3.1. Skráningarmerki að framan teljast óhentug fyrir ökutæki í flokkum L1e, L2e, L3e, L4e og L5e og skulu slík ökutæki því ekki hafa flöt fyrir þau.

1.4. Mál og lögun flatar fyrir uppsetningu á skráningarmerki

1.4.1. Flöturinn sem skráningarmerkjunum er komið fyrir á skal mynda rétthyrnt svæði með eftirfarandi lágmarksmálum:

Að því er varðar ökutæki í flokki L1e, L2e og L6e:

annaðhvort

breidd: 100 mm

hæð: 175 mm

eða

breidd: 145 mm

hæð: 125 mm.

Fyrir ökutæki í flokkum L3e, L4e, L5e og L7e:

breidd: 280 mm

hæð: 200 mm.

1.5. Uppsetning og festing skráningarmerkis aftan á ökutækjum í flokkum L1e, L2e, L3e, L4e og L5e

1.5.1. Flötur fyrir uppsetningu skráningarmerkis að aftan skal vera þannig að þegar það hefur verið fest samkvæmt fyrirmælum framleiðanda hafi það eftirfarandi eiginleika:

1.5.1.1. Staðsetning flatar fyrir uppsetningu skráningarmerkis að aftan:

1.5.1.1.1. Flötur fyrir uppsetningu skráningarmerkis aftan á ökutæki skal vera þannig að merkið geti verið staðsett alveg á milli tveggja samsíða lóðréttra lengdarplana sem fara í gegnum ytri brúnir ökutækisins, án þess að tillit sé tekið til baksýnisspegla. Flöturinn sjálfur skal ekki mynda breiðasta hluta ökutækisins.

1.5.1.2. Merkið skal vera hornrétt á lengdarplan ökutækisins.

1.5.1.3. Staðsetning merkisins miðað við lóðrétt þverplan ökutækisins:

1.5.1.3.1. Flöturinn má hafa lóðréttan halla sem er ekki minni en – 15° og ekki meiri en 30°.

1.5.1.4. Hæð merkisins frá jörðu:

1.5.1.4.1. Lægri brún merkisins skal ekki vera minna en 0,20 m yfir jörðu eða minna en radíus afturhjóls yfir jörðu ef hann er minni en 0,20 m.

1.5.1.4.2. Hæð efri brúnar merkis frá jörðu skal ekki vera meiri en 1,50 m.

1.5.1.5. Rúmfræðilegur sýnileiki:

1.5.1.5.1. Merkið skal vera sýnilegt á öllum fletinum innan eftirfarandi fjögurra plana:

— tveimur lóðréttum plönum sem snerta hvort sína hliðarbrún merkis og mynda horn sem mælist út til vinstri og til hægri í 30° miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins,

— plani sem snertir efri brún merkisins og myndar horn sem mælist 15° upp á við miðað við lárétt plan,

— lárétta planinu í gegnum neðri brún merkisins.

1.5.1.5.2. Engin burðareining skal staðsett á fletinum sem lýst er að framan, jafnvel þó hún sé alveg gagnsæ.

1.6. Uppsetning og festing skráningarmerkis að framan og aftan á ökutæki í flokkum L6e og L7e

1.6.1. Flöturinn fyrir uppsetningu skráningarmerkis að framan eða aftan skal vera flatt rétthyrnt yfirborð eða rétthyrnt yfirborð sem sýnist flatt. „Því sem næst flatt yfirborð“: yfirborð fasts efnis, sem getur einnig verið mynstrað net eða rist, með krappageisla sem er a.m.k. 5000 mm.

1.6.2. Yfirborðið sem fer undir skráningarmerki að framan eða aftan má hafa göt eða skörð, þau mega þó ekki vera meiri en 40 mm breið án þess að tillit hafi verið tekið til lengdar þeirra (þ.e. skarð eða rauf skal aldrei vera breiðari en 40 mm en má vera lengri en 40 mm).

1.6.3. Á yfirborðinu sem skráningarmerki að framan eða aftan hylur mega vera framskot, að því tilskildu að þau standi ekki meira en 5,0 mm frá nafnyfirborðinu. Ekki skal taka tillit til búta úr mjög mjúkum efnum, t.d. frauði eða flóka, sem eiga að koma í veg fyrir titring skráningarmerkis.

1.6.4. Flötur fyrir uppsetningu skráningarmerkis að framan eða aftan skal vera þannig að þegar það hefur verið fest samkvæmt fyrirmælum framleiðanda hafi það eftirfarandi eiginleika:

1.6.4.1. Staðsetning flatar fyrir uppsetningu skráningarmerkis að framan eða aftan:

1.6.4.1.1. Flötur fyrir uppsetningu skráningarmerkis framan á ökutæki skal vera þannig að merkið geti verið staðsett alveg á milli tveggja samsíða lóðréttra lengdarplana sem fara í gegnum ytri brúnir ökutækisins, án þess að tillit sé tekið til baksýnisspegla. Flöturinn sjálfur skal ekki mynda breiðasta hluta ökutækisins.

1.6.4.1.2. Flötur fyrir uppsetningu skráningarmerkis aftan á ökutæki skal vera þannig að merkið geti verið staðsett alveg á milli tveggja samsíða lóðréttra lengdarplana sem fara í gegnum ytri brúnir ökutækisins, án þess að tillit sé tekið til baksýnisspegla. Flöturinn sjálfur skal ekki mynda breiðasta hluta ökutækisins.

1.6.4.1.3. Skráningarmerki að framan eða aftan skal vera hornrétt á lengdarplan ökutækisins.

1.6.4.2. Staðsetning merkisplötu að framan og aftan miðað við lóðrétt þverplan ökutækisins:

1.6.4.2.1. Flöturinn má hafa lóðréttan halla sem er ekki minni en – 15° og ekki meiri en 30°.

1.6.4.3. Hæð merkisins að framan og aftan frá jörðu:

1.6.4.3.1. Lægri brún plötunnar skal ekki vera minna en 0,20 m yfir jörðu eða minna en radíus framhjóls yfir jörðu en hann er minni en 0,20 m.

1.6.4.3.2. Hæð efri brúnar merkisins frá jörðu skal ekki vera meiri en 1,50 m.

1.6.4.4. Rúmfræðilegur sýnileiki:

1.6.4.4.1. Plötur að framan eða aftan skulu vera sýnilegar á öllum fletinum innan eftirfarandi fjögurra plana:

— tveimur lóðréttum plönum sem snerta hvort sína hliðarbrún merkis og mynda horn sem mælist út til vinstri og til hægri í 30° miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins,

— plani sem snertir efri brún merkisins og myndar horn sem mælist 15° upp á við miðað við lárétt plan,

— lárétta planinu í gegnum neðri brún merkisins.

Merkið að framan skal vera sýnilegt á framhlið ökutækis og merkið að aftan skal vera sýnilegt á afturhlið ökutækis.

1.6.4.4.2. Engin burðareining skal staðsett innan flatarins sem lýst er að framan, jafnvel þó hún sé alveg gagnsæ.

1.6.4.5. Bilið á milli brúnanna á uppsettu og festu skráningarmerki og raunverulegs yfirborðs flatarins fyrir merkið skal ekki vera meiri en 5,0 mm eftir endilangri útlínu merkisins.

1.6.4.5.1. Bilið má vera meira ef um er að ræða mælingu við gat eða skarð á yfirborði með mynstruðu neti eða á milli samhliða rimla á yfirborði ristar.

1.7. Aðrar kröfur

1.7.1. Skráningarmerkið skal ekki virka, að hluta til eða öllu leyti, sem grunnur til að festa, setja upp eða klemma á aðra hluta, íhluti eða búnað ökutækis (t.d. má ekki festa ljósabúnað á skráningarmerki).

1.7.2. Enginn hluti, íhlutur eða búnaður skal verða laus eða losna alveg frá vegna þess að skráningarmerki er fjarlægt.

1.7.3. Þegar skráningarmerki er fest skal sýnileiki þess ekki minnka við venjuleg notkunarskilyrði, einkum vegna titrings og hreyfikrafta svo sem vindstyrks við akstur.

1.7.4. Ekki er heimilt að nota stað til þess að festa skráningarmerki sem getur auðveldlega snúist upp og/eða niður umfram þann halla sem mælt er fyrir um í liðum 1.5.1.3.1 og 1.6.4.2.1 í tengslum við burðarvirki ökutækis við venjuleg akstursskilyrði (þ.e. þegar hurðir eða aðgangslúgur eru lokaðar).

1.7.5. Ef ökutækið á það til að halla skal uppsett skráningarmerki sem hefur viðeigandi hámarksmál og ekki er staðsett á lengdarmiðjuplani ökutækis ekki hafa takmarkandi áhrif á hámarkshallann.

2. **Prófunaraðferð**

2.1. Ákvörðun halla frá lóðréttri stöðu og hæð skráningarmerkis frá jörðu

2.1.1. Ökutækið skal staðsett á láréttu yfirborði og ef nauðsyn krefur skal því haldið í uppréttri stöðu. Stýrð hjól skulu vísa fram á við og massi ökutækis skal vera stilltur að massa ökutækis sem er tilbúið til aksturs, eins og hann er tilgreindur af framleiðanda, áður en mælingar eru gerðar.

2.1.2. Ef ökutækið er búið vökvaloftfjöðrun, vökvafjöðrun eða loftknúinni fjöðrun eða öðrum búnaði sem hægt er að stilla með tilliti til hleðslu, skal það prófað með fjöðrunina eða búnaðinn stilltan á venjulegt akstursástand sem framleiðandi tilgreinir.

2.1.3. Ef framhlið skráningarmerkis sem er sýnileg snýr niður á við skal hallamæling gefin upp sem neikvæður (mínus) halli.

2.2. Mælingar á framskotum skal gera hornrétt á og beint að nafnyfirborðinu sem skráningarmerkið hylur.

2.3. Bil á milli brúnar á uppsettu og festu skráningarmerki og yfirborðs skal mælt hornrétt á og beint að raunverulega yfirborðinu sem merkið hylur.

2.4. Skráningarmerki sem notað er til að athuga samræmi skal vera af eftirfarandi stærð:

— fyrir ökutæki í flokkum L1e, L2e og L6e: ein af tveimur stærðum í lið 1.4.1 eins og tilgreint er af framleiðanda ökutækis,

— fyrir ökutæki í liðum L3e, L4e, L5e og L7e: stærðin í lið 1.4.1.

XV. VIÐAUKI

Kröfur sem gilda um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald

1. **Tilgangur**

1.1. Aðgangur að upplýsingum: aðgangur að öllum upplýsingum frá innbyggðu greiningarkerfi og upplýsingum um viðgerðir og viðhald sem nauðsynlegar eru vegna skoðunar, greiningar, viðhalds eða viðgerða ökutækisins.

1.1. Þegar framleiðandi sækir um ESB-gerðarviðurkenningu eða landsbundna gerðarviðurkenningu skal hann sýna viðurkenningaryfirvaldinu fram á að ákvæði þessarar reglugerðar séu uppfyllt að því er varðar aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja og upplýsingunum, sem um getur í lið 4.3).

2. **Kröfur um að aðgangur sé veittur að upplýsingum um innbyggða greiningarkerfið og um viðgerðir og viðhald ökutækis eru uppfylltar í gerðarviðurkenningarferlinu**

2.1. Viðurkenningaryfirvöld skulu veita gerðarviðurkenningu aðeins eftir að hafa fengið í hendur frá framleiðanda vottorð um aðgang að upplýsingum um innbyggt greiningarkerfi og um viðgerðir og viðhald ökutækis.

2.2. Vottorðið um aðgang að upplýsingum um innbyggða greiningarkerfið og um viðgerðir og viðhald ökutækis skal teljast sönnun þess að farið sé að XV. kafla reglugerðar (ESB) nr. 168/2013.

2.3. Vottorðið um aðgang að upplýsingum um innbyggða greiningarkerfið og um viðgerðir og viðhald ökutækis skal útbúið í samræmi við fyrirmyndina sem um getur í 8. mgr. 57. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013.

2.4. Framleiðandi skal tryggja að farið sé að tæknilegum kröfum í 1. viðbæti varðandi aðgang að innbyggðu greiningarkerfi ökutækis og að upplýsingum um viðgerðir og viðhald.

3. **Gjöld fyrir aðgang**

3.1. Til viðbótar við aðgang sem miðast við tíma, skv. 59. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013, mega framleiðendur bjóða aðgang sem miðast við færslur, en þá er gjaldfært fyrir hverja færslu í staðinn fyrir þann tíma sem aðgangur er veittur. Ef framleiðandi býður bæði aðgangskerfi sem miðast við tíma og færslur skulu óháð viðgerðarverkstæði velja hvort þau kjósi frekar aðgang miðað við tíma eða færslur.

4. **Varahlutir, greiningartæki og prófunarbúnaður**

4.1. Með tilliti til 6. mgr. 57. gr. í reglugerð 168/2013 skal framleiðandi gera eftirfarandi upplýsingar aðgengilegar hagsmunaaðilum á grundvelli einstaklingsbundins fyrirkomulags sem 59. gr. reglugerðar 168/2013 gildir um og gefa upp samskiptaupplýsingar á vefsetri sínu:

4.1.1. viðeigandi upplýsingum sem gera kleift að þróaðir verði íhlutir til endurnýjunar sem skipta miklu máli fyrir rétta virkni innbyggða greiningarkerfisins,

4.1.2. upplýsingum sem gera kleift að þróuð verði almenn greiningartæki.

4.2. Að því er varðar lið 4.1.1 skal þróun íhluta til endurnýjunar ekki vera takmörkuð af neinu eftirfarandi:

4.2.1. skorti á viðeigandi upplýsingum,

4.2.2. tæknikröfunum varðandi það hvernig fara skuli með vísbendingar um bilun ef farið er yfir viðmiðunarmörk innbyggða greiningarkerfisins eða ef innbyggða greiningarkerfið uppfyllir ekki grundvallarkröfur þessarar reglugerðar um vöktun,

4.2.3. tilteknum breytingum á meðferð upplýsinga um innbyggða greiningarkerfið svo að hægt sé að meðhöndla sérstaklega ökutæki sem eru knúin fljótandi eldsneyti annars vegar og loftkenndu eldsneyti hins vegar,

4.2.4. gerðarviðurkenningu gasknúinna ökutækja með tiltölulega fáum, minniháttar ágöllum.

4.3. Að því er varðar lið 4.1.2 þar sem framleiðendur nota greiningar- og prófunartæki í samræmi við staðlana ISO 22900 varðandi Modular Vehicle Communication Interface (MVCI) og ISO 22901-2:2011 um Open Diagnostic Data Exchange („ODX“) í sérleyfiskerfum sínum, skulu ODX-skrárnar vera aðgengilegar sjálfstæðum rekstraraðilum á vefsetri framleiðandans.

5. **Fjölþrepa gerðarviðurkenning**

5.1. Ef um er að ræða fjölþrepa gerðarviðurkenningu, eins og hún er skilgreind í 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013 skal endanlegur framleiðandi vera ábyrgur fyrir því að veita aðgang að upplýsingum um innbyggt greiningarkerfi og um viðgerðir og viðhald ökutækis að því er varðar eigin framleiðsluþrep og tengingu við fyrri þrep.

5.2. Að auki skal endanlegur framleiðandi veita óháðum rekstraraðilum eftirfarandi upplýsingar á vefsetri sínu:

5.2.1. vefföng framleiðenda sem eru ábyrgir fyrir fyrri þrepum,

5.2.2. nöfn og heimilisfang allra framleiðenda sem eru ábyrgir fyrir fyrri þrepum,

5.2.3. gerðarviðurkenningarnúmer fyrri þrepa,

5.2.4. númer hreyfils.

5.3. Framleiðendur sem eru ábyrgir fyrir tilteknu þrepi eða þrepum gerðarviðurkenningar skulu ábyrgjast aðgang á vefsetrum sínum að upplýsingum um innbyggt greiningarkerfi og upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækis að því er varðar þau þrep gerðarviðurkenningar sem þeir bera ábyrgð á og tengingu við fyrri þrep.

5.4. Framleiðandi sem er ábyrgur fyrir tilteknu þrepi eða þrepum gerðarviðurkenningar skal veita framleiðandanum sem er ábyrgur fyrir næsta þrepi eftirfarandi upplýsingar:

5.4.1. samræmisvottorðið að því er varðar þrepið/þrepin sem þeir eru ábyrgir fyrir,

5.4.2. vottorðið um aðgang að upplýsingum um innbyggt greiningarkerfi og um viðgerðir og viðhald ökutækis ásamt viðbætum þess,

5.4.3. gerðarviðurkenningarnúmer að því er varðar þrepið/þrepin sem þeir eru ábyrgir fyrir,

5.4.4. skjölin sem um getur í liðum 5.4.1, 5.4.2 og 5.4.3 sem lögð eru fram af framleiðanda/framleiðendum á fyrri stigum.

5.5. Hver framleiðandi skal veita framleiðanda sem er ábyrgur fyrir næsta þrepi heimild til að afhenda skjölin áfram til framleiðenda sem eru ábyrgir fyrir næstu þrepum og lokaþrepinu.

5.6. Að auki skal framleiðandi sem er ábyrgur fyrir tilteknu þrepi eða þrepum gerðarviðurkenningar, á grundvelli samninga:

5.6.1. veita framleiðandanum sem er ábyrgur fyrir næsta þrepi aðgang að upplýsingum um innbyggt greiningarkerfi og um viðgerðir og viðhald og upplýsingum um skilfleti sem svara til þreps/þrepa sem hann er ábyrgur fyrir,

5.6.2. veita framleiðanda sem er ábyrgur fyrir síðari þrepi gerðarviðurkenningar aðgang, þegar hann óskar þess, að upplýsingum um innbyggða greiningarkerfið og um viðgerðir og viðhald ökutækis og upplýsingum um skilfleti sem svara til þreps/þrepa sem hann er ábyrgur fyrir.

5.7. Framleiðanda, þ.m.t. endanlegum framleiðanda, er aðeins heimilt að innheimta gjöld í samræmi við 59. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013 vegna tiltekinna þrepa sem hann er ábyrgur fyrir.

5.8. Framleiðandi, þ.m.t. endanlegur framleiðandi, skal ekki innheimta gjöld fyrir veitingu upplýsinga að því er varðar veffang eða samskiptaupplýsingar annars framleiðanda.

6. **Smærri framleiðendur**

6.1. Framleiðendur með minni ársframleiðslu á heimsmarkaði en 250 einingar af gerð ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar sem fellur undir þessa reglugerð, skulu veita greiðan og skjótan aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja, án mismununar gagnvart viðurkenndum seljendum og viðgerðarverkstæðum að því er varðar þjónustu og aðgang, í samræmi við 12. mgr. 57. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013.

6.2. Ökutæki, kerfi, íhlutir og aðskildar tæknieiningar sem falla undir 1. lið. skal skrá á vefsetri framleiðandans fyrir upplýsingar um viðgerðir og viðhald.

6.3. Viðurkenningaryfirvald skal tilkynna framkvæmdastjórninni um hverja gerðarviðurkenningu sem veitt er smærri framleiðendum.

7. **Yfirfærslukerfi**

7.1. Til 31. desember 2020 er framleiðanda heimilt, að því er varðar yfirfærslukerfi sem talin eru upp í 2. viðbæti, að víkja frá skyldunni til að endurforrita rafstýrieiningarnar í samræmi við staðlana sem um getur í þeim viðbæti.

7.2. Tilgreina skal slíka undanþágu á vottorðinu um aðgang að upplýsingum um innbyggða greiningarkerfið og um viðgerðir og viðhald ökutækis við gerðarviðurkenningu.

7.3. Þau kerfi, sem framleiðandinn undanþiggur frá skyldunni til að endurforrita rafstýrieiningarnar í samræmi við staðlana sem um er getið í lið 3.8 í 1. viðbæti við XII. viðauka, skulu skráð á vefsetri framleiðandans fyrir upplýsingar um viðgerðir og viðhald.

7.4. Hvað varðar þjónustu og endurforritun á rafstýrieiningum í yfirfærslukerfum sem falla undir slík frávik skulu framleiðendur tryggja að óháðir rekstraraðilar geti keypt eða leigt viðkomandi tæki eða búnað með einkaleyfi.

8. **Uppfylling skuldbindinga varðandi aðgang að upplýsingum um innbyggða greiningarkerfið og um viðgerðir og viðhald ökutækis**

8.1. Viðurkenningaryfirvald getur hvenær sem er, að eigin frumkvæði, á grundvelli kvörtunar eða mats frá tækniþjónustu, athugað hvort framleiðandi uppfyllir skuldbindingar sínar samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 168/2013, þessari reglugerð og skilmálum vottorðsins um aðgang að upplýsingum um innbyggða greiningarkerfið og um viðgerðir og viðhald ökutækis.

8.2. Komist viðurkenningaryfirvald að því að framleiðandinn hafi ekki uppfyllt skuldbindingar sínar varðandi aðgang að upplýsingum um innbyggða greiningarkerfið og um upplýsingar um viðgerðir og viðhald ökutækis skal viðurkenningaryfirvaldið sem veitti viðeigandi gerðarviðurkenningu grípa til viðeigandi ráðstafana til að ráða bót á ástandinu.

8.3. Slíkar ráðstafanir geta m.a. verið afturköllun eða tímabundin niðurfelling gerðarviðurkenninga, sektir eða aðrar ráðstafanir sem samþykktar eru í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 168/2013.

8.4. Ef viðurkenningaryfirvaldi berst kvörtun frá óháðum rekstraraðila eða atvinnugreinasamtökum skal viðurkenningaryfirvaldið gera úttekt til að sannprófa hvort framleiðandi fer að skuldbindingum er varða aðgengi að innbyggðu greiningarkerfi ökutækis og upplýsingum um viðgerðir og viðhald.

8.5. Viðurkenningaryfirvaldinu er heimilt við framkvæmd úttektarinnar að biðja tækniþjónustu eða annan óháðan sérfræðing að framkvæma mat til að staðfesta hvort farið sé að skuldbindingunum.

8.6. Til þess að hljóta ESB-gerðarviðurkenningu fyrir hreyflahóp sem aðskilda tæknieiningu fyrir ökutæki með viðurkennt hreyfilkerfi, að því er varðar bilanakóða innbyggða greiningarkerfisins og upplýsingar um viðgerðir og viðhald, skal framleiðandi sýna fram á að gerðar séu prófanir á ökutæki eða hreyfilkerfi og að kröfur XII. viðauka varðandi starfræn innbyggð greiningarkerfi séu uppfylltar.

8.7. Séu upplýsingar um innbyggt greiningarkerfi ökutækis og viðgerðir og viðhald ekki aðgengilegar þegar sótt er um gerðarviðurkenningu skal framleiðandi veita þær upplýsingar innan sex mánaða frá dagsetningu gerðarviðurkenningar.

8.8. Ef ökutækið er sett á markað meira en sex mánuðum eftir gerðarviðurkenningu skulu upplýsingarnar veittar daginn sem ökutækið er sett á markað.

8.9. Viðurkenningaryfirvald má ganga út frá því, á grundvelli fullklárað vottorðs um aðgang að innbyggðu greiningarkerfi ökutækisins og upplýsingum um viðgerðir og viðhald, að framleiðandi hafi gripið til fullnægjandi ráðstafana að því er varðar aðgang að innbyggðu greiningarkerfi ökutækisins og upplýsingum um viðgerðir og viðhald, að því tilskildu að engar kvartanir hafi borist og að framleiðandi veiti vottorðið innan þess frests sem um getur í lið 9.7.

8.10. Ef samræmisskírteinið er ekki lagt fram innan þess tíma skal gerðarviðurkenningaryfirvaldið grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að ákvæðin séu uppfyllt.

9. **Kröfur um upplýsingar til að veita óháðum rekstraraðilum aðgang að óöruggum hlutum**

9.1. Að því er varðar aðgang að upplýsingum um innbyggða greiningarkerfið og um viðgerðir og viðhald , aðrar en þær sem tengjast öruggum hlutum ökutækis, skulu kröfur varðandi skráningu vegna notkunar óháðra rekstraraðila á vefsvæðum framleiðenda aðeins ná til upplýsinga, sem nauðsynlegar eru vegna staðfestingar á hvernig greiða skuli fyrir upplýsingarnar.

10. **Kröfur um upplýsingar til að veita óháðum rekstraraðilum aðgang að öruggum hlutum**

10.1. Til að fá aðgang að upplýsingum innbyggða greiningarkerfisins og um viðgerðir og viðhald sem varða örugga hluta ökutækis skal óháður rekstraraðili samþykktur og hafa leyfi í þessu skyni á grundvelli gagna sem sýna fram á að hann stundi lögmæta starfsemi og hafi ekki verið sakfelldur fyrir glæpastarfsemi sem tengist þessu sviði.

10.2. Óháðum rekstraraðilum skal veittur aðgangur að öryggisþáttum ökutækis sem viðurkenndir seljendur og viðgerðarverkstæði nota undir vernd öruggrar tækni varðandi gagnaskipti til að tryggja trúnað, heilleika og verndun gegn endurtekningu.

10.3. Samráðsvettvangurinn um aðgang að upplýsingum um ökutæki sem kveðið er á um í 60. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013 mun tilgreina mæliþætti, að því er varðar að kröfurnar séu uppfylltar.

10.4. Hvað varðar upplýsingar varðandi aðgang að öruggum hlutum ökutækis skal óháður rekstraraðili leggja fram vottorð í samræmi við ISO 20828:2006 til að gera grein fyrir sér og þeirri stofnun sem hann tilheyrir. Framleiðandi skal svara með eigin vottorði í samræmi við ISO 20828:2006 til að staðfesta fyrir óháðan rekstraraðila að hann hafi aðgang að réttmætum svæðum þess framleiðanda sem um er að ræða. Báðir aðilar skulu halda skrá yfir þessar færslur sem gefa til kynna ökutækin og breytingar á þeim samkvæmt þessu ákvæði.

10.5. Opna skal fyrir aðgang óháðra rekstraraðila að öryggisþáttum ökutækja, sem viðurkenndir seljendur og viðgerðarverkstæði nota, sem skulu varðir með öryggistækni í samræmi við kröfuna um að einkalykill óháða rekstraraðilans sé varinn með öruggum vélbúnaði.

1. viðbætir

Aðgangur að upplýsingum um innbyggt greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald ökutækis

1. **Inngangur**

1.1. Í þessum viðbæti er mælt fyrir um tæknilegar kröfur um aðgang að upplýsingum um innbyggða greiningarkerfið og um viðgerðir og viðhald ökutækis.

2. **Kröfur**

2.1. Framleiðandi skal veita upplýsingar um viðgerðir og viðhald ökutækis og skal aðeins nota opið texta- og myndsnið eða snið sem hægt er að skoða og prenta með hjálp staðlaðra hugbúnaðarviðbóta, sem hægt er að fá ókeypis, er auðvelt að setja upp, á sama formi og gert er aðgengilegt samþykktum viðgerðarverkstæðum og sem keyra á tölvustýrikerfum sem eru í almennri notkun.

2.1.1. Upplýsingar um innbyggt greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald ökutækis sem tiltækar eru á vefsetrum skulu fylgja sameiginlegum staðli sem um getur í 2. mgr. 57. gr. reglugerðar (EB) nr. 168/2013.

2.1.2. Þar sem því verður við komið skulu lykilorð í lýsigögnum vera í samræmi við ISO 15031-2:2010. Þessar upplýsingar skulu ávallt vera aðgengilegar, nema þegar sinna þarf nauðsynlega viðhaldi vefseturs.

2.1.3. Þeir sem óska eftir að afrita eða endurbirta upplýsingarnar skulu semja beint við viðkomandi framleiðanda. Upplýsingar sem varða efni til þjálfunar skulu einnig vera aðgengilegar, en heimilt er að setja þær fram með öðrum miðlum en vefsetrum.

2.2. Upplýsingar um alla hluti sem ökutækið er búið af framleiðandanum, eins og auðkennt er með verksmiðjunúmeri ökutækisins og öðrum viðmiðunum, svo sem hjólhafi, hreyfilafköstum, búnaðarstigi eða valkostum, og sem hægt er að skipta út fyrir varahluti sem framleiðandinn hefur á boðstólum fyrir viðurkennda viðgerðar- eða söluaðila eða þriðju aðila, með vísun í hlutanúmer upprunalegs búnaðar eða hlutar, skulu veittar í gagnagrunni með greiðum aðgangi fyrir óháða rekstraraðila eða á sama aðgengilega sniði og þær eru veittar viðurkenndu dreifikerfi viðgerðarverkstæða.

2.3. Í gagnagrunninum eða á öðru aðgengilegu sniði skulu vera verksmiðjunúmer ökutækis, hlutanúmer upprunalegra hluta eða búnaðar, heiti upprunalegra hluta eða búnaðar, upplýsingar um gildistíma (í gildi frá dagsetningu og til dagsetningar), eiginleikar m.t.t. ísetningar og eiginleikar uppbyggingar, þar sem það á við.

2.4. Upplýsingar í gagnagrunni eða sem eru aðgengilegar á öðru aðgengilegu formi skulu uppfærðar reglulega. Uppfærslurnar skulu einkum ná til allra breytinga á einstökum ökutækjum eftir framleiðslu þeirra ef þær upplýsingar eru aðgengilegar viðurkenndum seljendum.

2.5. Endurforritun stýribúnaðar að því er varðar t.d. endurkvörðun að lokinni viðgerð eða hleðslu hugbúnaðar fyrir stýribúnað rafrásar/rafstýringareiningar til endurnýjunar skal gerð í samræmi við annað hvort ISO 22900-2 eða SAE J2534 eða TMC RP1210B, með vélbúnaði sem er óháður einkaleyfi. Einnig má nota skilflöt fyrir íðnet (Ethernet), raðtengiskapal eða staðarnet og annars konar miðla á borð við geisladiska, stafræna mynddiska eða hálfleiðaraminni fyrir upplýsinga- og afþreyingarkerfi (t.d. leiðsögukerfi, síma), en með þeim skilyrðum að ekki þurfi neinn einkaleyfisbundinn samskiptahugbúnað (t.d. rekla eða hugbúnaðarviðbætur) eða vélbúnað. Að því er varðar fullgildingu á samhæfi sérhugbúnaðar framleiðandans og samskiptaskilflötum ökutækisins (vehicle communication interfaces, VCI) sem eru í samræmi við ISO 22900, SAE J2534 eða TMC RP1210B, skal framleiðandinn annað hvort bjóða fullgildingu á samskiptaskilflötum ökutækisins frá óháðum aðilum eða láta í té upplýsingar og lána sérhæfðan vélbúnað sem þarf til að framleiðandi samskiptaskilflata ökutækisins geti framkvæmt fullgildinguna sjálfur. Skilyrði 59. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013 skulu gilda um gjald fyrir slíka fullgildingu eða upplýsingar og vélbúnað

2.6. Allir innri greiningarkóðar skulu vera í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í XII. viðauka.

2.7. Ef upplýsingar um innbyggð greiningarkerfi ökutækja og um viðgerðir og viðhald ökutækja sem tiltækar eru á vefsetri framleiðandans innihalda ekki tilteknar viðeigandi upplýsingar, sem leyfa rétta hönnun og framleiðslu á endurbótakerfum fyrir aðrar tegundir eldsneytis, skal framleiðendum endurbótakerfa fyrir aðrar tegundir eldsneytis gert kleift að fá aðgang að upplýsingunum sem settar eru fram í a-lið 2. mgr. 27. gr. með því að hafa beint samband við framleiðandann vegna slíkrar beiðni. Samskiptaupplýsingar þar að lútandi skulu settar fram með skýrum hætti á vefsetri framleiðandans og skulu upplýsingarnar veittar innan 30 daga. Aðeins er skylt að veita þessar upplýsingar vegna endurbótakerfa fyrir aðrar tegundir eldsneytis sem falla undir reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 115 eða vegna endurbótaíhluta fyrir aðrar tegundir eldsneytis, sem eru hluti af kerfum sem falla undir reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 115 og er aðeins skylt að veita þær sem svar við beiðni sem með skýrum hætti tilgreinir nákvæma lýsingu á tegund ökutækisins, sem upplýsingarnar varðar, og sem sérstaklega staðfestir að upplýsingarnar eru nauðsynlegar vegna þróunar endurbótakerfa eða -íhluta fyrir aðrar tegundir eldsneytis sem falla undir reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 115.

2.8. Gerðarviðurkenningarnúmer eftir tegundum skulu gefin upp á vefsetrum framleiðenda með viðgerðarupplýsingum.

2.9. Framleiðendur skulu ákvarða hóflegt og hlutfallslegt gjald fyrir aðgang að vefsetrum sínum með viðgerðarupplýsingum, miðað við klukkustund, dag, mánuð, ár og, ef við á, hverja færslu.

_____

2. viðbætir

Skrá yfir yfirfærslukerfi

1. *Tafla Ap2-1*

Skrá yfir yfirfærslukerfi

Nr.	Heiti kerfis	Upplýsingar
1	Hita- og loftræstikerfi	a) hitastýringarkerfi, b) hitari sem er óháður hreyfli, c) loftkæling sem er óháð hreyfli.
2	Eldsneytisgeymsla	

XVI. VIÐAUKI

Kröfur sem gilda um standara

1. **Almennar kröfur**

1.1. „Gerð ökutækis að því er varðar standara“: flokkur ökutækja sem ekki eru frábrugðin hvað varðar grundvallareiginleika svo sem massa ökutækis, dreifingu massa á milli ása, stærð hjólbarða og hjóla, og hönnunareinkenni og smíðaefni standara ökutækis.

1.2. Ökutæki í flokkum L1e og L3e skulu hafa a.m.k. einn standara.

1.2.1. Sérhver standari sem uppsettur er á ökutæki skal gera ökutæki kleift að uppfylla nothæfiskröfur í liðum 2 til 2.5.2 án þess að því sé haldið uppi af einstaklingi eða eftir öðrum ytri leiðum.

1.2.2. Ökutæki sem hafa tvöföld hjól þurfa ekki að hafa standara að því tilskildu að nothæfiskröfur í liðum 3 til 3.2.5 og 3.4 til 3.4.3.4 séu uppfylltar.

1.2.3. Hliðarstandarar á ökutækjum í flokki L1e með massa ökutækis sem er tilbúið til aksturs sem er minni en 35°kg eru undanþegnir frá kröfum í liðum 2.3.3 til 2.3.4 og 2.5.2.

1.3. Ökutæki í flokki L4e skulu hafa a.m.k. einn standara við eftirfarandi skilyrði:

1.3.1. Ef hægt er að losa hliðarvagn frá bifhjóli þannig að hægt sé að nota bifhjólið án hans skal bifhjólið uppfylla kröfur fyrir stök bifhjól í liðum 1.2 til 1.2.2.

2. **Sértækar kröfur**

2.1. Standari skal annaðhvort vera hliðarstandari eða miðstandari.

2.2. Ef standari snýst neðan við eða um neðri hluta ökutækis skal laus endi hans sveiflast í átt að afturhluta ökutækis þar til hann er ekki í notkunarstöðu.

2.3. Sértækar kröfur fyrir hliðarstandara

2.3.1. Hliðarstandari skal geta stutt ökutækið þannig að hann veiti hliðarstöðugleika hvort sem ökutækið er á láréttu undirlagi eða í halla. Hann skal einnig koma í veg fyrir að ökutæki í kyrrstöðu halli of mikið eða sé fært of auðveldlega í upprétta stöðu þannig að það verði óstöðugt og detti eða sporðreisist.

2.3.2. Hliðarstandari skal geta stutt ökutækið þannig að fullum stöðugleika sé viðhaldið þegar ökutæki er lagt í halla. Kröfurnar eru athugaðar í samræmi við málsmeðferðarreglur og kröfur um afköst í liðum 3 til 3.2.5 og 3.4 til 3.4.3.4.

2.3.3. Hliðarstandari skal geta sveiflast sjálfkrafa aftur þannig að hann sé ekki í notkunarstöðu við eftirfarandi skilyrði:

— þegar ökutækið fer aftur í venjulega upprétta akstursstöðu, eða

— þegar ökutækið fer að heyfast fram á við vegna ásetnings ökumanns á meðan það er í venjulegri uppréttri akstursstöðu.

2.3.4. Kröfurnar í lið 2.3.3 eiga ekki við ef ökutæki er hannað þannig að ekki sé hægt að knýja það áfram þegar hliðarstandari er í notkunarstöðu.

2.3.5. Hliðarstandari skal þannig hannaður og smíðaður að hann sveiflist ekki sjálfkrafa aftur ef ökutækinu er hallað niður á við til að laus endi hliðarstandara komist í snertingu við yfirborð.

2.3.6. Hliðarstandari skal þannig hannaður og smíðaður að hann sveiflist ekki sjálfkrafa aftur ef halli breytist óvænt eða óviljandi (t.d. ef ökutæki er ýtt létt af þriðja aðila eða ef ökutækið lendir í vindhviðu frá stóru ökutæki) við eftirfarandi skilyrði:

— ef ökutækið er skilið eftir ómannað í kyrrstöðu, og

— þegar hliðarstandari er í notkunarstöðu.

Athuga skal hvort kröfur þessar eru uppfylltar í samræmi við málsmeðferð í liðum 3.3, 3.3.1 og 3.3.2.

2.4. Sértækar kröfur fyrir miðstandara

2.4.1. Miðstandari skal geta stutt ökutækið, hvort sem bæði hjól eru í snertingu við undirlag eða ekki, þannig að hann veiti hliðarstöðugleika hvort sem ökutækið er á láréttu undirlagi eða í halla.

2.4.2. Miðstandari skal geta stutt ökutækið þannig að fullum stöðugleika sé viðhaldið þegar ökutæki er lagt í halla. Kröfurnar eru athugaðar í samræmi við málsmeðferðarreglur og kröfur um afköst í liðum 3 til 3.2.5 og 3.4 til 3.4.3.4.

2.4.3. Miðstandari skal gefa sveiflast sjálfkrafa aftur þannig að hann sé ekki í notkunarstöðu þegar ökutæki er ekið viljandi fram á við þannig að miðstandara sé lyft frá undirlagi.

2.4.4. Kröfurnar í lið 2.4.3 eiga ekki við ef ökutæki er hannað þannig að ekki sé hægt að knýja það áfram þegar miðstandari er í notkunarstöðu.

2.5. Kerfi til að halda standara í tiltekinni stöðu

2.5.1. Standarar skulu vera með kerfi sem heldur þeim í þeirri stöðu þar sem þeir eru ekki í notkunarstöðu.

2.5.2. Kerfi til að halda standara í tiltekinni stöðu skal hafa:

— Tvenns konar sjálfstæðan búnað t.d. tvo aðskilda gorma eða einn gorm og einn annan viðhaldsbúnað, eða

— Búnað sem virkar án þess að bila a.m.k. 10 000 sinnum ef ökutækið er með tvo standara eða 15 000 sinnum ef ökutækið hefur aðeins einn standara.

3. **Prófunaraðferð**

3.1. Forskriftir prófunaryfirborðs

3.1.1. Prófunarpallur skal notaður til að gera prófanir og skal þannig hannaður af hann geti verið í stöðu sem líkir eftir halla á langveginn og þverveginn.

3.1.2. Prófunarpallur skal vera flatur, rétthyrndur og nægilega stór til að styðja ökutækið að fullu þegar því er lagt á meðan líkt er eftir halla á langveginn og þverveginn. Hann skal ekki sýna merki um að hann svigni eða afmyndist á meðan á prófun stendur,

3.1.3. Yfirborð prófunarpalls skal vera hreint og þurrt og veita nægilegan hrjúfleika og núning til að koma í veg fyrir að hjól ökutækisins renni á yfirborðinu á meðan á prófun stendur.

3.2. Undirbúningur ökutækis (gildir fyrir allar prófanir)

3.2.1. Massi ökutækis skal vera eins og framleiðandi tilgreinir massa ökutækis sem er tilbúið til aksturs, án ökumanns auk massa knúningsrafgeyma.

3.2.2. Þrýstingur í hjólbörðum ökutækis skal vera eftir tilgreindum gildum framleiðanda.

3.2.3. Gírskipting ökutækis skal vera í „kyrrstöðu“ stillingu, sé hún til staðar, ef um er að ræða sjálfskiptingu eða „hlutlausri“ stöðu, í öðrum tilfellum.

3.2.4. Ef ökutækið er með stöðuhemli skal honum beitt.

3.2.5. Stýrisbúnaður ökutækis skal vera í læstri stöðu. Ef hægt er að læsa stýrisbúnaði í fleiri en einni stöðu skulu eftirfarandi prófanir gerðar á ökutækinu með stýrisbúnað læstan í hverri mögulegri stöðu:

3.3. Stöðugleikaprófun ökutækis sem hefur hliðarstandara á láréttu undirlagi

3.3.1. Ökutækinu er lagt á láréttum prófunarpalli með hliðarstandara í notkunarstöðu.

3.3.2. Ökutækinu skal hagrætt þannig að halli á milli færanlegs lengdarmiðjuplans ökutækis (þ.e. þegar ökutæki er lagt og það hallar er lengdarmiðjuplan fært og þannig ekki lengur lóðrétt) og lárétts yfirborðs sé aukinn um 3,0°, með því að ýta og færa ökutæki í lóðréttari stöðu.

3.4. Stöðugleikaprófun ökutækis í kyrrstöðu á hallandi yfirborði

3.4.1. Ökutæki lagt á láréttum prófunarpalli.

3.4.1.1. Standari ökutækis skal vera í notkunarstöðu. Ef ökutæki hefur fleiri en einn standara skal sérhver standari metinn sérstaklega með því endurtaka allar tilskildar prófanir.

3.4.1.2. Ef ökutæki hefur tvöföld hjól en ekki standara má sýna fram á samræmi við lið 1.2.2 með því að gera prófanirnar án standara í notkunarstöðu.

3.4.2. Prófunarpalli skal hliðrað eða snúið þannig að lágmarks tilskilinn halli náist í tengslum við halla á þverveginn til vinstri og hægri við ökutækið og við halla á langveginn framan og aftan við ökutækið. Framkvæma skal þessar fjórar hallastöður hverja fyrir sig og alltaf skal byrja frá láréttri stöðu. Ökutækið skal haldast stöðugt þegar prófunarpallur er færður í hallandi stöðu eða það má færa það í rétta stöðu þegar búið er að halla pallinum.


3.4.3. *Tafla 14-1*

Hallakröfur fyrir hliðar- og miðstandara (sjá einnig myndir 14-1 til 14-3)

Halli	Hliðarstandari		Miðstandari	
	Létt bifhjól	Bifhjól	Létt bifhjól	Bifhjól
Halli á þverveginn (á vinstri hlið)	5%	6%	6%	8%
Halli á þverveginn (á hægri hlið)	5%	6%	6%	8%
Halli á langveginn (niður í móti)	5%	6%	6%	8%
Halli á langveginn (upp í móti)	6%	8 %	12%	14%


3.4.3.1. *Mynd 14-1*

Halli á þverveginn til vinstri og hægri (hliðarstandari)




3.4.3.2. *Mynd 14-2*

Halli á þverveginn til vinstri og hægri (miðstandari)




3.4.3.3. *Mynd 14-3*

Halli á langveginn — niður í móti



Mynd 14-4

Halli á langveginn — upp í móti



3.4.3.4. Ef ökutæki á hallandi prófunarpalli hvílir á miðstandara og aðeins einu hjóli og hægt er að halda þessu ökutæki jafnt í stöðu þar sem miðstandari og framhjól snerta prófunarpall og stöðu þar sem miðstandari og afturhjól snerta prófunarpall, skal aðeins gera prófanir sem lýst er í liðum 3.4.2 til 3.4.3.3 þegar ökutækið er í þeirri stöðu þar sem ökutæki hvílir á miðstandara og afturhjóli sem snerta prófunarpall.

XVII. VIÐAUKI

Staðlar um frammistöðu sem og mat á tækniþjónustu

1. **Almennar kröfur**

1.1. Tækniþjónusta skal sýna fram á viðeigandi hæfni, sértæka tækniþekkingu og staðfesta reynslu á sértæku valdsviði sem fellur undir XVI. kafla reglugerðar (ESB) nr. 168/2013 og 1. og 2. viðbæti við V. viðauka við tilskipun 2007/46/EB.

1.2. Staðlar sem tækniþjónusta í ólíkum flokkum sem settir eru fram í 63. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013, skal uppfylla.

1.2.1. Ólíkir flokkar tækniþjónustu skulu uppfylla staðla sem settir eru fram í 1. viðbæti við V. viðauka við tilskipun 2007/46/EB.

1.2.2. Tilvísun í 41. gr. tilskipunar 2007/46/EB í þeim viðbæti skal túlkuð sem tilvísun í 63. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013.

1.2.3. Tilvísun í IV. viðauka við tilskipun 2007/46/EB í þeim viðbæti skal túlkuð sem tilvísun í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 168/2013.

1.3. Aðferð við mat á tækniþjónustu

1.3.1. Tækniþjónusta er metin í samræmi við verklagsreglur sem settar eru fram í 2. viðbæti við V. viðauka við tilskipun 2007/46/EB.

1.3.2. Tilvísanir í 42. gr. tilskipunar 2007/46/EB í 1. viðbæti við V. viðauka við tilskipun 2007/46/EB skulu túlkaðar sem tilvísanir í 66. gr. reglugerðar (ESB) nr. 168/2013.

_____

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2015/EES/63/82**

frá 18. desember 2014

um breytingu á ákvörðun 2000/532/EB um skrána yfir úrgang samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB

(2014/955/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana ([1]), einkum 1. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Skrá Sambandsins yfir hættulegan úrgang (hér á eftir nefnd skrá yfir úrgang) var tekin saman í ákvörðun ráðsins 94/904/EB ([2]) en í stað þeirrar ákvörðunar er komin ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB ([3]).

2) Í tilskipun 2008/98/EB er kveðið á um að röðun í hættuflokkana H 4, H 5, H 6, H 7, H 8, H 10, H 11 og H 14 skuli gerð á grundvelli viðmiðana sem mælt er fyrir um í VI. viðauka við tilskipun ráðsins 67/548/EBE ([4]).

3) Í stað tilskipunar 67/548/EBE kom reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([5]), frá og með 1. júní 2015, sem endurspeglar framfarir í tækni og vísindum. Þrátt fyrir það getur tilskipun 67/548/EBE gilt um einhverjar blöndur til 1. júní 2017 ef flokkun þeirra, merking og pökkun fór fram í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB ([6]) og setning á markað fór fram fyrir 1. júní 2015.

4) Aðlaga þarf kröfurnar í ákvörðun 2000/532/EB vegna flokkunar á úrgangi sem hættulegum með tilliti til hættuflokkanna H 3 til H 8, H 10 og H 11 að framförum í tækni og vísindum og laga þær að nýrri löggjöf um íðefni, eftir því sem við á. Þessum kröfum hefur verið bætt við í III. viðauka við tilskipun 2008/98/EB.

5) Breyta þarf viðaukanum við ákvörðun 2000/532/EB, þar sem skránni yfir úrgang er komið á fót, til að laga hann að íðorðanotkuninni í reglugerð (EB) nr. 1272/2008. Rétt þykir að vísa til reglugerðar ráðsins (EB) nr. 440/2008 ([7]) eða annarra alþjóðlega viðurkenndra prófunaraðferða og leiðbeininga þegar röðun í hættuflokka er gerð með því að framkvæma prófun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 370, 30.12.2014, bls. 44. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 194/2015 frá 10. júlí 2015 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3.

([2]) Ákvörðun ráðsins 94/904/EB frá 22. desember 1994 um skrá yfir hættulegan úrgang samkvæmt 4. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 91/689/EBE um hættulegan úrgang (Stjtíð. EB L 356, 31.12.1994, bls. 14).

([3]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB frá 3. maí 2000 sem kemur í stað ákvörðunar 94/3/EB um skrá yfir úrgang samkvæmt a-lið 1. gr. tilskipunar ráðsins 75/442/EBE um úrgang og ákvörðunar ráðsins 94/904/EB um skrá yfir hættulegan úrgang samkvæmt 4. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 91/689/EBE um hættulegan úrgang (Stjtíð. EB L 226, 6.9.2000, bls. 3).

([4]) Tilskipun ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna (Stjtíð. EB 196, 16.8.1967, bls. 1).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB frá 31. maí 1999 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efnablandna (Stjtíð. EB L 200, 30.7.1999, bls. 1).

([7]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 440/2008 frá 30. maí 2008 þar sem mælt er fyrir um prófunaraðferðir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (Stjtíð. ESB L 142 31.5.2008, bls. 1).

6) Þeir eiginleikar sem gera úrgang hættulegan eru nákvæmlega tilgreindir í III. viðauka við tilskipun 2008/98/EB. Af þeim sökum er þeim eiginleikum úrgangs sem líta ber á sem hættulega að því er varðar H3 til H8, H 10 og H 11, sem voru skráðir í 2. gr. ákvörðunar 2000/532/EB, orðið ofaukið.

7) Kröfurnar í 3. gr. ákvörðunar 2000/532/EB koma fram í 2. og 3. mgr. 7. gr. tilskipunar 2008/98/EB. Af þeim sökum er þeim orðið ofaukið.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem kveðið er á um í 39. gr. tilskipunar 2008/98/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2000/532/EB er breytt sem hér segir:

1) Ákvæði 2. og 3. gr. falli brott.

2) Í stað viðaukans komi viðaukinn við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júní 2015.

Gjört í Brussel 18. desember 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

SKRÁ YFIR ÚRGANG SEM UM GETUR Í 7. GR. TILSKIPUNAR 2008/98/EB

SKILGREININGAR

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „hættulegt efni“: efni sem flokkast sem hættulegt vegna þess að það uppfyllir viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 2. til 5. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008,

2. „þungmálmur“: öll efnasambönd antímons, arsens, kadmíums, króms (VI), kopars, blýs, kvikasilfurs, nikkels, selens, tellúrs, þallíums og tins sem og þessi efni í málmformi, að svo miklu leyti sem þessi efni eru flokkuð sem hættuleg efni,

3. „fjölklóruð bífenýl og fjölklóruð terfenýl“: PCB-efni eins og þau eru skilgreind í a-lið 2. gr. tilskipunar ráðsins 96/59/EB ([8]),

4. „hliðarmálmar“: allir eftirtaldir málmar: öll efnasambönd skandíums, vanadíums, mangans, kóbalts, kopars, yttríums, níóbíums, hafníums, volframs, títans, króms, járns, nikkels, sinks, sirkons, mólýbdens og tantals sem og þessi efni í málmformi, að svo miklu leyti sem þessi efni eru flokkuð sem hættuleg efni,

5. „stöðgun“: ferli sem breyta hættulegum eiginleikum efnisþátta í úrganginum og breyta hættulegum úrgangi í hættulausan úrgang,

6. „storknun“: ferli sem breyta aðeins eðlisástandi úrgangsins með notkun íblöndunarefna án þess að breyta efnafræðilegum eiginleikum úrgangsins,

7. „úrgangur, stöðgaður að hluta til“: úrgangur sem inniheldur, eftir stöðgunarferlið, hættulega efnisþætti sem ekki hefur verið breytt að öllu leyti í hættulausa þætti og geta losnað út í umhverfið, hvort sem það gerist á stuttum eða löngum tíma.

MAT OG FLOKKUN

1. Mat á hættulegum eiginleikum úrgangs

   Við mat á hættulegum eiginleikum úrgangs gilda viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í III. viðauka við tilskipun 2008/98/EB. Að því er varðar hættuflokkana HP 4, HP 6 og HP 8 gilda þröskuldsgildi fyrir einstök efni, eins og fram kemur í III. viðauka við tilskipun 2008/98/EB, um matið. Ef efni er fyrir hendi í úrgangi í magni sem er undir þröskuldsgildi þess skal það ekki teljast með í neinum útreikningum á viðmiðunarmörkum. Ef hættulegur eiginleiki úrgangs hefur verið metinn með prófun og með því að nota styrk hættulegra efna, eins og fram kemur í III. viðauka við tilskipun 2008/98/EB, skulu niðurstöður prófunarinnar vega þyngra.

2. Úrgangur flokkaður sem hættulegur

   Allur úrgangur, sem er merktur með stjörnu (*) í skránni yfir úrgang, skal teljast hættulegur úrgangur samkvæmt tilskipun 2008/98/EB nema 20. gr. þeirrar tilskipunar gildi.

   Að því er varðar úrgang, sem hægt var að úthluta úrgangskóða fyrir hættulegan og hættulausan úrgang, gildir eftirfarandi:

— Færsla í samræmdu skránni yfir úrgang, sem er merktur sem hættulegur úrgangur með sérstakri eða almennri tilvísun til „hættulegra efna“, á einungis við um úrgang ef úrgangurinn inniheldur viðkomandi hættuleg efni sem valda því að hann telst hafa einn eða fleiri af hættulegu eiginleikunum í HP 1 til HP 8 og/eða HP 10 til HP 15 eins og tilgreint er í III. viðauka við tilskipun 2008/98/EB. Mat á hættulegum eiginleika HP 9 „smitandi“ skal unnið samkvæmt viðeigandi löggjöf eða tilvísunarskjölum í aðildarríkjunum.

— Hægt er að meta hættulega eiginleika með því að nota styrk efna í úrganginum, eins og tilgreint er í III. viðauka við tilskipun 2008/98/EB eða, nema annað sé tilgreint í reglugerð (EB) nr. 1272/2008, með því að framkvæma prófun í samræmi við reglugerð (EB) nr. 440/2008 eða aðrar alþjóðlega viðurkenndar prófunaraðferðir og leiðbeiningar, að teknu tilliti til 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 að því er varðar prófanir á dýrum og mönnum.

([8]) Tilskipun ráðsins 96/59/EB frá 16. september 1996 um förgun fjölklóraðra bífenýla og fjölklóraðra terfenýla (PCB/PCT) (Stjtíð. EB L 243, 24.9.1996, bls. 31).

— Úrgangur sem inniheldur fjölklóruð díbensó-p-díoxín og díbensófúrön (PCDD/PCDF), díklórdífenýltríklóretan (DDT) (1,1,1-tríklór-2,2-bis-(4-klórfenýl)etan), klórdan, hexaklórsýklóhexön (þ.m.t. lindan), díeldrín, endrín, heptaklór, hexaklórbensen, klórdekón, aldrín, pentaklórbensen, mírex, toxafenhexabrómbífenýl og/eða fjölklórað bífenýl (PCB) yfir styrkleikamörkunum sem fram koma í IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 ([9]) skal flokkaður sem hættulegur.

— Styrkleikamörkin, sem eru skilgreind í III. viðauka við tilskipun 2008/98/EB, gilda ekki um hreinar, gegnheilar málmblöndur (ekki mengaðar af hættulegum efnum). Þessar málmblöndur sem teljast hættulegur úrgangur eru sérstaklega taldar upp í þessari skrá og merktar með stjörnu (*).

— Ef við á má taka tillit til eftirfarandi athugasemda, sem er að finna í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008, þegar hættulegir eiginleikar úrgangs eru ákvarðaðir:

  — 1.1.3.1. Athugasemdir um auðkenningu, flokkun og merkingu efna: Athugasemdir B, D, F, J, L, M, P, Q, R, og U.

  — 1.1.3.2. Athugasemdir um flokkun og merkingu blandna: Athugasemdir 1, 2, 3 og 5.

— Eftir að hættulegir eiginleikar úrgangs hafa verið metnir í samræmi við þessa aðferð skal úthluta viðeigandi færslu, hættulegur eða hættulaus úrgangur, úr skránni yfir úrgang.

  Allar aðrar færslur í samræmdu skránni yfir úrgang teljast hættulausar.

SKRÁ YFIR ÚRGANG

Í skránni einkennir sex tölustafa kóði tegund úrgangs og tveggja og fjögurra stafa kóðar kaflaheiti, eftir því sem við á. Þetta felur í sér að gera ætti eftirfarandi ráðstafanir til að auðkenna úrgang í skránni:

— Tilgreinið upptök úrgangsins samkvæmt 1.–12. kafla eða 17.–20. kafla og tilgreinið viðeigandi sex stafa kóða úrgangsins (nema kóða sem enda á 99 í þessum köflum). Athugið að sértækar framleiðsluleiningar gætu þurft að flokka starfsemi sína í nokkra kafla. Til dæmis gæti bílaframleiðandi fundið úrgang, sem til fellur hjá honum, í 12. kafla (úrgangur frá mótun og yfirborðsmeðferð málma), 11. kafla (ólífrænn úrgangur sem inniheldur málma frá málmvinnslu og yfirborðsmeðferð málma) og 8. kafla (úrgangur vegna notkunar efna til yfirborðsmeðferðar), eftir því um hvaða vinnslustig er að ræða.

— Ef ekki finnst viðeigandi úrgangskóði í 1.–12. kafla eða 17.–20. kafla verður að kanna 13., 14. og 15. kafla til að auðkenna úrganginn.

— Ef enginn þessara úrgangskóða á við verður að auðkenna úrganginn í samræmi við 16. kafla.

— Sé úrgangurinn ekki heldur í 16. kafla verður að nota kóðann 99 (úrgangur ekki tilgreindur annars staðar) í þeim þætti skrárinnar sem svarar til þeirrar starfsemi sem auðkennd er á 1. stigi.

ATRIÐASKRÁ

Kaflar skrárinnar

01	Úrgangur frá jarðefnaleit, námuvinnslu, grjótnámi og eðlis- og efnafræðilegri meðhöndlun jarðefna
02	Úrgangur frá landbúnaði, garðyrkju, vatns- og sjávareldi, skógrækt, veiðum, fiskveiðum, matvælaiðnaði og matvælavinnslu
03	Úrgangur frá timburvinnslu og framleiðslu á viðarþiljum og húsgögnum, pappírsdeigi, pappír og pappa
04	Úrgangur frá leður-, skinna- og textíliðnaði
05	Úrgangur frá jarðolíuhreinsun, hreinsun á jarðgasi og hitasundrun kola
06	Úrgangur frá ólífrænum efnaferlum

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 frá 29. apríl 2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni og um breytingu á tilskipun 79/117/EBE (Stjtíð. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 7).

07	Úrgangur frá lífrænum efnaferlum
08	Úrgangur frá framleiðslu, lögun, dreifingu og notkun á efnum til yfirborðsmeðferðar (málningu, lökkum, glerkenndum smeltlökkum), límum, þéttiefnum og prentlitum
09	Úrgangur frá ljósmyndaiðnaði
10	Úrgangur frá varmaferlum
11	Úrgangur frá efnafræðilegri yfirborðsmeðferð og húðun málma og annarra efna; vinnsla málma, annarra en járns, úr vatnslausn
12	Úrgangur frá mótun og eðlisfræðilegri og vélrænni yfirborðsmeðhöndlun málma og plastefna
13	Olíuúrgangur og úrgangur fljótandi eldsneytis (nema olíur til neyslu, 05 og 12)
14	Úrgangur lífrænna leysa, kælimiðla og drifefna (annar en í 07 og 08)
15	Umbúðaúrgangur; íseyg efni, þurrkur, síunarefni og hlífðarfatnaður sem eru ekki tilgreind með öðrum hætti
16	Úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti í skránni
17	Úrgangur frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi (einnig uppgröftur frá menguðum svæðum)
18	Úrgangur frá heilsuvernd manna og dýra og/eða viðkomandi rannsóknum (nema úrgangur frá eldhúsum og veitingahúsum sem ekki tengist heilsuvernd)
19	Úrgangur frá sorpmeðhöndlunarstöðvum, skólphreinsistöðvum og vinnslu neysluvatns og vatns til iðnaðarnota
20	Úrgangur frá sveitarfélögum (úrgangur frá heimilum og svipaður úrgangur frá verslun, iðnaði og stofnunum), einnig flokkaður úrgangur

01	ÚRGANGUR FRÁ JARÐEFNALEIT, NÁMUVINNSLU, GRJÓTNÁMI OG EÐLISFRÆÐILEGRI OG EFNAFRÆÐILEGRI VINNSLU MÁLMA
01 01	**Úrgangur frá námugreftri**
01 01 01	Úrgangur frá námugreftri jarðefna sem innihalda málma
01 01 02	Úrgangur frá námugreftri jarðefna sem innihalda ekki málma
01 03	**Úrgangur frá eðlisfræðilegri og efnafræðilegri vinnslu jarðefna sem innihalda málma**
01 03 04*	Sýrumyndandi úrkast frá vinnslu brennisteinsgrýtis
01 03 05*	Annað úrkast sem inniheldur hættuleg efni
01 03 06	Úrkast, annað en tilgreint er í 01 03 04 og 01 03 05
01 03 07*	Annar úrgangur sem inniheldur hættuleg efni frá eðlisfræðilegri og efnafræðilegri vinnslu jarðefna sem innihalda málma

01 03 08	Ryk og salli, annað en tilgreint er í 01 03 07
01 03 09	Rauð eðja frá súrálsframleiðslu, önnur en úrgangur sem er tilgreindur í 01 03 10
01 03 10*	Rauð eðja frá súrálsframleiðslu sem inniheldur hættuleg efni, önnur en úrgangur sem er tilgreindur í 01 03 07
01 03 99	Úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti
01 04	**Úrgangur frá eðlisfræðilegri og efnafræðilegri vinnslu jarðefna sem innihalda ekki málma**
01 04 07*	Úrgangur sem inniheldur hættuleg efni frá eðlisfræðilegri og efnafræðilegri vinnslu jarðefna sem innihalda ekki málma
01 04 08	Úrgangsmöl og grjótmulningur, annað en tilgreint er í 01 04 07
01 04 09	Úrgangssandur og leir
01 04 10	Ryk og salli, annað en tilgreint er í 01 04 07
01 04 11	Úrgangur frá vinnslu pottösku og steinsalts, annar en tilgreindur er í 01 04 07
01 04 12	Úrkast og annar úrgangur frá þvotti og hreinsun jarðefna, annað en tilgreint er í 01 04 07 og 01 04 11
01 04 13	Úrgangur frá steinhöggi og -sögun, annar en tilgreindur er í 01 04 07
01 04 99	Úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti
01 05	**Borleðja og annar úrgangur frá borunum**
01 05 04	Leðja og úrgangur frá borunum eftir fersku vatni
01 05 05*	Borleðja og úrgangur sem inniheldur olíu
01 05 06*	Borleðja og annar úrgangur frá borunum sem inniheldur hættuleg efni
01 05 07	Borleðja og úrgangur sem inniheldur barít, annað en tilgreint er í 01 05 05 og 01 05 06
01 05 08	Borleðja og úrgangur sem inniheldur klóríð, annað en tilgreint er í 01 05 05 og 01 05 06
01 05 99	Úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti
02	ÚRGANGUR FRÁ LANDBÚNAÐI, GARÐYRKJU, LAGARELDI, SKÓGRÆKT, VEIÐUM, FISKVEIÐUM, MATVÆLAIÐNAÐI OG MATVÆLAVINNSLU
02 01	**Úrgangur frá landbúnaði, garðyrkju, lagareldi, skógrækt, veiðum og fiskveiðum**
02 01 01	Eðja frá þvotti og hreinsun
02 01 02	Úrgangur úr dýravefjum

02 01 03	Úrgangur úr plöntuvefjum
02 01 04	Plastúrgangur (nema umbúðir)
02 01 06	Dýrasaur, hland og mykja (einnig hálmur notaður sem undirburður), frárennslisvatn, safnað og meðhöndlað annars staðar
02 01 07	Úrgangur frá skógrækt
02 01 08*	Úrgangur af íðefnum úr landbúnaði sem inniheldur hættuleg efni
02 01 09	Úrgangur af íðefnum úr landbúnaði, annar en tilgreindur er í 02 01 08
02 01 10	Úrgangsmálmur
02 01 99	Úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti
02 02	**Úrgangur frá meðferð og vinnslu kjöts, fisks og annarra matvæla úr dýraríkinu**
02 02 01	Eðja frá þvotti og hreinsun
02 02 02	Úrgangur úr dýravefjum
02 02 03	Efni sem eru óhæf til neyslu eða vinnslu
02 02 04	Eðja sem verður til við skólphreinsun á staðnum
02 02 99	Úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti
02 03	**Úrgangur frá meðferð og vinnslu ávaxta, grænmetis, korns, matarolíu, kakós, kaffis, tes og frá tóbaksvinnslu, niðursuðu, ger- og gerkjarnaframleiðslu, vinnslu og gerjun melassa**
02 03 01	Eðja frá þvotti, hreinsun, afhýðingu, skiljun í skilvindu og aðskilnaði
02 03 02	Úrgangur frá rotvarnarefnum
02 03 03	Úrgangur frá leysisútdrætti
02 03 04	Efni sem eru óhæf til neyslu eða vinnslu
02 03 05	Eðja sem verður til við skólphreinsun á staðnum
17 09 02*	Úrgangur frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi sem inniheldur PCB (t.d. þéttiefni, gólfefni að stofni til úr resínum, einangrunargler og þéttar sem innihalda PCB)
17 09 03*	Annar úrgangur frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi (einnig blandaður úrgangur) sem inniheldur hættuleg efni
17 09 04	Blandaður úrgangur frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi, annar en tilgreindur er í 17 09 01, 17 09 02 og 17 09 03
18	ÚRGANGUR FRÁ HEILSUVERND MANNA OG DÝRA OG/EÐA VIÐKOMANDI RANNSÓKNUM (nema úrgangur frá eldhúsum og veitingahúsum sem ekki tengist heilsuvernd)
18 01	**Úrgangur frá fæðingarumönnun, greiningu, meðhöndlun eða fyrirbyggjandi aðgerðum í tengslum við sjúkdóma í mönnum**
18 01 01	Beitt og oddhvöss áhöld (nema 18 01 03)

18 01 02	Líkamshlutar og líffæri, einnig blóðpokar og blóðhlutar (nema 18 01 03)
18 01 03*	Úrgangur ef söfnun hans og förgun fellur undir sérkröfur með tilliti til smitvarna
18 01 04	Úrgangur þó söfnun hans og förgun falli ekki undir sérkröfur með tilliti til smitvarna (t.d. umbúðir, notað gifs, lín, einnota fatnaður, bleiur)
18 01 06*	Hættuleg íðefni eða íðefni sem innihalda hættuleg efni
18 01 07	Önnur íðefni en tilgreind eru í 18 01 06
18 01 08*	Frumudrepandi og frumuhemjandi lyf
18 01 09	Önnur lyf en tilgreind eru í 18 01 08
18 01 10*	Amalgamúrgangur frá tannhirðu
18 02	**Úrgangur frá rannsóknum, greiningu og meðhöndlun eða fyrirbyggjandi aðgerðum í tengslum við sjúkdóma í dýrum**
18 02 01	Beitt og oddhvöss áhöld (nema 18 02 02)
18 02 02*	Úrgangur ef söfnun hans og förgun fellur undir sérkröfur með tilliti til smitvarna
18 02 03	Úrgangur ef söfnun hans og förgun fellur ekki undir sérkröfur með tilliti til smitvarna
18 02 05*	Hættuleg íðefni eða íðefni sem innihalda hættuleg efni
18 02 06	Önnur íðefni en tilgreind eru í 18 02 05
18 02 07*	Frumudrepandi og frumuhemjandi lyf
18 02 08	Önnur lyf en tilgreind eru í 18 02 07
19	ÚRGANGUR FRÁ SORPMEÐHÖNDLUNARSTÖÐVUM, SKÓLPHREINSISTÖÐVUM UTAN FRAMLEIÐSLUSVÆÐIS OG VINNSLU NEYSLUVATNS OG VATNS TIL IÐNAÐARNOTA
19 01	**Úrgangur frá brennslu eða hitasundrun úrgangs**
19 01 02	Efni sem eru fjarlægð úr botnösku og innihalda járn
19 01 05*	Síukaka frá hreinsun reyks
19 01 06*	Vatnskenndur, fljótandi úrgangur frá hreinsun reyks og annar vatnskenndur, fljótandi úrgangur
19 01 07*	Fastur úrgangur frá hreinsun reyks
19 01 10*	Notuð, virk kol frá hreinsun reyks
19 01 11*	Botnaska og gjall sem í eru hættuleg efni
19 01 12	Botnaska og gjall, annað en tilgreint er í 19 01 11

19 01 13*	Svifaska sem í eru hættuleg efni
19 01 14	Svifaska, önnur en tilgreind er í 19 01 13
19 01 15*	Ketilryk sem í eru hættuleg efni
19 01 16	Ketilryk, annað en tilgreint er í 19 01 15
19 01 17*	Úrgangur frá hitasundrun sem inniheldur hættuleg efni
19 01 18	Úrgangur frá hitasundrun, annar en tilgreindur er í 19 01 17
19 01 19	Sandur frá svifbeði
19 01 99	Úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti
19 02	**Úrgangur frá eðlis- eða efnafræðilegri meðhöndlun úrgangs (þ.m.t. afkrómun, fjarlæging sýaníðs og hlutleysing)**
19 02 03	Forblandaður úrgangur sem inniheldur eingöngu hættulausan úrgang
19 02 04*	Forblandaður úrgangur sem inniheldur a.m.k. eina gerð hættulegs úrgangs
19 02 05*	Eðja frá eðlis- eða efnafræðilegri meðhöndlun sem inniheldur hættuleg efni
19 02 06	Eðja frá eðlis- eða efnafræðilegri meðhöndlun, önnur en tilgreind er í 19 02 05
19 02 07*	Olía og þykkni frá skiljun
19 02 08*	Fljótandi, eldfimur úrgangur sem inniheldur hættuleg efni
19 02 09*	Fastur, eldfimur úrgangur sem inniheldur hættuleg efni
19 02 10	Eldfimur úrgangur, annar en tilgreindur er í 19 02 08 og 19 02 09
19 02 11*	Annar úrgangur sem inniheldur hættuleg efni
19 02 99	Úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti
19 03	**Stöðgaður úrgangur og úrgangur sem hefur verið breytt í fast efni**
19 03 04*	Úrgangur sem merktur er sem hættulegur, að hluta stöðgaður, annar en 19 03 08
19 03 05	Stöðgaður úrgangur, annar en tilgreindur er í 19 03 04
19 03 06*	Hættumerktur úrgangur, sem hefur verið breytt í fast efni
19 03 07	Úrgangur sem hefur verið breytt í fast efni, annar en tilgreindur er í 19 03 06
19 03 08*	Kvikasilfur, að hluta stöðgað
19 04	**Úrgangur ummyndaður í gler og úrgangur frá glermyndun**
19 04 01	Úrgangur ummyndaður í gler

19 04 02*	Svifaska og annar úrgangur frá hreinsun reyks
19 04 03*	Fastur fasi annar en ummyndaður í gler
19 04 04	Vatnskenndur, fljótandi úrgangur frá herslu á úrgangi ummynduðum í gler
19 05	**Úrgangur frá loftháðri meðhöndlun á föstum úrgangi**
19 05 01	Hluti af heimilis- og rekstrarúrgangi og svipuðum úrgangi sem hefur ekki farið til myltingar
19 05 02	Hluti af dýra- og jurtaúrgangi sem hefur ekki farið til myltingar
19 05 03	Molta sem ekki stenst forskriftir
19 05 99	Úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti
19 06	**Úrgangur frá loftfirrtri meðhöndlun á úrgangi**
19 06 03	Vökvi frá loftfirrtri meðhöndlun á heimilis- og rekstrarúrgangi
19 06 04	Melta frá loftfirrtri meðhöndlun á heimilis- og rekstrarúrgangi
19 06 05	Vökvi frá loftfirrtri meðhöndlun á dýra- og jurtaúrgangi
19 06 06	Melta frá loftfirrtri meðhöndlun á dýra- og jurtaúrgangi
19 06 99	Úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti
19 07	**Sigvatn frá urðunarstað**
19 07 02*	Sigvatn frá urðunarstað sem inniheldur hættuleg efni
19 07 03	Sigvatn frá urðunarstað, annað en tilgreint er í 19 07 02
19 08	**Úrgangur frá skólphreinsistöðvum sem ekki er tilgreindur með öðrum hætti**
19 08 01	Ristarúrgangur
19 08 02	Úrgangur úr sandfangi
19 08 05	Eðja frá meðhöndlun á frárennsli frá þéttbýlisstöðum
19 08 06*	Mettuð eða notuð jónaskiptaresín
19 08 07*	Lausnir og eðja frá endurmyndun jónaskipta
19 08 08*	Úrgangur frá himnukerfum sem inniheldur þungmálma
19 08 09	Feiti og olíublanda frá olíuskiljun, eingöngu úr matarolíu og -feiti
19 08 10*	Feiti og olíublanda úr olíuskiljun, önnur en tilgreind er í 19 08 09

19 08 11*	Eðja sem inniheldur hættuleg efni frá lífrænni meðhöndlun á iðnaðarskólpi
19 08 12	Eðja frá lífrænni meðhöndlun á iðnaðarskólpi, önnur en tilgreind er í 19 08 11
19 08 13*	Eðja sem inniheldur hættuleg efni frá annarri meðhöndlun á iðnaðarskólpi
19 08 14	Eðja frá annarri meðhöndlun á iðnaðarskólpi, önnur en tilgreind er í 19 08 13
19 08 99	Úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti
19 09	**Úrgangur frá vinnslu neysluvatns og vatns til iðnaðarnota**
19 09 01	Fastur úrgangur frá fyrstu síun og hreinsun á rist
19 09 02	Eðja frá grugghreinsun vatns
19 09 03	Eðja frá afkölkun
19 09 04	Notuð, virk kol
19 09 05	Mettuð eða notuð jónaskiptaresín
19 09 06	Lausnir og eðja frá endurmyndun jónaskipta
19 09 99	Úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti
19 10	**Úrgangur frá tætingu úrgangs sem inniheldur málma**
19 10 01	Járn- og stálúrgangur
19 10 02	Úrgangur, ekki úr járni
19 10 03*	Fisléttur hluti og ryk sem inniheldur hættuleg efni
19 10 04	Fisléttur hluti og ryk, annað en tilgreint er í 19 10 03
19 10 05*	Aðrir hlutar sem innihalda hættuleg efni
19 10 06	Aðrir hlutar en tilgreindir eru í 19 10 05
19 11	**Úrgangur frá endurmyndun olíu**
19 11 01*	Notaður síunarleir
19 11 02*	Súr tjara
19 11 03*	Vatnskenndur, fljótandi úrgangur
19 11 04*	Úrgangur frá hreinsun eldsneytis með bösum
19 11 05*	Eðja sem verður til við skólphreinsun á staðnum og inniheldur hættuleg efni

19 11 06	Eðja sem verður til við skólphreinsun á staðnum, önnur en tilgreind er í 19 11 05
19 11 07*	Úrgangur frá hreinsun reyks
19 11 99	Úrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti
19 12	**Úrgangur frá vélrænni meðhöndlun á sorpi (t.d. flokkun, mölun, þjöppun og böggun) sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti**
19 12 01	Pappír og pappi
19 12 02	Járnríkur málmur
19 12 03	Járnlaus málmur
19 12 04	Plast og gúmmí
19 12 05	Gler
19 12 06*	Viður sem inniheldur hættuleg efni
19 12 07	Viður, annar en tilgreindur er í 19 12 06
19 12 08	Textílar
19 12 09	Jarðefni (t.d. sandur, grjót)
19 12 10	Eldfimur úrgangur (eldsneyti unnið úr úrgangi)
19 12 11*	Annar úrgangur (einnig blönduð efni) frá vélrænni meðhöndlun sorps sem inniheldur hættuleg efni
19 12 12	Annar úrgangur (einnig blönduð efni) frá vélrænni meðhöndlun sorps, annar en tilgreindur er í 19 12 11
19 13	**Úrgangur frá hreinsun jarðvegs og grunnvatns**
19 13 01*	Fastur úrgangur frá hreinsun jarðvegs sem inniheldur hættuleg efni
19 13 02	Fastur úrgangur frá hreinsun jarðvegs, annar en tilgreindur er í 19 13 01
19 13 03*	Eðja frá hreinsun jarðvegs sem inniheldur hættuleg efni
19 13 04	Eðja frá hreinsun jarðvegs, önnur en tilgreind er í 19 13 03
19 13 05*	Eðja frá hreinsun grunnvatns sem inniheldur hættuleg efni
19 13 06	Eðja frá hreinsun grunnvatns, önnur en tilgreind er í 19 13 05
19 13 07*	Vatnskenndur, fljótandi úrgangur og vatnskennt þykkni frá hreinsun grunnvatns, sem innihalda hættuleg efni
19 13 08	Vatnskenndur, fljótandi úrgangur og vatnskennt þykkni frá hreinsun grunnvatns, annað en tilgreint er í 19 13 07

20	HEIMILIS- OG REKSTRARÚRGANGUR (ÚRGANGUR FRÁ HEIMILUM OG SVIPAÐUR ÚRGANGUR FRÁ VERSLUNUM, IÐNFYRIRTÆKJUM OG STOFNUNUM), EINNIG FLOKKAÐUR ÚRGANGUR
20 01	**Flokkaður úrgangur (nema 15 01)**
20 01 01	Pappír og pappi
20 01 02	Gler
20 01 08	Lífbrjótanlegur úrgangur frá eldhúsum og mötuneytum
20 01 10	Fatnaður
20 01 11	Textílar
20 01 13*	Leysar
20 01 14*	Sýrur
20 01 15*	Basísk efni
20 01 17*	Íðefni til ljósmyndunar
20 01 19*	Varnarefni
20 01 21*	Flúrlampar og annar úrgangur sem inniheldur kvikasilfur
20 01 23*	Aflagður búnaður sem inniheldur klórflúorkolefni
20 01 25	Matarolía og -feiti
20 01 26*	Olía og fita, önnur en tilgreind er í 20 01 25
20 01 27*	Málning, blek, lím og resín sem innihalda hættuleg efni
20 01 28	Málning, blek, lím og resín, annað en tilgreint er í 20 01 27
20 01 29*	Þvotta- og hreinsiefni sem innihalda hættuleg efni
20 01 30	Önnur þvotta- og hreinsiefni en tilgreind eru í 20 01 29
20 01 31*	Frumudrepandi og frumuhemjandi lyf
20 01 32	Önnur lyf en tilgreind eru í 20 01 31
20 01 33*	Rafhlöður og rafgeymar í 16 06 01, 16 06 02 eða 16 06 03 og óflokkaðar rafhlöður og rafgeymar þar sem í eru rafhlöður af þessu tagi
20 01 34	Rafhlöður og rafgeymar, annað en tilgreint er í 20 01 33
20 01 35*	Aflagður raf- og rafeindabúnaður, annar en tilgreindur er í 20 01 21 og 20 01 23 og sem inniheldur hættulega íhluti ([1])

20 01 36	Aflagður raf- og rafeindabúnaður, annar en tilgreindur er í 20 01 21, 20 01 23 og 20 01 35
20 01 37*	Viður sem inniheldur hættuleg efni
20 01 38	Viður, annar en tilgreindur er í 20 01 37
20 01 39	Plast
20 01 40	Málmar
20 01 41	Úrgangur frá hreinsun skorsteina
20 01 99	Aðrir hlutar sem eru ekki tilgreindir með öðrum hætti
20 02	**Úrgangur úr skrúð- og almenningsgörðum (einnig úrgangur úr kirkjugörðum)**
20 02 01	Lífbrjótanlegur úrgangur
20 02 02	Jarðvegur og grjót
20 02 03	Annar ólífbrjótanlegur úrgangur
20 03	**Annar heimilis- og rekstrarúrgangur**
20 03 01	Blandaður heimilis- og rekstrarúrgangur
20 03 02	Úrgangur frá mörkuðum
20 03 03	Rusl frá gatnahreinsun
20 03 04	Eðja frá rotþróm
20 03 06	Úrgangur frá skólphreinsun
20 03 07	Fyrirferðarmikill úrgangur
20 03 99	Heimilis- og rekstrarúrgangur sem er ekki tilgreindur með öðrum hætti

([1]) Í hættulegum íhlutum úr raf- og rafeindabúnaði geta verið rafgeymar og rafhlöður, sem tilgreind eru í 16 06 og merkt sem hættuleg, rofar sem innihalda kvikasilfur, gler úr myndlömpum og annað virkt gler o.s.frv.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2014/54/ESB **2015/EES/63/83**

frá 16. apríl 2014

um ráðstafanir til að greiða fyrir því að launþegar geti nýtt sér þau réttindi sem þeir hafa í tengslum við frjálsa för launþega (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 46. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Frjáls för launþega telst til grundvallarréttinda borgara Sambandsins og er ein af stoðum innri markaðarins í Sambandinu sem eru settar fram í 45. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Framkvæmd þessara réttinda er þróuð áfram í lögum Sambandsins með það að markmiði að tryggja fulla nýtingu þeirra réttinda sem borgarar Sambandsins og aðstandendur þeirra njóta. Merking hugtaksins „aðstandendur þeirra“ ætti að vera eins og það er skilgreint í 2. lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/38/EB ([3]) sem gildir einnig um aðstandendur þeirra sem sækja vinnu yfir landamæri.

2) Frjáls för launþega er einnig lykilþáttur í þróun raunverulegs vinnumarkaðar Sambandsins þar sem launþegum er gert kleift að flytja til svæða þar sem skortur er á vinnuafli eða fleiri atvinnutækifæri og hjálpar fleirum að finna störf sem hæfa betur færni þeirra og vinnur bug á flöskuhálsum á vinnumarkaði.

3) Frjáls för launþega þýðir að sérhver borgari Sambandsins hefur, óháð búsetustað sínum, rétt til frjálsrar farar til annars aðildarríkis til þess að starfa þar og/eða taka þar upp búsetu vegna vinnu. Þessi réttur verndar þá gegn mismunun á grundvelli ríkisfangs að því er varðar aðgengi að störfum, ráðningar- og vinnuskilyrði, einkum hvað varðar launakjör, uppsögn úr starfi og skattaívilnanir og félagsleg úrræði, með því að tryggja jafna meðferð þeirra samkvæmt landslögum, venju og kjarasamningum, í samanburði við borgara viðkomandi aðildarríkis. Þessi réttindi ættu að ná, án mismununar, til allra borgara Sambandsins sem nýta rétt sinn til frjálsrar farar, þ.m.t. launafólks sem er í fastri vinnu, vinnur við árstíðabundin störf eða sækir vinnu yfir landamæri. Gera þarf greinarmun á frjálsri för launþega og frelsi til að veita þjónustu, sem felur í sér rétt fyrirtækja til að veita þjónustu í öðru aðildarríki og senda eigin starfsmenn þangað tímabundið í þeim tilgangi, svo þeir geti sinnt þeim störfum sem nauðsynleg eru til að veita þjónustu í því aðildarríki.

4) Að því er tekur til launþega í Sambandinu og aðstandenda þeirra sem neyta réttar síns til frjálsrar farar veitir 45. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins umtalsverð réttindi til að neyta þessara grundvallarréttinda sem eru tilgreind nánar í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 492/2011 ([4]).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 128, 30.4.2014, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 219/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga) við EES-samninginn, biður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 341, 21.11.2013, bls. 54.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 12. mars 2014 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 14. apríl 2014.

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/38/EB frá 29. apríl 2004 um rétt borgara Sambandsins og aðstandenda þeirra til frjálsrar farar og dvalar á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1612/68 og niðurfellingu tilskipana 64/221/EBE, 68/360/EBE, 72/194/EBE, 73/148/EBE, 75/34/EBE, 75/35/EBE, 90/364/EBE, 90/365/EBE og 93/96/EBE (Stjtíð. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 77).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 492/2011 frá 5. apríl 2011 um frjálsa för launafólks innan Sambandsins (Stjtíð. ESB L 141, 27.5.2011, bls. 1).

5) Neyting réttarins til frjálsrar farar launþega í reynd er þó enn mikil áskorun og margir launþegar í Sambandinu þekkja iðulega ekki rétt sinn til frjálsrar farar. Meðal annars vegna þess að launþegar í Sambandinu eru hugsanlega í viðkvæmari aðstæðum geta þeir enn orðið fyrir óréttmætum takmörkunum eða hindrunum í að neyta réttar síns til frjálsrar farar, t.d. vegna þess að menntun þeirra og hæfi eru ekki viðurkennd, þeim er mismunað á grundvelli ríkisfangs og verða fyrir misnotkun þegar þeir flytja til annars aðildarríkis. Af þessum sökum er í reynd gjá milli löggjafar og beitingar hennar sem nauðsynlegt er að taka á.

6) Í orðsendingu sinni frá júlí 2010 undir yfirskriftinni „Frjáls för launafólks áréttuð: réttindi og mikilvæg þróun“ benti framkvæmdastjórnin á að hún myndi kanna leiðir til að takast á við nýjar þarfir og áskoranir sem launþegar í Sambandinu og aðstandendur þeirra standa frammi fyrir, einkum í ljósi þess að hreyfanleikinn hefur tekið á sig nýjar myndir. Hún lýsti því einnig yfir að hún myndi, með skírskotun til hinnar nýju stefnuáætlunar fyrir innri markaðinn, íhuga hvernig megi efla og bæta tilhögun við skilvirka framkvæmd meginreglunnar um jafna meðferð launþega í Sambandinu og aðstandenda þeirra sem neyta réttar síns til frjálsrar farar. Framkvæmdastjórnin tók einnig saman yfirlit yfir þróun löggjafar og dómaframkvæmdar, einkum með tilliti til einstaklingsbundins gildissviðs laga Sambandsins um frjálsa för launþega og inntak þeirra réttinda sem launþegar í Sambandinu og aðstandendur þeirra njóta.

7) Í skýrslunni um borgararétt ESB frá 27. október 2010 með fyrirsögninni „Hindrunum gagnvart réttindum borgara ESB rutt úr vegi“ benti framkvæmdastjórnin á að ólík og röng beiting laga Sambandsins um réttinn til frjálsrar farar væri ein helsta hindrunin sem borgarar Sambandsins standa frammi fyrir við að neyta í reynd réttinda sinna samkvæmt lögum Sambandsins. Til samræmis við þetta tilkynnti framkvæmdastjórnin að hún hefði í hyggju að grípa til aðgerða til að greiða fyrir frjálsri för borgara ESB og aðstandenda þeirra frá þriðju löndum með því að framfylgja reglum ESB stranglega, þ.m.t. um bann við mismunun, með því að efla góðar starfsvenjur og stuðla að aukinni þekkingu á reglum Sambandsins á vettvangi og með því að hraða miðlun upplýsinga til borgara ESB um rétt þeirra til frjálsrar farar (aðgerð nr. 15 í skýrslunni um borgararétt ESB frá 2010). Í skýrslunni um borgararétt ESB frá 2013 með fyrirsögninni „Borgarar ESB: réttindi ykkar, framtíð ykkar“ fjallaði framkvæmdastjórnin að auki um nauðsyn þess að ryðja stjórnsýslulegum hindrunum úr vegi og einfalda verklagsreglur vegna borgara Sambandsins sem búa, starfa og ferðast í öðrum aðildarríkjum.

8) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar, sem ber heitið „Uppsveifla með aukinni atvinnu“ frá 18. apríl 2012 (hér á eftir nefnd atvinnumálapakkinn), tilkynnti framkvæmdastjórnin að hún hefði í hyggju að leggja fram tillögu að nýrri löggjöf (upplýsingar og ráðgjöf) til stuðnings því að launþegar, sem hreyfa sig milli staða, geti nýtt sér réttindi sem veitt eru með sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins og reglugerð (ESB) nr. 492/2011 og hvatti aðildarríkin til að auka vitund manna um þau réttindi sem lög Sambandsins veita og aðgang að þeim, í tengslum við bann við mismunun, jafnrétti kynjanna og frjálsa för launþega, og að opna og greiða fyrir aðgangi borgara Sambandsins að störfum hjá hinu opinbera, í samræmi við lög Sambandsins, eins og Evrópudómstóllinn túlkar þau. Í þessu samhengi hefur Dómstóllinn ítrekað úrskurðað að aðgangur að tilteknum störfum hjá hinu opinbera, sem er takmarkaður við eigin ríkisborgara aðildarríkis, beri að túlka þröngt og eigi aðeins við um störf sem varða beina eða óbeina þátttöku í beitingu heimilda samkvæmt opinberum rétti og skyldur sem er ætlað að vernda almenna hagsmuni ríkisins eða annarra opinberra yfirvalda.

9) Fullnægjandi og árangursrík beiting og framfylgd 45. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og reglugerðar (ESB) nr. 492/2011, ásamt vitund manna um réttindi, eru lykilþættir í að standa vörð um réttindi og jafna meðferð launþega í Sambandinu og aðstandenda þeirra en léleg framfylgd þeirra grefur undan skilvirkni reglna Sambandsins sem gilda á þessu sviði og stofnar réttindum og vernd launþega í Sambandinu og aðstandenda þeirra í hættu.

10) Skilvirkari og samræmdari beiting réttinda, sem veitt eru með reglum Sambandsins um frjálsa för launþega, er einnig nauðsynleg fyrir eðlilega starfsemi innri markaðarins.

11) Bæta ætti beitingu og eftirlit með reglum Sambandsins um frjálsa för launþega til að tryggja að launþegar í Sambandinu og aðstandendur þeirra, sem og vinnuveitendur, opinber yfirvöld og aðrir sem hlut eiga að máli, séu betur upplýstir um réttindi og skyldur í sambandi við frjálsa för, til að aðstoða og vernda launþega í Sambandinu og aðstandendur þeirra þegar þeir neyta þessa réttar og til að berjast gegn því að opinber yfirvöld og vinnuveitendur hjá hinu opinbera eða einkaaðilum sniðgangi þessar reglur. Í þessu sambandi geta aðildarríkin einnig tekið tillit til áhrifa aukins hreyfanleika á borð við atgervisflótta menntaðs fólks eða atgervisflótta ungs fólks.

12) Til þess að tryggja rétta beitingu efnisákvæða laga Sambandsins, sem fjalla um frjálsa för launþega, og eftirlit með því að farið sé að þeim ættu aðildarríkin að gera viðeigandi ráðstafanir til að vernda launþega í Sambandinu og aðstandendur þeirra, sem neyta réttar síns til frjálsrar farar, bæði gegn mismunun á grundvelli ríkisfangs og hvers konar óréttmætri takmörkun og hindrun í að neyta þessa réttar.

13) Í því skyni þykir rétt að kveða á um sértækar reglur í þágu skilvirkrar framfylgdar og til að greiða fyrir betri og samræmdari beitingu efnisákvæða laga um frjálsa för launþega skv. 45. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og reglugerð (ESB) nr. 492/2011. Við framfylgd þessara grundvallarréttinda ætti að taka tillit til meginreglunnar um jafnræði karla og kvenna og banns við því að mismuna launþegum í Sambandinu og aðstandendum þeirra af hverjum þeim ástæðum sem tilgreindar eru í 21. gr. sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi (hér á eftir nefndur „sáttmálinn um grundvallarréttindi“).

14) Í því samhengi ætti að tryggja launþegum í Sambandinu og aðstandendum þeirra, sem hafa sætt mismunun á grundvelli ríkisfangs eða öðrum óréttmætum takmörkunum eða hindrunum í að neyta réttar síns til frjálsrar farar, raunverulega og skilvirka réttarvernd. Þegar aðildarríkin kveða á um stjórnsýslumeðferð sem mögulega leið til að leita réttar síns ættu þau að sjá til þess að hægt sé að skjóta hvers kyns ákvörðunum stjórnvalda til dómstóls í skilningi 47. gr. sáttmálans um grundvallarréttindi. Með tilliti til réttarins til skilvirkrar réttarverndar ættu launþegar í Sambandinu að njóta verndar gegn óhagstæðri meðferð eða óhagstæðum afleiðingum vegna viðbragða við kæru eða málarekstri sem hefur það að markmiði að sjá til þess að réttindi, sem tryggð eru samkvæmt þessari tilskipun, séu virt.

15) Til að tryggja árangursríkari vernd ættu samtök og lögaðilar, þ.m.t. aðilar vinnumarkaðarins, einnig að hafa umboð til að koma fram, samkvæmt ákvörðun aðildarríkjanna, annaðhvort fyrir hönd meints brotaþola eða vera honum til stuðnings við málsmeðferð. Þetta ætti ekki að hafa áhrif á réttarfarsreglur aðildarríkis um fyrirsvar og málsvörn fyrir rétti né heldur á aðrar valdheimildir og sameiginleg réttindi aðila vinnumarkaðarins, fulltrúa starfsmanna og vinnuveitenda, s.s. um framfylgd kjarasamninga, eftir atvikum, m.a. í sambandi við aðgerðir í þágu sameiginlegra hagsmuna, samkvæmt landslögum eða venju. Með það fyrir augum að tryggja skilvirka réttarvernd og með fyrirvara um fyrirliggjandi sameiginlegt fyrirkomulag til verndar, sem aðilum vinnumarkaðarins stendur nú þegar til boða ásamt landslögum og venju, eru aðildarríkin hvött til að kanna framkvæmd almennra meginreglna um sameiginlegt fyrirkomulag til úrlausnar mála með úrskurði um lögbann og skaðabætur.

16) Í samræmi við dómaframkvæmd Evrópudómstólsins ættu landsreglur um fresti til að koma réttindum samkvæmt þessari tilskipun til framkvæmda að vera þannig úr garði gerðar að ekki sé unnt að líta svo á að þær geti gert viðkomandi ókleift eða óhóflega erfitt fyrir við að neyta þessara réttinda.

17) Vernd gegn mismunun á grundvelli ríkisfangs myndi styrkjast ef fyrir hendi væru í hverju aðildarríki aðilar með viðeigandi sérþekkingu sem væru færir um að hvetja til jafnrar meðferðar, greina þau vandamál sem launþegar í Sambandinu og aðstandendur þeirra standa frammi fyrir, kanna hugsanlegar lausnir og sjá þeim fyrir sérstakri aðstoð. Þessir aðilar ættu m.a. að vera færir um að veita launþegum í Sambandinu og aðstandendum þeirra óháða lögfræðilega aðstoð og/eða aðra aðstoð, s.s. lögfræðiráðgjöf um gildi viðkomandi reglna Sambandsins og landsreglna um frjálsa för launþega gagnvart þeim, upplýsingar um meðferð kærumála og aðstoð við að vernda réttindi launþega og aðstandenda þeirra. Hún getur einnig falið í sér aðstoð við málarekstur.

18) Hvert aðildarríki fyrir sig ætti að ákveða hvort fela ætti verkefni, sem ber að framkvæma samkvæmt þessari tilskipun, aðilum sem um getur hér að framan eða hvort þau skuli falin aðilum sem eru þegar til staðar og hafa svipuð markmið á landsvísu, m.a. stuðla að frjálsri för fólks, annast framkvæmd meginreglunnar um jafna meðferð eða að standa vörð um einstök réttindi. Ákveði aðildarríki að víkka út umboð aðila sem er þegar til staðar ætti það að tryggja þeim aðila nægilegt fjármagn til að sinna á skilvirkan og fullnægjandi hátt fyrirliggjandi verkefnum sínum og viðbótarverkefnum. Ef verkefnin eru falin fleiri en einum aðila skulu aðildarríkin tryggja fullnægjandi samræmingu þessara verkefna.

19) Aðildarríkin ættu að sjá til þess að einn eða fleiri þessara aðila gegni hlutverki tengiliðar og að þeir eigi samstarf við sambærilega tengiliði í öðrum aðildarríkjum og deili upplýsingum með þeim, s.s. samskiptaupplýsingum allra aðilanna, upplýsingum um leiðir til úrlausnar mála og samskiptaupplýsingum félaga, samtaka eða annarra lögaðila sem veita launþegum í Sambandinu og aðstandendum þeirra upplýsingar og þjónustu. Gera ætti skrána yfir tengiliði aðgengilega öllum.

20) Aðildarríkin ættu að stuðla að samstarfi milli þeirra aðila sem þau tilnefna samkvæmt þessari tilskipun og starfandi þjónustuaðila sem veita upplýsingar og aðstoð á vegum aðila vinnumarkaðarins, félaga, samtaka eða annarra viðkomandi lögaðila, s.s. samtaka sem bera ábyrgð á fyrirkomulagi samræmingar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 ([5]), og, ef við á, vinnueftirlits.

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 frá 29. apríl 2004 um samræmingu almannatryggingakerfa (Stjtíð. ESB L 166, 30.4.2004, bls. 1).

21) Aðildarríkin ættu að stuðla að samlegðaráhrifum við fyrirliggjandi leiðir til upplýsinga og stuðnings á vettvangi Sambandsins og ættu í því skyni að tryggja að náið samstarf sé á milli starfandi eða nýstofnaðra aðila og fyrirliggjandi þjónustuaðila sem veita upplýsingar og aðstoð, s.s. gáttarinnar „Þín Evrópa“, netsins til úrlausnar vandamálum á innri markaði (SOLVIT), EEN-netsins (Enterprise Europe Network), upplýsinga- og þjónustumiðstöðvanna og EURES-netsins, þ.m.t., ef við á, EURES-samstarfsverkefna yfir landamæri.

22) Aðildarríkin ættu að hvetja til samráðs við aðila vinnumarkaðarins og viðeigandi frjáls félagasamtök til að bregðast við og berjast gegn óréttmætum takmörkunum og hindrunum gagnvart rétti manna til frjálsrar farar eða ýmiss konar mismunun á grundvelli ríkisfangs.

23) Aðildarríkin ættu að ákvarða hvernig veita megi borgurum Sambandsins, s.s. launþegum, nemum og þeim sem hafa nýlega lokið námi, ásamt vinnuveitendum, aðilum vinnumarkaðarins og öðrum hagsmunaaðilum, viðeigandi upplýsingar, sem er auðvelt að nálgast, um ákvæði þessarar tilskipunar og reglugerðar (ESB) nr. 492/2011, m.a. upplýsingar um aðila sem eru tilnefndir samkvæmt þessari tilskipun og um fyrirliggjandi leiðir til að leysa úr málum og til verndar. Aðildarríkin ættu að gera ráðstafanir til að gera þessar upplýsingar aðgengilegar á fleiri en einu af opinberum tungumálum Sambandsins með tilliti til þarfa vinnumarkaðarins. Þetta ætti ekki að hafa áhrif á löggjöf aðildarríkjanna varðandi notkun tungumála. Þessar upplýsingar mætti veita með einstaklingsbundinni ráðgjöf og einnig ætti að vera auðveldur aðgangur að þeim um gáttina Þín Evrópa og EURES-netið.

24) Til að greiða fyrir framfylgd réttinda, sem veitt eru samkvæmt lögum Sambandsins, ætti framkvæmd tilskipunar ráðsins 91/533/EBE ([6]) og eftirlit með henni að fara fram með samræmdum hætti.

25) Í þessari tilskipun er mælt fyrir um lágmarkskröfur þannig að aðildarríkin eigi kost á að setja hagstæðari ákvæði eða viðhalda þeim. Aðildarríkin hafa einnig möguleika á að víkka út valdheimildir þeirra samtaka sem falin hafa verið verkefni í tengslum við verndun launþega í Sambandinu gegn mismunun á grundvelli ríkisfangs þannig að þær nái einnig yfir rétt allra borgara Sambandsins og aðstandenda þeirra til jafnrar meðferðar án mismununar á grundvelli ríkisfangs þegar þeir neyta réttar síns til frjálsrar farar, eins og felst í 21. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og í tilskipun 2004/38/EB. Ekki ætti að vera unnt að bera fyrir sig framkvæmd þessarar tilskipunar til að réttlæta afturför á þessu sviði frá því sem nú tíðkast í hverju aðildarríki.

26) Skilvirk framkvæmd þessarar tilskipunar þýðir að þegar aðildarríki samþykkja viðeigandi ráðstafanir til að fullnægja skyldum sínum samkvæmt þessari tilskipun skuli vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar framkvæmdarráðstafanir eru birtar opinberlega.

27) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl hafa aðildarríkin skuldbundið sig, í rökstuddum tilvikum, til að láta tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar fylgja eitt eða fleiri skjöl sem skýra út sambandið milli efnisþátta tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingargerninga. Að því er þessa tilskipun varðar telur löggjafinn að sending slíkra gagna sé rökstudd.

28) Að nægilegum tíma liðnum eftir að tilskipun þessi hefur komið til framkvæmda ætti framkvæmdastjórnin að semja skýrslu um framkvæmd hennar þar sem hún metur einkum hvort tækifæri sé til að leggja fram nauðsynlega tillögu með það fyrir augum að tryggja betri framfylgd laga Sambandsins um frjálsa för fólks. Í þeirri skýrslu ætti framkvæmdastjórnin að fjalla um hugsanlega erfiðleika sem ungt fólk, sem hefur lokið námi og leitar að vinnu í öllu Sambandinu og makar launþega í Sambandinu frá þriðju löndum, standa frammi fyrir.

29) Í þessari tilskipun eru grundvallarréttindi virt og meginreglum sáttmálans um grundvallarréttindi fylgt, einkum frelsi til að velja starfsgrein og réttinum til að stunda vinnu, réttinum til að verða ekki fyrir mismunun, einkum á grundvelli ríkisfangs, réttinum til almennra kjarasamninga og sameiginlegra aðgerða, til sanngjarnra og réttlátra vinnuskilyrða, réttinum til frjálsrar farar og búsetu og réttinum til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns og réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi. Henni ætti að koma til framkvæmda með hliðsjón af þessum réttindum og meginreglum.

30) Í þessari tilskipun er ólíkt fyrirkomulag vinnumarkaða í aðildarríkjunum virt, m.a. fyrirkomulag vinnumarkaða sem er stýrt með almennum kjarasamningum.

31) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að koma á sameiginlegum ramma viðeigandi ákvæða, ráðstafana og aðferða sem nauðsynleg eru til að beita og framfylgja betur og með samræmdari hætti réttindum í tengslum við frjálsa för launþega, sem veitt eru með sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins og reglugerð (ESB) nr. 492/2011, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs og áhrifa þeirra,

([6]) Tilskipun ráðsins 91/533/EBE frá 14. október 1991 um skyldu vinnuveitanda að skýra launþegum frá samningsskilmálum eða ráðningarfyrirkomulagi (Stjtíð. EB L 288, 18.10.1991, bls. 32).

er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná því markmiði.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í þessari tilskipun er mælt fyrir um ákvæði sem greiða fyrir samræmdri beitingu og framfylgd réttinda, sem veitt eru skv. 45. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og 1.–10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 492/2011, í reynd. Tilskipun þessi gildir um borgara Sambandsins sem nýta sér þessi réttindi og aðstandendur þeirra (hér á eftir nefndir „launþegar í Sambandinu og aðstandendur þeirra“).

2. gr.

Gildissvið

1. Tilskipun þessi gildir um eftirfarandi málefni, eins og um getur í 1.–10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 492/2011, á sviði frjálsrar farar launþega:

a) aðgang að vinnumarkaði,

b) ráðningar- og vinnuskilyrði, einkum hvað varðar launakjör, uppsögn úr starfi, heilbrigði og öryggi á vinnustað og, komi til atvinnumissis launþega í Sambandinu, endurskipun eða endurráðningu,

c) aðgang að félagslegum úrræðum og skattaívilnunum,

d) aðild að stéttarfélögum og kjörgengi til setu í fulltrúaráði starfsmanna,

e) aðgang að starfsþjálfun,

f) aðgang að húsnæði,

g) aðgang barna launþega í Sambandinu að menntun, námi á námssamningi og starfsmenntun,

h) aðstoð sem vinnumiðlanir veita.

2. Gildissvið þessarar tilskipunar er hið sama og gildissvið reglugerðar (ESB) nr. 492/2011.

3. gr.

Verndun réttinda

1. Aðildarríkin skulu tryggja, eftir að málinu kann að hafa verið skotið til annarra lögbærra yfirvalda og jafnvel að undangenginni sáttameðferð, að þegar þau telja það við hæfi eigi allir launþegar í Sambandinu og aðstandendur þeirra, sem telja sig sæta eða hafa sætt óréttmætum takmörkunum eða hindrunum í að neyta réttar síns til frjálsrar farar eða sem telja sig rangindum beitta vegna þess að meginreglunni um jafna meðferð hafi ekki verið fylgt í þeirra tilviki, kost á dómsmeðferð til að tryggja að skyldum skv. 45. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og 1.–10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 492/2011 sé framfylgt, þótt aðstæðurnar, sem takmörkunin eða hindrunin á að hafa átt sér stað við, séu ekki lengur fyrir hendi.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að félög, samtök, þ.m.t. aðilar vinnumarkaðarins, eða aðrir lögaðilar, sem eiga, í samræmi við viðmiðanir í landslögum, venju eða kjarasamningum, lögmætra hagsmuna að gæta í því að tryggja að farið sé að þessari tilskipun, geti átt aðild að dóms- og/eða stjórnsýslumeðferð sem miðar að því að framfylgja þeim réttindum sem um getur í 1. gr., annaðhvort fyrir hönd launþega í Sambandinu og aðstandenda þeirra eða til stuðnings þeim og með samþykki þeirra.

3. Ákvæði 2. mgr. skulu ekki hafa áhrif á aðrar valdheimildir og sameiginleg réttindi aðila vinnumarkaðarins, fulltrúa starfsmanna og vinnuveitenda, eftir atvikum, m.a. réttinn til að grípa til aðgerða í þágu sameiginlegra hagsmuna, samkvæmt landslögum eða venju.

4. Ákvæði 2. mgr. gilda með fyrirvara um réttarfarsreglur aðildarríkis um fyrirsvar og málsvörn fyrir rétti.

5. Ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar gilda með fyrirvara um landsreglur um fresti til að framfylgja réttindunum sem um getur í 1. gr. Þessir frestir aðildarríkja skulu þó ekki gera það ókleift eða óhóflega erfitt að framfylgja þessum réttindum.

6. Aðildarríkin skulu setja ákvæði í eigin réttarkerfi um nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda launþega í Sambandinu gegn óhagstæðri meðferð eða óhagstæðum afleiðingum vegna viðbragða við kæru eða málarekstri sem hefur það að markmiði að sjá til þess að réttindunum sem um getur í 1. gr. sé framfylgt.

4. gr.

Aðilar sem stuðla að jafnri meðferð og stuðningi við launþega í Sambandinu og aðstandendur þeirra

1. Sérhvert aðildarríki skal tilnefna eina eða fleiri stofnanir eða aðila sem eiga að stuðla að, greina, fylgjast með og styðja jafna meðferð launþega í Sambandinu og aðstandenda þeirra án mismununar á grundvelli ríkisfangs, óréttmætra takmarkana eða hindrana í að neyta réttar síns til frjálsrar farar og skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir varðandi eðlilega starfsemi þessara aðila. Þessir aðilar geta verið hluti af aðilum sem eru þegar til staðar á landsvísu og hafa áþekk markmið.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að valdheimildir þessara aðila taki m.a. til þess:

a) að veita launþegum í Sambandinu og aðstandendum þeirra óháða lögfræðilega aðstoð og/eða annars konar aðstoð eða sjá til þess að hún sé veitt, með fyrirvara um rétt þeirra og rétt félaga, samtaka eða annarra lögaðila sem um getur í 3. gr.,

b) að koma fram sem tengiliður gagnvart sambærilegum tengiliðum í öðrum aðildarríkjum í þeim tilgangi að starfa saman og miðla öllum viðkomandi upplýsingum,

c) að gera eða fela öðrum að gera óháðar kannanir og greiningar að því er varðar óréttmætar takmarkanir og hindranir gagnvart rétti launþega í Sambandinu og aðstandenda þeirra til frjálsrar farar eða mismunun á grundvelli ríkisfangs,

d) að sjá til þess að óháðar skýrslur verði birtar og setja fram tilmæli um hvers konar málefni sem snerta slíkar takmarkanir og hindranir eða mismunun,

e) að birta viðeigandi upplýsingar um beitingu reglna Sambandsins, á landsvísu, um frjálsa för launþega.

Með tilliti til a-liðar fyrstu undirgreinar skal, ef aðilar veita aðstoð við málarekstur, slík aðstoð vera án endurgjalds fyrir einstaklinga sem hafa ónóg fjárráð, í samræmi við landslög eða venju.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni nöfn og samskiptaupplýsingar tengiliðanna og hvers kyns uppfærðar upplýsingar og breytingar á þeim. Framkvæmdastjórnin skal halda skrá yfir tengiliði og gera hana aðgengilega aðildarríkjunum.

4. Aðildarríkin skulu sjá til þess að starfandi eða nýstofnaðir aðilar hafi vitneskju um, og geti nýtt sér og átt samstarf við, þjónustuaðila sem þegar veita upplýsingar og aðstoð á vettvangi Sambandsins, s.s. um gáttina Þín Evrópa, netið til úrlausnar vandamálum á innri markaði (SOLVIT), EURES-netið, EEN-netið og upplýsinga- og þjónustumiðstöðvarnar.

5. Ef verkefnin, sem um getur í 2. mgr., eru falin fleiri en einum aðila skulu aðildarríkin tryggja fullnægjandi samræmingu þessara verkefna.

5. gr.

Samráð

Aðildarríkin skulu hvetja til samráðs við aðila vinnumarkaðarins og viðeigandi frjáls félagasamtök sem hafa, í samræmi við landslög og venju, lögmæta hagsmuni af því að berjast gegn óréttmætum takmörkunum og hindrunum gagnvart rétti launþega í Sambandinu og aðstandenda þeirra til frjálsrar farar og mismunun sem þeir sæta á grundvelli ríkisfangs, með það fyrir augum að vinna meginreglunni um jafna meðferð aukið fylgi.

6. gr.

Aðgangur að upplýsingum og miðlun þeirra

1. Aðildarríkin skulu tryggja að athygli þeirra sem málið varðar á öllu yfirráðasvæði þeirra, einkum launþega og vinnuveitenda í Sambandinu, sé vakin með öllum tiltækum ráðum á þeim ákvæðum sem samþykkt eru samkvæmt þessari tilskipun og 1.–10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 492/2011.

2. Aðildarríkin skulu veita upplýsingar, á fleiri en einu opinberu tungumáli stofnana Sambandsins, um réttindi sem veitt eru með lögum Sambandsins um frjálsa för launþega, sem eru skýrar, án endurgjalds, er auðvelt að nálgast, eru ítarlegar og uppfærðar. Einnig ætti að vera auðvelt að nálgast þessar upplýsingar um gáttina Þín Evrópa og EURES-netið.

7. gr.

Lágmarkskröfur

1. Aðildarríkjunum er heimilt að setja eða viðhalda ákvæðum sem eru hagstæðari, að því er við kemur verndun meginreglunnar um jafna meðferð, en ákvæðin sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

2. Aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um að valdheimildir aðilanna, sem um getur í 4. gr. þessarar tilskipunar, til að efla, greina, hafa eftirlit með og styðja við jafna meðferð launþega í Sambandinu og aðstandenda þeirra, án mismununar á grundvelli ríkisfangs, nái einnig yfir rétt allra borgara Sambandsins og aðstandenda þeirra til jafnrar meðferðar án mismununar á grundvelli ríkisfangs þegar þeir neyta réttar síns til frjálsrar farar, í samræmi við 21. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og tilskipun 2004/38/EB.

3. Framkvæmd þessarar tilskipunar er í engu tilviki nægileg ástæða til að draga úr vernd launþega í Sambandinu og aðstandenda þeirra á þeim sviðum sem tilskipunin tekur til, sbr. þó rétt aðildarríkjanna til bregðast við breyttum aðstæðum með því að setja lög og stjórnsýslufyrirmæli sem eru frábrugðin þeim sem eru í gildi 20. maí 2014, að því tilskildu að farið sé að kröfum þessarar tilskipunar.

8. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 21. maí 2016. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ráðstafana.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni texta helstu ákvæða í landslögum sem þau samþykkja á því sviði sem tilskipun þessi nær til.

9. gr.

Skýrsla

Eigi síðar en 21. nóvember 2018 skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefnd Evrópusambandsins skýrslu um framkvæmd þessarar tilskipunar með það í huga að leggja til nauðsynlegar breytingar, eftir því sem við á.

10. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

11. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 16. apríl 2014.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
M. SCHULZ	D. KOURKOULAS
forseti.	*forseti.*